3.3 Öskjuhlíðarhverfi

Viðfangsefni og efnistök

Tilgangur hverfisskipulags í 3.3 Öskjuhlíðarhverfi er að gera hverfið sjálfbærara, vistvænna og heilsueflandi, auka gæði byggðarinnar, vernda og styrkja byggðarmynstur og staðaranda skv. gátlista um vistvæna byggðar. Nærþjónusta er í hverfiskjarna í Arnarhlíð, sem á að styrkja. Nærþjónusta verður einnig í tengslum við uppbyggingu ofan á stokk. Eldri skilmálar eru sameinaðir nýjum skilmálum og byggingarreitir stækkaðir til að greiða fyrir þróun hverfisins til framtíðar.

Áfmörkun hverfisins

Hverfisskipulag þetta nær til Öskjuhlíðarhverfis 3.3. Hverfið afmarkast af Bústaðavegi og Suðurhlíðum í norðri, Reykjavíkurflugvelli til vesturs og Fossvogi í suðri. Hverfisskipulagsuppdráttur sýnir afmörkun hverfisins. Hverfið liggur í miðju borgarhluta 3 og er um 158 hektara lands, þar af eru 55,7ha útivistarsvæðið í Öskjuhlíð, 33,5ha kirkjugarður og 20,7ha strandsvæðið við Fossvog.

Lýsing á hverfinu

Uppbygging hverfisins hófst með byggingu hitaveitutanka og dælustöðvar í Öskjuhlíð. Skömmu síðar risu þjónustubyggingar við Kirkjugarða Reykjavíkurprófastdæma, Fossvogskirkja og kapella. Upp úr síðustu aldamótum hófst uppbygging Háskólans í Reykjavík, kennsluhúsnæði og nemendaíbúðir. Starfsemi tengd ferðaþjónustu hefur verið við Flugvallarveg s.l. áratugi. Hótel Natura (Loftleiðahótel og skrifstofur tengdar flugstarfsemi). Uppbygging Valssvæðis á Hlíðarenda hefur staðið yfir með hléum allt frá stofnun félagsins um miðja síðustu öld, íþróttamannvirki, kapella og á síðustu árum hefur þar risið mikil íbúðarbyggð. Í hverfinu eru skilgreind þróunarsvæði í AR2010–2030, AR40 þar sem lögð er áhersla á blandaða byggð íbúðar- og atvinnuhúsnæðis.

Helstu umferðargötur borgarinnar, Bústaðavegur og Hringbraut og Reykjavíkurflugvöllur eru í næsta nágrenni með tilheyrandi hávaða- og loftmengun.

Öskjuhlíðarhverfi er mjög gróðursælt og byggð sundurleit og dreifð. Náttúrfar einkennist af skógivaxinni klettóttri hlíð, holti, mýrum, túnum og öroskuðu strandsvæði.

Hverfið nýtur góðs af útivistarsvæðunum í Öskjuhlíð og Fossvog og góðum tengingum við göngu- og hjólastígakerfi borgarinnar.

Lýsing á skilmálum og skilmálaeiningum

Hverfisskipulag í Öskjuhlíðarhverfi mun leysa af hólmi eldri deiliskipulagsáætlanir sem felldar eru úr gildi samhliða við samþykkt hverfisskipulags. Í hverfisskipulagi eru settir nýir skipulagsskilmálar sem byggja á: a) yfirlærslu á skipulagsskilmálum deiliskipulags sem felst er úr gildi, b) heildu óskum íbúa um breytingar og c) nýjum vistvænum og sjálfbærum áherslum sem fram koma í skilmálum hverfisskipulags.

Öskjuhlíðarhverfi hefur verið skipt upp í 12 skilmálaeiningar, sem hver um sig hefur tengið sérstakt auðkenni frá 3.3.1. til 3.3.12., sbr. merkingar og afmörkun á uppdrætti. Þessar skilmálaeiningar fá sérstaka skilmála.

Skilmálar fjalla um vistvænar áherslur, byggðarmynstur, landnotkun og þróun og yfirbragð byggðar, þ.m.t. húsbyggingar, allt umhverfi og innviði. Skilmálar innviða gera grein fyrir samgöngum, hjóla- og bílastæðum, útiterslu gatna, hjóla- og göngustígum og almenningsrýmum, þ.m.t. leiksvæðum, efnisflokkun úrgangs og helgunarsvæðum fyrir veitur.

Skilmálar fyrir lóðir ná til starfsemi, byggingarmagns og hæðatölda, svo og til annarra þátta. Hverfisskipulagið gerir ráð fyrir því að byggingarreitir verði stækkaðir svo að þeir nái utan um núverandi og nýjar byggingar sem heimiladar eru í hverfisskipulaginu. Á hverfisskipulagsuppdrætti eru sýndar hvar gerðir af byggingarreitum: takmarkaðar byggingarreitur, sem er fyrir minni byggingar, og aðalbyggingarreitur, sem er fyrir stærri byggingar, sjá skilmála um byggingarreiti og gjöld.

Stefna og helstu áherslur hverfisskipulagsins

Hverfisskipulagið er byggt á eftirfarandi forsendum:

- Stefnu aðalskipulagsins fyrir hverfið, sbr. umfjöllun í kafla 3.2 í bók I.
- Greiningu á vistvæni hverfisins, sbr. kafla 3.3 í bók I.
- Niðurstöðum samráðs, sbr. kafla 4 í bók I og greinargerð um samráð, sem er fylgiskjal hverfisskipulagsins.
- Stefnu og helstu áherslum, sbr. kafla 5 í bók I.
- Umhverfismati hverfisskipulagsáætlunar, sbr. umfjöllun í kafla 6 í bók I.

Stefna og helstu áherslur hverfisskipulagsins eru samkvæmt meðfylgjandi skýringarmyndum og skýringartexta.

Umhverfismat hverfisskipulagsáætlunar

Unnið hefur verið umhverfismat vegna helstu áhersla hverfisskipulags í Hátæigshverfi. Eftirtaldir umhverfisþættir hafa verið metnir:

- Samfélag. Áhrif fjölgunar íbúða, nærþjónustu á miðsvæði og bættra tenginga við aðlæg hverfi.
- Gæði byggðar. Áhrif þróunar byggðar, byggðarmynsturs, almenningsrýma, hávaðavarna og skjólmyndunar og borgarbúskapar.
- Samgöngur. Áhrif bættra samgangna, hjóla- og göngustíga, tenginga við nærliggjandi hverfi og skilmála um bílastæði.
- Vistkerfi og minjar. Áhrif ákvæða um blágrænar ofanvatnslausnir, verndun menningar- og fornminja og náttúrusérkenna.
- Orka og auðlindir. Áhrif aðgerða á flokkun á úrgangi og notkun vistvænna orkugjafa.
- Mannvirki. Áhrif af stækkun byggingarreita og skilmálum um viðbyggingar og breytingar.
- Náttúruvá. Áhrif af auknum gróðri til að tempra vind og bæta skjól.

Gögn Hverfisskipulags

- Almenn greinargerð – Bók I.
- Skipulagsskilmálar – Bók II.
- Hverfisskipulagsuppdráttur. Prentaður uppdráttur í mælikvarða 1:3000; er að finna aftast í vasa bókar II.
- Leiðbeiningar hverfisskipulags eru skýringargögn með skýringarmyndum sem fylgja skal þegar skilmálar eru nýttir.

Fylgiskjöl

- Borgarhluti 3 Hlíðar – Íbúaþátttaka og samráð 15. apríl 2021
- Byggðakönnun fyrir Borgarhluta 3 – Hlíðar, skýrsla nr. 163. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur
- Verklýsing hverfisskipulags fyrir borgarhluta 03 Hlíðar dags. 30. október 2015

Skýringar

Landnotkun

- Afmörkun borgarhluta
- Afmörkun hverfis
- Afmörkun skilmálaeiningar
- Hús/byggingar
- Íbúðarbyggð
- Samfélagsþjónusta
- Miðsvæði
- Verslun og þjónusta
- Íþróttasvæði
- Vatn
- G — Grenndarstöð, leiðbeinandi lega
- Hljóðvörn
- Náttúruminjar / Náttúrusérkenni
- Hverfistorg

Opin svæði - Borgarland

- H — Hverfisgarður; Garðar innan hverfis sem þjóna íbúum hverfis
- Grænt svæði; Gróður við göturými og ónnur óskilgreind grænt svæði
- L — Leiksvæði; Hefðbundið leiksvæði með gróðri og leikmöguleikum
- D — Dvalarsvæði; Grænt yfirbragð, gróður og íverusvæði
- K — Kyrrlátt svæði; Ætlað til dvalar og slökunar á opnu svæði í skjóli frá helstu umferðaræðum

Samgöngur

- Götur
- AÐ — Borgargötur (aðalgötur)
- Nýjar götur
- Gangstéttir/göngustígar
- Hjólastígar
- Megin hjólastígur, (leiðbeinandi lega)
- Megin göngutenging, (leiðbeinandi lega)
- Núverandi undirgöng/göngubrú
- Bætt undirgöng/göngubrú
- Ný undirgöng/göngubrú

Annað

- Möguleg hækkun fjölbýlishúsa
- Takmarkaður byggingarreitur, sjá skilmála
- Aðalbyggingarreitur, sjá skilmála
- 3.3.10 — Númer skilmálaeininga
- Kvaðir
- Hverfisvernd - gulur/rauður/grænn flokkur
- Fornleifar og yngri minjar
- Friðuð hús / friðlýst hús





Aðalskipulag Reykjavíkur 2040
Borgarhluti 3 Hlíðar



Skýringarmynd 1:25000

Samþykktar - og staðfestingarferli

Hverfisskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 41. gr. sbr. 4. mgr. 37. gr. skipulagslaga nr.123 / 2010 var samþykkt í

_____
þann_____20___og í

_____
þann_____20___.

Tillagan var auglýst frá_____20___ með athugasemdafrest til_____20___.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann_____20___.

Listi yfir helstu breytingar eftir auglýsingu

Samfélag

Stefnt er að uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis á þróunarsvæðum við Flugvallarveg og Nauthólsvíkurveg, auk uppbyggingar á Hlíðarenda sem mun auka framboð verslunar og þjónustu í hverfinu. Áhersla er lögð á uppbyggingu í tengslum við háskólasamfélagið, þekkingariðnað, ferðaþjónustu og íbúðir. Starfsemi vetninga- og gististaða er tækniorkuð íbúðarhverfum nema húsnæðið sé við borgargötu og reglulegur rútuakstur er óheimill í íbúðargötum. Sérstök áhersla er á heilsueflandi aðgerðir, auka öryggi íbúa og draga úr neikvæðum áhrifum umferðar. Stefnt er að svo kölluðu 20 mínútna hverfi, þ.e. að innan við 20 mínútna gönguferðargið frá heimili verði kostur á fjölbreyttlegri þjónustu, verslun og atvinnustarfsemi.

Samgöngur

Stefnt er að því að draga úr neikvæðum áhrifum stofnbrauta og auka öryggi vegfarenda. Sérstök áhersla er á Hringbraut/Miklubraut, gegnumakstursumferð verður beint í stokk milli Landspítalalóðar og Klingju, en ofanjarðar er borgargata með hægja umferð. Möstöð almenningssamgangna verður á gatnamótum Miklubrautar og Bústaðarvegar/Snorrabrautar. Snorrabraut tengist fyrirhugaðri brú um Fossvog um Arnarhlíð og Nauthólsveg og myndar samfellda borgargötu þvert yfir Reykjavík frá norðurströnd til suðurströndar. Flugvallarvegur verður einnig útfærð sem borgargata. Öflugar almenningssamgöngur eru í hverfinu og liggja leiðir strætó um borgargötur og leiðir borgarlínu fara í sérrými eftir Arnarhlíð, Nauthólsvegi. Núverandi göngusíðir eru festar í sessi og stofnstígar eru á forsendum samgöngulýðreiða. Dregið verði úr hámarkshraða akandi umferðar. Stefnt er að jafnvægi milli samgöngumáta.

Orka og Auðlindir

Stefnt er að aukinni notkun vistvænnar orku í samgöngum með betra aðgengi að hleðslustöðvum rafbíla í hverfinu. Áðstaður til ígangsmeðhöndlunar eru bættar með því að staðsetja grenndarstöðvar á aðgengilegum stöðum í hverfinu. Stuðlað er að kolefnisbindingu með skilmálum um aukinn trjágróður á lóðum og opnum svæðum ásamt endurheimt votlenda þar sem það á við. Landnýting er bætt með uppbyggingu á þróunarsvæðum.
Taka skal tillit til stöðu hitaveitu, rafveitu og rafmagns, merkt sem Veitukerfi á stefnukorti og hverfisskipulagsuppdrætti.

Gæði byggðar

Stefnt er að þróun byggðar á vistvænum forsendum með því að innleiða nýja skilmála sem eru úttærðir nánar í leiðbeiningum hverfisskipulags. Gæði byggðar eru aukin með vernduin byggðarmynsturs, styrkingu staðaranda, fjölbreyttri byggð og almenningsrýmum. Borgargarðurinn Öskuhlíð er eitt af fyklútvistarsvæðum borgarinnar, sem stefnt er að styrkja það sem kyrrlát svæði fyrir fjölbreytta útivist.

Vistkerfi og minjar

Stefnt er að því að takmarka uppbyggingu á svæðum með upprunalegum gróðri og landslagi og taka tillit til grágrýtis klappa sem bera vitni um jarðhlaði Reykjavíkur, ásamt því að hlúa að vistkerfi hverfisins. Sérstakar náttúruminjar í Öskjuhlíð og Fossvogi eru skilgreindar og verndaðar. Stefnt er að því að ofanvatn verði meðhöndlað með blágrænum ofanvatnslausnum. Sérstök áhersla er á byggðarvernd og verndun einstakra mannvirkja og menningarminja. Hverfisvernd er sett á einstök svæði og/eða byggingar til að vernda sérkenni byggðarinnar. Sérstök áhersla að vernduin náttúru- og menningarminja, m.a. hermiinja. Friðuð og friðlýst hús á samt fornminjum eru merkt inn á stefnukort, þar sem við á.

Mannvirki

Stefnt er að því að mannvirki í hverfinu verði vistvæn og sjálfbær og að litrími þeirra sem lengstur. Samþykktar eru heimildir sem gera íbúum kleift að byggja, breyta, þróa og viðhalda núverandi húsnæði, t.d. með því að byggja nýjar svalir, kvisti, viðbyggingar eða breyta þaki. Jafnframt eru samþykktar nýjar leiðbeiningar hverfisskipulags um breytingar á íbúðarhúsnæði sem er aetlað að aðlaðsa íbúa og einfalda málsmeðferð hjá Reykjavíkurborg.
Önýttar heimildir úr eldri skipulagsáætlunum eru viðast færðar yfir í nýtt hverfisskipulag.

Náttúruvá

Með náttúruvá er átt við flóðahættu, ofanflóð og aðrar náttúruhamfarir, en hættan er talin frekar lítil í hverfinu. Öskjuhlíðarhverfi stendur nokkuð hátt yfir sjó og er því ekki í hættu vegna ofanflóða, flóðahættu eða hækkunar sjávarstöðu. Hverfið er eins og Reykjavík í heild sinni á áhrifasvæði jarðskjálfta, en ekki er að sjá að því stafi meiri hætta af þeim en öðrum hverfum. Ofanvatn verður meðhöndlað með blágrænum lausnum eftir því sem við á og rásir á gróðri verður ekki heimilað án rökstuðnings og mótvægisaðgerða. Afgerðir til að bregðast við náttúruvá vegna tóðari óvissu í framtíðinni felast í því að nota tré og gróður til að binda jarðveg, tempra vind og auka skjól, sem hlíft getur bæði byggingum og fólki.

3.3 Öskjuhlíðarhverfi

Hverfisskipulagsuppdráttur

Kortagrunnur
Lukr

Hnitakerfi
ISN98

Mælikvarði
1:3000 á A1

Dagsetning
31.10.2023

Teikninganúmer
0301

Útgáfa
A

Ráðgjafar
Kanon arkitektar
Teiknistofan Tröð
VSÓ

Hverfisskipulag Reykjavíkur

Reykjavíkurborg

Bók 1

Öskjuhlíðahverfi
Almenn greinargerð og stefna



Útgáfa 1 / 31. október 2023
Breytt 14. júní 2024

Reykjavík

ÚTGEFANDI

Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið, skrifstofa skipulagsfulltrúa

ÁBYRGÐ, UMSJÓN OG RÁÐGJÖF

Björn Axelsson skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Verkefnisstjórn:

Ævar Harðarson deildarstjóri hverfisskipulags

Ráðgjafar hverfisskipulags í borgarhluta 3:

Helga Bragadóttir Kanon Arkitektar

Sigríður Magnúsdóttir Teiknistofan Tröð

Hlynur Torfi Torfason VSÓ ráðgjöf

HVERFISSKIPULAGSTEYMI Í BORGARHLUTA 3

Britta Magdalena Ágústsdóttir verkefnisstjóri

Ólafur Ingibergsson sérfræðingur

Laufey Björg Sigurðardóttir verkefnisstjóri

Heiða Björk Halldórsdóttir landfræðingur í landupplýsingum

Búi Hrafn Jónuson forritari og hönnuður

HÖNNUN , TEIKNINGAR OG LJÓSMYNDIR

Rán Flygenring teiknari

Trípólí Arkitektar

DLD - Dagný Land Design ehf

Bragi Þór Jósepsson ljómyndari

Reykjavík

SAMÞYKKTAR- OG STAÐFESTINGARFERLI

Hverfisskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 41 gr. sbr. 4. mgr. 37. gr. skipulagslaga nr.123 / 2010 var samþykkt í _____ þann _____ 20 __ og í _____ þann _____ 20 __. Tillagan var auglýst frá _____ 20 __ með athugasemdafresti til _____ 20 __. Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20 __.

_____

Skipulagsfulltrúi

Reykjavík

HELSTU BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU

- Hverfisvernd – Kort sem sýnir tillögur að hverfisvernd uppfært í kaflanum Forsendur og greining.
- Stefnukort – Öll stefnukort uppfærð í kafla um Stefnu og helstu áherslur.

Efnisyfirlit

HELSTU BREYTINGAR EFTIR AUGLÝSINGU 4

1. Um hverfisskipulag 6

1.1. Hvað er hverfisskipulag? 6

1.2. Markmið hverfisskipulags 7

1.3. Gátlisti um vistvæna byggð 8

1.4. Gögn hverfisskipulags 9

1.5. Vinnuferli hverfisskipulags 13

2. Forsendur og greining 15

2.1. Yfirlit og afmörkun hverfisskipulagsins 15

2.2. Uppbygging og þróun hverfisins 16

2.3. Mat á visthæfi hverfisins 18

3. Stefna og áherslur 23

3.1. Forsendur 23

3.2. Skilmálaeiningar 23

3.3. Stefna og helstu áherslur hverfisskipulags 24

 SAMFÉLAG 24

 MANNVIRKI 27

 GÆÐI BYGGÐAR 29

 ORKA & AUÐLINDIR 31

 VISTKERFI & MINJAR 33

 SAMGÖNGUR 36

 NÁTTÚRUVÁ 39

4. Umhverfismat 41

4.1. Almennt 41

4.2. Inngangur 41

4.3. Efni og helstu stefnumið áætlunarinnar 42

4.4. Helstu umhverfisáhrif 47

4. Skilgreiningar og lykilhugtök 50

1. Um hverfisskipulag

1.1. Hvað er hverfisskipulag?

Hverfisskipulag er tegund deiliskipulags fyrir byggð hverfi þar sem vikið er frá kröfum sem gerðar eru um framsetningu deiliskipulags fyrir nýja byggð. Hverfisskipulag er nýtt skipulagstæki sem var innleitt með skipulagslögum nr. 123/2010. Hverfisskipulag byggir á þeim markmiðum sem koma fram í gildandi aðalskipulagi og ætlað er að stuðla að jákvæðri þróun Reykjavíkur með því að gera hverfi borgarinnar vistvænni, sjálfbærari og heilsueflandi og þróa byggðina í takt við breyttar áherslur í samfélaginu.

Hverfisskipulag er unnið af hópi sérfræðinga Reykjavíkurborgar og þverfaglegu teymi skipulagsráðgjafa. Vinna við hverfisskipulagsáætlanir fer fram í nánu samráði við íbúa og hagsmunaaðila, skrifstofur og svið Reykjavíkurborgar og opinbera aðila eins og Skipulagsstofnun.

Hverfisskipulag byggir á skipulagslögum frá 2010, eins og áður segir, og skipulagsreglugerð frá 2013 þar sem lögfestar voru heimildir sveitarfélaga til að gera hverfisskipulag í þegar byggðu hverfi. Hverfisskipulag varð þar með hluti af þrepaskiptu skipulagskerfi.

- Landsskipulag þar sem sett eru fram leiðarljós um landnotkun og nýtingu lands og landgæða sem tryggir öryggi og heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana.
- Svæðisskipulag sem er samræmd stefna tveggja eða fleiri sveitarfélaga um sameiginleg hagsmunamál, svo sem um byggðaþróun, samgöngur eða vatnsvernd.
- Aðalskipulag sem er stefna sveitarfélags um landnotkun, náttúruvernd og þróun byggðar í öllu sveitarfélaginu.
- Deiliskipulag sem er skipulag fyrir afmarkað svæði, til dæmis einstök hverfi eða götureiti. Það felur í sér skipulagsskilmála um byggðamynstur, einstakar lóðir og byggingar o.fl. Hins vegar er hvert hverfisskipulag gert fyrir gróna byggð, með það að markmiði að þróa byggð í takt við breyttar áherslur í samfélaginu. Deiliskipulag og hverfisskipulag eru jafn rétthá í skipulagskerfinu. Hverfisskipulag var hugsað sem vinnutæki til að gera skipulag yfir gróna byggð þar sem ekkert skipulag er fyrir hendi en einnig er hægt að gera hverfisskipulag á þeim svæðum þar sem fyrir er deiliskipulag í gróinni byggð. Þá er deiliskipulag fellt úr gildi og eitt samfellt skipulag, hverfisskipulag, gert á svæðinu.

Í hverfisskipulagi birtast skipulagsákvæði sem eru almennar reglur um yfirbragð byggðarinnar og almennir skipulagsskilmálar, kallaðir skilmálar. Skilmálar eru eitt af grundvallarhugtökum hverfisskipulagsins en það eru bindandi ákvæði í deiliskipulagi um útfærslu skipulags, svo sem byggðamynstur, byggingarlínur, útlit mannvirkja og form, leyfilegar viðbyggingar, starfsemi í húsum, úrgangsflokkun, samgöngur, fyrirkomulag gatna og stíga, fjölda bílastæða, lóða, gróðurs og opinna svæða, svo það helsta sé nefnt. Annað grundvallarhugtak er skilmálaeiningar . Skilmálaeining er þyrping húsa, lóða og/eða borgarumhverfi á afmörkuðu landsvæði innan hverfis sem heyrir saman, hvort sem er af sögulegum, landfræðilegum, byggingartæknilegum eða fagurfræðilegum ástæðum, og fær sameiginlega skilmála.



Landskipulag



Svæðisskipulag



Aðalskipulag sveitarfélags



Deiliskipulag fyrir ákveðin svæði



Hverfisskipulag

Skipulagskerfið

Skýringarmynd sem sýnir hvernig skipulag er byggt upp á Íslandi. Skipulagið er unnið í nokkrum þrepum. Landsskipulag er efsta þrepið, næst er svæðisskipulag og þar á eftir aðalskipulag sveitarfélaga. Undir aðalskipulagi má finna deiliskipulag sem er unnið fyrir afmarkað svæði. Hverfisskipulag er deiliskipulag fyrir gróið hverfi og samanstendur af greinargerð, skipulagsuppdrætti, skilmálum, leiðbeiningum og fylgiskjölum. Nánar er gerð grein fyrir þeim gögnum sem hverfisskipulagið er byggt á hér að aftan.

1.2. Markmið hverfisskipulags

Í gildandi aðalskipulagi eru sett fram markmið um mótun borgarinnar til langs tíma. Þar er mótuð sú stefna að öll hverfi borgarinnar skuli þróast og byggjast upp á sjálfbærum forsendum. Umhverfis- og auðlindastefna Reykjavíkurborgar tekur til þessara þátta. Bæði aðalskipulag og umhverfis- og auðlindastefnu Reykjavíkur má nálgast á heimasíðu borgarinnar á þessari vefslóð: https://reykjavik.is/stefnumorkun-eftir-malaflokkum.

Tilgangur hverfisskipulagsins er að bæta samfélagið, auka gæði byggðarinnar og innleiða vistvænar og sjálfbærar lausnir. Mikilvægasta skipulagstækið í þessari vinnu er gátlisti fyrir mat á visthæfi byggðar og skipulags sem settur er fram í aðalskipulagi og fjallað er um í kaflanum Gátlisti um vistvæna byggð í hverfisskipulaginu. Þannig gegnir hverfisskipulagið mikilvægu hlutverki í því að innleiða þessar stefnur Reykjavíkurborgar þar sem meginmarkmiðin eru eftirfarandi:

- Að stuðla að því að hið manngerða umhverfi verði betra og hvetji til samveru og heilsueflandi athafna.
- Að auka sjálfbærni hverfanna og draga úr neikvæðum þáttum.
- Að færa mótun hverfisskipulagsins nær íbúum með virku samráði.
- Að sameina eldri skilmála í nýja skipulagsáætlun til einföldunar fyrir borgarbúa og skipulagsyfirvöld og koma á skipulagi í þeim hverfum þar sem ekki er til deiliskipulag.

- Að þróa traust og notendavænt skipulagstæki sem hentar nútímaþörfum.

Með því að sameina eldri deiliskipulagsáætlanir í eitt hverfisskipulag er verið að einfalda til muna gerð og eftirfylgni áætlana en í forvinnu hverfisskipulagsins kom í ljós að helstu breytingarnar í eldri hverfum borgarinnar voru minni háttar breytingar, svo sem hóflegar viðbyggingar, óskir um aukaíbúðir, smágerð atvinnustarfsemi og óskir um kvisti og svalir, en málsmeðferð slíkra atriða getur verið mjög íþyngjandi ef ekki er gert ráð fyrir þeim í gildandi skipulagi.

Að auki þjónar hverfisskipulag því mikilvæga hlutverki að innleiða vistvænar áherslur gildandi aðalskipulags. Þessi innleiðing fer fram í gegnum gátlista um vistvæna byggð sem er eitt af grundvallarskipulagstækjum hverfisskipulagsins.



Hverfisskipulag mun leysa af hólmi eldri deiliskipulagsáætlanir hverfisins sem felldar eru úr gildi við samþykkt hverfisskipulags. Í hverfisskipulagi eru settir nýir skipulagsskilmálar sem byggja á a) yfirfærslu á skipulagsskilmálum deiliskipulags sem fellt er úr gildi, b) yfirfærslu á ónýttum byggingarheimildum frá eldra deiliskipulagi og c) nýjum vistvænum og sjálfbærum áherslum sem fram koma í skilmálum hverfisskipulags.

1.3. Gátlisti um vistvæna byggð

Gátlisti um vistvæna byggð byggir á þeirri stefnu aðalskipulagsins að með skipulegum aðgerðum megi draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda og byggðaþróunar á umhverfið jafnframt því að auka lífsgæði og þægindi íbúa með sjálfbærum og heilsueflandi lausnum. Lykiláherslur Gátlista um vistvæna byggð skiptast í sjö höfuðflokka sem eru eftirfarandi:

SAMFÉLAG

Að skapa heildstæð hverfi með sem jafnastri aldursdreifingu þar sem mismunandi þjóðfélagshópar geta búið, starfað og sótt verslun og þjónustu í nærumhverfi sínu.

GÆÐI BYGGÐAR

Að hverfi borgarinnar myndi fallega og lifandi umgjörð um daglegt líf og aðlaðandi staði sem ýta

undir góð samskipti íbúa.



SAMGÖNGUR

Að verslun og þjónusta sé í þægilegri göngufjarlægð frá öllum íbúum í hverfinu og að gangandi og hjólandi umferð ásamt almenningssamgöngum verði sett í forgang.



VISTKERFI & MINJAR

Að tryggja og varðveita náttúrulegan fjölbreytileika lands, lífríkis og menningarminja.



ORKA & AUÐLINDIR

Að ýta undir sjálfbærari nýtingu orku og auðlinda, auka kolefnisbindingu og stuðla að betri meðhöndlun úrgangs og aukinni endurvinnslu.



MANNVIRKI

Að skipulag hverfisins stuðli að vistvænum og sjálfbærum lausnum bæði við nýbyggingar og við endurbætur á eldri byggingum.



NÁTTÚRUVÁ

Að taka tillit til áhættu vegna náttúruhamfara af völdum eldgosa, jarðskjálfta, sjávarflóða og flóða frá ám og vötnum og huga að náttúruvá vegna óveðurs og loftslagsbreytinga.

Hinar sjö lykiláherslur gátlistans er að finna í öllum þáttum hverfisskipulagsins, allt frá greiningu á styrkleikum og veikleikum hverfisins og tillögum sem kynntar eru í samráðsferlinu til stefnu og helstu áherslna og skilmála fyrir einstakar skilmálaeiningar innan hverfisins.

1.4. Gögn hverfisskipulags

Hverfisskipulag er gefið út í tvennu formi. Annars vegar í hefðbundinni útgáfu, þar sem skipulagsgögnin og fylgirit eru í prenthæfu formi og undirrituð og stimpluð. Það er hin lögformlega útgáfa skipulagsins. Að auki er hverfisskipulagið aðgengilegt í stafrænni útgáfu sem nálgast má í svokallaðri Hverfasjá á heimasíðu hverfisskipulags, https://hverfisskipulag.is.

Gögnum hverfisskipulags er skipt í fjóra hluta:

- Almenna greinargerð
- Skipulagsskilmála
- Hverfisskipulagsuppdrátt
- Leiðbeiningar hverfisskipulags

Rétt er að benda á að þó að hverfisskipulaginu sé skipt í fjóra hluta er um að ræða eina heild sem skoða þarf saman.

Almennri greinargerð og skipulagsskilmálum er skipt upp í tvær bækur í prentútgáfu hverfisskipulags (bók I og II) til hagræðis fyrir notendur. Leiðbeiningar hverfisskipulags eru sömuleiðis útgefnar í prenti auk þess sem nálgast má þær í Hverfasjá og á heimasíðu hverfisskipulags þar sem hægt er að hlaða þeim niður.

Almenn greinargerð

Í greinargerðinni koma fram helstu forsendur hverfisskipulagsvinnunnar, s.s. yfirlit og afmörkun skipulagsins, greining á stöðu hverfisins út frá gátlista um vistvæna byggð og skipulagsleg staða m.t.t. ákvæða gildandi aðalskipulags. Mikilvægur kafli í greinargerðinni er kaflinn Stefna og áherslur þar sem markmiðum skipulagsins fyrir viðkomandi hverfi er lýst, mörkuð stefna í einstökum málaflokkum og settar almennar reglur um yfirbragð byggðarinnar. Hafa þarf þennan kafla til hliðsjónar þegar heimildir í skilmálum eru skoðaðar. Að síðustu er lagt mat á umhverfisáhrif skipulagsáætlunarinnar.

Skipulagsskilmálar

Skilmálar eru eitt af grundvallarhugtökum hverfisskipulagsins en það eru bindandi ákvæði í deiliskipulagi um útfærslu skipulags, svo sem landnotkun, byggðamynstur, byggingarlínur, útlit mannvirkja og form, leyfilegar viðbyggingar, starfsemi í húsum, úrgangsflokkun, samgöngur, fyrirkomulag gatna og stíga, fjölda bílastæða, lóða, gróðurs og opinna svæða, svo það helsta sé nefnt. Skilmálum er skipt í sjö flokka í hverfisskipulagi til samræmis við höfuðflokka Gátlista um vistvæna byggð (SAMFÉLAG, GÆÐI BYGGÐAR, SAMGÖNGUR, VISTKERFI & MINJAR, ORKA & AUÐLINDIR, MANNVIRKI og NÁTTÚRUVÁ). Leitast er við að hafa skilmálatexta stuttorða en þess í stað er oft vísað í viðeigandi leiðbeiningar hverfisskipulags sem fjalla um nánari útfærslu á einstökum skipulagsskilmálum.

Annað grundvallarhugtak er skilmálaeiningar . Skilmálaeining er þyrping húsa, lóða og/eða borgarumhverfi á afmörkuðu landsvæði innan hverfis sem heyrir saman, hvort sem er af sögulegum, landfræðilegum, byggingartæknilegum og/eða fagurfræðilegum ástæðum, og fær sameiginlega skilmála.

Hverfisskipulagsuppdráttur

Hverfisskipulagsuppdráttur fylgir prentaðri útgáfu hverfisskipulags í mælikvarða 1:3000 og má finna í vasa aftan á kápu bókar II. Uppdrátturinn er einnig aðgengilegur í stafrænu formi á Hverfasjá hverfisskipulags þar sem hægt er að þysja inn á einstakar lóðir eða svæði. Á uppdrættinum er sýnd afmörkun hverfisskipulagsins og skipting hverfisins í skilmálaeiningar en það eru einingar innan hverfis með sömu skipulagsskilmála. Á uppdrætti eru m.a. sýndar lóðir og byggingarreitir fyrir íbúðarhús, samfélagsþjónustu, miðsvæði og aðra starfsemi, fyrirkomulag samgangna og staðsetningu opinna svæða. Á prentaðri útgáfu hverfisskipulagsuppdráttar eru einnig sýnd kort fyrir stefnu og helstu áherslur eftir höfuðflokkum Gátlista um vistvæna byggð (kortin má einnig finna í kaflanum Stefna og áherslur í Almennri greinargerð). Bent er á að landnotkunarlitir í hverfisskipulagi eru eingöngu sýndir til skýringar og eru ekki endilega í samræmi við afmörkun eins og hún kemur fram í aðalskipulagi. Ef breytingar verða á afmörkun í aðalskipulagi þá hefur hún engin áhrif á stærð eða afmörkun landnoktunarreita í hverfisskipulaginu.

Í prentútgáfu hverfisskipulags er birt stækkuð mynd af hverfisskipulagsuppdrætti fyrir hverja og eina skilmálaeiningu. Sé munur á uppdráttum einstakra skilmálaeininga og hverfisskipulagsuppdrættinum sem finna má í vasa á bókarkápu prentútgáfunnar gildir hverfisskipulagsuppdrátturinn aftast í bókinni.

Leiðbeiningar hverfisskipulags

Leiðbeiningar hverfisskipulags eru nýjung. Leiðbeiningarnar eru grundvallaðar í stefnumörkun gildandi aðalskipulags og er ætlað að leiðbeina um hvernig skuli útfæra skilmála og heimildir sem hverfisskipulagsáætlun heimilar. Þar er að finna ítarlegri umfjöllun um hugtök og efnisatriði í skipulagsskilmálum hverfisskipulagsins. Leiðbeiningunum er ætlað að miðla nánari útfærslu á skilmálum og stefnu borgaryfirvalda um einstakar útfærslur. Leiðbeiningar hverfisskipulags eru skýringargögn með skýringarmyndum sem fylgja skal þegar skilmálar eru nýttir. Leiðbeiningar eru ekki tengdar einstökum hverfum eða skilmálaeiningum heldur eru þær algildar og ná til allra borgarhluta.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 er heimilt við gerð hverfisskipulags, skv. 4. mgr. 37. gr., að leggja áherslu á almennar reglur um yfirbragð hverfisins í stað þess að setja stranga skipulagsskilmála líkt og gert er þegar unnið er deiliskipulag. Í skilmálum hverfisskipulagsins er m.a. kveðið á um byggingarmagn, nýtingarhlutfall og byggingarreiti og aðra bindandi skilmála. Ákveðið var að setja inn almennar reglur, svokallaðar leiðbeiningar, um hvernig best væri að útfæra þær byggingarheimildir sem heimilaðar eru í hverfisskipulagi.

Leiðbeiningar eiga að einfalda hönnun framkvæmda og flýta fyrir málsmeðferð erinda hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur, bæði hjá skipulags- og byggingarfulltrúa. Leiðbeiningar styðja uppbyggingaraðila við að útfæra uppbyggingu svo að hún sé í samræmi við stefnu aðalskipulags borgarinnar.

Leiðbeiningar skal lesa samhliða framtíðarsýn hverrar hverfisskipulagsáætlunar sem og stefnumörkun aðalskipulags Reykjavíkur fyrir borgina í heild. Íbúar og aðrir hagsmunaaðilar nýta leiðbeiningarnar til að fræðast um hvernig megi þróa og breyta eigin lóðum eða fasteignum. Leiðbeiningarnar sjálfar eru ekki grundvöllur leyfisveitinga heldur eingöngu leiðbeiningarrit til útfærslu þeirra heimilda sem koma fram í hverfisskipulagi.

Samþykkt og málsmeðferð leiðbeininga

Á fundi skipulags- og samgönguráðs sem haldinn var 19. desember 2018 var samþykkt sérstök samþykkt um málsmeðferð leiðbeininga fyrir hverfisskipulag í Reykjavíkurborg, dags. 17. desember 2018. Samþykktinni var síðan vísað til borgarráðs til samþykktar, sem var gert á borgarráðsfundi þann 24. janúar 2019. Samþykktin er samhljóða fylgiskjal með öllum hverfisskipulagsáætlunum Reykjavíkur og er grundvöllur málsmeðferðar leiðbeininga fyrir hverfisskipulagið. Þessi leið er farin svo að ekki þurfi að auglýsa leiðbeiningar með hverju og einu hverfisskipulagi fyrir hvert hverfi fyrir sig.

Málsmeðferð leiðbeininganna, samkvæmt samþykktinni, verður með þeim hætti að þær verða lagðar fyrir skipulags- og samgönguráð sem samþykkir þær til kynningar, líkt og um auglýsingu á deiliskipulagi sé að ræða. Þá eru leiðbeiningarnar kynntar í 4–6 vikur og hafa allir hagsmunaaðilar aðkomu að því að senda inn athugasemdir. Kynningin fer fram á netinu og er auglýst í víðlesnu dagblaði. Athugasemdir eru síðan teknar saman og tekin afstaða um hvort leiðbeiningarnar verði skoðaðar út frá athugasemdum eða ekki. Síðan eru leiðbeiningarnar lagðar fram, ásamt umsögn, til samþykktar hjá skipulags- og samgönguráði og vísað til borgarráðs til endanlegrar samþykktar. Ef breyta á eða gerðar eru nýjar leiðbeiningar þá er málsmeðferðin eins.





























Forsíður leiðbeininga hverfisskipulags.

Hverfasjá

Öll gögn hverfisskipulagsins má nálgast stafrænt í Hverfasjá hverfisskipulagsins sem aðgengileg er á heimasíðu hverfisskipulagsins, https://reykjavik.is/hverfisskipulag. Hverfasjánni er ætlað að bæta aðgengi almennings og fagaðila að gildandi skipulagi svo að á auðveldan og fljótlegan hátt megi sjá hvaða heimildir eru til breytinga á fasteignum og lóðum. Þannig má gera umsóknar- og afgreiðsluferli vegna ýmiss konar breytinga á fasteignum einfaldara og skilvirkara.

Sé munur á skipulagsgögnum sem birtast í hverfasjá og lögformlegri útgáfu hverfisskipulags gildir hin lögformlega útgáfa.

Fylgigögn

Hverju hverfisskipulagi fylgja fylgigögn sem eru:

- Greinargerð um íbúaþátttöku og samráð í viðkomandi hverfi/borgarhluta
- Byggðakönnun Borgarsögusafns fyrir viðkomandi hverfi/borgarhluta
- Verklýsing hverfisskipulags fyrir viðkomandi borgarhluta
- Samþykkt um málsmeðferð leiðbeininga hverfisskipulags

Eftir atvikum geta önnur fylgigögn einnig fylgt einstaka hverfisskipulagsáætlunum. Fylgigögn má nálgast í Hverfasjá.

1.5. Vinnuferli hverfisskipulags

Undirbúningur fyrir hverfisskipulag í Reykjavík hófst árið 2012 samhliða vinnu við endurskoðun á aðalskipulaginu. Á árunum 2013 og 2014 var visthæfi hverfanna í átta borgarhlutum greint út frá Gátlista um vistvæna byggð sem var unninn samhliða undirbúningsvinnunni. Niðurstöður þessara greininga fyrir hvert hverfi er að finna í Verklýsingu hverfisskipulags fyrir viðkomandi borgarhluta sem er fylgiskjal með hverfisskipulagi.

Mótun tillögu að hverfisskipulagi er skipt í sex verkþætti:

- Verklýsing sem er jafnframt skipulags- og matslýsing þar sem fyrirhugaðri skipulagsvinnu er lýst, þ.m.t. helstu áherslum borgaryfirvalda og samráði við íbúa og aðra hagsmunaaðila.
- Stefnumótun og framtíðarsýn þar sem mótaðar eru tillögur um úrbætur og endurskoðun skipulagsskilmála, sem miða að því að styrkja hverfið.
- Samráð þar sem leitað er álits íbúa og hagsmunaaðila á hugmyndum að stefnumótun og framtíðarsýn. Ítarleg grein er gerð fyrir samráði í samantekt um íbúaþátttöku og samráð sem er fylgigagn hverfisskipulags og nálgast má í Hverfasjá.
- Skilmálagerð þar sem þróaðir eru nýir skilmálar fyrir hverfið á grundvelli eldri skilmála og óska íbúa og hagsmunaaðila sem fram koma í samráðsferlinu.
- Tillögugerð þar sem hugmyndir frá stefnumótun og framtíðarsýn og samráði eru felldar inn í heildstæða tillögu að hverfisskipulagi fyrir hverfið.
- Kynningar- og samþykktarferli þar sem tillaga að hverfisskipulagi er kynnt fyrir íbúum og hagsmunaaðilum á lögformlegan hátt og leitað eftir samþykki hlutaðeigandi yfirvalda.

Eldri heimildir yfirfærðar í hverfisskipulag

Mikilvægur hluti af hverfisskipulagi er að sameina eldri deiliskipulagsáætlanir fyrir gróin hverfi Reykjavíkur í eitt heildarskipulag fyrir hverfið. Þetta gerist þannig að um leið og hverfisskipulag er samþykkt er eldra deiliskipulag fellt úr gildi. En til þess að ekki tapist mikilvægir þættir úr eldra skipulagi sem mótaði byggðina í upphafi eru tiltekin ákvæði eldra deiliskipulags yfirfærð í hið nýja hverfisskipulag, s.s. byggingarheimildir, heimildir um bílastæði og ýmiss konar kvaðir. Það

þýðir að þar sem til staðar eru ónýttar heimildir, sem fram koma í deiliskipulagi sem fellt er úr gildi, yfirfærast þær í nýtt hverfisskipulag. Upplýsingar um gögn sem yfirfærsla á eldri skipulagsheimildum byggir á er að finna í skilmálaliðnum yfirfærðar byggingarheimildir undir kafla um MANNVIRKI og skilmálalið um bílastæði og innkeyrslur undir kafla um SAMGÖNGUR í hverri skilmálaeiningu. Upplýsingar um deiliskipulag sem fellt er úr gildi er síðan að finna aftast í bók II í prentúgáfu hverfisskipulags.

Breytingar á staðfestu hverfisskipulagi

Skilmálar hverfisskipulags eru almennir og samræmdir og hafa tekið mið af eldri skilmálum og algengum óskum lóðarhafa um breytingar á húsnæði sínu. Það ætti að draga úr þörf á sértækum breytingum á skipulagi fyrir einstaka lóðir. Þess vegna má gera ráð fyrir að breytingar á hverfisskipulagi verði alla jafna almennar fyrir skilmálaeininguna eða hverfið allt og því umfangsmeiri en svo að grenndarkynning ætti við, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Ætla má að meginreglan verði sú að breytingar á hverfisskipulagi verði auglýstar eins og um nýtt skipulag væri að ræða, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. Forsendur og greining

2.1. Yfirlit og afmörkun hverfisskipulagsins

Borgarhluti 3 Hlíðar er austan við miðborg Reykjavíkur og afmarkast til vesturs af Snorrabraut og Reykjavíkurflugvelli, til suðurs af strandlengju Fossvogs og til austurs og norðurs af Kringlumýrarbraut, Laugavegi og Hverfisgötu.

Borgarhlutinn nær yfir þrjú hverfi; Háteigshverfi (3.1), Hlíðar (3.2) og Öskjuhlíðarhverfi (3.3). Hverfisskipulag þetta fjallar um 3.3 Öskjuhlíðarhverfi sem afmarkast af Hringbraut til norðurs, Reykjavíkurflugvelli til vesturs, strandlengu Fossvogs til suðurs og Bústaðavegi og Suðurhlíð til norðausturs. Afmörkun hverfisskipulags Öskjuhlíðarhverfis nær yfir um 160 ha lands.



Í borgarhlutanum Hlíðum búa u.þ.b. 13.500 íbúar í tæplega 5.900 íbúðum. Þar af eru rúmlega 1.400 íbúar í 800 íbúðum í Öskjuhlíðarhverfi (tölur frá því í maí 2023). Mikil uppbygging er í gangi á þróunarsvæðum.

Landslag og staðhættir

Öskjuhlíðarhverfi er mjög gróðursælt og byggð stakstæð og dreifð. Náttúrufar einkennist af skógi vaxinni klettóttri hlíð, holti, mýrum, túnum og óröskuðu strandsvæði.

Öskjuhlíðarhverfi er um 160 ha að stærð, þar af eru 55,7 ha útivistarsvæði í Öskjuhlíð, 33,5 ha kirkjugarður og 20,7 ha strandsvæði að Fossvogi. Landið er annars vegar tiltölulega flatt undirlendi í um og yfir 10 metra hæð yfir sjávarmáli og hins vegar Öskjuhlíð sem rís hæst í 61 metra hæð. Hverfið er vel staðsett með tilliti til göngu- og hjólastígakerfis borgarinnar ásamt því að vera mjög vel tengt stofnvegakerfi höfuðborgarsvæðisins.

Perlan og tankarnir á toppi Öskjuhlíðar eru eitt helsta kennileiti borgarinnar.

Núverandi byggð

Öskjuhlíðarhverfi er skilgreint sem nýtt hverfi, m.a. vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á þróunarsvæðum. Helstu einkenni hverfisins eru stór útivistarsvæði í Öskjuhlíð að Fossvogi, Fossvogskirkjugarður, stakstæð byggð og nýbyggingarsvæði á Hlíðarenda.

Í Öskjuhlíðarhverfi er eitt af stóru útivistarsvæðum Reykjavíkur og einn helsti grafreitur Reykjavíkurprófastdæma, Fossvogskirkjugarður. Í vesturhluta hverfisins eru stórir uppbyggingarreitir skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Byggð hverfisins einkennist af stakstæðum byggingum í jöðrum Öskjuhlíðar og í tengslum við Fossvogskirkjugarð og flugvöllinn.

Fyrir liggur deiliskipulag íbúðarsvæðis á hluta Valssvæðis á Hlíðarenda við Nauthólsveg og Hringbraut þar sem uppbygging er í gangi og búið að taka í notkun fyrstu íbúðarhúsin. Á Valssvæðinu eru mannvirki og vellir fyrir knattíþróttir. Háskólinn í Reykjavík er í suðvesturhluta hverfisins. Samkvæmt skipulagi þess svæðis er gert ráð fyrir umtalsverðri uppbyggingu í tengslum við skólann, ásamt nemendabústöðum nyrst á svæðinu. Á því svæði er möguleiki á grunnskólabyggingu.

Í hverfinu er ein starfstöð Brúarskóla, sem er sérskóli fyrir börn og leikskólinn Sólborg við Vesturhlíð.

Hverfið nýtur góðs af nálægð við stærstu atvinnu- og verslunarsvæði landsins og er vel tengt öðrum hverfum borgarinnar. Nálægð við miðborgina og mikil aukning ferðamanna hefur mikil áhrif á samfélag og uppbyggingu.

2.2. Uppbygging og þróun hverfisins

Hverfisskipulagið er unnið í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur og gildir einungis fyrir 3.3 Öskjuhlíðarhverfi. Meðfylgjandi aðalskipulagsuppdráttur sýnir núgildandi landnotkun og helstu áherslur.

Við gerð hverfisskipulags er tekið mið af markmiðum og leiðarljósum sem sett eru fram í aðalskipulagi, m.a. um skipulag vistvænna hverfa og sjálfbæra, lífvænlega og kolefnishlutlausa borg. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi skal stefnt að því að gera öll hverfi borgarhlutans sem sjálfbærust og skulu gæði hins manngerða umhverfis sett í öndvegi. Til þess að ná markmiðum um sjálfbærari hverfi þarf m.a. að styrkja hverfiskjarna, þjónustu í hverfum og fjölga íbúðum til þess að bæta rekstrargrundvöll þjónustu, þ.m.t. skóla og leikskóla.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040
Kort sem sýnir gildandi aðalskipulag fyrir borgarhluta 3 Hlíðar.

Uppbyggingarreitir í aðalskipulagi

Samkvæmt aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að íbúðum geti fjölgað verulega í öllum hverfum borgarhlutans á skipulagstímabilinu og að mesta uppbyggingin sé í Öskjuhlíðarhverfi. Uppbyggingarreitir fyrir nýja íbúðarbyggð í Öskjuhlíðarhverfi eru skilgreindir á eftirfarandi svæðum:

- Öskjuhlíð-Nauthólsveg
- Hlíðarenda
- Loftleiðasvæði

Jafnframt er miðað við að í hverfisskipulaginu séu þéttingarmöguleikar kannaðir frekar. Aðalskipulagið setur aðeins bindandi stefnu fyrir reiti sem gera ráð fyrir fleiri en 50 almennum íbúðum eða sambærilegri uppbyggingu.

2.3. Mat á visthæfi hverfisins

Í vinnu við hverfisskipulag var lagt mat á hversu vistvænt Öskjuhlíðarhverfi væri út frá Gátlista um vistvæna byggð sem finna má í skjalinu B2: Græna borgin sem er hluti Aðalskipulags Reykjavíkur 2040. Þessi gátlisti er mikilvægt hjálpartæki til að meta hversu sjálfbær og vistvæn hverfi borgarinnar eru og til hvaða aðgerða sé hægt að grípa til að stuðla að úrbótum. Gátlistanum er skipt upp í sjö efnisflokka, sbr. númeraða umfjöllun hér á eftir. Nánar er gerð grein fyrir forsendum og aðferðum sem þetta mat byggir á í fygiskjali hverfisskipulags: Verklýsing hverfisskipulags fyrir borgarhluta 03 Hlíðar dags. 15. september 2015 (uppfærð 30. október 2015). Hér fyrir neðan er farið yfir helstu niðurstöður úr þessu mati en í lok umfjöllunar um hvern efnisflokk eru dregnar saman niðurstöður undir fyrirsögninni Helstu tækifæri.

SAMFÉLAG

Í borgarhlutanum Hlíðum búa rúmlega 13.500 íbúar í tæplega 5.900 íbúðum. Þar af eru rúmlega 1.400 íbúar í 800 íbúðum í Öskjuhlíðarhverfi (maí 2023). Öskjuhlíðarhverfi er framtíðaruppbyggingarsvæði borgarhlutans. Þar mun rísa blönduð byggð atvinnu- og íbúðarhúsnæðis og útivistarsvæði verða styrkt.

Leikskólinn Sólborg og Brúarskóli eru í hverfinu. Gata framan við skólana er með 50 km hámarkshraða. Ekki virðist gert sérstaklega ráð fyrir því að fólk komi gangandi eða hjólandi að skólunum.

Atvinnustarfsemi í hverfinu er m.a. við Flugvallarveg, í HR, við Hótel Natura og á Hlíðarenda. Stefnt er að frekari uppbyggingu atvinnuhúsnæðis m.a. á Hlíðarenda og á HR-svæði.

Fjölmargir stígar liggja um Öskjuhlíð og meðfram ströndinni. Aðstaða til sjóbaða er í Nauthólsvík. Aðalstígar í Öskjuhlíð eru upplýstir. Sumir upplifa Öskjuhlíð ekki sem öruggan stað, m.a. vegna utangarðsfólks sem sækir þangað.

Hverfið er vel fallið til útivistar og íþróttaiðkunar sem eflir heilsu og vellíðan.

Helstu tækifæri

Fjölgun íbúða á þróunarsvæðum.

Blönduð landnotkun með aukinni þjónustu.

Borgarvæðing helstu umferðarleiða.

Gera Öskjuhlíðina öruggari og snyrtilegri svo að fólk geti notið gönguferða í skóginum.

Styrkja hverfið enn frekar með uppbyggingu sem gefur bakland fyrir nýjan grunnskóla og tengir það betur Hlíðahverfi og miðborgarhluta.

GÆÐI BYGGÐAR

Hverfið hefur grænt yfirbragð, hlutfall opinna svæða og gróðurþekju er hátt miðað við Reykjavík í heild. Skjólsælt er við Öskjuhlíðina vegna mikils trjágróðurs. Sól- og sjóböð eru vinsæl við Ylströndina í Nauthólsvík.

Margar af eldri byggingum í hverfinu eru einkennandi fyrir svæðið og kennileiti þar. Perlan á toppi Öskjuhlíðar, Fossvogskirkja og Fossvogskapella, Hótel Natura (Loftleiðir), baðhús á ylströnd, veitingahús í Nauthólsvík, braggar og önnur mannvirki eða mannvirkjaleifar frá hernámsárunum og Hlíðarendi 2–6, íþróttamannvirki og Friðrikskapella sem tengjast búsetu- og íþróttasögu hverfisins.

Helstu áherslur

Byggja upp að vestan og norðanverðu og styrkja þá byggð sem þegar er samþykkt á svæðinu. Suðurhlíðar verði hluti hverfisins.

Koma upp aðstöðu fyrir borgarbúskap.



SAMGÖNGUR

Hverfið tengist stofnvegakerfi höfuðborgarsvæðisins. Almenningsvagnar ganga að Háskólanum í Reykjavík og Hótel Natura.

Hlutfall bílastæða á fermetra atvinnuhúsnæðis er mjög hátt.

Stofnstígur hjólaleiðakerfisins liggur í gegnum hverfið og tengir austurhluta borgarinnar og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu við miðborgina og vesturbæ. Hjólastæði eru við Háskólann í Reykjavík og ylströndina.

Helstu áherslur

Opna leið á milli efra og neðra svæðis svo að svæðið nýtist sem ein heild.



VISTKERFI & MINJAR

Einkenni landslags er brött, stórgrýtt, klettótt og skógi vaxin hlíð með fremur ávölum toppi. Hæst 61 m yfir sjávarmáli. Sléttlendi er undir hlíðinni til vesturs, norðurs og austurs. Afmörkun strandlengju Fossvogs til suðurs.

Hverfisverndarsvæði í Öskjuhlíð h3 verður varðveitt með sérstöku skipulagi svæðisins. Fossvogsbakkar eru friðlýst náttúruvætti síðan 1999.

Ríkulegt fuglalíf er í Öskjuhlíð og fjöru Fossvogs.

Gegndræpi svæðis er milli 41–60% sem gefur vísbendingu um hátt hlutfall opinna svæða og þar með gróðurþekju.

Víða í hverfinu eru hús og mannvirki sem hafa varðveislugildi og gerir hverfisskipulag ráð fyrir að undirstrika mikilvægi þeirra og leggja til verndun í ákveðnum tilvikum.

Helstu áherslur

Viðhalda upprunalegum gróðri á svæðinu og draga ekki úr gegndræpu yfirborði í hverfinu.

Vernda hús í hverfinu sem hafa menningarlegt og/eða sögulegt gildi og vernda mikilvægar jarðmyndanir í hverfinu.

Gera herminjum hærra undir höfði og gefa fólki tækifæri á að fræðast um það tímabil á staðnum.



Tillaga að hverfisvernd í Öskjuhlíðarhverfi

Kort sem sýnir tillögu að hverfisvernd á einstökum húsum í Öskjuhlíðarhverfi.



Fornminjar

Kort sem sýnir fornminjar og minjar í Borgarhluta 3 Öskjuhlíðarhverfi.

ORKA & AUÐLINDIR

Rafhleðslustöðvum hefur verið komið upp í hverfinu, svo sem við HR, Hotel Natura og bensínstöð við Kringlumýrarbraut.

Þrjár bensínstöðvar eru í hverfinu, við Bústaðaveg, Flugvallarveg og Kringlumýrarbraut.

Skógurinn í Öskjuhlíð og Fossvogskirkjugarði leggur sitt af mörkum til kolefnisbindingar en framræsing mýra vegna byggingarframkvæmda rýrir hana.

Helstu áherslur

Vistvænir orkugjafar í samgöngum.

Aukin flokkun úrgangs.

Betri landnýting.

Kolefnisbinding og endurheimt votlendis.

MANNVIRKI

Ekki var metið visthæfi núverandi mannvirkja í hverfinu þar sem ekki hafði verið þróaður mælikvarði fyrir þennan efnisflokk þegar greiningarvinnan fór fram. Vísbendingar um stöðu þessa málaflokks í hverfinu er þó að finna í byggingarsögu hverfisins. Mælikvarðar og vottunarkerfi fyrir nýbyggingar eru að þróast. Rétt er að gera kröfu um að opinberar byggingar sem rísi í framtíðinni í hverfinu fylgi umhverfisvottunarstöðlum.

Helstu áherslur

Tækifæri liggja í að þróa mæliviðmið fyrir visthæfi eldri mannvirkja.



NÁTTÚRUVÁ

Öskjuhlíðarhverfi liggur frá strandlínu og norður fyrir Öskjuhlíð. Ekki er hætta vegna ofanflóða, flóðahættu eða hækkunar sjávarstöðu. Mannvirki standa í nokkurri fjarlægð frá sjó og gegndræpi jarðvegs er mikið.

Hverfið er eins og Reykjavík í heild sinni á áhrifasvæði jarðskjálfta en ekki er að sjá að því stafi meiri hætta af þeim en öðrum hverfum. Staðhættir í Öskjuhlíðarhverfi kalla ekki á staðbundnar mótvægisaðgerðir vegna náttúruvár.

Helstu tækifæri

Tækifæri liggja í því að nýta tré og gróður til að binda jarðveg en líka til að tempra vind og auka skjól sem hlíft getur bæði byggingum og fólki í óveðrum. Í þessu sambandi þarf að huga að staðsetningu nýbygginga þannig að þær stuðli að því að bæta skjól í hverfinu. Minnka má flóðahættu með því að innleiða blágrænar ofanvatnslausnir.

3. Stefna og áherslur

3.1. Forsendur

Í þessum kafla kemur fram bindandi stefna hverfisskipulags Reykjavíkur fyrir Öskjuhlíðarhverfi.

Tilgangur stefnumótunar í hverfisskipulagi er að ná fram skýrri heildarsýn yfir þróun hverfisins til framtíðar og tryggja að mismunandi skilmálaeiningar með ólíka skilmála séu samræmdar og samtengdar. Tilgangur stefnunnar er einnig að stuðla að heildstæðri sýn á stefnuþætti sem liggja þvert á hverfi borgarinnar, líkt og samgöngur, meðhöndlun ofanvatns og náttúruvá. Stefnuna skal lesa samhliða skilmálum fyrir hverja hverfisskipulagseiningu.

Stefnumótun hverfisskipulags fyrir Öskjuhlíðarhverfi tekur mið af eftirfarandi forsendum:

- Stefnu gildandi aðalskipulags Reykjavíkur.
- Mati á visthæfi byggðar, sbr. kafla að framan í þessari bók.
- Niðurstöðum úr samráði við gerð hverfisskipulags, sbr. meðfylgjandi skýrslu um íbúaþátttöku og samráð.

Stefnan er sett fram í sjö málaflokkum og á sjö þemakortum. Málaflokkarnir eru þeir sömu og koma fram í greiningu á visthæfi byggðar og eru eftirfarandi: SAMFÉLAG, GÆÐI BYGGÐAR, SAMGÖNGUR, VISTKERFI & MINJAR, ORKA & AUÐLINDIR, MANNVIRKI OG NÁTTÚRUVÁ. Þemakortin eru leiðbeinandi skýringarkort og þeim er ætlað að styðja við skýringar, framsetningu og framfylgd stefnunnar fyrir hverfið. Þessi þemakort skulu notuð þegar breytingar í byggðu umhverfi í hverfinu eru útfærðar, þ.m.t. útfærsla á skilmálum.

Stefnan er útfærð nánar í skilmálum fyrir hverja skilmálaeiningu. Ef misræmi er milli þemakorta annars vegar og skipulagsskilmála eða skipulagsuppdráttar hins vegar skal taka mið af skilmálum og/eða hverfisskipulagsuppdrætti.

3.2. Skilmálaeiningar

Öskjuhlíðarhverfi hefur verið skipt upp í 13 skilmálaeiningar sem hver hefur fengið sérstakt auðkenni frá 3.3.1 til 3.3.13, sbr. merkingar og afmörkun á uppdrætti.

Skilmálaeiningar eru þyrping húsa, lóða og/eða borgarumhverfi á afmörkuðu landsvæði innan hverfis sem heyrir saman af sögulegum, landfræðilegum, byggingartæknilegum og/eða fagurfræðilegum ástæðum og fær því sameiginlega skipulagsskilmála.

Um hverja skilmálaeiningu gilda almenn skipulagsákvæði hverfisskipulagsins eins og þau birtast í almennri greinargerð, skipulagsskilmálum og á hverfisskipulagsuppdrætti.

3.3. Stefna og helstu áherslur hverfisskipulags

SAMFÉLAG

Stefnukort fyrir samfélag í Öskjuhlíðarhverfi



Stefna og áherslur í þessum málaflokki ná yfir þéttingu byggðar, fjölgun íbúða og nærþjónustu en allt þetta skapar aðstæður fyrir bætt mannlíf í hverfinu.

Íbúðir

Gildandi aðalskipulag Reykjavíkur gerir ráð fyrir því að a.m.k. 90% allra nýrra íbúða á skipulagstímabilinu rísi innan núverandi þéttbýlismarka til að bæta landnotkun og nýtingu ýmissa innviða. Þéttari byggð dregur almennt úr vegalengdum, samgöngukostnaði og umhverfisáhrifum samgangna.

Stefna aðalskipulags gerir ráð fyrir fjölgun íbúða í borgarhlutanum og kveðið er á um að þéttingarmöguleikar verði kannaðir frekar í hverfisskipulagi. Í aðalskipulaginu er aðeins sett bindandi stefna fyrir reiti sem gera ráð fyrir fleiri en 50 almennum íbúðum eða sambærilegri uppbyggingu. Gert er ráð fyrir mikilli fjölgun íbúða á skilgreindum uppbyggingarreitum í Öskjuhlíðarhverfi.

STEFNA

Öll uppbygging íbúða í hverfinu, bæði sú sem verið hefur undanfarin ár og sú sem er fyrirhuguð, er innan skilgreindra uppbyggingarreita í gildandi aðalskipulagi. Uppbyggingarreitirnir falla allir innan skilmálaeininga í hverfisskipulagi sem skilgreindar eru sem þróunarsvæði. Fyrir þau svæði þarf að gera sérstakt deiliskipulag til að útfæra skilmála fyrir nýja byggð. Þegar uppbyggingu er lokið verður nýtt deiliskipulag svæðisins fellt inn í hverfisskipulag. Húsakönnun verður gerð í tengslum við deiliskipulagsgerð og þar skoðað hvort heimilt verði að fjarlægja núverandi byggingar eða halda þeim og endurnýta.

Verslun og þjónusta

Í gildandi aðalskipulagi segir að í hverjum borgarhluta og hverju hverfi skuli vera hverfiskjarni og nærþjónustukjarni svo að dagleg verslun og þjónusta sé í sem mestri nálægð við íbúana og sem flestum gert kleift að versla, fótgangandi eða hjólandi, innan síns hverfis. Fjölgun íbúa styrkir grundvöll fyrir verslun og þjónustu sem stuðlar að því að íbúar geti sótt helstu nauðsynjar í göngufæri frá heimilum sínum.

STEFNA

Í gildandi deiliskipulagi fyrir Hlíðarenda er gert ráð fyrir blandaðri byggð með atvinnuhúsnæði á jarðhæðum. Uppbyggingarsvæði blandaðrar byggðar íbúðar- og atvinnuhúsnæðis eru á skilgreindum uppbyggingarreitum í aðalskipulagi sem falla allir innan skilmálaeininga í hverfisskipulagi sem skilgreindar eru sem þróunarsvæði. Fyrir þau svæði þarf að gera sérstakt deiliskipulag til að útfæra skilmála fyrir nýja byggð. Þegar uppbyggingu er lokið verður nýtt deiliskipulag svæðisins fellt inn í hverfisskipulag.

Starfsemi í íbúðabyggð

Í kaflanum Skapandi borg í B-hluta Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 kemur fram að helsti styrkur atvinnulífsins í Reykjavík sé fjölbreytni þess, sem nauðsynlegt sé að viðhalda og rækta. Breytingar á atvinnuháttum á síðustu áratugum gefa einnig tilefni til þéttari og blandaðri borgarbyggðar. Ýmiss konar starfsemi fer fram í atvinnuhúsnæði innan íbúðahverfa í Reykjavík en atvinnustarfsemi á heimilum getur einnig aukið mannlíf í hverfum og fjölgað atvinnutækifærum. Með því að skýra heimildir fyrir slíka starfsemi, innan ákveðinna marka, er stutt við fjölbreytt atvinnu- og mannlíf í hverfum.

STEFNA

Uppbyggingarsvæði blandaðrar byggðar íbúðar- og atvinnuhúsnæðis eru á skilgreindum uppbyggingarreitum í aðalskipulagi sem falla allir innan skilmálaeininga í hverfisskipulagi sem skilgreindar eru sem þróunarsvæði. Fyrir þau svæði þarf að gera sérstakt deiliskipulag til að útfæra skilmála fyrir nýja byggð. Þegar uppbyggingu er lokið verður nýtt deiliskipulag svæðisins

fellt inn í hverfisskipulag.

MANNVIRKI

Stefnukort fyrir mannvirki í Öskjuhlíðarhverfi



Mannvirki
Viðbætur, breytingar og viðbyggingar

Fjölgun íbúða

Nýr þéttingarreitur

Þróunarsvæði

Stefna og áherslur í þessum málaflokki taka til mannvirkja í hverfinu, eldri byggingarheimilda og útfærslu nýrra byggingarheimilda í hverfisskipulagi með nýjum byggingarreitum.

Í Gátlista um vistvæna byggð er lögð áhersla á að skoða þætti sem varða vistvæna þróun mannvirkja. Byggingar og önnur mannvirki eru viðamiklir notendur náttúrulegra auðlinda og stór hluti losunar gróðurhúsalofttegunda kemur frá byggingum og framleiðslu byggingarhluta.

STEFNA

- Stefnt er að því að gera mannvirki í hverfinu vistvænni.
- Yfirfæra eldri byggingarheimildir í nýja skilmála í nýju hverfisskipulagi fyrir hverfið.
- Byggingarreitir fyrir viðbyggingar og lausar kennslustofur er skilgreindur á lóðum leikskóla, grunnskóla og samfélagsþjónustu.
- Veita nýjar byggingarheimildir fyrir gróna byggð, til dæmis vegna viðbóta og viðbygginga, svala og kvista.
- Samþykkja samhliða hverfisskipulagi leiðbeiningar fyrir breytingar, viðbætur, endurbætur á eldri mannvirkjum og fjölgun íbúða.

GÆÐI BYGGÐAR

Stefnukort fyrir gæði byggðar í Öskjuhlíðarhverfi



Opin svæði

- H Hverfisgarður
- L Leiksvæði
- D Dvalarsvæði
- K Kyrrlátt svæði

Hverfistorg

Hljóðvarnir

Stefna og áherslur í þessum málaflokki ná yfir þróun byggðar á vistvænum forsendum, verndun og styrkingu byggðamynsturs, eflingu almenningsrýma og varna gegn hávaða og loftmengun meðfram stofnbrautum.

Efling almenningsrýma

Almenningsrými eru götur, opin svæði, hverfisgarðar, leiksvæði, dvalarsvæði og hverfistorg. Í stefnu um samgöngur er gerð grein fyrir göngu- og hjólastígum.

Í Gátlista um vistvæna byggð í B-hluta gildandi aðalskipulags segir að torg og önnur almenningsrými eigi að vera áhugaverðir áfangastaðir sem geri borgarbúum kleift að halda viðburði og njóta lífsins. Þau séu mikilvæg til að viðhalda mannlífi og þjónustu og auki umhverfisgæði hverfisins. Í heildarskipulagi opinna svæða, sem uppfært var samhliða gerð aðalskipulagsins, er leitast við að skilgreina, styrkja og bæta núverandi útivistarsvæði og flokka þau eftir eðli, hlutverki og notkun. Þá er í aðalskipulagi sérstakur kafli um borgarbúskap og leiðir til að efla hann og kveðið á um að í hverfis- og deiliskipulagi verði nánar fjallað um útfærslu borgarbúskapar.

STEFNA

- Móta nýja skilmála fyrir almenningsrými í hverfinu og flokka þau og skilgreina á skipulagsuppdrætti hverfisskipulags eftir mismunandi notkun.
- Setja skilmála um algilda hönnun almenningsrýma til að tryggja aðgengi allra óháð hreyfigetu.

Hljóðvist og loftmengun

Samkvæmt markmiðum umhverfis- og auðlindastefnu aðalskipulags skal skipulagi þannig háttað að hljóðvist og loftgæði séu sem best á hverjum stað. Þá skal efla þjónustu vistkerfa sem hafa jákvæð áhrif á loftslag og loftgæði. Einnig segir að skilgreina skuli kyrrlát svæði og setja viðmið til að mæla hljóðvist utandyra.

STEFNA

- Stefnt er að bættri hljóðvist og loftgæðum.
- Áhersla verður lögð á að draga úr umferðarhávaða frá stofnbrautum sem umlykja hverfið og borgargötum innan hverfisins.
- Setja skilmála um mótvægisaðgerðir, s.s. aukna trjá- og gróðurrækt og eða önnur úrræði, meðfram stofnbrautum og umferðarþungum götum í hverfinu.
- Við endurhönnun borgargatna og umhverfis þeirra skal hugað að hljóðvist og loftmengun frá götunum.

Borgarbúskapur

Borgarbúskapur er í takt við áherslur um sjálfbær og vistvæn hverfi og styður við markmið um líffræðilega fjölbreytni í borginni og betri nýtingu á verðmætu landi. Borgarbúskapur ýtir auk þess undir aukna útiveru og neyslu á hollu grænmeti og öðrum afurðum.

STEFNA

- Nýir skilmálar settir fyrir borgarbúskap á lóðum og borgarlandi.
- Skilmálar um borgarbúskap eru nánar útfærðir í leiðbeiningunni Borgarbúskapur, sem er fylgigagn með öllum hverfisskipulagsáætlunum.

ORKA & AUÐLINDIR

Stefnukort fyrir orku og auðlindir í Öskjuhlíðarhverfi



Stefna og áherslur í þessum málaflokki taka til meðhöndlunar á úrgangi, veitukerfa, vistvænna orkugjafa ásamt kolefnisbindingar og landnýtingar.

Markmið umhverfis- og auðlindastefnu aðalskipulagsins eru m.a. bætt landnýting, aukin kolefnisbinding og aukin notkun á innlendum vistvænum orkugjöfum. Einnig að komið sé í veg fyrir sóun á heitu og köldu vatni og að dregið verði úr úrgangi til urðunar og að endurnýting og endurvinnsla sé aukin.

STEFNA

- Stefnt er að því að bæta aðstæður fyrir notkun vistvænna orkugjafa, auka þjónustu við meðhöndlun á úrgangi, auka kolefnisbindingu og bæta landnýtingu.
- Staðsetja grenndarstöð miðlægt í hverfinu. Festa grenndarstöðvar í sessi á hverfisskipulagsuppdrætti og í skilmálum.
- Staðsetja hleðslustöðvar fyrir rafbíla miðlægt í hverfinu. Staðsetning þarf að taka mið af núverandi dreifikerfi rafmagns.
- Setja fram skilmála sem vernda núverandi gróður fyrir órökstuddu raski og stuðla að frekari gróður- og trjárækt við nýja uppbyggingu m.a. til að auka kolefnisbindingu.
- Bæta landnýtingu með þéttingu byggðar.
- Taka tillit til staðsetningar stofnlagna hitaveitu, kalds vatns og rafmagns við þéttingu byggðar.

VISTKERFI & MINJAR

Stefnukort fyrir vistkerfi og minjar í Öskjuhlíðarhverfi



Stefna og áherslur í þessum málaflokki ná til vistkerfa, meðhöndlunar ofanvatns, verndunar menningar- og fornminja og náttúrusérkenna.

Umhverfis- og auðlindastefna aðalskipulags Reykjavíkur er sett fram í níu málaflokkum og hefur m.a. að markmiði að efla þjónustu vistkerfa og líffræðilegan fjölbreytileika í borginni og þar með auka umhverfisgæði. Markmið í trjárækt eru einnig sett fram í aðalskipulagi. Þar segir m.a. að efla skuli trjárækt innan marka þéttbýlis, hvetja til ræktunar á einkasvæðum og styrkja ákvæði um ræktun og skjólmyndun í skilmálum deiliskipulags og byggingarskilmálum.

STEFNA

- Stefnt er að því að viðhalda fjölbreyttum gróðri í hverfinu og styðja við frekari gróðurrækt á einkalóðum og borgarlandi.
- Vernda núverandi gróður og tré fyrir órökstuddu raski.
- Samþykkja leiðbeiningar um frágang lóða samhliða hverfisskipulagi.
- Samþykkja leiðbeiningar um almenningsrými samhliða hverfisskipulagi.
- Vernda sérstakar náttúruminjar í skilmálum og á hverfisskipulagsuppdrætti.

Blágrænar ofanvatnslausnir

Í Gátlista um vistvæna byggð í B-hluta gildandi aðalskipulags er lögð áhersla á að rétt meðhöndlun ofanvatns geti skipt sköpum fyrir vistkerfi bæði innan og utan marka borgarinnar. Því séu vistvænar útfærslur á fráveitukerfum og ofanvatnslausnum mikilvægir þættir við útfærslu vistvænna hverfa.

Mikilvægt er að við þróun byggðar sé blágrænum ofanvatnslausnum beitt til að hægja á rennsli og hreinsa ofanvatn af þökum og hörðu yfirborði áður en það er leitt í viðtaka. Huga þarf vel að flóðaleiðum til að veita vatni í farveg við úrkomuákefð til að forðast flóð og tjón af völdum þess.

STEFNA

- Stefnt er að því að nýjar framkvæmdir minnki ekki gegndrætt yfirborð í hverfinu og að meðhöndlun ofanvatns styðjist við náttúrulegar lausnir.
- Setja fram skilmála um meðhöndlun ofanvatns á opnum svæðum og einkalóðum.
- Tryggja við breytingar á landnotkun flóðaleiðir til að auka seiglu svæðisins m.t.t. aukinnar úrkomu og mögulegra flóða vegna loftslagsbreytinga.
- Setja skilmála um notkun blágrænna ofanvatnslausna við breytingar eða nýja uppbyggingu.
- Gæta að því að heimildir um aukið byggingarmagn valdi því ekki að afrennslisstuðull lóðar hækki heldur sé unnið á móti auknu byggingamagni með blágrænum ofanvatnslausnum (þ.m.t. gegndræpu yfirborði) innan lóðar sem því nemur.
- Samþykkja samhliða hverfisskipulagi leiðbeiningar um blágrænar ofanvatnslausnir.

Verndarákvæði

Í B-hluta gildandi aðalskipulags er sérstakur kafli um borgarvernd þar sem sett eru markmið sem ætlað er að vernda staðbundin, söguleg og listræn sérkenni í húsagerð og skipulagi við þróun og endurskipulagningu byggðarinnar. Þar er kveðið á um að í hverfisskipulagi skuli móta tillögur um verndun í einstökum hverfum, s.s. verndun stakra húsa, húsaraða og húsasamstæða, og skulu tillögurnar byggja á byggða- og húsakönnunum Borgarsögusafns Reykjavíkur.

STEFNA

- Gera grein fyrir sérstökum byggðareinkennum í hverfisskipulagi, eftir því sem á við, sem lóðarhöfum ber að taka tillit til við breytingar á húsnæði.

Fornleifar

Mjög víða eru fornleifar og herminjar innan Öskjuhlíðarhverfis.

STEFNA

- Í hverfisskipulagi er gerð grein fyrir þekktum fornleifum í þeim skilmálaeiningum þar sem þær er að finna.
- Fornleifar eru merktar á hverfisskipulagsuppdrátt.

Náttúrusérkenni

Í markmiðum umhverfis- og auðlindastefnu aðalskipulagsins er kveðið á um að umhverfisúttekt verði hluti af skipulagsvinnu og að verndun náttúruauðs og umhverfisgæða í borginni njóti forgangs.

Innan marka hverfisskipulags Öskjuhlíðarhverfis er að finna náttúrusérkenni sem njóta verndar og bera vitni um jarðfræði Reykjavíkur.

STEFNA

- Gera grein fyrir mikilvægum náttúrusérkennum í þeim skilmálaeiningum þar sem þær er að finna.
- Náttúrusérkenni eru merkt á hverfisskipulagsuppdrátt.
- Kveða á um varðveislu náttúrusérkenna í skilmálum.

SAMGÖNGUR

Stefnukort fyrir samgöngur í Öskjuhlíðarhverfi



Megin göngustígur

Megin hjólastígur

Tengingar við hverfið

Borgargötur

Lykil stöðvar og/eða leiðir almenningssamgangna

Stefna og áherslur í þessum málaflokki ná yfir göngu- og hjólastíga, tengingar við hverfið, almenningssamgöngur og akandi umferð.

Borgargötur

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er sett fram það leiðarljós að meta skuli götur sem almenningsrými enda mjög stór hluti borgarlands sem fer undir samgöngumannvirki og helgunarsvæði þeirra. Í aðalskipulagi er og hugtakið borgargata m.a. skilgreint. Borgargötur eru lykilgöturnar í hverju hverfi og skulu njóta forgangs við endurhönnun og fegrun sem almenningsrými og umferðaræð fyrir alla ferðamáta. Meginmarkmiðið er að endurskilgreina götuna sem fjölbreytilegt almenningsrými sem gegnir mikilvægu hlutverki við framtíðarþróun borgarinnar.

Eftirfarandi götur eru skilgreindar sem borgargötur í Öskjuhlíðarhverfi:

- Snorrabrautarás Hlíðarendi
- Nauthólsvegur og Arnarhlíð
- Flugvallarvegur
- Hlíðarfótur

Lögð er sérstök áhersla á endurskilgreiningu og endurhönnun borgargatna fyrir alla samgöngumáta. Við borgargötur verða ýmsir innviðir sem íbúar þurfa að sækja, svo sem lykilstoppistöðvar almenningssamgangna, grenndarstöðvar, rafhleðslustöðvar og stæði fyrir deilibíla.

STEFNA

- Skilgreina göturnar sem borgargötur í hverfisskipulagi.
- Endurhanna og fegra göturnar og umhverfi þeirra, sjá einnig stefnu um GÆÐI BYGGÐAR.
- Gera ráð fyrir öllum samgöngumátum fyrir göturnar.
- Samþykkja samhliða hverfisskipulagi leiðbeiningar um borgargötur.

Vistvænir samgöngumátar

Efling vistvænna ferðavenja er leiðarljós í allri stefnumörkun aðalskipulags Reykjavíkur. Lykillinn að því að ná árangri við að breyta ferðavenjum er að tryggja samspil ákvarðana um þéttingu byggðar og umbætur sem varða almenningssamgöngur, hjólreiðar og gangandi vegfarendur. Við hönnun og útfærslu hjólaleiða þarf að taka mið af markmiðum og ákvæðum Hjólreiðaáætlunar Reykjavíkur.

Strætósamgöngur í hverfinu munu taka breytingum í samræmi við uppbyggingu á þróunarsvæðum og tilkomu borgarlínu og brúar yfir Fossvog. Öskjuhlíðarhverfi verður mjög vel tengt fyrirhugaðri Borgarlínu, sem mun hafa mjög jákvæð áhrif á hverfið. Í Öskjuhlíðarhverfi er ein af lykilleiðum hjólaleiðakerfisins meðfram Fossvogi og Öskjuhlíð. Aðrar hjólaleiðir eru merktir hjólastígar og blandaðir hjóla- og göngustígar.

STEFNA

- Skilgreina á hverfisskipulagsuppdrætti hjólreiðastígakerfi sem tengir hverfið við aðliggjandi hverfi, verslun og þjónustu.
- Festa í sessi lykilgönguleiðir á skipulagsuppdrætti hverfisins.
- Skilgreina helstu tengingar við hverfið.
- Staðsetja lykilstoppistöðvar almenningssamgangna.

Bílastæði

Markviss stefna í bílastæðamálum er í samræmi við áherslur aðalskipulagsins um þéttari byggð, aukin gæði byggðar og eflingu almenningssamgangna. Stefna hverfisskipulags í málaflokknum tekur mið af ákvæðum kaflans um vistvænar samgöngur í B-hluta aðalskipulags.

Fjöldi og fyrirkomulag bílastæða á uppbyggingarsvæðum utan hverfisskipulags er samkvæmt gildandi deiliskipulagi.

STEFNA

- Yfirfæra eldri heimildir um bílastæði í skilmála hverfisskipulags.
- Skilgreina í skilmálum bílastæðaviðmið sem taka mið af bílastæðastefnu aðalskipulags Reykjavíkur.

NÁTTÚRUVÁ

Stefnukort fyrir náttúruvá í Öskjuhlíðarhverfi



Tré og gróður
Mótvægisaðgerðir vegna náttúruvá

Stefna og áherslur í þessum málaflokki ná yfir flóðahættu, ofanflóð og aðrar náttúruhamfarir, m.a. vegna versnandi veðurfars í kjölfar loftslagsbreytinga.

Í Gátlista um vistvæna byggð er lögð áhersla á að skoða þætti sem varða vistvæna þróun byggðar í tengslum við náttúruvá.

Hætta vegna náttúruvár er talin lítil í hverfinu. Aðgerðir til að bregðast við náttúruvá vegna tíðari óveðra í framtíðinni felast í því að nota tré og gróður til að binda jarðveg, tempra vind og auka skjól til að hlífa fólki og byggingum.

STEFNA

- Stefnt er að því að beita gróðurrækt og vistvænum lausnum til að lágmarka hættu á því að vindur og úrkoma valdi skaða.
- Beita blágrænum ofanvatnslausnum til þess að takast á við aukna úrkomu vegna loftslagsbreytinga, sjá einnig stefnu um VISTKERFI OG MINJAR.
- Setja fram skilmála í hverfisskipulagi sem verndar núverandi gróður í hverfi og styður við frekari gróðurrækt, sjá einnig stefnu um VISTKERFI OG MINJAR.

4. Umhverfismat

4.1. Almennt

Öskjuhlíðarhverfi er eitt þriggja hverfa í borgarhluta 3, Hlíðum. Öskjuhlíðarhverfi er staðsett í suðvesturhluta borgarhlutans og afmarkast af Hringbraut til norðurs, Bústaðavegi til norðausturs, Fossvogi til suðurs og Reykjavíkurfugvelli til vesturs. Öskjuhlíðarhverfi er mjög gróðursælt og byggð sundurleit og dreifð. Náttúrufar einkennist af skógivaxinni klettóttri hlíð, holti, mýrum, túnum og óröskuðu strandsvæði.

Núverandi og fyrirhuguð byggð teygir sig meðfram Öskjuhlíð frá Hlíðarenda að Nauthólsvík auk stofnana við vesturhlíð. Öskjuhlíðarhverfi er eitt af stóru útivistarsvæðum Reykjavíkur, þar er Fossvogskirkjugarður. Öskjuhlíð er stór hluti gegndræps yfirborðs í borgarhluta 3. Hverfið er vel staðsett með tilliti til göngu- og hjólastígakerfis borgarinnar, er í nokkurri nálægð við miðbæinn, ásamt því að vera mjög vel tengt stofnvegakerfi höfuðborgarsvæðisins.

Í hverfinu eru skilgreindar 13 skilmálaeiningar, 3.3.1–3.3.13. Skilmálaeining er samstæður hverfishluti, t.d. þar sem í gildi eru hliðstæð skipulagsákvæði. Skilmálaeiningunum eru gerð ítarleg skil í skilmálum í bók II. Með markvissum ákvæðum í skilmálum er m.a. leitast við að einfalda málsmeðferð byggingarleyfisumsókna vegna minni háttar breytinga.



Öskjuhlíðarhverfi - umhverfismat
Loftmynd sem sýnir afmörkun þess svæðis í Öskjuhlíðarhverfi sem umhverfismatið nær til.

4.2. Inngangur

Markmið laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 er sjálfbær þróun,

heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem líklegar eru til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Ákvæði laganna gilda um umhverfismat framkvæmda sem kunna eða eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og eru tilgreindar í 1. viðauka laganna og um skipulagsáætlanir sem marka stefnu er varðar leyfisveitingar til þeirra framkvæmda.

Í skipulagslögum nr. 123/2010 (12. gr.) er auk þess ákvæði þess efnis að við gerð skipulagsáætlana skuli gera grein fyrir áhrifum áætlunar og einstakra stefnumiða hennar á umhverfið. Þá skal jafnframt hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi við gerð skipulagsáætlana.

Í þeirri hverfisskipulagsáætlun sem hér um ræðir er ekki mörkuð stefna er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í fyrrnefndum viðaukum í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Enda þótt allar meginforsendur hverfisskipulagsáætlunarinnar liggi fyrir í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er hér sett fram mat á þeim umhverfisþáttum sem máli skipta.

Hverfisskipulag Öskjuhlíðarhverfis mun leysa af hólmi gildandi deiliskipulagsáætlanir hverfisins.

Umhverfismat þetta tekur aðeins til þeirra breytinga á gildandi deiliskipulagsáætlunum sem hverfisskipulagsáætlunin hefur í för með sér.

4.3. Efni og helstu stefnumið áætlunarinnar

Stefnumið áætlunarinnar eru í samræmi við markmið og stefnu Aðalskipulags Reykjavíkur 2040, mati á visthæfi hverfisins, sbr. umfjöllun í kaflanum Forsendur og greining, og niðurstöðu samráðs, sbr. meðfylgjandi greinargerð um íbúaþátttöku og samráð sem er fylgiskjal hverfisskipulagsins.

SAMFÉLAG

FJÖLGUN ÍBÚÐA

Gert er ráð fyrir mikilli fjölgun íbúða á skilgreindum uppbyggingarreitum í Öskjuhlíðarhverfi sem eru Hlíðarendi, Öskjuhlíð-Nauthólsvegur og hluti Loftleiðasvæðis. Þar er áætlað að muni byggjast upp um 2100 íbúðir. Við Nauthólsveg eru nemendaíbúðir í stuttu göngufæri frá Háskólanum í Reykjavík.

BLÖNDUÐ LANDNOTKUN MEÐ AUKINNI ÞJÓNUSTU

Markmiðið er að auðvelda íbúum enn frekar að sækja þjónustu innan hverfisins og þannig auka enn frekar möguleika fólks til að nýta vistvæna ferðamáta og draga úr notkun einkabílsins. Uppbyggingarsvæði blandaðrar byggðar íbúðar- og atvinnuhúsnæðis eru á skilgreindum uppbyggingarreitum í hverfisskipulagi sem skilgreindir eru sem þróunarsvæði.

BORGARVÆÐING HELSTU UMFERÐARLEIÐA

Skilgreindar eru borgargötur í Öskjuhlíðarhverfi: Snorrabrautarás yfir að Hlíðarenda, Arnarhlíð og Nauthólsvegur. Í hverfisskipulagi á að hanna borgargöturnar innan hverfanna heildstætt með aðliggjandi byggð og gera ráð fyrir öllum samgöngumátum.

Áætlunin gerir ráð fyrir eftirfarandi aðgerðum

UPPBYGGING ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS OG BLÖNDUÐ LANDNOTKUN

Nýjar íbúðir í hverfinu eru einkum fyrirhugaðar innan þróunarsvæða sem útfærð eru í sjálfstæðum deiliskipulagsáætlunum. Gert er ráð fyrir mögulegri atvinnustarfsemi á jarðhæðum á þróunarsvæðum. Lögð er áhersla á íbúðaruppbyggingu í tengslum við háskóla- og þekkingarsamfélagið.

AUKIÐ FRAMBOÐ VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTU

Uppbygging á þróunarsvæðum mun auka framboð á verslun og þjónustu við íbúa sem og aðra borgarbúa. Vegna nándar við verslun og þjónustu eiga íbúar svæðisins kost að nýta sér vistvæna ferðamáta og draga úr daglegri notkun einkabílsins.

STÆKKUN LEIKSKÓLA OG GRUNNSKÓLA

Gert er ráð fyrir að mæta fjölgun íbúa á þróunarsvæðum með stækkun grunn- og leikskóla í samræmi við þörf.

UPPBYGGING ATVINNUHÚSNÆÐIS

Hverfisskipulag gerir ráð fyrir uppbyggingu atvinnuhúsnæðis á þróunarsvæðum til að fjölga störfum í hverfinu og til að auka framboð á verslun og þjónustu í hverfinu.

BORGARVÆÐING GATNA

Hverfisskipulag gerir ráð fyrir að helstu götur um hverfið verði útfærðar með áherslu á vistvæna samgöngumáta og viðeigandi umferðarhraða sem tryggi góða hljóðvist, loftgæði og öryggi allra vegfarenda. Gatnahönnunin taki mið af samhengi götu og aðliggjandi byggðar og hlutverki gatna sem almenningsrýma.

GÆÐI BYGGÐAR

ALMENNINGSRÝMI

Markmiðið er að almenningsrými verði efld og aðgengi fyrir alla tryggt með því að byggja á aðferðafræði algildrar hönnunar.

Markmiðið er að gera umhverfið öruggara og meira aðlaðandi og hvetja þannig til heilsueflandi útivistar og hreyfingar.

Markmiðið er að stuðla að líffræðilegri fjölbreytni, s.s. með skilmálum um viðhald og ræktun fjölbreytts gróðurs.

Áhersla er lögð á að svæði með upprunalegum gróðri og landslagi haldi sér eins og mögulegt er.

ÚTFÆRSLA LÓÐA

Markmiðið er að útfærslur lóða séu með þeim hætti að gæði þeirra séu sem mest.

Markmiðið er að stuðla að líffræðilegri fjölbreytni, s.s. með skilmálum um viðhald og ræktun fjölbreytts gróðurs.

HÁVAÐAVARNIR OG SKJÓLMYNDUN

Markmiðið er að hljóð- og loftmengun sé haldið í lágmarki.

Áætlunin gerir ráð fyrir eftirfarandi aðgerðum

BYGGÐAMYNSTUR

Uppbygging á þróunarsvæðum myndar nýtt byggðamynstur sem gefur hverfinu nýjan staðaranda.

GÖNGUHÆFI

Áhersla er á þéttingu byggðar og þjónustu í hverfinu bætir gönguhæfi hverfisins. Áhersla er lögð á vandað stígakerfi og öruggar gönguleiðir, einkum þar sem fara þarf yfir götur. Leitast verður við að auka trjágróður í borgarlandi svo sem meðfram götum, til skjólmyndunar og fegrunar umhverfis.

EFLING ALMENNINGSRÝMA

Almenningsrými eru opin svæði, svo sem Öskjuhlíð, torg og leik- og dvalarsvæði o.fl. Lögð er áhersla á eflingu almenningsrýma. Ekki verður gengið á opnu svæðin í Öskjuhlíð. Sérstök áhersla er lögð á bætt umhverfi við borgargötur með auknum trjágróðri, betri lýsingu, bekkjum

og öðrum götugögnum. Við hönnun almenningsrýma er gerð krafa um að fylgt verði viðurkenndum leiðbeiningum um algilda hönnun til að tryggja aðgengi fyrir alla.

ÚTFÆRSLA LÓÐA

Settir eru skilmálar um útfærslu lóða og lóðamarka þar sem kveðið er á um vandaðan frágang og verndun gróðurs á lóðum.

GRÓÐUR

Til þess að viðhalda og auka við fjölbreyttan gróður bæði á opnum svæðum og lóðum eru settir skilmálar sem eru útfærðir nánar í leiðbeiningum hverfisskipulags. Aukinn trjágróður veitir meira skjól, bindur jarðveg og skapar aðstæður fyrir líffræðilega fjölbreytni.

BÆTTAR HLJÓÐVARNIR MEÐFRAM STOFNBRAUTUM

Umferðarhávaði berst inn í hverfið frá aðliggjandi stofn- og tengibrautum, Miklubraut og Bústaðavegi. Breytt umferðarfyrirkomulag Miklubrautar með stokk og tilkoma borgargatna mun draga mjög úr hávaða og mengun. Gert er ráð fyrir að gerðar verði mælingar á hávaða og loftmengun til að fylgjast með breytingum.

BORGARBÚSKAPUR

Í samræmi við áherslur um sjálfbærari og vistvænni hverfi verður búið í haginn fyrir borgarbúskap og matjurtarækt bæði á borgarlandi og á lóðum.

SAMGÖNGUR

BÆTTAR ALMENNINGSSAMGÖNGUR

Markmiðið er að stuðla að aukinni notkun almenningssamgangna.

HJÓLA- OG GÖNGUSTÍGAR, TENGINGAR VIÐ AÐLÆG HVERFI

Markmiðið er að bæta aðstöðu fyrir gangandi og hjólandi umferð.

UMFERÐARÖRYGGI

Markmiðið er að bæta umferðaröryggi með sérstakri áherslu á öryggi fyrir gangandi og hjólandi.

BORGARGÖTUR

Markmiðið er að bæta aðstæður fyrir fjölbreytta samgöngumáta, bæta umhverfi gatnanna og auka umferðaröryggi.

BÍLASTÆÐI

Markmiðið er að draga úr umfangi þeirra svæða sem fara undir bílastæði.

Áætlunin gerir ráð fyrir eftirfarandi aðgerðum

ALMENNINGSSAMGÖNGUR

Lykilstöðvar almenningssamgangna eru skilgreindar í hverfisskipulagi og gerð krafa um að leiðbeiningum um algilda hönnun sé fylgt til að tryggja aðgengi allra að biðstöðvum óháð hreyfigetu. Gert er ráð fyrir að á skipulagstímanum muni þjónusta Strætó bs. batna, s.s. með aukinni tíðni ferða og lengri þjónustutíma. Öskjuhlíðarhverfi verður mjög vel tengt fyrirhugaðri Borgarlínu, sem mun hafa mjög jákvæð áhrif á hverfið.

GÖNGU- OG HJÓLASTÍGAR

Stefna um hjólreiðar er í samræmi við aðalskipulag og Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir að umferð gangandi og hjólandi vegfarenda sé aðskilin á helstu stofnleiðum. Ný brú yfir Fossvog mun bæta aðstöðu fyrir hjólandi og gangandi með styttri ferðatíma og bæta tengingu við önnur hverfi. Í skilmálum fyrir götur, stíga og gangstéttir er gerð krafa um að viðurkenndum leiðbeiningum um algilda hönnun sé fylgt til að tryggja aðgengi fyrir alla og hönnunarleiðbeiningum fyrir hjólreiðar.

BORGARGÖTUR

Gert er ráð fyrir endurhönnun á lykilgötum innan hverfisins á grundvelli hugmyndafræði um borgargötur og leiðbeininga hverfisskipulags. Í því felst meðal annars fegrun með gróðri, endurbætur á lýsingu, vönduð og fjölbreytt notkun yfrborðsefna og uppsetning götugagna. Einnig er gert ráð fyrir uppsetningu grenndarstöðva, hleðslustöðva fyrir rafbíla og stæða fyrir deilibíla.

BÍLASTÆÐI

Fjöldi og fyrirkomulag bíla- og hjólastæða taki mið af bíla- og hjólastæðastefnu aðalskipulags. Við meiri háttar uppbyggingu verði beitt samgöngumati við ákvörðun bílastæða. Gert er ráð fyrir stæði fyrir deilibíla og hleðslustæðum í tengslum við borgargötur. Fjölgun bílastæða vegna starfsemi í íbúðarhúsnæði verður ekki heimiluð.

VISTKERFI OG MINJAR

VISTKERFI

Stefnt er að því að takmarka uppbyggingu á svæðum með upprunalegum gróðri og landslagi og taka tillit til jarðminja sem bera vitni um jarðfræði Reykjavíkur, ásamt því að hlúa að vistkerfi hverfisins.

NÁTTÚRUMINJAR

Markmiðið er að tryggja verndun viðkvæmra náttúruminja innan hverfis með afmörkun á skipulagsuppdrætti.

MENNINGAR- OG FORNMINJAR

Markmiðið er að vernda menningar- og fornminjar í hverfinu og bæta aðgengi íbúa hverfisins að þeim.

Áætlunin gerir ráð fyrir eftirfarandi aðgerðum

VISTKERFI

Við skipulag hverfisins er stefnt að því að svæði með upprunalegum gróðri og landslagi haldi sér eins og mögulegt er. Í leiðbeiningum hverfisskipulags eru settir skilmálar um leiðir til þess að viðhalda og auka fjölbreyttan gróður á opnum svæðum og lóðum. Settir eru skilmálar um meðhöndlun ofanvatns og verndun gróðurs fyrir óþarfa raski á opnum svæðum og lóðum til að tryggja gegndræpi yfrborðs og vernda þannig vistkerfi hverfisins. Nánari útfærslur eru í skilmálum og leiðbeiningum hverfisskipulags um blágrænar ofanvatnslausnir, útfærslu lóða og almenningsrými.

VERNDUN NÁTTÚRUSÉRKENNA

Tekið verður tillit til þeirra mikilvægu jarðmyndana sem eru í hverfinu. Sérstæðum og verðmætum jarðminjum og vistgerðum er hlíft fyrir annarri landnotkun og þær afmarkaðar á skipulagsuppdrætti.

VERNDARÁKVÆÐI

Sérstök áhersla er á byggðarvernd og verndun einstakra mannvirkja og menningarminja. Lagt er til að vernda Fossvogskirkju, Perluna, Hlíðarenda 2–6, bragga við Flugvallarveg og minjar frá seinni heimsstyrjöld í Öskjuhlíð og Nauthólsvík. Gerð er grein fyrir varðveislumati einstakra menningarminja í skilmálaeiningum.

ORKA OG AUÐLINDIR

VISTVÆNNI ORKUGJAFAR, AUKIN FLOKKUN HEIMILISÚRGANGS OG BETRI LANDNÝTING

Stefnt er að betri landnýtingu.

Bætt orku- og vatnsnýting við nýja uppbyggingu.

Stefnt er að bættum aðstæðum fyrir notkun vistvænna orkugjafa.

Stefnt er að aukinni flokkun úrgangs.

Stefnt er að aukinni kolefnisbindingu.

Áætlunin gerir ráð fyrir eftirfarandi aðgerðum

BETRI LANDNÝTING

Landnýting er bætt með því að heimila uppbyggingu á þróunarsvæðum, vannýttum og röskuðum svæðum.

ORKU- OG VATNSNOTKUN

Stefnt að því að við uppbyggingu nýrrar byggðar verði stuðlað að bættri orku- og vatnsnýtingu.

VISTVÆNNI ORKUGJAFAR

Stefnt er að bættum aðstæðum fyrir notkun vistvænna orkugjafa, t.d. með því að staðsetja hleðslustöðvar fyrir rafbíla á borgarlandi og við skóla, leikskóla og samfélagsþjónustu.

SORPSKÝLI OG AUKIN FLOKKUN ÚRGANGS

Stefnt er að aukinni þjónustu við flokkun og hirðu endurvinnsluefna við heimili með skilmálum sem leyfa byggingu aðstöðu á lóð í stað aðstöðu innanhúss, svo sem gerða, skýla eða djúpgáma. Staðsetning grenndarstöðva er fest í skipulagi.

AUKIN KOLEFNISBINDING

Stefnu um aukna kolefnisbindingu er fylgt eftir með meiri trjágróðri í hverfinu, sbr. umfjöllun um gróður í GÆÐI BYGGÐAR.

MANNVIRKI

ÞRÓUN BYGGÐAR OG BYGGÐAMYNSTUR

Markmiðið er að byggð þróist á vistvænum forsendum skilmála og leiðbeininga um leið og byggðamynstur er styrkt.

BREYTINGAR OG VIÐHALD HÚSNÆÐIS

Markmiðið er að auðvelda lóðarhöfum að fá leyfi fyrir minni háttar viðbyggingum án þess að til þurfi að koma flókið skipulags- og afgreiðsluferli leyfsveitanda.

Markmiðið er að auðvelda lóðarhöfum að fá leyfi fyrir breytingum á húsnæði, s.s. kvistum, svölum og þakbreytingum, án þess að til þurfi að koma flókið skipulags- og afgreiðsluferli leyfsveitanda.

Markmiðið er að auðvelda viðbyggingar og staðsetningu lausra skólastofa á skóla- og leikskólalóðum án þess að til þurfi að koma flókið skipulags- og afgreiðsluferli leyfsveitanda.

Áætlunin gerir ráð fyrir eftirfarandi aðgerðum

BREYTINGAR Á BYGGINGARREITUM

Byggingarreitum íbúðarhúsa er breytt og sköpuð skilyrði fyrir minni háttar viðbyggingum. Byggingarreitur fyrir viðbyggingar og lausar kennslustofur er skilgreindur á lóðum leikskóla, grunnskóla og samfélagsþjónustu.

BREYTINGAR OG VIÐHALD HÚSNÆÐIS

Heimilaðar eru minni viðbyggingar við sérbýlishús til að koma til móts við óskir íbúa um breytingar og gera mannvirkin vistvænni. Einnig eru heimil stakstæð minni hús þar sem aðstæður leyfa við sérbýlishús.

Settir eru skilmálar og leiðbeiningar um svalir og svalalokanir, þakbreytingar og kvisti,

útlitsbreytingar og viðhald, nýtingu kjallara, niðurrif, tæknibúnað og ósamþykktar framkvæmdir.

Heimilaðar eru viðbyggingar og lausar kennslustofur við leikskóla og skóla í hverfinu.

4.4. Helstu umhverfisáhrif

Umhverfisáhrif hverfisskipulagsáætlunarinnar eru almennt metin jákvæð. Í meðfylgjandi töflu eru teknar saman helstu aðgerðir sem tilteknar hafa verið og áætluð áhrif þeirra á umhverfið en síðan er fjallað um hverja aðgerð fyrir sig.

Gert er ráð fyrir töluverðri uppbyggingu íbúða í hverfinu. Áhrif íbúðauppbyggingar innan þróunarsvæða á skólakerfið eru óljós því að aldursdreifing og fjölskyldusamsetning á þróunarsvæðunum er mikilli óvissu háð. Áhrif stefnu hverfisskipulagsins er talin óveruleg á skóla og félagsþjónustu.

Uppbygging á vannýttum og röskuðum svæðum er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samfélag þar sem hærri þéttleiki á svæðinu skapar betri forsendur fyrir ýmiss konar þjónustu í hverfinu og hagkvæma nýtingu innviða, s.s. veitu- og gatnakerfs. Uppbygging hefur jákvæð áhrif á samgöngur þar sem hún styrkir stöðu almenningssamgangna og skapar betri aðstæður fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á gæði byggðar með bættum þjónustugrundvelli og samgöngum en gæti skert framboð opinna svæða innan hverfisins. Þétting byggðar innan hverfisins á vannýttum eða röskuðum svæðum dregur úr þörf fyrir að brjóta óraskað land undir uppbyggingu annars staðar í sveitarfélaginu.

Blönduð landnotkun helst í hendur við uppbyggingu á þéttingarsvæðum þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu íbúða í bland við atvinnuhúsnæði. Þessi áhersla bætir gönguhæfi hverfisins (e. walkability), þ.e. eykur möguleika íbúa til að sækja verslun, þjónustu og vinnu innan hverfisins og dregur þannig úr ferðaþörf. Bætt gönguhæfni stuðlar að auknum gæðum byggðar, bættri hljóðvist og dregur úr orkuþörf.

Efling almenningsrýma, m.a. borgarvæðing helstu umferðarleiða með skilmálum um yfirbragð og umhverfi borgargatna, er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samgöngur í hverfinu með því að bæta aðstæður fyrir gangandi og hjólandi og draga þannig úr bílaþörf og neikvæðum umhverfisáhrifum bílaumferðar. Áherslan er líkleg til að stuðla að bættu yfrbragði byggðar og bæta gönguhæfi hverfisins samhliða aukinni verslun og þjónustu. Þá er áherslan líkleg til að draga úr umferðarhraða, auka umferðaröryggi og draga úr umferðarhávaða, mengun og orkuþörf. Áhrifin eru því metin jákvæð á samfélag, gæði byggðar, samgöngur og orku og auðlindir.

Bætt aðstaða almenningssamgangna stuðlar að aukinni notkun þeirra sem aftur hefur jákvæð áhrif á samfélagið m.a. með tilliti til jafnræðis milli félagshópa til að komast ferða sinna um borgina — þeirra sem geta notað einkabíl og þeirra sem ekki eiga kost á því. Almenningssamgöngur stuðla að minni eldsneytisnotkun og bætt aðgengi að almenningssamgöngum stuðlar að auknum gæðum byggðar.

Bætt aðstaða fyrir hjólandi hefur jákvæð áhrif á samfélag og samgöngur þar sem hún gefur fólki betra tækifæri til að sinna erindum sínum hjólandi. Bætt aðstaða fyrir hjólandi stuðlar að auknum gæðum byggðar, bættri hljóðvist og dregur úr orkuþörf.

Áhersla á bætt umferðaröryggi með betri merkingum og lægri umferðarhraða hefur jákvæð samfélagsleg áhrif, jákvæð áhrif á samgöngur og jákvæð áhrif á gæði byggðar en lægri umferðarhraði dregur úr slysahættu, umferðarhávaða og loftmengun.

Áhersla á að viðhalda upprunalegum gróðri og landslagi hefur jákvæð áhrif á samfélag og gæði byggðar og viðheldur staðaranda hverfisins. Þá hefur stefnan jákvæð áhrif á vistkerfi og minjar.

Verndun menningarminja og jarðminja hefur jákvæð áhrif á samfélag og gæði byggðar með því að viðhalda staðaranda. Stefnan hefur jákvæð áhrif á verndun vistkerfa og minja.

Gegndræpi og meðhöndlun ofanvatns hefur jákvæð áhrif á samfélag og gæði byggðar þar sem gróður og ofanvatnslausnir bæta yfrbragð byggðar. Stefnan hefur jákvæð áhrif á vistkerfi þar sem ofanvatn helst innan vistkerfis hverfisins í stað þess að vera leitt með fráveitu til sjávar.

Trjágróður til kolefnisbindingar hefur jákvæð áhrif á gæði byggðar með bættri ásýnd. Hefur einnig jákvæð áhrif á vistkerfi og minjar.

Bætt orku- og vatnsnýting við nýja uppbyggingu er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á gæði byggðar, vistkerfi og minjar og orku og auðlindir. Stefnan hefur jákvæð áhrif á orku og auðlindir þar sem þétting byggðar styttir vegalengdir og bætir aðgengi að þjónustu í þægilegu göngu- og hjólafæri.

Öskjuhlíðahverfi - tafla yfir helstu umhverfisáhrif

Í töflunni má sjá helstu aðgerðir sem tilteknar hafa verið og áætluð áhrif þeirra á umhverfið. Áhrifin eru merkt með eftirfarandi hætti: Jákvæð áhrif +, neikvæð áhrif -, óljós áhrif 0. Ef ekki er gert ráð fyrir neinum áhrifum er ekkert merkt.

SF - SAMFÉLAG
SG - SAMGÖNGUR
GB - GÆÐI BYGGÐAR
VM - VISTKERFI & MINJAR
OA - ORKA & AUÐLINDIR
MV - MANNVIRKI
NV - NÁTTÚRUVÁ

Aðgerðir	SF	SG	GB	VM	OA	MV	NV
Nýjar íbúðir á þróunarsvæðum við Hlíðarenda og Nauthólsveg	+	0	+	0	+	0	
Blönduð landnotkun, atvinnustarfsemi í bland við íbúðarbyggð	+	+	+		+		
Borgarvæðing helstu umferðarleiða, borgarmiðuð hönnun gatna	+	+	+		+		
Brú yfir Fossvog fyrir vistvænar samgöngur	+	+	+		+		
Efling almenningsrýma, garðar og borgargötur		+	+				
Áhersla á bættar almenningssamgöngur	+	+	+		+		
Bæta gönguhæfni – stígakerfi og aðgengi	+	+	+		+		
Bætt aðstaða fyrir hjólandi	+	+	+		+		
Bætt umferðaröryggi með betri hönnun og lægri umferðarhraða	+	+	+				
Áhersla á að viðhalda upprunalegum gróðri og landslagi	+	+	+				
Verndun menningarminja og jarðminja	+		+	+			
Áhersla á gegndræpi yfirborðs og blágærnar ofanvatnslausnir	+		+	+			
Betri landnýting á vannýttum og röskuðum svæðum	+	+	+/0	+	+		
Aukin kolefnisbinding og skjólmyndun með auknum trjágróðri	+		+	+	+		
Bætt orku- og vatnsnýting við nýja uppbyggingu	+		+	+	+		
Skilmálar um hleðslustöðvar fyrir vistvæna orkugjafa.	+	+	+		+		
Skilmálar um betri aðstæður til flokkunar úrgangs	+	+/0	+	+	+		

4. Skilgreiningar og lykilhugtök

Algild hönnun

Hönnun framleiðsluvara, umhverfis, áætlana og þjónustu sem allir geta nýtt sér, að því marki sem aðstæður leyfa, án þess að koma þurfi til sérstök útfærsla eða hönnun. Algild hönnun útilokar ekki hjálpartæki fyrir fatlaða sé þeirra þörf.

Almenningsrými

Rými eða svæði sem er opið og aðgengilegt almenningi án endurgjalds.

Almenningsrými eru t.d. göturými, torg, almenningsgarðar, leik- og dvalarsvæði, opin svæði og önnur þess háttar rými á borgarlandi.

Aðalgata

Í Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar eru notuð hugtökin aðalgata og borgargata um þær götur sem taldar eru lykilgötur í hverju hverfi.

Á þessum hugtökum er þó skilgreindur munur; aðalgata tekur til starfsemi við götuna en borgargata tekur til hönnunar og útlits götunnar. Við aðalgötu í hverfi er heimil fjölbreyttari landnotkun, s.s. verslun og þjónusta, gisti- og veitingastarfsemi, samfélagsþjónusta og íbúðir. Í vissum tilvikum getur sama gata verði bæði aðal- og borgargata.

Aðalskipulag

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2040 eru lagðar meginlínur að mótun borgarinnar til langs tíma.

Aðalskipulagið er mikilvægt stjórntæki sem mótar bindandi stefnu fyrir allar aðrar skipulagsáætlanir og stýrir ákvarðanatöku í borgarmálum allt frá stefnumótun til framkvæmda. Eitt af meginmarkmiðum aðalskipulagsins er sú stefna að öll hverfi borgarinnar verði sjálfbærari og vistvæn. Mikilvægur þáttur í því er að setja gæði hins manngerða umhverfis í öndvegi. Hverfisskipulagið gegnir þýðingarmiklu hlutverki við að innleiða stefnu aðalskipulagsins um sjálfbær og vistvæn hverfi.

Aðgengi fyrir alla

Með aðgengi fyrir alla er átt við að fólki sé ekki mismunað um aðgengi og almenna notkun mannvirkja á grundvelli fötlunar, skerðinga eða veikinda og að það geti með öruggum hætti komist inn og út úr mannvirkjum, jafnvel við óvenjulegar aðstæður, t.d. í eldsvoða.

Jafnframt séu sjónarmið algildrar hönnunar höfð að leiðarljósi við hönnun bygginga og umhverfis þeirra.

Blágrænar ofanvatnslausnir

Lausnir sem hafa það að markmiði að viðhalda náttúrulegri hringrás ofanvatns.

Blágrænar ofanvatnslausnir eru sjálfbær lausn sem gengur út á að koma yfirborðsvatni (regni og snjó) af ógegndræpum flötum, s.s. byggingum, götum og bílastæðum yfir á gegndræpa fleti og niður í gegnum jarðveg í stað þess að leiða það út í fráveitukerfi. Við það viðhelst heilbrigðari vatnsbúskapur og líffræðilegur fjölbreytileiki eykst.

Borgarbúskapur

Ræktun matvæla í borginni, annaðhvort á lóðum eða borgarlandi.

Samkvæmt skilmálum hverfisskipulags er almennt heimilt að stunda borgarbúskap á lóðum og

nýta borgarland til matvælaræktunar fyrir íbúa í hverfinu. Ef nýta á borgarland fyrir borgarbúskap skal sækja um leyfi til umhverfis- og skipulagssviðs sem ákvarðar stærð og nánari legu svæðis fyrir matjurtarækt. Heimild til matjurtaræktunar á borgarlandi er tímabundinn afnotaréttur sem nánar er skilgreindur í afnotaleyfi.

Borgargata

Lykilgata í hverju hverfi, þar sem hús og gata mynda borgarrými. Við borgargötur skal vera ýmiss konar verslun og þjónusta.

Alla jafna er gert ráð fyrir að hverfistorg og almenningsrými skuli hönnuð í tengslum við borgargötur, ekki síst við hverfis- og þjónustukjarna. Auk þess skal staðsetja aðra stoðþjónustu við þessar götur, s.s. grenndarstöðvar og rafhleðslustöðvar. Borgargata er oft mikilvæg samgöngutenging við næsta hverfi eða borgarhluta. Borgargata skal njóta forgangs við endurhönnun og fegrun sem almenningsrými og umferðaræð fyrir alla ferðamáta og skal hún hönnuð heildstætt með aðliggjandi byggð.

Borgarhlutakjarnar

Fjölbreytt verslun og þjónusta, með úrvali sérvöruverslana og veitingastaða, sem þjóna heilum borgarhluta eða stærra svæði.

Í borgarhlutakjörnum geta einnig verið skrifstofur, íbúðir, einkum á efri hæðum bygginga, og fjölbreytt starfsemi. Borgarhlutakjarnar eru skilgreindir sem miðsvæði (M) í Aðalskipulagi Reykjavíkur.

Borgarhluti

Reykjavíkurborg er skipt upp í tíu borgarhluta.

Hverjum borgarhluta er skipt upp í hverfi með sérstakt hverfisskipulag þar sem áhersla verður lögð á sjálfbæra þróun og vistvænar úrlausnir fyrir hverfið í heild sinni.

Byggingarmagn

Brúttóflatarmál og/eða nýtingarhlutfall bæði fyrir yfirfærðar byggingarheimildir og viðbótarbyggingarheimildir.

Í hverfisskipulagi er byggingarmagn notað yfir brúttóflatarmál og/eða nýtingarhlutfall bæði fyrir yfirfærðar byggingarheimildir og viðbótarbyggingarheimildir. Byggingarmagn er alltaf gefið upp sem brúttóflatarmál og tekur til rýma í lokunarflokki A og B, sbr. breytingu á skipulagsreglugerð nr. 903/2016 Um skilgreiningu brúttóflatarmáls fer samkvæmt íslenskum staðli ÍST50:1998

Byggingarreitir

Byggingarreitir og byggingarlínur má sjá á skipulagsuppdrætti og á mæliblöðum.

Á hverfisskipulagsuppdrætti eru sýndir tveir byggingarreitir, takmarkaður byggingarreitur og aðalbyggingarreitur. Allar byggingar á lóð skulu vera innan byggingarreita.

Takmarkaður byggingarreitur

Byggingarreitir fyrir minni viðbyggingar við sérbýlishús, parhús og raðhús, færanlegar kennslustofur og aðrar byggingar á lóð. Takmarkaður byggingarrreitur er sýndur með rauðri brotinni línu. Þessir byggingarreitir eru rúmir og ekki er gert ráð fyrir að þeir séu fullnýttir.

Aðalbyggingarreitur

Byggingarreitir fyrir stærri byggingar, eins og ofanábyggingar fjölbýlishúsa ásamt lyftu og/eða stigahús, viðbyggingar og nýbyggingar, eru sýndir með blárri brotinni línu. Fullnýta má þessa byggingarreiti. Fullnýta má þessa byggingarreiti.

Nánar er fjallað um byggingarreiti í skipulagsskilmálum og leiðbeiningum hverfisskipulags.

Byggðarmynstur

Byggðarmynstur hverfis eða hverfishluta er ásýnd, yfirbragð og tilhögun byggðarinnar.

Ráðandi þættir eru hvernig gatnakerfi og samgöngum er komið fyrir, hvar hús standa miðað við götu, þéttleiki og blöndun byggðarinnar. Byggðarmynstur þarf að skoða í sögulegu samhengi. Ráðandi byggðarmynstur í þéttbýli fram á fyrri hluta 20. aldar var þéttriðið gatnanet með mörgum tengingum, gjarnan í rúðuneti. Hús standa þétt og mynda stundum samfelldar húsaraðir við götu þar sem blandað er saman íbúðum, atvinnu og þjónustu. Verulegar breytingar urðu á byggðarmynstri með skipulagshugmyndum módernismans og tilkomu einkabílsins. Þá komu fram hugmyndir um að aðgreina íbúðabyggð frá atvinnu- og þjónustustarfsemi og aðgreindu gatna- og umferðarkerfi. Einkennandi fyrir þessar hugmyndir er dreifð byggð og íbúðabyggð sem er skipulögð umhverfis botnlangagötur.

Deiliskipulag

Skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði eða reiti innan sveitarfélags sem byggð er á aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess.

Ákvæði um deiliskipulag eiga jafnt við um þéttbýli og dreifbýli.

Dvalarrými

Rými íbúðar sem búast má við að fólk dvelji mest í.

Dvalarrými eru t.d. eldhús, stofa/borðstofa, alrými og svefnherbergi.

Eignarhald

Eignarhald er skilgreint eftir húsagerð

Sérbýlishús

Íbúðarhús þar sem ekki telst til sameignar annað en lóð og ytra byrði húss og hluti lagnakerfa eftir eðli máls, t.d. einbýlishús, raðhús og parhús.

[1] Ibid. skilgreining nr. 64.

Fjöleignarhús

Hvert það hús sem skiptist í séreignir í eigu fleiri en eins aðila og í sameign sem bæði getur verið allra og sumra, sbr. lög um fjöleignarhús. [2]

[2] Ibid. skilgreining nr. 30.

Fjöleignarhús

Fjöleignarhús telst hvert það hús sem skiptist í séreignir í eigu fleiri en eins aðila og í sameign sem bæði getur verið allra og sumra.

Fjöleignarhús geta verið:

Fjölbýlishús með íbúðum eingöngu.

Hús með bæði íbúðum og húsnæði til annarra nota.

Hús sem alfarið eru nýtt til annars en íbúðar, svo sem fyrir atvinnustarfsemi.

Raðhús og önnur sambyggð og samtengd hús, bæði eingöngu til íbúðar og að hluta eða að öllu leyti til annarra nota, allt eftir því sem við getur átt. [1]

[1] Skilgreiningar koma úr byggingarreglugerð nr. 112/2018. Uppfærð 13. júní 2018, sjá kafla 1.2. Skilgreiningar, staðlar og viðmið, skilgreining nr. 29.

Gegndræpi

Sá hluti lóðar eða svæðis sem hleypir ofanvatni niður í jarðveginn er sagður gegndræpur.

Grænt yfirborð, gróðurþekja, jarðvegur, möl og sandur eru gegndræp þar sem þau hleypa vatni í gegn. Önnur yfirborðsefni eins og grassteinn geta líka verð gegndræp, sbr. leiðbeiningar um blágrænar ofanvatnslausnir.

Gustlokun

Gustlokun er lausn sem skýlir fyrir vindi og e.t.v. regni, yfirleitt notuð á svölum eða svalagöngum.

Gustlokun er úr gleri og ekki í sýnilegum ramma. Þar af leiðandi eru engar áberandi línur sem hafa áhrif á heildarútlit húsa.

Hagsmunaaðilar

Þeir aðilar sem eiga hagsmuna að gæta, s.s. íbúar, aðrir eigendur húsnæðis, fyrirtæki, stofnanir o.fl.

Heimild

Heimild er annað orð yfir leyfi, samþykkt, réttindi eða tilkall.

Í skipulagsáætlunum er gjarnan talað um heimild þegar vísað er til þess hvað má framkvæma.

Hverfi

Afmarkað svæði innan borgarhluta, en hverjum borgarhluta er skipt í 3–4 hverfi.

Hverfin eru fjölbreytt að stærð, lögun og samsetningu byggðar og opinna svæða sem helgast af mismunandi staðsetningu í borginni og byggingartíma.

Hverfiskjarni

Svæði innan hverfis fyrir blandaða starfsemi eins og verslun, ýmsa þjónustu og menningarstarfsemi. Íbúðir eru heimilaðar á efri hæðum í hverfiskjarna.

Hverfiskjarnar eru alla jafna staðsettir miðsvæðis með góðu aðgengi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og notendur almenningssamgangna. Í einu hverfi geta verið einn eða fleiri hverfiskjarnar, allt eftir aðstæðum og skipulagssögu hverfisins. Í aðalskipulagi og hverfisskipulagi er landnotkun merkt annaðhvort sem miðsvæði (M) eða verslun og þjónusta (VÞ).

Hverfisskipulag

Tegund deiliskipulags fyrir þegar byggð hverfi þar sem vikið er frá kröfum sem gerðar eru um framsetningu deiliskipulags fyrir nýja byggð.

Í hverfisskipulagi skal setja almennar reglur eða skilmála um yfirbragð, þróun og varðveislu byggðarinnar, m.a. með hliðsjón af húsakönnun. Taka skal afstöðu til ónýttra byggingarheimilda ef fyrir liggja. Heimilt er að setja fram almennar reglur, leiðbeiningar og fyrirmæli um umfang og yfirbragð mannvirkja, breytingar og viðhald húseigna í stað byggingarreita og skilmála um nýtingarhlutfall eða byggingarmagn, að því tilskildu að framkvæmdaheimildir séu skýrðar með fullnægjandi hætti.

[1] Skipulagsreglugerð nr. 90/2013

Hverfisskipulag í Reykjavík mun leysa af hólmi eldri deiliskipulagsáætlanir hverfisins sem felldar verða úr gildi við samþykkt hverfisskipulags.

Í hverfisskipulagi eru settir nýir skipulagsskilmálar sem byggja á:

Yfirfærslu á helstu byggingarheimildum úr eldra deiliskipulagi, sem fellt er úr gildi.

Helstu óskum íbúa og hagsmunaaðila um breytingar. Nýjum, vistvænum og sjálfbærum áherslum.

Hverfisvernd

Verndun ákveðinna sérkenna byggðarinnar og/eða hluta hennar sem teljast hafa mikið gildi.

Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar, annarra en menningarsögulegra minja eða náttúruminja. Ekki er lagst gegn minniháttar breytingum í samræmi við skilmála en þær skulu vera á forsendum þess sem fyrir er.

Hæðarblað

Uppdráttur sem byggist á mæliblaði og lýsir landhæð á borgarlandi, götum, gangstéttum, lóðarmörkum og helstu lögnum.

Hæðarblöð lýsa með nákvæmum hætti hæð á lóðamörkum (G-tölur), sem eru bindandi og ber lóðarhafa að ganga frá lóð sinni við lóðarmörk í samræmi við hana. Á hæðarblaði eru einnig oft gefin upp leiðbeinandi hæð (L-tölur) við lóðamörk aðliggjandi lóða eða borgarlands. Þá eru á hæðarblaði gefnir upp tengikvótar frárennslis, Fs fyrir skolplögn og Fr fyrir regnvatnslögn. Í nýjum hverfum sýnir hæðarblað einnig tengistað lagna Orkuveitu Reykjavíkur fyrir rafmagn, heitt og kalt vatn. Hæðarblaði skal skilað með öllum nýbyggingum og þeim umsóknum sem lúta að breytingu á hæðarafsetningu lóðar og mannvirkja.

Húsagerðir

Sérbýlishús, fjölbýlishús og hús með blandaða starfsemi teljast til húsagerða.

Sérbýlishús

Íbúðarhús, þar sem ekki telst til sameignar annað en lóð og ytra byrði húss og hluti lagnakerfa eftir eðli máls, t.d. einbýlishús, raðhús og parhús.

Einbýlishús – íbúðarhús með einni íbúð.

Parhús – sambyggð íbúðarhús með tveimur íbúðum.

Raðhús –sambyggð íbúðarhús með fleiri en tveimur íbúðum sem eru samtengd í röð eða keðju.

Hús með blandaða starfsemi

Hús með bæði íbúðum og húsnæði til annarra nota, s.s. verslun, þjónustu og/eða annarri atvinnustarfsemi.

Fjölbýlishús

Hvert það hús sem í eru tvær eða fleiri íbúðir sem hafa sameiginleg rými. Skilgreiningar koma úr byggingarreglugerð nr. 112/2018. Uppfærð 13. júní 2018, sjá kafla 1.2. Skilgreiningar, staðlar og viðmið, skilgreining nr. 29.

Innviðir

Innviðir borgarinnar eru ýmiss konar aðstaða og þjónusta sem nauðsynleg er hverju hverfi.

Gatnakerfi borgarinnar, göngu- og hjólastígar, brýr, torg, almenningssamgöngur, opin svæði, græn svæði, almenningsgarðar, hverfisgarðar, leik- og og dvalarsvæði, vatns- og fráveitukerfi, hitaveita, fjarskiptakerfi, skólar, leikskólar, bókasöfn, kirkjur, söfn og öll önnur starfsemi sem þjónustar íbúa borgarinnar og einstakra hverfa.

Kyrrlátt svæði

Afmarkað svæði í skipulagi, ætlað til útivistar þar sem hljóðstig skal vera undir tilteknum mörkum.

Samkvæmt reglugerð nr. 724/2008 um hávaða skal hljóðstig á kyrrlátu svæði í þéttbýli ekki fara yfir 50 dB(A) og í dreifbýli ekki yfir 40 dB(A).

Kyrrlát svæði ættu alla jafna að vera gróður- og veðursæl dvalarsvæði þar sem til staðar eru innviðir sem hvetja til viðveru og slökunar, s.s. bekkir og borð. Svæðin geta jafnt verið óröskuð náttúruleg svæði eða hönnuð svæði. Kyrrlát svæði geta verið af öllum stærðum, allt frá litlu rjóðri eða laut og upp í stóra garða.

Í hverfisskipulagi er lögð áhersla á að skilgreina a.m.k. eitt kyrrlátt svæði í hverju hverfi.

Landnotkun

Ráðstöfun lands í skipulagi til mismunandi nota.

Mismunandi ráðstöfun lands getur t.d. verið fyrir íbúðir, miðsvæði, samfélagsþjónustu, iðnað, verslun og þjónustu og útivist.

Leiðbeiningar

Leiðbeiningar hverfisskipulags eru skýringargögn með skýringarmyndum sem fylgja skal þegar skilmálar eru nýttir.

Leiðbeiningarnar eru ítarlegri umfjöllun um hugtök og efnisatriði í skipulagsskilmálum hverfisskipulagsins og er ætlað að miðla nánari útfærslu á skilmálum og stefnu borgaryfirvalda um einstakar útfærslur. Leiðbeiningar eru ekki tengdar einstökum hverfum eða skilmálaeiningum heldur eru þær algildar og ná til allra borgarhluta.

Lifandi götuhliðar á jarðhæðum

Götur og torg sem lúta starfsemiskvótum eru skilgreindar sem virkar götuhliðar. Við virkar götuhliðar er markmiðið að skapa lifandi götuhliðar á jarðhæðum.

LÝÐHEILSA 62

MANNVIRKI

YFIRFÆRÐAR BYGGINGARHEIMILDIR 63
VIÐBÓTARBYGGINGARHEIMILDIR 65
NÝBYGGINGAR 67
AÐRAR BYGGINGAR Á LÓÐ 67
BYGGINGARREITIR OG GJÖLD 68
SVALIR OG SVALALOKANIR 68
ÞAKGERÐ OG FRÁGANGUR ÞAKS 69
ÚTLITSBREYTINGAR OG VIÐHALD 69
KJALLARI 69
NIÐURRIF 69
TÆKNIBÚNAÐUR 69
ÓSAMÞYKKTAR FRAMKVÆMDIR 70

GÆÐI BYGGÐAR

LÓÐAMÖRK 70
ÚTFÆRSLA LÓÐA 70
ALMENNINGSRÝMI 71
BORGARBÚSKAPUR 71
LJÓSVIST 71
HLJÓÐVIST 71
LOFTGÆÐI 72
KVAÐIR 72

ORKA & AUÐLINDIR

MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS 72
RAFHLEÐSLUSTÆÐI 73
DREIFISTÖÐVAR, LAGNIR OG VEITUR 73

VISTKERFI & MINJAR

BLÁGRÆNAR OFANVATNSLAUSNIR 73
VERNDARÁKVÆÐI 74
FORNLEIFAR 74
NÁTTÚRUSÉRKENNI 74

SAMGÖNGUR

ALMENNINGSSAMGÖNGUR 74
SAMGÖNGUSTEFNA 74
GÖTUR, STÍGAR OG GANGSTÉTTIR 74
BÍLASTÆÐI OG INNKEYRSLUR 74
SAMEIGINLEG BÍLAGEYMSLA 75
HJÓLASTÆÐI 75

NÁTTÚRUVÁ

FLÓÐ OG AÐRAR NÁTTÚRUHAMFARIR 75
VINDAFAR 75

UM SKILMÁLAEININGU

Í skilmálaeiningunni er íbúðabyggð. Einingin afmarkast af Hörgshlíð til norðurs og Háuhlíð til suðurs og austurs. Til suðvesturs og vesturs liggur einingin að opnu svæði meðfram Bústaðavegi og Litluhlíð. Byggðin tók að rísa á sjötta áratug síðustu aldar og lesa má breytingar sem verða á húsagerð frá 6. áratug til 7. áratugs í byggðinni, m.a. hvað snertir hlutföll, þakform, gluggasetningu og yfirborðsáferð. Annars vegar eru sérbýlishús á einni til tveimur hæðum og hins vegar stakstæð hús með sérhæðum, tiltölulega stórum að grunnfleti. Kjallari/jarðhæð, tvær til þrjár hæðir. Auk þess er eitt fjölbýlishús vestast í einingunni á þremur hæðum auk kjallara sem byggt var á seinni hluta 9. áratugarins. Húsin eru ýmist múrhúðuð og máluð eða með steinmulningi. Þakgerð er fjölbreytt. Byggingarlína húsa er samsíða götu og aðalgarðar eru inn í miðju reits. Bílskúrar eru ýmist stakstæðir eða innbyggðir.

HELSTU ÁHERSLUR

Viðbótarbyggingarheimildir eru veittar þar sem nýtingarhlutfall lóðar gefur tilefni til.

Viðbótarheimildir eru gefnar fyrir viðbyggingar.

Heimilað getur verið að útbúa aukaíbúð í bílageymslu að uppfylltum skilyrðum.

Heimilað er að stunda atvinnustarfsemi innan íbúðar.

Heimilað er setja smáhýsi og gróðurhús á lóð.

Heimilað er að byggja sorpgerði á lóð til að auðvelda flokkun úrgangs.

Eldri heimildir fyrir bílastæðum eru yfirfærðar í skilmála hverfisskipulags.

Sett eru sérstök ákvæði um vistvænar áherslur, þ.m.t. ofanvatnslausnir og gróður innan lóðar.

Í leiðbeiningum hverfisskipulags er að finna nánari útlistun á skipulags- og byggingarskilmálum fyrir svæðið. Ónýttar byggingarheimildir sem fram koma í þeim deiliskipulagsáætlunum sem falla úr gildi með gildistöku hverfisskipulagsins halda sér í skipulagsskilmálum hverfisskipulags.

SKILMÁLAR

SAMFÉLAG

STARFSEMI

Starfsemi innan skilmálaeiningarinnar skal fylgja ákvæðum aðalskipulags fyrir íbúðabyggð og leiðbeiningum hverfisskipulags um Starfsemi í íbúðabyggð.

Starfsemi sem fer fram í íbúðarhúsnæði má ekki vera íþyngjandi fyrir aðliggjandi lóðarhafa og/eða meðlóðarhafa og verður að fara fram á almennum vinnutíma. Miðað er við rekstur með 1-3 starfsmenn. Ekki er heimilt að fjölga bílastæðum í hverfinu, hvorki á borgarlandi né á lóð, vegna starfsemi í íbúðarbyggð. Meginnýting húsnæðis skal áfram vera íbúðarhúsnæði með lögheimilisskráningu.

Afla skal tilskilinna leyfa fyrir starfsemi sem skv. lögum og reglugerðum er leyfisskyld.

Innan íbúðabyggðar er ekki heimiluð mengandi starfsemi sem skv. gildandi reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit krefst starfsleyfis frá Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd eða er tilkynningaskyld til áðurnefndra embætta. Mengandi starfsemi er þegar um er að ræða truflun á umhverfisþáttum sem hafa skaðleg áhrif á heilsufar almennings m.a. með óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða og titrings.

Ekki er heimilt að vera með hávaðasama starfsemi (s.s. skemmti- og dansstaði, æfingastöðvar o.s.frv.) í sama húsi og íbúðir nema sýnt sé fram á með hljóðvistarskýrslu að hægt sé að tryggja viðunandi hljóðvist með byggingartæknilegum aðgerðum. Sjá nánar skilmála um hljóðvist.

Heimildir fyrir gististarfsemi eru samkvæmt ákvæðum gildandi aðalskipulags og lögum og reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Við aðalgötur eru rýmri heimildir fyrir gisti og veitingastaði, en við aðrar götur, sbr. ákvæði aðalskipulags og leiðbeiningar hverfisskipulags um starfsemi í íbúðarbyggð. Aðalgötur eru merktar á hverfisskipulagsuppdrætti. Heimild fyrir gististarfsemi við aðalgötur er háð frekara mati, sem m.a. skal hafa það að leiðarljósi að tryggja blöndun íbúða við aðra landnotkun.

Starfsemi á vegum velferðarsviðs og frjálsra félagasamtaka sem sinna velferðarþjónustu í samstarfi við Reykjavíkurborg eða ríkið er heimiluð í íbúðarhúsnæði innan íbúðabyggðar í Reykjavík, sbr. leiðbeiningar hverfisskipulags um starfsemi í íbúðabyggð.

Sjá leiðbeiningar
↗ **Starfsemi í íbúðabyggð**

HÚSAGERÐIR

Sérbýlishús 1-2 hæða auk kjallara.

Stakstæð sambýlishús með sérhæðum, tví- og þríbýli. Oftast tvær hæðir auk kjallara.

Fjölbýlishús á þremur hæðum auk kjallara, með átta íbúðum.

VERSLUN OG ÞJÓNUSTA

Í skilmálaeiningunni er ekki skilgreint verslunar- eða þjónustuhúsnæði.

ÍBÚÐIR

Heimilt er að skipta upp íbúðum og útbúa þannig aukaíbúðir eða nýjar séríbúðir, þ.e. íbúðir með sér fasteignanúmer. Þó eru ekki heimilaðar fleiri en ein íbúð á hverri hæð nema slíkt fyrirkomulag sé í takt við upprunalega íbúðaskipan hússins. Einnig er heimilt að sameina íbúðir á aðliggjandi hæðum. Heimildirnar eru háðar samþykki meðlóðarhafa.

Aukaíbúð má koma fyrir í bílageymslu þar sem hægt er að uppfylla gæðakröfur sem fram koma

í leiðbeiningum hverfisskipulags um fjölgun íbúða. Bílageymsla verður að standa innan sömu lóðar og aðalíbúð.

Þegar útbúnar eru aukaíbúðir eða séríbúðum fjölgað skal fylgja leiðbeiningum hverfisskipulags um fjölgun íbúða og uppfylla ákvæði gildandi byggingarreglugerðar um íbúðir. Leggja skal inn byggingarleyfisumsókn til byggingarfulltrúa vegna aukaíbúða og þegar fasteignum er fjölgað eða þær sameinaðar.

Samráð skal haft við Veitur ohf. um tengingu nýrra íbúða við fráveitukerfi.

Ef íbúðum er fjölgað þarf að skoða hvort fjölga þurfi úrgangsílátum og breyta fyrirkomulagi, sbr. skilmála um meðhöndlun úrgangs og aðrar byggingar á lóð.

Sjá leiðbeiningar
↗ **Fjölgun íbúða**

LÝÐHEILSA

Til að stuðla að bættri lýðheilsu þarf að tryggja gott aðgengi um allt svæðið fyrir gangandi vegfarendur. Aðgengi þarf að vera sérstaklega gott að almenningsrýmum, sbr. skilmálalið um almenningsrými. Við hönnun og útfærslu almenningsrýma þarf að huga að þörfum allra, sérstaklega barna, ungmenna og hreyfihamlaðra.

Lýsing og hönnun mannvirkja, gróðurs og annarra innviða í almenningsrýmum skal auka öryggistilfinningu þeirra sem þau nota og hvetja þannig til notkunar sem flestra þjóðfélagshópa.

MANNVIRKI

YFIRFÆRÐAR BYGGINGARHEIMILDIR

Almenn ákvæði

Byggingarheimildir eldra deiliskipulags sem fellur úr gildi við gildistöku hverfisskipulags yfirfærast í hverfisskipulag. Í töflu í skilmálalið um viðbótarbyggingarheimildir eru birtar byggingarheimildir fyrir hverja lóð, þ.m.t. yfirfærðar byggingarheimildir og brúttóflatarmál bygginga skv. fasteignaskrá og landupplýsingum Reykjavíkur (LUKR).

Þeir fyrirvarar eru gerðir að upplýsingar um brúttóflatarmál geta verið rangar bæði hjá fasteignaskrá og LUKR en bent er á að fasteignareigandi sem hyggst nýta sér yfirfærðar ónýttar byggingarheimildir ber ábyrgð á því að brúttóflatarmál fasteignar sé rétt skráð, í samræmi við samþykkta aðaluppdrætti. Af þeim sökum er þess krafist að þegar sótt er um byggingarleyfi til að nýta yfirfærðar ónýttar heimildir fylgi umsókninni samþykktur aðaluppdráttur af byggingunni eins og hún er, þeim breytingum sem óskað er eftir og uppfærðri skráningartöflu, sbr. ákvæði í gr. 2.4.1 í byggingarreglugerð 12/2012.

Tilvísanir í skilmála eldra deiliskipulags sem yfirfærðir eru í hverfisskipulag birtast í viðeigandi skilmálaliðum hverfisskipulags. Í þeim tilfellum þar sem ósamræmi er milli byggingarheimilda eldra deiliskipulags sem yfirfærðar eru í hverfisskipulag og nýrra heimilda sem veittar eru í hverfisskipulagi, gilda þær heimildir sem eru rýmri.

Þar sem til staðar eru ónýttar byggingarheimildir sem yfirfærast í hverfisskipulag skal nýting þeirra vera svona:

- Nýting skal vera innan byggingarreits eins og hann var afmarkaður í eldra deiliskipulagi. Upplýsingar um eldri byggingarreiti er að finna á uppdrætti/korti fyrir aftan. Uppdrátturinn sýnir skilmálaeininguna, lóðarmörk og eldri byggingarreit.

- Nýting skal vera í samræmi við eldri skilmála, þ.m.t. þakform, þakhalla og önnur takmarkandi atriði sem yfirfærð eru í hverfisskipulag og fram koma í viðeigandi skilmálaliðum.
- Fyrir samtengd hús, s.s. rað- og parhús og fjölbýlishús skulu breytingar hannaðar heildstætt, jafnvel þótt breytingar verði ekki framkvæmdar allar á sama tíma.

Í þeim tilfellum þar sem byggingarmagn húsa er meira en segir í skilmálum í yfirfærðu deiliskipulagi eða engar byggingarheimildir yfirfærast, gilda samþykktir aðaluppdrættir. Aftast í bók II, í prentútgáfu hverfisskipulags, er að finna skrá yfir deiliskipulag þaðan sem yfirfærðar byggingarheimildir flytjast.



Uppdráttur sem sýnir byggingarreiti eins og þeir voru afmarkaðir í eldra skipulagi. Nýting yfirfærðra ónýttra byggingaheimilda skal vera innan eldri byggingarreits sbr. almenn ákvæði um yfirfærðar byggingarheimildir fyrir framan.

VIÐBÓTARBYGGINGARHEIMILDIR

Almenn ákvæði

Að aftan eru birtar upplýsingar um eldri byggingarheimildir og núverandi byggingarmagn (sbr. skilmálalið um yfirfærðar byggingarheimildir). Einnig um viðbótarbyggingarheimildir og hámarksbyggingarmagn fyrir lóðir, þar sem það á við.

Innan hámarksbyggingarmagns lóðar skulu rúmast núverandi byggingar og viðbætur og breytingar sem geta verið heimilaðar skv. þessum skilmálalið eða öðrum skilmálum hverfisskipulags. Einnig aðrar byggingar á lóð sem þegar eru byggðar eða heimilt er að byggja, nema sérstaklega sé tekið fram að þær reiknist ekki inn í nýtingarhlutfall lóðar. Hámarksbyggingarmagn tekur til bæði A- og B-rýma.

Allar viðbætur og breytingar skulu falla vel að efnisvali, formi og hlutföllum núverandi byggingar. Þakgerð viðbygginga skal taka mið af þaki núverandi húss. Vanda skal efnisval og horfa til efniseiginleika, útlits, áferðar og endingar. Sjá nánar leiðbeiningar hverfisskipulags um viðeigandi húsagerð.

Nýting viðbótarbyggingarheimilda skal vera innan byggingarreits, sbr. skilmálalið um byggingarreiti og gjöld. Við hönnun og útfærslu viðbóta og breytinga skal huga að skuggavarpi á helstu íverusvæði á lóð og nágrenni, svo sem útirými í mikilli notkun, svalir og/eða palla og skal fylgja leiðbeiningum hverfisskipulags þegar heimild er nýtt.

Samráð skal haft við Veitur ohf. ef um breytingar á fráveitulögnum er að ræða. Meginreglan er sú að færsla á lögnum er á kostnað lóðarhafa.

Önnur ákvæði

Þar sem viðbótarbyggingarmagn er til nýtingar fyrir lóðir er heimilt að byggja viðbyggingar. Heimild til viðbygginga er háð samþykki meðlóðarhafa.

Óheimilt er að hækka þak.

Byggingarheimildir

AK Auðkenni lóðar eða byggingareitar, sjá uppdrátt
SL Stærð lóðar
HB Heimilað hámarks byggingarmagn
BY Þegar byggt á byggingareit
YNH Yfirfært nýtingarhlutfall á lóð
NNH Nýtt hámarks nýtingarhlutfall á lóð

T Innan takmarkaða byggingareitar lóðar
A Innan aðalbyggingarreitar
Y Innan yfirfærðs byggingareits
~~100 m²~~ Byggt er yfirfært
* Óstaðfest tala
** Atriði sem bætast við heimild

Heimilisfang	SL	AK	HB		BYGGT	YNH / NNH
Háahlíð 10		**AÐ**		Y 31 m²*	31 m²	
		AÉ		Y 338 m²*	338 m²	
SAMTALS	**928 m²**			**369 m²**	**369 m²**	**0.40 → 0.40**
Háahlíð 12		**AJ**		Y 419 m²*	419 m²	
SAMTALS	**963 m²**			**419 m²**	**419 m²**	**0.44 → 0.44**
Háahlíð 14		**AR**		Y 30 m²*	30 m²	
		AT		Y 307 m²*	307 m²	
SAMTALS	**1.110 m²**			**444 m²**	**337 m²**	**0.30 → 0.40**
Háahlíð 16		**AÆ**		Y 373 m²*	373 m²	
SAMTALS	**1.230 m²**			**492 m²**	**373 m²**	**0.30 → 0.40**
Háahlíð 18		**ÁB**		Y 339 m²*	339 m²	
SAMTALS	**1.084 m²**			**434 m²**	**339 m²**	**0.31 → 0.40**
Háahlíð 20		**ÁK**		Y 25 m²*	25 m²	
		ÁÓ		Y 335 m²*	335 m²	
SAMTALS	**1.197 m²**			**479 m²**	**360 m²**	**0.30 → 0.40**
Hörgshlíð 24A				Y 35 m²*	35 m²	
SAMTALS	**37 m²**			**35 m²**	**35 m²**	**0.95 → 0.95**
Hörgshlíð 2		**ÁI**		Y 1.519 m²*	1.519 m²	
SAMTALS	**1.733 m²**			**1.519 m²**	**1.519 m²**	**0.88 → 0.88**
Hörgshlíð 4		**BK**		Y 414 m²*	414 m²	
					0 m²	
SAMTALS	**969 m²**			**414 m²**	**414 m²**	**0.43 → 0.43**
Hörgshlíð 6		**BN**		Y 397 m²*	397 m²	
					0 m²	
SAMTALS	**966 m²**			**397 m²**	**397 m²**	**0.41 → 0.41**
Hörgshlíð 8		**BÓ**		Y 32 m²*	32 m²	
		BR		Y 296 m²*	296 m²	
SAMTALS	**966 m²**			**386 m²**	**328 m²**	**0.34 → 0.40**
Hörgshlíð 10		**AF**		Y 252 m²*	252 m²	
					0 m²	
SAMTALS	**966 m²**			**386 m²**	**252 m²**	**0.26 → 0.40**

Heimilisfang	SL	AK	HB		BYGGT	YNH / NNH
Hörgshlíð 12		**AÍ**		Y 314 m²*	314 m²	
SAMTALS	**785 m²**			**314 m²**	**314 m²**	**0.40 → 0.40**
Hörgshlíð 14		**AV**		Y 40 m²*	40 m²	
		AS		Y 277 m²*	277 m²	
SAMTALS	**1.286 m²**			**514 m²**	**317 m²**	**0.25 → 0.40**
Hörgshlíð 16		**AY**		Y 251 m²*	251 m²	
SAMTALS	**753 m²**			**301 m²**	**251 m²**	**0.33 → 0.40**
Hörgshlíð 18		**ÁF**		Y 453 m²*	453 m²	
SAMTALS	**809 m²**			**453 m²**	**453 m²**	**0.56 → 0.56**
Hörgshlíð 20		**ÁO**		Y 494 m²*	494 m²	
		ÁL		Y 25 m²*	25 m²	
SAMTALS	**1.112 m²**			**519 m²**	**519 m²**	**0.47 → 0.47**
Hörgshlíð 22		**ÁT**		Y 26 m²*	26 m²	
		ÁS		Y 279 m²*	279 m²	
		ÁÚ		Y 25 m²	0 m²	
SAMTALS	**1.027 m²**			**410 m²**	**305 m²**	**0.32 → 0.40**
Hörgshlíð 24		**ÁÞ**		Y 401 m²*	401 m²	
		ÁY		Y 32 m²*	32 m²	
SAMTALS	**820 m²**			**433 m²**	**433 m²**	**0.53 → 0.53**
Hörgshlíð 26		**BD**		Y 309 m²*	309 m²	
		BÐ		Y 25 m²*	25 m²	
SAMTALS	**751 m²**			**334 m²**	**334 m²**	**0.44 → 0.44**
Hörgshlíð 28		**BI**		Y 363 m²*	363 m²	
		BÍ		Y 25 m²*	25 m²	
SAMTALS	**730 m²**			**388 m²**	**388 m²**	**0.53 → 0.53**

NÝBYGGINGAR

Innan skilmálaeiningarinnar eru ekki skilgreindar nýbyggingar.

AÐRAR BYGGINGAR Á LÓÐ

Almennt gildir að stakstæð mannvirki á lóð, sem fjallað er um í þessum skilmálalið, skuli staðsetja innan takmarkaðs byggingarreits. Þó er heimilt að fara út fyrir takmarkaða byggingarreitinn að lóðamörkum sem snúa að borgarlandi vegna sorplausna. Einnig er heimilt að fara með smáhýsi og gróðurhús upp að lóðamörkum aðliggjandi lóða ef samþykki lóðarhafa viðkomandi lóða liggur fyrir.

Heimildir um aðrar byggingar á lóð bætast við byggingarheimildir sem fram koma í skilmálalið um viðbótarbyggingarheimildir og reiknast því ekki inn í nýtingarhlutfall lóðar.

Fylgja skal leiðbeiningum hverfisskipulags um aðrar byggingar á lóð og ákvæðum byggingarreglugerðar um smáhýsi á lóðum.

Sorpgerði

Heimilt er að byggja eitt sorpgerði á hverri lóð. Fylgja skal ákvæðum byggingarreglugerðar og hönnunarviðmiðum um úrgangslausnir við íbúðarhúsnæði umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavíkur gefur út.

Smáhýsi

Heimilt er að byggja eitt stakstætt smáhýsi á lóð sem má að hámarki vera 15 m² og mesta hæð þess 2,5 metrar frá yfirborði lóðar og upp á hæsta punkt þaks eða útveggs, sbr. ákvæði gildandi byggingarreglugerðar um smáhýsi á lóð. Smáhýsi eru skýli sem almennt eru ætluð til geymslu garðáhalda, hjóla o.þ.h. og eru ekki ætluð til íveru.

Ef smáhýsi eru samtengd eða standa þétt saman við mörk aðliggjandi lóða þarf að tryggja brunavarnir skv. ákvæðum byggingarreglugerðar.

Gróðurhús

Heimilt er að byggja eitt stakstætt gróðurhús á lóð sem má að hámarki vera 15 m² og mesta hæð þess 3,0 metrar frá yfirborði lóðar og upp á hæsta punkt þaks eða útveggs. Gróðurhús skal vera úr gegnsæju glerefni í veggjum og þaki. Hönnun og frágangur lýsingar skal vera þannig að hún valdi ekki óæskilegri ljósmengun.

BYGGINGARREITIR OG GJÖLD

Byggingarreitir

Á hverfisskipulagsuppdrætti eru sýndir tveir byggingarreitir, takmarkaður reitur og aðalreitur. Allar byggingar á lóð skulu vera innan byggingarreita.

Takmarkaður byggingarreitur

Byggingarreitir fyrir minni viðbyggingar við sérbýlishús, parhús og raðhús, færanlegar kennslustofur og aðrar byggingar á lóð eru sýndir með rauðri brotinni línu. Þessir byggingarreitir eru rúmir og ekki er gert ráð fyrir að þeir séu fullnýttir heldur sýna þeir mögulegt svæði fyrir minni viðbyggingar og stakstæðar byggingar. Útfærsla á staðsetningu smærri viðbygginga á sér stað á hönnunarstigi og skal fylgja viðeigandi leiðbeiningum hverfisskipulags þegar heimildir eru nýttar.

Aðalbyggingarreitur

Byggingarreitir fyrir stærri byggingar, eins og ofanábyggingar fjölbýlishúsa ásamt lyftu og/eða stigahúsi, viðbyggingar og nýbyggingar, eru sýndir með blárri brotinni línu. Fullnýta má þessa byggingarreiti. Útfærsla á stærri viðbyggingum og nýbyggingum á sér stað á hönnunarstigi og skal fylgja viðeigandi leiðbeiningum hverfisskipulags þegar heimildir eru nýttar.

Gjöld fyrir byggingarheimildir

Greiða þarf gatnagerðargjöld fyrir viðbótarfermetra sem samþykkt er að byggja á grundvelli þessa hverfisskipulags skv. lögum nr. 153/2006 um gatnagerðargjöld og samþykktar um gatnagerðargjöld í Reykjavík sem gildir á hverjum tíma. Á þróunar- og uppbyggingarsvæðum þar sem uppbygging krefst nýs deiliskipulags eða breytinga á gildandi deiliskipulagi gilda samningsmarkmið Reykjavíkurborgar á uppbyggingarsvæðum, samþykkt á fundi borgarstjórnar 2. febrúar 2022. Samningsmarkmiðin gilda um uppbyggingu á lóðum þar sem heimiluð verður breytt nýting á lóð/um og/eða viðbótarbyggingarmagn sem er að flatarmáli meira en 800 fermetrar eða 15 eða fleiri nýjar íbúðir verða til. Samningsmarkmiðin er að finna á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

SVALIR OG SVALALOKANIR

Svalir og svalalokanir eru heimilar enda falli þær vel að viðkomandi húsi hvað varðar byggingarstíl, stærð, form, efni og frágang.

Við útfærslu og staðsetningu svala og svalalokana skal taka mið af þéttleika byggðar og tryggja viðunandi dagsbirtuskilyrði. Svalir og svalalokanir skulu ekki auka skuggavarp eða innsýn til nágranna verulega.

Hönnun og útfærsla svala og svalalokana skal vera samræmd fyrir allt húsið nema aðstæður og hlutverk svalanna sé mismunandi og ekki um sömu hlið á húsinu að ræða.

Lágmarkshæð undir svalir við gangstétt er 2,4 metrar.

Í leiðbeiningum hverfisskipulags um svalir og þakbreytingar er fjallað nánar um hvernig framangreind skilyrði eru uppfyllt.

Sjá leiðbeiningar
↗ **Svalir og útlitsbreytingar**

↗ **Þakbreytingar**

ÞAKGERÐ OG FRÁGANGUR ÞAKS

Þakefni og tæknilegur frágangur þaks er frjáls. Heimilt er að tæknibúnaður fari 1,5 metra upp fyrir gefnar hámarkshæðir á þakfleti, sbr. skilmálalið um tæknibúnað.

Þakbreytingar eru ekki heimilar.

Sjá leiðbeiningar
↗ **Þakbreytingar**

ÚTLITSBREYTINGAR OG VIÐHALD

Forðast skal að raska að óþörfu frumgerð húss og sérkennum þess við viðhald og útlitsbreytingar. Taka skal tillit til forma og hlutfalla, glugga og gluggasetningar, innganga, áferðar, efnisvals, mynstra og annarra sérkenna húss.

Sjá leiðbeiningar
↗ **Svalir og útlitsbreytingar**

KJALLARI

Kjallarar eru heimilir þar sem aðstæður leyfa.

Sækja má um að taka í notkun ósamþykkt rými í kjöllurum húsa sem til hafa orðið s.s. vegna náttúrulegs landhalla, enda mun umfang húss ekki aukast. Sækja þarf um byggingarleyfi. Skipulagsfulltrúi ákvarðar hvort aukið byggingarmagn uppfyllir ákvæði 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Heimilt er að grafa frá hluta úthliðar, til að koma fyrir nýjum gluggum eða inngangi, ef samþykkt íbúðarrými eru í kjallara. Þó má ekki grafa dýpra en sem nemur helmingi salarhæðar kjallara. Sækja þarf um byggingarleyfi.

NIÐURRIF

Almennt er niðurrif húsa óheimilt. Ríkar ástæður skulu vera fyrir niðurrifi og áður en það er heimilað skal liggja fyrir greinargerð óháðs sérfræðings í mannvirkjagerð um ástand hússins og varðveislugildi þess. Lóðarhafi skal einnig lýsa með teikningum fyrirætlunum um það hús sem byggja á í staðinn. Þær teikningar skal kynna fyrir byggingar- og skipulagsyfirvöldum. Leyfi fyrir niðurrifi er samþykkt samhliða byggingarleyfi fyrir nýju húsi og er háð samþykki byggingar- og skipulagsyfirvalda og heilbrigðiseftirlits.

TÆKNIBÚNAÐUR

Heimilt er að koma fyrir tæknibúnaði eins og sólarsellum, loftneti, gervihnattadiski og reykháfi utan á húsi. Tæknibúnaður á borð við sólarsellur þarf að falla vel að yfirborði vegg- og þakflata. Ef sólarsellur eru staðsettar á þaki skulu þær vera hluti af þakfleti og falla að honum.

Hámarkshæð tæknibúnaðar eins og loftnets, gervihnattadisks og reykháfs er 1,5 metrar upp fyrir hæstu brún þakflatar.

Í fjöleignarhúsum þarf samþykki húsfunda/meðlóðarhafa fyrir uppsetningu á hvers konar tækjabúnaði á þaki og veggjum.

ÓSAMÞYKKTAR FRAMKVÆMDIR

Fasteignaeigendur bera ábyrgð á að notkun fasteignar sé í samræmi við samþykktar teikningar.

Hægt er að sækja um byggingarleyfi fyrir rýmum sem hafa verið tekin í notkun en eru skilgreind sem lokuð rými, t.d. í kjöllurum, enda hafi umfang húss ekki breyst frá síðasta samþykkta byggingarleyfi. Skipulagsfulltrúi ákvarðar hvort aukið byggingarmagn uppfyllir ákvæði 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

GÆÐI BYGGÐAR

LÓÐAMÖRK

Lóðamörk eru sýnd á hverfisskipulagsuppdrætti. Nánari afmörkun lóðar er útfærð með hnitasettum lóðaruppdrætti landupplýsingadeildar Reykjavíkurborgar. Lóðarhöfum er óheimilt að fara út fyrir lóðarmörk með hvers kyns framkvæmdir og/eða nýtingu á borgarlandi í eigin þágu.

Frágangur á lóðamörkum

Lóðarhafar skulu hafa samráð um frágang á sameiginlegum lóðamörkum aðliggjandi lóða. Æskilegra er að afmarka lóð með gróðri en girðingum. Séu girðingar notaðar skulu þær að jafnaði ekki vera hærri en 1,2 metrar og leitast skal við að brjóta þær upp og gróðursetja meðfram þeim. Gróður á sameiginlegum lóðamörkum skal ekki vera hærri en 1,8 metrar og há tré í a.m.k. 4 metra fjarlægð frá lóðamörkum, nema nágrannar ákveði annað í sameiningu.

Ef byggður er skjólveggur inni á lóð skal hann ekki vera hærri en 1,8 metrar, miðað við hæð frá jörðu. Hann skal staðsetja þannig að á tímabilinu frá vorjafndægrum til haustjafndægra sé aldrei skuggavarp frá honum á helstu dvalarsvæði á nágrannalóð.

Á lóðarmörkum sem snúa að götum, gatnamótum, innkeyrslum og/eða stígum má ekki hefta sjónlínur með girðingum eða gróðri. Hámarkshæð girðinga á slíkum stöðum er 1,2 metrar. Gróður og girðingar skal velja með það í huga. Við sérstakar aðstæður getur þurft að draga girðingar og gróður inn á lóð til að tryggja sjónlínur. Lóðarhafi ber ábyrgð á að gróður vaxi ekki fyrir sjónlínur vegfarenda.

ÚTFÆRSLA LÓÐA

Almennt gildir um útfærslu lóða að gætt sé í hvívetna að því að skerða ekki nýtingu á næstu lóðum. Hér er þó ekki átt við lítils háttar skuggavarp eða útsýnisskerðingu. Vanda skal til alls frágangs á lóðum, s.s. með gróðursetningu og hellulögn. Vandaður frágangur skal vera á bílastæðum og leitast við að brjóta upp ásýnd þeirra með gróðri.

Hæðir á lóðamörkum koma fram á hæðarblaði, annars vegar G-tölur við götu sem eru bindandi og hins vegar L-tölur sem eru leiðbeinandi.

Við uppbyggingu skal lóðaruppdráttur sem sýnir fyrirkomulag lóðar fylgja aðaluppdrætti. Þar skal sýna skipulag og útfærslu lóðar, þ.m.t. hæðarsetningu, frágang bílastæða, gróðursetningu, plöntuval og ofanvatnslausnir ásamt öðrum almennum frágangi á lóðinni.

Gróður á lóðum

Við uppbyggingu eða viðbyggingu á lóð skal sjá til þess að hlutfall gróðurs innan lóðar minnki sem minnst. Leiðir til þess eru t.d. að rækta nýjan gróður annars staðar og/eða að auka gegndræpi á lóð, sbr. skilmála um blágrænar ofanvatnslausnir.

Gróðurval skal styðja við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar um líffræðilega fjölbreytni og skulu aðliggjandi lóðarhafar koma sér saman um gróðurval á lóðamörkum.

Sækja þarf um leyfi til Reykjavíkurborgar til að fella tré sem eru hærri en 8 metrar eða eldri en 60 ára. Sjá nánar um umsóknarferli og meðferð umsókna í leiðbeiningu um útfærslu lóða.

Forðast skal ræktun ágengra plantna.

Sjá leiðbeiningar
↗ **Útfærsla lóða**

ALMENNINGSRÝMI

Almenningsrými á svæðinu, s.s. torg, götur og önnur opin svæði, skal útfæra þannig að þau séu í senn skjólsæl, sólrík og aðlaðandi og á þeim skal gert ráð fyrir blágrænum ofanvatnslausnum. Við hönnun almenningsrýma skal fylgja leiðbeiningum hverfisskipulags um almenningsrými og viðurkenndum leiðbeiningum um algilda hönnun til að tryggja aðgengi allra.

Gróðurval skal styðja við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar um líffræðilegan fjölbreytileika.

Gróður á opnum svæðum

Við uppbyggingu eða breytingar á opnum svæðum skal sjá til þess að hlutfall gróðurs minnki sem minnst. Leiðir til þess eru t.d. að rækta nýjan gróður annars staðar og/eða að auka gegndræpi, sbr. skilmála um blágrænar ofanvatnslausnir.

Gróðurval skal styðja við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar um líffræðilega fjölbreytni og skulu aðliggjandi lóðarhafar koma sér saman um gróðurval.

Sækja þarf um leyfi til Reykjavíkurborgar til að fella tré sem eru hærri en 8 metrar eða eldri en 60 ára. Sjá nánar um umsóknarferli og meðferð umsókna í leiðbeiningu um almenningsrými.

Sjá leiðbeiningar
↗ **Almenningsrými**

BORGARBÚSKAPUR

Heimilt er að nýta lóðir og borgarland fyrir borgarbúskap sem ætlaður er íbúum í hverfinu, s.s. ræktun á matjurtum. Ef nýta á borgarland fyrir borgarbúskap skal sækja um leyfi til umhverfis- og skipulagssviðs sem ákvarðar stærð og nánari legu svæðis.

Heimild til matvælaræktunar á borgarlandi er tímabundinn afnotaréttur sem nánar er skilgreindur í afnotaleyfi.

Hænsnahald er leyft innan lóða. Ef stunda á hænsnahald þarf að sækja um leyfi heilbrigðisnefndar og fylgja samþykkt um hænsnahald í Reykjavík utan skipulagðra landbúnaðarsvæða nr. 815/2014 ásamt tilheyrandi leiðbeiningum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Þegar heimildir um borgarbúskap eru nýttar þarf að fylgja leiðbeiningum hverfisskipulags um borgarbúskap.

LJÓSVIST

Lýsing skal fyrst og fremst beinast að aðkomu, þ.e. bílastæðum, göngu/hjólaleiðum og að inngöngum húsa. Lýsing við verandir og á lóð skal vera dempuð.

Ljósabúnaður og hönnun lýsingar skal vera með þeim hætti að ekki sé hætta á að vegfarendur blindist af lýsingunni eða hún valdi glýju eða óþarfa ljósmengun.

Við hönnun og framkvæmd lýsingar innan lóða, á byggingum, opnum svæðum eða á borgarlandi skal fylgja leiðbeiningum hverfisskipulags um ljósvist.

Sjá leiðbeiningar
↗ **Ljósvist**

HLJÓÐVIST

Ljóst er að hljóðvist í þéttri eldri byggð verður í einhverjum tilvikum meiri en æskilegt er á íbúðarsvæðum. Við hönnun húsnæðis og breytingar á eldra húsnæði skal leitast við að halda óþægindum af völdum hávaða í lágmarki með þeim aðgerðum sem tækar eru.

Hljóðvist innandyra skal leyst með byggingartæknilegum aðgerðum. Sýna skal fram á gildi

mótvægisaðgerða vegna hljóðvistar með gerð hljóðvistarskýrslu fyrir hverja framkvæmd við uppbyggingu á svæðinu. Gera skal grein fyrir völdum lausnum fyrir útveggi, glugga, svalalokanir, aðgerðir á lóð o.s.frv. og hvernig viðkomandi aðgerðir mæta kröfum um hljóðstig við byggingar og á útisvæðum, sbr. ákvæði í byggingarreglugerð og leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar um hljóðvist.

LOFTGÆÐI

Útfæra skal gróðurbelti á lóðum og borgarlandi nálægt umferðarþungum götum til að draga úr loftmengun.

Gróðurbeltið skal styðja við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar um líffræðilega fjölbreytni.

KVAÐIR

Kvaðir eru tilgreindar á útgefnum mæliblöðum, hverfisskipulagi, lóðarleigusamningum, úthlutunarskilmálum og í öðrum þinglýstum skjölum. Þegar sótt er um byggingarleyfi þarf lóðarhafi/-hafar að leggja fram mæliblað og hæðarblað sem er í samræmi við gildandi hverfisskipulag.

Dæmi um kvaðir eru:

- Lagnaleiðir veitufyrirtækja
- Almennur umferðarréttur um lóð
- Hönnun og frágangur bygginga og lóða
- Tímabundnar ráðstafanir á lóð eða starfsemi

Allar heimildir sem yfirfærðar eru í hverfisskipulag úr eldra deiliskipulagi, þ.m.t. kvaðir, koma fram í skilmálalið um yfirfærðar byggingarheimildir. Auk þess geta tilteknar kvaðir verið endurteknar í öðrum skilmálaliðum hverfisskipulags eftir því sem við á.

ORKA & AUÐLINDIR

MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS

Almenn ákvæði

Í gildi er Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg og skal hafa þá samþykkt til hliðsjónar við ákvarðanir um úrgangslausnir í hverfinu. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur hefur einnig unnið hönnunarleiðbeiningar fyrir úrgangslausnir sem hafa skal til hliðsjónar.

Á borgarlandi er heimilt að koma fyrir grenndarstöðvum og ílátum undir úrgang, s.s. meðfram göngustígum og/eða á opnum svæðum innan skilmálaeiningarinnar. Leitast skal við að setja upp flokkunarílát þar sem endurvinnsluefni falla til og söfnun þeirra þykir hagkvæm.

Úrgangslausnir við íbúðarhúsnæði

Heimilt er að byggja skýli, gerði eða geymslu innan lóðar fyrir úrgang, sbr. skilmála um aðrar byggingar á lóð. Hafa skal samráð við skrifstofu umhverfisgæða á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur og fylgja hönnunarviðmiðum um úrgangslausnir við íbúðarhúsnæði sem skrifstofan hefur gefið út.

Gera skal ráð fyrir söfnun að lágmarki fjögurra úrgangsflokka við heimili - blandaðs úrgangs, pappírs/pappa, plasts og matarleifa. Lóðarhafi ber ábyrgð á að rými fyrir ílát henti áætluðu úrgangsmagni sem til fellur í húsnæðinu og að aðgengi sé gott til losunar íláta. Ílát undir úrgang skulu vera á jarðhæð á einum stað og standa sem næst aðkomu að lóð þegar losun fer fram eða ekki lengra en 15 m frá lóðarmörkum.

Heimilt er að setja upp safnkassa á lóð sem tekur við lífrænum úrgangi og skilar næringarríkri

gróðurmold til baka í lóðina. Safnkassi skal ekki standa nærri íbúðarhúsi á lóðinni eða íbúðarhúsi á nágrannalóð.

Þar sem íbúðum er fjölgað, skv. heimildum hverfisskipulags sem fram koma í skilmálalið um íbúðir, þarf að skoða hvort fjölga þurfi úrgangsílátum. Huga þarf að því hvort þau rúmast innan núverandi aðstöðu eða hvort breyta þarf fyrirkomulagi sorplausna, s.s. samkvæmt heimildum sem fram koma í skilmálalið um aðrar byggingar á lóð.

RAFHLEÐSLUSTÆÐI

Þar sem bílastæði eru skilgreind innan lóða er lóðarhöfum heimilt að nýta þau sem rafhleðslustæði. Upplýsingar um fjölda bílastæða á lóð eru birtar í skilmála um bílastæði og innkeyrslur.

Reykjavíkurborg er heimilt að koma fyrir rafhleðslustæðum innan skilmálaeiningarinnar á borgarlandi. Íbúum og öðrum lóðarhöfum er óheimilt að koma fyrir rafhleðslustæðum á borgarlandi. Rafhleðslustæði á borgarlandi skulu vera opin almenningi.

Fylgja skal leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar við gerð rafhleðslustæða.

DREIFISTÖÐVAR, LAGNIR OG VEITUR

Kvaðir um legu lagna koma fram á útgefnum hæða- og mæliblöðum auk almennra kvaða í lóðaleigusamningum. Þegar sótt er um byggingarleyfi þarf lóðarhafi að leggja fram mæliblað sem er í samræmi við gildandi hverfisskipulag.

Lóðarhafi ber kostnað af öllum breytingum á lögnum veitufyrirtækja eða færslu þeirra vegna uppbyggingar á lóðinni. Allar breytingar og/eða færslur þarf að gera í samráði við viðkomandi veitufyrirtæki.

Stofnlagnir Veitna eru sýndar á stefnukorti fyrir orku og auðlindir. Óheimilt er að raska landi í nálægð við stofnlagnir nema í samráði við Veitur.

Heimilt er að staðsetja smádreifistöðvar í borgarlandi fyrir raforkudreifingu, dæluhús hita-, vatns- og fráveitu sem eru innan við 15 m² og með hámarks hæð þaks 2,5 m mælt frá yfirborði jarðvegs. Staðsetning smádreifistöðva er háð samþykki umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

Óheimilt er að reisa varanleg mannvirki eða planta gróðri sem ekki er hægt að færa úr stað innan athafnasvæða borholna Veitna. Borholur eru sýndar á stefnukorti um orku og auðlindir og kvöð um afmörkun athafnasvæða merkt á hverfisskipulagsuppdrætti.

Við Hörgslíð 24 er dreifistöð Veitna ohf.

VISTKERFI & MINJAR

BLÁGRÆNAR OFANVATNSLAUSNIR

Við frágang og útfærslu opinna svæða innan og utan lóða og þar sem aðstæður og fyrirkomulag leyfa skal leggja áherslu á að auka gegndræpt yfirborð með blágrænum ofanvatnslausnum og útfærslum, sbr. leiðbeiningar þar að lútandi.

Ekki er heimilt að fleyta ofanvatni af lóð yfir á borgarland og/eða opið svæði nema í undantekningartilfellum og þá í samráði við skipulagsyfirvöld í borginni.

Þar sem aukið er við byggingarmagn innan lóðar skal innleiða blágrænar ofanvatnslausnir (þ.m.t. gegndræpt yfirborð) svo að afrennslisstuðull lóðarinnar hækki ekki.

Við nýframkvæmdir á borgarlandi skal leitast við að innleiða blágrænar ofanvatnslausnir, s.s. við hönnun og útfærslur á almenningsrýmum, opnum svæðum, götum og stígum.

Sjá leiðbeiningar

↗ **Blágrænar ofanvatnsslausnir**

VERNDARÁKVÆÐI

Í skilmálaeiningunni eru engin friðuð eða friðlýst hús.

Í skilmálaeiningunni eru engin hús eða svæði sem njóta hverfisverndar.

Sjá úrvinnslu umhverfis- og skipulagssviðs á tillögum að hverfisvernd Hlíða, janúar 2024.

Sjá Skipulagslög nr. 123/2010.

Sjá Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

FORNLEIFAR

Fornleifar eru skráðar innan skilmálaeiningarinnar, sjá hverfisskipulagsuppdrátt. Áður en til jarðrasks eða framkvæmda kemur skal leita til Minjastofnunar Íslands um meðferð á viðkomandi minjum.

Sjá Borgarhluti 3 – Hlíðar, Fornleifaskrá, skýrsla nr. 224. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur, 2022.

Sjá lög um menningarminjar nr. 80/2012.

NÁTTÚRUSÉRKENNI

Engin náttúrusérkenni eru skráð innan skilmálaeiningarinnar.

SAMGÖNGUR

ALMENNINGSSAMGÖNGUR

Á ekki við.

SAMGÖNGUSTEFNA

Gerð er grein fyrir samgöngustefnu fyrir hverfið í almennri greinargerð og stefnu í kafla 5 í bók I.

GÖTUR, STÍGAR OG GANGSTÉTTIR

Götur, vegir, gangstéttir og stígar eru sýndir á hverfisskipulagsuppdrætti eins og þeir eru við gildistöku hverfisskipulags. Heimilt er að útbúa nýjar gangstéttir og stíga þar sem þörf þykir og aðstæður leyfa, án breytinga á hverfisskipulagi.

Þar sem nýir göngustígar og hjólastígar eru sýndir á hverfisskipulagsuppdrætti er lega þeirra leiðbeinandi.

Heimilt er að fara í breytingar og endurhönnun á samgöngumannvirkjum sem miða að því að auka umferðaröryggi og bæta aðstæður fyrir virka ferðamáta. Við breytingar, viðhald og hönnun skal fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um algilda hönnun og tryggja að aðgengi milli borgarlands og lóða sé fullnægjandi fyrir alla einstaklinga óháð hreyfigetu.

BÍLASTÆÐI OG INNKEYRSLUR

Fjöldi bílastæða á lóð

Í töflunni að aftan er að finna upplýsingar um fjölda bílastæða innan lóða sem yfirfærast úr eldra deiliskipulagi. Þar sem skráð eru bílastæði inni er átt við stæði í sameiginlegum bílageymslum. Þar sem skráð eru bílastæði úti er um að ræða stæði utandyra á lóð, þ.m.t. stæði fyrir framan bílskúra. Stæði inni í bílskúrum eru ekki talin í töflunni.

Heimilisfang	Inni	Úti	Alls				
Háahlíð 10	0	1	1	Háahlíð 12	0	2	2
Háahlíð 14	0	2	2	Háahlíð 16	0	2	2
Háahlíð 18	0	2	2	Háahlíð 20	0	1	1
Hörgshlíð 2	6	6	12	Hörgshlíð 4	0	3	3
Hörgshlíð 6	0	1	1	Hörgshlíð 8	0	2	2

Heimilisfang	Inni	Úti	Alls				
Hörgshlíð 10	0	1	1	Hörgshlíð 12	0	1	1
Hörgshlíð 14	0	1	1	Hörgshlíð 16	0	1	1
Hörgshlíð 18	0	1	1	Hörgshlíð 20	0	6	6
Hörgshlíð 22	0	2	2	Hörgshlíð 24	0	2	2
Hörgshlíð 26	0	2	2	Hörgshlíð 28	0	1	1

Bílastæði fyrir hreyfihamlaða, sjá ákvæði gildandi byggingarreglugerðar.

Innkeyrslur á lóðir eru óbreyttar. Þó er heimilt að breyta innkeyrslum þar sem nýir byggingarreitir koma til nýtingar.

Óheimilt er að fjölga bílastæðum innan lóðar vegna starfsemi í íbúðum.

Óheimilt er að fjölga bílastæðum innan lóðar vegna nýrra íbúða.

SAMEIGINLEG BÍLAGEYMSLA

Ekki heimilað.

HJÓLASTÆÐI

Heimilt er að koma fyrir hjólastæðum á lóð.

Heimilt er að koma fyrir hjólastæðum á borgarlandi.

NÁTTÚRUVÁ

FLÓÐ OG AÐRAR NÁTTÚRUHAMFARIR

Náttúruvá vegna flóða er talin lítil í skilmálaeiningunni.

Gegndræpt yfirborð er mikilvægasta fornvörnin gegn flóðum sem orsakast af mikilli úrkomuákefð.

VINDAFAR

Nota skal tré og gróður til að binda jarðveg, tempra vind og auka skjól.

DEILISKIPULAG FELLT ÚR GILDI

Upplýsingar um deiliskipulag sem fellt er úr gildi með hverfisskipulagi

Hverfisskipulag er heildstæð endurskoðun á gildandi deiliskipulagsáætlunum og mun leysa af hólmi eldri deiliskipulagsáætlanir. Þegar hverfisskipulagið tekur gildi með samþykkt borgarráðs/borgarstjórnar og birtingu í B-deild Stjórnartíðinda munu upphaflegar deiliskipulagsáætlanir ásamt breytingum á þeim, falla úr gildi.

Skrá yfir þessar deiliskipulagsáætlanir ásamt breytingum er að finna í heimildarskrá aftast í bók II.

SKILMÁLAEINING 3.2.3

Grænahlíð, Stigahlíð, Hamrahlíð - stakstæð hús og parhús.





Hverfisskipulagsuppdráttur fyrir skilmálaeiningu 3.2.3

Stækkuð mynd af hverfisskipulagsuppdrætti fyrir skilmálaeiningu 3.2.3 Grænahlíð, Stigahlíð, Hamrahlíð - stakstæð hús og parhús.. Sé munur á uppdráttum fyrir einstakar skilmálaeiningar og hverfisskipulagsuppdrætti sem birtur er aftast í bók II, í vasa innan á baksíðu, gildir hverfisskipulagsuppdrátturinn aftast í bókinni. Bent er á að landnotkun á hverfisskipulagsuppdrætti er eingöngu sýnd til skýringar og eru ekki endilega í samræmi við afmörkun eins og hún kemur fram í aðalskipulagi. Ef breytingar verða á afmörkun í aðalskipulagi þá hefur hún engin áhrif á stærð eða afmörkun landnoktunarreita í hverfisskipulaginu.



Skýringar

Landnotkun
- Afmörkun hverfisskipulags
- Afmörkun skilmálaeininga
- Hús / byggingar
- Lóðamörk
- Íbúðarbyggð
- Miðsvæði
- Samfélagsþjónusta
- Verslun og þjónusta
- Íþróttasvæði
- Þróunar- /athugunarsvæði (Sérstakt deiliskipulag)

Opin svæði - Borgarland
- H: Hverfisgarður: Garðar innan hverfis sem þjóna íbúum hverfis
- Opin svæði: Gróður við göturými og önnur óskilgreind græn svæði
- L: Leiksvæði: Hefðbundið leiksvæði með gróðri og leikmöguleikum
- D: Dvalarsvæði: Grænt yfirbragð, gróður og íverusvæði
- M: Matjurtargarður
- K: Kyrrlátt svæði: Ætlað til dvalar og slökunar á opnu svæði í skjóli frá helstu umferðarleiðum
- Vatn

Samgöngur
- Götur
- Borgargötur (aðalgötur)
- Bílastæði (leiðbeinandi staðsetning)
- Gangstéttir / göngustígar
- Megin göngutenging, (leiðbeinandi lega)
- Megin hjólastígur, (leiðbeinandi lega)
- Núverandi undirgöng/göngubrú
- Ný undirgöng/göngubrú

Verndarákvæði
- Hverfisvernd
- Einstök hús
- Fornleifar og yngri minjar
- Umsagnarskyld hús
- Helgunarsvæði
- Helgunarsvæði friðlýsing
- Friðlýst svæði
- Náttúrsérkenni

Annað
- *Takmarkaður byggingarreitur, sjá skilmála
- *Aðalbyggingarreitur, sjá skilmála
- Möguleg hækkun fjölbýlishúsa
- 2h: Hámarkshæð bygginga
- G: Grenndarstöð, (leiðbeinandi lega)
- Hljóðvörn (leiðbeinandi staðsetning)
- Hverfistorg og/eða fegrun götuýma
- Kvaðir (sjá nánar í bók 2)

SAMFÉLAG

STARFSEMI 81
HÚSAGERÐIR 81
VERSLUN OG ÞJÓNUSTA 81
ÍBÚÐIR 81
LÝÐHEILSA 82

MANNVIRKI

YFIRFÆRÐAR BYGGINGARHEIMILDIR 83
VIÐBÓTARBYGGINGARHEIMILDIR 85
NÝBYGGINGAR 89
AÐRAR BYGGINGAR Á LÓÐ 89
BYGGINGARREITIR OG GJÖLD 89
SVALIR OG SVALALOKANIR 90
ÞAKGERÐ OG FRÁGANGUR ÞAKS 90
ÚTLITSBREYTINGAR OG VIÐHALD 90
KJALLARI 91
NIÐURRIF 91
TÆKNIBÚNAÐUR 91
ÓSAMÞYKKTAR FRAMKVÆMDIR 91

GÆÐI BYGGÐAR

LÓÐAMÖRK 91
ÚTFÆRSLA LÓÐA 92
ALMENNINGSRÝMI 92
BORGARBÚSKAPUR 93
LJÓSVIST 93
HLJÓÐVIST 93
LOFTGÆÐI 93
KVAÐIR 93

ORKA & AUÐLINDIR

MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS 94
RAFHLEÐSLUSTÆÐI 94
DREIFISTÖÐVAR, LAGNIR OG VEITUR 95

VISTKERFI & MINJAR

BLÁGRÆNAR OFANVATNSLAUSNIR 95
VERNDARÁKVÆÐI 95
FORNLEIFAR 95
NÁTTÚRUSÉRKENNI 96

SAMGÖNGUR

ALMENNINGSSAMGÖNGUR 96
SAMGÖNGUSTEFNA 96
GÖTUR, STÍGAR OG GANGSTÉTTIR 96
BÍLASTÆÐI OG INNKEYRSLUR 96
SAMEIGINLEG BÍLAGEYMSLA 97
HJÓLASTÆÐI 97

NÁTTÚRUVÁ

FLÓÐ OG AÐRAR NÁTTÚRUHAMFARIR 97
VINDAFAR 97

UM SKILMÁLAEININGU

Í skilmálaeiningunni er íbúðabyggð. Einingin afmarkast af Hamrahlíð til suðurs og Kringlumýrarbraut og lóð verslunarkjarnans Suðurvers til austurs. Til norðurs og vesturs afmarkast hún af fjölbýlishúsalóðum við Stigahlíð og Bogahlíð. Innan þeirrar afmörkunar er leikskólalóð Björtuhlíðar við Grænuhlíð sem er hluti af skilmálaeiningu 3.2.10.

Íbúðabyggðin tók að rísa á sjöunda áratug síðustu aldar. Um er að ræða fastmótað og heildstætt dæmi um byggingarstíl þess tíma með sterk einkenni frá módernismanum. Hlutföll, þakform og yfirborðsáferð húsa áþekk og af svipaðri gerð og hæð; annars vegar stakstæð hús með sérhæðum, tiltölulega stórum að grunnfleti, kjallari/jarðhæð, tvær-þrjár hæðir. Hins vegar samstæð tví- til fjórbýlishús. Húsin eru flest múrhúðuð en nokkur eru með steinmulningi. Þakgerðir eru svipaðar, flöt þök, einhalla þök og ósamhverf lágreist mænisþök eru ráðandi. Bílskúrar eru ýmist stakstæðir eða innbyggðir. Garðar oft afmarkaðir með lágum steinveggjum og hekkgróðri. Í gegnum tíðina hafa verið gerðar tiltölulega fáar útlitsbreytingar á byggingum fyrir utan reglulegt viðhald. Þó hafa sum hús verið klædd.

HELSTU ÁHERSLUR

Viðbótarbyggingarheimildir eru veittar þar sem nýtingarhlutfall lóðar gefur tilefni til.

Byggingarreitir á lóðum eru stækkaðir.

Heimilað getur verið að útbúa aukaíbúð í bílageymslu að uppfylltum skilyrðum.

Heimilað er setja smáhýsi og gróðurhús á lóð.

Heimilað er að byggja sorpgerði á lóð til að auðvelda flokkun úrgangs.

Eldri heimildir fyrir bílastæðum eru yfirfærðar í skilmála hverfisskipulags.

Sett eru sérstök ákvæði um vistvænar áherslur, þ.m.t. ofanvatnslausnir, gróður og meðhöndlun úrgangs innan lóðar.

Í leiðbeiningum hverfisskipulags er að finna nánari útlistun á skipulags- og byggingarskilmálum fyrir svæðið. Ónýttar byggingarheimildir sem fram koma í þeim deiliskipulagsáætlunum sem falla úr gildi með gildistöku hverfisskipulagsins halda sér í skipulagsskilmálum hverfisskipulags.

SKILMÁLAR

SAMFÉLAG

STARFSEMI

Starfsemi innan skilmálaeiningarinnar skal fylgja ákvæðum aðalskipulags fyrir íbúðabyggð og leiðbeiningum hverfisskipulags um Starfsemi í íbúðabyggð.

Starfsemi sem fer fram í íbúðarhúsnæði má ekki vera íþyngjandi fyrir aðliggjandi lóðarhafa og/eða meðlóðarhafa og verður að fara fram á almennum vinnutíma. Miðað er við rekstur með 1-3 starfsmenn. Ekki er heimilt að fjölga bílastæðum í hverfinu, hvorki á borgarlandi né á lóð, vegna starfsemi í íbúðarbyggð. Meginnýting húsnæðis skal áfram vera íbúðarhúsnæði með lögheimilisskráningu.

Afla skal tilskilinna leyfa fyrir starfsemi sem skv. lögum og reglugerðum er leyfisskyld.

Innan íbúðabyggðar er ekki heimiluð mengandi starfsemi sem skv. gildandi reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit krefst starfsleyfis frá Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd eða er tilkynningaskyld til áðurnefndra embætta. Mengandi starfsemi er þegar um er að ræða truflun á umhverfisþáttum sem hafa skaðleg áhrif á heilsufar almennings m.a. með óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða og titrings.

Ekki er heimilt að vera með hávaðasama starfsemi (s.s. skemmti- og dansstaði, æfingastöðvar o.s.frv.) í sama húsi og íbúðir nema sýnt sé fram á með hljóðvistarskýrslu að hægt sé að tryggja viðunandi hljóðvist með byggingartæknilegum aðgerðum. Sjá nánar skilmála um hljóðvist.

Heimildir fyrir gististarfsemi eru samkvæmt ákvæðum gildandi aðalskipulags og lögum og reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Við aðalgötur eru rýmri heimildir fyrir gisti og veitingastaði, en við aðrar götur, sbr. ákvæði aðalskipulags og leiðbeiningar hverfisskipulags um starfsemi í íbúðarbyggð. Aðalgötur eru merktar á hverfisskipulagsuppdrætti. Heimild fyrir gististarfsemi við aðalgötur er háð frekara mati, sem m.a. skal hafa það að leiðarljósi að tryggja blöndun íbúða við aðra landnotkun.

Starfsemi á vegum velferðarsviðs og frjálsra félagasamtaka sem sinna velferðarþjónustu í samstarfi við Reykjavíkurborg eða ríkið er heimiluð í íbúðarhúsnæði innan íbúðabyggðar í Reykjavík, sbr. leiðbeiningar hverfisskipulags um starfsemi í íbúðabyggð.

Sjá leiðbeiningar
↗ **Starfsemi í íbúðabyggð**

HÚSAGERÐIR

Stakstæð og samstæð sambýlishús.

VERSLUN OG ÞJÓNUSTA

Í skilmálaeiningunni er ekki skilgreint verslunar- eða þjónustuhúsnæði.

ÍBÚÐIR

Heimilt er að skipta upp íbúðum og útbúa þannig aukaíbúðir eða nýjar séríbúðir, þ.e. íbúðir með sér fasteignanúmer. Þó eru ekki heimilaðar fleiri en ein íbúð á hverri hæð nema slíkt fyrirkomulag sé í takt við upprunalega íbúðaskipan hússins. Einnig er heimilt að sameina íbúðir á aðliggjandi hæðum. Heimildirnar eru háðar samþykki meðlóðarhafa.

Aukaíbúð má koma fyrir í bílageymslu þar sem hægt er að uppfylla gæðakröfur sem fram koma í leiðbeiningum hverfisskipulags um fjölgun íbúða. Bílageymsla verður að standa innan sömu lóðar og aðalíbúð.

Þegar útbúnar eru aukaíbúðir eða séríbúðum fjölgað skal fylgja leiðbeiningum hverfisskipulags

um fjölgun íbúða og uppfylla ákvæði gildandi byggingarreglugerðar um íbúðir. Leggja skal inn byggingarleyfisumsókn til byggingarfulltrúa vegna aukaíbúða og þegar fasteignum er fjölgað eða þær sameinaðar.

Samráð skal haft við Veitur ohf. um tengingu nýrra íbúða við fráveitukerfi.

Ef íbúðum er fjölgað þarf að skoða hvort fjölga þurfi úrgangsílátum og breyta fyrirkomulagi, sbr. skilmála um meðhöndlun úrgangs og aðrar byggingar á lóð.

Sjá leiðbeiningar
↗ **Fjölgun íbúða**

LÝÐHEILSA

Til að stuðla að bættri lýðheilsu þarf að tryggja gott aðgengi um allt svæðið fyrir gangandi vegfarendur. Aðgengi þarf að vera sérstaklega gott að almenningsrýmum, sbr. skilmálalið um almenningsrými. Við hönnun og útfærslu almenningsrýma þarf að huga að þörfum allra, sérstaklega barna, ungmenna og hreyfihamlaðra.

Lýsing og hönnun mannvirkja, gróðurs og annarra innviða í almenningsrýmum skal auka öryggistilfinningu þeirra sem þau nota og hvetja þannig til notkunar sem flestra þjóðfélagshópa.

MANNVIRKI

YFIRFÆRÐAR BYGGINGARHEIMILDIR

Almenn ákvæði

Byggingarheimildir eldra deiliskipulags sem fellur úr gildi við gildistöku hverfisskipulags yfirfærast í hverfisskipulag. Í töflu í skilmálalið um viðbótarbyggingarheimildir eru birtar byggingarheimildir fyrir hverja lóð, þ.m.t. yfirfærðar byggingarheimildir og brúttóflatarmál bygginga skv. fasteignaskrá og landupplýsingum Reykjavíkur (LUKR).

Þeir fyrirvarar eru gerðir að upplýsingar um brúttóflatarmál geta verið rangar bæði hjá fasteignaskrá og LUKR en bent er á að fasteignareigandi sem hyggst nýta sér yfirfærðar ónýttar byggingarheimildir ber ábyrgð á því að brúttóflatarmál fasteignar sé rétt skráð, í samræmi við samþykkta aðaluppdrætti. Af þeim sökum er þess krafist að þegar sótt er um byggingarleyfi til að nýta yfirfærðar ónýttar heimildir fylgi umsókninni samþykktur aðaluppdráttur af byggingunni eins og hún er, þeim breytingum sem óskað er eftir og uppfærðri skráningartöflu, sbr. ákvæði í gr. 2.4.1 í byggingarreglugerð 12/2012.

Tilvísanir í skilmála eldra deiliskipulags sem yfirfærðir eru í hverfisskipulag birtast í viðeigandi skilmálaliðum hverfisskipulags. Í þeim tilfellum þar sem ósamræmi er milli byggingarheimilda eldra deiliskipulags sem yfirfærðar eru í hverfisskipulag og nýrra heimilda sem veittar eru í hverfisskipulagi, gilda þær heimildir sem eru rýmri.

Þar sem til staðar eru ónýttar byggingarheimildir sem yfirfærast í hverfisskipulag skal nýting þeirra vera svona:

- Nýting skal vera innan byggingarreits eins og hann var afmarkaður í eldra deiliskipulagi. Upplýsingar um eldri byggingarreiti er að finna á uppdrætti/korti fyrir aftan. Uppdrátturinn sýnir skilmálaeininguna, lóðarmörk og eldri byggingarreit.

- Nýting skal vera í samræmi við eldri skilmála, þ.m.t. þakform, þakhalla og önnur takmarkandi atriði sem yfirfærð eru í hverfisskipulag og fram koma í viðeigandi skilmálaliðum.
- Fyrir samtengd hús, s.s. rað- og parhús og fjölbýlishús skulu breytingar hannaðar heildstætt, jafnvel þótt breytingar verði ekki framkvæmdar allar á sama tíma.

Í þeim tilfellum þar sem byggingarmagn húsa er meira en segir í skilmálum í yfirfærðu deiliskipulagi eða engar byggingarheimildir yfirfærast, gilda samþykktir aðaluppdrættir. Aftast í bók II, í prentútgáfu hverfisskipulags, er að finna skrá yfir deiliskipulag þaðan sem yfirfærðar byggingarheimildir flytjast.



Uppdráttur sem sýnir byggingarreiti eins og þeir voru afmarkaðir í eldra skipulagi. Nýting yfirfærðra ónýttra byggingaheimilda skal vera innan eldri byggingarreits sbr. almenn ákvæði um yfirfærðar byggingarheimildir fyrir framan.

VIÐBÓTARBYGGINGARHEIMILDIR

Almenn ákvæði

Að aftan eru birtar upplýsingar um eldri byggingarheimildir og núverandi byggingarmagn (sbr. skilmálalið um yfirfærðar byggingarheimildir). Einnig um viðbótarbyggingarheimildir og hámarksbyggingarmagn fyrir lóðir, þar sem það á við.

Innan hámarksbyggingarmagns lóðar skulu rúmast núverandi byggingar og viðbætur og breytingar sem geta verið heimilaðar skv. þessum skilmálalið eða öðrum skilmálum hverfisskipulags. Einnig aðrar byggingar á lóð sem þegar eru byggðar eða heimilt er að byggja, nema sérstaklega sé tekið fram að þær reiknist ekki inn í nýtingarhlutfall lóðar. Hámarksbyggingarmagn tekur til bæði A- og B-rýma.

Allar viðbætur og breytingar skulu falla vel að efnisvali, formi og hlutföllum núverandi byggingar. Þakgerð viðbygginga skal taka mið af þaki núverandi húss. Vanda skal efnisval og horfa til efniseiginleika, útlits, áferðar og endingar. Sjá nánar leiðbeiningar hverfisskipulags um viðeigandi húsagerð.

Nýting viðbótarbyggingarheimilda skal vera innan byggingarreits, sbr. skilmálalið um byggingarreiti og gjöld. Við hönnun og útfærslu viðbóta og breytinga skal huga að skuggavarpi á helstu íverusvæði á lóð og nágrenni, svo sem útirými í mikilli notkun, svalir og/eða palla og skal fylgja leiðbeiningum hverfisskipulags þegar heimild er nýtt.

Samráð skal haft við Veitur ohf. ef um breytingar á fráveitulögnum er að ræða. Meginreglan er sú að færsla á lögnum er á kostnað lóðarhafa.

Önnur ákvæði

Þar sem viðbótarbyggingarmagn er til nýtingar fyrir lóðir er heimilt að byggja viðbyggingar. Heimild til viðbygginga er háð samþykki meðlóðarhafa.

Óheimilt er að hækka þak.

Byggingarheimildir

AK Auðkenni lóðar eða byggingareitar, sjá uppdrátt
SL Stærð lóðar
HB Heimilað hámarks byggingarmagn
BY Þegar byggt á byggingareit
YNH Yfirfært nýtingarhlutfall á lóð
NNH Nýtt hámarks nýtingarhlutfall á lóð

T Innan takmarkaða byggingareitar lóðar
A Innan aðalbyggingarreitar
Y Innan yfirfærðs byggingareits
~~100 m²~~ Byggt er yfirfært
* Óstaðfest tala
** Atriði sem bætast við heimild

Heimilisfang	SL	AK	HB		BYGGT	YNH / NNH
Bogahlíð , Hamrahlíð 21 (bílskúr)		**AY**		Y 90 m²*	90 m²	
SAMTALS	**2.748 m²**			**90 m²**	**90 m²**	**0.03 → 0.03**
Grænahlíð 7A		**ÉL**		Y 34 m²*	34 m²	
SAMTALS	**35 m²**			**34 m²**	**34 m²**	**0.97 → 0.97**
Grænahlíð 3		**DA**		Y 367 m²*	367 m²	
		DÐ		Y 28 m²*	28 m²	
SAMTALS	**749 m²**			**449 m²**	**395 m²**	**0.53 → 0.60**
- Vera upplýstur um verkefnið og framvindu þess og fylgjast með að verkáætlun sé fylgt.
- Samþykkja skilagögn hvers ráðgjafahóps áður en þau eru tekin fyrir í umhverfis- og skipulagsráði.

1.3.3 Verkefnisstjórn hverfisskipulags

Til þess tengja verkefnið við fjölbreytt starfssvið umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur verður verkefnisstjórn skipuð skrifstofustjórn frá öllum undirskrifstofum sviðsins ásamt sviðsstjóra og skipulagsfulltrúi sem jafnframt er formaður verkefnisstjórnar. Verkefnisstjóri hverfisskipulags situr fundi verkefnisstjórnar. Meginhlutverk verkefnisstjórnar er að:

- Móta stefnu um hvernig unnið verður að hverfisskipulagi innan umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.
- Sjá til þess að unnar séu verkáætlanir fyrir verkefnið í heild og einstök hverfisskipulagsverkefni.
- Sjá til þess og fylgjast með að nægjanlegt samráð sé haft við einingar og deildir innan USK.
- Sjá til þess að unnin sé áhættugreining fyrir verkefnið.

1.3.4 Verkefnisráð hverfisskipulags

Sérstakt verkefnisráð hefur umsjón með daglegri framkvæmd hverfisskipulagsins. Meginhlutverk verkefnisstjórnar er að:

- Sjá til þess að unnar séu verkáætlanir fyrir verkefnið í heild og einstök hverfisskipulagsverkefni.
- Hafa umsjón með að framkvæmd verkefnisins sé í samræmi við verkáætlanir.
- Vinna áhættugreiningu fyrir verkefnið.
- Tryggja að lögum og reglum sé fylgt.
- Leiða samningagerð við ráðgjafahópa sem falið er að vinna einstök hverfisskipulagsverkefni.
- Taka á ágreiningi ef upp kemur.
- Samþykkja beiðnir um breytingar á verkáætlun og eftir atvikum leita samþykkis fyrir þessum breytingum hjá verkefnistjórn, stýrihópi, umhverfis- og skipulagsráði og/eða borgarráði.

1.3.5 Verkefnisstjóri hverfisskipulags

Verkefnisstjóri hverfisskipulags sér um verkefnisstjórn og samræmingu vinnu við gerð hverfisskipulags Reykjavíkur í náinni samvinnu við skipulagsfulltrúa og verkefnisstjórn. Meginhlutverk verkefnisstjóra hverfisskipulags eru að:

- Vera faglegur leiðtogi verkefnateyma og sjá um að markmiðum verkefnisins verði náð.
- Gera verkáætlanir fyrir verkið í heild og einstök hverfisskipulagsverkefni og sjá um að þær séu samþykktar af skipulagsfulltrúa og nefndum og ráðum.
- Upplýsa verkefnisstjórn um framvindu verkefnisins.
- Vinna áfangaskýrslur fyrir verkáfanga og lokaskýrslu fyrir verkefnið í heild.

- Hafa yfirumsjón með verkefnateymum og ráðgjafahópum sbr. kafla 3.4. og sjá til þess að vinna ráðgjafa sé í samræmi við verkáætlanir og samninga.
- Sitja fundi verkefnateyma.
- Fara yfir og staðfesta öll skilagögn ráðgjafahópa og tryggja faglega samræmingu.
- Sjá um skipulag og framkvæmd samráðs við íbúa og aðra hagsmuna- og umsagnaraðila og tryggja að unnið sé með niðurstöður samráðs í tillögugerðinni.
- Sjá um að kalla til sérfræðinga verkkaupa sbr. kafla 3.5.
- Hafa umsjón með miðlunarhópi hverfisskipulagsins sbr. kafla 3.6.
- Sjá um samskipti við helstu stofnanir, nefndir, ráð, skrifstofur og deildir innan og utan borgarkerfis.
- Hafa umsjón með fræðslufyrirlestrum og kynningum fyrir samstarfsfólk, aðrar stofnanir, hagsmunaaðila og íbúa.
- Samþykkja reikninga fyrir aðkeypta þjónustu.

1.3.6 Verkefnateymi og ráðgjafahópar

Sérstök verkefnateymi verða mynduð um vinnu við hverfisskipulag í hverjum borgarhluta en í þeim eru fulltrúar verkkaupa og þess ráðgjafahóps sem á að vinna viðkomandi hverfisskipulag.

Umsjón verkefnateyma

Umsjón verkefnateymis er á höndum eins verkefnisstjóra hjá embætti skipulagsfulltrúa (SKIP). Þessi verkefnisstjóri þarf að þekkja vel til aðstæðna og skipulagsmála í viðkomandi borgarhluta.Honum er ætlað að vinna náið með verkefnisstjóra hverfisskipulags að því að tryggja að vinna við hverfisskipulag í einstökum borgarhlutum sé faglega unnin og fylgi þessari verkáætlun.

Meginhlutverk verkefnisstjóra í verkefnateymum er að:

- Kalla saman vinnufundi verkefnateymis að minnsta kosti á tveggja vikna fresti.
- Rita fundargerðir vinnufunda og dreifa þeim samkvæmt dreifingarlista.
- Taka virkan þátt í stefnumótun og gerð tillögu að hverfisskipulagi í viðkomandi borgarhluta, sem fulltrúi verkkaupa.
- Taka þátt í framkvæmd samráðs í sínum borgarhluta.
- Miðla upplýsingum til ráðgjafa sem þeir þurfa til að sinna þeim verkefnum sem þeim er ætlað samkvæmt þessari verkáætlun.
- Aðstoða ráðgjafa við upplýsingaöflun vegna kortlagningar á gildandi skipulagsheimildum og aðstoða við yfirfærslu á heimildum sbr. kafla 2.2.3.
- Taka þátt í samráðsfundum verkefnisstjóra þar sem tillögur að skilmálum eru rýndar og nothæfi þeirra prófað.
- Fara yfir skilagögn ráðgjafahópsins, greinargerðir og uppdrætti.

Miðað er við að þessir verkefnisstjórar hittist vikulega með verkefnisstjóra hverfisskipulags til þess að fara yfir stöðuna, samræma aðgerðir og skiptast á reynslu. Verkefnisstjóri hverfisskipulags kallar saman þessa fundi.

1.3.7 Ráðgjafar – aðkeypt þjónusta

Ráðgjafahópur í hverjum borgarhluta er skipaður þremur sérfræðingum í skipulagsgerð með víðtæka reynslu. Ráðgjafahópur útnefnir einn hópstjóra sem er faglegur ábyrgðaraðili gagnvart verkkaupa.

Meginhlutverk ráðgjafahóps er að vinna verkefnið í samræmi við verkefnislýsingu. Í því felst m.a. að:

- Vinna endurskoðun á verklýsingum fyrir hverfiskipulag í sínum borgarhluta.
- Vinna tillögu að stefnumótun- framtíðarsýn fyrir hverfiskipulag í sínum borgarhluta..
- Taka þátt í samráði, fundum og kynningum fyrir hverfiskipulag í sínum borgarhluta.
- Vinna tillögur að skipulagsheimildum – skilmálatöflum fyrir hverfiskipulag í sínum borgarhluta.
- Fullvinna tillögu að hverfisskipulagi fyrir einn borgarhluta.
- Sjá til þess að þau verkefni sem ráðgjafar taka að sér séu í samræmi við verkáætlanir, samninga og góðar vinnuvenjur ráðgjafa.

1.3.8 Sérfræðingar verkkaupa um sérstaka málaflokka

Við tillögugerð í hverjum borgarhluta verður leitað til sérfræðinga Reykjavíkurborgar í þeim málaflokum sem verkefnisstjórn telur að taka þurfi tillit til við skipulagsgerðina. Miðað er við að sömu sérfræðingar komi að vinnu við hverfisskipulag í öllum borgarhlutum til þess að tryggja samræmi í ráðgjöf og upplýsingamiðlun. Meginhlutverk þessara sérfræðinga er að:

- Veita faglega ráðgjöf og upplýsingar um þá málaflokka sem þeir eru fulltrúar fyrir til ráðgjafahópa sem eru að vinna með hverfisskipulag í einstökum borgarhlutum.
- Taka þátt í kynningu og svara fyrirspurnum á íbúafundum í borgarhlutunum um sína málaflokka.
- Taka þátt í faglegri rýni á skilagögnum um sína málaflokka.

2 Hlíðar. Borgarhluti BH03 – almenn lýsing.

2.1 Almenn lýsing

2.1.1 Staðsetning í borginni

Borgarhluti 3 er rétt austan við miðborg Reykjavíkur og afmarkast í vestur af Snorrabraut, Hringbraut og Nauthólsvegi, í austur af Kringlumýrarbraut, í norður af Laugavegi og Hverfisgötu og í suður af strandlengju Fossvogs. Þessi afmörkun borgarhlutans er í samræmi við rammahluta AR2010–2030; Hlíðarendi með aðalíþróttasvæði borgarhlutans og HR svæði eru þar með innan hans. Afmörkun borgarhlutans í vestur hefur verið breytt frá rammahlutakorti AR2010–2030 og nær nú að afmörkun Reykjavíkurflugvallar.

Borgarhluti 3 byggðist upp sem stök býli og síðan hverfiseiningar í fleiri áföngum, allt frá þriðja áratug síðustu aldar og fram á okkar dag. Fyrirhuguð er töluverð uppbygging í borgarhlutanum skv. AR2010–2030. Víða standast deiliskipulagsáætlanir ekki þær kröfur sem nú eru gerðar til deiliskipulags. Mjög hátt hlutfall breytinga og uppbyggingar húsnæðis síðast liðinna áratuga hefur verið á grundvelli grenndarkynntra byggingarleyfisumsókna. M.a. m.t.t. þess er brýnt er að vinna deiliskipulag fyrir borgarhlutann.



Mynd 2. 2 Myndin sýnir afmörkun borgarhlutans (hvít lína) á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030.

2.1.2 Staðhættir



Mynd 2. 3. Hæðarlínukort, landslag og sérkenni.

"Tvö holt setja svip sinn á svæðið sem hér er til umfjöllunar, annarsvegar Rauðarárholt og hinsvegar Öskjuhlíð. Holt þessi voru fyrrum umkringd mýrum. Á milli þeirra og til austurs lá Kringlumýri og vestan Rauðarárholts var Norðurmýri. Svæðið milli Kringlumýrar og Norðurmýrar kallaðist Breiðamýri. Rauðará eða Rauðarárlækur rann í gegnum Norðurmýri, þar sem nú er Rauðarárstígur og til sjávar í Rauðarárvík, þar sem samnefnt lögbýli stóð. Vestan Öskjuhlíðar voru Seljamýri og Vatnsmýri og í suðaustanverðri Öskjuhlíð var Leynimýri." Úr Byggðakönnun. Minjasafn Reykjavíkur.

2.1.3 Samsetning byggðar.

Byggð er fjölbreytt og gæði umtalsverð. Meirihluti byggðar er íbúðarhúsnæði í litlum fjölbýlishúsum, atvinnuhúsnæði er á norðursvæðum borgarhlutans. Gott aðgengi er að þjónustu og opnum svæðum, en þung umferð er um borgarhlutann. Stór opin svæði eru í borgarhlutanum, þ.e. Öskjuhlíð og Klambratún. Borgarhluti 3 er um 360 ha að stærð, þar eru um 4.200 íbúðir og íbúar um 9.500 talsins. Atvinnuhúsnæði er um 263.000 m^2. Samkvæmt tillögu að Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030 er áætlað að fjölga íbúðum um 1.150 í borgarhlutanum og þar af eru 500 íbúðir á Hlíðarenda.

Í borgarhlutanum eru skólar á öllum skólastigum: Hlíðaskóli, Háteigsskóli, Ísaksskóli, Suðurhlíðaskóli, Barnaskóli Hjallastefnunnar, Klettaskóli, Brúarskóli, Tækniskólinn, Menntaskólinn við Hamrahlíð, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Háskólinn í Reykjavík, auk átta leikskóla.

2.1.4 Þróun byggðar

Fyrstu húsin í borgarhlutanum risu rétt austan við Hlemm árið 1927.

Uppbygging stóð síðan yfir með hléum allt fram á níunda áratug síðustu aldar.

Frá þeim tíma má segja að endurskipulagning og endurnýjun hafi hafist nyrst í borgarhlutanum og suðvestast með breyttri landnotkum og byggingum í takt við breytta þróun í borginni. Risið hefur nýtt atvinnuhúsnæði – og íbúðir. Þessi endurbygging stendur sem hæst þessi misserin. Sjá einnig kafla 2.3.



Mynd 2. 4. Skipulagsuppdráttur frá árinu 1947.



Mynd 2. 5. Loftmynd frá árinu 1954.



Mynd 2. 6. Loftmynd frá árinu 1965.



Mynd 2. 7. Loftmynd frá árinu 1979.



Mynd 2. 8 Loftmynd frá árinu 2014.

2.2 Uppbygging og þróun borgarhlutans skv. gildandi Aðalskipulagi



Mynd 2. 9. Borgarhlutinn Hlíðar samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030.

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030 er mótuð stefna fyrir Borgarhluta 03 Hlíðar. Þar er gerð ítarleg grein fyrir stefnunni og tekur hún til fjölmargra þátta.

Æskilegur íbúafjöldi í sjálfbærum borgarhluta verði 10 þúsund íbúar eða fleiri og standi undir fjölbreyttum þjónustukjarna, framhaldsskóla og íþróttafélagi.

Aðallandnotkun borgarhlutans er íbúðabyggð, sem skiptist í tvö skólahverfi beggja vegna Miklubrautar. Byggðin og opin svæði eru að mestu í föstum skorðum og yfirbragðið er mjög heildstætt. Í Aðalskipulagi kemur fram að gert er ráð fyrir að íbúðum geti að minnsta kosti fjölgað um 650 auk um 500 íbúða á Hlíðarenda. Atvinnuhúsnæði er talið geta stækkað um allt að 25.000 m^2 til ársins 2030.

Samkvæmt Aðalskipulagi er gert ráð fyrir að kannaðir verði frekari þéttingarmöguleikar á hverfisskipulagsstigi. Aðalskipulagið setur aðeins bindandi stefnu fyrir reiti sem gera ráð fyrir fleiri en 50 almennum íbúðum eða sambærilegri uppbyggingu.

Í samræmi við meginmarkmið Aðalskipulags Reykjavíkur 2010–2030 um vistvæna byggð, sjálfbærni hverfa, vistvænar samgöngur, aukin gæði byggðar og aðgengi að verslun og þjónustu í heimabyggð verða sett fram stefnuákvæði um borgarhlutann Hlíðar.

2.2.1 Skipting borgarhlutans í hverfi og mismunandi áherslusvæði



Mynd 2. 10. Borgarhluti 3, skipting í hverfi og hverfiseiningar.

Borgarhluta 3 er skipt upp í þrjú hverfi:

- **3.1 Háteigshverfi**, norðan Miklubrautar.
- **3.2 Hlíðahverfi**, sunnan Miklubrautar.
- **3.3 Öskjuhlíðarhverfi**, sunnan Hringbrautar og suðvestan Bústaðavegar.

Hverfin þrjú afmarkast landfræðilega af stofnbrautunum Kringlumýrarbraut, Snorrabraut, Bústaðavegi og Nauthólsvíkurvegi og Menntavegi til austurs og vesturs og til norðurs og suðurs um Miklubraut/Hringbraut og Laugaveg.

Við afmörkun og skilgreiningu hverfis er m.a. litið til stórra umferðaræða, skólahverfis, göngufjarlægða til skóla, aðgengi að þjónustu og verslun ásamt landfræðilegri stærð.

2.2.1.1 Hverfiskjarnar



Mynd 2. 11. Hverfiskjarnar, verslun og þjónusta.

Aðalþjónustukjarnar hverfanna eru skilgreindir í Suðurveri við Stigahlíð, á horni Skipholts og Háteigsvegar og við Hlemm–Rauðarárstíg. Innan kjarnanna er verslun og þjónusta. Við staðarval þjónustu í hverfinu njóti hverfiskjarninn forgangs.

2.2.1.2 Nærþjónusta

Eftirfarandi kjarnar fyrir verslun og þjónustu sem sinna daglegum þörfum íbúa verði einnig festir í sessi: 1) Langahlíð–Miklabraut; 2) Langahlíð–Mávahlíð; 3) Gatnamót Rauðarárstígs og Háteigsvegar.

Fjölbreytt framboð verslunar og þjónustu er að öðru leyti í borgarhlutanum. Þar eru fimm bensínstöðvar/sölur og borgarhlutinn nýtur einnig nálægðar við Kringluna, miðbæinn og Suðurlandsbraut/Múla varðandi þjónustu og verslun. 85% íbúa búa í göngufæri við verslun. Hefðbundið gatnanet tengir verslun og þjónustu heimilum borgarhlutans.

2.2.1.3 Borgargötur



Mynd 2. 12. Borgargötur skv. AR2010–2030.

Lykilgata viðkomandi hverfis. Helstu þjónustukjarnar og stofnanir hverfisins standa við götuna og gatan er gjarnan mikilvægasta samgöngutengingin fyrir alla helstu ferðamáta við næsta hverfi eða borgarhluta. Gata hefur gjarnan sögulegt mikilvægi, sterka ímynd eða er mikilvægur sjónás í borgarlandslaginu. Heitið vísar til hinnar hefðbundnu götu í þéttri byggð þar sem húsið, gatan og opna rýmið mynda órofa heild. Þær götur sem skilgreindar eru sem borgargötur í Aðalskipulaginu uppfylla ekki allar þessa skilgreiningu í dag. Skilgreiningin er hinsvegar til framtíðar, þ.e. að viðkomandi götur þróist sem fjölbreytileg almenningsrými en mikilvægur þáttur í því er að efla tengsl götunnar og þeirra bygginga sem við hana standa. Í hverfisskipulagi skulu götur sem skilgreindar eru sem borgargötur hannaðar heildstætt með aðliggjandi byggð.

Borgargötur innan hverfa hafi forgang þegar kemur að endurhönnun og fegrun gatnaumhverfisins. Stefna um borgargötur innan hvefa verði nánar útfærð í hverfisskipulagi.

Skoða skal skilgreindar götur heildstætt við gerð hverfisskipulags og deiliskipulags og eftir atvikum sem sjálfstæð skipulagsverkefni. Áhersla skal lögð á ásýnd götumynda, vistvænar samgöngur, hönnun og fegrun götusvæðis.

Landnotkun við aðalgötur innan íbúðarbyggðar:

Verslun og þjónusta á jarðhæðum getur verið heimil, svo og mögulega veitingastaðir í flokki I og II og gistiheimili í flokki I-III.

Borgarvæðing stofn- og tengibrauta:
Markmiðið er að stofn- og tengibrautirnar *Snorrabraut, Hverfisgata* og *Laugavegur* fái sérstaka skilgreiningu og verði endurhannaðar sem breiðgötur/borgargötur.

Samkvæmt Aðalskipulagi eru eftirfarandi lykilgötur skilgreindar sem borgargötur:

1) Hverfisgata–Laugavegur; 2) Rauðarárstígur að Flókagötu; 3) Stórholt, Skipholt að Háaleitisbraut; 4) Nóatún, Langahlíð að Bústaðavegi; 5) Snorrabraut; 6) Miklabraut frá Stakkahlíð að Snorrabraut; 7) Stakkahlíð frá Hamrahlíð að Háteigsvegi; 8) Hamrahlíð; 9) Háteigsvegur.

Á ofangreindum götum verði sérstök áhersla lögð á að bæta umhverfi götunnar, skapa heildstæða götumynd, tryggja skilyrði fyrir fjölbreytta ferðamáta og opin almenningsrými. Skipulag viðkomandi gatna verði mótað frekar í hverfisskipulagi eða skilgreint sem sérstakt skipulagsverkefni. Við hönnun og skipulag gatnanna verði tekið mið af stefnu um gæði í manngerðu umhverfi.

2.2.1.4 Borgarrými

Í Aðalskipulagi er lögð áhersla á götuna sem borgarrými og leið til að efla vistvænar samgöngur. Bent er á dæmi þar sem veitingastaðir og önnur starfsemi nýta borgarrýmið og ná þannig fram markmiðum um skipulag vistvænni hverfa og hlúið skal að stöðum þar sem fólk hittist og nýtur þess að dveljast.

Skipulag borgarhlutans Hlíða er með þeim hætti að það fellur vel að áherslum Aðalskipulags um borgarrými.

Við skipulag og hönnun verði tekið mið af stefnu um gæði í manngerðu umhverfi.

2.2.1.5 Hjólaleiðir



Mynd 2. 13. Hjólaleiðir.

Stefna um hjólaleiðir er í samræmi við hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2010 skv. skjalinu Hjólaborgin Reykjavík frá 2010 og endurskoðaða hjólreiðaáætlun 2020, sjá hjolaborgin.is. Við hönnun og útfærslu hjólaleiða verði tekið mið af markmiðum og ákvæðum hjólreiðaáætlunar.

2.2.1.6 Hverfisvernd

Svæði og reitir sem njóta sérstakrar verndar vegna byggðarmynsturs, menningarverðmæta, landslags eða náttúrufars falla undir hverfisvernd. Sjá nánar stefnu um borgarvernd og kafla um náttúru, landslag og útivist í Aðalskipulagi Reykjavíkur.

Á hverfisverndarsvæðum skulu eftirfarandi þættir í náttúrufari og lífríki á eftirtöldum svæðum njóta forgangs við gerð deiliskipulags viðkomandi svæða. Gert er ráð fyrir að svæðin verði gerð aðgengileg fólki á látlausan hátt, svo sem með stígum og upplýsingaskiltum um sérstöðu þeirra. Allri mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki á hverfisverndarsvæðum. Við gerð deiliskipulags á grundvelli náttúrufarsúttekta verður metið í hverju tilfelli fyrir sig hvort leita þurfi umsagnar umhverfisstofnunar ef deiliskipulag kallar á framkvæmdir sem geta haft í för með sér rask á jarðmyndunum og vistkerfum skv. 37 gr. laga um náttúruvernd. Endanleg afmörkun hverfisverndarsvæða er skilgreind í deiliskipulagi viðkomandi svæða.

Svæði sem njóta hverfisverndar í borgarhlutanum eru Öskjuhlíð n1*, sem jafnframt er á náttúruminjaskrá og strandlengjan að Fossvogi, hluti hennar, Fossvogsbakkar f4* eru friðlýstir sem náttúruvætti árið 1999.

2.2.2 Græn svæði

2.2.2.1 Opin græn svæði



Mynd 2. 14. Almenningsgarðar, útivistarsvæði og leiksvæði.

Yfirbragð borgarhlutans er grænt, þar eru stór opin svæði og fjöldi einkagarða við íbúðabyggð. Lítill gróður er í norðurhluta hverfisins við Laugaveg og í Holtunum, á skilgreindu miðbæjar- og miðsvæði. Innan borgarhlutans eru mikilvæg svæði, sem auk þess að þjóna nærumhverfinu þjóna öllu höfuðborgarsvæðinu, þ.e. almenningsgarðurinn Klambratún og útivistarsvæðið í Öskjuhlíð og við Fossvog. Smærri leiksvæði eru dreifð um borgarhlutann. Útivist og afþreying af ýmsum toga tengd sjónum er stunduð í Nauthólsvík.

Öskjuhlíð og Klambratún eru skilgreindir borgargarðar. Innan borgargarða er gert ráð fyrir útivistariðkun og fjölbreyttri mannvirkjagerð af ýmsum toga sem tengist nýtingu og þjónustu svæðanna til útiveru, afþreyingar og leikja og allrar almennrar frístundariðkunar. Einnig má gera ráð fyrir veitingaaðstöðu og veitumannvirkjum.

Öskjuhlíð er eitt af stærri útivistarsvæðum í Reykjavík og er notuð til fjölbreyttrar útivistar. Í Öskjuhlíð er mikið af jarðsögulegum og menningarsögulegum minjum. Skógur virðist hafa verið í hlíðinni frá öndverðu. Þar er einnig að finna merki þess að sjávarhæð hafi verið hærri. Þegar gerð Reykjavíkurhafnar hófst 1913 var lögð járnbraut úr hlíðinni niður að höfninni til að flytja efni til hafnargerðarinnar. Svæðið hefur mikið gildi sem útivistarskógur í þéttbýli. Um skóginn liggja fjölmargir stígar þar sem m.a. æfingatæki og upplýsingaskilti hafa verið sett upp. Meginstefna í skipulagi er að svæðið þjóni áfram hlutverki sínu sem eini útivistarskógurinn innan þéttbýlissvæðis borgarinnar. Öskjuhlíð tengir byggðina við strandsvæði í Nauthólsvík og er liður í því að skapa samfelldan vef útivistarsvæða í borginni líkt og markmið um heildarskipulag opinna svæða í Reykjavík fela í sér. Uppbyggingu innan og í jaðri svæðisins skal halda í lágmarki.

Litla-Öskjuhlíð. Hverfisgarður. Gert er ráð fyrir áframhaldandi ræktun á svæðinu.

Klambratún þjónar fjölbreyttu hlutverki borgargarðs í borgarhlutanum. Meginstefna fyrir svæðið er að stuðla að aukinn fjölbreytni á svæðinu og bæta þá aðstöðu sem fyrir er.



Mynd 2. 15. Loftmynd af Klambratúni.

Nauthólsvík er vinsælt útivistarsvæði. Þar eru stundaðar alls kyns vatnaíþróttir, svo sem sjósund, kajakróður, kænusiglingar, seglbrettasiglingar og kappróður. Þar er ylströnd. Siglingafélag ÍTR, Siglunes, Siglingafélag Reykjavíkur, Brokey og Sportkafarafélag Íslands eru þar með aðstöðu. Stefnumótun fyrir skipulag svæðisins er að halda í, styðja við og styrkja núverandi nýtingu svæðisins sem sjóbaðs-, útivistar og siglingaaðstöðu.

Hlíðarendi (Valur) er íþróttasvæði borgarhlutans. Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu og þróun svæðisins til íþrótta- og kappleikja.

Fossvogskirkjugarður er samgróinn borgarmyndinni með sínum hávaxna trjágróðri og stílhreinu byggingum. Fjölbreyttur trjágróður og mikið fuglalíf gerir garðinn að mikilli náttúruparadís.

Fossvogur. Fossvogsbakkar. Svæðið nær frá Fossvogi út Skerjafjörð að sveitarfélagsmörkum við Seltjarnarnes. Fossvogur er um tveggja kílómetra langur vogur sem gengur til austurs inn úr Skerjafirði. Fyrir liggur deiliskipulag að mestum hluta svæðisins. Stefnumótun fyrir skipulag svæðisins miðar fyrst og fremst að verndun svæðisins ásamt því að skapa betra aðgengi. Svæðið var friðlýst sem náttúruvætti árið 1999.

2.2.3 Atvinnusvæði



Mynd 2. 16. Atvinnusvæði og stofnanir.

Í jaðri borgarhlutans eru mörg helstu atvinnusvæði Reykjavíkur, Borgartún í norðri, Suðurlandsbraut/Múlar og Kringlan í austri, HR í suðri og Landspítalinn, HÍ og miðborgin í vestri. Þá eru skólar á öllum skólastigum í borgarhlutanum.

Fjölbreytt atvinnustarfsemi er í borgarhlutanum, sérstaklega við Laugaveg, í Holtunum og í Skógarhlíð. Einkennandi fyrir borgarhlutann er fjöldi menntastofnana, allt frá leikskólastigi að háskóla ásamt fjölda sérskóla og einkaskóla. Stefnt er að frekari atvinnuuppbyggingu á Veðurstofuhæð við Bústaðaveg og við Flugvallarveg og Nauthólsveg.

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur eru alls um 5.270 störf í borgarhluta 3 og atvinnuhúsnæðið er 263.600 m^2 að stærð.

2.2.4 Aðrar áherslur

2.2.5 Fastmótuð gróin byggð til endurskoðunar



Mynd 2. 17. Fastmótuð byggð til endurskoðunar, íbúðarbyggð.

Í Aðalskipulagi er mótuð stefna fyrir fastmótaða byggð. Í fastmótaðri byggð má gera ráð fyrir breytingum á núverandi húsnæði, viðbyggingum og öðrum endurbótum, svo og nýbyggingum eftir því sem ákveðið er í hverfis- og/eða deiliskipulagi. Eftirfarandi svæði innan borgarhlutans 03 Hlíðar, eru skilgreind sem fastmótuð byggð þar sem gera má ráð fyrir breytingum.

ÍB13 Norðurmýri. Svæðið er fullbyggt og fastmótað. Hverfið byggðist að mestu upp á 5. áratug 20. aldarinnar samkvæmt séruppdrætti frá 1936 sem má telja fyrsta nútíma deiliskipulagið sem unnið var fyrir hverfi í Reykjavík. Yfirbragð byggðarinnar er almennt mjög heildstætt hvað varðar hæðir húsa, afstöðu bygginga til götu, byggingarstíl og útlit húsa.

ÍB14 Holt-vestur. Svæðið er fullbyggt og fastmótað. Hverfið byggðist að mestu upp á 5. og 6. áratug 20. aldarinnar. Á tímabilinu 1986 til 1997 var byggð þétt í hverfinu og voru byggðar um 90 nýjar íbúðir. Yfirbragð byggðarinnar er heildstætt og er stærsti hluti hverfisins byggður upp samkvæmt séruppdrætti frá 1939 sem er meðal elstu deiliskipulagstillagna fyrir hverfi í Reykjavík.

ÍB15 Skipholt. Svæðið er fullbyggt og fastmótað. Svæðið byggðist upp að stærstum hluta á seinni hluta 6. áratugarins og á 7. áratugnum. Inn á milli eru nýrri byggingar á einstaka lóð. Svæðið ber nokkuð heildstæðan svip, einkum varðandi hæðir húsa og húsagerðir.

ÍB16 Hlíðar-norður. Svæðið er fullbyggt og fastmótað. Svæðið tók að byggjast upp á seinni hluta 5. áratugarins, næst Lönguhlíð og var nokkuð lengi í uppbyggingu eða fram á seinni hluta 7. áratugarins þegar lokið var við byggingu fjölbýlishúsa við Bólstaðarhlíð. Yfirbragð

hverfisins er eftir sem áður nokkuð heilsteypt, einkum hvað varðar hæðir húsa og húsagerðir. Árið 1986 voru byggð sex hæða fjölbýlishús við Bólstaðarhlíð með 66 íbúðum fyrir aldraða.

ÍB17 Hlíðar-vestur. Svæðið er fullbyggt og fastmótað. Hverfið byggðist að stærstum hluta upp á 5. áratugnum samkvæmt skipulagi sem drög voru lögð að árið 1945. Elstu húsin standa við Miklubraut en yngsta byggðin er við Háuhlíð og Hörgshlíð. Fjölbýlishúsin við Eskihlíð skera sig nokkuð úr öðrum hlutum hverfisins en annars er yfirbragð hverfisins mjög heildstætt.

ÍB18 Hlíðar-austur. Svæðið er fullbyggt og fastmótað. Svæðið er í stórum dráttum þrískipt. Næst Miklubraut, við Stigahlíð, er fjölbýlishúsabyggð sem reis undir lok 6. áratugarins. Milli Grænuhlíðar og Hamrahlíðar er sambýlishúsabyggð, sem ber keim af hinu hefðbundna byggðamynstri Hlíðanna. Við Stigahlíð, sunnan Hamrahlíðar, er einbýlishúsabyggð, sem einkum reis á tímabilinu 1963 til 1968 en að nokkru eftir 1984.

ÍB19 Suðurhlíðar. Svæðið er fullbyggt og fastmótað. Suðurhlíðar voru skipulagðar sem íbúðarbyggð í átaki um þéttingu byggðar, upp úr 1980. Hverfið var skipulagt sem heild og er yfirbragð þess mjög heilsteypt.

2.2.6 Þróunarsvæði skv. AR2010–2030 – Svæði til endurskoðunar



Mynd 2. 18. Þróunarsvæði – svæði til endurskoðunar.

Í Aðalskipulagi eru eftirfarandi þróunarsvæði innan borgarhlutans.

Þ29 Háskólinn í Reykjavík. Miðsvæði með áherslu á stofnanir og skrifstofur. Á svæðinu er gert ráð fyrir háskólastarfsemi, rannsóknastofnunum og hátækni- og þekkingarfyrirtækjum, auk íbúðarhúsnæðis fyrir nemendur. Áætluð aukning á skipulagstímabilinu er 25 þúsund fermetrar atvinnuhúsnæðis og 300 nemendaíbúðir.

Þ31. Holt-Laugavegur. Miðsvæði (M2a, M2b). Fyrst og fremst rýmisfrekar smásöluverslanir, skrifstofur, stofnanir, ýmis ráðgjafar- og þjónustufyrirtæki, hönnunarfyrirtæki og handverk, hótel og veitingastaðir. Þar sem aðstæður leyfa er íbúðarhúsnæði heimilt, einkum á efri hæðum bygginga. Gert er ráð fyrir all nokkurri þéttingu byggðar á svæðinu, ekki síst í því skyni að skapa heildstæðari götumyndir. Einkum er gert ráð fyrir aukningu íbúðarhúsnæðis eða 250 til 300 íbúðum.

Þ32. Tækniskólinn, Háteigskirkja. Á svæðinu er gert ráð fyrir blöndu stofnana, þjónustu og íbúðarhúsnæðis fyrir nemendur. Möguleg aukning byggingarmagns er einkum á lóð Tækniskólans.

Þ33. Háskóli Íslands. Menntavísindasvið. Á svæðinu er gert ráð fyrir háskólastarfsemi, rannsóknastofnunum, þekkingarfyrirtækjum og íbúðarhúsnæði fyrir nemendur. Innan svæðisins er einnig að finna grunnskólastofnanir. Gert er ráð fyrir aukningu byggingarmagns í samræmi við þarfir og þróun háskólans og grunnskóla á svæðinu. Á svæði sem liggur frá Stakkahlíð að núverandi íbúðum eldri borgara við Bólstaðarhlíð er gert ráð fyrir um 50 íbúðum fyrir eldri borgara og um 100 námsmannaíbúðum.

Þ34 Skógarhlíð. Miðsvæði (M7). Blanda skrifstofa, þjónustu og stofnana. Gert er ráð fyrir að matvöruverslun og smásöluverslun geti komið á svæðið. Léttur iðnaður, heimill. Áætluð aukning byggingarmagns 10-15 þúsund fermetrar.

Þ35 Veðurstofuhæð. Skrifstofur og stofnanir. Áætluð aukning byggingarmagns um 5-10 þúsund fermetrar.

Þ38 Aðalgötur. Hverfisgata-Laugavegur, Snorrabraut, Rauðarárstígur að Flókagötu, Stórholt-Skipholt, Nóatún, Langahlíð. Meðfram *aðalgötum* er heimil fjölbreyttari landnotkun, þó grunnskilgreining lóða við götuna sé íbúðarsvæði. Hér er einkum um að ræða starfsemi sem fellur undir flokkana verslun og þjónusta (VÞ, að skemmtistöðum undanskyldum) og samfélagsþjónusta (S). Verslun og þjónusta getur verið heimil, svo og mögulega veitingastaðir í flokki I og II og gistiheimili í flokki I-III. Rýmri heimildir um landnotkun gilda eingöngu um hús sem standa við viðkomandi götu og ná einkum til jarðhæða þegar um verslun, þjónustu og veitingastaði er að ræða. Ef þörf krefur eru sett nánari ákvæði um landnotkunarheimildir við aðalgötur í hverfis og / eða deiliskipulagi.

2.2.7 Þróunarsvæði skv. AR2010–2030 – nýlegt deiliskipulag í gildi/svæði í uppbyggingu



Mynd 2. 19. Nýlegt deiliskipulag – svæði í uppbyggingu.

Þ28 Hlíðarendi. Blönduð byggð. Um 11 ha svæði íbúða og skrifstofa, auk verslunar og þjónustu, í næsta nágrenni við íþróttasvæði Vals. Gert er ráð fyrir um 600 íbúðum og 60 þúsund m^2 atvinnuhúsnæðis. Áhersla er á 3-5 hæða randbyggð og borgargötur. Landnotkun, þéttleiki, gatnakerfi og yfirbragð svæðisins tekur mið af heildarskipulagi Vatnsmýrarinnar.

Þ29 Háskólinn í Reykjavík. Háskólagarðar, um 350 íbúðir.

Þ30. Hlemmur. Miðborg. Verslunarsvæði í miðborg.

Þ36. Einholt-Þverholt. Íbúðarhúsnæði með möguleika á verslun og þjónustu á jarðhæðum. Gert ráð fyrir 250 íbúðum. Áhersla á samfellda byggð með 4-6 hæða byggingum.

Þ37. Ásholt. Íbúðarhúsnæði með möguleika á verslun og þjónustu á jarðhæð. Gert ráð fyrir 100 nemendaíbúðum. Randbyggð með 3-5 hæða byggingum.

2.3 Húsa- og byggðakönnun

Tilvitnanir í skýrslu Minjasafns Reykjavíkur

2.3.1 Byggðarmynstur / yfirbragð byggðar / húsagerðir

Hlemmur „Á mótum Rauðarárstígs, Hverfisgötu og Laugavegar er svokallað Hlemmtorg sem í daglegu tali kallast Hlemmur. Þar rann Rauðará (Rauðarárlækur) til sjávar. Á ofanverðri 19. öld var gerð brú yfir lækinn til að greiða fyrir umferð en ekki þótti hún merkileg og var því jafnan nefnd Hlemmur. Mikilvægi svæðisins í kringum Hlemm jókst til muna eftir því sem byggð þokaðist austur á bóginn og umferðaþunginn varð meiri. Fyrsti vísir að torgi kom eftir 1930 og tengist það því að árið 1931 var leið númer 1 hjá Strætisvögnum Reykjavíkur með endastöð við vatnsþróna hjá Hlemmi."

Gunnlaugur Halldórsson arkitekt átti ríkan þátt í að móta ásýnd Snorrabrautar við Hlemm. Hann hannaði samræmt útlit þriggja stórhýsa á lóðunum við Laugaveg 114-118, undir áhrifum frá nýjum alþjóðlegum straumum í byggingarlist, módernismanum.



Loftmynd af Norðurmýri og Klambratúni frá 1946. Ljósmyndari Sigurhans E Vignir. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Norðurmýri „Norðurmýrin byggist upp á árunum 1936-1944 eftir teikningum Einars Sveinssonar arkitekts og húsameistara Reykjavíkur og Valgeirs Björnssonar bæjarverkfræðings. Hverfið er þéttbyggt og stærð húsanna dæmigerð fyrir þennan tíma." „Skipulag hverfisins fylgir þeirri hugmyndafræði sem var allsráðandi á þessum tíma þar sem áhersla var á að garðar húsanna nytu sem best sólar. Því eru húsin norðan megin við göturnar dregnar inn frá götu og með garð fyrir framan húsin og húsin sunnan megin götu hafa aðgang að garði bak við húsið. Flest húsanna eru byggð í fúnkisstíl, steinuð að utan þar sem valmaþakið klætt bárujárni ljair hverfinu lit."

Rauðarárholt „Íbúðarbyggð tók að rísa á Rauðarárholtinu á heimsstyrjaldarárunum síðari, en þá var húsnæðisskortur mikill í kjölfar fólksflutninga til bæjarins. Árið 1939 gerði Einar Sveinsson skipulagsuppdrætti að hverfi verkamannabústaða á Rauðarárholti og í kjölfarið hóf Byggingarfélag verkamanna í Reykjavík byggingu verkamannabústaða…" „Alls byggði félagið þarna um 60 hús með 244 íbúðum og náði þar því markmiði sínu að bæta úr brýnni húsnæðisþörf yfir 200 fjölskyldna, sem áður bjuggu í heilsuspillandi og ófullnægjandi íbúðum."



Uppdráttur Einars Sveinssonar og Þórs Sandholt af skipulagi í Rauðarárholti frá 1948.

„Á austanverðu Rauðarárholti er byggðin samsett af opinberum byggingum og íbúðabyggð. Við Hjálmholt, Vatnsholt og Skipholt eru flest íbúðarhúsanna byggð á árunum 1956-1966. Flest húsanna eru tvílyft, steinsteypt, oft á tíðum tví- og þríbýli, eða sem kalla mætti minni fjölbýlishús.“

„Húsin við Flókagötu og Háteigsveg risu flest á 5. og 6. áratug 20. aldar. Flest eru húsin steinsteypt og tvílyft, oft á tíðum er um að ræða tví– og þríbýli, eða það sem kalla mætti minni fjölbýlishús. Elsta húsið við Háteigsveg er reist árið 1921 og kallast Háteigur og er eitt af gömlu erfðafestubýlunum sem finna má í borgarhlutanum.“

Klambratún Á mörkum hverfishlutanna Norðurmýrar, Holta og Hlíða er almenningsgarðurinn Klambratún sem áður hét Miklatún. Á fyrri hluta 20. aldar tilheyrði svæðið að stórum hluta býlunum Klömbrum, Háteigi og Sunnuhvoli. Á Klömbrum var búið allt fram til ársins 1963 og bæjarhúsin voru ekki rifin fyrr en 1965.



Bærinn Klambrar um 1945. Ljósmyndari Vigfús Sigurgeirsson.

Vorið 1957 blés bæjarráð Reykjavíkur til hugmyndasamkeppni um skipulag á Klambratúni. Það var þó ekki fyrr en nokkrum árum seinna eða 1964 sem samþykktur var nýr skipulagsuppdráttur að skrúðgarði á Klambratúni sem Reynir Vilhjálmsson, sem þá var nýútskrifaður landslagsarkitekt, vann að í samstarfi við Hafliða Jónsson garðyrkjustjóra Reykjavíkur, en Reynir hafði átt eina af þeim þremur tillögum sem verðlaunaðar voru 1957. Árið 1965 samþykkti borgarráð að gangast fyrir byggingu sýningarhúss myndlistarmanna, sem staðsett skyldi á Miklatúni. Hluti sýningarhússins var sérstaklega ætlaður til sýningar á verkum Jóhannesar S. Kjarvals listmálara og skyldi byggingin tengd nafni hans. Arkitekt Kjarvalsstaða er Hannes Kr. Davíðsson.



Loftmynd af Hlíðahverfi 1955. Óþekktur ljósmyndari. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Hlíðar Hlíðahverfi tók að byggjast upp í lok síðari heimsstyrjaldarinnar og þá fyrst vesturhluti þess. Húsin eru flest reist á árunum 1944-1958. Svæðið austan Lönguhlíðar að Stakkahlíð byggðist næst eða á sjötta og sjöunda áratugnum. Á sjöunda og níunda áratugnum byggist upp einbýlishúsahverfið í Stigahlíð (vesturhluti), sunnan Hamrahlíðar.

„Flest húsanna í Suðurhlíðum eru byggð kringum árin 1982-1983 en deiliskipulag fyrir hverfið var samþykkt árið 1982. Hverfið var eitt af þeim svæðum sem skilgreind voru sem þéttingarsvæði í skipulagsvinnu borgarinnar í kringum 1980, en þá voru flest ný byggingarsvæði vestan Elliðaáa fullbyggð. Hverfið var skipulagt sem heild og byggðist skipulagið á hugmyndum um vistgötur. Einnig var þar lögð var áhersla á að endurskapa andblæ eldri byggðar í nýju hverfi. Skipulagshöfundur hverfisins er Valdís Bjarnadóttir arkitekt.“

„Heimildir eru um að í Öskjuhlíð hafi Reykjavíkurbændur snemma haft nytjar, skóg og selstöðu. Aðalvegur út úr bænum lá áður um Öskjuhlíðina og á 19. öld var Öskjuhlíð notuð æ meira sem útivistarsvæði Reykvíkinga. Þá var þar samkomustaður skólapilta Lærða skólans og kölluðu þeir staðinn Beneventum („staður þar sem gott er að koma“). Ekki er með fullu ljóst hvar staðurinn var en líklega hefur það verið vestan undir klettastöllum í vesturhlíðinni. Grjótnám hófst í hlíðinni þegar steinsmiðir sóttu þangað grjót til húsagerðar á 19. öld og fram yfir 1900 en stórfellt grjótnám hófst í tengslum við hafnargerðina 1913-1917. Árið 1940 var fyrsti hitaveitugeymirinn reistur á kolli Öskjuhlíðar á vegum Hitaveitu Reykjavíkur og síðan sex að auki næstu ár. Árið 1966 bættust við tveir geymar til viðbótar austur af gömlu geymunum. Þessir geymar voru allir rifnir á árunum 1986-1987 og núverandi geymar reistir. Útsýnishúsið Perlan sem byggt var ofan á hitaveitugeymunum var tekið í notkun árið 1991.”

2.4 Mat á umhverfisþáttum borgarhlutans sbr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana

Umfjöllun um umhverfisáhrif er unnin í samræmi við matslýsingu eins og henni er lýst í kafla 1.2.

Notast er við gátlista við mat á visthæfi byggðar og skipulags. Sá gátlisti og samantekt um úrvinnslu hans og niðurstöður eru fylgigögn 1 og 2. Fyllt er í gátlistann fyrir borgarhlutann í heild og einnig fyrir hvert hverfi fyrir sig. Í þessum kafla er yfirlit yfir helstu niðurstöður gátlistans fyrir núverandi stöðu borgarhlutans í heild sinni. Einnig er vísað í umfjöllun í köflum um einstök hverfi borgarhlutans og fylgigögn 1 og 2.

Matið byggir á eftirfarandi sjö þáttum:

1. Samfélag
2. Gæði byggðar
3. Samgöngur
4. Vistkerfi og minjar
5. Orka og auðlindir
6. Mannvirki
7. Náttúruvá

Sjá nánari umfjöllun um matslýsingu fyrir hvert hverfi fyrir sig í köflum 3.5, 4.5 og 6.5.

2.4.1 Samfélag

2.4.1.1 Lýðfræði: Íbúaþróun, fjöldi, aldurssamsetning

Alls eru íbúar borgarhlutans samkvæmt gögnum Reykjavíkurborgar 10.326. Af gögnum Hagstofunnar má ráða að íbúafjöldinn hafi aukist um 10% frá árinu 1998. Heimildir Hagstofu Íslands ná ekki lengra aftur í tímann hvað varðar einstök hverfi borgarinnar. Íbúasamsetning borgarhlutans er sambærileg því sem gerist í borginni í heild sinni, þó er aldurshópurinn 25-34 ára nokkuð fjölmennari borgarhlutanum, eða sem nemur fjórum af hundraði.



Mynd 2. 20. Aldursskipting íbúa í borgarhluta 3 og Reykjavík.

2.4.1.2 Íbúaþéttleiki

Meginhluti borgarhlutans er 40-60 íbúar/ha. Hluti svæðisins, Norðurmýri, er með >80 íbúa/ha. Í Suðurhlíðum er byggð heldur gisnari.

Stærð íbúðaeininga

Stærðir íbúðareininga í borgarhlutanum að meðaltali um 101m^2. Í Reykjavík er meðalstærð minnst í miðborginni eða 94m^2 en stærstar eru íbúðir að meðaltali á Kjalarnesi eða 141m^2.

2.4.1.3 Skólahverfið



Mynd 2. 21 Menntastofnanir, leiksvæði og íþróttahús við skóla. Rauður hringur, 500m frá skóla.

Í borgarhluta 3 eru tveir hverfisskólar, Hlíðaskóli og Háteigsskóli. Skólarnir eru vel nýttir. Í aðliggjandi hverfum utan borgarhlutans eru hverfisskólarnir Austurbæjarskóli, sem mörg börn úr hverfinu sækja og Álftamýrarskóli. Auk hverfisskólanna eru þrír einkaskólar á grunnskólastigi, Ísaksskóli, Suðurhlíðaskóli og skóli Hjallastefnunnar og tveir sérskólar, Klettaskóli og Brúarskóli.

Tveir framhaldsskólar eru í borgarhlutanum, Menntaskólinn í Hamrahlíð og Tækniskólinn.

Menntastofnanir á háskólastigi eru Háskólinn í Reykjavík og hluti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.

Átta leikskólar eru í borgarhlutanum og fjöldi opinna leiksvæða og nokkur minni íþróttahús í tengslum við skólana.

Tafla 1. Fjöldi íbúða í skólahverfum 2010 og áætlaður fjöldi 2030.

	2015	2030	Fjölgun
Háteigsskóli	2.880	3.230	350
Hlíðaskóli	1.800	1.800	0 *
Nýr skóli	0	800	800 **

*Tækifæri til fjölgunar íbúða á Veðurstofuhæð og Skógarhlíð.

** Nýr skóli í tengslum við uppbyggingu á Hlíðarenda og við Öskjuhlíð.



Mynd 2. 22. Nemendafjöldi, þróun og spá. Heimild: Skóla- og frístundasvið.



Mynd 2. 23. Þróun skólastærðar.

2.4.1.4 Húsnæði fyrir alla

Í borgarhluta 3 er 56% íbúða þriggja herbergja eða minni sem er töluvert meira en er í Reykjavík. Hins vegar eru aðeins 11% íbúða stærri en fimm herbergja sem er minna en er að jafnaði í Reykjavík. Miðað við meðaltal í borginni er skortur á stærstu íbúðunum (fleiri en fimm herbergi) og heldur fleiri tveggja og þriggja herbergja íbúðir eru en gengur og gerist í Reykjavík. Óvenju mikið er af litlum fjölbýlishúsum í hverfinu og óvenju lítið um einbýli sem kemur heim og saman við greiningu á herbergjafjölda í íbúðum. Í hverfinu er nokkuð um stúdentaíbúðir. Annað leiguhúsnæði er hvorki meira né minna en gengur og gerist.



Mynd 2. 24. Hlutfallsleg skipting íbúðarhúsnæðis skv. herbergjafjölda.



Mynd 2. 25. Hlutfallsleg skipting íbúðarhúsnæðis skv. húsnæðisgerð.

2.4.1.5 Atvinna / störf

Á jaðri borgarhlutans er hluti helstu atvinnusvæða Reykjavíkur, Borgartún í norðri, Suðurlandsbraut/Múlar og Kringlan í austri, HR í suðri og Landspítalinn, HÍ og miðborgin í vestri. Þá eru skólar á öllum skólastigum í borgarhlutanum.

Fjölbreytt atvinnustarfsemi er í borgarhlutanum, sérstaklega við Laugaveg, í Holtunum og í Skógarhlíð. Einkennandi fyrir borgarhlutann er fjöldi menntastofnanna, allt frá leikskólastigi að háskóla ásamt fjölda sérskóla og einkaskóla. Stefnt er að frekari atvinnuuppbyggingu á Veðurstofuhæð við Bústaðaveg og við Flugvallarveg og Nauthólsveg.

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur eru um 5.270 störf í borgarhluta 3 og 263.600m^2 atvinnuhúsnæði.

2.4.1.6 Framboð verslunar og þjónustu



Mynd 2. 26. Verslun og þjónusta.

Fjölbreytt verslun og þjónusta er í borgarhlutanum. Fimm bensínstöðvar/sölur eru í borgarhlutanum. Borgarhlutinn nýtur einnig nálægðar við Kringluna, miðbæinn og Suðurlandsbraut/Múla varðandi þjónustu og verslun.

2.4.1.7 Framboð á matvöruverslunum



Mynd 2. 27. Staðsetning og gerð matvöruverslana árið 2015 .

Litlar hverfisverslanir eru í borgarhlutanum og þjóna honum vel. Í Suðurhlíðum og Öskjuhlíðarhverfi er lítið aðgengi að matvöruverslunum, syðst í borgarhlutanum er bensínstöð með sjoppu. Lágvöruverslun opnaði í hverfinu árið 2015.

Matvöruverslunum í borgarhlutanum hefur fækkað umtalsvert frá því þegar mest var. Nokkrar minni almennar matvöruverslanir og matvöruverslanir með sérvöru eru innan borgarhlutans.

Fyrverandi matvöruverslanir



Mynd 2. 28. Húsnæði sem áður var nýtt undir matvöruverslun.

Mikill fjöldi matvöruverslana og sérvöruverslana með matvöru var í borgarhlutanum áður samanborið við ástandið í dag. Verslunum fækkaði umtalsvert eftir tilkomu verslunarmiðstöðvarinnar í Kringlumýri (1987) og vegna breyttra verslunar-, samgöngu- og lifnaðarhátta. Dregið hefur mjög úr vinnu innan veggja heimilisins frá því sem áður var og almenn eign og aukin notkun einkabílsins er mikill áhrifavaldur. Íbúar hverfisins voru áður fyrr ekki háðir einkabíl til að afla aðfanga fyrir heimilið.

Afþreying



Mynd 2. 29. Afþreying, menning, veitingahús.

Fjölbreytt afþreying er í borgarhluta 3. Flestir veitingastaðir eru í nálægð við Laugaveg, Skipholt og Rauðarárstíg. Stór opin svæði eru við Klambratún og í Öskjuhlíð. Listasafn og leikhús eru í borgarhlutanum.

Gististaðir; hótel, gistiheimili, heimagisting



Mynd 2. 30 Hótel og gistirými 2013.

Gististaðir af öllum gerðum eru víða í borgarhlutanum. Flest skráð hótel/gistiheimili og hótelíbúðir eru í nánd við Laugaveg, Skipholt, Snorrabraut og Rauðarárstíg.

Landnotkun – grunnskilgreiningar Aðalskipulags:

Hótel og gistiheimili eru ekki heimil á athafnasvæðum, iðnaðarsvæðum og hafnarsvæðum. Hótel og gistiheimili geta verið heimil innan flestra landnotkunarsvæða innan þéttbýlis, en á sumum takmarkast gistiþjónusta við flokka I, II eða III. Ennfremur er gert ráð fyrir að gistiþjónusta sé almennt heimil á opnum svæðum og landbúnaðarsvæðum, enda sé gerð grein fyrir starfseminni í deiliskipulagi. Hótel og gistiheimili eru almennt heimil í miðborginni og miðsvæðum.

•Flokkur I: Heimagisting. Gisting á heimili gistisala.

•Flokkur II: Gististaður án veitinga. Minniháttar gistiheimili.

•Flokkur III: Gististaður með veitingum en þó ekki áfengisveitingum. Stærri gistiheimili.

•Flokkur IV: Gististaður með minibar. Umfangsmeiri hótelstarfsemi en flokkur III.

•Flokkur V: Gististaður með bar og/eða veitingaaðstöðu þar sem áfengi er veitt. Yfirleitt umfangsmikil hótelstarfsemi.

2.4.1.8 Öryggi og heilsa

Skólabörn upplifa hættu á hringtorgi við gatnamót Hamrahlíðar, Lönguhlíðar, Eskihlíðar og Litluhlíðar. Börn úr Norðurmýri þurfa að fara yfir stórar götur (Snorrabraut eða Lönguhlíð). Leiðirnar eru skýrar og fylgja gatnanetinu víðast hvar en hugsanlega má bæta merkingar við götuþveranir. Afla þarf betri upplýsinga frá nemendum í Austurbæjarskóla og Háteigsskóla um gönguleiðir í skólann.

Mörg alvarleg slys verða á Miklubrautar í Hlíðum, miðað við önnur svæði. Kanna þarf hvort gera ætti úrbætur á þverunum yfir Lönguhlíð og Hamrahlíð. Almennt er hraði á Miklubraut orsakavaldur slysa sem þar verða, auk mikils fjölda bíla sem þar fara um.

Fjöldi innbrota í borgarhlutanum er um miðbik hverfa borgarinnar með um 100 innbrot á hverja 10.000 íbúa. Innbrot eru langflest í miðborg og eru væntanlega ákveðin smitunaráhrif af því á borgarhlutann. Miðað við fjölda hegningarlagabrota árið 2010 eru Hlíðar með næst fæst brot af hverfum Reykjavíkur.

Umferðaröryggi - slys



Mynd 2. 31. Slysagreining, umferðarslys 2008-2012 flokkuð eftir alvarleika.

Í mati á grunnástandi borgarhlutans var sérstaklega gerð grein fyrir umferðaröryggi. Unnin var slysagreining fyrir borgarhlutann sem tekur til áranna 2008-2012. Allar upplýsingar byggja á gögnum frá Umferðarstofu/Samgöngustofu. Miklar umferðargötur umlykja borgarhlutann. Umferðarslys eru tíð á þeim götum, sérstaklega við gatnamót. Umferðarslys á smærri götum inn í íbúðarbyggð eru fátíðari.

Samantekt slysagreiningar:

- Um 1.900 slys og óhöpp urðu í borgarhlutanum 2008-2012. Slys á gatnamótunum í kringum borgarhlutann eru talin með.
- Tvö banaslys (ekið á óvarinn vegfaranda og fall af bifhjóli).
- Alvarleg slys 33 (35), þar af tólf óvarðir vegfarendur og níu féllu af bifhjóli.
- Þrjú til tíu alvarleg slys á ári.
- 157 slys þar sem verða lítil meiðsl.
- Árlega eru 24-43 slys, flest árið 2008, 30 árið 2009, 32 árið 2010, færri 2012.
- Fjöldi slysa er nokkuð sambærilegur á milli mánaða, flest slys verða síðdegis.
- Flest óhöpp eru vegna árekstra bíla, sem stefna í sömu átt, eða um helmingur óhappa.
- Flest slys eru þar sem umferð er mest (það er á stofnbrautum).
- Flest slys verða þegar umferð er mest, á háannatíma, fleiri slys síðdegis en árdegis.
- Flest slys eru í janúar, fleiri slys um vetur en á tímabilinu apríl til ágúst.
- Færri alvarleg slys á veturna, því bílstjórar hafa varann á sér, en fleiri óhöpp án meiðsla.

Umferðaróhöpp



Mynd 2. 32. Umferðaróhöpp árið 2012 flokkuð eftir alvarleika slysa.

Tillögur að aðgerðum sem þarf að skoða í skipulagsvinnu.

Göngu/hjóla-þveranir:

- Tryggja aðgengi gangandi og hjólandi.
- Fylgja reglum við gerð þverana og tryggja góða lýsingu.
- Tryggja að þveranir séu nægilega margar og öruggar.

Bifhjól:

- Fylgja öryggisreglum/stöðlum í gatnagerð.
- Tryggja réttan frágang vegriða.
- Tryggja notkun vistvænni efna í malbiki sem hindrar blæðingar úr malbiki.
- Taka tillit til bifhjóla í hönnun, og þegar staðsetning fyrir skilti, ljósastaura og yfirborðsmerkingar er ákveðin, t.d. í beygjum þar sem hætta er á að hjólið geti skautað.
- Setja höggþolið eftirgefanlegt plaströr utan um staura og skilti.

Ferðamáti í skóla

Við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar verður meðal annars stuðst við niðurstöður úr ferðavenjukönnun sem Capacent vann fyrir Reykjavíkurborg og Vegagerðina árið 2011. Gerð er grein fyrir ferðum barna á skólaaldri innan hverfahluta.



Hljóðvist og loftgæði



Mynd 2. 33. Hljóðvist reiknuð út frá umferðarþunga.

Vinna við umhverfismat áætlunarinnar mun taka mið af fyrirliggjandi gögnum um hljóðvist sem unnin voru í tengslum við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010–2030.

Viðmið: Reglugerð um hávaða 724/2008.

Við mat á áhrifum áætlunar á loftgæði í borgarhlutanum verður stuðst við fyrirliggjandi gögn sem tengjast hljóðvist. Þau gögn gefa vísbendingu um stöðu loftgæða í borgarhlutanum að því er varðar hljóðvist. Í skipulagsvinnunni verður leitast við að afla frekari gagna um loftgæði í borgarhlutanum.

Viðmið: Reglugerð um loftgæði nr. 787/1999.

2.4.1.9 Þátttaka íbúa

Íbúar taka virkan þátt í umræðu um framtíð hverfis síns. Lengi vel voru íbúasamtök hverfisins með þeim öflugri í borginni. Þátttaka í kosningunni um Betri hverfi var mest í Hlíðunum, allra borgarhluta.

Sá nánar kafla 6 um samráð.

2.4.2 Gæði byggðar



Mynd 2. 34. Flokkun byggðar eftir byggðarmynstri.

Borgarhlutinn einkennist af þéttri lágreistri byggð. Hverfiseiningar hafa sterkan heildarsvip og byggð er tiltölulega einsleit í jákvæðri merkingu.

Sjá einnig umfjöllun um gæði byggðar í gátlista (fylgigagn) og fyrir hverfi borgarhlutans í köflum 3.4.2, 4.4.2, 5.4.2 og 6.4.2.

5. bók grunngagna greinir frá gildandi deiliskipulagi og skilmálum.

1 Skipulag/uppdrættir hafa ekki gildi sem deiliskipulag eða þarfnast uppfærslu. Rammaskilmálar, samþykktir og leiðbeinandi gögn s.s. hverfakort. Án uppdráttar. Þörf á skilmálagerð.

1a Upphaflegt skipulag frá 1932(4). Rammaskilmálar frá 1987.

1b Rauðarárholt – Byggingarfélag Reykjavíkur. Skipulag frá 1947(48).

1d Hlíðar, norðan Miklubrautar. Skipulag frá 1946, framkvæmt að hluta.

1e Skipholt/Nóatún.

2 Skilmálar meðfylgjandi úthlutun, skriflegir. Uppdráttur eða mæliblað oft með.

Þar kemur m.a. fram byggingarreitur, aðkoma og kvaðir.

Leiðbeinandi skilmálar í hverfakorti. Þarfnast uppfærslu. Þörf á skilmálagerð.

2a Hjálmholt/Vatnsholt og Grænahlíð/Stigahlíð norður.

2c Nóatún.

3 Deiliskipulag, heildarskipulag hverfis s.s. Suðurhlíðar. Samþykkt fyrir skipulags- og byggingarlög 1997/1998. Deiliskipulagsuppdráttur og skýringarmynd. Úthlutunarskilmálar með skýringarmyndum. Þarfnast nánari skoðunar á hvort þörf er á nýrri skilmálagerð.

3c Ásholt/Laugavegur, Egilsborgir.

4 Deiliskipulag, eftir götureitum, skv. skipulags- og byggingarlögum 1998 (nema 4c). Uppdráttur og greinargerð/skilmálar saman. Landnotkun, byggingarheimildir, nýtingarhlutfall, o.s.frv. Þarfnast nánari skoðunar á hvort þörf er á nýrri skilmálagerð (nema 4c).

4b Hlemmur, Tryggingarstofnunarreitur, Bankareitur, Hampiðjureitur, Skipholtsreitur, Einholt/Þverholt, deilikipulag frá síðustu aldamótum.

4c Skipholt/Laugavegur, deiliskipulag frá síðustu aldamótum.

5 Deiliskipulag, einkum fyrir opinbera starfsemi /samfélagsþjónustu. Yfirleitt ekki íbúðarsvæði. Uppdráttur og greinargerð/skilmálar saman.

5 Tækniskólinn/Háteigsskóli

5 MH reitur/Hlíðaskóli

2.4.2.1 Tilurð / saga byggðarinnar / menningararfur



Mynd 2. 35 Mat á varðveislugildi, byggðarmynstri, götumynd, byggingarlist ofl.

Borgarhlutinn hefur verið í þróun frá þriðja áratug síðustu aldar allt fram til dagsins í dag, sjá kafla 2.1.2 Staðhættir, 2.1.4 Þróun byggðar og 2.3 Húsa- og byggðakönnun með tilvísunum í helstu niðurstöðum Minjasafns Reykjavíkur á hverfismati í borgarhluta 3.

Ráðgjafar hverfisskipulags borgarhluta 3 leggja til að eftirfarandi mannvirki og byggingar verði skoðuð sérstaklega með tilliti til verndurnar og friðunar:

- Gömlu stakkstæðin
- Fossvogskapella
- Sjómannaskólinn
- Ísaksskóli
- Hlíðaskóli
- Háteigur
- Þjóðskjalasafnið (Gamla mjólkurstöðin)
- Barmahlíð
- Drápuhlíð

2.4.2.2 Byggðarmynstur

Sérkenni hverfisins eru lítil fjölbýlishús sem finna má í ýmsum útgáfum víða um borgarhlutann. Víðast hvar hefur borgarhlutinn einkenni íbúðahverfis nema næst Hlemmi og þar upp af til austurs. Flest hús eru 3–5 hæðir en næst koma hús með 1–2 hæðir. Hærri hús eru mjög staðbundin. Hærri byggingar eru sjaldséðari.

Nýtingarhlutfall lóða í borgarhlutanum

Nýtingarhlutfall lóða í borgarhlutanum er yfir heildina með því hæsta í borginni.

2.4.2.3 Göngufjarlægðir (gönguhæfni)



Mynd 2. 36. Öryggisráðstafanir vegna gangandi vegfarenda yfir umferðargötur.

Borgarhlutinn er byggður með hefðbundnu gatnaneti sem gerir umferð fjölbreyttra samgöngumáta einfalda og skýra. 85% íbúa búa í göngufæri við verslun. Hefðbundið gatnanet tengir verslun og þjónustu heimilum borgarhlutans. Ákveðin þjónusta er þó handan við jaðar hverfisins, t.d. Kringlan og verslanir í Nótatúni. Við Kringluna mætti gera úrbætur á gönguleiðum innan Kringlusvæðisins, ný gönguljós yfir Kringlumýrarbraut eru sennilega til að bæta aðgengi. Bæta mætti merkingu og aðbúnað leiða frá biðstöðvum Strætó á Miklubraut inn í hverfið. Víða eru gangstéttar bara öðrum megin götunnar og sums staðar illa viðhaldið.

2.4.2.4 Gatan sem borgarrými (Borgargötur, aðalgötur)

Sjá kafla 2.2.1.3

2.4.2.5 Almenningsrými



Mynd 2. 37 Almenningsrými, útivistarsvæði og leiksvæði.

Torg og önnur almenningsrými eiga að vera áhugaverðir áfangastaðir sem gera borgar- og hverfisbúum kleift að halda viðburði og njóta lífsins. Þau eru mikilvæg tæki til að viðhalda mannlífi og þjónustu innan borgarhlutans.

Auk þessa hefur mikilvægur hluti af samráðinu verið upplýsingamiðlun á vefnum hverfisskipulag.is og á sérstakri undirsíðu, samfélagsmiðlum og með fræðsluerindum verkefnisstjóra á fundum og ráðstefnum.

Farið er yfir hvernig samráðinu var háttað í þessari greinargerð. Skýrslan er þannig uppbyggð að fyrst er samantekt helstu niðurstaðna, síðan kemur lýsing á þeim aðferðum sem beitt var við samráðið en þar á eftir er gerð grein fyrir samráðsferlinu og helstu hugmyndum sem voru kynntar. Að lokum er farið yfir niðurstöður og þær reifaðar í stuttum umræðukafla. Aftast er viðauki þar sem hugmyndir og tillögur sem kynntar voru í ferlinu eru sýndar ásamt öðru ítarefni.

Það er von okkar sem stöndum að hverfisskipulagi að þessi skýrsla gefi góða mynd af því víðtæka samráði sem átti sér stað við gerð lokatillagna hverfisskipulags í borgarhlutanum Hlíðum.

Reykjavík, 31. október 2023

Ævar Harðarson, deildarstjóri hverfisskipulags Reykjavíkur

2

Samantekt


2

2. Samantekt

Í vinnu við hverfisskipulag er samráð við íbúa í hverfum borgarinnar í forgrunni. Miklum tíma og orku er varið í samráðið. Um það vitna fjöldi viðburða á vegum hverfisskipulagsins. Samráð við gerð hverfisskipulags er lögbundið og byggir á skipulagslögum nr. 123/2010. Þar er gert ráð fyrir þrískiptu samráði, í upphafi vinnu við skipulag, á vinnslustigi og þegar skipulagstillaga liggur fyrir. Fyrsta tímabil samráðs hverfisskipulags í Hlíðum hófst í september 2015 og stóð fram til vorsins 2016. Annað samráðstímabilið hófst 19. nóvember 2021 og stóð til 21. janúar 2022. Markmiðið með öðru samráðstímabilinu var að gefa íbúum tækifæri til þess að bregðast við og betrumbæta vinnutillögurnar sem byggðu á ábendingum og athugasemdum íbúa sem fram komu á fyrra samráðstímabilinu. Þriðja samráðstímablið hefst þegar endanlegar tillögur að hverfisskipulagi liggja fyrir og fara í lögbundið kynningar- og samþykktarferli.

Í kafla 3 er fjallað um þær aðferðir og þann fræðilega grunn sem beitt er í samráði hverfisskipulags en í kafla 4 er gerð grein fyrir samráðsferlinu.

Í kafla 5 er farið yfir helstu niðurstöður samráðsins eftir hverfum. Fyrst er gerð grein fyrir niðurstöðum fyrsta fasa samráðs við íbúa og hagsmunaaðila, þ.e. rýnihópa Gallup og íbúafunda þar sem notast var við miðakerfi til að kalla fram hugmyndir þátttakenda. Niðurstöðurnar eru flokkaðar eftir áherslum aðalskipulags og sjö lykiláherslum hverfisskipulags um vistvæna byggð. Þar á eftir er gerð grein fyrir þeim athugasemdum sem komu fram þegar vinnutillögur að hverfisskipulagi voru kynntar síðla árs 2021. Í endanlegri útgáfu skýrslunnar verður gerð grein fyrir athugasemdum sem fram koma við lokatillögur að hverfisskipulagi eftir auglýsingu.

Rétt er að nefna að fjölmörg atriði sem fram hafa komið í samráði við íbúa snúa að óskum um ýmsar úrbætur í hverfunum, s.s. viðhaldi gatna og stíga og umhirðu, en þetta eru atriði sem ekki rata inn í hverfisskipulag en eru samt mjög mikilvægur þáttur í því að bæta hverfin og borgina. Slíkum ábendingum og athugasemdum verður komið til viðkomandi eininga og sviða með því að veita fulltrúum þeirra aðgang að niðurstöðum samráðsins.

Nefna verður að oft heyrast þær raddir að lítið tillit sé tekið til ábendinga íbúa í samráði. Í vinnu við hverfisskipulag hefur hins vegar verið leitast við að taka tillit til hugmynda íbúa um úrbætur í sínum hverfum við útfærslu á endanlegum tillögum. Hægt er að skoða niðurstöður samráðs í þessari skýrslu en einnig eru ábendingar og athugasemdir íbúa sem fram komu á íbúafundum í fyrsta fasa samráðs birtar í svokallaðri miðasjá sem er aðgengileg á hverfisskipulag.is. Aðrar athugasemdir og ábendingar eru einnig birtar ópersónugreinanlegar í fylgiskjölum með þessari skýrslu.

Mynd 2.1
Íbúafundur í Hlíðaskóla.


MIKLABRAUT
KRINGLUMÝRARBRAUT
58
56
52

KAFLI

3

Aðferðafræði

EFNISYFIRLIT

3.0 Yfirlit

3.1 Íbúar og hagsmunaaðilar

3.2 Samráð við einingar og svið Reykjavíkurborgar

3.3 Lögbundið samráð

3.4 Upplýsingamiðlun um verkefnið


3

3. Aðferðafræði

3.0 Yfirlit

Í þessum kafla er farið yfir skipulag samráðsins og gerð grein fyrir hvaða aðferðum var beitt við það. Eins áður hefur komið fram var samráðinu ætlað að ná til fjölmargra aðila sem til hagræðis eru flokkaðir í þrjá hópa:

- Íbúar og hagsmunaaðilar í borgarhlutanum.
- Einingar og svið Reykjavíkurborgar sem hverfisskipulagið snertir.
- Opinberar stofnanir og fyrirtæki sem hafa þarf samráð við samkvæmt lögum.

Í samráði við þessa hópa var beitt nokkrum aðferðum sem lýst verður nánar hér á eftir. Samráðinu er sérstaklega ætlað að gefa þessum aðilum rödd í skipulagsferlinu samhliða því að leita eftir góðum hugmyndum sem stuðlað geta að betra og vistvænna hverfisskipulagi. Mynd 3.1. lýsir því hvernig samráðið var byggt upp og skipulagt í tímaröð.

Auk þess ber að geta þess að liður í samráði er upplýsingagjöf um verkefnið á heimasíðum, samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum en gerð er grein fyrir þeim þætti í lok þessa kafla.

3.1 Íbúar og hagsmunaaðilar

Einn mikilvægasti hópurinn sem samráðinu var ætlað að ná til voru íbúar og hagsmunaaðilar í hverfunum. Eins og gefur að skilja er þetta samsettur hópur bæði hvað varðar aldur, áhugasvið og þarfir. Við skipulag samráðsins höfðu komið fram ábendingar um að hefðbundnir íbúafundir með kynningum, framsögum og fyrirspurnum næðu ekki að virkja íbúa nægilega vel. Sérstaklega var þar horft til aðferða sem næðu betur til barna og ungmenna, barnafjölskyldna og eldri borgara en allt eru þetta mikilvægir aðilar í hverju hverfi. Bent var á að hefðbundnir íbúafundir henta ekki þessum hópum sérlega vel. Hefðbundnir íbúafundir voru hins vegar taldir henta betur miðaldra fólki með sterkar skoðanir sem er fært í að tjá sig með framsögu á opinberum fundum. Af þessum sökum voru innleiddar nokkrar nýjungar í samráði sem höfðu þann tilgang að ná til sem flestra og gefa þeim rödd í skipulagsferlinu. Farið verður yfir þessar aðferðir hér að aftan en þær skiptast í þrjá fasa eftir tímabilum en vinna við síðasta fasann er að hefjast og gerð verður grein fyrir honum í endanlegri útgáfu þessarar skýrslu.

Fyrsti fasi (2016):

- Fundir með hverfisráði
- Viðvera í hverfinu
- Rýnihópar Gallup
- Skapandi samráð (Planning for Real) í hverfum
- Íbúafundir fyrir alla í tengslum við skapandi samráð
-

Annar fasi (2021-2022):

- Kynning á vinnutillögum að nýju hverfisskipulagi á sérstakri kynningarsíðu
- Viðvera í borgarhlutanum
- Hverfisgöngur
- Kynningarfundur

Þriðji fasi:

Gerð verður grein fyrir samráðs- og kynningarferli þegar þar að kemur.



Mynd 3.1
Skýringarmynd sem sýnir hvernig samráðið var skipulagt og raðað niður í tímaröð. Í upphafi var samráðið opið en þrengist eftir því sem leið á ferlið. Leitast var við því að tengja samráðið við þá verkþætti sem voru í gangi hverju sinni.



Mynd 3.2
Verkefnastjórar með viðveru vegan hverfisskipulags.



Mynd 3.3
Mynd sem sýnir dæmigerðan rýnihóp að störfum. Heimild: http//www.pra.ca/en/focus-group-facility

3.1.1 Fyrsti fasi (2016)

Fundir með hverfisráði

Mikilvægur samstarfsaðili við gerð hverfisskipulags var hverfisráðið í borgarhlutanum. Áætlanir um framkvæmd vinnu við hverfisskipulag voru kynntar fyrir hverfisráðinu á fundum ráðsins. Þar var leitað eftir áliti ráðsmanna á einstökum atriðum. Einnig voru hugmyndir um helstu áherslur og tillögur sem ráðgjafateymi voru að þróa fyrst kynntar fyrir hverfisráði áður en þær voru kynntar fyrir íbúum. Á vinnslutíma hverfisskipulagsins var fundað nokkrum sinnum með hverju hverfisráði, sjá nánar umfjöllun í 4. kafla þar sem farið er yfir samráðsferlið.

Viðvera í hverfinu

Til að ná til sem flestra íbúa í borgarhlutanum voru verkefnisstjórar hverfisskipulagsins með viðveru í hverfinu á vinnslutíma skipulagsins. Þessi viðvera var skipulögð í samstarfi við starfsmenn þjónustumiðstöðvarinnar í borgarhlutanum og auglýst sérstaklega í fjölmiðlum. Tilgangur viðverunnar var að koma á framfæri upplýsingum um skipulagsvinnuna og leita eftir ábendingum og hugmyndum um úrbætur frá íbúum í beinum samtölum við þá. Verkefnisstjórar hverfisskipulagsins voru með viðveru í borgarhlutanum þegar verklýsing hverfisskipulags var í kynningu og í tengslum við auglýsta íbúafundi. Nánar er gerð grein fyrir viðveru í kafla 4.

Rýnihópar Gallup

Þegar ráðgjafateymi voru komin með drög að stefnumótun og framtíðarsýn fyrir borgarhlutana og áður en komið var að íbúafundum var Gallup fengið til að vera með rýnihópa til að fá fram viðhorf íbúanna til þessara hugmynda. Hugmyndin á bak við rýnihópana var að gera fulltrúum borgarinnar og ráðgjöfum kleift að setja sig í spor íbúa úr borgarhlutanum og skoða viðhorf þeirra til þéttingarsvæða, hverfiskjarna, samgöngumála, grænna áherslna og skilmálagerðar fyrir núverandi byggð.

Rýnihóparnir fóru þannig fram að fylgst var með hópi fólks ræða þær hugmyndir sem verið var að meta en nærvera frá fulltrúum borgarinnar og ráðgjafa hafði ekki áhrif á umræðuna. Rýnihóparnir fóru fram í þægilegu og óþvinguðu umhverfi í húsakynnum Gallup. Umræðustjóri, sem er frá Gallup, sá um að stýra umræðum. Má lýsa framkvæmdinni sem óformlegu samtali fámenns hóps þátttakenda þar sem umræðustjórinn kynnti hugmyndir að hverfisskipulagi með glærusýningu á skjávarpa og leiddi umræðurnar. Umræðurnar í hópunum stýrðust af skilgreindum ramma og voru verkefni eða leikir notaðir þegar við átti til að auka samskiptaflæði og fá fólk til að hugsa á ferskan hátt um viðfangsefnið.

Hópaskipting var ákveðin í samráði Reykjavíkurborgar og Gallup og tók mið af því að þátttakendur í hverjum hópi væru á svipuðum aldri. Þannig voru búnir til fjórir til fimm hópar úr hverjum borgarhluta þar sem þátttakendur voru að jafnaði átta til tíu talsins, ýmist á aldrinum 20–35 ára, 35–55 ára, 55–70 ára eða 67 ára og eldri. Yngstu þátttakendurnir voru rétt um tvítugt en þeir elstu á níræðisaldri. Samkvæmt þeirri aðferðafræði sem Gallup starfar eftir er reynt að hafa aldursmun þátttakenda



Mynd 3.4
Mynd af Margaret Wilkinson og verkefnistjórum á námskeiði um Planning for Real aðferðarfræðina.

í rýnihópum ekki mikinn. Þetta er gert til að koma í veg fyrir árekstra á milli kynslóða vegna aldurs, reynslu eða þekkingar. Einnig ber að nefna að íbúar á ólíkum aldri nota mismunandi þjónustu, s.s. leikskóla, grunnskóla, vegakerfi, almenningssamgöngur, velferðarþjónustu o.s.frv.

Gallup sá um að bjóða íbúum þátttöku í rýnihópunum og var það gert með því að hringja í íbúa eftir slembiúrtaki. Fundurinn með hverjum rýnihóp tók um eina og hálfa klukkustund og fengu þátttakendur gjafabréf í lokin sem þakklætisvott fyrir veitta aðstoð.

Gallup leggur mikla áherslu á að viðskiptavinurinn fylgist með umræðum hópanna, en það er gert á skjá í öðru rými með vitund og vilja þátttakenda í rýnihópunum. Auk þess voru umræður teknar upp en starfsmaður Gallup gerði síðan orðrétt afrit af samræðum í rýnihópunum ásamt stuttum útdrætti. Hvort tveggja var síðan afhent fulltrúum hverfisskipulagsins og notað við úrvinnslu og áframhaldandi tillögugerð.

Skapandi samráð

Við vinnu að nýju hverfisskipulagi fyrir öll hverfi borgarinnar var ákveðið að byggja á samráðsaðferðinni Planning for Real, sem á uppruna sinn í Bretlandi, en var við framkvæmd verkefnisins í Reykjavík kölluð Skapandi samráð. Hugmyndafræðin að baki Planning for Real er að skapa grundvöll fyrir samtal við íbúa og nýta sérfræðiþekkingu þeirra á nærumhverfi sínu. Til að undirbúa verkefnið kom einn af frumkvöðlum aðferðafræðinnar, Margaret Wilkinson, til landsins haustið 2015 og hélt námskeið fyrir lykilstarfsmenn hverfisskipulagsins en Wilkinson hefur þróað og unnið með Planning for Real aðferðina í hartnær fjörutíu ár og haldið námskeið víða um heim.

Skapandi samráð – hugmyndafræðin

Grunnhugmynd Planning for Real og Skapandi samráðs er að fá íbúa (oft börn) til að hjálpa til við að búa til einfalt módel af sínu hverfi, sem svo er notað sem samráðstæki á íbúafundum. Gestum fundarins er þá boðið að koma á framfæri

sínum athugasemdum með því að leggja litla miða með hugmyndum inn á módelið á þann stað sem við á. Hver miði er svo í fundarlok skráður í gagnabanka sem nýtist við áframhaldandi skipulagsvinnu. Kostirnir við þessa aðferðafræði eru m.a.:

Módelvinna barna/íbúa hverfisins vekur athygli á verkefninu og gefur íbúunum hlutdeild í því.

Tækifæri eru til að koma fleiri skoðunum á framfæri en heyrast á hefðbundnum íbúafundum.

Auðveldara er fyrir þá sem eru óframfærnir, feimnir eða finnst óþægilegt að viðra skoðanir sínar opinberlega að koma hugmyndum sínum á framfæri þar sem ekki þarf að gera það munnlega.

Módelin eru meðfærileg svo að auðvelt er að setja þau upp hvar sem er og færa þannig fundina nær íbúum eða einstökum hópum sem óskað er eftir hugmyndum frá.

Skráning á niðurstöðum funda (þ.e. miðunum sem lagðir eru á módelið) er fljótleg og auðvelt er að miðla þeim á aðgengilegan hátt til almennings og annarra sem málið varðar.

Aðferðin styrkir beint íbúalýðræði.

Í köflum 3.1.6 til 3.1.9 verður framkvæmd samráðsferlisins Skapandi samráð útskýrð nánar.

Skapandi samráð – módelgerð í grunnskólum

Skapandi samráð – miðakerfi

Sérstakt miðakerfi var útbúið fyrir Skapandi samráð og notað á samráðsfundum með íbúum. Fundargestir gátu valið miða með tilbúnum hugmyndum/athugasemdum eða tekið tóma miða og skrifað á þá eigin hugmyndir og lagt á viðeigandi stað á módelið sem grunnskólanemar höfðu gert.

Miðakerfi Skapandi samráðs byggði að miklu leyti á grunni sem Margaret Wilkinson, einn af frumkvöðlum aðferðafræðinnar Planning for Real, sendi verkefnisstjóra hverfisskipulags. Sá grunnur var þýddur, staðfærður og tekið úr honum og bætt við eftir aðstæðum. Miðakerfinu var skipt í sex yfirflokka og útbjó Múlalundur sérstakar möppur fyrir miðakerfið. Á íbúafundum var möppunum raðað á borð í kringum módelin, tvær til þrjár möppur fyrir hvern yfirflokk svo að fleiri kæmust að í einu til að skoða hugmyndirnar í hverjum flokki.

Í möppu hvers aðalflokks voru á bilinu 15–35 miðar með fyrir fram skráðum hugmyndum auk þess sem í hverjum flokki voru auðir miðar merktir Þín hugmynd þar sem gestum gafst færi á að skrá eigin hugmynd undir hvern yfirflokk. Hver flokkur hafði sinn litakóða og voru miðarnir prentaðir á pappír í viðeigandi lit. Einnig voru í boði auðir miðar í hlutlausum lit en þeir voru ætlaðir hugmyndum sem fólk gat ekki fundið stað innan þessara sex yfirflokka.



Mynd 3.5
Módelgrunnur í skalanum 1:500 sem notaður var í vinnunni.

Yfirflokkarnir og litir þeirra voru:

Mennta-, íþrótta- og tómstundamál (dökkbláir miðar)

Menningar- og félagsmál (ljósbláir miðar)

Verslun og þjónusta (bleikir miðar)

Umhverfi og náttúra (grænir miðar)

Húsnæðismál (gulir miðar)

Samgöngur (rauðir miðar)

Yfirflokkunum var skipt niður í nokkra undirflokka og hverjum miða gefið númer sem gaf til kynna yfirflokk og undirflokk tiltekins miða. Undirflokkarnir voru þó ekki sýnilegir notendum á íbúafundunum enda frekar hugsaðir til hagræðis við skráningu og úrvinnslu gagnanna og framsetningu niðurstaðna.

Ekki var í öllum tilfellum augljóst undir hvaða yfirflokk einstakar hugmyndir ættu að heyra. Í endanlegri útgáfu miðakerfisins var horft til þess að yfirflokkarnir yrðu ekki of margir og að enginn flokkur yrði of stór eða yfirgripsmikill, enda mikilvægt fyrir aðferðafræðina að miðakerfið sé aðgengilegt og auðskiljanlegt. Miðakerfinu má heldur ekki vera of þröngur stakkur skorinn þannig að þátttakendum finnist að einungis sé sóst eftir tilteknum hugmyndum en ekki öðrum. Mikilvægt er að íbúar upplifi að öllum skoðunum sé fagnað í ferlinu og að úrval fyrir fram skráðra hugmynda geti um leið kveikt nýjar hugmyndir.

Skapandi samráð – íbúafundir

Íbúafundir voru haldnir í öllum borgarhlutunum þegar módelsmíðinni var lokið í skólunum. Allur gangur var á því hversu snemma eftir módelsmíðina fundirnir voru haldnir. Einn fundur var haldinn aðeins viku seinna en oftast liðu nokkrar vikur eða mánuðir frá módelvinnu í skólunum að íbúafundum. Það sem helst réð tímasetningu íbúafundanna var hvenær hugmyndir ráðgjafa að stefnumótun og framtíðarsýn borgarhlutans voru tilbúnar og hvenær módelgerð var lokið í hverjum borgarhluta.

Yfirleitt var sá háttur hafður á að halda einn íbúafund í hverju hverfi og hafa fundinn í viðkomandi hverfisskóla eða að tvö hverfi innan sama borgarhluta hefðu sameiginlegan fund. Í einhverjum tilfellum var haldinn einn íbúafundur fyrir allan borgarhlutann. Fyrsti íbúafundurinn var haldinn í Ártúnsskóla fyrir íbúa Ártúnsholts, í beinu framhaldi af módelgerðinni þar, en Ártúnsskóli var fyrsti skólinn til að taka þátt í Skapandi samráði. Líta má á þann íbúafund sem prófun á aðferðum Skapandi samráðs.

Mennta-, íþrótta- og tómstundamál	**Menningar- og félagsmál**	**Verslun og þjónusta**
• Menntamál • Tómstundamál • Íþróttamál • Þín hugmynd.	• Aðstaða og aðgegni • Dýrahald • Menning og listir • Velferð • Öryggi • Þín hugmynd	• Matur og drykkur • Önnur þjónusta • Annað • Þín hugmynd
Umhverfi og náttúra	**Samgöngur**	**Húsnæðismál**
• Ræktun • Gróður og garðar • Sorp og mengun • Þín hugmynd	• Akandi umferð • Gangandi og hjólandi • Almenningssamgöngur • Annað • Þín hugmynd	• Húsnæði sem vantar • Heimildir til breytinga • Verndun • Annað • Þín hugmynd

Mynd 3.6
Yfirlit yfir miðakerfi skapandi samráðs.

Til fundanna var boðað með dreifibréfi sem sent var inn á öll heimili í viðkomandi hverfi. Hengdar voru upp auglýsingar á áberandi stöðum í hverju hverfi. Skólastjórnendur sáu um að kynna íbúafundi með tölvupósti og hverfisráð og íbúasamtök kynntu viðburði á samfélagsmiðlum. Auk þess voru keyptar útvarpsauglýsingar fyrir nokkra íbúafundi. Þessu til viðbótar voru íbúafundirnir kynntir á heimasíðum hverfisskipulagsins og Reykjavíkurborgar og á tiltækum samfélagsmiðlum. Þannig má segja að allmikið hafi verið lagt í að kynna þessa viðburði vel.

Hver íbúafundur hófst síðan með því að Ævar Harðarson, verkefnisstjóri hverfisskipulags, setti fundinn og sagði stuttlega frá fyrirkomulagi fundarins. Fyrirkomulag allra íbúafunda var með svipuðum hætti og í grunninn má segja að fundarfyrirkomulagið hafi byggt á fjórum meginatriðum:

Á veggi voru hengd veggspjöld þar sem kynntar voru hugmyndir ráðgjafahópa að stefnumótun fyrir hvern borgarhluta.

Í miðju fundarrýminu var módeli stillt upp sem nemendur í hverfinu/borgarhlutanum höfðu gert og á borðum í kringum módelið lágu möppur með miðakerfi sem fundargestir gátu notað til að koma hugmyndum sínum á framfæri á módelinu.

Á íbúafundi mættu fulltrúar ráðgjafahópa og starfsmenn umhverfis- og skipulagssviðs og gátu fundargestir beint spurningum og athugasemdum til þeirra í óformlegu spjalli á gólfinu.

Afriti af hugmyndum ráðgjafahópa að stefnumótun, sem voru til sýnis á veggspjöldum á fundinum, var dreift til fundargesta á A4 ljósritum og þeir beðnir um að gefa einstökum hugmyndum einkunn með lituðum límmiðum eða tússpennum; grænn (fylgjandi hugmynd), gulur (hvorki fylgjandi né andvíg/ur hugmynd) eða rauður (andvíg/ur hugmynd). Það var undir hverjum og einum komið hvort viðkomandi gaf öllum hugmyndum einkunn eða bara þeim sem hann/hún hafði sterkasta skoðun á. Þessari aðferð var ekki beitt á fyrstu fjórum íbúafundunum, þ.e. í Ártúnsholti, Neðra-Breiðholti, Seljahverfi og Efra-Breiðholti. Þar var fundargestum gefinn kostur á að skrifa skoðanir sínar á hugmyndum ráðgjafahópa á flettitöflur, en sú aðferð þótti ekki nógu skilvirk.

Fundirnir stóðu í eina og hálfa klukkustund og voru allir haldnir eftir kvöldmatarleyti á virkum dögum nema fundurinn í Efra-Breiðholti sem haldinn var á laugardagseftirmiðdegi.

Fundargestir gátu nýtt sér miðakerfið og módelið til að bregðast við hugmyndum ráðgjafateyma sem kynntar voru á veggspjöldum á fundinum en einnig komið á framfæri ýmsum öðrum hugmyndum og athugasemdum sem þeir kunnu að hafa um hverfið, hvort sem þær tengdust hverfisskipulagi beint eða óbeint. Þátttakendur gátu sett eins marga miða á módelið og þeir kusu og engin krafa var gerð um að viðkomandi setti nafn sitt við hugmyndina/athugasemdina. Þannig söfnuðust heilmiklir gagnabankar um hugmyndir íbúanna um nauðsynlegar úrbætur í hverfunum og um framtíðarsýn íbúanna.

Í fundarlok skráðu starfsmenn hverfisskipulags niður allar athugasemdir og hugmyndir sem lagðar höfðu verið á módelið í rafrænan gagnagrunn sem sérstaklega var útbúinn fyrir hverfisskipulagið. Staðsetning hvers miða var skráð í gagnagrunninn með GPS-hniti. Úr gagnagrunninum er svo mögulegt að kalla fram þær upplýsingar sem skráðar hafa verið með ýmsum síunarmöguleikum. Nánar verður sagt frá gagnagrunninum í næsta kafla.

Skapandi samráð – miðasjá

Mynd 3.8
Dæmigerður íbúafundur þar sem veggspjöld hanga á veggjum, módel er á miðju gólfi, ráðgjafar og starfsmenn svara fyrirspurnum og leiðbeina og íbúar gefa hugmyndum og stefnumótun og framtíðarsýn einkunnir, sbr. lið 4 fyrir ofan.



Allir miðar sem lagðir voru á módelin, hvort sem var á valfundi nemenda eða á íbúafundum í hverfunum, voru í fundarlok skráðir í rafrænan gagnagrunn sem sérstaklega var útbúinn fyrir hverfisskipulagið og kallaður hefur verið miðasjá. Skráning í grunninn er eingöngu opin fyrir starfsmenn umhverfis- og skipulagssviðs sem vinna að hverfisskipulagi.

Grunnurinn byggir á kortavef frá Mapbox sem býður upp á að hægt sé að gefa hverjum miða sem lagður hefur verið á módel GPS-hnit með nokkurri nákvæmni. Hver miði hefur sitt einstaka númer sem hann er skráður eftir og mögulegt er að skrá aukalegar athugasemdir ef slíkar athugasemdir voru handskrifaðar á viðkomandi miða, sem oft var raunin. Í miðasjánni er því hægt að kalla fram alla miða sem lagðir hafa verið á módelin auk þess sem hægt er að sía niðurstöðurnar á ýmsan máta, t.d. eftir yfirflokkum, undirflokkum eða einstökum miðum eða eftir tilteknum svæðum s.s. borgarhlutum, hverfum eða öðrum afmörkuðum svæðum.

Sérstakan aðgang þarf að fá að miðasjánni til að geta leitað í gagnagrunninum eftir öllum áðurnefndum síunaraðferðum og hafa starfsmenn hverfisskipulagsins slíkan aðgang auk ráðgjafahópanna sem vinna tillögur að hverfisskipulagi og annarra lykilaðila í vinnunni sem málið varðar. Einfaldari útgáfa af miðasjánni hefur einnig verið tengd við heimasíðu hverfisskipulagsins, sjá hverfisskipulag.is, þar sem hver sem er getur skoðað alla miða sem skráðir hafa verið í miðasjána og síað niðurstöður eftir hverfum og yfirflokkum.

3.1.2 Annar fasi (2021)

Kynningarsíða

Áður en lokahönd var lögð á tillögur að hverfisskipulagi fyrir öll hverfi Hlíða var opnuð sérstök kynningarsíða (hverfisskipulag.is/kynning/hlidar) þar sem vinnutillögur að hverfisskipulagi voru kynntar. Síðan fór í loftið um 19. nóvember 2021 og var aðgengileg af forsíðu hverfisskipulagsins (hverfisskipulag.is) til 9. febrúar 2022, þegar athugasemdafrestur við vinnutillögurnar rann út.

Kynningarsíðan var auglýst með keyptum auglýsingafærslum á Facebook og var markhópur auglýsinganna íbúar í Hlíðum 18 ára og eldri.

Tillögurnar voru kynntar í texta, á myndum og uppdráttum og með myndbandskynningum. Fremst á síðunni var almenn kynning á verkefninu og forsendum þess. Þar fyrir aftan var umfjölluninni skipt í sjö kafla, þ.e. Vistvænni samgöngur, Mín eign, Þróun íbúðabyggðar, Þróunarsvæði, Grænar áherslur, Klambratún og Samráð.

Í kafla um vistvænni samgöngur voru m.a. kynntar hugmyndir um borgargötur með áherslur á almenningssamgöngur og vistvæna ferðamáta, bættar tengingar milli hverfa og rætt um áherslu á að setja Miklubraut í stokk. Kaflinn Mín eign kynnti hugmyndir um aukaíbúðir í sérbýlishúsum, ofanábyggingar á fjölbýlishús og aðrar breytingar sem íbúum verður gert auðveldara að ráðast í með tilkomu hverfisskipulags. Í kafla um Þróun íbúðabyggðar var m.a. rætt um heimildir til atvinnustarfsemi innan íbúðabyggðar, styrkingu hverfiskjarna og hverfisverndarákvæði í hverfisskipulagi. Farið var yfir ýmis þróunarsvæði og stærri uppbyggingarreiti í borgarhlutanum í kafla um Þróunarsvæði. Í kafla um Grænar áherslur var rætt um áherslur hverfisskipulags um hljóðvist, meðhöndlun úrgangs, og borgarbúskap auk hugmynda um vistlok yfir Kringlumýrarbraut. Í sérstökum kafla um Klambratún voru kynntar hugmyndir hverfisskipulags um að afmarka sérstakan lausagöngugarð fyrir hunda á Klambratúni. Að lokum var farið yfir samráðsferlið á fyrri stigum hverfisskipulagsvinnunnar í kafla um Samráð.

Sýning og viðvera í hverfinu

Starfsfólk hverfisskipulags var með viðveru á Kjarvalsstöðum í viku dagana 19.-26. nóvember 2021. Opið var frá 13-17 flesta daga en 13-15 tvo daga og 13-22 einn dag. Á veggspjöldum mátti kynna sér helstu vinnutillögur hverfisskipulagsins

Mynd 3.7
Mynd sem sýnir uppbyggingu miðasjár.

Miðasjá

Leita | Velja hverfi

Yfirflokkur

- Menntun, íþróttir & tómstundir
- Menning & félagsmál
- Verslun & þjónusta
- Umhverfi & náttúra
- Samgöngur
- Húsnæðismál



fyrir öll hverfi Hlíða, s.s. skipulagsuppdrætti, stefnukort og annað ítarefni. Einnig lágu frammi drög að samráðsskýrslu sem lýsti samráðsaðferðum á fyrri stigum skipulagsgerðarinnar og byggðakönnun Borgarsögusafns fyrir Hlíðar.

Á þessum tíma gafst íbúum og öðrum hagsmunaaðilum færi á að koma og kynna sér og ræða vinnutillögurnar, fá svör við spurningum sem á þeim brunnu og koma á framfæri athugasemdum og ábendingum. Á staðnum voru sérstök eyðublöð sem áhugasamir gátu fyllt út til að koma á framfæri skoðunum sínum, ábendingum og athugasemdum en einnig var boðið upp á að senda athugasemdir í tölvupósti á netfang hverfisskipulagsins, hverfisskipulag@reykjavik.is.

Viðveran var auglýst í fjölmiðlum, s.s. með útvarpsauglýsingum og auglýsingum og greinarskrifum í hverfisblað Miðborgar og Hlíða, og með auglýsingum á vefsíðum og samfélagsmiðlum Reykjavíkurborgar og hverfisskipulagsins.

Hverfisgöngur

Á meðan á viðveru í hverfinu stóð var farið í tvær hverfisgöngur, önnur um Háteigshverfi og hin um Hlíðahverfi. Göngurnar voru báðar farnar laugardaginn 20. nóvember, sú fyrri kl. 10.00 um Háteigshverfi og seinni kl. 13.00 um Hlíðahverfi. Göngurnar voru skipulagðar með þeim hætti að með reglulegu millibili var stoppað og starfsfólk hverfisskipulags og skipulagsráðgjafar kynntu ýmsar tillögur og áherslur sem finna mátti í vinnutillögum hverfisskipulags, s.s. um samgöngumál, þéttingu byggðar og fjölgun íbúða, grænar áherslur o.s.frv. Við lok hverrar göngu gafst þátttakendum færi á að spyrja spurninga og koma á framfæri sínum athugasemdum.

Hverfisgöngurnar voru auglýstar í fjölmiðlum, s.s. með útvarpsauglýsingum og auglýsingum í hverfisblaði Miðborgar og Hlíða, og með auglýsingum á vefsíðum og samfélagsmiðlum Reykjavíkurborgar og hverfisskipulagsins.

Netkönnun – Maptionnaire

Dagana 1.-9. febrúar 2022 gátu áhugasamir svarað netkönnun hverfisskipulags fyrir Hlíðar. Í könnuninni var spurt um þrjú atriði sem kynnt voru í vinnutillögum hverfisskipulags; um byggð á Veðurstofureit, nýtt torg við Stórholt/Einholt og lausagöngugarð hunda á hluta Klambratúns. U.þ.b. 65 manns svöruðu könnuninni á þeim tíma. Könnunin var kynnt á íbúafundi borgarstjóra á Kjarvalsstöðum 2. febrúar og með auglýsingum og stöðuuppfærslum á samfélagsmiðlum hverfisskipulags og Reykjavíkurborgar.

Íbúafundur borgarstjóra

Á íbúafundi borgarstjóra á Kjarvalsstöðum, 2. febrúar 2022, kynnti Ævar Harðarson deildarstjóri hverfisskipulags samráðsferli hverfisskipulagsins í Hlíðum og sagði frá þeim athugasemdum sem hefðu borist við vinnutillögurnar. Tillögurnar höfðu þá verið í kynningu í u.þ.b. 11 vikur og ein vika var eftir af kynningartímanum. Einnig var kynnt netsamráðskönnun og kallað eftir frekari athugasemdum við vinnutillögurnar en opið var fyrir athugasemdir til 9. febrúar. Helga Bragadóttir, ráðgjafi við hverfisskipulagsgerð í Hlíðum, sagði einnig frá helstu vinnutillögum hverfisskipulagsins. Hluti af sýningunni sem sett var upp við upphaf kynningartíma vinnutilagnanna var aftur sett upp á Kjarvalsstöðum við þetta tilefni svo gestir gætu kynnt sér helstu tillögurnar fyrir fundinn.

3.1.3 Þriðji fasi 2022

Gerð verður grein fyrir samráðs- og kynningarferli þriðja fasa þegar þar að kemur.

3.2 Samráð við einingar og svið Reykjavíkurborgar

Víðtækt samráð var haft við einingar og svið Reykjavíkurborgar. Þetta samráð fór annars vegar fram með upplýsingamiðlun í formi fræðsluerinda þar sem verkefnisstjóri hverfisskipulags kynnti verkefnið og helstu áherslur. Hins vegar var leitað eftir því að þær einingar og svið sem hverfisskipulagið var talið snerta tilnefndu fulltrúa sem tækju að sér ákveðin verkefni um þau málefni sem snertu þeirra sérsvið og þörf væri á að taka tillit til í vinnunni. Meginhlutverk þessara sérfræðinga var að:

- Veita faglega ráðgjöf og upplýsingar um þá málaflokka sem þeir eru fulltrúar fyrir í vinnu við hverfisskipulag í einstökum borgarhlutum.
- Taka þátt í kynningu og svara fyrirspurnum á íbúafundum í borgarhlutunum um sína málaflokka.
- Taka þátt í mótun skilmála um sína málaflokka og sinna faglegri rýni á lokaafurðum hverfisskipulagsins.

Samráð og samstarf við einingar og svið Reykjavíkurborgar mun halda áfram út vinnslutíma hverfisskipulagsins.

3.3 Lögbundið samráð

Samráð var haft við eftirfarandi umsagnaraðila meðan á vinnu við tillögu að hverfisskipulagi stóð:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Nærliggjandi sveitarfélög
- Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins
- Heilbrigðiseftirlit
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðina
- Veðurstofu Íslands
- Strætó bs.
- Veitur og lagnir (fyrirtæki Orkuveitunnar)
- Aðrar hlutaðeigandi stofnanir eftir atvikum

Samráðið fór þannig fram að skipulagsgögn voru send þessum aðilum til umsagnar.



3.4. Upplýsingamiðlun um verkefnið

Litið er svo á að mikilvægur liður í samráði sé upplýsingamiðlun um hverfisskipulagið. Við þá upplýsingamiðlun hefur verið beitt nokkrum aðferðum sem taldar eru upp hér fyrir neðan:

- Heimasíða hverfisskipulagsins, hverfisskipulag.is, en heimasíðan hefur verið í stöðugri þróun allan vinnslutíma skipulagsins. Heimasíðan er nátengd heimasíðu Reykjavíkurborgar þar sem gagnkvæm fréttamiðlun um skipulagsmál fer fram.

- Kynningarsíða fyrir vinnutillögur hverfisskipulags, sem aðgengileg eru á skipulag.reykjavik.is.

- Upplýsingamiðlun á Facebook-síðum hverfisskipulagsins, Reykjavíkurborgar, hverfisráða og íbúasamtaka.

- Sýningar á afurðum hverfisskipulagsins þar sem tilgangurinn er að veita upplýsingar og m.a. vekja athygli fjölmiðla á hverfisskipulaginu. Auk kynningarsíðu og sýningu á vinnutillögum hverfisskipulags á Kjarvalsstöðum á meðan á viðveru í hverfinu stóð var einn slíkur viðburður haldinn 9. til 15. júní 2016 í Tjarnarsal Ráðhússins.

- Íbúafundur borgarstjóra þar sem kynntar voru helstu vinnutillögur að hverfisskipulagi.

- Umfjöllun um verkefnið í fjölmiðlum.

Nánar verður gerð grein fyrir framkvæmd upplýsingamiðlunar í kafla 4.

KAFLI

4

Samráðsferlið

EFNISYFIRLIT

4.0 Yfirlit

4.1 Íbúa og hagsmunaaðili í borgarhlutanum

4.3 Samráð við einingar og svið Reykjavíkurborgar

4.5 Opinberar stofnanir og fyrirtæki

4.6 Kynningar og samráð við aðra

4.7 Upplýsingamiðlun og samráð í gegnum vef, fjölmiðla og dreifipóst


4

4. Samráðsferlið

4.0 Yfirlit

Við mótun á tillögum að hverfisskipulagi fyrir hvert hverfi borgarinnar hefur verið leitað eftir hugmyndum og áliti frá eftirfarandi hópum:

- íbúum og hagsmunaaðilum í hverfunum,
- stjórnsýslu Reykjavíkurborgar, þ.m.t. einingar og svið ábyrg fyrir málaflokkum,
- opinberum stofnunum og fyrirtækjum sem hverfisskipulagið varðar,
- öðrum hagsmunaaðilum.

Auk þessa hefur hverfisskipulagið verð kynnt og rætt við fjölda annarra aðila, s.s. fulltrúa fjölmenningar, eldri borgara, grunnskóla, framhaldsskóla og fulltrúa frá háskólum o.fl. Þess ber að geta að á meðan á vinnunni við hverfisskipulag í fjórum borgarhlutum hefur staðið hafa verið haldnir um 300 fundir og samráðsviðburðir, en u.þ.b. fjórðungur þessara viðburða tengjast hverfisskipulagi Hlíða með beinum og óbeinum hætti.

Framkvæmd samráðsins fylgdi vinnuferli hverfisskipulagsins sem er skipt upp í sex verkþætti, sýnd á meðfylgjandi skýringarmynd.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir framkvæmd samráðsins, sem fylgir þeim verkferlum sem lýst er á mynd 4.1.

Í undirköflum er gerð grein fyrir samráði við áðurnefnda þrjá hópa en frásögnin af viðburðum er í tímaröð. Myndir í kaflanum eru skýringarmyndir og ljósmyndir af viðburðum. Í kafla 6, viðauka, eru myndir af hugmyndum og tillögum sem kynntar voru.

Þessi framsetning á að gefa greinargott yfirlit yfir það víðtæka samráð sem átt hefur sér stað við gerð hverfisskipulags fyrir hverfin í borgarhluta 3 Hlíðum.

4.1 Íbúar og hagsmunaaðilar í borgarhlutanum

Umfjöllunin í kaflanum er tengd þeim verkþáttum sem farið var í gegnum. Fyrst var unnið að endurskoðun verklýsinga og þær kynntar og síðan auglýstar. Þar á eftir hófst vinna við stefnumótun og framtíðarsýn þar sem tvinnað var inn margháttuðu samráði. Síðustu tveir verkþættirnir voru svo tillögu- og skilmálagerð.

4.1.1 Endurskoðun verklýsinga

Hér birtist yfirlit yfir samráð við íbúa og hagsmunaðila meðan á endurskoðun verklýsinga fór fram:

Heimasíða og kynningarefni um hverfisskipulag

Samhliða því sem unnið var að endurskoðun verklýsingar fyrir hverfisskipulag í borgarhluta 3 Hlíðum var opnuð ný heimasíða fyrir hverfisskipulagið. Til þess að kynna þessa síðu var bæklingum dreift í öll hús í borgarhlutanum. Samhliða var væntanlegur íbúafundur borgarstjóra í Hlíðum auglýstur.

Fundur borgarstjóra um hverfisskipulag

Fjölsóttur íbúafundur var svo haldinn á Kjarvalsstöðum þriðjudaginn, 22. september 2015. Þar flutti Dagur B. Eggertsson borgarstjóri ávarp og fór yfir viðhorf íbúa til þjónustunnar í hverfinu og fyrirhugaðar framkvæmdir. Ævar Harðarson kynnti hverfisskipulag í Hlíðum.

Þess bera að geta að borgarstjóri færði skrifstofu sína á Kjarvalsstaði í heila viku eða frá 21. til 25. september sem hluta af því að kynna hverfisskipulag Hlíða.

Viðvera verkefnisstjóra í borgarhlutanum

Verkefnisstjórar hverfisskipulags voru með viðveru á Kjarvalsstöðum í kjölfar íbúafundar borgarstjóra, dagana 23. og 24. september kl. 15-17 báða dagana. Þar gafst íbúum tækifæri til að koma hugmyndum og athugasemdum um hverfisskipulag Hlíða á framfæri. Allnokkrir íbúar gerðu sér ferð til þess að ræða við verkefnisstjóra.



Mynd 4.1
Skýringarmynd sem sýnir hvernig vinnu við hverfisskipulagið var skipt upp í verkþætti.

Auglýsing á endurskoðuðum verklýsingum
Eftir að endurskoðuð verklýsing hafði verið kynnt á íbúafundi borgarstjóra fór hún í efnislega umfjöllun hjá umhverfis- og skipulagsráði og var síðan samþykkt af borgaráði 5. nóvember 2015 í auglýsingu. Samhliða var verklýsing send til umsagnar hjá opinberum stofnunum og fyrirtækjum sem hafa þarf samráð við samkvæmt lögum.

Verklýsingin var auglýst í 4 vikur. Umsagnir og ábendingar sem borist höfðu á auglýsingartíma voru síðan teknar til efnislegrar meðferðar hjá umhverfis- og skipulagsráði 3. febrúar 2016.

4.1.2. Stefnumótun og framtíðarsýn
Þegar verklýsing hafði verið auglýst hófst vinna við næsta verkþátt sem var stefnumótun og framtíðarsýn fyrir borgarhlutann og einstök hverfi innan hans. Þessi vinna byggðist á efni í verklýsingum og hugmyndum sem borist höfðu á kynningartíma verklýsingar. Samráð við íbúa og hagsmunaaðila í þessum verkþætti var margháttað og er lýst nánar í kafla 4.1.3.

4.1.3 Fyrsti fasi samráðs við íbúa og hagsmunaaðila í borgarhlutanum
Þegar drög að stefnumótun og framtíðarsýn lágu fyrir hófst fyrsti fasi samráðs við íbúa og hagsmunaaðila og var leitað álits hverfisráðs og drögin kynnt íbúasamtökum.

Á þessu stigi var ákveðið að fá Gallup til þess að prófa hugmyndir í rýnihópum áður en þær færu í opinbera umfjöllun, sjá yfirlit yfir rýnihópa fyrir neðan.

Rýnihópar Gallup í Hlíðum
Í borgarhluta 3 Hlíðum voru myndaðir fjórir rýnihópar og fór vinna þeirra fram á tímabilinu 29. til 30. mars 2016. Hver fundur tók um eina og hálfa klukkustund. Mæting var ágæt eða frá 7 til 11 í hverjum hópi. Kynnt voru drög að framtíðarsýn fyrir öll hverfin í borgarhlutanum sem tóku til þéttingarsvæða, hverfiskjarna, samgangna, grænna áherslna og skilmála fyrir núverandi byggð. Þessi drög voru kynnt með glærum á skjávarpa og fylgdust ráðgjafar og fulltrúar Reykjavíkurborgar með umræðum í öðru rými.

Gerð er grein fyrir niðurstöðum rýnihópa í kafla 5.

Skapandi samráð í Háteigsskóla
Háteigsskóli var fyrri skólinn í borgarhlutanum til að taka þátt í Skapandi samráði sem fór fram 29. febrúar til 4. mars 2016. Þá unnu nemendur í 6. bekk við smíði líkans af hverfinu. Við upphaf vinnunnar fengu nemendur stutt fræðsluerindi um arkitektúr, skipulagsmál, vistvænar samgöngur og græn svæði í borginni. Fræðsluerindin voru haldin af starfsmönnum umhverfis- og skipulagssviðs og vinnu við módelgerðina var sömuleiðis stýrt af starfsmanni hverfisskipulagsins í samstarfi við kennara. Nemendur máluðu módelgrunninn, bjuggu til hús úr pappír og tré úr vattkúlum og tannstönglum. Rúmlega 40 börn tóku þátt í vinnunni í Háteigsskóla.

Valfundur nemenda þar sem börnin sem unnu að gerð módelsins gátu komið á framfæri eigin hugmyndum um úrbætur og framtíðarsýn hverfisins, var haldinn í vikunni á eftir, þriðjudaginn 8. mars.

Skapandi samráð í Hlíðaskóla
Módelgerð í Hlíðaskóla fór fram dagana 7. til 11. mars 2016. Nemendur í 6. bekkjum unnu að gerð módelsins og var fyrirkomulag vinnunnar með sama sniði og í Háteigsskóla. Byrjað var á fræðsluerindum áður en módelgerðin hófst og var vinnunni stýrt af starfsmanni hverfisskipulagsins í samstarfi við kennara. Um það bil 35 börn tóku þátt í vinnunni í Hlíðaskóla.

Valfundur nemenda var haldinn í vikunni á eftir, mánudaginn 14. mars.

Íbúafundur í Hlíðaskóla
Tveir íbúafundir voru haldnir í borgarhlutanum og var sá fyrri í Hlíðaskóla þriðjudaginn 17. maí 2016 kl. 19.30 til 21.00. Fundurinn var ætlaður íbúum í Hlíðahverfi og kynnt var framtíðarsýn fyrir Hlíða- og Öskjuhlíðarhverfi.



Mynd 4.2
Nemendur í Háteigskóla við líkan af hverfinu sem þeir tóku þátt í að fullklára. Myndin er frá því í febrúar 2016.



Mynd 4.3
Nemendur í Hlíðaskóla við líkan af hverfinu sem þeir tóku þátt í að fullklára. Myndin er frá því í maí 2016.

Fundarformið var eins og lýst var í kafla 3.1.7 og á fundinn mættu um 40–50 manns. Góðar umræður sköpuðust milli íbúa, ráðgjafa og starfsmanna hverfisskipulagsins og margar áhugaverðar ábendingar voru skráðar í miðasjá Skapandi samráðs.

Íbúafundur í Háteigsskóla
Seinni íbúafundurinn var haldinn í Háteigsskóla miðvikudaginn 18. maí 2016 kl. 19.30 til 21.00. Fundurinn var ætlaður íbúum Háteigshverfis.

Eins og áður var fundarformið eins og lýst var í kafla 3.1.7. Mæting var svipuð og á fundinn í Hlíðaskóla, u.þ.b. 40-50 íbúar. Fundurinn gekk mjög vel og eins og á fyrri fundinum voru ýmis mál rædd óformlega meðal gesta, ráðgjafa og starfsmanna hverfisskipulagsins og fjölmargar hugmyndir skráðar í miðasjána.

Sýning í Tjarnarsal Ráðhússins
Í tilefni þess að búið var að halda íbúafundi í öllum fjórum borgarhlutunum var opnuð sýning á afrakstri hverfisskipulags fimmtudaginn 9. júní 2016 í Tjarnarsal Ráðhússins, en sýningin var opin til miðvikudagsins 15. júní. Þar voru sýndar hugmyndir ráðgjafa að framtíðarsýn í Hlíðum, Háaleiti, Bústöðum, Breiðholti og Árbæ ásamt líkönunum sem 6. bekkingar í hverfisskólunum höfðu búið til.

Á opnunarhátíðina var boðið öllum 6. bekkingum sem tekið höfðu þátt í verkefninu og þeim veitt viðurkenning fyrir þátttökuna.

Á meðan á sýningunni stóð höfðu starfsmenn umhverfis- og skipulagsráðs viðveru allan tímann. Töluvert rennsli var af fólki á sýninguna. Það voru hins vegar mest erlendir ferðamenn sem voru komnir til að skoða Íslandslíkanið sem tekur stóran hluta af Tjarnarsalnum þegar það er til sýnis. Giskað er á að hátt í 80% gesta á sýningunni hafi verið erlendir ferðamenn.

4.1.4 Annar fasi samráðs
Í október 2021 voru vinnutillögur að nýju hverfisskipulagi settar í forkynningu áður en lokahönd var lögð á tillögurnar. Forkynningar- og samráðsferlið hófst með því að sett var á laggirnar sérstök kynningarsíða á vinnutillögunum.



Kynningarsíða
Um miðjan nóvember 2021 var sett upp sérstök vefsíða á slóðinni hverfisskipulag.is/kynning/hlidar þar sem helstu vinnutillögur að hverfisskipulagi voru kynntar.

Kynningarsíðan var auglýst með keyptum auglýsingafærslum á Facebook og Instagram og var markhópur auglýsinganna íbúar í Hlíðum 18 ára og eldri. Birtingartímabil auglýsinganna var 19. nóvember 2021 – 21.janúar 2022 og á þeim tíma náðu auglýsingarnar til xxx manns. sáu XXXXXX manns færslurnar og af þeim smelltu XXXXXX á hlekkinn til að opna kynningarsíðuna. Síðunni var einnig deilt en á hverfissíður Hlíða á Facebook (Hlíðar – besta hverfið! og Upplýsingataflan – Hlíðar, Holt og Norðurmýri). Frá því síðan fór í loftið og fram til 21. janúar 2021 heimsóttu XXXXX manns síðuna.

Sýning og viðvera í borgarhlutanum
Starfsfólk hverfisskipulags var með viðveru á Kjarvalsstöðum dagana 19.–26. nóvember 2021. Þar mátti kynna sér vinnutillögurnar og fá svör við spurningum frá starfsfólki hverfisskipulagsins. Á staðnum voru einnig sérstök eyðublöð til að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum við tillögurnar. Einnig var boðið upp á að senda athugasemdir og ábendingar í tölvupósti.

Samkvæmt skráningu starfsfólks komu u.þ.b. 140 manns á Kjarvalsstaði og 13 ábendingar/athugasemdir bárust á útfylltum eyðublöðum. Til loka kynningartímans, 21. janúar, bárust auk þess 16 athugasemdir í tölvupósti á skipulag@reykjavik.is.

Mynd 4.4
Mynd frá sýningunni í Tjarnarsal ráðhússins.

Hverfisgöngur
20. nóvember 2021 (á sama tímabili og viðvera var á Kjarvalsstöðum) voru farnar tvær hverfisgöngur þar sem vinnutillögur hverfisskipulags voru kynntar af starfsfólki hverfisskipulags og skipulagsráðgjöfum. Göngurnar voru farnar kl. 10.00 í Háteigshverfi og 13.00 í Hlíðahverfi. Í hvorri göngu tóku u.þ.b. 50 manns þátt.

Netkönnun – Maptionnaire

Netkönnunin var opin dagana 1.-9. febrúar 2022, í síðustu viku kynningartíma vinnutillagnanna. U.þ.b. 65 manns svöruðu könnuninni á þeim tíma.

Íbúafundur borgarstjóra
Borgarstjóri hélt íbúafund á Kjarvalsstöðum fyrir íbúa Hlíða miðvikudagskvöldið 2. febrúar 2022, kl. 20.00 til 22.00. Á fundinum voru kynntar helstu vinnutillögur að hverfisskipulagi sem þá voru í kynningu, farið yfir athugasemdir sem borist höfðu á þeim tíma og kynnti netkönnun sem þá var komin í loftið og athugasemdafrest til 9. febrúar. U.þ.b. 70 manns mættu á fundinn.

4.1.5 Þriðji fasi samráðs
Gerð verður grein fyrir samráðs- og kynninfarferli þriðja fasa þegar þar að kemur.

4.2 Samráð við einingar og svið Reykjavíkurborgar

Víðtækt samráð hefur verið haft við fjölda aðila innan borgarkerfisins við gerð hverfisskipulagi í þessum borgarhluta. Um er að ræða samráð við kjörna fulltrúa, fulltrúa í nefndum og ráðum, hverfisráði og fulltrúa eininga og sviða sem verkefnið tengdist.

Stýrihópur hverfisskipulags
Hluti af innra eftirliti með verkefninu var á hendi stýrihóps sem hafði það hlutverk að tryggja gæði skilagagna, fylgjast með framvindu og tryggja að tekið væri tillit til niðurstaðna úr samráði við íbúa. Í stýrihóp hafa setið borgarstjóri og kjörnir fulltrúar meirihluta ásamt embættismönnum. Frá því að 2. áfangi hverfisskipulags hófst rétt eftir 2015 hefur stýrihópur verið með fastan fundartíma síðasta mánudag í hverjum mánuði. Fundirnir voru haldnir í Maríubúð á 3. hæð í Ráðhúsinu undir forystu Dags B. Eggertssonar borgarstjóra.

Umhverfis- og skipulagsráð / skipulags- og samgönguráð
Á vinnslutíma 2. áfanga hverfisskipulags (janúar 2015 – janúar 2022) hefur verið fjallað um málefni tengd hverfisskipulagi á u.þ.b. 50-60 fundum ráðanna.

Í upphafi voru verk- og tímaáætlanir ásamt áætlunum um samráð bornar undir umhverfis- og skipulagsráð. Næsti liður í samráði við umhverfis- og skipulagsráð var síðan að fjalla efnislega um skipulags- og matslýsingu (eða það sem kallað er verklýsingar) fyrir hverfisskipulag í einstökum borgarhlutum. Þessar verklýsingar voru kynntar og ræddar í ráðinu sem síðan samþykkti að senda þær í opinbera kynningu.

Verklýsingar fyrir borgarhlutana Árbæ og Breiðholt fengu efnislega umfjöllun í umhverfis- og skipulagsráði á vormánuðum 2015. Verklýsing fyrir borgarhlutann Hlíðar fékk efnislega umfjöllun á haustmánuðum 2015. Verklýsing fyrir borgarhlutann Háaleiti-Bústaðir fékk síðan efnislega umfjöllun á fyrri hluta árs 2016.

Hugmyndir að framtíðarsýn fyrir borgarhlutana Árbæ, Breiðholt, Hlíðar og Háaleiti-Bústaði voru kynntar og ræddar á vormánuðum 2016 samhliða íbúafundum úti í hverfunum sem fóru þá fram.

Niðurstöður úr samráði við íbúa voru kynntar fyrir umhverfis- og skipulagsráði á haustmánuðum 2016.

Mynd 4.5
Nemendur í Hlíðaskóla við líkan af hverfinu.



Á vormánuðum 2017 var staðan í vinnunni við hverfisskipulag í borgarhlutunum Árbæ, Breiðholti, Hlíðum og Háaleiti- Bústöðum kynnt fyrir ráðsmönnum. Jafnframt voru drög að skipulagsskilmálum kynnt.

Sumarið 2018 var umhverfis- og skipulagsráði skipt upp í tvö ráð; skipulags- og samgönguráð annarsvegar og umhverfis- og heilbrigðisráð hinsvegar. Síðan þá hefur hverfisskipulag heyrt undir skipulags- og samgönguráð.

Þess ber að geta að mikil nýsköpunar- og þróunarvinna hefur verið unnin í hverfisskipulagi. Þessi vinna hefur aðallega falist í því að skilgreina og þróa hverfisskipulagið sem nýja skipulagsaðferð á Íslandi. Á haustmánuðum 2018 var hverfisskipulag í þremur hverfum í borgarhluta 7 Árbæ, ásamt 14 leiðbeiningum, tilbúið í kynningar- og samþykktarferli. Hverfisskipulag í þessum þremur hverfum tók síðan gildi í nóvember 2019 eftir umfangsmikið kynningar- og samþykktarferli. Vinna við endanlegan frágang á hverfisskipulagi í öðrum borgarhlutum, þ.m.t. Hlíðum, var því látið bíða þangað til hverfisskipulag í Árbæ hafði tekið gildi enda voru þar lagðar línur um helstu þætti vinnunnar.

Haustið 2021 voru vinnutillögur að hverfisskipulagi og kynningaráætlun fyrir öll hverfi Hlíða kynntar í skipulags- og samgönguráði. Að afloknum kynningartíma vinnutillagnanna voru ráðinu gerð grein fyrir þeim athugasemdum og ábendingum sem bárust á kynningartímanum og hvernig unnið verður með þær.

Einingar og svið Reykjavíkurborgar

Umfangsmikið samráð var haft við einingar og svið Reykjavíkurborgar en yfir 60 formlegir fundir og kynningar eru skráðar sem tengjast þessum aðilum.

Samráð við einingar og svið Reykjavíkurborgar fór fram með tvennum hætti. Annars vegar voru haldnir fjölmargir kynningarfundir fyrir starfsmenn í einstökum deildum og sviðum í samráði við yfirstjórnendur. Hins vegar fór samráðið þannig fram að þær einingar og svið sem talin voru hafa sérstakra hagsmuna að gæta í vinnu við hverfisskipulag voru beðin um að tilnefna sérfræðinga til að vinna með verkefnisstjórn hverfisskipulagsins til að sjá til þess að þeirra sjónarmið kæmust til skila í vinnunni.

Hér þykir rétt að nefna sérfræðinga borgarinnar á sviði skipulags- og byggingarmála, samgöngumála, framkvæmda- og mannvirkjamála, umhverfismála, sorp- og endurvinnslumála, íþróttamála, velferðarmála, skóla- og frístundamála, menningar- og ferðamála o.fl.

Meginhlutverk þessara sérfræðinga var að:

- veita verkefnisstjórn og ráðgjafahópum sem eru að vinna að hverfisskipulagi í einstökum borgarhlutum faglega ráðgjöf og upplýsingar um þá málaflokka sem

Mynd 4.6
Flygildi.



þeir eru fulltrúar fyrir,

- taka þátt í að móta og rýna tillögur að hverfisskipulagi í hverfunum.

Samráð við þessa sérfræðinga fór fram á vinnufundum verkefnisstjórnar hverfisskipulags og sérstökum vinnufundum með ráðgjöfum hverfisskipulags. Einnig með því að sérfræðingarnir unnu ákveðin verkefni. Yfirlit yfir þessa vinnufundi er ekki að finna í lista yfir samráðsfundi en minnispunktar frá vinnufundum eru í skjalasafni hverfisskipulags.

Íbúaráð/Hverfisráð í BH3 Hlíðum

Mikilvægur hluti samráðs við gerð hverfisskipulags fyrir hverfin í Hlíðum fór í gegnum hverfisráð borgarhlutans, sem í dag heita íbúaráð. Samráðið fór þannig fram að verkefnisstjóri hverfisskipulags kynnti verk- og tímaáætlanir og fór yfir helstu hugmyndir sem voru í vinnslu á hverjum tíma á formlegum fundum hverfisráðsins. Þess á milli fundaði verkefnisstjóri með formanni og varaformanni hverfisráðs. Samkvæmt lista yfir samráðsfundi eru skráðir fundir verkefnisstjóra með aðilum úr hverfis- og íbúaráðum Hlíða 5 talsins.

4.3 Opinberar stofnanir og fyrirtæki

Samráð við opinberar stofnanir og fyrirtæki var skipulagt með tvennum hætti. Annars vegar var um að ræða samráð við aðila sem hafa það hlutverk að veita umsagnir um skipulagsgögn hverfisskipulagsins. Þetta eru aðilar eins og Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Minjastofnun, Vegagerðin, nærliggjandi sveitarfélög o.s.frv. Hins vegar er um að ræða aðila sem hafa beinna hagsmuna að gæta vegna eignaraðildar eða umsjónar með ákveðnum þáttum á skipulagssvæðinu. Þetta eru t.d. Veitur ohf, sem er dótturfyrirtæki OR, og Vegagerðin.

Aðilar með umsagnarhlutverk

Í upphafi vinnu við hverfisskipulag var leitað umsagna við skipulags- og matslýsingar og óskað eftir skriflegum umsögnum hjá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun,
- Umhverfisstofnun,
- nærliggjandi sveitarfélögum,
- svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins,
- Heilbrigðiseftirliti,
- Minjastofnun Íslands,
- Vegagerðinni,
- Veðurstofu Íslands,
- Strætó bs.,
- Veitum (Orkuveitunni),
- öðrum hlutaðeigandi stofnunum eftir atvikum.

Þegar tillaga að hverfisskipulagi verður tilbúin verður hún send til umsagnar hjá sömu aðilum.

Þess ber að geta að Skipulagsstofnun hefur einnig ráðgefandi hlutverki að gegna en stofnunin á að tryggja að þau gögn sem hverfisskipulagið lætur útbúa standist ákvæði skipulagslaga og reglugerða. Því hefur í vinnu við hverfisskipulagið verið haft nánara samráð við stofnunina, m.a. með sérstökum fundum þar sem ákveðin mál hafa verið rædd. Í fundaryfirliti fyrir þennan málaflokk eru skráðir 15 formlegir fundir, þar af fimm fundir með Skipulagsstofnun.

4.4 Upplýsingamiðlun og samráð í gegnum vef, fjölmiðla og dreifipóst

Upplýsingum um hverfisskipulagið hefur reglulega verið komið á framfæri með eftirfarandi hætti:

- á heimasíðu hverfisskipulagsins með helstu upplýsingum og möguleikum á að koma ábendingum á framfæri
- á sérstakri kynningarsíðu hverfisskipulags fyrir borgarhlutann Hlíðar
- á Facebook-síðu verkefnisins
- með upplýsingamiðlun í gegnum fjölmiðla
- með prentuðu upplýsingaefni á vegum Reykjavíkurborgar

Sérstaklega ber að nefna miðasjá hverfisskipulags.


ÚFF, SPRAUTU-
NÁLAR OG BJÓR-
DÓSIR HÆGRI
VINSTRI.
Landnámsjörðin Reykjavík var víðfeðm en talið er að þegar við upphaf byggðar hafi jörðin Laugarnes fljótlega afmarkað land Reykjavíkur til austurs og á 12. öld átti annað stórbýli, Nes við Seltjörn, land að vesturmörkum Reykjavíkurjarðarinnar. Reykjavík var í eigu bænda þar til snemma á 17. öld þegar jörðin var keypt undir konung. Um 1700 voru átta hjáleigur í landi Reykjavíkur. Árið 1752 samþykkti konungur að gefa hinum nýstofnuðu Innréttingum jörðina Reykjavík og lauk þar með ábúð á jörðinni en þorp myndaðist í staðinn í kringum starfsemi Innréttinganna í Aðalstræti. Árið 1786 öðlaðist Reykjavík kaupstaðaréttindi og varð brátt aðalverslunarstaðurinn í þessum hluta landsins. Um sama leyti hófst flutningur stofnana og embætta til Reykjavíkur sem um miðja 19. öld festist í sessi sem

---

[6] Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson, *Öskjuhlíð: Náttúra og saga*, 9, 12.
[7] Öskjuhlíð mun vera skráð á svokallaðan C-hluta náttúruminjaskrár sem er skrá yfir náttúruminjar sem ástæða þykir að friðlýsa. *Vef.* Umhverfisstofnun, „Suðvesturland: Aðrar náttúruminjar," https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudvesturland/ („119. Öskjuhlíð");
[8] *Vef.* Umhverfisstofnun, „Fossvogsbakkar, Reykjavík," https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudvesturland/fossvogsbakkar-reykjavik/.
[9] *Íslenzkt fornbréfasafn* III, 598.
[10] Guðlaugur R. Guðmundsson, „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár," 298, 304-305.
[11] Þórunn Valdimarsdóttir, *Sveitin við Sundin*, 8; Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 3. bindi (R-Ö), 6; Guðlaugur R. Guðmundsson, „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár," 296.
[12] Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 3. bindi (R-Ö), 7; Nikulás Úlfar Másson, *Borgarhluti 3*, 3, 4.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

höfuðstaður landsins. Árið 1835 var lögsagnarumdæmi Reykjavíkur fært út þannig að það takmarkaðist að vestan af úthaga Eiðis og Lambastaða, að sunnan af úthaga Skildinganess og að austan af Laugarneslandi. Þá voru lagðar undir það jarðirnar Örfirisey, Hlíðarhús, Ánanaust, Sel, Arnarhóll og Rauðará.[13]



Mynd 4. Kort sem sýnir jarðamörk lögbýla á svæðinu árið 1703.[14]

[13] Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 3. bindi (R-Ö), 14-18; Einar S. Arnalds, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 4. bindi, 7-11; Árbæjarsafn – Minjasafn Reykjavíkur, *Saga Reykjavíkur frá býli til borgar*, 4-11; Nikulás Úlfar Másson, „Ágrip byggðarþróunar í Reykjavík," 17-18; Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur*, fyrra bindi, 140.

[14] *Borgarsögusafn*. Kort unnið á kortagrunn Landupplýsingakerfis Reykjavíkur (LUKR) 2023. Kortavinnsla: ALG.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Skildinganesjörð náði vestur undir Öskjuhlíð en jörðin byggðist úr Reykjavíkurlandi. Eftir að Reykjavík fékk kaupstaðaréttindi árið 1786 var ágreiningur um landamerki gagnvart Skildinganesi. Málið var svo leist árið 1839 og settir upp þrír áletraðir landamerkjasteinar. Einn steinn er í Öskjuhlíð, annar á Skildinganeshólum og sá þriðji var við Lambhól. Skildinganesjörð var talin sjálfstæð jörð árið 1553 og þá í eigu Skálholtsstóls, en var orðin konungseign 1556. Kvaðir voru á jörðinni um að flytja Bessastaðamenn yfir Skerjafjörð og koma þeim til Reykjavíkur og Viðeyjar. Jörðin fór svo í einkaeign um 1800.[15] Skildinganes heyrði undir Seltjarnarneshrepp fram til ársins 1932 er það var lagt undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.[16]



Mynd 5. Hluti af korti sem norski liðsforinginn Ole Ohlsens gerði árið 1802 af Seltjarnarnesi og nágrenni.[17] Kortið sýnir byggð, vegi, holt, mýrar, vötn og læki sem þá voru á svæðinu.

[15] Páll Líndal, *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 3. bindi (R-Ö), 51-53.
[16] Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur nr. 69/1931.
[17] *Borgarsögusafn.* Korta- og uppdráttasafn. Ole Ohlsen, „Trigonometrisk situationskart over Seltiarnarnæs, Alptanæs og Hraunsnæs samt de mellem samme indsluttede Fiorde, Havne og Bugter i Island … 1802“ (hluti).

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

1.4 Svæðið fyrir tíð skipulags

1.4.1 Öskjuhlíð

Heimildir eru um að í Öskjuhlíð hafi Reykjavíkurbændur snemma haft nytjar, skóg og selstöðu. *Víkursels* er fyrst getið í máldaga frá 1379 og var það í notkun allt fram á 19. öld. Það mun hafa verið vestan og sunnan undir Öskjuhlíð, í Undirhlíðum.[18] Í Öskjuhlíð er auk þess að finna fleiri minjar sem tilheyra gamla bændasamfélaginu, nokkrir stekkir og fjárhús.



Mynd 6. Mýrarnar á svæðinu sem borgarhlutinn nær yfir á korti frá 1850.[19] Arnahólsmýri er merkt inn þar sem síðar var farið að tala um Norðurmýri og Breiðamýri.

[18] Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson, *Öskjuhlíð: Náttúra og saga*, 9-12, 23-24.
[19] Björn Gunnlaugsson, kort af Reykjavík og nágrenni um 1850 (hluti). Hér tekið eftir: *Reykjavíkurkort: Dagatal 1986*. Frumrit kortsins er varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Um Öskjuhlíðarháls lá fyrrum einn aðalvegurinn til bæjarins (sjá mynd 4). Leið lá frá Elliðaánum um Bústaðaholt að Öskjuhlíðarhálsi og þaðan með austanverðu Skólavörðuholti að Arnarhólströðum. Frá Fossvogsbotni lágu þrjár leiðir um svæðið. Ein leiðin lá austan með Öskjuhlíð að Öskjuhlíðarhálsi, og mætti þar leiðinni sem kom eftir Bústaðahálsinum. Önnur leið lá um Öskjuhlíðina að vestan, austan við Seljamýri og svo á milli Seljamýrar og Vatnsmýrar yfir að Skildinganesi. Þriðja leiðin var svo með bökkum Fossvogs að norðanverðu að Skildinganesi og til Reykjavíkur eftir Suðurgötu.[20]



Mynd 7. Hluti Norðurmýrar, Rauðará, Skólavörðuholt og Skuggahverfi á korti frá 1902.[21] Vegurinn frá Skólavörðuholti í átt að Öskjuhlíð er hér nefndur Hafnarfjarðarvegur.

[20] Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson, *Öskjuhlíð: Náttúra og saga*, 28; Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), 128.
[21] Landmælingadeild herforingjaráðsins, *Reykjavík*, 1902 (hluti). Útgefið (prentað) kort.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Vegna þess hve mýrar voru víðlendar umhverfis Reykjavík var ekki greið leið frá kaupstaðnum nema helst yfir holtin og með ströndinni, eins og fyrr segir. Flest bendir til að leiðin um Bústaðaholt að Öskjuhlíðarhálsi hafi verið þjóðbraut í nokkrar aldir, eins og sést meðal annars á korti frá 1802 (sjá mynd 5). Árið 1870 lét bæjarstjórn Reykjavíkur gera nýjan þjóðveg á svipuðum slóðum og gamli troðningurinn hafði verið. Enn má sjá móta fyrir þeim vegi á stuttum köflum í Öskjuhlíð norðaustanverðri.[22] Annað kort, frá 1850, sýnir Öskjuhlíðina og mýrarnar þar í kring. Þar er merkt inn Arnarhólsmýri, sem síðar var farið að kalla Norðurmýri og Breiðamýri (sjá mynd 6).

Á korti af Reykjavík frá 1902 er vegurinn yfir Skólavörðuholt í átt að Öskjuhlíð nefndur Hafnarfjarðarvegur (sjá mynd 7). Vegurinn til Hafnarfjarðar lá seinna frá Hringbraut (þar sem Miklatorg var gert 1942) og áfram þar sem göturnar Skógarhlíð og Suðurhlíð eru nú og hét þá Reykjanesbraut (einnig kallaður Hafnarfjarðarvegur í daglegu tali), en götuheitið var aflagt á þessum stað þegar Bústaðavegur var framlengdur að Hringbraut á 9. áratug 20. aldar.[23]



Mynd 8. Nauthóll og nágrenni um 1902-1903. Græna svæðið er túnið við bæinn, en brúnu strikin sýna vegarslóða sem lágu vestan með Öskjuhlíð að Nauthól og í vestur til Skildinganess.[24]

[22] Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson, *Öskjuhlíð: Náttúra og saga*, 28.
[23] Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), 5; 3. bindi (R-Ö), 13, 56.
[24] *Landmælingar Íslands*. Söguleg gögn. Bæjarteikningar landmælingadeildar danska herforingjaráðsins. „Nauthóll."

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Meðfram Fossvogsbökkum, frá Fossvogsdal yfir í Skildinganes, var einnig allfjölfarinn vegarslóði, sem áður er lýst, og við hann, suðvestan undir Öskjuhlíð, stóð bærinn *Nauthóll*, sem var hjáleiga frá Skildinganesi. Nauthóll var kominn í ábúð um 1850 en um aldamótin 1900 kom þar upp taugaveiki og var bærinn þá brenndur og ekki búið þar eftir það. Ýmsar minjar hafa varðveist á svæðinu, húsarústir, garðar og brunnar.[25]

Á 19. öld og í byrjun þeirrar 20. var Öskjuhlíð notuð æ meira sem útivistarsvæði Reykvíkinga. Þá var þar samkomustaður skólapilta Lærðra skólans og kölluðu þeir staðinn *Beneventum* („staður þar sem gott er að koma“). Ekki er með fullu ljóst hvar staðurinn var en líklega hefur það verið vestan undir klettastöllum í vesturhlíðinni.[26] Árið 1874 var útbúið þjóðhátíðarsvæði á kolli Öskjuhlíðar í tilefni af hátíðahöldum sem þar fóru fram á 1000 ára afmæli Íslandsbyggðar.[27] Þann 25. ágúst 1908 hófu Ungmennafélag Reykjavíkur og Ungmennafélagið Iðunn að ryðja urðina norðanmegin í Minni-Öskjuhlíð fyrir skíðabraut sem til stóð að yrði 135 faðma löng. Brekkan var frekar hallalítil en breikkaði þegar neðar dró.[28] Þetta var stærsta framkvæmd félaganna sem voru mjög öflug á þessum tíma.



Mynd 9. Ungmennafélagspiltar gera skíðabraut í Minni-Öskjuhlíð árið 1910. Þvert yfir myndina gengur Hafnarfjarðarvegur (þar sem nú er gatan Skógarhlíð) og hægra megin má sjá litla þyrpingu húsa sem stóðu við veginn: bæinn Eskihlíð sem stóð norðan vegarins (lengst til hægri) og húsin Eskihlíð b og c sem stóðu sunnan hans. Ofarlega fyrir miðri mynd sést stórt hvítt hús sem er Kennaraskólinn (gamli) og fjær er byggðin í Þingholtum.[29]

[25] Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, *Vatnsmýri – Seljamýri – Öskjuhlíð: Byggðakönnun: Fornleifaskrá og húsakönnun*, 4-6, 45-47; Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson, *Öskjuhlíð: Náttúra og saga*, 26-27; Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), 188.
[26] Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson, *Öskjuhlíð: Náttúra og saga*, 28-29; Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 3. bindi (R-Ö), 205-206.
[27] Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson, *Öskjuhlíð: Náttúra og saga*, 29-30; Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 3. bindi (R-Ö), 206-207.
[28] T.Á, „Ungmennafjelag Reykjavíkur,“ *Unga Ísland* 4, nr. 11 (1908), 85.
[29] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÁBS 1 802. Ljósmyndari óþekktur.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 10. Hafnarfjarðarvegur á mynd tekinni úr Öskjuhlíð í átt að Skólavörðuholti 1924.[30] Ofarlega vinstra megin á myndinni sjást sést sama húsaþyrping við veginn og á myndinni fyrir ofan, en dökkar byggingar lengst til vinstri eru Pólarnir. Húsin sem sjást norðan vegarins fyrir miðri mynd eru tilheyrðu hugsanlega býlinu Blönduhlíð, sem reist var um 1916-1921 og stóð þar sem nú er blokkin Eskihlíð 20-20a.

Grjótnám hófst í Öskjuhlíð þegar steinsmiðir sóttu þangað grjót til húsagerðar á 19. öld og fram yfir 1900 en stórfellt grjótnám hófst í tengslum við hafnargerðina 1913-1917. Grjót var þá sprengt úr grágrýtisklettum undir norðurtagli hlíðarinnar og flutt með járnbrautarlest niður að Reykjavíkurhöfn þar sem það var notað í uppfyllingar. Járnbrautarteinar voru lagðir sérstaklega fyrir þessa flutninga meðfram norðurhlíð Öskjuhlíðar, á svipuðum slóðum og Flugvallarvegur var síðar lagður (sjá mynd 11). Síðan voru lagðir teinar, annars vegar austur yfir Mela og niður að Örfiriseyjargranda og hins vegar um austanvert Skólavörðuholt norður að sjó og meðfram strandlengjunni vestur að Ingólfsgarði. Þessar leiðir lágu þá utan við meginbyggð bæjarins.[31]

Norðvestan Öskjuhlíðar, í jaðri Norðurmýrar eða hér um bil þar sem Miklatorg var síðar gert, var reist bækistöð fyrir járnbrautirnar sem kölluð var *Hafnarsmiðjan*. Þar var bæði birgðastöð og skýli yfir eimreiðarnar, en eftir að hafnargerðinni var lokið þjónaði Hafnarsmiðjan sem verkstæði fyrir Reykjavíkurhöfn.[32] Þegar unnið var að endurbótum á Miklatorgi árið 1947 mun gamla Hafnarsmiðjan hafa verið fjarlægð.[33]

[30] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. PSÖ 28. Ljósmyndari Pétur J. Sørå.
[31] Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson, *Öskjuhlíð: Náttúra og saga*, 31-32; *Járnbrautin í Reykjavík: Hafnargerð í Reykjavík og járnbrautir á Íslandi*, 10, mynd 1; Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, *Vatnsmýri – Seljamýri – Öskjuhlíð: Byggðakönnun: Fornleifaskrá og húsakönnun*, 10, mynd 8.
[32] *Járnbrautin í Reykjavík: Hafnargerð í Reykjavík og járnbrautir á Íslandi*, 14.
[33] *Vísir*, 17. júlí 1947, 1; 6. október 1947, 3.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 11. Leið járnbrautarinnar í Reykjavík.[34]

Rétt sunnan við Hafnarsmiðjuna, við suðurenda Laufásvegar (sem náði þá mun lengra í suðaustur en nú og var á þessum kafla seinna breytt í Vatnsmýrarveg) voru *Pólarnir* reistir á árunum 1916-1918. Þetta voru bráðabirgðabyggingar fyrir húsnæðislaust fólk sem fátækranefnd Reykjavíkur lét reisa, en húsnæðisvandi var mikill í Reykjavík á árum fyrri heimsstyrjaldar. Um var að ræða þrjú timburhús eða íbúðalengjur sem mynduðu U í kringum ferhyrnt port (*Efripóll*, *Neðripóll* og *Stóripóll* eða *Austurpóll*). Fjórða húsið, *Kálfakot*, stóð norðvestan við portið en það hafði verið flutt frá Úlfarsá. Framkvæmdin sætti frá upphafi mikilli gagnrýni og þóttu húsakynnin léleg og voru alla tíð umdeild. Tvö húsanna voru rifin 1936 og 1938 og var Flugvallarbraut lögð frá Hringbraut yfir það svæði þar sem húsin höfðu staðið en austasta húsið (Austurpóll) stóð til um 1960 og húsið Kálfakot allt til 1989.[35]

[34] *Borgarsögusafn*. Kort unnið á kortagrunn Landupplýsingakerfis Reykjavíkur (LUKR) 2023. Kortavinnsla ALG. Heimild: *Járnbrautin í Reykjavík: Hafnargerð í Reykjavík og járnbrautir á Íslandi*, mynd 1.
[35] Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun: Valssvæði og umhverfi*, 5-6; Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, *Vatnsmýri – Seljamýri – Öskjuhlíð: Byggðakönnun: Fornleifaskrá og húsakönnun*, 17-18; Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), 196-197.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 12. Norðvesturhluti borgarhlutans, Norðurmýri og hluti Vatnsmýrar um 1915-1918, áður en skipulögð byggð reis á svæðinu.[36] Neðarlega fyrir miðju má sjá hús Hafnarsmiðjunnar við Hafnarfjarðarveg og þrjú hús sem voru skráð undir heitinu Eskihlíð (b-d). Vestar eru Pólarnir (við Laufásveg) og enn vestar Aldamótagarðarnir, garðlönd Reykvíkinga á þessum tíma.

[36] *Umhverfis- og skipulagssvið.* Landupplýsingar. Kortasafn. Ólafur Þorsteinsson og G.V. Anderup, „Reykjavíkur kaupstaður“ 1915-1918 (hluti).

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 13. Pólarnir við Vatnsmýraveg. Stóripóll eða Austurpóll er tvílyfta húsið og Efripóll er til vinstri, en í miðjunni má sjá kamra.[37]

Árið 1937 fékk Golfklúbbur Íslands (síðar Golfklúbbur Reykjavíkur) leyfi til að byggja golfskála á leigulandi sínu norðaustan Öskjuhlíðar, á því svæði sem kallað er *Minni-Öskjuhlíð*, Litlahlíð eða Litla-Öskjuhlíð. Á sama tíma var Golfklúbbnum úthlutað landi undir golfvöll í Mjóumýri syðst í Kringlumýri. Þar var gerður níuholu golfvöllur sem var vígður, ásamt golfskálanum í Litluhlíð, í ágúst 1938 að viðstöddum Friðriki krónprinsi Danmerkur og Íslands og Ingiríði krónprinsessu.[38] Skálanum var valinn staður efst á hæðarbungunni og stóð hann fram á seinni hluta 8. áratugar 20. aldar, en var þá rifinn.[39] Eftir tilkomu golfskálans var jafnhliða farið að kalla svæðið *Golfskálahæð*.

Á árunum 1939-1943 var aðalæð Hitaveitu Reykjavíkur, svokölluð *Reykjaæð*, lögð frá Reykjum í Mosfellssveit vestur í nýreista safngeyma í Öskjuhlíð.[40] Æðin var lögð eftir Bústaðaholti endilöngu, áfram til vesturs eftir Minni-Öskjuhlíð, norðan við og nokkurn veginn samhliða Bústaðavegi (sem lá þá lítið eitt norðar en í dag), framhjá golfskálanum og áfram í átt að tönkunum efst á Öskjuhlíð. Upphaflega lá öll æðin ofanjarðar í steyptum stokki með hvelfdu loki og hefur stokkurinn víða þjónað mikilvægu hlutverki sem göngustígur í gegnum tíðina (sjá mynd 15). Þar sem stokkurinn lá hafa nú víðast hvar verið lagðar nýjar leiðslur í jörðu og gamli stokkurinn grafinn niður eða jafnaður við jörðu. Á svæðinu sem liggur innan borgarhluta 3, í Minni-Öskjuhlíð og norðan til í Öskjuhlíð, liggur stokkurinn enn að hluta ofanjarðar á sínum upprunalega stað en þó ekki með sínu upprunalega lagi með hvelfdu loki.

---

[37] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. KAN 002 122-1-2. Ljósmyndari Karl Christian Nilsen.
[38] „Vígsla Golfklúbbsins," *Kylfingur* 4, nr. 1 (1938), 2-3; *Morgunblaðið*, 18. mars 1937, 7; *Alþýðublaðið*, 29. júlí 1938, 4; „Golfklúbbur og baðstofubað," *Fálkinn* 11, nr. 39 (1938), 3; Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur: Bærinn vaknar*, síðari hluti, 159.
[39] *Morgunblaðið*, 18. mars 1937, 7; *Alþýðublaðið*, 29. júlí 1938, 4; „Golfklúbbur og baðstofubað," *Fálkinn* 11, nr. 39 (1938), 3.
[40] Eggert Þór Bernharðsson, *Saga Reykjavíkur: Borgin,* seinni hluti, 82-83; Lúðvík Kristjánsson, *Úr bæ í borg*, 304-306; *Lögberg* 52, nr. 34 (31. ágúst 1939), 1.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 14. Golfskáli Golfklúbbs Íslands í Minni-Öskjuhlíð. Ljósmyndin var tekin á jeppasýningu fyrir Bifreiðar og Landbúnaðarvélar, þann 19. nóvember 1955.[41]



Mynd 15. Ljósmynd frá um 1942, sem sýnir verkamenn einangra hitaveiturör í hitaveitustokk, með torfi, norðan í Öskjuhlíð. Í baksýn sjást Hjarðarholt, Hlíðarnar, Pólarnir og Landspítalinn.[42]

[41] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. RVI 435 11. Ljósmyndari Ragnar Vignir.
[42] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. 1997 233 004 2-1. Ljósmyndari óþekktur.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

1.4.2 Norðurmýri og Breiðamýri

Í Norðurmýri var mikil mótekja meðan mór var notaður til eldsneytis, bæði um miðja 19. öld og svo aftur á árum fyrri heimsstyrjaldar þegar eldsneytisskortur var mikill.[43] Neðri hluti mýrarinnar var nefndur *Holur* því þar hafði mórinn verið stunginn í ósamstæðum holum með þunnum bökkum á milli, en svæðið ofar í mýrinni var kallað *Stálið* því þar var grafið samfelldar og endað með stáli eða bakka.[44] Tveir vegir eða stígar lágu um mýrarsvæðið sem Norðurmýri og Breiðamýri mynduðu. Annar vegurinn, nefndur *Skaftastígur*, lá yfir norðanvert svæðið, frá austri til vesturs yfir Rauðarárlæk, en hinn frá Hafnarfjarðarvegi (Reykjanesbraut) þvert austur á Skaftastíg, nefndur *Sigurlaugarstígur* (sjá mynd 3).[45] Vegir þessir munu hafa verið kenndir við fólk sem mest notaði þá við mótekju og flutning, Skafta Skaftason (d. 1896) og Sigurlaugu Þorkelsdóttur (d. 1874). Ein mósölukonan hét Elsa Ottesen (d. 1887) og var norðurhluti Norðurmýrar kenndur við hana og kallaður *Elsumýri*.[46] Mór var auk þess tekinn í Seljamýri, við Nauthól, og í Fossvogsmýri.

1.4.3 Rauðarárholt

Rauðarárholt var allgrýtt og nýtt sem beitiland fyrr á öldum. Einstaka athafnamenn sáu verðmæti í grjótinu og vildu nýta það. Ekki er alveg ljóst hvenær grjótnám hófst í Rauðaárholti en líklega hefur það verið eitthvað fyrir 1900. Árið 1903 var stofnað hlutafélagið Mjölnir um grjótnámið að frumkvæði Knuds Zimsen, síðar bæjarstjóra.[47] Félagið keypti allstórt land til grjótnáms í Rauðaárholti. Grjótið var flutt í mulningsverksmiðju Mjölnis sem var byggð rétt austan við tún Rauðarár.[48] Ætlunin var að nota mulninginn til gatnagerðar en hann þótti of dýr svo að brugðið var á það ráð að steypa úr honum stein til húsbygginga. Til að sýna fram á notagildi Mjölnissteinsins reisti Knud Zimsen úr honum íbúðarhús sitt Gimli á Bernhöftstorfu á árunum 1905-1906 (Lækjargata 3). Eftir verksmiðjunni er gatan Mjölnisholt nefnd en hún hét áður Mjölnisvegur og náði þá norður fyrir Laugarveg.[49] Náman í Rauðaárholti varð síðar eign bæjarins og árið 1923 voru um 60 manns í atvinnubótavinnu í grjótnáminu.[50] Sama ár var keypt ný grjótmulningsvél á vegum bæjarins (Grjótnám Reykjavíkur) og var hún staðsett í námunni.[51] Námunni var síðan lokað árið 1945 og voru þá vélarnar fluttar í nýja námu við Elliðaárvog.[52] Grjót var einnig tekið af Rauðarárholti vegna hafnargerðarinnar á árunum 1913-1917 og er klettastál norðaustan við Sjómannaskólann minjar um það grjótnám. Íþróttafélagið Fram fékk námuna til afnota undir knattspyrnuvöll og

[43] Þórunn Valdimarsdóttir, *Sveitin við Sundin*, 224.
[44] Guðlaugur R. Guðmundsson: „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár," 306.
[45] Guðlaugur R. Guðmundsson: „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár," 306; Vigfús Guðmundsson: „Búnaðarmál í Reykjavík," 155; *Landmælingar Íslands*. Kortasafn. Landmælingadeild herforingjaráðsins í Kaupmannahöfn. „Nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar" 1902.
[46] Guðlaugur R. Guðmundsson: „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár," 306; Vigfús Guðmundsson: „Búnaðarmál í Reykjavík," 155.
[47] *Bæjarskrá Reykjavíkur* 1909, 78.
[48] *Þjóðólfur* 56, nr. 3 (15. janúar 1904), 1.
[49] Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), 184.
[50] *Alþýðublaðið*, 14. desember 1923, 2.
[51] *Morgunblaðið,* 8. desember 1925, 5.
[52] „Grjót- og sandnám og gatnagerð í Reykjavík," *Lesbók Morgunblaðsins* 20, nr. 47 (2. desember 1945), 598.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

aðstöðu árið 1945 og starfaði þar til 1972.[53] Enn má greina suðurvegg námunar norðan við Sjómannaskólann.



Mynd 16. Verkamenn við grjótnám á Rauðarárholti. Áður var talið að þessi mynd væri tekin í Öskjuhlíð en greina má Akrafjalla í baksýn, þannig að myndin er líklega tekin í námunni á Rauðarárholti.[54]

Árið 1916 lét Vatnsveita Reykjavíkur reisa nýjan vatnsgeymi á Rauðarárholti, til að bæta úr vatnsskorti í bænum og tryggja nægan vatnsþrýsting. Um leið voru skilyrði til slökkvistarfa bætt en bruninn mikli í miðbæ Reykjavíkur var þá nýlega afstaðinn. Bygging vatnsgeymis á Rauðarárholti hafði reyndar verið ráðgerð allt frá upphafi vatnsveitu Reykjavíkur árið 1907 og Jón Þorláksson verkfræðingur mun hafa gert tillöguteikningar að honum. Byggingu vatnsgeymisins var hins vegar slegið á frest þar til fór að bera á vatnsskorti í efri byggðum bæjarins og var loks samþykkt í bæjarstjórn 20. janúar 1916 og lokið vorið 1916.[55] Geymirinn var eitt fyrsta mannvirkið sem reis á holtinu og var frá upphafi kennileiti sem sást víða að. Árið 1929 var reistur viti ofan á vatnsgeyminum, Reykjavíkurviti, sem tók við hlutverki Helgastaðavita sem áður var í Skuggahverfi (sjá mynd 17).[56] Árið 1930 var annar samskonar geymir reistur austan við þann eldri. Einnig þá var verið að bregðast við viðvarandi vatnsskorti í bænum.[57] Sá geymir var klæddur á sama hátt og sá eldri með jarðvegi

[53] *Fram: 100 ára afmælisrit: 1. maí 2008*, 8.
[54] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. MAÓ 759. Ljósmyndari Magnús Ólafsson.
[55] Hilmar Garðarsson, *Saga Vatnsveitu Reykjavíkur 1909-1999*, 133-135; *Morgunblaðið*, 22. janúar 1916, 1; Lúðvík Kristjánsson, *Úr bæ í borg*, 125-126; Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur: Bærinn vaknar*, fyrri hluti, 268-269; Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 3. bindi (R-Ö), 8; Nikulás Úlfar Másson, *Borgarhluti 3* (skýrsla 13, 1992), 15.
[56] Hilmar Garðarsson, *Saga Vatnsveitu Reykjavíkur*, 133-135; Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur: Bærinn vaknar*, fyrri hluti, 268; *Ísafold*, 30. apríl 1929, 4; *Morgunblaðið*, 1. maí 1929, 3.
[57] Hilmar Garðarsson, *Saga Vatnsveitu Reykjavíkur*, 157; *Morgunblaðið*, 17. júlí 1930, 2; *Verkalýðsblaðið* 1, nr. 20 (1930): 3; Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 3. bindi (R-Ö), 8; Nikulás Úlfar Másson, *Borgarhluti 3* (skýrsla 13, 1992), 18.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

og torfi og þannig felldur að eldri geyminum svo að saman mynda þeir eina heild undir samfelldri grasbrekku. Geymarnir standa enn á sínum stað við Háteigsveg efst á Rauðarárholti og hafa í gegnum tíðina þjónað meðal annars sem sleðabrekkur og útsýnisstaður fyrir börn og aðra íbúa í nærliggjandi íbúðabyggð. Geymarnir gegna ekki lengur sínu upprunalega hlutverki en hafa verið innréttaðir fyrir farsímastöð. Vitinn ofan á eldri vatnsgeyminum þjónaði sem Reykjavíkurviti í um 15 ár. Þegar bygging Sjómannaskólans á Rauðarárholti var undirbúin var gert ráð fyrir að á honum yrði turn og þar komið fyrir nýjum innsiglingarvita fyrir Reykjavíkurhöfn. Það gekk eftir og þegar Sjómannaskólinn var fullbyggður um 1944-1945 var Reykjavíkurvitinn færður í turn skólabyggingarinnar og um leið gerður að rafljósvita.[58] Þar þjónaði hann sínu hlutverki til um 2010 þegar nýtt háhýsi við Borgartún tók að skyggja á vitaljósið, en hefur nú verið færður í nýtt vitahús úti við ströndina við Sæbraut, norðan við húsið Höfða.



Mynd 17. Vatnsgeymarnir á Rauðarárholti á sjómannadeginum 4. júní 1946. Sjá má vitann uppi á vestari geyminum.[59]

Á Rauðarárholti var einnig komið upp fiskreitum eða stakkstæðum á 3. og 4. áratugi 20. aldar.[60] Vegna dýrtíðar og bágra aðstæðna í atvinnumálum haustið 1921, í kjölfar eftirstríðsárakreppunnar, brá bæjarstjórnin á það ráð að taka bankalán og láta búa til nýjan stóran fiskreit á Rauðarárholti í atvinnubótavinnu.[61] Fyrst var gerður reitur sunnan við Háteigsveg.[62] Við fiskreitagerðina í holtinu unnu þá um 60-70 manns. Holtið var mjög stórgrýtt en engar klappir voru þar og var grjótið fleygað sundur og lagt niður til að mynda slétt yfirborð. Stór hluti grjótsins var líka tekinn upp og svæðið síðan sléttað, en grjótið var

[58] Guðmundur Bernódusson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Kristján Sveinsson: *Vitar á Íslandi*, 228-230; Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund,* 3. bindi (R-Ö), 8.
[59] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. KAN 002 106 4-2. Ljósmyndari Karl Christian Nielsen.
[60] Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur: Bærinn vaknar*, síðari hluti, 52-53.
[61] Ingvar Haraldsson, „Eftirstríðsárakreppan frá 1920 til 1923," 10-11 og 14; *Alþýðublaðið,* 9. október 1921, 2; 10. október 1921, 3; *Vísir*, 12. október 1921, 2.
[62] *Borgarsögusafn*. Korta- og uppdráttasafn. Þorleifur Kristófersson. [Erfðafestublettir í Reykjavík], dags. 5. apríl 1955.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

flutt af hleðslumönnum annaðhvort á handbörum eða í vögnum sem rennt var eftir teinum. Grjótið sem til féll vegna vinnunnar við fiskreitagerðina var meðal annars mulið niður í ofaníburð, sem notaður var í akveg sem lagður var frá býlinu Háteigi að Sunnuhvoli (núverandi Háteigsvegur).[63] Fiskvinnslan Ari fróði hf. var fyrst til að leigja fiskreitinn og í framhaldi af því, árið 1923, reisti fyrirtækið stórt fiskgeymslu- og fiskþvottahús sunnan Háteigsvegar og tveimur árum síðar annað minna hús á svæðinu.[64] Á næstu árum skiptust fyrirtækin Kveldúlfur hf. og Ari fróði á um að leigja reitinn og reka þar fiskvinnslu.[65] Árið 1948 var vinnslan ásamt tilheyrandi fiskgeymsluhúsum enn í höndum Kveldúlfs.[66] Stóra fiskgeymsluhúsið stóð fram á 6. áratug 20. aldar og hefur líklega verið rifið um það leyti sem bygging kirkju Óháða safnaðarins hófst árið 1956.

Til að bregðast við miklu atvinnuleysi í kjölfar heimskreppunnar, var aftur farið í fiskreitagerð á vegum bæjarins á Rauðarárholti árið 1933.[67] Þá var gerður stór fiskreitur norðar á svæðinu, norðan Háteigsvegar (sjá mynd 18). Hluti af þessum fiskreit er enn sýnilegur vestan við Sjómannaskólann. Þar má sjá hvernig grjótið hefur verið lagt haganlega niður til að slétta svæðið. Þetta er eitt síðasta heillega manngerða stakkstæðið sem eftir er í Reykjavík og mikilvægur minnisvarði um sögu verkafólks og fiskvinnslu í Reykjavík sem ber að vernda sem slíkan. Fiskreiturinn var notaður fram yfir miðja 20. öld.



Mynd 18. Börn og konur vinna við að breiða út saltfisk á fiskreit á Rauðarárholti, vestan við Sjómannaskólann, árið 1954. Í baksýn sér í þakið á húsinu Háteig lengst til vinstri og húsin við Stórholt og Stangarholt.[68]

Árið 1953 lét Fegrunarfélag Reykjavíkur setja upp lágmynd Sigurjóns Ólafssonar, *Fiskstöflun* frá 1934, á lóð Sjómannaskólans sem þá var risinn á Rauðarárholti. Lóðin var

[63] *Vísir,* 25. nóvember 1921, 2.
[64] *Morgunblaðið*, 21. desember 1928, 4; *Borgarskjalasafn*. Brunabótavirðingar. Aðf. 741. Bók 1922-1924, brunavirðing 23. mars 1923 (br.nr. 1851).
[65] *Morgunblaðið*, 21. desember 1928, 8; *Morgunblaðið*, 8. febrúar 1986, 34.
[66] *Borgarskjalasafn*. Brunabótavirðingar. Aðf. 4340. Bók 1947-1950, brunavirðing 29. maí 1948 (br.nr. 1851).
[67] *Alþýðublaðið*, 26. júlí 1933, 3; *Morgunblaðið*, 5. október 1933, 2.
[68] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. HEF 001 046 4-3. Ljósmyndari Helga Fietz.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

valin sem staður fyrir verkið vegna þess að þar var „gamall fiskreitur“.[69] Var ákveðið að lágmyndin skyldi reist á lóð Sjómannaskólans, „í þakklætis- og virðingarskyni við þær mörgu hendur sem unnið hefðu að því að gera Reykjavík að fiskveiða- og fiskverkunarbæ“.[70] Myndin stendur enn á sínum stað við innkeyrsluna að Sjómannaskólanum, rétt vestan við vatnsgeymana við Háteigsveg.



Mynd 19. Fiskstöflun, listaverk Sigurjóns Ólafssonar, við innkeyrsluna að Sjómannaskólanum.[71]

Á áratugunum um og eftir aldamótin 1900, risu nokkur býli og íbúðarhús á jöðrum Rauðarárholts, en landsvæðinu vestan, sunnan og austan háholtsins var þá skipt í svokallaða erfðafestubletti, sem úthlutað var til ræktunar og búrekstrar með ákveðnum skilmálum (erfðafestu). Gerð er nánari grein fyrir þessari byggð í kafla 1.4.5 hér aftar.

1.4.4 Hlemmur

Á ofanverðri 19. öld lá aðalleiðin austur í Laugarnes og Þvottalaugar um norðurjaðar svæðisins sem hér er til umfjöllunar og yfir Rauðarárlæk. Árið 1885 var ákveðið að framlengja Laugaveg í átt að Þvottalaugunum og var þá gerð brú yfir Rauðarárlæk til að greiða fyrir umferðinni. Var hún jafnan nefnd *Hlemmur*.[72] Árið 1912 var gerð vatnsþró rétt austan við Hlemm. Hún var úr steinsteypu og tæpur metri á hæð en lengdin að sögn eitthvað á þriðja metra. Í henni var rennandi vatn enda hafði vatnsveitan tekið til starfa í Reykjavík árið 1909. Fleiri vatnsþrær voru í Reykjavík en sú við Hlemm var einna kunnust enda var hún í alfaraleið.[73] Eftir að strætisvagnaferðir hófust í Reykjavík 1931 var leið nr. 1 með endastöð við vatnsþróna hjá Hlemmi og myndaðist þá þarna vísir að torgi. Fljótlega upp úr því var vatnsþróin lögð niður og ummerki hennar fjarlægð.[74] Torgið, ásamt strætisvagnamiðstöðinni

[69] *Þjóðviljinn,* 2. desember 1953, 12; *Alþýðublaðið*, 29. nóvember 1953, 1; *Vef*. Listasafn Íslands, „Safneign: Saltfiskstöflun,“ https://safneign.listasafnreykjavikur.is/is/verk/H-012.
[70] *Þjóðviljinn,* 2. desember 1953, 12.
[71] *Borgarsögusafn*. Ljósmynd tekin við vettvangskönnun, maí 2019, DKÞ, Borgarsögusafni.
[72] Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), 44, 128.
[73] Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur: Bærinn vaknar*, síðari hluti, 56; Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 3. bindi (R-Ö), 138; Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun: Snorrabraut – Hverfisgata – Rauðarárstígur – Laugavegur* (skýrsla 113, 2004), 5.
[74] Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), 44; 3. bindi (R-Ö), 138.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

sem reist var á þessum stað á 8. áratug 20. aldar (nú mathöll), er enn í daglegu tali kallað Hlemmur eða Hlemmtorg.



Mynd 20. Hestum brynnt við vatnsþróna við Hlemm, líklega um 1904-1910. Húsið Norðurpóll við Hverfisgötu í bakgrunni.[75]



Mynd 21. Prúðbúið fólk á ferð í bíl við Hlemm árið 1924. Í baksýn er Gasstöðin og nær er brúin yfir Rauðaá, hinn upprunalegi „Hlemmur“.[76]

[75] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur.* EFT 116. Ljósmyndari ókunnur (Daníel Daníelsson?).
[76] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. EFT 2304. Ljósmyndari ókunnur.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

1.4.5 Erfðafestubýli

Allmörg erfðafestubýli voru reist á svæðinu sem hér um ræðir í lok 19. aldar og á fyrstu áratugum 20. aldar. Bæjaryfirvöld hófu úthlutun á erfðafestulandi á síðari hluta 19. aldar til að hvetja til aukinnar ræktunar og búrekstrar í nágrenni við þéttbýlið í Reykjavík og tryggja nægilegt framboð af landbúnaðarafurðum eins og mjólk, sem var nauðsynlegt vegna þess hve vegasamband við sveitirnar var slæmt og erfitt að flytja þaðan nauðsynjar. Vegna þessa áttu erfðafestubýlin eftir að gegna mikilvægu hlutverki, einkum á kreppuárunum þegar framboð á mat, sér í lagi mjólkurvörum, var lítið.[77] Einkum voru mýrarnar vinsælar undir ræktunarsvæðin, þar sem holtin voru grýtt og melarnir harðir.



Mynd 22. Erfðafestublettir á svæðinu sem borgarhlutinn Hlíðar nær nú yfir.[78] Norðurmýrarblettir voru þar sem nú eru hverfin Norðurmýri og Hlíðar, ásamt Klambratúni, en Kringlumýrarblettir austar og að hluta þar sem nú eru götur austan Sjómannaskólans (merktur með rauðu). Leynimýrarblettir voru í suðausturhlíðum Öskjuhlíðar.

[77] Þórunn Valdimarsdóttir, *Sveitin við Sundin*, 106; Nikulás Úlfar Másson, *Borgarhluti 3* (skýrsla 13, 1992), 6; Nikulás Úlfar Másson, *Húsakönnun: Skógarhlíð* (skýrsla 80, 2001), 1.
[78] *Borgarsögusafn*. Korta- og uppdráttasafn. Þorleifur Kristófersson. [Erfðafestublettir í Reykjavík], dags. 5. apríl 1955.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Norðurmýrin var eitt af þeim svæðum í nánd við bæinn sem tekin voru undir túnrækt á síðasta áratug 19. aldar. Í upphafi 20. aldar var haldið áfram að úthluta landi úr Norðurmýrinni og gengið á mýrina eftir því sem mólandið leyfði. Á árunum fyrir fyrri heimsstyrjöld hófst úthlutun erfðafestulanda í Kringlumýri, Laugardal, Fossvogi, Kleppi og Sogamýri.[79] Svæðin voru ræst fram og skipt í bletti sem afhentir voru til eignar gegn árlegri leigu, en erfðafestuhafar voru þó skyldaðir til að láta af hendi byggingarlóðir úr erfðafestulöndum sínum, ef á þyrfti að halda, gegn niðurfærslu á árgjaldinu.[80] Á erfðafestulöndunum risu hús sem sum hver standa enn í dag en önnur eru horfin. Mörg býlanna lögðust af með mjólkursölulögum sem sett voru árið 1934 en þau höfðu í för með sér að bændum í Reykjavík reyndist erfiðara að selja mjólk sína beint til neytenda.[81] Erfðafestubýlin féllu svo gjarnan inn í hina nýju byggð eftir því sem hún breiddi úr sér yfir gömlu erfðafestulöndin og erfðafestuhafarnir fengu í staðinn lóðir sem mældar voru út umhverfis íbúðarhús þeirra. Í öðrum tilvikum þurftu gömlu býlin, með öllum ummerkjum um búskap og ræktun, að víkja fyrir nýju skipulagi.



Mynd 23. Bæjarhús býlisins Eskihlíðar, íbúðarhús og sambyggð útihús, sem reist voru í áföngum á árunum 1892-1936. Árið 1959 var verslunin Hagkaup stofnuð í miðhluta hússins (fjósinu), en myndin er tekin árið 1965.[82] Húsið stendur enn við enda götunnar Eskihlíðar, sem nefnd er eftir gamla býlinu, og er elsta húsið í borgarhlutanum.

Af þeim húsum sem byggð voru á erfðafestulandi í þessum borgarhluta standa nokkur enn. Elst þeirra er húsið númer 2-4 við Eskihlíð, en þar reisti Magnús Benjamínsson úrsmiður steinbæ árið 1892 og gaf nafnið *Eskihlíð* (Eskihlíð a). Bæ sinn byggði hann við gömlu leiðina úr bænum sem lá frá Arnarhóli yfir Skólavörðuholt og áfram að Öskjuhlíðahálsi. Talsvert var

[79] Þórunn Valdimarsdóttir, *Sveitin við Sundin*, 44, 106.
[80] Þórunn Valdimarsdóttir, *Sveitin við Sundin*, 39; Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur: Bærinn vaknar*, fyrri hluti, 47-49.
[81] Þórunn Valdimarsdóttir, *Sveitin við Sundin*, 106; Nikulás Úlfar Másson, *Borgarhluti 3* (skýrsla 13, 1992), 4.
[82] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ALB 013 140 1-2. Ljósmyndari Jóhann Vilberg Árnason.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

síðar byggt við steinbæinn en hann stendur enn sem hluti af núverandi húsi á lóðinni. Allmikill búskapur var lengi vel í Eskihlíð, einkum í tíð Geirs Gunnlaugssonar sem keypti býlið árið 1934 og hófst þegar handa við að stækka húsin og koma upp myndarlegu kúabúi. Seinna byggði hann upp býlið Lund við Nýbýlaveg í Kópavogi. Árið 1959 stofnaði Pálmi Jónsson kaupmaður verslunina Hagkaup í húsinu og varð það vísirinn að stórveldi Hagkaupa, sem síðar varð.[83] Húsið stendur nú við vestari enda götunnar Eskihlíðar sem nefnd er eftir gamla býlinu.



Mynd 24. Horft austur yfir Rauðarárholt um 1920-1930.[84] Fyrir miðri mynd eru bæjarhúsin að *Sunnuhvoli* sem stóðu þar sem nú er götustæði Háteigsvegar móts við Þverholt og fjær er býlið *Háteigur* sem enn stendur við Háteigsveg 36. Efst á holtinu (dökk þúst milli húsanna) er vatnsgeymirinn sem byggður var um 1915. Fremst sést fólk við heyskap á túni Sunnuhvols.

Húsið *Háteigur* er annað gamalt erfðafestubýli sem enn stendur innan þessa borgarhluta. Það var byggt á erfðafestulandi ofarlega í Rauðarárholti og stendur nú á lóð númer 36 við Háteigsveg. Upphaflega byggði Guðmundur nokkur Jafetsson timburhús á landinu árið 1907 sem hann nefndi Háteig. Það hús stóð þar sem nú er gatan Langahlíð og var seinna kallað Litli-Háteigur. Gata sem lögð var frá Rauðarárstíg að Háteigi og áfram upp á holtið á þessum tíma var nefnd Háteigsvegur eftir býlinu. Halldór Þorsteinsson skipstjóri keypti síðan Háteig árið 1914 og árið 1920 reisti hann þar, ásamt konu sinni Ragnhildi Pétursdóttur frá Engey, steinsteypta íbúðarhúsið sem enn stendur.[85] Halldór og Ragnhildur voru þjóðþekkt fólk, en Halldór var meðal annars skipstjóri á Jóni forseta, fyrsta togaranum

[83] Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun: Valssvæði og umhverfi* (skýrsla 96, 2002), 4 og 9; Nikulás Úlfar Másson, *Borgarhluti 3* (skýrsla 13, 1992), 6; Nikulás Úlfar Másson, *Húsakönnun: Skógarhlíð* (skýrsla 80, 2001), 7; Þórunn Valdimarsdóttir, *Sveitin við Sundin*, 99.
[84] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur.* KAN ÁBS 5044. Ljósmyndari Karl Christian Nielsen.
[85] *Borgarsögusafn*. Húsaskrá Reykjavíkur; Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), 35; *Vísir*, 3. júlí 1914, 2; 27. október 1920, 3.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

sem smíðaður var fyrir Íslendinga. (1907). Ragnhildur var landskunn fyrir afskipti sín af félags- og menningarmálum og að Háteigi stundaði hún kúabúskap um aldarfjórðungsskeið. Voru þar oftast um tíu gripir í fjósi og munu hafa verið með nytjahæstu kúm á landinu.[86] Árið 1945 var landið tekið úr erfðafestu vegna skipulags íbúðarbyggðar í holtinu og lagningar Lönguhlíðar. Húsið Litli-Háteigur mun þá hafa verið flutt að Skipasundi. Skólagarðar voru síðan á hluta af túnum Háteigs og seinna urðu þau hluti af almenningsgarðinum Miklatúni (nú Klambratún).



Mynd 25. Loftmynd frá 1954 sem sýnir byggðina sem þá var risin í Hlíðunum.[87] Merkt eru inn örnefni og nöfn erfðafestubýla og braggahverfa á svæðinu.

Við Stigahlíð 68 stendur timburhús sem byggt var á erfðafestulandi. Húsið byggði Jón B. Jónsson bókari árið 1937 á Norðurmýrarbletti 35 og nefndi *Efrihlíð*. Þarna hafði Jón búskap í mörg ár og byggði útihús undir hesta, fé og hænsni. Útihúsin voru rifin árið 1964

[86] Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), 35.
[87] *Vef*. Reykjavíkurborg, Borgarvefsjá, http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/, „Saga og þróun: Reykjavík 1954.“ Merking örnefna og staðarheita: ALG, Borgarsögusafni. Heimildir um braggahverfi: Eggert Þór Bernharðsson, *Undir bárujárnsboga*, 24-25; Þór Whitehead, *Ísland í hers höndum*, 224-225. Heimildir um býli: Ýmis kort og loftmyndir af Reykjavík.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

þegar farið var að skipuleggja og reisa byggð einbýlishúsa við Stigahlíð, sunnan Hamrahlíðar. Fjórum árum síðar keypti Reykjavíkurborg landið ásamt íbúðarhúsinu og seldi ríkissjóði húsið sama ár undir barnaheimili. Þarna var í mörg ár rekið barnaheimilið *Efrihlíð* fyrir börn stúdenta. Á 9. áratugnum var húsið fellt inn í áframhaldandi skipulag einbýlishúsabyggðar vestan Stigahlíðar. Árið 2007 var því aftur breytt í íbúðarhús og annað íbúðarhús byggt á lóð þess (Stigahlíð 68a).[88]



Mynd 26. Húsið Efrihlíð (Stigahlíð 68) á ljósmynd frá um 1970.[89] Í baksýn sjást hús við Hamrahlíð ásamt verslunarkjarnanum Suðurveri, en lengst til hægri sést í byggð einbýlishúsa sem reist voru á 7. áratugnum við Stigahlíð. Þegar áframhald þeirrar byggðar var skipulagt og reist á 9. áratugnum var húsið Efrihlíð fellt inn í þá byggð.

Á vesturjaðri svæðisins sem hér er til umfjöllunar standa enn tvö hús, íbúðarhús og útihús (fjós og hlaða), sem Jón Kristjánsson prófessor reisti árið 1916 á erfðafestulandi sínu *Hlíðarenda* í norðausturhorni Vatnsmýrar. Guðjón Guðlaugsson alþingismaður keypti jörðina árið 1919 og bjó á henni til dauðadags 1939. Þá var hún seld knattspyrnufélaginu Val, ásamt þeim húsum sem þar stóðu, og hefur félagið síðan byggt þar upp athafnasvæði sitt og ný mannvirki undir nafninu *Hlíðarenda* og nýtt gömlu bæjarhúsin undir félagsstarfsemi.[90]

Þóroddsstaðir við Skógarhlíð 22 eru fjórða erfðafestubýlið sem enn stendur á þessum slóðum. Húsið byggði Guðmundur Jónsson bifreiðarstjóri árið 1927 á erfðafestulandi sínu Norðurmýrarbletti 13 austan Hafnarfjarðarvegar (Reykjanesbrautar). Guðmundur H. Þorláksson byggingarmeistari teiknaði húsið og er það í burstabæjarstíl, en Guðmundur gerði

[88] *Borgarsögusafn.* Húsaskrá Reykjavíkur; *Morgunblaðið*, 8. júlí 1938, 7.
[89] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. SVK 001 052 2-4. Ljósmyndari Svanur Karlsson.
[90] Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun. Valssvæði og umhverfi* (skýrsla 96, 2002), 2-3,4, 10; Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, *Vatnsmýri – Seljamýri – Öskjuhlíð: Byggðakönnun: Fornleifaskrá og húsakönnun* (skýrsla 161, 2013), 16-17; Frímann Helgason, „Æfisaga þín og mín," *Valsblaðið* 17-20: nr. 17-19 (1961), 70.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

margar tillögur að húsum í þessum þjóðlega stíl í upphafi steinsteyputímabilsins í Reykjavík. Í eystri helmingi burstanna voru fjós og hlaða en íbúð í þeim vestari. Í upphafi 5. áratugarins keypti Jóhannes Kristjánsson, bóndi að Brekku við Sogaveg, Þóroddsstaði og hélt þar áfram búinu þar til setuliðið tók húsið árið 1942 og breytti fjósinu og hlöðunni í baðhús. Eftir stríð var starfrækt trésmíðaverkstæði í húsinu í langan tíma.[91]



Mynd 27. Húsið Þóroddsstaðir á ljósmynd frá um 1935-1940, en húsið var byggt árið 1927 í þjóðlegum burstabæjarstíl.[92] Hægra megin á myndinni sést sumarbústaður sem stóð á landi býlisins Litlu-Hlíðar og lenti síðar austan götunnar Litluhlíðar. Í baksýn má sjá hverfið Norðurmýri í byggingu og lengst til hægri býlið Klambra á Klambratúni. Þóroddsstaðir standa enn (Skógarhlíð 22) en sumarbústaðurinn við Litluhlíð var fjarlægður á 9. áratug 20. aldar.

Af horfnum erfðafestubýlum í þessum borgarhluta er fyrst að nefna *Klambra*, sem Klambratún heitir eftir.[93] Bæinn reisti Maggi Júl. Magnús, sem svo kallaði sig, læknir og bæjarfulltrúi, árið 1925 á erfðafestulandi sínu Norðurmýrarbletti 4, sem var hluti af því landi sem síðar var lagt til almenningsgarðsins Miklatúns (nú Klambratún).[94] Christian Christensen keypti Klambra árið 1934 og hóf þar búskap ásamt konu sinni, Ólöfu Ólafsdóttur. Eftir stríð rak hann þar svínasláturhús, reykhús og kjötverslun sem seinna fluttist að Háteigsvegi 2.[95] Bæjarsjóður leysti til sín land Klambra árið 1946 og á árunum 1948-1958 voru skólagarðar

[91] Nikulás Úlfar Másson, *Húsakönnun: Skógarhlíð* (skýrsla 80, 2001), 8.
[92] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. AGH 004 004 4-1. Ljósmyndun: Amatörvinnustofa G. Ásgeirssonar.
[93] Bærinn mun upphaflega hafa verið nefndur *Klömbur*, eftir býlinu Klömbum í Vesturhópi í Vestur-Húnavatnssýslu, en þangað átti eigandinn Maggi Júl. rætur að rekja. Hins vegar virðist fljótlega hafa orðið óljóst hver nefnifallsmynd bæjarnafnsins ætti að vera og fram komu nýjar fleirtölumyndir sem urðu algengari, þ.e. *Klömbrur* og *Klambrar*.“ Baldur Jónsson: „Klambrar saga,“ 130-132.
[94] Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), 181.
[95] *Morgunblaðið*, 30. júlí 1986, 34; Kjartan Kjartansson, „Túnið við Klömbrur,“ *SunnudagsMogginn*, 18. júlí 2010, 32-33.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

starfræktir í einu horni Klambratúns. Christian Christensen og fjölskylda munu hafa búið á Klömbrum til 1963 en árið 1965 voru bæjarhúsin rifin.[96]



Mynd 28. Séð yfir tún Klambra í átt að Öskjuhlíð á ljósmynd frá um 1945.[97] Bæjarhúsin standa vinstra megin við miðju, en hægra megin við þau sést vegur sem lá að bænum frá Flókagötu (upphaflega frá Háteigsvegi). Lengst til hægri má sjá nýbyggð raðhús við Miklubraut (Miklabraut 22-30 og 32-38), sem tilheyrðu nýju íbúðarhverfi, Hlíðahverfi, sem verið var að byggja á þessum tíma sunnan Miklubrautar.

Annað horfið erfðafestubýli á þessum slóðum er *Sunnuhvoll*, sem stóð austan við Rauðarárstíg þar sem nú er götustæði Háteigsvegar móts við Þverholt (sjá myndir 24 og 25). Þar byggði Pétur Hjaltested úrsmiður reisulegt timburhús í nýklassískum stíl árið 1906, sem búið var ýmsum þægindum sem þá voru sjaldgæf hér á landi, svo sem vatnssalerni og baðkeri, en vatnsleiðsla var lögð í húsið og skolpleiðsla frá því í safngryfju langt niðri á túni.[98] Húsið var rifið á 6. áratug 20. aldar.[99]

Í austurjaðri Rauðarárholts, þar sem Kringlumýrarvegur lá áður (sjá mynd 29) en nú austasti hluti götunnar Skipholts og Bolholt, byggðust upp nokkur erfðafestubýli á Kringlumýrarblettum í kringum 1930 (Kringlumýrarblettir 1-10). Á Kringlumýrarblettum var búskapur mismikill en flestir höfðu þar garðrækt, enda var jarðvegurinn léttur og hentugur til ræktunar þótt landið þætti lélegt byggingarland. Þar reistu menn kofa og sumarskýli á löndum

[96] Kjartan Kjartansson, „Túnið við Klömbrur," *SunnudagsMogginn*, 18. júlí 2010, 32-33; Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi (H-P), 181.
[97] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. EPB 002 135 1-2. Ljósmyndari Eggert P. Briem.
[98] Vigfús Guðmundsson, „Búnaðarmál í Reykjavík," 153-156; Þórunn Valdimarsdóttir, *Sveitin við Sundin*, 99; *Lögrétta* 1, nr. 40 (22. ágúst 1906), 159.
[99] Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 3. bindi (R-Ö), 106.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

sínum og sumir heilsársbústaði.[100] Þar á meðal voru *Fagridalur* (nálægt þar sem nú er verslunarhúsið Skipholt 70), *Hlíðardalur* (Skipholt 66), *Höfn* (Skipholt 62), *Helgadalur* (á horni Bolholts og Skipholts, Háaleitisbraut 1), *Finnbogahús*, sem var eldra hús, hlaðið úr steini um 1900 (þar sem nú er Bolholt 8). Vestar voru svo *Hraun, Hamrar* og *Berg* (Skipholt 35). Flest þessara húsa þurftu að víkja fyrir skipulagðri byggð upp úr 1960, en tvö þeirra, Hlíðardalur og Höfn, féllu inn í nýja byggð við Skipholt og stóðu allt til þess að þau urðu að víkja fyrir nýbyggingum í kringum 2000. Húsið Fagridalur mun hafa verið flutt inn í Blesugróf og gert þar upp og stækkað.[101]



Mynd 29. Loftmynd frá 1954 sem sýnir byggðina sem þá var á Rauðarárholti austanverðu, meðal annars erfðafestubýli við Kringlumýrarveg og braggahverfi við Háteigsveg.[102]

Suðaustanvert á Rauðarárholti, sunnan Háteigsvegar og vestan þáverandi Kringlumýrarvegar (núverandi Bólstaðahlíðar), voru einnig nokkrir erfðafestublettir (Kringlumýrarblettir 29-31 og Rauðarárholt II), þar sem stóðu tvö hús sem viku þegar skólahús Æfingaskóla Kennaraháskólans (Háteigsskóla) var reist um 1966-1968.[103] Á háholti Rauðarárholts var ekki úthlutað erfðafestublettum, en þar lét bærinn búa til áðurnefnda fiskreiti. Eitt íbúðahús reis þó þar á svipuðum tíma og húsin á erfðafestublettunum í kring, en það var hús sem Þórður Sigurðsson prentari (1865-1937) byggði árið 1925, innan lóðar vatnsgeymisins sem þá var risinn á Rauðarárholti. Húsið stóð norðan við geyminn og var

[100] María Gísladóttir, *Húsakönnun: Bólstaðarhlíð – Stakkahlíð – Háteigsvegur*, 7.
[101] Freyja Jónsdóttir, „Kringlumýrarblettir," *Dagur: Íslendingaþættir*, nr. 53 (28. mars 1998), II.
[102] *Vef.* Reykjavíkurborg, Borgarvefsjá, http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/, „Saga og þróun: Reykjavík árið 1954." Merking örnefna og staðarheita: ALG, Borgarsögusafni. Heimildir um braggahverfi: Eggert Þór Bernharðsson, *Undir bárujárnsboga*, 24-25; Þór Whitehead, *Ísland í hers höndum*, 224-225. Heimild um býli við Kringlumýrarveg: Viðtal ALG, Borgarsögusafni við Magnús Gunnar Pálsson, dags. 16. september 2013.
[103] María Gísladóttir, *Húsakönnun: Bólstaðarhlíð – Stakkahlíð – Háteigsvegur*, 7-8.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

kennt við hann og kallað *Geymisvöllur*. Það stóð á holtinu allt til ársins 1991 þegar það var rifið.[104]

[175] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. EPB 001 111 1-1. Ljósmyndari Eggert P. Briem.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 56. Loftmynd frá 1946.[176] Fyrstu áfangar verkamannabústaða risnir við Háteigsveg, Einholt, Meðalholt og Stórholt.

1.5.5 Holtin – Íbúða- og stofnanabyggð á Rauðarárholti

Á stríðsárunum reis á Rauðarárholti aðalbygging Sjómannaskólans í Reykjavík, sem sameinaði undir einu þaki helstu menntastofnanir sjómannastéttarinnar, Stýrimannaskólann í Reykjavík og Vélskóla Íslands, ásamt loftskeytaskólanum og öðrum tengdum skólum. Bæjarstjórn Reykjavíkur gaf lóð efst á Rauðarárholti undir skólahúsið og aðrar byggingar sem kynnu að verða reistar í tengslum við skólann.[177] Arkitektunum Sigurði Guðmundssyni og Eiríki Einarssyni var í kjölfar hugmyndasamkeppni falið að gera fullnaðaruppdrætti að húsinu, sem reis á árunum 1942-1945.[178] Fljótlega var byggð önnur skólabygging fyrir verklega kennslu Vélaskólans á lóðinni austan við aðalbygginguna og á 6., 7. og 8. áratugnum risu frekari viðbyggingar á svæðinu undir aðra starfsemi skólans.[179] Árið 2008 var aðalbygging Sjómannaskólans við Háteigsveg friðuð af menntamálaráðherra samkvæmt þágildandi lögum um húsafriðun nr. 104/2001.[180]

---

[176] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÁBS LS 32-36. Ljósmyndari Sigurhans Vignir.
[177] Friðrik V. Ólafsson: „Sjómannaskólinn," *Sjómannablaðið Víkingur* 6, nr. 10 (1944), 259-260.
[178] *Borgarskjalasafn*. Skjöl byggingarnefndar (B). Háteigsvegur, Sjómannaskóli (B/847); *Skjalaver Höfðatorgi*. Aðaluppdrættir. Háteigsvegur 35-39. Teikning undirrituð af Sigurði Guðmundssyni og Eiríki Einarssyni, BN 657/42, sþ. 26. nóvember 1942.
[179] Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir, *Sjómannaskólareitur* (skýrsla 198, 2019), 20-23.
[180] *Vef.* Minjastofnun Íslands, „Friðlýst hús og mannvirki: Sjómannaskólinn (Fjöltækniskóli Íslands), Háteigsvegur," https://www.minjastofnun.is/is/byggingararfur/fridlyst-hus-og-mannvirki/sjomannaskolinn-fjoltaekniskoli-islands.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 57. Rauðarárholt séð til norðurs á loftmynd frá 1946.[181] Sjómannaskólinn og vatnsgeymarnir fyrir miðri mynd en á bakvið sést grjótnámið í norðanverðu holtinu og ný iðnaðar- og atvinnuhús milli Skipholts og Laugavegar. Í forgrunni er braggahverfið *Camp Tower Hill*. Neðst til hægra sjást hús, líklega á Kringlumýrarbletti 29.

Á stríðsárunum byrjaði einnig að rísa byggð íbúðarhúsa við framhald Flókagötu meðfram Klambratúni og á lóðum sunnan Háteigsvegar og risu flest húsin þar á árunum 1942-1946, í beinu framhaldi af byggingu Norðurmýrar. Einstaka lóðir byggðust seinna, sem skýrist meðal annars af því að þær tilheyrðu áður tveimur gömlum býlum, *Sunnuhvoli* og *Háteigi*. Þar risu hús á árunum 1960-1962 og stöku hús enn seinna. Á tímabilinu 1947-1954 reis jafnframt íbúðabyggð við framhald af Háteigsvegi og Flókagötu austan Lönguhlíðar, og við Úthlíð, Bólstaðarhlíð og Skaftahlíð austur að Stakkahlíð, og síðan við áframhald Bólstaðarhlíðar og Skaftahlíðar á árunum 1954-1961. Þessi byggð tilheyrir í raun skipulagi Hlíðahverfis, sem nánar er greint frá í næsta kafla.

Á árunum 1956-1965 reis íbúðabyggð á holtinu í nánasta umhverfi Sjómannaskólans, fyrst norðvestanvert við aðalbygginguna, á horni Nóatúns og Skipholts, og síðan austan við skólann, við göturnar Vatnsholt, Hjálmholt og austurhluta Skipholts og síðan við áframhald af götunni Bólstaðarhlíð. Þessi byggð virðist reist samkvæmt hugmyndum sem koma fram á heildaruppdrætti sem gerður var árið 1957, fyrir stórt svæði í Kringlumýri og Háaleiti, sem náði allt frá Stakkahlíð austur að Grensásvegi og milli Suðurlandsbrautar og Bústaðavegar, og tók meðal annars til norðausturhluta Hlíða og Rauðarárholts (sjá mynd 58).[182] Byggðin austan Sjómannaskólans eða á austanverðu Rauðarárholti reis að mestu á árunum 1962-1967, samkvæmt deiliskipulagsuppdrætti frá 1961, þar sem nánar var útfærð byggð við Bólstaðarhlíð, Vatnsholt, Hjálmholt og hluta Skipholts (sjá mynd 59).[183]

[181] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÁBS LS 32-34. Ljósmyndari ókunnur.
[182] *Umhverfis- og skipulagssvið.* Finnur Kristinsson, „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur," 49, 64 (mynd 43).
[183] *Vef.* Skipulagsstofnun, Skipulagsvefsjá, https://map.is/skipulag/, deiliskipulag, „Skipulag við Bólstaðarhlíð," undirritað af Aðalsteini Richter, sþ. 14. mars 1961.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 58. Heildaruppdráttur frá 1957 að stóru svæði í Kringlumýri og Háaleiti, allt frá Stakkahlíð austur að Grensásvegi og milli Suðurlandsbrautar og Bústaðavegar [184]

Við síðarnefndu göturnar þrjár risu vegleg stakstæð íbúðarhús, öll af svipaðri stærð og gerð, með sterkum sameiginlegum einkennum þess afbrigðis módernismans sem einkennir flest íbúðarhús í Reykjavík byggð á tímabilinu 1960-1970, svo sem flöt eða einhalla þök og múrsléttað og málað yfirborð með uppbrotum og litaskilum á útveggjum. Á þessum slóðum stóðu fyrir nokkur eldri hús sem tilheyrðu Kringlumýrarblettum og þurftu flest þeirra að víkja fyrir hinni nýju skipulögðu byggð, en tvö, *Hlíðardalur* og *Höfn*, voru felld inn í nýju byggðina og stóðu allt til um 2000 þegar ný hús voru byggð á lóðum þeirra, eins og fjallað er um hér framar (sjá kafla 1.4.5). Við götuna Bólstaðarhlíð austanverða, sem framlengd var í

[184] *Umhverfis- og skipulagssvið.* Finnur Kristinsson, „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur," 64 (mynd 43).

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

boga og áfram norður að Skipholti, risu síðan fjölbýlishús eftir sama skipulagi á árunum 1963-1967. Húsin standa á austurjaðri borgarhlutans, meðfram Kringlumýrarbraut og endurspegla með skýrum hætti, eins og önnur fjölbýlishús meðfram stofnbrautunum Miklubraut og Kringlumýrarbraut, byggðaþróun þessa tíma og skipulagshugmyndir módernismans um að byggja skyldi há fjölbýlishús meðfram umferðaræðum til að skerma af aðra smágerðari íbúðabyggð í hverfum borgarinnar.



Mynd 59. Uppdráttur frá 1961 að skipulagi byggðar við Bólstaðarhlíð, Vatnsholt, Hjálmholt og hluta Skipholts. Einnig er sýnd byggð við Bólstaðarhlíð og Skaftahlíð, austan Stakkahlíðar. Austur snýr upp á uppdrættinum.[185]

Á sama tímabili eða á árunum 1957-1964 reis Háteigskirkja á holtinu, suðvestanvert við Sjómannaskólann. Kirkjan, sem hönnuð var af Halldóri H. Jónssyni arkitekt, þótti óvenjuleg en um leið setja mikinn svip á umhverfi sitt, einkum hinir fjórir turnar hennar, en kirkjan hefur frá því að hún var byggð verð eitt af kennileitum Rauðarárholts. Frá upphafi var gert ráð fyrir að byggt yrði safnaðarheimili á lóðinni norðan við kirkjuna og tengigangur á milli bygginganna og risu þær byggingar árið 1992, eftir teikningum Garðars Halldórssonar arkitekts, sonar Halldórs sem lést í febrúar sama ár.[186]

Á Rauðarárholti suðaustanverðu, á svæðinu sunnan Háteigsvegar, austan Stakkahlíðar og norðan Bólstaðarhlíðar, tóku að rísa opinberar byggingar í lok 6. áratugarins og á 7.

[185] *Vef.* Skipulagsstofnun, Skipulagsvefsjá, https://map.is/skipulag/, deiliskipulag, „Skipulag við Bólstaðarhlíð," undirritað af Aðalsteini Richter, sþ. 14. mars 1961.
[186] Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir, *Sjómannaskólareitur* (skýrsla 198, 2019), 27-29; *Morgunblaðið*, 30. maí 1959, 6; 4. maí 1963, 6; 21. desember 1965, 3; *Vísir*, 20. ágúst 1963, 1; 13. júlí 1965, 1; 13. nóvember 1965, 1; *Þjóðviljinn*, 12. desember 1965, 1; *Tíminn*, 15. desember 1965, 16; 21. desember 1965, 2 og 15; *Alþýðublaðið*, 21. desember 1965, 3 og 10; J. Þ., „Háteigskirkja vígð 19. des. 1965," *Kirkjuritið* 32, nr. 1 (1966), 30-32; Hörður Ágústsson: „Af minnisblöðum málara". *Birtingur* 4, nr. 3.-4. (1958), 42.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

áratugnum. Þar höfðu áður verið fiskreitir og fiskvinnsluhús og síðar braggahverfið *Camp Tower Hill* á hernámsárunum og eftirstríðsárunum, eins og áður er fjallað um. Elstu hugmyndir um skipulag á þessu svæði er að finna á uppdrætti undirrituðum af Einari Sveinssyni, Bolla Thoroddsen og Þór Sandholt að skipulagi 2. áfanga Hlíðahverfis, austan Lönguhlíðar, frá um 1946 (sjá mynd 64). Þar var gert ráð fyrir áframhaldandi íbúðabyggð á svæðinu með svipuðu sniði og vestan Stakkahlíðar, en hús sem risu austan Stakkahlíðar á árunum 1954-1961, við áframhald gatnanna Bólstaðarhlíðar og Skaftahlíðar, voru þau einu sem reist voru á svæðinu í samræmi við þessar hugmyndir. Á stóra heildaruppdrættinum sem gerður var árið 1957 fyrir Kringlumýri og Háaleiti, og áður er nefndur (sjá mynd 58), virðist gert ráð fyrir gisinni stofnanabyggð á svæðinu, en þar er jafnframt sýnd Kirkja óháða safnaðarins, sem reis á horni Háteigsvegar og Stakkahlíðar á árunum 1950-1959, hönnuð af Gunnari Hanssyni arkitekt.[187] Á skipulagsuppdrætti að byggð við Bólstaðarhlíð, Vatnsholt, Hjálmholt og hluta Skipholts frá 1961 (sjá mynd 59),[188] er svæðið þó enn óskipulagt að mestu, en þó hefur bæst þar við fyrirhugað hús Kennaraháskóla Íslands sem síðan reis við Stakkahlíð á árunum 1962-1965, en arkitekt þess var Steinar Guðmundsson sem starfaði hjá húsameistara ríkisins á þeim tíma.[189]



Mynd 60. Hús Kennaraháskóla Íslands við Stakkahlíð, séð frá Háteigsvegi, á ljósmynd frá 2005.[190]

[187] *Umhverfis- og skipulagssvið.* Finnur Kristinsson, „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur,“ 49, 64 (mynd 43); María Gísladóttir, *Húsakönnun: Bólstaðarhlíð – Stakkahlíð – Háteigsvegur* (skýrsla 175, 2016).
[188] *Vef.* Skipulagsstofnun, Skipulagsvefsjá, https://map.is/skipulag/, deiliskipulag, „Skipulag við Bólstaðarhlíð,“ undirritað af Aðalsteini Richter, sþ. 14. mars 1961.
[189] „Steinar Guðmundsson: In memoriam,“ *Menntamál* 36, nr. 2: 181-182.
[190] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. Úr stafrænu safni Fréttatímans. d31270605_kenno_01. Ljósmyndari Páll Bergmann.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Ekkert heildarskipulag hefur verið unnið fyrir svæðið síðan og hefur uppbygging húsa á reitnum verið ákveðin með staðbundnum deiliskipulagsbreytingum hverju sinni.[191] Á árunum 1966-1968 bættist við á svæðinu skólahús Æfingaskóla Kennaraháskólans, sem nú heitir Háteigsskóli, á austurjaðri svæðisins á horni Háteigsvegar og Bólstaðahlíðar, teiknað af Gunnari Hanssyni arkitekt. Á þeim slóðum stóðu áður hús sem tilheyrðu Kringlumýrar-blettum en voru fjarlægð þegar skólinn var byggður. Seinna bættust þarna við íþróttahús Æfingaskólans (1975), viðbyggingar við Kennaraháskólann (1982, 2002 og 2005), íbúðablokkir á vegum Samtaka aldraðra við Bólstaðarhlíð 41-45 (1986), námsmannaíbúðir við Bólstaðarhlíð 23 (1998) og nú síðast nýjar íbúðablokkir við Austurhlíð 2-4 og Stakkahlíð 3-5 (2022).



Mynd 61. Hús við Skaftahlíð meðfram Miklubraut á mynd frá um 1960-1961.[192] Lengst til vinstri er Skaftahlíð 24 þar sem veitingastaðurinn Lídó var um tíma og síðar Tónabær.

1.5.6 Hlíðarnar – Sunnan og norðan Miklubrautar

Hlíðahverfi eða *Hlíðarnar* eru heilsteypt íbúðahverfi sem tók að rísa í framhaldi af uppbyggingu Norðumýrar í stríðslok og eitt fyrstu hverfunum sem byggðust í kjölfar þess að byggð tók að þenjast út fyrir Hringbraut (og núverandi Snorrabraut) og því með eldri hlutum borgarinnar. Hverfið byggðist að mestu á 5. og 6. áratug 20. aldar, samkvæmt skipulagsuppdráttum sem unnir voru í tíð Einars Sveinssonar og Þórs Sandholts hjá embætti húsameistara Reykjavíkur og Bolla Thoroddsens bæjarverkfræðings í Reykjavík. Hlíðarnar eru með fyrstu heildstæðu íbúðarhverfunum í Reykjavík sem byggðust samkvæmt fyrirfram ákveðnu skipulagi og hugmyndafræði.

Hverfið skiptist í tvennt um Miklubraut og byggðist í nokkrum áföngum. Fyrst var hafist handa við uppbyggingu vesturhluta hverfisins, sem myndar þríhyrnt svæði sunnan Miklubrautar austur að Lönguhlíð. Sá hluti byggðist samkvæmt uppdrætti sem er óundirritaður og ódagsettur, en var líklega unninn af Einari Sveinssyni þáverandi húsameistara Reykjavíkur, sem áður hafði unnið skipulag Norðurmýrar og

[191] María Gísladóttir, *Húsakönnun. Bólstaðarhlíð – Stakkahlíð – Háteigsvegur* (skýrsla 175, 2016), 10.
[192] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. VIG L33 2. Ljósmyndari Sigurhans Vignir.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

verkamannabústaðanna á Rauðarárholti (sjá mynd 62).[193] Fyrstu húsin sem byggð voru í samræmi við þennan uppdrátt voru raðhúsin númer 22-30 og 32-38 við Miklubraut sem reist voru á árunum 1942-1943 eftir teikningum Gísla Halldórssonar og Sigvalda Thordarsonar. Hús af þeirri gerð voru nýmæli á þeim tíma og gerðu höfundarnir tillögu að byggð slíkra húsa á stærra svæði í þessum hluta Hlíðanna en ekki varð af byggingu þeirra.[194] Göturnar Mjóahlíð, Engihlíð, Reykjahlíð, Barmahlíð, Mávahlíð, Drápuhlíð, Blönduhlíð og Eskihlíð urðu síðan til á grunni þessa skipulags og urðu að mestu fullbyggðar, austur að Lönguhlíð, á árunum 1945-1949. Þar risu aðallega samstæð eða stakstæð íbúðarhús úr steinsteypu, tvílyft eða þrílyft, með kjallara og risi og fjórum, sex eða átta íbúðum. Meðfram Miklubraut byggðust áfram raðhús og sambyggðar raðir tveggja hæða fjölbýlishúsa.



Mynd 62. Uppdráttur að skipulagi Hlíðahverfis vestan Lönguhlíðar frá um 1945.[195] Austur snýr upp. Gert er ráð fyrir samstæðum eða stakstæðum íbúðarhúsum við flestar götur, en raðhúsum og lágum fjölbýlishúsum meðfram Miklubraut og stærri fjölbýlishúsum milli Eskihlíðar og Reykjanesbrautar (Skógarhlíðar).

[193] Pétur H. Ármannsson, *Einar Sveinsson arkitekt og húsameistari Reykjavíkur*, 11; *Umhverfis- og skipulagssvið.* Finnur Kristinsson, „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur," 30; *Skjalaver Höfðatorgi*. Skipulagsuppdrættir. „Hlíðahverfi. Lausleg skissa af skipulagi," [óundirrituð] [ódags.].
[194] Gísli Halldórsson og Margrét Leifsdóttir, *Gísli Halldórsson arkitekt*, 36.
[195] *Skjalaver Höfðatorgi*. Skipulagsuppdrættir. „Hlíðahverfi. Lausleg skissa af skipulagi," [óundirrituð] [ódags.].

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Fjögurra hæða fjölbýlishúsin meðfram Eskihlíð tilheyra einnig þessu skipulagi en byggðust á lengra tímabili, á árunum 1946-1956. Þrjú þau elstu, byggð 1946-1947, eru meðal elstu blokkarbygginga í borginni, reist skömmu eftir byggingu fyrstu fjórlyftu blokkanna við Hringbraut 37-41 og 43-47 og á svipuðum tíma og fjölbýlishús bæjarins við Skúlagötu 52-80 (nú Bríetartún 6-36) og Lönguhlíð 19-25. Austast í hverfishlutanum, við austurenda Mávahlíðar og Drápuhlíðar, eru nokkur yngri hús (Mávahlíð 46-48 og 47 og Drápuhlíð 43-45 og 47), sem risu á lóðum sem ekki voru teknar til byggingar fyrr en eftir 1956, þegar fjarlægt hafði verið eldra hús, *Reykjahlíð*, sem áður stóð þar á erfðafestulandi.



Mynd 63. Loftmynd tekin 1946 þegar Hlíðarnar vestan Lönguhlíðar eru í uppbyggingu. Meðal annars má sjá að verið er að reisa fyrstu blokkirnar við Eskihlíð (nr. 12-12b og 14-14b).[196]

Fljótlega eftir að byggðin vestan Lönguhlíðar tók að rísa hófst einnig uppbygging á svæðinu austan Lönguhlíðar að Stakkahlíð, bæði norðan og sunnan Miklubrautar. Til er samþykktur deiliskipulagsuppdráttur að þeim hluta hverfisins frá 1946, undirritaður af Einari Sveinssyni, Bolla Thoroddsen og Þór Sandholt (sjá mynd 64).[197] Á grunni þess skipulags reis áframhaldandi byggð sunnan Miklubrautar austur að Stakkahlíð, við framhald af götunum Barmahlíð, Mávahlíð, Drápuhlíð og Blönduhlíð og við Hamrahlíð norðanverða og varð sá hverfishluti að mestu fullbyggður á árunum 1946-1952. Þar reis samskonar byggð tveggja til þriggja hæða sambýlishúsa og vestan Lönguhlíðar, auk sambyggðra tveggja hæða fjölbýlishúsa áfram austur eftir Miklubraut.

[196] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÁBS LS 32-41. Ljósmyndari Sigurhans E. Vignir.
[197] *Skjalaver Höfðatorgi*. Skipulagsuppdrættir. „Skipulag í Rauðarárholti sunnanverðu," undirritað af Einari Sveinssyni, Bolla Thoroddsen, Þór Sandholt og Herði Bjarnasyni, dags. apríl 1946.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Á svipuðum tíma og eftir sama skipulagi, reis byggðin norðan Miklubrautar milli Lönguhlíðar og Stakkahlíðar, við áframhald Háteigsvegar og Flókagötu og við göturnar Úthlíð, Bólstaðarhlíð og Skaftahlíð. Þar var gert ráð fyrir stakstæðum og sambyggðum íbúðarhúsum, samskonar og sunnan Miklubrautar, en fjölbýlishúsum á vesturjaðri og syðsta hluta svæðisins, meðfram Lönguhlíð og Skaftahlíð/Miklubraut. Þessi hverfishluti varð mestu fullbyggður á árunum 1947-1954. Meðal fyrstu húsanna sem risu þar voru fjölbýlishúsin við Lönguhlíð, þar á meðal „Lönguhlíðarblokkin“ svokallaða sem Einar Sveinsson arkitekt teiknaði og var fullbyggð árið 1947 á horni Miklubrautar og Lönguhlíðar (Langahlíð 19-25). Reykjavíkurbær stóð fyrir byggingu hennar og var það liður í að mæta húsnæðisvandanum sem varð í kjölfar hernámsins. Mun Lönguhlíðarblokkin hafa verið stærsta fjölbýlishús landsins á sínum tíma.[198] Nokkrar lóðir við Háteigsveg og Flókagötu byggðust aðeins seinna en aðrar í hverfishlutanum, eða á árunum 1958-1964, en fram að því var þar hluti braggahverfisins *Camp Sheerwood*. Á svipuðum tíma risu fjölbýlishúsin milli Skaftahlíðar og Miklubrautar (Skaftahlíð 4-10 og 12-22).



Mynd 64. Uppdráttur að Hlíðahverfi austan Lönguhlíðar, beggja vegna Miklubrautar, frá 1946. Austur snýr upp.[199]

Skipulagsuppdrátturinn frá 1946 gerði ráð fyrir áframhaldandi samskonar íbúðabyggðar austan Stakkahlíðar og vestan götunnar (sjá mynd 64). Sá hluti skipulagsins náði þó einungis að litlum hluta fram að ganga og göturnar Bólstaðarhlíð og Skaftahlíð voru þær einu sem voru framlengdar austur fyrir Stakkahlíð. Þar reis samskonar íbúðabyggð og vestan Stakkahlíðar á árunum 1954-1961, eins og nefnt er hér í fyrri kafla og voru það einu húsin sem reist voru á því svæði í samræmi við hugmyndir skipulagsins frá 1946.

[198] Einar Sveinsson, „Húsnæðisvandamálið og íbúðarbyggingar Reykjavíkurbæjar,“ *Morgunblaðið*, 13. október 1948, 10; Eggert Þór Bernharðsson, *Saga Reykjavíkur: Borgin*, fyrri hluti, 306.
[199] *Skjalaver Höfðatorgi*. Skipulagsuppdrættir. „Skipulag í Rauðarárholti sunnanverðu,“ undirritað af Einari Sveinssyni, Bolla Thoroddsen, Þór Sandholt og Herði Bjarnasyni, dags. apríl 1946.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 65. Svæðið á korti frá 1947.[200] Hér sést að risin eru fyrstu stóru íbúðarhverfin austan Hringbrautar (Snorrabrautar), í Norðurmýri, Rauðarárholti vestanverðu og Hlíðum vestan Stakkahlíðar, en á svipuðum tíma byrjuðu Túnin, Teigarnir, Sundin og Vogarnir að byggjast.

[200] Ágúst Böðvarsson, *Reykjavík og Seltjarnarnes*, 1947 (hluti). Útgefið (prentað) kort.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 66. Borgarhlutinn á loftmynd frá 1954.[201] Hlíðahverfi er að mestu fullbyggt samkvæmt skipulags-uppdráttum frá 5. áratug aldarinnar og samskonar íbúðabyggð er risin á svæði austan Stakkahlíðar.

Hlíðahverfi, líkt og Norðurmýri og verkamannabústaðirnir á Rauðarárholti, endurspeglar hugmyndir síns tíma um nútímalegt skipulag þar sem ráðandi eru hugmyndir fúnkisstefnunnar og hinnar eldri garðborgarstefnu. Afstaða og hlutföll húsa og lóða taka mið af sólarátt og stefna gatna ræðst um leið af því. Húsum er skipað samsíða og meðfram götu og garðsvæði liggja að mestu sunnan húsa. Meðfram umferðargötum á jöðrum byggðarinnar var skipað niður röðum fjölbýlishúsa, sem var nýmæli á þessum tíma sem einungis hafði áður birst í skipulagi Melahverfis.[202] Þjóðbrautin Reykjanesbraut (núverandi Skógarhlíð) afmarkaði hverfið til suðurs en skipulagi annarra umferðargatna innan hverfisins, Eskihlíðar, Lönguhlíðar og Hamrahlíðar, var komið fyrir þannig að þær sameinuðust í stóru hringtorgi í suðurjaðri hverfisins, sem fékk nafnið Eskitorg. Gert var ráð fyrir opnum svæðum og leiksvæðum innan hverfisins, sem og dagvöruverslunum, einkum á hornlóðum. Hlíðahverfi byggðist síðan upp sem mjög heildstætt hverfi að því leyti að húsin urðu öll áþekk að stærð og hæð enda lutu þau sameiginlegum skipulagsskilmálum varðandi húsgerð, hæð, umfang og staðsetningu gagnvart götu.

[201] *Vef*. Reykjavíkurborg, Borgarvefsjá, http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/, „Saga og þróun: Reykjavík 1954."

[202] Pétur H. Ármannsson, *Einar Sveinsson arkitekt og húsameistari Reykjavíkur*, 11.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 67. Ásýnd Hlíðahverfis frá Öskjuhlíð um 1950-1955, áður en nokkur tré risu á svæðinu.[203] Fremst er býlið Blönduhlíð sem stóð þar sem nú er lóð fjölbýlishússins Eskihlíðar 20-20a. Bakvið það sjást hús við götuna Blönduhlíð.

Hverfið sem heild ber þó glöggt vitni um þróun byggingarstíla og blöndun ýmissa stílbrigða á tímabilinu, en miklar hræringar áttu sér stað í skipulagi og byggingarlist á þeim tíma þegar hverfið var að byggjast upp. Tímabilið 1930-1960 var mikill mótunartími í íslenskri byggingarlist; mikið var byggt og áhrif úr ólíkum áttum bárust með nýútskrifuðum arkitektum sem báru með sér nýja strauma í kjölfar uppgangs fúnkisstefnunnar í byggingarlist. Áhrif smituðust auðveldlega á milli arkitekta og ýmissa byggingaraðila. Eldri húsin í hverfinu eru flest af svipaðri stærð og gerð og hlutföll, þakform og yfirborðsáferð með áþekku móti, þar sem valmaþök með litlum kvistum og steinmulnings- eða skeljasandsáferð eru ráðandi, sem og önnur einkenni hins íslenska fúnkisstíls. Innan um og einkum norðan Miklubrautar má finna fjölbreytilegri húsagerðir og meiri blöndun stílbrigða, en þar má meðal annars greina þær breytingar sem urðu í íslenskri byggingarlist með aukinni velmegun á eftirstríðsárunum og birtust meðal annars í stærri grunnfleti húsa, útskotum, hærra þaki og margbreyttara þakformi, íburðarmeiri stíl, margrúðugluggum, skrauti og mynstri, meðal annars í handriðum og girðingum úr forsteyptum einingum, en einnig aukin áhrif módernisma eftir því sem líður á byggingarskeið hverfisins.[204]

Byggð í Hlíðunum hélt áfram að þéttast og vaxa til austurs og suðurs á 6. og 7. áratugnum. Íbúðabyggð við göturnar Hörgshlíð og Háuhlíð sunnanvert í hverfinu, reis á árunum 1954-1964, eftir hugmyndum um skipulag sunnan Hamrahlíðar sem samþykktar voru

[203] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. HAP RVK 010 1-2. Ljósmyndari Hannes Pálsson.
[204] Pétur H. Ármannsson, *Einar Sveinsson arkitekt og húsameistari Reykjavíkur*, 15; Pétur H. Ármannsson, *Borgarhluti verður til*, 10; Pétur H. Ármannsson, „Arkitektinn og verk hans," 98; Eggert Þór Bernharðsson, „Að byggja sér veldi: Hugleiðing um húsagerðarlist „nýfrjálsrar" þjóðar," *Ný saga* 7, nr. 1 (1995), 88-90.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

í bæjarráði 1953.[205] Húsin við Háuhlíð byggðust fyrst, eða á árunum 1954-1958, og eru flest íburðarmikil sérbýlishús en húsin við Hörgshlíð, sem eru ýmist sérbýli eða sambýlishús með sérhæðum, risu flest á árunum 1956-1964. Tvö hús eru yngri, byggð 1988 (Hörgshlíð 2) og 1991 (Hörgshlíð 20), þar sem áður voru hús frá eldri tíð. Í þessum hverfishluta má vel greina þá þróun og blöndun stíltegunda sem varð á 6. og 7. áratugnum, þegar hinn íslenski fúnkisstíllinn var á undanhaldi og hús urðu stærri, meðal annars með aukinni velmegun eftirstríðsáranna, og þegar áhrif frá alþjóðlegum móderisma bárust hingað til lands með arkitektum sem komu heim frá námi.



Mynd 68. Loftmynd tekin yfir austurhluta Hlíðahverfis 1961. Fremst má sjá nýbyggð hús við Hörgshlíð og Háuhlíð og fjær eru tvær af þremur álmum Hlíðaskóla sem reistur var á árunum 1960-1964.[206]

Íbúðabyggð í austanverðum Hlíðum, sunnan Miklubrautar og austan Bogahlíðar, við göturnar Grænuhlíð, Stigahlíð og Hamrahlíð, reis á svipuðum tíma samkvæmt skipulagsuppdrætti sem var samþykktur af bæjarráði árið 1954 (sjá mynd 69).[207] Skipulagið gerði ráð fyrir fjölbýlishúsum á vestur-, norður- og austurjöðrum svæðisins, við Bogahlíð og meðfram Miklubraut og Kringlumýrarbraut, en lágreistari byggð tví- eða þrílyftra

[205] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Korta- og uppdráttasafn. „Golfskálahæð," undirritað af Þór Sandholt, 28. nóvember 1952.
[206] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. GRÓ 005 067 2-3. Ljósmyndari Gunnar Rúnar Ólafsson.
[207] *Skjalaver Höfðatorgi*. Skipulagsuppdrættir. Skipulag í Hlíðum sunnan Miklubrautar og austan Stakkahlíðar, undirritað af Þór Sandholt, dags. 19. febrúar 1954, sþ. 26. mars 1954; *Umhverfis- og skipulagssvið.* Finnur Kristinsson: „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur," 48, 54 (mynd 33).

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

sambýlishúsa við Grænuhlíð og Hamrahlíð. Sömu hugmyndir um skipulag hverfishlutans má sjá á heildaruppdrættinum frá 1957 að skipulagi í Kringlumýri og Háaleiti, sem áður er nefndur (sjá mynd 58).[208] Þar er meðal annars sýnd lega nýrrar umferðaræðar, *Kringlumýrarbrautar*, sem á árunum 1960-1970 var lögð þvert suður yfir Kringlumýrina, hér um bil hornrétt á Miklubraut. Meðfram þessum tveimur stóru umferðaræðum var gert ráð fyrir fjögurra hæða fjölbýlishúsum sem skerma áttu af aðra smágerðari íbúðabyggð í hverfunum. Byggðin við Grænuhlíð, Stigahlíð og Hamrahlíð reis að mestu samkvæmt hugmyndum þessara skipulagsuppdrátta á árunum 1955-1967, þar á meðal vinkilbyggð fjölbýlishús við Stigahlíð, meðfram Miklubraut, sem reist voru af Byggingafélagi verkamanna og teiknuð af Tómasi Vigfússyni húsasmíðameistara. Fjölbýlishús sem áttu samkvæmt skipulaginu að standa milli Kringumýrarbrautar og Stigahlíðar, voru ekki byggð, heldur risu þar samskonar stakstæð íbúðarhús og vestan Stigahlíðar, auk verslunarkjarnans *Suðurvers*. Byggðin fylgir sama byggðamynstri og í eldri hlutum Hlíðahverfis, að því leyti að húsunum er skipað samsíða og meðfram götu og garðsvæði liggja að mestu sunnan húsa, en undantekning er á



Mynd 69. Uppdráttur samþykktur 1954 að skipulagi íbúðabyggðar í austanverðum Hlíðum, sunnan Miklubrautar og austan Bogahlíðar, við göturnar Grænuhlíð, Stigahlíð og Hamrahlíð.[209]

[208] *Umhverfis- og skipulagssvið.* Finnur Kristinsson, „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur," 49, 64 (mynd 43).
[209] *Skjalaver Höfðatorgi*. Skipulagsuppdrættir. [Skipulag í Hlíðum sunnan Miklubrautar og austan Stakkahlíðar], undirritað af Þór Sandholt, dags. 19. febrúar 1954, sþ. 26. mars 1954.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

lóðum austan Stigahlíðar, þar sem húsin standa á víxl fremst og aftar á lóð. Byggðin í þessum hverfishluta endurspeglar vel þá þróun sem varð í byggingarlist á því tímabili þegar hún reis, en bæði innan byggðarinnar og í hönnun einstakra húsa blandast mismunandi byggingarstílar þannig að finna má áhrif frá hinum norræna fúnkisstíl sem smám saman færðist nær hinum alþjóðlega módernisma sem einkennir flest íbúðarhús í Reykjavík sem byggð voru á tímabilinu 1960-1970.



Mynd 70. Horft suður eftir Kringlumýrarbraut frá gatnamótunum við Miklubraut á mynd frá 1989.[210]

Á 7. áratugnum risu einnig þær tvær skólabyggingar sem standa á svæðinu sunnan Hamrahlíðar. Frá upphafi virðist hafa verið gert ráð fyrir skólabyggingu á svæðinu austan Eskitorgs og þar var Hlíðaskóli reistur á árunum 1960-1963, eftir teikningum Sigvalda Thordarson arkitekts. Þær þrjár álmur sem þá voru byggðar áttu upphaflega að mynda hluta af stærri heild samtengdra skólabygginga sem Sigvaldi hannaði. Skólinn var þó aldrei fullbyggður í þeirri mynd en á 9. og 10. áratug aldarinnar var hann stækkaður með viðbyggingum hönnuðum af Guðmundi Kr. Guðmundssyni arkitekt. Menntaskólinn við Hamrahlíð var síðan reistur á næstu lóð austan Hlíðaskóla á árunum 1964-1970, eftir teikningum Skarphéðins Jóhannssonar arkitekts. Byggingin var nýstárleg í hönnun á sínum tíma, bæði hið ytra og innra, og árið 2008 var hún friðuð sem merk byggingarlist og höfundarverk Skarphéðins.[211]

[210] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. 365 RVK YFR 159 001 6-3. Ljósmyndari Kristján A. Einarsson.
[211] *Vef.* Minjastofnun Íslands, „Friðlýst hús og mannvirki: Menntaskólinn við Hamrahlíð, Hamrahlíð 10,“ https://www.minjastofnun.is/is/byggingararfur/fridlyst-hus-og-mannvirki/menntaskolinn-vid-hamrahlid.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 71. Horft norðaustur yfir Hlíðarnar á mynd frá 1982.[212]

Yngsti hluti íbúðabyggðarinnar í Hlíðahverfi, einbýlishúsabyggðin við Stigahlíð sunnan Hamrahlíðar á austurjaðri borgarhlutans, var skipulögð í tvennu lagi, fyrst austurhlutinn á 7. áratugnum og síðan vesturhlutinn upp úr 1980. Á áðurnefndum uppdráttum að byggðinni norðan Hamrahlíðar frá um 1952-1954 má sjá að þá þegar var gert var ráð fyrir áframhaldi þeirrar byggðar sunnan Hamrahlíðar, meðfram Kringlumýrarbraut (sjá mynd 69).[213] Svæðið var þó ekki skipulagt nánar fyrr en í byrjun 7. áratugarins, en þá var ákveðið framhald af götunni Stigahlíð til suðvesturs og skipulagðar lóðir og botnlangar frá götunni á þríhyrningslaga svæði austan hennar. Deiliskipulagsuppdráttur að þeirri byggð var samþykktur í bæjarráði árið 1961 (sjá mynd 72).[214] Þar risu stakstæð einbýlishús á árunum 1963-1968, nýtískuleg hús á einni eða einni og hálfri hæð, einföld í formi og stílhrein, en ný kynslóð ungra arkitekta kom að hönnun flestra húsanna, sem voru byggð eftir nýjustu straumum í byggingarlist á þeim tíma og bera sterk sameiginleg módernísk einkenni. Vesturhluti hverfisins var ekki skipulagður fyrr en með deiliskipulagi sem samþykkt var 1983 (sjá mynd 73).[215] Þar reis áframhald samskonar byggðar, einbýlishús við botnlangagötur, á árunum 1984-1994, en þar er er póstmóderníska byggingarstíll þess tíma ríkjandi.

[212] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. 365 RVK YFR 087 1-3. Ljósmyndari Bjarnleifur Bjarnleifsson.
[213] *Skjalaver Höfðatorgi*. Skipulagsuppdrættir. [Skipulag í Hlíðum sunnan Miklubrautar og austan Stakkahlíðar], undirritað af Þór Sandholt, dags. 19. febrúar 1954, sþ. 26. mars 1954.
[214] *Skjalaver Höfðatorgi*. Skipulagsuppdrættir. „Skipulag sunnan Hamrahlíðar, einbýlishúsahverfi," undirritað af Örnólfi Hall og Aðalsteini Richter, dags. 27. ágúst 1961, sþ. 28. nóvember 1961.
[215] *Skjalaver Höfðatorgi*. Skipulagsuppdrættir. „Deiliskipulag einbýlishúsalóða vestan Stigahlíðar," undirritað af Aðalsteini Richter, dags. 12. júlí 1983, sþ. 19. júlí 1983.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu




Myndir 72 og 73. Vinstra megin er deiliskipulag einbýlishúsabyggðarinnar austan Stigahlíðar frá 1961. Hægra megin er deiliskipulag byggðarinnar vestan Stigahíðar frá 1983.[216]

Til Hlíðahverfis telst einnig stofnana- og athafnasvæðið milli Skógarhlíðar og Bústaðarvegar, en það hefur verið í uppbyggingu frá 6. áratugnum.[217] Þá lá Reykjanesbraut (eða Hafnarfjarðarvegur) þar sem Skógarhlíð er nú og þjónaði sem aðalumferðargatan frá Reykjavík til Hafnarfjarðar og Suðurnesja, en Bústaðavegur hafði þá ekki enn verið framlengdur til norðvesturs að Miklatorgi. Á svæðinu vestan Reykjanesbrautar var þá enn dreifð byggð erfðafestubýla, meðal annars býlin Hjarðarholt og Breiðholt og hús sem töldust til Vatnsmýrarvegar (sjá kafla 1.4.5), ásamt braggahverfinu Camp Anacostia. Árið 1954 reisti olíufélagið Shell bensínstöð á þessu svæði (Skógarhlíð 16), sem var þá með aðalaðkomu frá Reykjanesbraut og í alfaraleið. Sú stöð stendur enn og er nú ein elsta sérhannaða bensínstöð á landinu sem enn er varðveitt í því sem næst upprunalegri mynd.[218]

[216] *Skjalaver Höfðatorgi*. Skipulagsuppdrættir. „Skipulag sunnan Hamrahlíðar, einbýlishúsahverfi," undirritað af Örnólfi Hall og Aðalsteini Richter, dags. 27. ágúst 1961, sþ. 28. nóvember 1961; *Skjalaver Höfðatorgi*. Skipulagsuppdrættir. „Deiliskipulag einbýlishúsalóða vestan Stigahlíðar," undirritað af Aðalsteini Richter, dags. 12. júlí 1983, sþ. 19. júlí 1983.
[217] Reykjavíkurborg (Borgarskipulag Reykjavíkur), *Hverfaskipulag: Borgarhluti 3: Tún, Holt, Norðurmýri, Hlíðar og Suðurhlíðar*.
[218] Nikulás Úlfar Másson, *Húsakönnun: Skógarhlíð* (skýrsla 80, 2001), 1-3, fylgibréf 3, dags. 20. janúar 1999; Nikulás Úlfar Másson, *Borgarhluti 3* (skýrsla 13, 1992), 8 og 13.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 74. Mynd tekin árið 1989 yfir gatnamótin þar sem Miklatorg var áður.[219] Verið er að framlengja Bústaðaveg að gatnamótunum, sem búið er að breyta úr hringtorgi í ljósastýrð gatnamót. Ofar sést byggð við Eskihlíð, fremst gamli bærinn Eskihlíð og önnur gömul hús sem stóðu á þessum slóðum, og hægra megin hús sem standa við Skógarhlíð (gömlu Reykjanesbraut/Hafnarfjarðarveg).

Einnig reisti Sölufélag garðyrkjumanna hús á svæðinu um 1954-1956 (Skógarhlíð 6) og stendur það enn við norðurenda götunnar og hýsir nú (2023) til bráðabirgða leikskólann Öskju. Þar sem Camp Anacostia hafði áður staðið var árið 1963 reist bygging fyrir Slökkvistöðina í Reykjavík (Skógarhlíð 14), sem hefur seinna verið hækkuð og stækkuð. Árið 1966 reisti rútubílafyrirtækið Landleiðir hf. skrifstofuhús á svæðinu (Skógarhlíð 10), en eitt aðalverkefni fyrirtækisins var rekstur Hafnarfjarðarleiðarinnar svokölluðu.[220] Á 8. áratugnum var byggt verkstæðishús til viðbótar á lóðinni. Í þessum húsum fer enn fram rekstur hópferðabifreiða, sem og annar tengdur og ótengdur rekstur. Árið 1982 bættist við á svæðinu húsið Skógarhlíð 8 sem frá hefur upphafi hýst starfsemi Krabbameinsfélag Íslands. Um 1988-1990 voru miklar breytingar gerðar á gatnakerfi á þessum slóðum og í kringum þáverandi Miklatorg. Bústaðavegur var lagður í brú yfir Kringlumýrarbraut og framlengdur að Miklatorgi, sem þá var um leið breytt úr hringtorgi í ljósastýrð gatnamót. Bústaðavegur varð þar með aðalsamgönguæðin á þessum slóðum í stað Reykjanesbrautar. Sú gata varð á þessum kafla lokuð í báða enda og fékk heitið Skógarhlíð. Um svipað leiti risu tvö hús við suðurenda götunnar, Skógarhlíð 18, sem byggt var sem skrifstofuhús fyrir Bifreiðastöð Reykjavíkur en hýsir nú Heilsugæslu Hlíða og Skógarhlíð 20, sem reist var sem félagsheimili og tónleikahús fyrir Karlakór Reykjavíkur en þjónar nú sem moska og húsnæði Stofnunar múslima á Íslandi. Heildarskipulag var ekki unnið fyrir svæðið fyrr en 2001 og heimilaði það hækkun og

[219] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. 365 RVK GAG 122 3-4. Ljósmyndari Gunnar V. Andrésson.
[220] F.B., „Landleiðir h.f. og Ísarn reisa sér stórhýsi við Reykjanesbrautina“. *Tíminn*, 31. júlí 1966, 16.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

stækkun húsa á reitnum, sem og nýbyggingar á nokkrum lóðum, jafnframt því að staðfesta hverfisvernd bensínstöðvarinnar við Skógarhlíð 16 og *Þóroddsstaða* við Skógarhlíð 22.[221] Á þessum tíma reis yngsta húsið á svæðinu, fjögurra hæða skrifstofuhús á lóðinni Skógarhlíð 12, þar sem áður hafði staðið býlið *Hjarðarholt*.



Mynd 75. Borgarhlutinn á korti frá 1971. Flestir hverfi og hverfishlutar eru fullbyggð, utan einbýlishúsabyggðar vestan Stigahlíðar og Suðurhíðahverfis sem byggðust á 9. áratugnum og seinni þéttingar byggðar.[222]

[221] *Vef.* Reykjavíkurborg, Skipulagssjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/, deiliskipulag, Skógarhlíð, sþ. 10. apríl 2001.
[222] Ágúst Böðvarsson, *Reykjavík, Hafnarfjörður, Kópavogur, Seltjarnarnes* 1971 (hluti). Útgefið (prentað) kort.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

1.5.7 Miklabraut

Umferðaræðin Miklabraut liggur þvert í gegnum borgarhlutann og skiptir Hlíðahverfi í tvennt. Á skipulagsuppdráttum af Reykjavík allt frá um 1935 var gert ráð fyrir umferðarbraut til austurs í framhaldi af Hringbraut allt að Elliðaárbrúm og árið 1942 var ákveðið að sú gata skyldi heita Miklabraut.[223] Menn voru á þessum tíma farnir að velta fyrir sér að þörf væri á annarri aðalbraut út úr bænum en Suðurlandsbraut. Árið 1942 var einnig unnið að breytingum á Hringbraut og gatnamót þar sem Hringbraut, Reykjanesbraut og Miklabraut skyldu mætast nefnd Miklatorg. Um leið var norðurenda Hringbrautar breytt í Snorrabraut.[224] Árið 1947 hófst vinna við að malarbera Miklubraut og gera hana akfæra allt frá Miklatorgi austur að Suðurlandsbraut, rétt fyrir neðan Elliðaár. Vinnu við lagningu Miklubrautar lauk árið 1949 og þótti hún mikil samgöngubót fyrir bæinn.[225]



Mynd 76. Frá framkvæmdum við Miklubraut um 1957-1958.[226] Býlið Klambrar (Klömbrur) hægra megin. Íbúðahverfið Norðurmýri og Skólavörðuholt í baksýn.

Árið 1957 var ákveðið að ráðast í þá framkvæmd að skipta um jarðveg undir götustæðinu frá Miklatorgi að Lönguhlíð vegna þess að mælingar þóttu sýna að mýrarjarðvegurinn undir götunni myndi ekki þola aukið umferðarálag í framtíðinni. Um leið var farið í samskonar framkvæmdir við götuna Lönguhlíð. Jarðvegurinn sem kom upp við þessa vinnu var fluttur á Klambratún þar sem hann var látinn þorna og átti að þjóna sem

[223] *Umhverfis- og skipulagssvið.* Finnur Kristinsson, „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur," 29; *Morgunblaðið*, 18. ágúst 1936, 6; 5. apríl 1960, 13; *Alþýðublaðið*, 4. maí 1942, 2.
[224] *Umhverfis- og skipulagssvið.* Finnur Kristinsson, „Drög að skipulagssögu Reykjavíkur," 29.
[225] *Vísir*, 17. júlí 1947, 1; 6. október 1947, 3; *Alþýðublaðið*, 21. nóvember 1947, 1; 15. október 1948, 4; *Morgunblaðið*, 17. júlí 1947, 1; 20. ágúst 1949, 1.
[226] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*, BSK Gamlar myndir 22. Ljósmyndari ókunnur.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

gróðurmold. Við þessar framkvæmdir var Miklabraut breikkuð meðfram Klambratúni og gerð undirgöng undir götuna við gatnamót Lönguhlíðar og Miklubrautar auk ýmissa annarra umbóta sem miðuðu að auknu umferðaröryggi. Á næstu árum eftir þetta var Miklubraut svo malbikuð smám saman til austurs.[227]

Við vesturenda götunnar, þar sem Miklabraut og gamla Hringbraut mætast, hafa orðið miklar breytingar frá því í lok 9. áratugar 20. aldar. Þá var Miklatorgi breytt úr hringtorgi í ljósastýrð gatnamót, eins og áður er nefnt, en með færslu Hringbrautar til suðurs á árunum 2003-2005 var gatnamótunum breytt í mislæg gatnamót.



Mynd 77. Horft austur eftir Miklubraut um 1962-1964.[228] Vinstra megin sjást fjölbýlishús við Skaftahlíð og hægra megin fjölbýlishús við Miklubraut og Stigahlíð.

[227] *Vísir*, 11. mars 1957, 1; *Morgunblaðið*, 22. desember 1957, 5; 2. nóvember 1958, 11.
[228] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. BSK Gamlar myndir 22. Ljósmyndari ókunnur.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

1.5.8 Klambratún og Kjarvalsstaðir

Á mörkum hverfishlutanna Norðurmýrar, Holta og Hlíða er almenningsgarðurinn Klambratún sem áður hét Miklatún. Á fyrri hluta 20. aldar tilheyrði svæðið að stórum hluta býlunum *Klömbrum*, *Háteigi* og *Sunnuhvoli*. Á Klömbrum var búið allt fram til 1963 og bæjarhúsin voru ekki rifin fyrr en 1965. Bæjarsjóður hafði þó leyst til sín land Klambra árið 1946 og frá þeim tíma höfðu verið uppi ýmsar vangaveltur um það hvernig því væri best ráðstafað. Nokkuð mun hafa verið sóst eftir byggingarlóðum þar, m.a. undir veitingahús og gistihús og einnig hafði túnið verið skoðað sem heppilegur staður fyrir ýmsar opinberar byggingar, m.a. nýja skólabyggingu Menntaskólans í Reykjavík, kirkju Háteigssóknar og seinna nýtt ráðhús og leikhús.[229] Það var þó gömul hugmynd og vinsæl meðal bæjarbúa að gera skemmtigarð fyrir almenning á túninu.

Þegar verið var að skipuleggja og byggja upp íbúðahverfin í Norðurmýri, Rauðarárholti og Hlíðum var svæðið afmarkað og skilið eftir sem opið svæði. Fyrsti uppdráttur að Hlíðahverfi frá um 1945 gerði ráð fyrir að gatan Reykjahlíð gengi í gegnum svæðið frá Háteigsvegi að Eskihlíð og að austan hennar yrði svæði fyrir opinberar byggingar (sjá mynd 62).[230] Það gekk ekki eftir og gatan Reykjahlíð er nú beggja megin við Klambratún, annars vegar milli Háteigsvegar og Flókagötu og hins vegar frá Miklubraut að Eskihlíð.



Mynd 78. Borgarhlutinn á loftmynd frá 1954, þegar íbúðahverfi höfðu byggst upp allt í kringum Klambratún.[231]

[229] Bragi Bergsson, „Almenningsgarðar á Íslandi,“ 241; *Vef.* Bragi Bergsson, „Miklatún,“ *Hugsandi,* 2. mars 2009; *Morgunblaðið*, 24. febrúar 1957, 9; 30. janúar 1957, 10; *Tíminn*, 17. september 1957, 5; *Alþýðublaðið*, 8. september 1957, 1.
[230] *Skjalaver Höfðatorgi*. Skipulagsuppdrættir. „Hlíðahverfi. Lausleg skissa af skipulagi,“ [óundirrituð] [ódags.].
[231] *Vef.* Reykjavíkurborg. Borgarvefsjá, http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/, „Saga og þróun: Reykjavík árið 1954.“

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Mikið var rætt um nafnið á túninu en þegar Miklabraut hafði verið lögð meðfram því fór nafnið Miklatún að heyrast oftar meðfram Klambratúnsnafninu en einnig heyrðust m.a. nöfnin Háteigstún og Hlíðatún.[232] Þegar endurbæturnar voru gerðar á Miklubraut um miðjan 6. áratuginn hófust aftur miklar umræður um framtíð Klambratúns.

Vorið 1957 blés bæjarráð Reykjavíkur til hugmyndasamkeppni um skipulag á Klambratúni. Tilgangurinn var að fá úr því skorið hvort byggja ætti á svæðinu eða halda því óbyggðu og gera það að almenningsgarði. Þrjár tillögur hlutu verðlaun og þóttu samræmast best þeirri hugmynd dómnefndarinnar að Klambratún yrði „aðlaðandi og fjölbreytilegt garðsvæði, þar sem almenningur g[æ]ti notið hvíldar og skemmtunar í rólegu og fögru umhverfi.“[233] Framkvæmdir á túninu töfðust þó, meðal annars vegna gatnagerðar-framkvæmdanna við Miklubraut, en jarðvegurinn sem þar kom upp átti þó eftir að nýtast vel til upphækkunar garðsins. Þetta leiddi þó til þess að í fimm ár var meira og minna stöðugt moldrok í Hlíðahverfi og Norðurmýri sem olli íbúunum óþægindum og ama.[234]



Mynd 79. Uppdráttur Reynis Vilhjálmssonar og Hafliða Jónssonar að skipulagi á Klambratúni frá 1964.[235]

[232] *Morgunblaðið*, 2. ágúst 1953, 1; 25. ágúst 1953, 8; *Tíminn*, 27. mars 1953, 7.
[233] H. G., „Hugmyndasamkeppni um skipulag á Klambratúni, *Tímarit Verkfræðingafélags Íslands* 47, nr. 5 (1. október 1957), 72; Bragi Bergsson, „Almenningsgarðar á Íslandi,“ 241; *Vef.* Bragi Bergsson, „Miklatún,“ *Hugsandi,* 2. mars 2009.
[234] Bragi Bergsson, „Almenningsgarðar á Íslandi,“ 243; *Vef.* Bragi Bergsson, „Miklatún,“ *Hugsandi,* 2. mars 2009.
[235] Mynd tekin eftir: *Morgunblaðið*, 29. febrúar 1964, 10.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Upp úr 1960 ákvað bæjarstjórnin loks að hefja skyldi undirbúning að almenningsgarði á Klambratúni. Þá var horfið frá því að fylgja tillögunum úr samkeppninni 1957 því viðhorf til svæðisins var breytt. Það var þó ekki fyrr en nokkrum árum seinna eða 1964 sem samþykktur var nýr skipulagsuppdráttur að skrúðgarði á Klambratúni sem Reynir Vilhjálmsson, sem þá var nýútskrifaður landslagsarkitekt, vann í samstarfi við Hafliða Jónsson garðyrkjustjóra Reykjavíkur, en Reynir hafði átt eina af þeim þremur tillögum sem verðlaunaðar voru 1957.[236]
Samkvæmt nýju tillögunni var m.a. gert ráð fyrir húsi norðanvert í garðinum sem í væru m.a. sýningarskáli og veitingahús. Sunnan við veitingahúsið átti að vera hellulagt svæði fyrir útiveitingar. Þar áttu einnig að vera nokkrar tjarnir, m.a. vaðtjörn fyrir börn að leika sér í. Vestan sýningarhússins átti að vera höggmyndagarður og garður sem hannaður yrði með þarfir blindra og sjónskertra í huga. Einnig var gert ráð fyrir gæsluvelli og leiksvæðum í suðvesturhorni garðsins. Einn veigamesti punktur garðsins skyldi vera styttan af Einari Benediktssyni sem afhjúpuð hafði verið á Klambratúni í tilefni af aldarafmæli skáldsins árið 1964. Annar veigamikill punktur var skálarlaga svæði í norðausturhorni garðsins þar sem gert var ráð fyrir samkomustað á sumrin og jafnvel skautasvelli á veturna. Vestan þess var afmarkað athafnasvæði fyrir starfsfólk svæðisins. Nær Lönguhlíð var gert ráð fyrir stórum leikvelli fyrir boltaleiki, þar sem einnig mætti halda áramótabrennu. Stígar garðsins áttu að vera hellulagðir eða malarbornir. Hugmyndir að garðinum voru sóttar til Norðurlanda og þóttu nútímalegar á sínum tíma.[237]



[236] Bragi Bergsson, „Almenningsgarðar á Íslandi," 243; *Vef.* Bragi Bergsson, „Miklatún," *Hugsandi,* 2. mars 2009; *Vísir*, 7. október 1960, 1; *Morgunblaðið*, 29. febrúar 1964, 10 og 14.
[237] Bragi Bergsson, „Almenningsgarðar á Íslandi," 243; *Vef.* Bragi Bergsson, „Miklatún," *Hugsandi,* 2. mars 2009; *Morgunblaðið*, 29. febrúar 1964, 10 og 14.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Mynd 80. Horft norðaustur yfir Klambratún um 1964, þegar undirbúningur að gerð almenningsgarðs á túninu er hafinn og byrjað er að móta skálarlaga svæði í norðausturhorni þess.[238]

Eftir að ákveðið var að gera almenningsgarð á Klambratúni þótti mörgum nafnið Klambratún ekki hæfa og urðu þá nokkrar umræður um nafnið og sýndist sitt hverjum. Garðyrkjustjóri lagði m.a. til að staðnum yrði valið annað heiti en Klambratún. Aðrir bentu á söguleg tengsl þó að Klambrar og Klambratún væru að vísu ekki mjög gömul heiti á þessum stað. Nafnanefnd borgarinnar gerði tillögu um nöfnin Miklatún og Mikligarður og árið 1964 tók borgarráð þá ákvörðun að nefna túnið Miklatún í samræmi við heiti Miklubrautar. Nafnið Klambratún lifði þó áfram og var notað meðfram nafninu Miklatún en eins og kunnugt er var því formlega breytt í Klambratún árið 2010. [239]

Árið 1965 samþykkti borgarráð að gangast fyrir byggingu sýningarhúss myndlistarmanna sem staðsett skyldi á Miklatúni. Þá voru einnig samþykktir uppdrættir Hannesar Kr. Davíðssonar arkitekts að húsinu, sem var skipulagt sem tvær aðalbyggingar með tengibyggingu. Var önnur aðalbyggingin sérstaklega ætluð til sýningar á verkum Jóhannesar S. Kjarvals listmálara og skyldi byggingin tengd nafni hans. Tilkynnt var um þessa ákvörðun á áttræðisafmæli Kjarvals í október þetta ár og á 180 afmæli Reykjavíkurborgar í ágúst árið eftir tók Kjarval sjálfur fyrstu skóflustunguna að húsinu, sem þá var búið að ákveða að nefna *Kjarvalsstaði*.[240] Framkvæmdir við byggingu hússins fóru að mestu fram 1968-1969 en unnið var að því að fullgera það til 1973. Það var svo formlega vígt og tekið í notkun 24. mars 1973 með opnun stórrar sýningar á verkum Kjarvals.[241]



[238] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. GRÓ 017 119 1-5. Ljósmyndari Gunnar Rúnar Ólafsson.
[239] *Vísir*, 3. nóvember 1964, 8; 10. september 1964, 10; *Morgunblaðið*, 9. september 1964, 6; 5. nóvember 1964, 25; Bragi Bergsson, „Almenningsgarðar á Íslandi," 249.
[240] *Morgunblaðið*, 15. október 1965, 1, 31; 27. mars 1973, 14-15; *Þjóðviljinn*, 15. október 1965, 1.
[241] *Morgunblaðið*, 25. mars 1973, 1; 27. mars 1973, 14-15; *Vísir*, 26. mars 1973, 3; *Tíminn*, 27. mars 1973, 3.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Mynd 81. Kjarvalsstaðir á mynd frá 1979.[242]

Stefnt hafði verið að því að almenningsgarðurinn á Miklatúni yrði fullkláraður árið 1968 og átti vígsluhátíð að fara fram á afmælisdegi Reykjavíkur 18. ágúst það ár. Þó fór svo að ekki var þá lokið öðru en að leggja göngustíga og planta trjám, en bærinn keypti mikinn fjölda trjáa frá gróðrarstöð Sigurbjörns Björnssonar í Fossvogi, sem þurfti að víkja vegna skipulags á þessum tíma, og flutti í garðinn. Einnig var búið að grafa út skálina í norðausturhorni garðsins. Þegar Kjarvalsstaðir voru vígðir voru framkvæmdirnar þó komnar lengra í áttina að því sem hugmyndir Reynis Vilhjálmssonar og Hafliða Jónssonar gengu út á en garðurinn hefur þó aldrei verið fullkláraður eftir tillögu þeirra.[243]



Mynd 82. Horft suðvestur yfir Rauðarárholt, Klambratún, Hlíðar og Vatnsmýri á loftmynd frá um 1970-1975.[244]

1.5.9 Fossvogskirkjugarður og skipulag í Öskjuhlíð austanverðri

Nýjum kirkjugarði sem taka skyldi við af Hólavallagarði sem aðalkirkjugarður Reykjavíkur, var valið stæði í landi Reykjavíkurbæjar við Fossvog, sunnan í Öskjuhlíð, árið 1929. Árið 1931 voru teikningar að kirkjugarðinum og girðingu um hann samþykktar af byggingarnefnd

[242] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. 365 Reykjavík byggingar Kjarvalsstaðir 7. Ljósmyndari Ari.
[243] Bragi Bergsson, „Almenningsgarðar á Íslandi," 245; *Vef.* Bragi Bergsson, „Miklatún," *Hugsandi,* 2. mars 2009; Inga [Huld Hákonardóttir], „„Það þýðir ekki að glápa upp í loftið"… Rætt við Sigurbjörn Björnsson garðyrkjumann," *Tíminn: Sunnudagsblað* 7, nr. 32 (29. september 1968), 749.
[244] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÁBS S91 15 13. Ljósmyndari ókunnur.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Reykjavíkur. Fossvogskirkjugarður var síðan vígður í september 1932 um leið og jarðsettir voru þar Gunnar Hinriksson vefari og Ólafur Þorkelsson, unglingspiltur sem látist hafði í bílslysi við Þóroddsstaði.[245]

Nokkur hús hafa verið byggð á svæðinu í tengslum við kirkjugarðinn og kirkjugarðaþjónustu. Á árunum 1945-1948 var Fossvogskirkja reist við efsta hluta kirkjugarðsins, en hún var sérstaklega hönnuð til að gegna alfarið hlutverki útfararkirkju með allri aðstöðu til slíkrar þjónustu. Um leið voru byggð tvö hús, íbúðar- og skrifstofuhús, á lóð kirkjunnar (Vesturhlíð 2 og 4). Árið 1960 var reist hús undir kistuverksmiðju og skrifstofur vestar á lóðinni (Vesturhlíð 8).



Mynd 83. Horft yfir Fossvog á loftmynd frá 1946. Elstu hlutar Fossvogskirkjugarðs sjást neðst til vinstri. Við Fossvogsbotn sést *Camp Fossvogur*, rétt norðan við þann stað þar sem nú er bensínstöð N1.[246]

BSS-númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	X-hnit m	Y-hnit m	Ástand	Horfin	BSS-númer	Sérheiti
220-124	Transit Camp	Herbúðir, Hótel	Braggi, hús	1944	357281 357271	405447 405488	79	64	Gott	Nei

Staðhættir: Nauthólsvegur nr. 100 er hluti af Transit Camp. Húsin voru endurgerð á árunum 2018-2019. Fleiri braggar tilheyrðu áður þessum herbúðum, en þeir eru allir horfnir nema einn stakur íbúðarbraggi (1999-36) sem hýsir nú Einherja, Víkingafélag Reykjavíkur og stendur um 30 m fyrir norðan aðalþyrpinguna. Mörg hundruð braggar af þessari gerð voru reistir í Reykjavík á stríðsárunum, nú eru þeir flestir horfnir. Tansit Camp var reistur frekar seint á stríðsárunum, eða 1944, og sést ekki á loftmynd frá 1942. Í allmörgum bragganna var gistiaðstaða sem notuð var fyrir flugmenn og aðra sem áttu leið um Reykjavíkurflugvöll. Eftir stríð var *Flughótelið* rekið þar í mörg ár á vegum Flugmálastjórnar.[361]
Lýsing: Braggi og fleiri hús, sem nú hýsa kaffihús og annað frá Háskólanum í Reykjavík, nýlega uppgert. Braggi Einherja er eini íbúðarbragginn sem eftir er. Ytra útlit hans er óbreytt frá því sem var á stríðsárunum, að gaflhurðinni undanskilinni. Upphaflega voru í honum átta herbergi og lá gangur eftir honum endilöngum.

[360] *Vef*. Digitalarkivet, ljósmyndavefur (Historiske foto), https://foto.digitalarkivet.no/fotoweb/archives/5001-Historiske-foto/, skráarheiti: „L_6058Fo30141706280015“ („Norges eldste flysquadron i arbeid“).

[361] Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson, *Öskjuhlíð: Náttúra og saga,* 45.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 140. Staðsetning Transit Camp, bláar punktalínur, út frá korti frá árinu 1944 sem lagt var yfir nýlega loftmynd.[362]



Mynd 141. Kort frá árinu 1944 sem sýnir staðsetningu Transit Camp.[363]



Mynd 142. Nauthólsvegur 100, horft í vestur, hluti af Transit Camp.[364]



Mynd 143. Braggi Víkingafélagsins Einherja, nyrsti bragginn sem tilheyrði Transit Camp, horft í suðaustur.[365]

[362] *Borgarsögusafn*. Minjastaðir merktir inn á loftmynd úr Borgarvefsjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/, „Myndefni: Lágflugsloftmynd 17/7 2018.“ Kortavinnsla ALG.
[363] *Borgarsögusafn.* Korta- og uppdráttasafn. Royal Air Force, „Reykjavik Airfield,“ 1944.
[364] *Borgarsögusafn*. Ljósmynd tekin á vettvangi 2022. Ljósmyndari MBM.
[365] *Borgarsögusafn*. Ljósmynd tekin á vettvangi 2022. Ljósmyndari MBM.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 144. Loftmynd frá 2022 sem sýnir braggabyggðina við Nauthólsvík. Aðeins hluti af Transit Camp er uppistandandi (220-124), auk tveggja bragga við Nauthól (220-123).[366]

2.3.3.4 Herminjar við Veðurstofuhæð

Á Veðurstofuhæð eru tvö vélbyssubyrgi (5-216 og 5-217) auk annarra herminja sjá myndir 145 og 146. Úr þessum byrgjum var vöktuð umferð um Bústaðaveg og gömlu Reykjanesbraut/Hafnafjarðaveg. Minjar á Veðurstofuhæð eru skráðar í skýrslu 209[367] og unnið er að skipulagi þar, sem ekki er lokið.

Tafla 15. Herminjar á Veðurstofureit

BSS-númer	*Sérheiti*	*Hlutverk*	*Tegund*	*Aldur*	*X-hnit m*	*Y-hnit m*	*Ástand*	*Horfin*
5-216	Öskjuhlíð	Herminjar	Skotbyrgi	1940	358337	406105	Gott	Nei
5-217	Öskjuhlíð	Herminjar	Skotbyrgi	1940	358385	406089	Gott	Nei

[366] *Borgarsögusafn*. Minjastaðir merktir inn á loftmynd úr Borgarvefsjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/, „Myndefni: Lágflugsloftmynd 20/7/ 2022.“ Kortavinnsla ALG.
[367] Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir, *Veðurstofuhæð: Fornleifaskráning*.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 145. Vélbyssubyrgi (5-216) á Veðurstofuhæð.[368]



Mynd 146. Vélbyssubyrgi (5-217) á Veðurstofuhæð.[369]

2.3.3.5 Herminjar við Fossvog

Innst í Fossvogi voru áður tvö herskálahverfi Camp Cook/Marine Camp og Camp Fossvogur. Engar minjar eru lengur eftir þessi braggahverfi en lengi stóð einn bragi á svæðinu sem tilheyrði Landgræðslusjóði Suðurhlíð 38 en hann var fluttur þangað fyrir 1975. Auk þess voru tvö íbúðarhúsa við Nesti Fossvogi sem voru byggð af hernum en voru rifinn upp úr 2008. Aðrar minjar eru vélbyssubyrgi (5-760) sem er staðsett við Tjaldhól. Búið er að loka skotraufinni og líklegt að byrgið hafi verið breytt í geymslu, engin hurð er fyrir byrginu.

Tafla 16. Herminjar við Fossvog

BSS-númer	*Sérheiti*	*Hlutverk*	*Tegund*	*Aldur*	*X-hnit m*	*Y-hnit m*	*Ástand*	*Horfin*
5-760	Fossvogur	Herminjar	Skotbyrgi	1940	358692	405010	Gott	Nei



Mynd 147. Vélbyssubyrgi (5-760) við Fossvogsbotn.[370]

[368] *Borgarsögusafn*. Ljósmynd tekin á vettvangi 2022. Ljósmyndari MBM.
[369] *Borgarsögusafn*. Ljósmynd tekin á vettvangi 2022. Ljósmyndari MBM.
[370] *Borgarsögusafn*. Ljósmynd tekin á vettvangi 2022. Ljósmyndari MBM.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

2.3.4. Varðveislumat fornleifa, mannvirkja og yngri minja

Í þessum kafla er farið yfir helstu niðurstöður skráningarinnar og lagt mat á varðveislugildi fornleifa, mannvirkja og yngri minja. Skilgreind eru 7 verndarsvæði sem lagt er til að verði tekið tillit í væntanlegu skipulagi. Það er að segja að allar framkvæmdir sem verða á þessum svæðum verði miðaðar út frá minjunum. Innan þessara svæða eru bæði friðaðar fornleifar og yngri minjar.

- Fornleifar við Flugvallarveg og í Öskjuhlíð
- Bæjarstæði við Nauthól
- Herminjar við Flugvallarveg og Öskjuhlíð
- Herminjar við Nauthólsvík
- Vélbyssubyrgi við Veðurstofuhæð
- Vélbyssubyrgi við Fossvog
- Fornleifar og yngri minjar við Sjómannaskólann

Settar eru fram hugmyndir um hvernig umgengni um svæðin verður best háttað með tilliti til minjaverndar og bætts aðgengis almennings að minjasvæðum. Öllum friðuðum fornleifum 100 ára og eldri fylgir friðhelgað svæði sem er 15 m út fyrir sjáanlegar eða áætlaðar fornleifar sem geta verið í jörðu en friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgað svæði.[371]

Tafla 17. Skráðar minjar, aldur og fjöldi

Flokkur	*Tegundir minja*	*Litur flokks*	*Fjöldi*
1	Fornleifar, minjar sem eru 100 ára eða eldri	● Rauður	77
2	Minjar frá 1924-1934	● Gulur	30
3	Minjar frá 1935 og yngri	● Grænn	46
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár	155
		Samtals	307

Á hverfisskipulagssvæði Hlíðar borgarhluti 3 eru skráðar um 307 fornleifar, mannvirki og yngri minjar sem eru flokkaðar eftir aldri, sjá töflu 16. Þar af eru friðaðar fornleifar 100 ára og eldri 77 talsins og af þeim eru 20 sjáanlegar á yfirborði. Engar friðlýstar fornleifar eru á svæðinu.

Elstu sjáanlegu minjarnar eru Víkursel og stekkir sem tilheyra gamla bændasamfélaginu og bæjarstæði Nauthóls. Ástand þessara minja er almennt ekki gott vegna skógræktar og slæmrar umgengni. *Allar þessar minjar eru einstakra og ber að varðveita þær til framtíðar.*

Yngri minjar sem eru í gulum flokki og tilheyra tímabilinu 1924-1934 eru samtals 30. Minjar frá tíma erfðafestubýla, sem voru allsráðandi á svæðinu frá síðari hluta 19. aldar til 1934, eru að mestu horfnar. Fimm hús eru þó ágætir fulltrúar þessa tímabils en það eru *Eskihlíð, Þóroddsstaðir, Hlíðarendi, Háteigur og Efrihlíð.* Þessi hús eru ýmist aldursfriðuð eða umsagnarskyld, samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012, sjá kafla 2.4.4.2 og 2.4.4.3. Yngri minjar í grænum flokki eru 45 talsins og eru frá því eftir 1935, engin hús eru eftirstandandi á erfðafestublettum frá þessu tímabili en nokkrar minjar, eins og fiskþurrkunarreitur (stakkstæði) við Sjómannaskólann tilheyrir því.

[371] Lög um menningarminjar nr. 80/2012, 22. gr.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Herminjar eru stærsti minjaflokkurinn í borgarhluta 3. Skráðir minjastaðir í þessum flokki eru þar 155 talsins. Þar af eru á 38 stöðum sýnileg mannvirki eða hlutar mannvirkja. Flestir þessir staðir eru í Öskjuhlíð eða í nágrenni við Reykjavíkurflugvöll og tengjast gerð og rekstri flugvallar frá tíma setuliðsins. Einu braggarnir í Reykjavík sem eftir standa af fleiri hundruð sem þar stóðu á hernámstíma eru við Flugvallarveg og Nauthólsveg. Þeir eru 10 talsins og standa allri á sínum upprunalegum stað. Nokkur vélbyssubyrgi eru innan hverfishlutans á Veðurstofuhæð, í Öskjuhlíð, við Nauthólsvík og við Fossvog. Nú þegar hefur verið sett hverfisvernd á herminjar við Nauthólsvík, með samþykktu skipulagi frá 2020. Samkvæmt deiliskipulagi fyrir Öskjuhlíð frá 1998 var hluti af Öskjuhlíð að vestan hverfisvernduð vegna náttúruminja. Nú er lagt til að það svæði verði stækkað að Flugvallarvegi til að hverfisvernda sem flestar herminjar. *Því er lagt til í þessu skipulagi að nær flest allar sýnilegar herminjar í borgarhluta 3 hljóti hverfisvernd. Mikilvægt er að vernda allar herminjar í Öskjuhlíð og við Nauthólsvík þar sem þær eru einstakar fyrir Reykjavík, en ekkert svæði í borgarlandinu státar af svipuðum minjum frá þessu tímabili, sem hafði svo gríðarlega áhrif á þróun Reykjavíkur. Komi til þess að þörf verði talin á að raska skráðum minjum skal leita til Minjastofnunar Íslands.*



Mynd 148. Verndarsvæði í borgarhluta 3. Rauðu svæðin sína hvar fornleifar eru, Svört sýna þegar samþykkt hverfisvernd fyrir yngri minjar og blá sýna tillögur að nýjum hverfisverndarsvæðum herminja.[372]

[372] *Borgarsögusafn*. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla ALG.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 149. Verndarsvæði í borgarhluta 3. Rauðusvæðin sína hvar fornleifar eru, Svört sýna þegar samþykkt hverfisvernd fyrir herminjar og blá sýna tillögur að nýjum hverfisverndarsvæðum herminja.[373]

2.3.4.1 Fornleifar við Flugvallarveg og Öskjuhlíð

Þar sem Flugvallarvegur er í dag var áður námugólf gömlu námunnar (5-679), þangað sem sótt var grjót til hafnargerðar. Grjótið var flutt með lestarvögnum annaðhvort til vesturs að Grandagarði eða í austur að Batterísgarði síðar Ingólfsgarði. Enginn merki um þessa flutninga er lengur sjáanleg á þessu svæði, en *bergstál námunnar* má sjá fyrir aftan þær byggingar sem nú standa þar.

Svæðið er sérstakt þar sem þessi náma er ein fyrsta náman sem tengist stórframkvæmd í Reykjavík, það er hafnargerðinni 1913-17. Ástand námunnar er sæmilegt og sér í námuvegginn á milli húsa, Mælt er með því að þessar minjar verði varðveittar og áfram sýnilegar, svo fólk sjái og skynji sögu svæðisins. Ekki er æskilegt að byrgja það útsýni meir. Ákjósanlegt er að koma upp menningarmerkingum þar sem saga námunnar og hafnargerðarinnar er rakin.

[373] *Borgarsögusafn*. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla ALG.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 150. Fornleifar og 15 m verndarsvæði við Flugvallarveg, gamli námuveggurinn (5-152) og mannviki 5-684 og 5-683.[374]

Aðrar fornleifar í Öskjuhlíð tilheyra flestar gamla bændasamfélaginu, þar er að finna elstu sýnilegu fornleifarnar frá því að búskapur var á jörðinni Reykjavík og Öskjuhlíðin var nýtt sem beitiland. Þar eru rúst Víkursels (5-159) *mjög illa farin og skógi vaxin. Hreinsa þarf gróður, fella barrtré og gera selið sýnilegt, auka þarf aðgengi með göngustíg og merkja*. Ofar í hæðinni og austar er stekkur (5-150) og fjárborg (5-151). Þetta svæði virðist vera notað af hjólreiðafólki og fólki sem hefur safnað saman og hróflað upp ýmsum skógarúrgangi. Fjarlægja þarf tré af rústunum, hreinsa rusl og skógarúrgang af svæðinu og setja upp menningarmerkingar. Við aðrar fornleifar í Öskjuhlíð Skildinganesstekk (5-149), beitarhús (5-158), útihús (5-683 og 5-689) og landamerki (5-160) gildir það sama, *fjarlægja þarf tré og gróður af rústunum, bæta þarf aðgengi með göngustígum að rústunum og setja upp menningarmerkingar. Allar fornleifar í Öskjuhlíð njóta friðunar og um þær er friðað svæði 15 m frá sýnilegur útlínum rústarnar. Flestar eru inn þess svæði sem nú er lagt til að verði hverfisverndað vegna herminja en l*eita þarf umsagnar Minjastofnunar fyrir öllum breytingum á friðum svæðum við fornleifar.

[374] *Borgarsögusafn*. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla ALG.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 151. Fornleifar og 15 m verndarsvæði þeirra í Öskjuhlíð. Víkursel 5-159, stekkir 5-151 og 5-150, landamerki 5-160 og aðrar rústir, beitarhús 5-158 og útihús 5-689.[375]

2.3.4.2 Bæjarhóllinn við Nauthól

Bæjarhóll Nauthóls er vel sýnilegur, garðar og nokkur útihús. Nauthóll var hjáleiga frá Skildinganesi, þar var búið á árunum 1850-1902 en þá kom upp taugaveiki þar og í framhaldi var bærinn brenndur. Rutt hefur verið úr rústum bæjarhúsanna (220-104) og er bæjartóftin sjálf ekki greinileg lengur. Herinn koma sér fyrir á bæjarhólnum, þannig að hann hefur auk þess að geyma ýmsar herminjar, eins og skotgrafir. Samkvæmt skipulagi á eftir að reisa eina álmu við HR sem nær alveg að bæjarhólnum. Hægt er að sjá fyrir sér að nemendur gætu nýtt þetta sem úti svæði. *Bæjarhóllinn Nauthóls er í þokkalegu ásigkomulagi, auka þyrfti samt aðgengi, nauðsynlegt er að grisja skóginn og/eða fjarlægja hluta af honum. Gera mætti þar áningarstað með bekkjum og borðum. Setja þarf upp menningarmerkingar. Svæðið er allt friðað*, leita þarf umsagnar Minjastofnunar fyrir öllum breytingum á svæðinu.

[375] *Borgarsögusafn*. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla ALG.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 152. Fornleifar og friðaða verndarsvæði þeirra við Nauthól. Herminjar og hverfisvernd herminja við Nauthólsvík.[376]

2.3.4.3 Fornleifar og yngri minjar við Sjómannaskólann

Á Rauðarárholti var grjótnáman nú við Skipholt (9-26), norðan við Sjómannaskólann, en þar má enn sjá ummerki eftir grjótnámið sem fram fór á fyrri hluta 20. aldar, þ.e. bergstál sem markar syðri mörk námunar. Byggt hefur verið í námunni og fyllt að námuveggnum, *vernda ber þessi ummerki námunar sem en sjást til framtíðar og merkja staðinn.*

Vestan við Sjómannaskólann er *fiskþurrkunarreiturinn, stakkstæðið (9-29), sem er sjaldgæfur og einstakur minjastaður. Margir slíkir reitir voru víða í Reykjavík fyrr á tímum, bæði náttúrulegir fiskreitir við ströndina og manngerðir reitir eins og á Rauðarárholtinu, en hann er eini sjáanlegi fiskþurrkunnar reiturinn sem eftir er í Reykjavík.* Svæðið er merkt með menningarmerkingu en nauðsynlegt væri að fjarlægja tré og annan gróður af reitnum til að grjótið sjáist. Auka þarf aðgengi að svæðinu. Nota mætti reitinn til að sviðsetja saltfiskþurrkun og gott væri að salt bærist á svæðið til að eyða gróðri. Auk þess mætti setja upp borð og bekki til að búa til góðan áningarstað í jaðri svæðisins. *Búið er að samþykkja hverfisvernd svæðisins í deiliskipulagi Sjómannaskólareits frá 2020.*[377]

[376] *Borgarsögusafn*. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla ALG.
[377] *Vef*. Reykjavíkurborg, Skipulagssjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/, deiliskipulag, Sjómannaskólareitur, sþ. 13. febrúar 2020.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 153. Verndarsvæði grjót námunar 9-28 og fiskreitsins 9-29 við Sjómannaskólann.[378]

2.3.4.4 Herminjar við Flugavallarveg og Öskjuhlíð

Við Flugvallarveg eru nokkrir braggar sem eru frá tímum hersetunnar, þeir og braggar við Nauthólsvík eru einu braggarnir sem eftir eru á öllu flugvallarsvæðinu og standa á sínum upprunalegum stað. Mikilvægt er að vernda þessar byggingar, til minningar um þessa tíma. Búið var í bröggum á sínum tíma við Flugvallarveg. Braggarnir eru í ágætu ástandi og í notkun. Hægt er að sjá fyrir sér að þeir verið notaðir sem sýningarhúsnæði fyrir herminjasafn. Ofar í hlíðinni eru svo allar herminjarnar, vélbyssubyrgi, neðanjarðar stjórnstöð, skotgrafir, auk mikilla mannvirkja sem tengdust olíugeymum. *Allar þessar minjar hafa mikið gildi, því þetta eru best varðveittu herminjarnar á öllu Reykjavíkursvæðinu þær eru fágætar en góðir minnisvarðar um þetta tímabil í sögunni. Mikilvægt er að hreinsa trjágróðri af herminjunum þar sem það á við. Búið er að koma fyrir söguskiltum við hluta af þessum minjum en bæta þarf aðeins í merkingar til þess að auka upplifun á svæðinu. Huga þarf betur að því hvernig svæðið verði nýtt til útivistar í framtíðinni. Ekki er æskilegt að nýta minjarnar beint, þar sem þær verða fyrir hnjaski, ekki er æskilegt að hjóla yfir þær eða breyta þeim á neinn hátt. Gera þarf áætlun um hvernig best er að varveita steypuna í þeim og halda þeim við. Nú er lagt til að þegar samþykkt hverfisverndarsvæði í Öskjuhlíð verði stækkað til norðurs svo þessar minjar verði allar hverfisverndaðar. Gera þarf verndaráætlun fyrir allar herminjar í Öskjuhlíð.*

[378] *Borgarsögusafn*. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla ALG.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu



Mynd 154. Herminjar í Öskjuhlíð og tillaga að nýju hverfisverndarsvæði herminja, blástrikuð svæði.[379]

[379] *Borgarsögusafn*. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla ALG.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

2.3.4.5 Herminjar í Nauthólsvík

Í Nauthólsvík eru nokkrir braggar og hefur hluti af Transit Camp (Nauthólsvegur 100) verðið gerður upp og er í notkun. Annar braggi sem tilheyrði sömu samstæðu og er hinum megin við bílastæðið er ekki í góðu ásigkomulagi og þarf að laga hann. Auk þess eru tveir samstæðir braggar í eigu Flugmálstjórnar á bæjarstæði Nauthóls (Nauthólsvegur 99), sem eru í góðu standi.

Út á Kýrhamri er eru vélbyssubyrgi (220-117) og flugvélabyrgi í Nauthólsvík (220-189) og (220-198). *Huga þarf að viðhaldi á steypu í þessum minjum og gera áætlun um viðhald. Á svæðinu er menningamerkingar en merkja þarf vélbyssubyrgið. Minjarnar þessar eru þegar hverfisverndaðar samkvæmt skipulagi Nauthólsvíkur frá 2020.*



Mynd 155. Herminjar við Nauthólsvík, vélbyssubyrgið (220-117) á Kýrhamri og flugvélabyrgin (220-189 og 220-198) við Nauthólsvík. Hverfisverndað 2020.[380]

[380] *Borgarsögusafn*. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla ALG.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

2.3.4.6. Vélbyssubyrgi við Veðurstofuhæð

Á Veðurstofuhæð eru tvö steypt vélbyssubyrgi, auk annarra herminja sem eru skráð í skýrslu 209, Veðurstofuhæð – Fornleifaskrá 2022. *Byrgin (5-216 og 5-217) eru á vestanverðu svæðinu, í góðu ásigkomulagi. Hreinsa þarf trjágróður af minjunum og merkja minjasvæðið til þess að auka upplifun, en auðvelt er að gera sér í hugarlund notkun skotbyrgjanna. Lagt var til í umræddri skýrslu að þessar herminjar hljóti hverfisvernd eins og aðrar heillegar og fágætar minjar frá þessu tímabili og er sama tillagan lögð fram hér.*



Mynd 156. Hverfiverndarsvæði vélbyssubyrgja (5-216 og 5-217) á Veðurstofuhæð við Bústaðaveg.[381]

[381] *Borgarsögusafn*. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla ALG.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

2.3.4.7. Vélbyssubyrgi við Fossvog

Við Fossvogsbotn eru eitt vélbyssubyrgi (5-760) við Tjaldhól sem tilheyrði Camp Fossvog við botn Fossvogs. Annað herskálahverfi Camp Cook/Marin Camp var við Suðurhlíð, en öll merki um þessa herskálahverfi eru horfin. Úr byrginu var útsýni til sjávar þannig að þar hefur verið hægt að fylgst með skipaferðum og flugi yfir Fossvogi. Fyllt hefur verið upp í skotraufina en líklega hefur það verið nota sem geymsla fyrir matjurtir seinna. *Byrgið er annars í góðu ásigkomulagi, merkja þarf minjarnar til þess að auka upplifun. Lagt er til að þetta byrgi hljóti hverfisvernd eins og aðrar heillegar og fágætar minjar frá þessu tímabili. Birgið er innan svæðis sem er friðlýst svæði Fossvogsbakka.*



Mynd 157. Hverfisverndarsvæði fyrir vélbyssubyrgi 5-760 við Fossvog.[382]

[382] *Borgarsögusafn*. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla ALG.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

2.4 Varðveislumat húsa og heilda í borgarhluta 3 – Hlíðum

Í eftirfarandi köflum er annars vegar gerð grein fyrir *verndarstöðu* húsa í borgarhlutanum gagnvart lögum og hins vegar niðurstöðum og tillögum Borgarsögusafns um *hverfisvernd* húsa og heilda í borgarhlutanum. Byggðin sem er til umfjöllunar liggur innan svæðis sem afmarkast í stórum dráttum af Snorrabraut og Nauthólsvegi til vesturs, strandlínu Fossvogs til suðurs, Kringlumýrarbraut til austurs og Hverfisgötu og Laugavegi austan Rauðarárstígs til norðurs og skiptist í þrjú hverfi, Háteigshverfi (3.1), Hlíðahverfi (3.2) og Öskjuhlíðarhverfi (3.3) (sjá kort á mynd 158). Niðurstöður þessar byggja á aðferðafræði sem fjallað er um í eftirfarandi köflum, og skráningu og varðveislumati húsa og heilda sem finna má í fylgiskjölum með skýrslunni (sjá fylgiskjöl 2-6). [Fylgiskjöl 3- væntanleg í lokaútgáfu]



Mynd 158. Heildarafmörkun borgarhlutans og skipting hverfa innan hans.[383]

[383] Kort úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla: Þórarinn Jón Jóhannsson, umhverfis- og skipulagssviði.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

2.4.1 Verndarflokkar

Í varðveislumati byggða- og húsakannana er gerð grein fyrir *verndarstöðu* húsa og mannvirkja á viðkomandi svæði gagnvart lögum og gildandi deiliskipulagi sveitarfélags, þ.e. hvort hús eru friðlýst, friðuð, umsagnarskyld eða hverfisvernduð. Friðlýsing húsa og friðun húsa sem byggð eru 1923 og fyrr byggir á lögum um menningarminjar (sjá kafla 2.1.1). Þar er jafnframt kveðið á um umsagnarskyldu vegna húsa sem byggð eru 1940 og fyrr.[384] Hverfisvernd byggir á skilgreiningu og heimildum sem kveðið er á um í skipulagslögum og skipulagsreglugerð (sjá kafla 2.1.2).[385] Í byggða- og húsakönnunum eru, á grundvelli varðveislumats og niðurstöðu um varðveislugildi, gerðar tillögur um hverfisvernd húsa eða heilda sem síðan geta hlotið samþykkt í deiliskipulagi. Hverfisvernd húsa og mannvirkja í Reykjavík byggir m.a. á borgarverndarstefnu Reykjavíkurborgar sem sett er fram í aðalskipulagi.

2.4.1.1 Verndarflokkar sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012

***Friðlýst hús og mannvirki* - BLÁR FLOKKUR**

Í þessum flokki eru hús og mannvirki sem *friðlýst hafa verið með ákvörðun ráðherra* samkvæmt 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.[386] Hús sem voru friðuð samkvæmt eldri lögum teljast nú einnig friðlýst.[387] Um friðlýsingu segir í 5. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012: „Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja."

***Friðuð hús og mannvirki* - FJÓLUBLÁR FLOKKUR**

Öll hús og mannvirki sem *byggð voru árið 1923 og fyrr* eru friðuð samkvæmt 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/201.[388] Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

***Umsagnarskyld hús* - APPELSÍNUGULUR FLOKKUR**

Hús sem hvorki eru friðuð né friðlýst en *byggð 1940 eða fyrr*, og kirkjur reistar 1940 eða fyrr, eru umsagnarskyld samkvæmt 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, þ.e. eigendum þeirra er skylt að leita umsagnar Minjastofnunar Íslands ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.[389]

---

[384] Lög um menningarminjar nr. 80/2012.
[385] Skipulagslög nr. 123/2010, 2. gr. og 12. gr.; Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, gr. 5.3.2.17.
[386] Lög um menningarminjar nr. 80/2012.
[387] Friðlýst hús eru á skrá hjá Minjastofnun Íslands og þar er getið um friðunarár og hvaða hluti byggingar er friðaður, sjá: *Vef.* „Minjastofnun Íslands. Friðlýst hús og mannvirki," https://www.minjastofnun.is/is/byggingararfur/fridlyst-hus-og-mannvirki.
[388] Lög um menningarminjar nr. 80/2012; *Vef.* Minjastofnun Íslands. „Friðuð hús og mannvirki," https://www.minjastofnun.is/is/byggingararfur/fridud-hus-og-mannvirki.
[389] Lög um menningarminjar nr. 80/2012; Lög um breytingar á lögum um menningarminjar nr. 80/2012 (aldursfriðun húsa og mannvirkja) nr. 126/2022.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

2.4.1.2 Um hverfisvernd og verndarflokka hverfisverndar

Eins og áður hefur komið fram (sjá kafla 2.1.2) skulu ákvarðanir um *hverfisvernd* gerðar á grundvelli varðveislumats og niðurstaðna *húsakannana* um varðveislugildi húsa og byggðaheilda.

Skilgreiningu á hverfisvernd er að finna í **skipulagslögum nr. 123/2010** (2. gr.):

> *Hverfisvernd:* Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja eða náttúruminja.

Um heimild til að setja ákvæði um hverfisvernd í skipulagsáætlun segir jafnframt (12. gr.):

> Ef talin er þörf á að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, náttúrufar eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis við gerð skipulagsáætlunar, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum, skal setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd.

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir jafnframt um hverfisvernd í (5.3.2.17. gr):

> Heimilt er við gerð deiliskipulags að setja ákvæði um hverfisvernd þótt slíkt svæði sé ekki afmarkað í aðalskipulagi, svo sem til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminja, náttúrufar, gróður eða annað vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis. Gera skal grein fyrir ástæðu hverfisverndarinnar og hvaða skilmálar gilda um framkvæmdir og umgengni. Ákvörðun um hverfisvernd húsa, götumynda og byggðarmynsturs skal m.a. byggja á húsakönnun.

Í ***Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040*** er sett fram núgildandi borgarverndarstefna Reykjavíkurborgar og skilgreindir þeir verndarflokkar sem byggt er á við hverfisverndun húsa og byggðaheilda í Reykjavík:[390]

Einstök hús, húsaraðir og götumyndir **- RAUÐUR FLOKKUR**
Einstök hús, húsaraðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.[391]

Samstæður húsa og heildir **- GULUR FLOKKUR**
Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.[392]

Það er skilningur Borgarsögusafns að tilgangur hverfisverndar sé ekki að koma í veg fyrir allar breytingar á verndaðri byggð heldur sé hún *tæki minjavörslu og skipulagsyfirvalda til að vekja athygli á, leiðbeina um og standa vörð um sérkenni og sérstöðu eldri byggðar*, til að draga fram þau einkenni og gæði sem veita henni sérstöðu eða ljá henni heildstætt yfirbragð og *tryggja að tekið sé mið af þeim sérkennum, einkennum og gæðum við viðhald eða breytingar þannig að þau verði varðveitt til framtíðar.*

[390] Reykjavíkurborg, *Aðalskipulag Reykjavíkur 2040*. Greinargerð, 140-143 („Borgarvernd“); Viðaukar, 52 („Viðauki 8. Skilgreining verndarflokka vegna borgarverndar“); Fylgirit B2: Borg fyrir fólk, 164-167.
[391] Áður: **grænn** flokkur: Verndun 20. aldar bygginga, **rauður** flokkur: Tillaga að friðun og **dökkgulur** flokkur: Verndun götumynda. Sjá: Reykjavíkurborg (Borgarskipulag Reykjavíkur), *Húsvernd í Reykjavík: Svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar.* Þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*.
[392] Áður: **ljósgulur** flokkur: Verndun byggðamynsturs og **milligulur** flokkur: Verndun svæða. Sjá: Reykjavíkurborg (Borgarskipulag Reykjavíkur), *Húsvernd í Reykjavík: Svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar.*

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

2.4.2 Endurskoðun og breyttar forsendur varðveislumats hús og heilda

Í eftirfarandi köflum er um er að ræða *endurskoðun á eldra varðveislumati og tillögum um hverfisvernd húsa og heilda* sem birtar voru í áður útgefinni skýrslu safnsins, sem unnin var á fyrri stigum hverfisskipulagsvinnu fyrir borgarhluta 3 – Hlíðar, á vegum Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.[393]

Þessi endurskoðun er nauðsynleg meðal annars vegna *breytinga sem orðið hafa á verndarstöðu einstakra húsa* í borgarhlutanum gagnvart lögum síðan eldri skýrslan var gefin út árið 2013, en einnig vegna *breytinga sem kunna að hafa orðið á aðferðum og viðhorfum til varðveislumats og verndar húsa og mannvirkja* á þeim tíma sem liðinn er frá útgáfu eldri skýrslunnar (10 árum). Síðast en ekki síst er endurskoðun varðveislumats og verndartillagna Borgarsögusafns nauðsynleg vegna *breytinga sem orðið hafa á forsendum varðveislumats vegna hverfisskipulags* á þeim tíma sem liðinn er frá því að vinna hófst við gerð hverfisskipulags á vegum Reykjavíkurborgar.

Áður var gert ráð fyrir að vinna Borgarsögusafns tæki mið af rýmri kröfum um framsetningu hverfisskipulags með áherslu á almennar reglur um yfirbragð og varðveislugildi byggðar og almenna rammaskilmála (sbr. skipulagslög og skipulagsreglugerð, sjá kafla 2.1.2). Í fyrri áfanga yrðu því unnar svokallaðar *byggðakannanir* með almennu yfirliti yfir sögu svæðis og greiningu byggðar, með áherslu á varðveislumat heilda og yfirbragðs byggðar, en í seinni áföngum yrðu unnar *húsakannanir* með hefðbundinni skráningu einstakra húsa og nánari útfærslu varðveislumats og verndar fyrir hefðbundið deiliskipulag afmarkaðri svæða (sjá formála eldri skýrslu).

Nú er ljóst að nákvæm framsetning og skilmálagerð vegna hverfisskipulagsvinnu á vegum Reykjavíkurborgar kallar á aðlögun á verkefni Borgarsögusafns. Jafnframt er ljóst að einungis er gert ráð fyrir að hefðbundnar húsakannanir verði unnar fyrir þau svæði innan hvers borgarhluta sem sérstaklega eru skilgreind sem *þróunarsvæði*, þar sem unnið verður hefðbundið deiliskipulag. Ekki er gert ráð fyrir að unnið verði hefðbundið deiliskipulag fyrir önnur svæði innan borgarhlutanna heldur mun hverfisskipulag gilda sem slíkt. Þar með mun ekki gefast tækifæri til að vinna hefðbundna húsaskráningu og húsakannanir fyrir önnur svæði en þróunarsvæði. Samkvæmt leiðbeiningariti Minjastofnunar Íslands um gerð húsakannana, þurfa kannanir sem unnar eru vegna hverfisskipulags að uppfylla kröfur sem gerðar eru til hefðbundinna húsakannana. Þar segir jafnframt: „Það er sérstaklega mikilvægt að unnin sé húsakönnun fyrir hverfisskipulag þegar því er ætlað að vera „endanlegt“ skipulag, þ.e. ekki verður unnið deiliskipulag fyrir afmörkuð svæði eða reiti innan hverfisins.“[394] *Með tilliti til þessa hefur Borgarsögusafn nú breytt aðferðum og áherslum við skráningu og gerð varðveislumats vegna hverfisskipulags og fært nær viðmiðum um skráningu og varðveislumat húsakönnunar vegna deiliskipulags og auknum kröfum um skýra framsetningu, rökstuðning og verndaráherslur sem nýtist við gerð skilmála hverfisskipulags*.

[393] Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir o.fl., *Byggðakönnun: Borgarhluti 3 – Hlíðar* (skýrsla 163, 2013).
[394] Guðlaug Vilbogadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og María Gísladóttir, *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun*, 9.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

2.4.3 Aðferðir við skráningu og varðveislumat húsa og heilda í þessari byggðakönnun

Borgarsögusafn hefur um árabil unnið húsakannanir með skráningu og varðveislumati byggðar og einstakra húsa vegna deiliskipulags, í samræmi við lög og reglugerðir (sjá kafla 2.1.2), borgarverndarstefnu aðalskipulags og skráningarstaðal og leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands.

Vegna umfangs og stærðar þeirra svæða sem hverfisskipulag fyrir borgarhluta Reykjavíkur nær til er ljóst að ekki er unnt að vinna hefðbundnar húsakannanir fyrir hvert þeirra svæða í heild, með skráningu og fjórþættu varðveislumati á hverju og einu húsi, eins og mælt er fyrir um í leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands um húsakannanir.[395] Borgarsögusafn hefur því frá upphafi unnið svokallaðar byggðakannanir fyrir hverfisskipulag, þar sem áhersla hefur verið á almenna greiningu byggðar og varðveislumat heilda, en eins og áður er nefnt hefur safnið nú, samhliða endurskoðun eldri skýrslu fyrir borgarhluta 3 – Hlíðar, endurskoðað aðferðir sínar við skráningu og varðveislumat húsa og heilda vegna hverfisskipulags, og er hér nánar greint frá þeim aðferðum sem notaðar hafa verið við gerð nýrrar og endurskoðaðrar skýrslu.

Vinna Borgarsögusafns við skráningu, greiningu og varðveislumat byggðar í borgarhlutanum hefur annars vegar miðað að því að draga fram *varðveisluverðar heildir*, s.s skipulagsheildir eða aðra hluta byggðarinnar sem mynda heildstæðar einingar, og meta og greina yfirbragð og helstu einkenni þeirra, og hins vegar að því að draga fram *einstök hús eða húsaraðir* sem hafa hátt varðveislugildi og ástæða þykir til að vernda með hverfisvernd.

Eftirfarandi kaflar skýrslunnar greina frá niðurstöðum þessarar vinnu og tillögum Borgarsögusafns um hverfisvernd húsa og heilda. Annars vegar eru gerðar tillögur um hverfisvernd heilda í *gulum flokki* hverfisverndar: *Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í skipulagi*. Hins vegar eru gerðar tillögur um hverfisvernd húsa eða húsaraða í *rauðum flokki* hverfisverndar: *Einstök hús, húsaraðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í skipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra*. Í fylgiskjölum skýrslunnar má síðan finna skráningu og mat á varðveislugildi afmarkaðra skipulagsheilda og einstakra húsa sem niðurstöður og tillögur safnsins byggja meðal annars á.

Við val á varðveisluverðum húsum og húsaröðum og mat á varðveislugildi þeirra hefur reynst nauðsynlegt að beita öðrum aðferðum en við varðveislumat hefðbundinna húsakannana, þar sem ekki hefur verið unnt, eins og áður segir, að skrá hvert og eitt hús með hefðbundnum hætti og meta með fjórþættu varðveislumati: mati á byggingarlistalegu gildi, menningarsögulegu gildi, umhverfisgildi og upprunaleika og niðurstöðu um heildarvarðveislugildi (hátt, miðlungs eða lágt). Við varðveislumat og ákvörðun um hverfisvernd þessara húsa og húsaraða hefur í staðinn verið notuð sú aðferð að *beita fyrst sjónrænu mati á byggingarlist, upprunaleika og umhverfisgildi* húsa í borgarhlutanum*, með vettvangsathugunum og stuðningi gagna eins og teikninga og ljósmynda,* og *velja* þannig þau hús sem nánar eru skoðuð, skráð og metin með fjórþættu varðveislumati. Við val á þessum húsum er meðal annars horft til þess hvort þau teljast góðir fulltrúar byggingarlistar ákveðins

[395] Guðlaug Vilbogadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og María Gísladóttir, *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun*.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

tímabils, eru góð höfundarverk eða kennileiti í byggðinni og hvort þau hafa haldið upprunaleika sínum.[396] Til að ákvarða hverfisvernd einstakra húsa *vegna menningarsögulegs gildis* er horft til *aldurs húsa*, samkvæmt fasteignaskrá eða húsaskrá Borgarsögusafns og eldri byggð könnuð og kortlögð með samanburði á eldri og núverandi byggð á loftmyndum og kortum. Auk þess getur sú sagnfræðilega könnun og byggðasöguritun sem er hluti af gerð byggðakönnunar, leitt í ljós menningarsögulegt gildi einstakra húsa sem standa frá eldri tíð. Ennfremur er horft til bygginga sem hafa táknrænt gildi fyrir samfélagið vegna hlutverks eða sögu. Skráningu og fjórþætt varðveislumat þeirra húsa sem valin hafa verið með þessum aðferðum er að finna í Fylgiskjali 6 í skýrslunni [væntanlegt í lokaútgáfu skýrslu]. Samantekt og kort yfir þessi hús er jafnframt að finna í niðurstöðukafla um hverfisvernd húsa í rauðum flokki, kafla 2.4.5.3 í skýrslunni.

Samhliða vinnu við varðveislumat á stærri heildum í borgarhlutanum hefur Borgarsögusafn unnið að því að *þróa aðferð og framsetningu* sem hentað geti fyrir varðveislumat slíkra heilda. Forsenda varðveislumatsins er *greining byggðarinnar*, þar sem meðal annars er horft til *sögulegs samhengis, skipulags og uppbyggingar* hverrar heildar eða hverfishluta, greindar þær *skipulagshugmyndir, viðmið eða nýjungar* sem legið hafa að baki við skipulag hverfisins eða hverfishlutans og *einkenni og sérkenni byggðarinnar* kortlögð, greindar helstu *húsagerðir* og *byggingarstílar* sem setja svip á hverfið, og svo horft til þess *hversu heildstæð og upprunaleg byggðin er* og þar með *hversu viðkvæm* hún er gagnvart breytingum og viðhaldi. Við þessa greiningu hefur einnig verið stuðst við þá hverfisskiptingu sem byggt er á í hverfisskipulagsvinnu Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar þar sem hverfum borgarhlutans hefur verið skipt upp í hverfiseiningar (skilmálaeiningar) út frá byggðamynstri og sameiginlegum einkennum.[397]

Við varðveislumat á byggðinni hefur Borgarsögusafn nú farið þá leið að beita *fjórþættu varðveislumati*, sem jafnan er notað við varðveislumat stakra húsa í hefðbundnum húsakönnunum, þar sem lagt er mat á byggingarlistalegt gildi, menningarsöguleg gildi, umhverfisgildi og upprunaleika og fengin niðurstaða um heildarvarðveislugildi (hátt, miðlungs eða lágt). Hér eru þessir þættir heimfærðir upp á *þær hverfisheildir sem lagt er til að hverfisvernda (hátt varðveislugildi) og aðrar áhugaverðar heildir í borgarhlutanum (miðlungs til hátt varðveislugildi)*. Greining og fjórþætt varðveislumat fyrir þessar afmörkuðu heildir er síðan sett fram með rökstuddri niðurstöðu um varðveislugildi hverrar heildar. Þegar gerð er tillaga um hverfisvernd eru ástæður og áhersluatriði verndarinnar tilgreind. Jafnframt eru settar fram ábendingar um einstök hús innan hverrar heildar sem teljast hafa hátt byggingarlistalegt gildi og eru upprunaleg dæmi um einkennandi húsagerðir hverrar heildar. Mat á varðveislugildi hverfisheildanna er að finna í fylgiskjali 2 í skýrslunni. Yfirlit og kort yfir heildir sem lagt er til að vernda má finna í kafla 2.4.5.1 í skýrslunni. Aðrar heildir með

[396] Guðlaug Vilbogadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og María Gísladóttir, *Húsaskráning – Huginn – Húsakönnun*, 33-34.

[397] Í eldri skýrslu Borgarsögusafns (þá Minjasafns Reykjavíkur) fyrir borgarhlutann Hlíðar er einnig að finna skrá yfir alla hverfishluta í borgarhlutanum, sem vísast til sem yfirlits yfir helstu einkenni og tegundir byggðar í hverjum hverfishluta, sjá: Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir o.fl., *Byggðakönnun: Borgarhluti 3 – Hlíðar* (skýrsla 163, 2013), 71- 88.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

hátt eða miðlungs varðveislugildi, sem ástæða þykir til að vekja athygli á, þó ekki sé lögð til hverfisverndun þeirra, eru tilgreindar í kafla 2.4.5.2 í skýrslunni.[398]

Við varðveislumat heilda í borgarhluta 3 – Hlíðum hefur meðal annars verið horft til þeirrar heildarhverfisverndar sem gildir um allt *svæðið innan Hringbrautar* og að hvaða leyti má heimfæra sömu eða svipuð viðmið á hverfi eða byggðaheildir ***borgarhlutans Hlíða, sem er einn af þeim hlutum borgarinnar sem fyrst byggðust í kjölfar þess að byggð tók að þenjast út fyrir hinn elsta kjarna innan Hringbrautar og er því með eldri hlutum borgarinnar***.

Þá er einnig horft til *borgarverndarstefnu Reykjavíkurborgar*, sem gerð er grein fyrir í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, þar sem meðal annars er lögð áhersla á eftirfarandi markmið við skipulag og breytingar í eldri hverfum:[399]

- Þróun, endurbætur og endurnýjun byggðar í grónum hverfum Reykjavíkur skal miðast við að söguleg vídd byggðarinnar skerðist eins lítið og kostur er - að byggingarsögulegt samhengi rofni ekki. Heildarsvipmóti gróinna hverfa verði ekki raskað.
- Varðveisla byggingararfsins verði almennt leiðarljós við endurskipulagningu eldri hverfa borgarinnar, svo og varðveisla þeirra umhverfisgæða sem í byggðinni eru fólgin. Hlúð verði að þessum arfi, hann gerður sýnilegur og leitast verði við að rækta hann við þróun og endurskipulagningu byggðarinnar.
- Nýjar byggingar í eldri hverfum verði lagaðar að einkennum byggðarinnar og verði aðeins heimilaðar sé sýnt fram á að þær séu til bóta fyrir heildarsvip byggðarinnar.
- Leitast verði við að minnast sögunnar, svo sem sögustaða, örnefna, horfinna mannvirkja, gatna, sjónása og kennileita, í skipulagi og hönnun nýrrar byggðar og mannvirkja, ekki síst við hönnun opinberra bygginga og almenningsrýma.
- Ákvarðanir um verndun byggðaheilda, húsaraða, stakra húsa og annarra mannvirkja verði ávallt byggðar á faglegu og heildrænu mati með almannahagsmuni að leiðarljósi.

Borgarhlutinn skiptist í þrjú hverfi, Háteigshverfi (skilmálaeiningu 3.1), Hlíðahverfi (skilmálaeiningu 3.2) og Öskjuhlíðarhverfi (skilmálaeiningu 3.3) og miðast framsetning í eftirfarandi köflum við það, þar sem niðurstöður og tillögur um hverfisvernd eru settar fram í undirköflum fyrir hvert hverfi fyrir sig.

Fyrst er þó, í sérstökum kafla, gerð grein fyrir þeim húsum og mannvirkjum í borgarhlutanum, sem njóta verndar á grundvelli laga um menningarminjar.

[398] Það endurskoðaða varðveislumat og verndartillögur sem hér er gerð grein fyrir var unnið í náinni samvinnu við ráðgjafateymi sem komið hefur að gerð hverfisskipulags fyrir borgarhluta 3 – Hlíðar, en Borgarsögusafn ber alfarið ábyrgð á endanlegum niðurstöðum og verndartillögum í skýrslunni. Í ráðgjafateymi fyrir BH3 – Hlíðar eru þær Helga Bragadóttir arkitekt, Kanon arkitektum og Sigríður Magnúsdóttir arkitekt, Teiknistofunni Tröð.
[399] Reykjavíkurborg, *Aðalskipulag Reykjavíkur 2040*. Fylgirit B2: Borg fyrir fólk, 165.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

2.4.4 Verndarstaða húsa og mannvirkja gagnvart lögum

Innan borgarhlutans, eins og hann er afmarkaður í hverfisskipulagi, standa nú (2023) alls ***205*** *hús eða mannvirki sem eru friðlýst, friðuð eða umsagnarskyld samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012*, en eftir breytingu á þeim lögum sem tók gildi 1. janúar 2023, varð mikil aukning á fjölda umsagnarskyldra húsa.[400] Gerð er grein fyrir þessum húsum í eftirfarandi köflum, á kortum (sjá kafla 2.4.4.4) og í húsaskrám í ***fylgiskjölum 3, 4 og 5*** [Væntanleg í lokaútgáfu skýrslu].

2.4.4.1 BLÁR FLOKKUR – Friðlýst hús og mannvirki

Um er að ræða hús og mannvirki sem friðlýst eru með ákvörðun ráðherra samkvæmt 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.[401] Hús sem voru friðuð samkvæmt eldri lögum teljast nú einnig friðlýst. Um friðlýsingu segir í 31. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012: „Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar Íslands. Við endurbætur og viðhald friðlýstra húsa og mannvirkja skal leita álits og ef til þarf leyfis Minjastofnunar Íslands með minnst sex vikna fyrirvara.“ Í 5. gr. segir jafnramt: „Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.“ [402]

Tvö hús innan borgarhlutans hafa verið friðlýst með ákvörðun ráðherra.

- **Hamrahlíð 10 – *Menntaskólinn við Hamrahlíð***. Reistur 1964-1970. Hönnuður Skarphéðinn Jóhannsson arkitekt. Friðaður af menntamálaráðherra 19. maí 2008 samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001 og telst því friðlýst hús skv. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Friðun nær til ytra borðs hússins.[403] Menntaskólinn við Hamrahlíð er kunnasta opinbera bygging Skarphéðins Jóhannssonar. Stórir steinsteyptir veggfletir og samfelld lárétt gluggabönd einkenna bygginguna. Efnisnotkunin, þar sem notuð er ómeðhöndluð steinsteypa (sjónsteypa) bæði utan- og innandyra, var nýjung hér á landi á þeim tíma þegar Skarphéðinn hannaði bygginguna. Margt nýstárlegt var einnig í innra skipulagi hússins í takt við nýjustu strauma í skólabyggingum á Norðurlöndum á 6. og 7. áratug 20. aldar, svo sem inngarðar með gróðri og listaverkum.
- **Háteigsvegur 35 – *Sjómannaskólinn í Reykjavík* (Tækniskólinn)**. Reistur 1945. Hönnuðir Sigurður Guðmundsson og Eiríkur Einarsson arkitektar. Friðaður af menntamálaráðherra 19. maí 2008 samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001 og telst því friðlýst hús skv. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

[400] Lög um menningarminjar nr. 80/2012, 30. gr.; Lög um breytingar á lögum um menningarminjar nr. 80/2012 (aldursfriðun húsa og mannvirkja) nr. 126/2022.
[401] Friðlýst hús eru á skrá hjá Minjastofnun Íslands og þar er getið um friðunarár og hvaða hluti byggingar er friðaður, sjá: *Vef.* Minjastofnun Íslands. „Friðlýst hús og mannvirki,“ https://www.minjastofnun.is/is/byggingararfur/fridlyst-hus-og-mannvirki.
[402] Lög um menningarminjar nr. 80/2012, 5. gr, 18. gr., 31 gr.
[403] *Vef.* Minjastofnun Íslands. „Friðlýst hús og mannvirki: Menntaskólinn við Hamrahlíð, Hamrahlíð 10,“ https://www.minjastofnun.is/is/byggingararfur/fridlyst-hus-og-mannvirki/menntaskolinn-vid-hamrahlid.

Friðunin nær til ytra borðs hússins.[404] Sjómannaskólinn er merk bygging, eitt af stórvirkjum íslenskrar byggingarlistar og mikilvægur vitnisburður um sögu menntunar og framfara á sviði sjómennsku og sjávarútvegs. Byggingin er áberandi og þekkt kennileiti á Rauðarárholti, stendur tignarlega á háholtinu og þarf mikið umhverfislegt andrými. *Því er rík ástæða til að leggja áherslu á að ekki verði skyggt á ásýnd Sjómannaskólans eða byggt fyrir sjónlínur að skólanum.* Sjá varðveislumat í skýrslu Borgarsögusafns nr. 198/2019.[405]

2.4.4.2 FJÓLUBLÁR FLOKKUR – Friðuð hús og mannvirki

Um er að ræða öll hús og mannvirki sem ***byggð voru árið 1923 eða fyrr***, samkvæmt 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. „Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“[406] Áður gilti friðun um öll hús og mannvirki 100 ára og eldri, en með breytingu á lögunum, sem tók gildi 1. janúar 2023, var ákvæðinu um friðun húsa breytt og miðast það nú við árið 1923.[407]

Athuga skal að ósamræmi getur komið upp milli fasteignaskrár og annarra heimilda um byggingarár húsa. Hér er miðað við dagsetningu fyrstu brunavirðingar sem gerð var á húsinu eða önnur skjöl sem teljast áreiðanlegar heimildir um byggingarár.[408]

Innan borgarhlutans teljast **sex hús og mannvirki** (undir fimm staðföngum) friðuð, samkvæmt 29. gr. laga um menningarminjar, sem gildir nú um ***hús byggð 1923 eða fyrr***.

- **Eskihlíð 2-4** – ***Eskihlíð***. Erfðafestubýli. Íbúðarhús (mhl. 01). Reist 1892. Hönnuður ókunnur. Elsti hluti hússins, vesturhluti (mhl. 01), er steinhlaðið hús byggt árið 1892 og því *aldursfriðað*. Mið- og austurhluti (mhl. 02 og 03) voru byggðir sem fjós og hlaða á árunum 1934-1936, og eru því *umsagnarskyldir* samkvæmt lögum um menningarminjar. Árið 1934 var steinhlaðna húsið lengt með steinsteyptri viðbyggingu til norðurs og múrhúðað og var þá að mestu komið í núverandi mynd. Um er að ræða elsta húsið í borgarhlutanum, eitt af örfáum húsum sem eftir standa af þeirri byggð sem reis þar á erfðafestublettum og fágætt dæmi um varðveislu bæði íbúðahúss og sambyggðra útihúsa erfðafestubýlis. Húsið, steinhlaðið hús ásamt áföstum útihúsum, hefur mikið varðveislugildi sem vitnisburður um byggingar- og byggðasögu Reykjavíkur og þann búskap sem áður einkenndi svæðið. Seinna var verslunin Hagkaup stofnuð í húsinu. Húsið stendur nú við enda götunnar Eskihlíðar, sem nefnd er eftir gamla býlinu. Lagt er til að húsið sem heild verði *jafnframt*

[404] *Vef.* „ Minjastofnun Íslands. „Friðlýst hús og mannvirki: Sjómannaskólinn (Fjöltækniskóli Íslands), Háteigsvegurhttps://www.minjastofnun.is/is/byggingararfur/fridlyst-hus-og-mannvirki/sjomannaskolinn-fjoltaekniskoli-islands.
[405] Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir, *Sjómannaskólareitur* (skýrsla 198, 2019), 55 og 67.
[406] Lög um menningarminjar nr. 80/2012, 29. gr.
[407] Lög um breytingar á lögum um menningarminjar nr. 80/2012 (aldursfriðun húsa og mannvirkja) nr. 126/2022
[408] Komi upp vafamál í tengslum við byggingarár húsa í Reykjavík má leita upplýsinga hjá Borgarsögusafni Reykjavíkur í gegnum netfangið minjavarsla@reykjavik.is.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

hverfisverndað í rauðum flokki (sjá kafla 2.4.5.3.1).[409]

- **Háteigsvegur 36** – ***Háteigur***. Erfðafestubýli. Íbúðarhús. Reist 1920. Hönnuður Finnur Ó. Thorlacius húsasmíðameistari. Eitt af örfáum húsum sem eftir standa af þeirri byggð sem reis á erfðafestublettum í borgarhlutanum. Reisulegt steinhús í nýbarokkstíl, vitnisburður um elstu byggð í hverfinu og búskaparhætti fyrri tíðar í Reykjavík. Stendur við götuna Háteigsveg, sem nefnd er eftir býlinu. Lagt er til að húsið verði *jafnframt hverfisverndað í rauðum flokki* (sjá kafla 2.4.5.3.1).[410]

- **Háteigsvegur 43**. Vatnsgeymir (mhl. 01). Reistur 1916. Sá eldri af tveimur vatnsgeymum sem standa sambyggðir við Háteigsveg á Rauðarárholti. Vatnsgeymirinn var eitt fyrsta mannvirkið sem reis á holtinu og var frá upphafi kennileiti sem sást víða að. Hinn vatnsgeymirinn, sem reistur var árið 1930, er samskonar mannvirki að gerð og í útliti. Hann er nú umsagnarskyldur (sjá hér aftar). Vatnsgeymarnir sem heild, ásamt yngra dæluhúsi, njóta *jafnframt hverfisverndar í rauðum flokki* (sjá kafla 2.4.5.3.1).[411]

- **Hlíðarendi 6-10 – *Hlíðarendi***. Erfðafestubýli. Íbúðarhús (mhl. 01) og fjós (mhl. 03).[412] Reist 1916. Hönnuður ókunnur. Með örfáum húsum sem eftir standa af þeirri byggð sem reis á erfðafestublettum í borgarhlutanum og fágætt dæmi um varðveislu bæði íbúðahúss og útihúss erfðafestubýlis, en húsin hafa fengið að standa óhreyfð innan íþróttasvæðis Vals og verið fundið þar hlutverk. Vitnisburður um elstu byggð á svæðinu, búskaparhætti fyrri tíðar í Reykjavík og jafnframt um íþróttasögu borgarinnar. Húsin eru friðuð vegna aldurs og njóta *jafnframt hverfisverndar* í gulum flokki samkvæmt deiliskipulagi,[413] en nú er lagt til að hverfisverndin verði skilgreind *í rauðum flokki* (sjá kafla 2.4.5.3.3).

- **Hverfisgata 115**. Íbúðarhús. Reist 1910. Hönnuður ókunnur.[414] Íbúðarhús gasstöðvarstjóra, eini sýnilegi vitnisburður sem eftir er um gasstöðina við Hlemm og horfið skeið í sögu svæðisins. Steinsteypuklassík, sérstakt hús gerðar sinnar vegna, merkur fulltrúi fyrstu steinsteyptu húsanna í Reykjavík. Kennileiti í miðborginni. Áður hafa verið gerðar

[409] Sjá einnig eldri verndartillögur: Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun: Valssvæði og umhverfi* (skýrsla 96, 2002), 4, 7 og 9; Nikulás Úlfar Másson, *Húsakönnun: Skógarhlíð* (skýrsla 80, 2001), 2, 3 og 7; Nikulás Úlfar Másson, *Borgarhluti 3* (skýrsla 13, 1992), 6 og 13.
[410] Sjá einnig: Nikulás Úlfar Másson, *Borgarhluti 3* (skýrsla 13, 1992), 7 og 13.
[411] Sjá: Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir, *Sjómannaskólareitur* (skýrsla 198, 2019), 68-69; Nikulás Úlfar Másson, *Borgarhluti 3* (skýrsla 13, 1992), 15.
[412] Samkvæmt fasteignaskrá eru hús á lóðinni skráð undir staðfanginu „Hlíðarendi 6-10“ (https://fasteignaskra.is/), en í Borgarvefsjá er lóðin tölusett nr. 2-6 (https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/).
[413] *Vef*. Reykjavíkurborg, Skipulagssjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/, deiliskipulag, Hlíðarendi, sþ. 23. september 2010. Sjá einnig eldri verndartillögur: Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun: Valssvæði og umhverfi* (skýrsla 96, 2002), 7 og 10; Nikulás Úlfar Másson, *Borgarhluti 3* (skýrsla 13, 1992), 7 og 13.
[414] Ekki er ljóst hver hannaði húsið, en upphaflegar teikningar að gasstöðinni virðast merktar með upphafsstöfunum I.S eða T.S., sjá: *Skjalaver Höfðatorgi*. Aðaluppdrættir. Gasstöð Reykjavíkur. Teikningar undirritaðar af I.S.(?), BN 108/09, dags. 5. ágúst 1909.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

tillögur um hverfisvernd hússins.[415] Lagt er til að húsið verði *jafnframt hverfisverndað í rauðum flokki* (sjá kafla 2.4.5.3.1).[416]

2.4.4.3 APPELSÍNUGULUR FLOKKUR – Umsagnarskyld hús

Um er að ræða hús og mannvirki sem hvorki eru friðuð né friðlýst en ***byggð 1940 eða fyrr***, og kirkjur reistar 1940 eða fyrr. Þau hús eru umsagnarskyld samkvæmt 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, þ.e. eigendum þeirra er skylt að leita álits Minjastofnunar Íslands ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.[417] Áður gilti ákvæðið um hús og mannvirki byggð 1925 eða fyrr, en með breytingu á lögunum, sem tók gildi 1. janúar 2023, var ákvæðinu breytt og miðast það nú við árið 1940.[418]

Athuga skal að ósamræmi getur komið upp milli fasteignaskrár og annarra heimilda um byggingarár húsa. Hér er miðað við dagsetningu fyrstu brunavirðingar sem gerð var á húsinu eða önnur skjöl sem teljast áreiðanlegar heimildir um byggingarár.[419]

Alls eru **197 hús** í borgarhlutanum byggð á tímabilinu ***1924-1940*** og því umsagnarskyld samkvæmt lögum.[420] Þar af eru **158** í hverfinu Norðurmýri, sem byggðist upp á árunum 1936-1946 og **10** sem tilheyra byggð verkamannabústaða á Rauðarárholti, sem byggðist upp á árunum 1939-1954, en **29** í öðrum hverfum borgarhlutans, sjá eftirfarandi upptalningu. Lagt er til að hverfið Norðurmýri verði einnig hverfisverndað sem heild í gulum flokki, sem og verkamannabústaðirnir á Rauðarárholti (sjá kafla 2.4.5.1.1). Önnur umsagnarskyld hús í borgarhlutanum eru flest jafnframt tilgreind í tillögum Borgarsögusafns um hverfisvernd húsa í rauðum flokki (sjá kafla 2.4.5.3), enda alla jafna um að ræða hús sem hafa hátt varðveislugildi vegna byggða- og byggingarsögulegs samhengis og/eða menningarsögulegs gildis, auk aldurs.

Hús í Norðurmýri byggð 1940 eða fyrr (skilmálaeiningar 3.1.1, 3.1.24 og 3.1.25):

- **Auðarstræti 3**. Reist 1937. Hönnuður Sigmundur Halldórsson arkitekt.
- **Auðarstræti 5**. Reist 1940. Hönnuður. Hönnuður Sigmundur Halldórsson arkitekt.
- **Auðarstræti 7**. Reist 1939. Hönnuður Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari.
- **Auðarstræti 9**. Reist 1937. Hönnuður Björn Rögnvaldsson forsmiður.

---

[415] Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun: Snorrabraut – Hverfisgata – Rauðarárstígur – Laugavegur* (skýrsla 113, 2004), 9 og 13; *Borgarsögusafn*. Húsakannanir, óútgefnar. Helga Maureen Gylfadóttir og Pétur H. Ármannsson, „Húsakönnun: Lögreglustöðvarreitur 1.222.0“ (dags. 15. júní 2005), 4, 5; Nikulás Úlfar Másson, *Borgarhluti 3* (skýrsla 13, 1992), 8 og 13.

[416] Sjá einnig: Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun: Snorrabraut – Hverfisgata – Rauðarárstígur – Laugavegur* (skýrsla 113, 2004), 9 og 13; *Borgarsögusafn*. Húsakannanir, óútgefnar. Helga Maureen Gylfadóttir og Pétur H. Ármannsson, „Húsakönnun: Lögreglustöðvarreitur 1.222.0“ (dags. 15. júní 2005), 4, 5; Nikulás Úlfar Másson, *Borgarhluti 3* (skýrsla 13, 1992), 8 og 13.

[417] Lög um menningarminjar nr. 80/2012, 30. gr

[418] Lög um breytingar á lögum um menningarminjar nr. 80/2012 (aldursfriðun húsa og mannvirkja) nr. 126/2022.

[419] Komi upp vafamál í tengslum við byggingarár húsa í Reykjavík má leita upplýsinga hjá Borgarsögusafni Reykjavíkur í gegnum netfangið minjavarsla@reykjavik.is.

[420] Hús eru hér skráð og talin út frá staðföngum skráðum í fasteignaskrá (https://fasteignaskra.is/), þannig að parhús eða hús sem eru sambyggð tvö og tvö, þar sem hvort hús eða helmingur hefur sitt staðfang, eru jafnan talin sem tvö mismunandi hús.

- **Auðarstræti 11**. Reist 1938. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt.
- **Auðarstræti 13**. Reist 1938. Hönnuður Arinbjörn Þorkelsson húsasmíðameistari.
- **Auðarstræti 15**. Reist 1938. Hönnuður Einar Erlendsson arkitekt.
- **Auðarstræti 15A**. Spennistöð. Reist 1937. Hönnuður S.Ó.
- **Flókagata 1**. Reist 1937. Hönnuðir Einar Sveinsson og Sigmundur Halldórsson arkitektar.
- **Flókagata 3**. Reist 1937. Hönnuður Sigmundur Halldórsson arkitekt.
- **Flókagata 4**. Reist 1938. Hönnuður Guðmundur H. Þorlaksson byggingameistari.
- **Flókagata 5**. Reist 1937. Hönnuður Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari.
- **Flókagata 6**. Reist 1938. Hönnuður Guðmundur H. Þorlaksson byggingameistari.
- **Flókagata 7**. Reist 1938. Hönnuður Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari.
- **Flókagata 8**. Reist 1938. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt.
- **Flókagata 9**. Reist 1938. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt.
- **Flókagata 10**. Reist 1937. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt.
- **Flókagata 12**. Reist 1938. Hönnuður Gunnlaugur Halldórsson arkitekt.
- **Flókagata 13**. Reist 1939. Hönnuður Arinbjörn Þorkelsson húsasmíðameistari.
- **Flókagata 14**. Reist 1938. Hönnuður Bárður Ísleifsson arkitekt.
- **Flókagata 15**. Reist 1940. Hönnuður Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari.
- **Flókagata 18**. Reist 1938. Hönnuður Sigmundur Halldórsson arkitekt.
- **Gunnarsbraut 26**. Reist 1940. Hönnuður Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari.
- **Gunnarsbraut 30**. Reist 1939. Hönnuður Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari.
- **Gunnarsbraut 32**. Reist 1939. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt.
- **Gunnarsbraut 34**. Reist 1939. Hönnuður Kristvin Guðmundsson húsasmíðameistari.
- **Gunnarsbraut 36**. Reist 1939. Hönnuður Sigmundur Halldórsson arkitekt.
- **Gunnarsbraut 38**. Reist 1938. Hönnuður Sigmundur Halldórsson arkitekt.
- **Hrefnugata 1**. Reist 1940. Hönnuður Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari.
- **Hrefnugata 2**. Reist 1939. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt.
- **Hrefnugata 3**. Reist 1938. Hönnuður Guðmundur H. Þorlaksson byggingameistari.
- **Hrefnugata 4**. Reist 1939. Hönnuður Þórir Baldvinsson arkitekt.
- **Hrefnugata 5**. Reist 1939. Hönnuður Guðmundur H. Þorlaksson byggingameistari
- **Hrefnugata 6**. Reist 1939. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt.
- **Hrefnugata 7**. Reist 1939. Hönnuður Arinbjörn Þorkelsson húsasmíðameistari.
- **Hrefnugata 8**. Reist 1938. Hönnuður Sigmundur Halldórsson arkitekt.
- **Hrefnugata 9**. Reist 1938. Hönnuður Sigurður Guðmundsson arkitekt.
- **Hrefnugata 10**. Reist 1938. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt.
- **Karlagata 1**. Reist 1936. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt.
- **Karlagata 2**. Reist 1936. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt.
- **Karlagata 3**. Reist 1936. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt.
- **Karlagata 4**. Reist 1936. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt.
- **Karlagata 5**. Reist 1938. Hönnuður Björn Rögnvaldsson forsmiður.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

- **Karlagata 6 (6-8)**.[421] Reist 1940. Hönnuður Arinbjörn Þorkelsson húsasmíðameistari.
- **Karlagata 7**. Reist 1938. Hönnuður Björn Rögnvaldsson forsmiður.
- **Karlagata 9**. Reist 1937. Hönnuður Pjetur Ingimundarson forsmiður.
- **Karlagata 10**. Reist 1936. Hönnuður Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari.
- **Karlagata 11**. Reist 1937. Hönnuður Pjetur Ingimundarson forsmiður.
- **Karlagata 12**. Reist 1936. Hönnuður Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari.
- **Karlagata 13**. Reist 1938. Hönnuður Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari.
- **Karlagata 14**. Reist 1936. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt.
- **Karlagata 15**. Reist 1938. Hönnuður Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari.
- **Karlagata 16**. Reist 1936. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt.
- **Karlagata 17**. Reist 1940. Hönnuður Guðmundur H. Þorláksson byggingameistari.
- **Karlagata 18**. Reist 1938. Hönnuður Arinbjörn Þorkelsson húsasmíðameistari.
- **Karlagata 19**. Reist 1940. Hönnuður Guðmundur H. Þorláksson byggingameistari.
- **Karlagata 20**. Reist 1938. Hönnuður Arinbjörn Þorkelsson húsasmíðameistari.
- **Karlagata 21**. Reist 1936. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt.
- **Karlagata 22**. Reist 1937. Hönnuður Guðmundur H. Þorláksson byggingameistari.
- **Karlagata 24**. Reist 1937. Hönnuður Guðmundur H. Þorláksson byggingameistari.
- **Kjartansgata 6**. Reist 1939. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt.
- **Kjartansgata 9**. Reist 1939. Hönnuður Þorleifur Eyjólfsson arkitekt.
- **Mánagata 1**. Reist 1936. Hönnuður Ágúst Pálsson arkitekt.
- **Mánagata 2**. Reist 1937. Hönnuður Björn Rögnvaldsson forsmiður.
- **Mánagata 3**. Reist 1936. Hönnuður Ágúst Pálsson arkitekt.
- **Mánagata 4**. Reist 1937. Hönnuður Björn Rögnvaldsson forsmiður.
- **Mánagata 5**. Reist 1936. Hönnuður Sigmundur Halldórsson arkitekt.
- **Mánagata 6**. Reist 1938. Hönnuður Arinbjörn Þorkelsson húsasmíðameistari.
- **Mánagata 7**. Reist 1936. Hönnuður Sigmundur Halldórsson arkitekt.
- **Mánagata 8**. Reist 1938. Hönnuður Arinbjörn Þorkelsson húsasmíðameistari.
- **Mánagata 9**. Reist 1937. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt.
- **Mánagata 11**. Reist 1937. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt.
- **Mánagata 13**. Reist 1938. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt.
- **Mánagata 14**. Reist 1937. Hönnuður Einar Erlendsson arkitekt.
- **Mánagata 15**. Reist 1938. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt.
- **Mánagata 16**. Reist 1937. Hönnuður Einar Erlendsson arkitekt.
- **Mánagata 17**. Reist 1937. Hönnuður Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari.
- **Mánagata 18**. Reist 1938. Hönnuður Hörður Bjarnason arkitekt.
- **Mánagata 19**. Reist 1937. Hönnuður Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari.
- **Mánagata 20**. Reist 1938. Hönnuður Hörður Bjarnason arkitekt.
- **Mánagata 21**. Reist 1937. Hönnuður Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari.

[421] Staðfangið Karlagata 6 á við um báða helminga hússins, samkvæmt fasteignaskrá (https://fasteignaskra.is/), en í Borgarvefsjá (https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/) eru helmingarnir merktir með húsnúmerunum 6 og 8.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

- **Mánagata 22**. Reist 1940. Hönnuður Arinbjörn Þorkelsson húsasmíðameistari.
- **Mánagata 23**. Reist 1937. Hönnuður Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari.
- **Mánagata 24**. Reist 1939. Hönnuður Guðmundur H. Þorláksson byggingameistari.
- **Mánagata 25**. Reist 1937. Hönnuður Þorleifur Eyjólfsson arkitekt.
- **Njálsgata 90**. Reist 1938. Hönnuður Jón J. Víðis landmælingamaður.
- **Njálsgata 92**. Reist 1936. Hönnuður Jón J. Víðis landmælingamaður.
- **Njálsgata 94**. Reist 1936. Hönnuður Jón J. Víðis landmælingamaður.
- **Njálsgata 96**. Reist 1936. Hönnuður Jón J. Víðis landmælingamaður.
- **Njálsgata 98**. Reist 1936. Hönnuður Jón J. Víðis landmælingamaður.
- **Njálsgata 100**. Reist 1937. Hönnuður Arinbjörn Þorkelsson húsasmíðameistari.
- **Njálsgata 102**. Reist 1936. Hönnuður Þorleifur Eyjólfsson arkitekt.
- **Njálsgata 104**. Reist 1936. Hönnuður Þorleifur Eyjólfsson arkitekt.
- **Njálsgata 106.** Reist 1938. Hönnuður Þorleifur Eyjólfsson arkitekt.
- **Njálsgata 108**. Reist 1938. Hönnuður Þorleifur Eyjólfsson arkitekt.
- **Njálsgata 110**. Reist 1937. Hönnuður Þorleifur Eyjólfsson arkitekt.
- **Rauðarárstígur 36**. Reist 1940. Hönnuður Þorleifur Eyjólfsson arkitekt.
- **Rauðarárstígur 38**. Reist 1940. Hönnuður Þorleifur Eyjólfsson arkitekt.
- **Rauðarárstígur 40**. Reist 1939. Hönnuður Þorleifur Eyjólfsson arkitekt.
- **Rauðarárstígur 42**. Reist 1939. Hönnuður Þorleifur Eyjólfsson arkitekt.
- **Skarphéðinsgata 2**. Reist 1938. Hönnuður Sigmundur Halldórsson arkitekt.
- **Skarphéðinsgata 4**. Reist 1939. Hönnuður Sigmundur Halldórsson arkitekt.
- **Skarphéðinsgata 10**. Reist 1940. Hönnuður Þorleifur Eyjólfsson arkitekt.
- **Skarphéðinsgata 12**. Reist 1939. Hönnuður Þorleifur Eyjólfsson arkitekt.
- **Skarphéðinsgata 14**. Reist 1938. Hönnuður Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari.
- **Skarphéðinsgata 16**. Reist 1938. Hönnuður Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari.
- **Skarphéðinsgata 18**. Reist 1938. Hönnuður Einar Erlendsson arkitekt.
- **Skeggjagata 1**. Reist 1937. Hönnuður Eiríkur Einarsson arkitekt.
- **Skeggjagata 2**. Reist 1938. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt.
- **Skeggjagata 3**. Reist 1936. Hönnuður Eiríkur Einarsson arkitekt.
- **Skeggjagata 4**. Reist 1936. Hönnuður Gunnlaugur Halldórsson arkitekt.
- **Skeggjagata 5**. Reist 1937. Hönnuður Óskar Gíslason múrari.
- **Skeggjagata 6**. Reist 1937. Hönnuður Gunnlaugur Halldórsson arkitekt.
- **Skeggjagata 7**. Reist 1937. Hönnuður Óskar Gíslason múrari.
- **Skeggjagata 8**. Reist 1938. Hönnuður Guðmundur H. Þorláksson byggingameistari.
- **Skeggjagata 9**. Reist 1937. Hönnuður Sigmundur Halldórsson arkitekt.
- **Skeggjagata 10**. Reist 1939. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt.
- **Skeggjagata 11**. Reist 1937. Hönnuður Sigmundur Halldórsson arkitekt.
- **Skeggjagata 12**. Reist 1939. Hönnuður Arinbjörn Þorkelsson húsasmíðameistari.
- **Skeggjagata 13**. Reist 1937. Hönnuður Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari.
- **Skeggjagata 14**. Reist 1939. Hönnuður Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari.
- **Skeggjagata 15**. Reist 1937. Hönnuður Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

- **Skeggjagata 16**. Reist 1939. Hönnuður Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari.
- **Skeggjagata 17**. Reist 1938. Hönnuður Guðmundur H. Þorláksson byggingameistari.
- **Skeggjagata 19**. Reist 1938. Hönnuður Guðmundur H. Þorláksson byggingameistari.
- **Skeggjagata 21**. Reist 1939. Hönnuður Guðmundur H. Þorláksson byggingameistari.
- **Skeggjagata 23**. Reist 1939. Hönnuður Guðmundur H. Þorláksson byggingameistari.
- **Snorrabraut 33** Reist 1940. Hönnuður Björn Rögnvaldsson forsmiður.[422]
- **Snorrabraut 33a**. Reist 1940. Hönnuður Björn Rögnvaldsson forsmiður.[423]
- **Snorrabraut 61**. Reist 1938. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt.
- **Snorrabraut 63**. Reist 1937. Hönnuður Guðmundur H. Þorláksson byggingameistari.
- **Snorrabraut 65**. Reist 1938. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt.
- **Snorrabraut 67**. Reist 1939. Hönnuður Arinbjörn Þorkelsson húsasmíðameistari.
- **Snorrabraut 69**. Reist 1939. Hönnuður Sigvaldi Guðmundsson húsasmiður.
- **Snorrabraut 71**. Reist 1938. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt.
- **Snorrabraut 73**. Reist 1938. Hönnuður Arinbjörn Þorkelsson húsasmíðameistari.
- **Snorrabraut 75**. Reist 1938. Hönnuður Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari.
- **Snorrabraut 77**. Reist 1937. Hönnuður Guttormur Andrésson arkitekt.
- **Vífilsgata 1**. Reist 1936. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt.
- **Vífilsgata 2**. Reist 1937. Hönnuður Björn Rögnvaldsson forsmiður.
- **Vífilsgata 3**. Reist 1936. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt.
- **Vífilsgata 4**. Reist 1937. Hönnuður Björn Rögnvaldsson forsmiður.
- **Vífilsgata 5**. Reist 1938. Hönnuður Árni Pálsson trésmíðameistari.
- **Vífilsgata 6 (6-8)**.[424] Reist 1940. Hönnuður Arinbjörn Þorkelsson húsasmíðameistari.
- **Vífilsgata 7**. Reist 1939. Hönnuður Árni Pálsson trésmíðameistari.
- **Vífilsgata 9**. Reist 1938. Hönnuður Björn Rögnvaldsson forsmiður.
- **Vífilsgata 10**. Reist 1937. Hönnuður Arinbjörn Þorkelsson húsasmíðameistari.
- **Vífilsgata 11**. Reist 1938. Hönnuður Björn Rögnvaldsson forsmiður.
- **Vífilsgata 12**. Reist 1937. Hönnuður Arinbjörn Þorkelsson húsasmíðameistari.
- **Vífilsgata 13**. Reist 1938. Hönnuður Guðmundur H. Þorláksson byggingameistari.
- **Vífilsgata 14**. Reist 1937. Hönnuður Sigmundur Halldórsson arkitekt.
- **Vífilsgata 15**. Reist 1938. Hönnuður Guðmundur H. Þorláksson byggingameistari.
- **Vífilsgata 16**. Reist 1937. Hönnuður Sigmundur Halldórsson arkitekt.
- **Vífilsgata 17**. Reist 1937. Hönnuður Ágúst Pálsson arkitekt.
- **Vífilsgata 19**. Reist 1936. Hönnuður Ágúst Pálsson arkitekt.
- **Vífilsgata 21**. Reist 1936. Hönnuður Guðmundur H. Þorláksson byggingameistari.

---

[422] Sjá einnig um hverfisvernd hússins í rauðum flokki í kafla 2.4.5.3.1 hér aftar. Sbr. einnig eldri verndartillögur: Drífa Kristín Þrastardóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Pétur Ármannsson, *Húsakönnun: Grettisgata – Snorrabraut – Laugavegur – Rauðarárstígur* (skýrsla 127, 2005), 16, 25-26.

[423] Sjá einnig um hverfisvernd hússins í rauðum flokki í kafla 2.4.5.3.1 hér aftar. Sbr. einnig eldri verndartillögur: Drífa Kristín Þrastardóttir Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Pétur Ármannsson, *Húsakönnun: Grettisgata – Snorrabraut – Laugavegur – Rauðarárstígur* (skýrsla 127, 2005), 16, 25-26.

[424] Staðfangið Vífilsgata 6 á við um báða helminga hússins, samkvæmt fasteignaskrá (https://fasteignaskra.is/), en í Borgarvefsjá (https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/) eru helmingarnir merktir með húsnúmerunum 6 og 8.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

- **Vífilsgata 23**. Reist 1936. Hönnuður Guðmundur H. Þorláksson byggingameistari.
- **Vífilsgata 24**. Reist 1937. Hönnuður Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari.

Verkamannabústaðir á Rauðarárholti byggðir 1940 eða fyrr (skilmálaein. 3.1.2 og 3.1.26):

- **Einholt 7**. Reist 1940. Hönnuður Guðjón Samúelsson arkitekt.
- **Einholt 9**. Reist 1940. Hönnuður Guðjón Samúelsson arkitekt.
- **Einholt 11**. Reist 1940. Hönnuður Guðjón Samúelsson arkitekt.
- **Háteigsvegur 9**. Reist 1940. Hönnuður Guðjón Samúelsson arkitekt.
- **Háteigsvegur 11**. Reist 1940. Hönnuður Guðjón Samúelsson arkitekt.
- **Háteigsvegur 13**. Reist 1940. Hönnuður Guðjón Samúelsson arkitekt.
- **Háteigsvegur 15**. Reist 1940. Hönnuður Guðjón Samúelsson arkitekt.
- **Meðalholt 2**. Reist 1940. Hönnuður Guðjón Samúelsson arkitekt.
- **Meðalholt 4**. Reist 1940. Hönnuður Guðjón Samúelsson arkitekt.
- **Meðalholt 6**. Reist 1940. Hönnuður Guðjón Samúelsson arkitekt.

Önnur hús í borgarhlutanum byggð á tímabilinu 1924-1940:

- **Eskihlíð 2-4** – ***Eskihlíð***. Erfðafestubýli. Útihús (mhl. 02 og 03). Reist 1934-1936. Hönnuður Arinbjörn Þorkelsson húsasmíðameistari. Elsti hluti hússins, vesturhluti (mhl. 01), er steinhlaðið hús byggt árið 1892 og því *aldursfriðað*. Mið- og austurhluti (mhl. 02 og 03) voru byggðir sem fjós og hlaða á árunum 1934-1936, og eru því *umsagnarskyldir* samkvæmt lögum um menningarminjar. Árið 1934 var steinhlaðna húsið lengt með steinsteyptri viðbyggingu til norðurs og múrhúðað og var þá að mestu komið í núverandi mynd. Um er að ræða elsta húsið í borgarhlutanum, eitt af örfáum húsum sem eftir standa af þeirri byggð sem reis þar á erfðafestublettum og fágætt dæmi um varðveislu bæði íbúðahúss og sambyggðra útihúsa erfðafestubýlis. Húsið, steinhlaðið hús ásamt áföstum útihúsum, hefur mikið varðveislugildi sem vitnisburður um byggingar- og byggðasögu Reykjavíkur og þann búskap sem áður einkenndi svæðið. Seinna var verslunin Hagkaup stofnuð í húsinu. Húsið stendur nú við enda götunnar Eskihlíðar, sem nefnd er eftir gamla býlinu. *Lagt er til að húsið sem heild verði jafnframt hverfisverndað í rauðum flokki* (sjá kafla xxx).[425]
- **Háteigsvegur 43.** Vatnsgeymir. Reistur 1930. Annar af tveimur vatnsgeymum sem standa efst á Rauðarárholti. Eldri geymirinn er reistur árið 1915 og er því aldursfriðaður (sjá hér framar), en sá yngri árið 1930 og er nú umsagnarskyldur. *Jafnframt njóta vatnsgeymarnir sem heild, ásamt yngra dæluhúsi, hverfisverndar í rauðum flokki* (sjá kafla 2.4.5.3.1).[426]
- **Hverfisgata 112**. Íbúðarhús. Reist 1928. Hönnuður Axel Sveinsson verkfræðingur. Hluti

[425] Sjá einnig eldri verndartillögur: Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun: Valssvæði og umhverfi* (skýrsla 96, 2002), 4, 7 og 9; Nikulás Úlfar Másson, *Húsakönnun: Skógarhlíð* (skýrsla 80, 2001), 2, 3, 7; Nikulás Úlfar Másson, *Borgarhluti 3* (skýrsla 13, 1992), 6 og 13.
[426] Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir, *Sjómannaskólareitur* (skýrsla 198, 2019), 61-62, 67, 68; *Vef*. Reykjavíkurborg, Skipulagssjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/, deiliskipulag, Sjómannaskólareitur, sþ. 13. febrúar 2020.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

af samfelldri húsaröð við Hverfisgötu, vitnisburður um merkar skipulagshugmyndir 3. áratugar 20. aldar.

- **Hverfisgata 114**. Íbúðarhús. Reist 1927. Hönnuður Pjetur Ingimundarson forsmiður. Hluti af samfelldri húsaröð við Hverfisgötu, vitnisburður um merkar skipulagshugmyndir 3. áratugar 20. aldar.
- **Laugavegur 105**. Iðnaðar- og verslunarhús. Reist í áföngum 1926-1947. Hönnuðir Einar Erlendsson arkitekt og Guðmundur H. Þorlákssson byggingameistari. Fimm hæða iðnaðar- og verslunarhús með þakhæð, reist í áföngum á stórri lóð milli Laugavegs og Hverfisgötu, með framhlið að Hlemmi. Stórhýsi í fúnkisstíl með áhrifum frá Art deco-stefnunni, kennileiti í umhverfinu og mikilvægt í götumynd við Hlemm. Elsti hluti hússins, neðsta hæð á horni Laugavegs og Hlemms, var reist 1926 og 1936 var búið að framlengja jarðhæðina meðfram Hlemmi og Hverfisgötu. Árið 1938 var allt húsið hækkað upp í tvær hæðir. Húsið var síðan hækkað í núverandi mynd fimm hæða stórhýsis, eftir teikningum Guðmundar H. Þorlákssonar, á árunum 1939-1947. Þar sem eldri hlutar hússins eru byggðir fyrir 1940 er það umsagnarskylt samkvæmt lögum um menningarminjar. *Jafnframt hefur verið gerð tillaga um hverfisvernd hússins í rauðum flokki* (sjá kafla 2.4.5.3.1).[427]
- **Laugavegur 126**. Íbúðarhús. Reist 1933. Hönnuður Arinbjörn Þorkelsson húsasmíðameistari. Hluti af heillegri og vel varðveittri, samfelldri húsaröð frá 3. áratugi 20. aldar, sem endurspeglar merkar skipulagshugmyndir þess tíma sem gerðu ráð fyrir randbyggð meðfram flestum götum bæjarins. *Lagt er til að húsaröðin verði jafnframt hverfisvernduð í rauðum flokki* (sjá kafla 2.4.5.3.1).
- **Laugavegur 128**. Íbúðarhús. Reist 1926. Hönnuður Einar Erlendsson arkitekt. Hluti af heillegri og vel varðveittri, samfelldri húsaröð frá 3. áratugi 20. aldar, sem endurspeglar merkar skipulagshugmyndir þess tíma sem gerðu ráð fyrir randbyggð meðfram flestum götum bæjarins. *Lagt er til að húsaröðin verði jafnframt hverfisvernduð í rauðum flokki* (sjá kafla 2.4.5.3.1).
- **Laugavegur 130**. Íbúðarhús. Reist 1927. Hönnuður Pjetur Ingimundarson forsmiður. Hluti af heillegri og vel varðveittri, samfelldri húsaröð frá 3. áratugi 20. aldar, sem endurspeglar merkar skipulagshugmyndir þess tíma sem gerðu ráð fyrir randbyggð meðfram flestum götum bæjarins. *Lagt er til að húsaröðin verði jafnframt hverfisvernduð í rauðum flokki* (sjá kafla 2.4.5.3.1).
- **Laugavegur 132**. Íbúðarhús. Reist 1929. Hönnuður Björn Rögnvaldsson forsmiður. Hluti af heillegri og vel varðveittri, samfelldri húsaröð frá 3. áratugi 20. aldar, sem endurspeglar merkar skipulagshugmyndir þess tíma sem gerðu ráð fyrir randbyggð meðfram flestum götum bæjarins. *Lagt er til að húsaröðin verði jafnframt hverfisvernduð í rauðum flokki* (sjá kafla 2.4.5.3.1).
- **Laugavegur 134**. Íbúðarhús. Reist 1930. Hönnuður Björn Rögnvaldsson forsmiður. Hluti

[427] Sjá einnig eldri verndartillögu: Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun. Snorrabraut – Hverfisgata – Rauðarárstígur – Laugavegur* (skýrsla 113, 2004), 9, 15.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

af heillegri og vel varðveittri, samfelldri húsaröð frá 3. áratugi 20. aldar, sem endurspeglar merkar skipulagshugmyndir þess tíma sem gerðu ráð fyrir randbyggð meðfram flestum götum bæjarins. *Lagt er til að húsaröðin verði jafnframt hverfisvernduð í rauðum flokki* (sjá kafla 2.4.5.3.1).

- **Laugavegur 136**. Íbúðarhús. Reist 1927. Hönnuður Björn Rögnvaldsson forsmiður. Hluti af heillegri og vel varðveittri, samfelldri húsaröð frá 3. áratugi 20. aldar, sem endurspeglar merkar skipulagshugmyndir þess tíma sem gerðu ráð fyrir randbyggð meðfram flestum götum bæjarins. *Lagt er til að húsaröðin verði jafnframt hverfisvernduð í rauðum flokki* (sjá kafla 2.4.5.3.1).
- **Laugavegur 138**. Íbúðarhús. Reist 1927. Hönnuður Björn Rögnvaldsson forsmiður. Hluti af heillegri og vel varðveittri, samfelldri húsaröð frá 3. áratugi 20. aldar, sem endurspeglar merkar skipulagshugmyndir þess tíma sem gerðu ráð fyrir randbyggð meðfram flestum götum bæjarins. *Lagt er til að húsaröðin verði jafnframt hverfisvernduð í rauðum flokki* (sjá kafla 2.4.5.3.1).
- **Laugavegur 140**. Íbúðarhús. Reist 1927. Hönnuður Þorleifur Eyjólfsson arkitekt. Hluti af heillegri og vel varðveittri, samfelldri húsaröð frá 3. áratugi 20. aldar, sem endurspeglar merkar skipulagshugmyndir þess tíma sem gerðu ráð fyrir randbyggð meðfram flestum götum bæjarins. *Lagt er til að húsaröðin verði jafnframt hverfisvernduð í rauðum flokki* (sjá kafla 2.4.5.3.1).
- **Laugavegur 142**. Íbúðarhús. Reist 1927. Hönnuður Þorleifur Eyjólfsson arkitekt. Hluti af heillegri og vel varðveittri, samfelldri húsaröð frá 3. áratugi 20. aldar, sem endurspeglar merkar skipulagshugmyndir þess tíma sem gerðu ráð fyrir randbyggð meðfram flestum götum bæjarins. *Lagt er til að húsaröðin verði jafnframt hverfisvernduð í rauðum flokki* (sjá kafla 2.4.5.3.1).
- **Laugavegur 144**. Íbúðarhús. Reist 1928. Hönnuður Finnur Thorlacius arkitekt. Hluti af heillegri og vel varðveittri, samfelldri húsaröð frá 3. áratugi 20. aldar, sem endurspeglar merkar skipulagshugmyndir þess tíma sem gerðu ráð fyrir randbyggð meðfram flestum götum bæjarins. *Lagt er til að húsaröðin verði jafnframt hverfisvernduð í rauðum flokki* (sjá kafla 2.4.5.3.1).
- **Mjölnisholt 4**. Íbúðarhús. Reist 1928. Hönnuður Pjetur Ingimundarson forsmiður. Hluti af heillegri og vel varðveittri, samfelldri húsaröð frá 3. áratugi 20. aldar, sem endurspeglar merkar skipulagshugmyndir þess tím sem gerðu ráð fyrir randbyggð meðfram flestum götum bæjarins a. *Lagt er til að húsaröðin verði jafnframt hverfisvernduð í rauðum flokki* (sjá kafla 2.4.5.3.1).
- **Mjölnisholt 6**. Íbúðarhús. Reist 1928. Hönnuður Arinbjörn Þorkelsson húsasmíðameistari. Hluti af heillegri og vel varðveittri, samfelldri húsaröð frá 3. áratugi 20. aldar, sem endurspeglar merkar skipulagshugmyndir þess tíma sem gerðu ráð fyrir randbyggð meðfram flestum götum bæjarins. *Lagt er til að húsaröðin verði jafnframt hverfisvernduð í rauðum flokki* (sjá kafla 2.4.5.3.1).
- **Mjölnisholt 8**. Íbúðarhús. Reist 1928. Hönnuður Arinbjörn Þorkelsson húsasmíðameistari.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Hluti af heillegri og vel varðveittri, samfelldri húsaröð frá 3. áratugi 20. aldar, sem endurspeglar merkar skipulagshugmyndir þess tíma sem gerðu ráð fyrir randbyggð meðfram flestum götum bæjarins. *Lagt er til að húsaröðin verði jafnframt hverfisvernduð í rauðum flokki* (sjá kafla 2.4.5.3.1).

- **Mjölnisholt 10**. Íbúðarhús. Reist 1933. Hönnuður Arinbjörn Þorkelsson húsasmíðameistari. Hluti af heillegri og vel varðveittri, samfelldri húsaröð frá 3. áratugi 20. aldar, sem endurspeglar merkar skipulagshugmyndir þess tíma sem gerðu ráð fyrir randbyggð meðfram flestum götum bæjarins. *Lagt er til að húsaröðin verði jafnframt hverfisvernduð í rauðum flokki* (sjá kafla 2.4.5.3.1).
- **Nauthólsvík – *Læknisgarður***.[428] Sumarbústaður. Reistur 1934/1953.[429] Hönnuður ókunnur. Byggður af Hannesi Guðmundssyni lækni. Stendur á grónum reit við Fossvog, sem nú er umkringdur landi Fossvogskirkjugarðs. Er ásamt nánasta umhverfi sínu vitnisburður um þá byggð sumarhúsa og ræktunarlanda sem eitt sinn settu svip sinn á bæjarlandið, meðal annars í Fossvogi. *Lagt er til að húsið verði jafnframt hverfisvernduð í rauðum flokki* (sjá kafla 2.4.5.3.3).
- **Njálsgata 89**. Gæsluvallarhús. Reist 1939. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt. Húsið hefur frá upphafi tilheyrt barnaleikvellinum við Njálsgötu (Njálsgöturóló) sem var opnaður 1939 og var einn af fyrstu gæsluvöllunum í borginni. Tengist uppbyggingu íbúðahverfis í Norðurmýri og er, ásamt leikvellinum sjálfum og steinvegg umhverfis hann, vitnisburður um sögu barnagæsluvalla í Reykjavík. Húsið hefur verið stækkað með frambyggingu.[430]
- **Rauðarárstígur 6, 8 og 10 og Laugavegur 118b** (áður Rauðarárstígur 10). Verslunar- og verkstæðishús. Reist 1932. Hönnuður Þorleifur Eyjólfsson arkitekt. Reist sem verslun og bifreiðaverkstæði Egils Vilhjálmssonar hf., upphaflega tvílyft hús í anda steinsteypuklassíkur en hækkað og breytt í núverandi mynd 1979. Hluti af samfelldri húsaröð meðfram Rauðarárstíg og Laugavegi. Vitnisburður um uppgang og sögu bifreiðaiðnaðar á Íslandi.[431]
- **Rauðarárstígur 39.** Ölgerðarhús. Reist 1930. Hönnuður Þorleifur Eyjólfsson arkitekt. Byggt fyrir öl- og gosdrykkjargerðina Þór hf. sem var sameinuð Ölgerð Egils Skallagrímssonar 1932. Húsið skiptist í tvo hluta, kornhlöðu og brugghús og er líklega elsta hús sinnar tegundar á landinu, byggt sérstaklega til framleiðslu á öli. *Lagt er til að húsið verði jafnframt hverfisverndað í rauðum flokki* (sjá kafla 2.4.5.3.1).

---

[428] Húsið, ásamt geymsluskúr, er skráð undir staðfanginu „Nauthólsvík“ í fasteignaskrá (https://fasteignaskra.is/), fasteignanúmer F2032832, landnúmer L107480.
[429] Upphaflegt byggingarár miðast við 1934, þegar húsið var fyrst brunavirt, en uppgefið byggingarár í fasteignaskrá (https://fasteignaskra.is/) er 1935. Húsið var hins vegar endurbyggt árið 1953 eftir bruna, í sömu mynd og áður, úr timbri og múrhúðað, samkvæmt brunavirðingu frá því ári. *Borgarskjalasafn*. Brunabótavirðingar. Aðf. 4341. Bók 1950-1953, virðing 5. september 1953 (br.nr. 3295).
[430] Samþykkt hefur verið deiliskipulag fyrir reitinn sem leikvöllurinn tilheyrir, sem gerir ráð fyrir uppbyggingu nýs leikskóla á lóðinni, en samkvæmt því mun gæsluskýlið áfram standa og verða nýtt sem hluti af nýjum leikskóla. *Vef*. Reykjavíkurborg, Skipulagssjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/, deiliskipulag, reitur 1.240.3, sþ. 4.7.2019.
[431] Drífa Kristín Þrastardóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Pétur Ármannsson, *Húsakönnun. Grettisgata – Snorrabraut – Laugavegur – Rauðarárstígur* (skýrsla 127, 2005), 9-11 og 23.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

- **Skógarhlíð 22 – *Þóroddsstaðir***. Erfðafestubýli. Reist 1927. Hönnuður Guðmundur H. Þorlaksson byggingameistari. Mikilvægt dæmi um steinsteypt hús í burstabæjarstíl. Hefur jafnframt umhverfislegt gildi sem kennileiti og menningarsögulegt gildi sem sýnilegur vitnisburður um sögu erfðafestubýla og byggðasögu svæðisins sem nú tilheyrir Hlíðahverfi. *Nýtur jafnframt hverfisverndar í rauðum flokki samkvæmt deiliskipulagi* (sjá kafla 2.4.5.3.2).[432]
- **Snorrabraut 33 og 33a**. Sambyggð sambýlishús. Reist 1940. Hönnuður Björn Rögnvaldsson forsmiður. Hluti af samfelldri og heillegri húsaröð í fúnkisstíl við Snorrabraut. *Gerð hefur verið tillaga um hverfisvernd húsanna í flokki verndunar götumyndar, sem staðfest er í deiliskipulagi* (sjá kafla 2.4.5.3.1).[433]
- **Stigahlíð 68 – *Efrihlíð***. Erfðafestubýli. Reist 1937. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt. Eitt af elstu húsunum í borgarhlutanum. Vitnisburður um sögu svæðisins fyrir tíð skipulagðrar byggðar. *Lagt er til að húsið verði jafnframt hverfisverndað í rauðum flokki* (sjá kafla 2.4.5.3.2).
- **Þverholt 3**. Íbúðarhús. Reist 1927. Hönnuður Pjetur Ingimundarson forsmiður. Hluti af heillegri og vel varðveittri, samfelldri húsaröð frá 3. áratugi 20. aldar, sem endurspeglar merkar skipulagshugmyndir þess tíma sem gerðu ráð fyrir randbyggð meðfram flestum götum bæjarins. *Lagt er til að húsaröðin verði jafnframt hverfisvernduð í rauðum flokki* (sjá kafla 2.4.5.3.1).
- **Þverholt 5**. Íbúðarhús. Reist 1929. Hönnuður Arinbjörn Þorkelsson húsasmíðameistari. Hluti af heillegri og vel varðveittri, samfelldri húsaröð frá 3. áratugi 20. aldar, sem endurspeglar merkar skipulagshugmyndir þess tíma sem gerðu ráð fyrir randbyggð meðfram flestum götum bæjarins. *Lagt er til að húsaröðin verði jafnframt hverfisvernduð í rauðum flokki* (sjá kafla 2.4.5.3.1).
- **Þverholt 7**. Íbúðarhús. Reist 1933. Hönnuður Arinbjörn Þorkelsson húsasmíðameistari. Hluti af heillegri og vel varðveittri, samfelldri húsaröð frá 3. áratugi 20. aldar, sem endurspeglar merkar skipulagshugmyndir þess tíma sem gerðu ráð fyrir randbyggð meðfram flestum götum bæjarins. *Lagt er til að húsaröðin verði jafnframt hverfisvernduð í rauðum flokki* (sjá kafla 2.4.5.3.1).
- **Þverholt 13**. Verksmiðjuhús. Reist 1935. Hönnuður Pjetur Ingimundarson forsmiður. Upphaflega reist fyrir kexverksmiðjuna Esju. Eitt af fáum iðnaðarhúsum frá eldri tíð sem eftir eru í Þverholti og á Rauðarárholti vestanverðu.
- **Þverholt 20**. Verksmiðjuhús. Reist 1934. Hönnuður Guðmundur Guðjónsson arkitekt. Upphaflega reist sem trésmiðja. Eitt af fáum iðnaðarhúsum frá eldri tíð sem eftir eru í Þverholti og á Rauðarárholti vestanverðu.

---

[432] Nikulás Úlfar Másson, *Húsakönnun: Skógarhlíð* (skýrsla 80, 2001), 1-3, fylgibréf 3; Nikulás Úlfar Másson, *Borgarhluti 3* (skýrsla 13, 1992), 8 og 13; *Vef*. Reykjavíkurborg, Skipulagssjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/, deiliskipulag, Skógarhlíð, sþ. 10. apríl 2001.
[433] Drífa Kristín Þrastardóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Pétur Ármannsson, *Húsakönnun. Grettisgata – Snorrabraut – Laugavegur – Rauðarárstígur* (skýrsla 127, 2005), 16, 25-28; *Vef*. Reykjavíkurborg, Skipulagssjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/, deiliskipulag, Tryggingastofnunarreitur, sþ. 20. júlí 2006.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

2.4.4.4 Kort yfir lögvernduð hús og mannvirki[434]

HÁTEIGSHVERFI (3.1) – LÖGVERNDUÐ HÚS OG MANNVIRKI



[434] Kort úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla: Þórarinn Jón Jóhannsson, umhverfis- og skipulagssviði.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

HLÍÐAHVERFI (3.2) – LÖGVERNDUÐ HÚS OG MANNVIRKI



Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

ÖSKJUHLÍÐARHVERFI (3.3) – LÖGVERNDUÐ HÚS OG MANNVIRKI



Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

2.4.5 Niðurstöður og tillögur um hverfisvernd húsa og heilda[435]

Hér fara á eftir niðurstöður Borgarsögusafns og tillögur um hverfisvernd byggðar í borgarhluta 3 – Hlíðum; annars vegar í gulum flokki: *Samstæður húsa og heildir* og hins vegar í rauðum flokki: *Einstök hús, húsaraðir og götumyndir*, sbr. flokka hverfisverndar sem skilgreindir eru í aðalskipulagi Reykjavíkur.[436] Tillögur þessar byggja á niðurstöðum varðveislumats fyrir hús og heildir sem unnið eru eftir þeim aðferðum sem lýst er hér að framan (sjá kafla 2.4.3).

Borgarhlutinn skiptist í þrjú hverfi, *Háteigshverfi* (3.1), *Hlíðahverfi* (3.2) og *Öskjuhlíðarhverfi* (3.3) og miðast framsetning efnisins við það og er skipt í þrjá hluta, þar sem niðurstöður og tillögur fyrir hvorn flokk hverfisverndar eru settar fram í undirköflum og á kortum fyrir hvert hverfi fyrir sig.

Jafnframt er í sérstökum kafla (kafla 2.4.5.2) vakin athygli á hverfisheildum sem hafa miðlungs til hátt varðveislugildi og sameiginleg einkenni sem vert er að benda á og varðveita, þó ekki sé lögð til hverfisvernd þeirra í þessari byggðakönnun („Ábendingarflokkur – Aðrar heildir“).

Athuga skal að í samræmi við áherslur hverfisskipulags fyrir borgarhlutann eru hér ***ekki*** til umfjöllunar þeir hverfishlutar sem falla innan skilgreindra ***þróunarsvæða*** í borgarhlutanum (sjá kafla 2.4.6). *Ekki er því gert varðveislumat eða tillögur um hverfisvernd fyrir þá hverfishluta í þessari byggðakönnun,* nema innan þeirra séu *einstök hús eða húsaraðir* sem tilefni þykir til að draga sérstaklega fram í þessari byggðakönnun, samkvæmt ofangreindum aðferðum, og leggja til að verði vernduð í rauðum flokki. Í þeim tilfellum þar sem *þegar hefur verið gerð húsakönnun* fyrir þróunarsvæði eða önnur svæði í borgarhlutanum, er hér einnig gerð grein fyrir þeim tillögum um hverfisvernd sem þar liggja fyrir og hefur í sumum tilfellum þegar verið staðfest í núgildandi deiliskipulagi. Gert er ráð fyrir að skráning og mat á varðveislugildi húsa og heilda á öðrum þróunarsvæðum verði unnið og birt í sérstökum *húsakönnunum sem unnar verði meðfram deiliskipulagi* fyrir þau svæði (sjá yfirlit í kafla 2.4.6).

[435] Borgarsögusafn (áður Árbæjarsafn) hefur unnið út frá því að að tillögur um verndun húsa og heilda sem settar eru fram í byggða- og húsakönnunum safnsins séu viðbót við og endurskoðun á húsverndarstefnu Reykjavíkur, eða svokallaðri Húsverndarskrá Reykjavíkur. Húsverndarskrá Reykjavíkur var gefin út í þemaheftinu *Húsvernd í Reykjavík: Svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar* sem fylgdi *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*. Þar segir: „Húsverndarskráin er grunnur að framtíðarstefnumótun í húsverndarmálum í Reykjavík og mun hún verða staðsett á Árbæjarsafni. Tillögur um verndun og friðun eru gerðar á grundvelli hennar og mun hún verða yfirfarin með reglulegu millibili“ (bls. 9).

[436] Reykjavíkurborg, *Aðalskipulag Reykjavíkur 2040*. Viðaukar, 52 („Viðauki 8. Skilgreining verndarflokka vegna borgarverndar“).

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

2.4.5.1 GULUR FLOKKUR – Samstæður húsa og heildir

GULUR FLOKKUR: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra

Í eftirfarandi köflum er gerð grein fyrir tillögum Borgarsögusafns um verndun hverfisheilda í gulum flokki hverfisverndar, í hverju af þremur hverfum borgarhluta 3 – Hlíða.

Tillögur þessar byggja á greiningu og varðveislumati sem finna má í ***fylgiskjali 2: Mat á varðveislugildi hverfisheilda í borgarhluta 3 – Hlíðum***.

Sjá staðsetningu og afmörkun þessara heilda á kortum hér aftar (kafli 2.4.5.1.4).

Fyrir samstæður húsa og heildir sem vernduð eru í gulum flokki gilda þau almennu verndarákvæði og áhersluatriði sem í eldri húsverndarstefnu[437] eiga við um:
- Milligulan flokk: *Svæði sem lagt er til að vernda*
- Ljósgulan flokk: *Byggðamynstur sem lagt er til að vernda*

- *Breytingar taki mið af mælikvarða byggðar og hlutföllum húsa.*
- *Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.*
- *Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak- og gluggagerðum.*
- *Lagt er til að útlit húsa verði lagfært með hliðsjón af upphaflegri gerð.*
- *Upprunaleg veggáferð (t.d. múrlitur) húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist.*
- *Steyptir garðveggir setja svip á margar götur og hafa mikið umhverfisgildi.*

Í ***fylgiskjali 2: Mat á varðveislugildi hverfisheilda í borgarhluta 3 – Hlíðum*** er gerð nánari grein fyrir sameiginlegum sérkennum og áhersluatriðum verndar fyrir hverja og eina heild.

2.4.5.1.1 Háteigshverfi (3.1) – Gulur flokkur – Samstæður húsa og heildir

Niðurstaða varðveislumats Borgarsögusafns er að *fimm hverfisheildir innan Háteigshverfis (3.1) hafi hátt varðveislugildi og þá sérstöðu að ástæða sé til að leggja til hverfisvernd þeirra í gulum flokki*.

Mat á varðveislugildi hverrar hverfisheildar er að finna í fylgiskjali 2, með rökstuðningi og niðurstöðu, þar sem lagt er mat á byggingarlistalegt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunalega gerð.

- **Norðurmýri** (skilmálaeiningar 3.1.1, 3.1.24 og 3.1.25)

  *Hverfið hefur **HÁTT varðveislugildi** sem heildstæð fastmótuð byggð með sterk sameiginleg byggingarlistaleg einkenni hins íslenska fúnkisstíls með valmaþaki og perluákasti, steinmulnings- eða skeljasandsáferð á útveggjum. Norðurmýrin er fyrsta hverfið utan Hringbrautar og fyrsta heilsteypta hverfið í Reykjavík sem byggt er samkvæmt skipulagi og ákveðinni hugmyndafræði og því brautryðjendaverk í*

[437] Reykjavíkurborg (Borgarskipulag Reykjavíkur), *Húsvernd í Reykjavík: Svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar.* Þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

skipulagssögu Reykjavíkur. Þrátt fyrir breytingar á einstaka húsum hefur heildarsvipmót hverfisins haldist vel.[438]

- **Rauðarárholt – Verkamannabústaðir** (skilmálaeiningar 3.1.2 og 3.1.26) [439]

  *Hverfið hefur **HÁTT varðveislugildi** sem heildstæð fastmótuð byggð verkamannabústaða með sterk sameiginleg byggingarlistaleg einkenni hins íslenska fúnkisstíls þar sem skeljasandsáferð útveggja og valmaþak eru meðal helstu einkenna. Bygging húsanna var metnaðarfullt framtak Byggingafélags verkamanna til að bregðast við miklum húsnæðisskorti í kjölfar aukinna fólksflutninga frá landsbyggðinni til borgarinnar. Mjög fáar breytingar hafa verið gerðar á húsunum og hefur heildarsvipmót hverfisins því haldist mjög vel.*[440]

- **Hlíðar norðan Miklubrautar** (skilmálaeiningar 3.1.3(a) og 3.1.6)

  *Hverfishlutinn Hlíðar norðan Miklubrautar hefur **HÁTT varðveislugildi** sem heildstæð fastmótuð byggð með sterk sameiginleg byggingarlistaleg einkenni hins íslenska fúnkisstíls með steinaðri veggáferð og valmaþaki. Hlíðahverfi er með eldri hverfum borgarinnar og er jafnframt eitt af fyrstu stóru íbúðarhverfunum í Reykjavík sem byggðust samkvæmt fyrirfram ákveðnu skipulagi. Í hverfishlutanum norðan Miklubrautar má sjá skýr merki þeirrar stílblöndunar og þróunar sem varð með aukinni velmegun eftir stríð og þróun fúnkisstílsins á Norðurlöndum, sem og áhrif módernisma í yngri húsum hverfisins. Þrátt fyrir breytingar á einstaka húsum, hefur heildarsvipmót hverfisins haldist mjög vel.*[441]

- **Vatnsholt – Hjálmholt** (skilmálaeining 3.1.4(a)) [442]

  *Hverfishlutinn hefur **HÁTT varðveislugildi** sem heildstæð, fastmótuð og mjög upprunaleg byggð með sterk sameiginleg byggingarlistaleg einkenni norrænna og móderníska áhrifa sem einkenndu íslenska byggingarlist á árunum 1960–1970.*

- **Bolholt 4-8 – Skipholt 33-37 – Laugavegur 176-178** (skilmálaeining 3.1.14, austurhluti)

  *Hverfishlutinn hefur **HÁTT varðveislugildi** sem heildstæð og mjög upprunaleg þyrping skrifstofu- og verslunarhúsa frá 7. áratugi 20. aldar með sterkum sameiginlegum einkennum og formtungumáli módernisma.*[443]

---

[438] Áður hafa verið gerðar tillögur um hverfisvernd þessarar heildar, sjá: Guðrún Jónsdóttir, Jón Þórisson og Ragnheiður Ragnarsdóttir, *Norðurmýri – Rauðarárholt: Tillaga að hverfaskipulagi 1984-2004*, 24-25; Nikulás Úlfar Másson, *Borgarhluti 3* (skýrsla 13, 1992), 14.

[439] Undanskilin vernd eru húsin Stórholt 23-47 norðan megin götu og Stangarholt, sem ekki eru hluti af þessari heild verkamannabústaða.

[440] Áður hafa verið gerðar tillögur um hverfisvernd þessarar heildar, sjá: Guðrún Jónsdóttir, Jón Þórisson og Ragnheiður Ragnarsdóttir, *Norðurmýri – Rauðarárholt: Tillaga að hverfaskipulagi 1984-2004*, 24-25; ; Nikulás Úlfar Másson, *Borgarhluti 3* (skýrsla 13, 1992), 14.

[441] Áður hefur verið gerð tillaga um hverfisvernd þessarar heildar, sjá: Nikulás Úlfar Másson, *Borgarhluti 3* (skýrsla 13, 1992), 14

[442] Undanskilin vernd eru þau hús innan skilmálaeiningarinnar sem standa við Skipholt, þó þau teljist mikilvægur hluti af heildinni og beri að meta sem slík.

[443] Áður hefur verið gerð tillaga um hverfisvernd þessarar heildar, sjá: María Gísladóttir, *Húsakönnun: Heklureitur* (skýrsla 184, 2017), 36.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

2.4.5.1.2 Hlíðahverfi (3.2) – Gulur flokkur – Samstæður húsa og heildir

Niðurstaða varðveislumats Borgarsögusafns er að *fjórar hverfisheildir innan Hlíðahverfis (3.1) hafi hátt varðveislugildi og þá sérstöðu að ástæða sé til að leggja til hverfisvernd þeirra í gulum flokki*.

Mat á varðveislugildi hverrar hverfisheildar er að finna í fylgiskjali 2, með rökstuðningi og niðurstöðu, þar sem lagt er mat á byggingarlistalegt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunalega gerð.

- **Hlíðar sunnan Miklubrautar** (skilmálaeining 3.2.1)

  *Hverfishlutinn Hlíðar sunnan Miklubrautar hefur **HÁTT varðveislugildi** sem heildstæð fastmótuð byggð með sterk sameiginleg byggingarlistaleg einkenni hins íslenska funkisstíls með steinaðri veggáferð og valmaþaki. Hlíðahverfi er með eldri hverfum borgarinnar og er jafnframt eitt af fyrstu stóru íbúðarhverfunum í Reykjavík sem byggðust samkvæmt fyrirfram ákveðnu skipulagi. Í yngri hlutum hverfisins má sjá merki þeirrar stílblöndunar og þróunar sem varð með aukinni velmegun eftir stríð og þróun funkisstílsins á Norðurlöndum, sem og áhrif módernisma í yngri húsum hverfisins. Þrátt fyrir breytingar á einstaka húsum, hefur heildarsvipmót hverfisins haldist mjög vel.* [444]

- **Fjölbýlishús við Eskihlíð 6-22a** (skilmálaeining 3.2.5)

  *Fjölbýlishúsaröðin hefur **HÁTT varðveislugildi** sem heildstæð röð fjölbýlishúsa hvað varðar hæðir, afstöðu gagnvart götu og stíleinkenni. Byggðin ber vitni um þær breytingar og mótun sem áttu sér stað í íslenskri byggingarlist á 5. og 6. áratug síðustu aldar eða milli 1946 og 1957. Skipulag svæðisins er byggt á upprunalegum hugmyndum um skipulag íbúðabyggðar í Hlíðum vestan Lönguhlíðar. Heildarsvipmót húsanna hefur haldist mjög vel þar sem nánast engar breytingar hafa verið gerðar á þeim.*

- **Fjölbýlishús við Stigahlíð 2-36** (skilmálaeining 3.2.6)

  *Fjölbýlishúsaröðin hefur **HÁTT varðveislugildi** sem heildstæð húsaröð hvað varðar hæðir, afstöðu gagnvart götu og stíleinkenni. Húsin eru meðal annarra metnaðarfullra verkefna sem Byggingafélag verkamanna réðst í til að koma á móts við húsnæðisskort í borginni. Húsin mynda sterka skipulagslega heild og heildstæða götumynd og eru kennileiti við Miklubraut. Þau endurspegla með skýrum hætti byggðaþróun og skipulagshugmyndir síns tíma um að byggja skyldi há fjölbýlishús meðfram umferðaræðum til að skerma af aðra smágerðari íbúðabyggð í hverfum borgarinnar. Heildarsvipmót húsaraðarinnar hefur haldist mjög vel, en litlar sem engar breytingar hafa verið gerðar á húsunum.*

- **Einbýlishús við Stigahlíð 49-97 (oddatölur)** (skilmálaeining 3.2.4, austurhluti)

  *Hverfishlutinn hefur **HÁTT varðveislugildi** sem heildstæð fastmótuð byggð með sterk*

[444] Áður hefur verið gerð tillaga um hverfisvernd þessarar heildar, sjá: Nikulás Úlfar Másson, *Borgarhluti 3* (skýrsla 13, 1992), 14

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

sameiginleg byggingarlistaleg einkenni þess afbrigðis módernismans sem einkenndi íslenska byggingarlist á árunum 1960–1970. Skipulag svæðisins er verk Aðalsteins Richter skipulagsstjóra Reykjavíkur og arkitektar koma að hönnun flestallra húsanna. Heildarsvipmót hverfishlutans hefur haldist vel þar sem fáar breytingar hafa verið gerðar á húsunum.

2.4.5.1.3 Öskjuhlíðarhverfi (3.3) – Gulur flokkur – Samstæður húsa og heildir

Ekki eru gerðar tillögur um hverfisvernd heilda í gulum flokki í Öskjuhlíðarhverfi (3.3).

Lagt er til að braggaheildir við Flugvallarveg og Nauthólsveg, sem áður hefur verið lagt til að yrðu verndaðar í gulum flokki, verði verndaðar í rauðum flokki (sjá kafla 2.4.5.3.3). Sjá einnig tillögur um hverfisverndarsvæði hernámsminja í borgarhlutanum (kafla 2.3.4).

2.4.5.1.4 Hverfisverndarkort – Gulur flokkur [445]

HÁTEIGSHVERFI (3.1) – GULUR FLOKKUR



[445] Kort úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla: Þórarinn Jón Jóhannsson, umhverfis- og skipulagssviði.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

HLÍÐAHVERFI (3.2) – GULUR FLOKKUR



ÖSKJUHLÍÐAHVERFI (3.3) – GULUR FLOKKUR


Samstæður húsa og heildir
0 50 100 200 300 400 500 m

2.4.5.2 ÁBENDINGARFLOKKUR – Aðrar heildir

ÁBENDINGARFLOKKUR – *Aðrar heildir* með verndargildi – *Ekki hverfisvernd*

Hér er vakin athygli á öðrum heildum eða hverfishlutum í borgarhluta 3 – Hlíðum, sem hafa miðlungs til hátt varðveislugildi og sameiginleg einkenni eða svipmót sem vert er að benda á og huga að í skipulagi, þó ekki sé lögð til hverfisvernd þeirra í þessari byggðakönnun.

Sjá staðsetningu og afmörkun þessara heilda á kortum hér aftar (kafla 2.4.5.2.4).

Ástæða gæti verið til að setja í hverfisskipulag/deiliskipulag ***verndandi skilmála*** um svipmót, yfirbragð, hæð, mælikvarða eða annað sem einkennir þessar heildir, þó ekki sé lögð til hverfisvernd.

Ef ráðgerðar verða breytingar á þessum heildum sem munu hafa áhrif á heildarsvipmót þeirra og hugsanlega rýra upprunaleika þeirra eða varðveislugildi mælir Borgarsögusafn með því að *tilefni til hverfisverndar verði metið á ný með gerð* ***húsakönnunar***.

2.4.5.2.1 Háteigshverfi (3.1) – Ábendingarflokkur – Aðrar heildir

Innan Háteigshverfis (3.1) eru tvær aðrar hverfisheild, auk þeirra sem lagt er til að hverfisvernda, sem Borgarsögusafn telur vert að vekja athygli á vegna varðveislugildis, sameiginlegra einkenna eða svipmóts.

Mat á varðveislugildi hverrar hverfisheildar er að finna í fylgiskjali 2, með rökstuðningi og niðurstöðu, þar sem lagt er mat á byggingarlistalegt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunalega gerð.

- **Fjölbýlishús við Bólstaðarhlíð 40-68 og Skipholt 43-55** (skilmálaeining 3.1.5)
- **Bólstaðarhlíð – Skaftahlíð**, austan Stakkahlíðar (skilmálaeining 3.1.3(b))

2.4.5.2.2 Hlíðahverfi (3.2) – Ábendingarflokkur – Aðrar heildir

Innan Hlíðahverfis (3.2) eru þrjár aðrar hverfisheildir, auk þeirra sem lagt er til að hverfisvernda, sem Borgarsögusafn telur vert að vekja athygli á vegna varðveislugildis, sameiginlegra einkenna eða svipmóts.

Mat á varðveislugildi hverrar hverfisheildar er að finna í fylgiskjali 2, með rökstuðningi og niðurstöðu, þar sem lagt er mat á byggingarlistalegt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunalega gerð.

- **Hörgshlíð – Háahlíð** (skilmálaeining 3.2.2)
- **Grænahlíð – Stigahlíð – Hamrahlíð** (skilmálaeining 3.2.3)
- **Suðurhlíðar** (skilmálaeining3.2.11)

2.4.5.2.3 Öskjuhlíðarhverfi (3.3) – Ábendingarflokkur – Aðrar heildir

Ekki eru innan Öskjuhlíðarhverfis (3.3) aðrar hverfisheildir sem bent er á vegna varðveislugildis, sameiginlegra einkenna eða svipmóts.

2.4.5.2.4 Kort yfir aðrar heildir sem vakin er athygli á – Ábendingarflokkur [446]

HÁTEIGSHVERFI (3.1) – ÁBENDINGARFLOKKUR



[446] Kort úr Borgarvefsjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/. Kortavinnsla: DKÞ, Borgarsögusafni.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

HLÍÐAHVERFI (3.2) – ÁBENDINGARFLOKKUR



ÖSKJUHLÍÐAHVERFI (3.3) – ÁBENDINGARFLOKKUR



Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

2.4.5.3 RAUÐUR FLOKKUR – Hús og húsaraðir

RAUÐUR FLOKKUR: *Einstök hús, húsaraðir og götumyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.

Í eftirfarandi köflum er gerð grein fyrir tillögum Borgarsögusafns um verndun húsa, húsaraða og götumynda í rauðum flokki hverfisverndar, í þeim þremur hverfum sem borgarhluti 3 – Hlíðar skiptist í. Tillögurnar byggja á niðurstöðum varðveislumats sem unnið er eftir aðferðum sem lýst er hér framar (sjá kafla 2.4.3).

Umrædd hús eru listuð upp í eftirfarandi köflum með helstu upplýsingum og samantekt um varðveislugildi, en um nánari skráningu og varðveislumat húsanna vísast í ***fylgiskjal 6: Húsaskrá – Hús og húsaraðir sem lagt er til að hverfisvernda í rauðum flokki*** [Væntanlegt í lokaútgáfu skýrslu]

Sjá staðsetningu húsanna á kortum fyrir hvert hverfi borgarhlutans hér aftar (kafla 2.4.5.3.4).

Fyrir hús sem vernduð eru í rauðum flokki gilda þau almennu verndarákvæði og áhersluatriði sem í eldri húsverndarstefnu[447] eiga við um:
- Rauðan flokk: *Byggingar sem lagt er til að friða*
- Grænan flokk: *Verndun 20. aldar bygginga (hús með listrænt gildi, 30 ára og eldri, höfundardæmi)*
- Dökkgulan flokk: *Verndun götumynda, húsaraða og húsa með umhverfisgildi (heildarsvipmót götumyndar/húsaraðar og hús með umhverfisgildi, t.d. hornhús)*

- *Sýna þarf sérstaka aðgát við hönnun breytinga og viðbygginga.*
- *Æskilegt er að útlit húsa verði lagfært með hliðsjón af upphaflegri gerð.*
- *Útlit húsa verði fært til upprunalegs horfs, þar sem breytingar eru til lýta.*

*Lagt er til að **leitað verði umsagnar Borgarsögusafns** ef gera á breytingar á þessum húsum sem geta haft áhrif á ásýnd þeirra, upprunaleika og/eða varðveislugildi.*

2.4.5.3.1 Háteigshverfi (3.1) – Rauður flokkur – Hús og húsaraðir

Niðurstaða Borgarsögusafns er að í Háteigshverfi (3.1) sé alls **61 hús, bæði stakstæð hús og hús sem standa sem hluti af húsaröðum**, sem hafi hátt varðveislugildi og þá byggingarlistalegu, menningarsögulegu og/eða umhverfislegu sérstöðu að ástæða sé til að leggja til hverfisvernd þeirra í rauðum flokki í skipulagi.

- **Bólstaðarhlíð 20** – ***Ísaksskóli***. Skólabygging. Eldri hluti (mhl. 01). Reist 1954. Hönnuðir Sigurður Guðmundsson og Eiríkur Einarsson arkitektar. Lagt er til að eldri hluti núverandi skólabyggingar (mhl. 01), sem er vönduð og vel varðveitt skólabygging frá 6. áratugi 20. aldar, verði vernduð í rauðum flokki.

[447] Reykjavíkurborg (Borgarskipulag Reykjavíkur), *Húsvernd í Reykjavík: Svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar.* Þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

- **Brautarholt 22 og 24**. Iðnaðarhús. Reist 1947 og 1946. Hönnuður Arinbjörn Þorkelsson húsasmíðameistari. Tvö hús úr röð sambyggðra iðnaðarhúsa við Brautarholt, meðal fárra slíkra á svæðinu sem varðveist hafa án verulegra útlitsbreytinga (utan útbyggingar á austurhlið Brautarholts 22) og bera enn einkenni síns tíma t.d. í veggáferð og gluggagerð. Mynda saman vitnisburð um upphaflega götumynd og sögu og þróun svæðisins á 4. og 5. áratugnum, þegar iðnaður og atvinnustarfsemi byggðist upp í Rauðarárholti vestan- og norðanverðu. Brautarholt 22 er jafnframt hornhús og kennileiti í umhverfi sínu.[448]
- **Brautarholt 29** – ***Færeyska sjómannaheimilið***. Gistihús. Reist 1981. Hönnuðir Ormar Þór Guðmundsson og Örnólfur Hall, arkitektar. Hús sérhannað undir þá starfsemi sem það hýsir enn, sem gistiheimili fyrir færeyska sjómenn. Ber sterk póstmódernísk einkenni, sker sig úr umhverfinu og hefur fágætisgildi. Óvenjulegt hús og skýrt höfundarverk Ormars og Örnólfs. Áður hefur verið gerð tillaga um hverfisvernd hússins í rauðum flokki.[449]
- **Eskihlíð 2-4** – ***Eskihlíð***. Erfðafestubýli. Íbúðarhús (mhl. 01) og útihús (mhl. 02 og 03).[450] Reist 1892-1936. Hönnuður ókunnur (mhl. 01) / Arnibjörn Þorkelsson húsasmíðameistari (mhl. 02 og 03). Elsti hluti hússins, vesturhluti (mhl. 01), er steinhlaðið hús byggt árið 1892 og því *aldursfriðað* (sjá kafla 2.4.4.2). Mið- og austurhluti (mhl. 02 og 03) voru byggðir sem fjós og hlaða á árunum 1934-1936, og eru því *umsagnarskyldir* samkvæmt lögum um menningarminjar (sjá kafla 2.4.4.3). Árið 1934 var steinhlaðna húsið lengt með steinsteyptri viðbyggingu til norðurs og múrhúðað og var þá að mestu komið í núverandi mynd. Hér er lagt til að *húsið sem heild, steinhlaðna húsið ásamt útihúsunum, verði jafnframt verndað í rauðum flokki hverfisverndar*. Áður hefur verið lagt til að elsti hluti hússins eða húsin sem heild yrðu hverfisvernduð og er vernd elsta hlutans staðfest í deiliskipulagi.[451] Um er að ræða elsta húsið í borgarhlutanum, eitt af örfáum húsum sem eftir standa af þeirri byggð sem reis þar á erfðafestublettum og fágætt dæmi um varðveislu bæði íbúðahúss og sambyggðra útihúsa erfðafestubýlis. Húsheildin hefur mikið varðveislugildi sem vitnisburður um byggingar- og byggðasögu Reykjavíkur og þann búskap sem áður einkenndi svæðið. Seinna var verslunin Hagkaup stofnuð og starfrækt í húsinu. Húsið er gamalt kennileiti í borgarmyndinni, upphaflega staðsett á mótum fjölfarinna vega inn og út úr bænum, en stendur nú lítt sýnilegt á borgarlandi, milli götuenda Skógarhlíðar og götunnar Eskihlíðar, sem nefnd er eftir gamla býlinu.
- **Flókagata 17 – *Englaborg***. Íbúðarhús. Reist 1943. Hönnuður Gunnlaugur Halldórsson arkitekt. Hús Jóns Engilberts listmálara. Hefur menningarsögulegt og byggingarlistalegt

[448] Ekki var gerð tillaga um verndun húsanna í eldri skýrslu Árbæjarsafns: Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun: Brautarholt – Skipholt – Nóatún* (skýrsla 89, 2002).
[449] Sjá: María Gísladóttir, *Húsakönnun: Heklureitur* (skýrsla 184, 2017), 20, 35.
[450] Gamla býlið Eskihlíð sunnan Miklubrautar ætti í sögulegu og skipulagssögulegu samhengi að teljast til Hlíðahverfis (Hlíða sunnan Miklubrautar), en ekki Háteigshverfis, en í samræmi við afmörkun hverfanna í hverfisskipulagi, er fjallað um það hér undir Háteigshverfi (sbr. gögn og uppdrætti umhverfis- og skipulagssviðs fyrir hverfisskipulag BH3 – Hlíða).
[451] Sjá eldri verndartillögur og deiliskipulag: Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun: Valssvæði og umhverfi* (skýrsla 96, 2002), 4, 7 og 9; Nikulás Úlfar Másson, *Húsakönnun: Skógarhlíð* (skýrsla 80, 2001), 2, 3 og 7; Nikulás Úlfar Másson, *Borgarhluti 3* (skýrsla 13, 1992), 6 og 13; *Vef.* Reykjavíkurborg, Skipulagssjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/, deiliskipulag, Færsla Hringbrautar, sþ. 21. október 2003.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

gildi. Einstakt og óvenjulegt hús, sérhannað sem íbúðarhús og vinnustofa listamanns, með stórum stúdíóglugga á norðurgafli og stórum gluggalausum veggflötum á öðrum hliðum, þar sem teikningar sýna að gert var ráð fyrir veggmyndum. Kennileiti á horni Flókagötu og Rauðarárstígs.

- **Flókagata 24 – *Kjarvalsstaðir***. Listasafnsbygging. Reist 1968-1973. Hönnuður Hannes Kr. Davíðsson arkitekt. Merk opinber bygging, ein af fyrstu byggingum hérlendis sem hönnuð er sérstaklega sem listsýningarskáli, reist á vegum Reykjavíkurborgar og Félags íslenskra myndlistarmanna til að hýsa listsýningar og heiðra og sýna verk Jóhannes S. Kjarval listmálara, nú safnhús Listasafns Reykjavíkur. Fáguð og vönduð bygging með léttu yfirbragði, þrjár álmur sem umlykja miðjugarð, þar sem meginbyggingarefni er ómeðhöndluð steypa, sjónsteypa, en ýmis atriði í burðarvirki og útliti ljá byggingunni léttleika, eins og grannar súlur sem standa með reglulegu millibili milli veggflata úr gleri og stáli og láréttir gluggaborðar undir þakbrún, sem skilja að veggi og koparklæddan þakflöt.[452] Byggingunni var valinn staður á Klambratúni, þar sem hún nýtur sín vel í samspili við náttúru og umhverfi. *Eitt af merkari húsum borgarinnar, sem rík ástæða væri til að friðlýsa*.

- **Grettisgata 90-98** (sléttar tölur). Fjölbýlishús. Reist 1949-1952. Hönnuður Arinbjörn Þorkelsson húsasmíðameistari. Þrílyft fjölbýlishús í íslenskum fúnkisstíl, mjög upprunalegt að gerð, mikilvæg í götumynd Grettisgötu á þessum kafla. Áður hefur verið gerð tillaga um hverfisvernd hússins og er sú verndun staðfest í deiliskipulagi.[453]

- **Háaleitisbraut 1 – *Valhöll***. Skrifstofubygging. Reist 1975. Hönnuðir Halldór H. Jónsson og Garðar Halldórsson arkitektar. Hús sérhannað til að hýsa höfuðstöðvar stjórnmálaflokks, byggt til setja svip á umhverfið („mónúmental“). Útlit hússins og staðsetning endurspeglar hlutverk þess. Hefur hátt varðveislugildi, einkum sem áberandi kennileiti á hornlóð og táknræn bygging. Þarf umhverfisleg andrými sem slíkt. Áður hefur verið gerð tillaga um hverfisvernd hússins í rauðum flokki.[454] Ekki er gerð grein fyrir þeirri vernd í deiliskipulagi.[455]

- **Háteigsvegur 27-29** – ***Háteigskirkja***. Kirkjubygging. Reist 1964. Hönnuður Halldór H. Jónsson arkitekt. Kirkjubygging með hefðbundnu formi en óvenjulegum stílbrigðum í byggingarstíl á Íslandi, blöndu af nýgotneskum stíl og márískum áhrifum. Áberandi og þekkt kennileiti, vel staðsett á háholti Rauðarárholts. Þarf ásamt tengdum byggingum mikið umhverfislegt andrými. Áður hefur verið gerð tillaga um hverfisvernd hússins í rauðum flokki.[456]

---

[452] Guja Dögg Hauksdóttir: *Kjarvalsstaðir*; Dennis Jóhannesson o.fl., *Leiðsögn um íslenska byggingarlist*, 103; Birgit Abrecht: *Arkitektúr á Íslandi: Leiðarvísir*, 124.
[453] Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun. Snorrabraut – Grettisgata – Rauðarárstígur – Njálsgata* (skýrsla 105, 2004), 8, 11-15; *Vef*. Reykjavíkurborg, Skipulagssjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/, deiliskipulag, reitur 1.240.3, sþ. 4. júlí 2019.
[454] *Borgarsögusafn*. Húsakannanir, óútgefnar. Drífa Kristín Þrastardóttir, „Háaleitisbraut 1 og Bolholt 5-5a: Húsakönnun“ (dags. 5. júlí 2019).
[455] *Vef*. Reykjavíkurborg, Skipulagssjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/, deiliskipulag, Háaleitisbraut 1, sþ. 2. nóvember 2019.
[456] Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir, *Sjómannaskólareitur* (skýrsla 198, 2019), 51, 68.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

- **Háteigsvegur 27-29**. Safnaðarheimili. Reist 1992. Garðar Halldórsson arkitekt. Safnaðarheimili Háteigskirkju, ásamt tengigangi, er hannað með hliðsjón af blönduðum stíl kirkjubyggingarinnar, myndar eina heild með henni og fellur vel að umhverfi. Gæta þarf þess að heildin sem slík njóti umhverfislegs andrýmis. Áður hefur verið gerð tillaga um hverfisvernd húsanna í rauðum flokki.[457]
- **Háteigsvegur 36** – ***Háteigur***. Erfðafestubýli. Íbúðarhús. Reist 1920. Hönnuður Finnur Ó. Thorlacius húsasmíðameistari. Eitt af örfáum húsum sem eftir standa af þeirri byggð sem reis á erfðafestublettum í borgarhlutanum. Reisulegt steinhús í nýbarokkstíl, vitnisburður um elstu byggð í hverfinu og búskaparhætti fyrri tíðar í Reykjavík. Stendur við götuna Háteigsveg, sem nefnd er eftir býlinu. Áður hefur verið gerð tillaga um hverfisvernd hússins.[458] *Húsið er jafnframt friðað vegna aldurs* (sjá kafla 2.4.4.2).
- **Háteigsvegur 43.** Vatnsgeymar ásamt dæluhúsi. Eldri geymirinn (mhl. 01) er reistur árið 1915 og er því *jafnframt aldursfriðaður*, en sá yngri (mhl. 02) árið 1930 og er nú *umsagnarskyldur* (sjá kafla 2.4.4.3). Áður hefur verið lagt til að vatnsgeymarnir sem heild, ásamt áföstu yngra dæluhúsi, njóti hverfisverndar í rauðum flokki. Gerð er grein fyrir hverfisvernd heildarinnar í deiliskipulagi.[459]
- **Háteigsvegur 56 – *Kirkja Óháða safnaðarins***. Kirkjubygging. Reist 1950-1959. Hönnuður Gunnar Hansson arkitekt. Stílhrein kirkjubygging með sterkum módernískum einkennum, einföldum, hreinum formum og stórum veggflötum máluðum í bláum litum sem draga fram grunnform hússins. Með fyrstu óhefðbundnu kirkjubyggingum sem reistar voru á Íslandi.[460] Áður hefur verið gerð tillaga um hverfisvernd hússins í rauðum flokki.[461]
- **Hjálmholt 12**. Íbúðarhús. Reist 1964. Hönnuður Sigvaldi Thordarson arkitekt. Íbúðarhús í módernískum anda, stílhreint í formi. Sterk höfundareinkenni koma fram í byggingarstíl hússins, s.s. stórum veggflötum máluðum í einkennislitum Sigvalda, bláum, gulum og hvítum og gluggasetningu. Húsið er upprunalegt að sjá ef frá er talin gustlokun við svalir og verönd.
- **Hverfisgata 115**. Íbúðarhús. Reist 1910. Hönnuður J.S. Íbúðarhús gasstöðvarstjóra, eini sýnilegi vitnisburður sem eftir er um gasstöðina við Hlemm og horfið skeið í sögu svæðisins. Steinsteypuklassík, sérstakt hús gerðar sinnar vegna, merkur fulltrúi fyrstu steinsteyptu húsanna í Reykjavík. Kennileiti í miðborginni. Áður hafa verið gerðar

[457] Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir, *Sjómannaskólareitur* (skýrsla 198, 2019), 52, 68.
[458] Nikulás Úlfar Másson, *Borgarhluti 3* (skýrsla 13, 1992), 7 og 13.
[459] Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir, *Sjómannaskólareitur* (skýrsla 198, 2019), 61-62, 67, 68; *Vef*. Reykjavíkurborg, Skipulagssjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/, deiliskipulag, Sjómannaskólareitur, sþ. 13.2.2020.
[460] Dennis Jóhannesson o.fl., *Leiðsögn um íslenska byggingarlist*, 104.
[461] Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir o.fl., *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar* (skýrsla 163, 2013); María Gísladóttir, *Húsakönnun. Bólstaðarhlíð – Stakkahlíð – Háteigsvegur* (skýrsla 175, 2016), 28, 36.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

tillögur um hverfisvernd hússins.[462] *Húsið er jafnframt friðað vegna aldurs* (sjá kafla 2.4.4.2).

- **Karlagata 14-16** (sléttar tölur). Íbúðarhús. Reist 1936. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt og húsameistari Reykjavíkur. Einlyft parhús með kjallara og háu risi, eina húsið í Norðurmýri sem var byggt samkvæmt upphaflegum hugmyndum um skipulag Norðurmýrar (en Einar var sjálfur annar af höfundum þess), um útlit og lag húsa í þessum hluta hverfisins, sem að öðru leyti byggðist tvílyftum fjórbýlis- eða fjölbýlishúsum með lágu valmaþaki.[463] *Húsið er jafnframt umsagnarskylt vegna aldurs* (sjá kafla 2.4.4.3).
- **Langahlíð 7-11 (**oddatölur). Fjölbýlishús. Reist 1947-1949. Hönnuðir Árni Hoff-Möller og Þórir Baldvinsson arkitektar. Annað af tveimur samskonar fjölbýlishúsum í íslenskum fúnkisstíl, sem mynda saman fallega götumynd við Lönguhlíð vestan Klambratúns.
- **Langahlíð 13-17** (oddatölur). Fjölbýlishús. Reist 1949. Hönnuðir Árni Hoff-Möller og Þórir Baldvinsson arkitektar. Annað af tveimur samskonar fjölbýlishúsum í íslenskum fúnkisstíl, sem mynda saman fallega götumynd við Lönguhlíð vestan Klambratúns.
- **Langahlíð 19-25** (oddatölur). Fjölbýlishús. Reist 1947-1949. Hönnuðir Einar Sveinsson og Gunnar H. Ólafsson arkitektar. Fjölbýlishús í íslenskum fúnkisstíl, stærsta fjölbýlishús landsins á sínum tíma, eitt af þeim sem Reykjavíkurbær lét reisa til að bregðast við íbúðaskorti á styrjaldar- og eftirstríðsárunum og eitt af brautryðjendaverkum Einars í hönnun fjölbýlishúsa með nútímasniði.[464] Kennileiti á horni Lönguhlíðar og Miklubrautar.
- **Laugavegur 105**. Iðnaðar- og verslunarhús. Reist í áföngum 1926-1947. Hönnuðir Einar Erlendsson arkitekt og Guðmundur H. Þorlákssson byggingameistari. Fimm hæða iðnaðar- og verslunarhús með þakhæð, reist í áföngum fyrir bifreiðafyrirtæki Sveins Egilssonar, á stórri lóð milli Laugavegar og Hverfisgötu, með framhlið að Hlemmi. Tvær neðstu hæðir hússins voru byggðar í áföngum á árunum 1926-1938. Húsið var síðan hækkað í núverandi mynd fimm hæða stórhýsis, eftir teikningum Guðmundar H. Þorlákssonar, á árunum 1939-1947. Húsið er stórhýsi í fúnkisstíl með áhrifum frá Art deco-stefnunni eða „Streamline Moderne“,[465] kennileiti í umhverfinu og mikilvægt í götumynd við Hlemm. Það er jafnframt vitnisburður um uppgang og umsvif bifreiðaiðnaðar á sínum tíma á svæðinu í kringum Hlemm. Áður hefur verið gerð tillaga um hverfisvernd hússins.[466] Þar sem eldri hlutar hússins eru byggðir fyrir 1940 er það *jafnframt umsagnarskylt samkvæmt lögum um menningarminjar* (sjá kafla 2.4.4.3).

[462] Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun. Snorrabraut – Hverfisgata – Rauðarárstígur – Laugavegur* (skýrsla 113, 2004), 9 og 13; *Borgarsögusafn*. Húsakannanir, óútgefnar. Helga Maureen Gylfadóttir og Pétur H. Ármannsson, „Húsakönnun: Lögreglustöðvarreitur 1.222.0“ (dags. 15. júní 2005), 4, 5; Nikulás Úlfar Másson, *Borgarhluti 3* (skýrsla 13, 1992), 8 og 13.
[463] Pétur H. Ármannsson, *Einar Sveinsson arkitekt og húsameistari Reykjavíkur*, 11; Nikulás Úlfar Másson, *Borgarhluti 3* (skýrsla 13, 1992), 11; *Alþýðublaðið*, 17. október 1935, 3.
[464] Pétur H. Ármannsson, *Einar Sveinsson arkitekt og húsameistari Reykjavíkur*, 19.
[465] *Vef*. Jón Guðmundsson, „Hlemmur. Hugleiðingar um sögulega stöðu og framtíðarhlutverk Hlemmtorgs,“ 12.
[466] Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir. *Húsakönnun. Snorrabraut – Hverfisgata – Rauðarárstígur – Laugavegur* (skýrsla 113, 2004), 9, 15.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

- **Laugavegur 107 – *Hlemmur***. Biðstöð/Mathöll. Reist 1978. Hönnuður Gunnar Hansson arkitekt. Bygging sérhönnuð sem yfirbyggð biðstöð Strætisvagna Reykjavíkur með þjónustu- og verslanarýmum. Húsið myndi flokkast til þess afbrigðis módernismans sem kallast „strúktúralismi.“ Þak hússins gefur því sterk byggingarlistaleg sérkenni. Það skiptist upp í átta pýramídalaga einingar með þakglugga á toppi hverrar einingar. Stálburðarvirki hússins er sýnilegt og er stór hluti af bæði innra rými og útliti hússins. Fyrirkomulag hússins er sniðið utan um þá starfsemi sem henni var upphaflega ætluð, þ.e. sem biðstöð (samgöngumiðstöð), þar sem möguleiki er á að fylgjast með umferð strætisvagna að og frá stöðinni. Mjög mikilvæg bygging fyrir það hlutverk sem hún gegndi. Húsið er mikilvægt kennileiti í umhverfinu og mikilvægur hluti af götumynd og staðaranda við Hlemm. Hefur menningarsögulegt gildi sem hluti af sögu samgangna og dægurmenningar í Reykjavík. Í byggingunni hefur verið starfrækt mathöll frá árinu 2017 auk þess sem hún þjónar enn sem strætisvagnabiðstöð.[467]
- **Laugavegur 114 og 116-118**. Sambyggð verslunar- og skrifstofuhús. Reist 1945-1948 og 1953. Hönnuður Gunnlaugur Halldórsson arkitekt. Röð fjögurra hæða verslunar- og skrifstofuhúsa í anda módernisma eftirstríðsáranna, sem hönnuð voru af einum og sama arkitekt fyrir starfsemi bifreiðafyrirtækis Egils Vilhjálmssonar Mynda samfellda og heildstæða húsaröð við Laugaveg, frá horni Snorrabrautar og Laugavegs. Vitnisburður um uppgang og umsvif bifreiðaiðnaðar á sínum tíma á svæðinu í kringum Hlemm. Mikilvægt er að standa vörð um húsaröðina sem eina órofa heild og tryggja heildstæða vernd á yfirbragði hennar í deiliskipulagi. Áður hefur verið gerð tillaga um hverfisvernd húsanna í flokki verndunar götumyndar, sem staðfest er í deiliskipulagi.[468]
- **Laugavegur 126-146** (sléttar tölur) **– Mjölnisholt 4-10** (sléttar tölur) **– Þverholt 3-7** (oddatölur). Samfelld húsaröð. Reist 1926-1933 og eitt hús 1993. Ýmsir hönnuðir. Heillegar og vel varðveittar, samfelldar húsaraðir frá 3. áratugi 20. aldar sem mynda heildstæða götumynd og endurspegla merkar skipulagshugmyndir 3. áratugarins. Mikilvægt er að standa vörð um húsaraðirnar sem eina órofa heild og tryggja heildstæða vernd á yfirbragði þeirra og mælikvarða í deiliskipulagi.[469] Húsin eru meðal elstu húsa sem falla innan marka borgarhlutans Hlíða, byggð fyrir 1940 og því *jafnframt umsagnarskyld samkvæmt lögum um menningarminjar* (sjá kafla 2.4.4.3). Húsið Laugavegur 146 er yngra, en með byggingu þess árið 1993 var fyllt upp í skarð í húsaröðinni og mynduð áframhaldandi samfella húsa á horni Laugavegs og Mjölnisholts.

[467] Í breytingu á deiliskipulagi fyrir Hlemm og nágrenni frá 2022 er gert ráð fyrir viðbyggingu áfastri við vesturhlið hússins og tekið fram að taka skyldi „tillit til hönnunar fyrrum áningarstaðar SVR á Hlemmi, nú mathöll .. svo nýbyggingin rýri ekki menningarsögulegt gildi byggingar Gunnars Hanssonar arkitekts. Nýbyggingu/viðbyggingu skal vinna í samráði við embætti skipulagsfulltrúa og handhafa höfundarréttar.“ *Vef.* Reykjavíkurborg, Skipulagssjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/, deiliskipulag, Hlemmur og nágrenni, sþ. 3. febrúar 2022.
[468] Sjá skýrslu Borgarsögusafns: Drífa Kristín Þrastardóttir o.fl. *Húsakönnun. Grettisgata – Snorrabraut – Laugavegur – Rauðarárstígur* (skýrsla 127/2005), 16, 20-22; *Vef.* Reykjavíkurborg, Skipulagssjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/, deiliskipulag, Tryggingastofnunarreitur, sþ. 20. júlí 2006.
[469] Ekki var gerð tillaga um hverfisvernd húsaraðarinnar í eldri skýrslu Minjasafns Reykjavíkur: Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir: *Húsakönnun. Ásholt – Brautarholt – Einholt – Háteigsvegur – Laugavegur – Mjölnisholt – Stakkholt – Þverholt* (skýrsla 106, 2004).

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

- **Laugavegur 162 – *Mjólkursamsalan* / *Þjóðskjalasafn Íslands***. Samstæða iðnaðar- og skrifstofuhúsa. Reist 1945. Hönnuður Þórir Baldvinsson arkitekt. Húsasamstæða byggð fyrir starfsemi Mjólkursamsölunnar á stórri lóð við ofanverðan Laugaveg. Um er að ræða fjögur hús sem voru að mestu fullbyggð árið 1945: Framhús (mhl,. 01) og bakálmu (mhl. 02) vestast á lóð, mjólkurvinnsluhús (mhl. 04) austast á lóð og bílskúralengju (mhl. 10) meðfram suðurmörkum lóðar, sem var byggð um 1947-1954. Á þakhæð mjólkurvinnsluhússins var salur með hljómsveitarpalli og þar var rekinn skemmtistaður í umboði Mjólkursamsölunnar á árunum 1945-1953, þar sem haldnir voru dansleikir og aðrar skemmtanir.[470] Öll húsin voru teiknuð af Þóri Baldvinssyni, sem einnig teiknaði þakbreytingu á vesturhúsunum árið 1959. Húsin voru keypt undir Þjóðskjalasafn Íslands árið 1985, sem flutti þangað starfsemi sína og safnkost á árunum 1987-1998, með tilheyrandi breytingum á húsnæðinu. Lagt er til að húsin verði vernduð sem heild í rauðum flokki sem dæmi um vel varðveitt iðnaðarhús síns tíma og vitnisburður um iðnaðar- og atvinnusögu Reykjavíkur. Meðal einkenna húsanna er þakkantur múrhúðaður með skeljasandi sem æskilegt er að haldist óbreyttur.
- **Laugavegur 180**. Bensínstöð. Reist 1949. Hönnuður Þór Sandholt arkitekt. Bensínstöð byggð í anda módernisma með áhrifum frá „Streamline“-stefnunni. Byggingin hefur hátt varðveislugildi sem elsta sérhannaða bensínstöð í borginni sem enn stendur og hefur sérstöðu vegna byggingarstíls og fágætis minja um bílaþjónustu á uppgangstíma bílamenningar á Íslandi um miðja síðustu öld. Breytingar sem hafa verið gerðar á henni rýra byggingarlistalegt gildi hennar, en eru afturkræfar.[471]
- **Rauðarárstígur 25 – *Utanríkisráðuneytið***. Opinber bygging. Reist 1980. Hönnuður Helgi Hjálmarsson arkitekt, Teiknistofan Óðinstorgi. Hús reist undir Framkvæmdastofnun ríkisins, en hefur hýst Utanríkisráðuneytið frá 1995. Stílhrein vönduð byggingalist í anda alþjóðlegs módernisma og gott dæmi um höfundaverk Helga. Hefur stöðu kennileitis á hornlóð.
- **Rauðarárstígur 39**. Ölgerðarhús. Reist 1930. Hönnuður Þorleifur Eyjólfsson arkitekt. Byggt fyrir öl- og gosdrykkjargerðina Þór hf. sem var umsvifamikil í nokkur ár en sameinuð Ölgerð Egils Skallagrímssonar 1932. Húsið skiptist í tvo hluta, kornhlöðu og brugghús og er líklega elsta hús sinnar tegundar á landinu, byggt sérstaklega til framleiðslu á öli. Húsið er vel varðveitt og fágætt dæmi um verksmiðjuhús síns tíma með margrúðugluggum og klassískum einkennum (iðnaðarklassík), og ber enn veglegan og einkennandi skorstein í formi flöskustúts, sem vísar í upphaflegt hlutverk hússins.
- **Skaftahlíð 1-3**. Parhús. Reist 1948. Hönnuður Hannes Kr. Davíðsson arkitekt. Íbúðarhús Jóns Björnssonar landslagsarkitekts. [… Ath. sérstöðu garðs …]
- **Skaftahlíð 12-22** (sléttar tölur). Fjölbýlishús. Reist 1958. Hönnuður Sigvaldi Thordarson arkitekt. Reist fyrir starfsmenn Stjórnarráðs Íslands. Húsinu er skipt í sex sjálfstæðar en

[470] *Vef*. Helgi Jónsson, „Mjólkurstöðin [tónlistartengdur staður] (1945-53),“ *Glatkistan*, 16. október 2019; Björn Jón Bragason, „Dansað öll kvöld vikunnar,“ *Dagblaðið Vísir – DV* 105, nr. 67 (4. september 2015), 18.
[471] Gerð hefur verið tillaga um hverfisvernd bensínstöðvarinnar við Laugaveg 180 í nýrri skýrslu Borgarsögusafns um bensínstöðvarbyggingar í Reykjavík: Guðlaug Erna Jónsdóttir og Salvör Jónsdóttir, *Bensínstöðvar á uppbyggingarlóðum: Húsakönnun* (skýrsla 226, 2023).

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

samliggjandi einingar með einni íbúð á hverri hæð og sameina þannig kosti sérbýlis og fjölbýlis. Innra fyrirkomulag er einstaklega vel heppnað en hver íbúð nýtur sólarljóss frá fjórum hliðum, sem er einstakt í fjölbýlishúsum. Húsið er hannað í anda módernisma og hefur sterk höfundareinkenni Sigvalda með uppdeilingu og málun veggflata í einkennislitum höfundar: hvítum, bláum og okkurgulum. Húsið er meðal þekktustu og mikilvægustu höfundarverka Sigvalda Thordarson.

- **Skipholt 23 og 25**. Sambyggð iðnaðarhús. Reist 1946 og 1947. Hönnuðir Sigmundur Halldórsson arkitekt (Skipholt 23) og Bárður Ísleifsson arkitekt (Skipholt 25). Hluti af röð sambyggðra atvinnuhúsa við Skipholt. Meðal fárra iðnaðarhúsa á svæðinu sem varðveist hafa án verulegra útlitsbreytinga. Mynda saman vitnisburð um upphaflega götumynd og sögu og þróun svæðisins á 4. og 5. áratugnum, þegar iðnaður og atvinnustarfsemi byggðist upp í Rauðarárholti vestan- og norðanverðu.
- **Skipholt 33** – ***Tónabíó***. Kvikmynda- og atvinnuhús. Reist 1962-1964 / 1985. Hönnuður Kjartan Sigurðsson arkitekt. Húsið hefur mikið menningarsögulegt og byggingarlistalegt gildi. Það var reist í áföngum en heildarútlit þess er í módernískum anda. Vesturhluti (mhl. 01) og áfast bakhús (mhl. 02) voru reist 1962-1964. Tónlistarfélagið í Reykjavík stóð fyrir byggingu hússins og þar var Tónabíó starfrækt og seinna bingósalurinn Vinabær, en á efri hæð var Tónlistarskólinn í Reykjavík frá upphafi. Bakhúsið var hannað fyrir bifreiðaverkstæði. Austurhlutinn, skrifstofu- og iðnaðarhús, var teiknaður á sama tíma sem framtíðarbygging, en þó ekki byggður fyrr en 1985, þá eftir teikningum Ásmundar Ólasonar og Óla Jóhanns Ásmundsonar, en að mestu í samræmi við hugmyndir Kjartans Sigurðssonar um heildarútlit hússins. Húsið er áhugaverð heild sérhannaðs menningar-, atvinnu- og skrifstofuhúsnæðis í anda módernisma og hefur jafnframt menningarsögulegt gildi sem þekkt kvikmynda- og samkomuhús og vegna tenginga við sögu tónlistarkennslu. Því er lagt til að það verði verndað sem heild í rauðum flokki.
- **Snorrabraut 33-35a** (oddatölur). Sambyggð sambýlishús. Reist 1940 og 1946. Hönnuðir Björn Rögnvaldsson forsmiður (Snorrabraut 33-33a) og Gísli Halldórsson, Sigvaldi Thordarson og Kjartan Sigurðsson arkitektar (Snorrabraut 35-35a). Samfelld og heillegri húsaröð í fúnkisstíl við Snorrabraut. Áður hefur verið gerð tillaga um hverfisvernd húsaraðarinnar í flokki verndunar götumyndar, sem staðfest er í deiliskipulagi.[472] Þar sem húsin nr. 33-33a eru reist árið 1940 eru þau *jafnframt umsagnarskyld samkvæmt lögum um menningarminjar* (sjá kafla 2.4.4.3).
- **Snorrabraut 37 – *Austurbæjarbíó***. Kvikmynda- og samkomuhús. Reist 1945. Hönnuðir Hörður Bjarnason, Ágúst Steingrímsson og Gunnlaugur Pálsson. Húsið hefur mikið menningarsögulegt og byggingarlistalegt gildi. Það var byggt á vegum Tónlistarfélagsins í Reykjavík og hannað sérstaklega fyrir tónlistarflutning og var stærsta þar til gerða hús landsins á þeim tíma. Það hýsti frá upphafi ýmsa menningarviðburði og skemmtanahald auk tónleika og kvikmyndasýninga og seinna m.a. skemmti- og veitingastaðinn

[472] Drífa Kristín Þrastardóttir o.fl., *Húsakönnun. Grettisgata – Snorrabraut – Laugavegur – Rauðarárstígur* (skýrsla 127, 2005), 16, 25-28; *Vef*. Reykjavíkurborg, Skipulagssjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/, deiliskipulag, Tryggingastofnunarreitur, sþ. 20. júlí 2006.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Silfurtunglið (1955-1975). Húsið er áberandi hluti fúnkisskipulags Norðurmýrarinnar og götumyndar Snorrabrautar, sem er einkar heildstæð á þessu svæði. Það er góður fulltrúi höfunda sinna og íslenska fúnkisstílsins og er lítið breytt að ytri gerð utan þess að útveggir, sem upphaflega voru steinaðir með marmarasalla, hafa verið málaðir. Áður hefur verið gerð tillaga um hverfisvernd hússins í grænum flokki: Verndun 20. aldar bygginga (samsvarandi núverandi rauðum flokki), sem staðfest er í deiliskipulagi.[473]

- **Stakkahlíð 1** – ***Kennaraháskóli Íslands***. Skólabygging. Elsti hluti, aðalbygging (mhl. 01-05). Reist 1962-1965. Hönnuður Steinar Guðmundsson arkitekt. Um er að ræða elstu bygginguna á lóðinni sem samanstendur af tveimur álmum, álmu sem liggur til norðurs (mhl. 01) og álmu sem snýr í vestur-austur (mhl. 03-05), ásamt millibyggingu (mhl. 02). Húsið hefur mikið byggingarlistalegt og umhverfislegt gildi. Það er þekkt opinber bygging, hönnuð í módernískum anda, með reglubundinni uppdeilingu veggflata og glugga, en með mænisþaki í anda eldri húsagerða. Húsið er mjög upprunalegt að gerð og ásýnd þess er óbreytt og mikilvæg í götumynd Háteigsvegar, en viðbyggingar og nýbyggingar hafa verið gerðar sunnan og austan við það. Húsið er jafnframt mikilvægt í sögu menntunar og kennslu á Íslandi. Áður hefur verið gerð tillaga um hverfisvernd hússins í rauðum flokki. [474]
- **Vatnsholt 10.** Íbúðarhús. Reist 1964. Hönnuður Guðmundur Kr. Kristinsson arkitekt. Íbúðarhús í módernískum anda, stílhreint í formi, upphaflega með flötu þaki en síðar var þaki breytt eftir teikningum höfundar, úr flötu í valmaþak, en vegna þess hve lágreist það er hefur það óveruleg áhrif á upprunalegt útlit hússins.

2.4.5.3.2 Hlíðahverfi (3.2) – Rauður flokkur – Hús og húsaraðir

Niðurstaða Borgarsögusafns er að í Hlíðahverfi (3.2) séu **49 hús, sem standa sem einstök hús eða hluti af húsaröðum**, sem hafi hátt varðveislugildi og þá byggingarlistalegu, menningarsögulegu og/eða umhverfislegu sérstöðu að ástæða sé til að leggja til hverfisvernd þeirra í rauðum flokki í skipulagi.

- **Barmahlíð 11-13, 19-29 og 10-24**. Sambýlishús. Reist 1945-1947. Hönnuðir Gísli Halldórsson og Sigvaldi Thordarson ariktektar, fyrir Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur. Húsin voru upphaflega eins að formi, efnisvali og klæðningu. Einhverjar breytingar hafa verið gerðar á húsunum, t.d. hefur verið málað yfir steininguna á húsum nr. 10-16, en húsin mynda enn heillega götumynd. Húsið Barmahlíð 9 tilheyrir einnig þessari heild húsa en hefur verið breytt mikið. Ásýnd húsanna nr. 15-17 hefur einnig verið breytt mikið með hækkun (þakhæð) sem samræmist ekki upphaflegri gerð. Því er lagt til að þessi hús verði undanskilin verndunninni.
- **Blönduhlíð 8 – *Árskógar***. Íbúðarhús. Reist 1949. Hönnuðir Freymóður Jóhannsson og Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari. Íbúðarhús Freymóðs Jóhannssonar listmálara og

[473] Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun: Snorrabraut – Grettisgata – Rauðarárstígur – Njálsgata* (skýrsla 105, 2004), 8, 10; *Vef*. Reykjavíkurborg, Skipulagssjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/, deiliskipulag, reitur 1.240.3, sþ. 4. júlí 2019.
[474] María Gísladóttir, *Húsakönnun: Bólstaðarhlíð – Stakkahlíð – Háteigsvegur* (skýrsla 175, 2016), 30, 36-37.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

lagahöfundar Sérstætt hús, sérhannað sem íbúðarhús með vinnustofu listamanns („atelier“), sem skartar stórum þakglugga. Sjá má ákveðin „art nouevau“ áhrif í stíl hússins, mjúkar línur og samhverfu, en Freymóður dvaldi um tíma á Ítalíu þaðan sem hugmyndin að útliti hússins mun vera komin.

- **Blönduhlíð 12**. Íbúðarhús. Reist 1951. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt. Gott dæmi um íbúðarhús með skýr höfundareinkenni Einars.
- **Bogahlíð 21-25.** Fjölbýlishús. Reist 1955. Hönnuður Sigvaldi Thordarson arkitekt. Vönduð byggingarlist í módernískum stíl með skýr höfundareinkenni Sigvalda.
- **Bogahlíð 24-26.** Fjölbýlishús. Reist 1956. Hönnuður Sigvaldi Thordarson arkitekt. Vönduð byggingarlist í módernískum stíl með skýr höfundareinkenni Sigvalda.
- **Bústaðavegur 9** – ***Veðurstofa Íslands***. Skrifstofuhús (mhl. 01). Reist 1973. Hönnuður Skarphéðinn Jóhannsson arkitekt.[475] Bygging í módernískum anda, sem birtist í láréttum gluggaböndum og hreinum flötum. Skarphéðinn lést í mars árið 1970, um það bil sem teikningar voru samþykktar og sáu arkitektarnir Guðmundur Kr. Guðmundsson og Ólafur Sigurðsson um hönnun innréttinga í húsið. Húsið var hannað undir höfuðstöðvar opinberrar stofnunar og hýsir enn upphaflega starfsemi. Kennileiti fyrir svæðið, sem oft er kallað Veðurstofuhæð. Áður hefur verið gerð tillaga um hverfisvernd hússins í rauðum flokki.[476]
- **Drápuhlíð 27-41**. Sambýlishús. Reist 1948-1950. Hönnuður Aðalsteinn Richter arkitekt, fyrir Byggingarsamvinnufélag starfsmanna ríkisstofnana. Heilleg röð sambýlishúsa í fúnkisstíl (norrænn fúnkis), með einkennandi skáskotnum útskotsgluggum, sem haldið hafa upprunalegu útliti sínu að mestu og mynda samræmda og heildstæða götumynd. Útlit grindverks að götu er jafnframt samræmt að mestu og æskilegt að því verði haldið.
- **Eskihlíð 17 – *Hlíð (Eskihlíð)***. Leikskólabygging. Reist 1955. Hönnuðir Þór Sandholt og Ágúst Pálsson arkitektar. Vönduð og vel varðveitt leikskólabygging frá 6. áratugi 20. aldar. Fyrsta skólabygging reist fyrir börn í Hlíðahverfi, hönnuð sem leikskólahús, en notuð fyrstu árin sem skólahús fyrir börn í hverfinu (Eskihlíðarskóli), þar til Hlíðaskóli tók til starfa 1960. Húsið var stækkað með viðbyggingu við bakhlið um 1990, en hefur haldið upprunalegri ásýnd og útliti á götuhlið, m.a. gluggagerð.
- **Grænahlíð 24 – *Bjartahlíð (Hamraborg)***. Leikskólabygging. Reist 1962. Hönnuður Bárður Daníelsson arkitekt. Ein af þremur eða fjórum samskonar leikskólabyggingum sem Bárður hannaði á árunum 1961-1964.[477] Leikskólinn Bjartahlíð (Hamraborg) við

[475] Undir teikningarnar ritar samstarfsmaður Skarphéðins, Ulrich Stahr arkitekt.
[476] Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Veðurstofuhæð. Húsakönnun* (skýrsla 208, 2022), 31, 38.
[477] Ein þeirra, Laugaborg (Laugasól) við Leirulæk 6, nýtur þegar hverfisverndar sem eitt af merkustu verkum höfundar síns í byggingarlistalegu tilliti. Í því felst að mikilvægt er að útlitseinkennum hússins verði ekki raskað og að við endurbætur og mögulega stækkun hússins sé tekið sérstakt tillit til byggingarlistarlegra sérkenna hvað varðar útlitshönnun, innra skipulag og stærðarhlutföll. Sjá: *Borgarsögusafn*. Húsakannanir, óútgefnar. Nikulás Úlfar Másson og Pétur H. Ármannsson, „Húsakönnun. Dalbrautarreitur“ (dags. 14. maí 2001); *Vef.* Skipulagsssjá. Deiliskipulag. Dalbrautarreitur, sþ. 16. apríl 2002, https://lukrskjol.reykjavik.is/skipulagssja/upplysingar/DSK_PDF/Dalbrautarreitur.pdf.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Grænuhlíð hefur varðveist án verulegra útlitsbreytinga og hefur varðveislugildi sem merk byggingarlist og höfundardæmi.

- **Hamrahlíð 2 – *Hlíðaskóli***. Skólabygging, eldri álmur. Reistar 1960-1963. Hönnuður Sigvaldi Thordarson arkitekt. Upphaflega var skólinn hannaður sem sex samsíða álmur tengdar saman með gegnsæjum tengigöngum og innigörðum milli hluta þeirra. Af þessari heildartillögu Sigvalda voru aðeins þrjár álmur byggðar, í þremur áföngum í byrjun 7. áratugar 20. aldar. Um er að ræða vanda byggingarlist í módernískum anda sem ber skýr höfundareinkenni Sigvalda, með þéttum, reglubundnum gluggaröðum og einhalla þaki og mynduðu byggingarnar heildstæða og taktfasta þrenningu á lóðinni. Fyrirkomulag skólans þótti nýstárlegt en hann átti á sínum tíma að verða stærsti skóli landsins, er allar byggingar væru risnar. Skólinn þótti sameina ýmsa kosti smærri skóla, eins og aðskilin leiksvæði og margar inngöngudyr.[478] Á 9. og 10. áratug aldarinnar var skólinn stækkaður með viðbyggingum hönnuðum af Guðmundi Kr. Guðmundssyni arkitekt og Arkþing arkitektastofu. Byggðar voru m.a. ný álma austan við þær eldri og millibygging sem komið var fyrir milli tveggja af eldri álmunum, sem um leið voru lengdar til norðurs. Nýbyggingarnar eru í póstmódernískum stíl, brjóta upp reglubundinn takt eldri bygginganna og hafa breytt mjög ásýnd þeirra og raskað þeim hugmyndum sem upphaflega var byggt eftir. Lagt er til að eldri álmurnar, þ.e. upprunaleg hönnun Sigvalda Thorvaldssonar, verði verndaðar í rauðum flokki og er mikilvægt að haldið verði í þau upprunalegu stíleinkenni þeirra sem eftir eru.
- **Hamrahlíð 13**. Íbúðarhús. Reist 1953. Hönnuður Hörður Bjarnason arkitekt. Upphaflega hannað sem einbýlishús á hæð og rishæð, með læknastofu í kjallara. Húsið hefur ákveðin einkenni hins norræna fúnkis og er gott dæmi um höfundarverk Harðar.
- **Háahlíð 9**. Íbúðarhús/Skátaheimili. Reist 1954. Hönnuður Skarphéðinn Jóhannsson arkitekt. Húsið var upphaflega teiknað sem embættisbústaður fyrir rektor Menntaskólans í Reykjavík, en þá var fyrirhugað að flytja Menntaskólann úr miðbænum á lóð við Hamrahlíð. Ekki varð af því en húsið þjónaði þó sem bústaður rektors MR fyrstu tvö árin eftir að það var byggt. Árið 1958 var starfsemi Húsmæðrakennaraskóla Íslands flutt í húsið og var þar (sem hluti af Kennaraháskóla Íslands frá 1977) allt til ársins 2001. Þá keypti Skátasamband Reykjavíkur ásamt skátafélaginu Landnemum húsið og hefur það síðan verið notað sem skátaheimli.[479] Húsið er gott dæmi um íbúðarhús síns tíma eftir Skarphéðinn Jóhannsson, vandað að ytri og innri gerð, enda hannað sem embættisbústaður. Það er upprunalegt að ytri gerð og útliti þó breytingar hafi verið gerðar á innra skipulagi með breyttri notkun. Húsið stendur eitt og sér utan skipulags íbúðagatna, og ber staðsetningin vitni um tengingu þess við byggingu menntaskóla í næsta nágrenni. Húsið hefur menningarsögulegt gildi vegna fjölbreyttrar tengingar við sögu mennta- og tómstundamála í borginni.

[478] *Þjóðviljinn*, 8. nóvember 1961, 12.
[479] *Morgunblaðið*, 20. ágúst 1958, 2; *Tíminn*, 23. september 1958, 7; *Vísir*, 19. ágúst 1958, 6; *Vef*. Björn Bjarnason, „Menntaskólinn við Hamrahlíð 30 ára,“ https://www.bjorn.is/greinar/nr/178; *Vef*. Skátafélagið Landnemar. „Um okkur: Skátafélagið Landnemar,“ https://www.landnemi.is/um-okkur.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

- **Hörgshlíð 28**. Íbúðarhús. Reist 1956. Hönnuður Sigvaldi Thordarson arkitekt. Húsið er byggt í módernískum stíl, steinsteypt með sýnilegri borðaáferð á máluðum útveggjum. Það hefur hátt byggingalistalegt gildi með skýrum höfundareinkennum Sigvalda, s.s. einhalla þaki, uppbroti bæði í lóðréttum og láréttum flötum og einkennandi gluggagerðum.
- **Miklabraut 22-30**. Raðhús. Reist 1942-1943. Hönnuðir Gísli Halldórsson og Sigvaldi Thordarson arkitektar. Raðhús af þessari gerð voru nýmæli í byggingarlist í Reykjavík á sínum tíma og þóttu framúrstefnuleg. Þau voru fyrstu húsin sem risu í hinu fyrirhugaða Hlíðahverfi, sem að öðru leyti hóf að byggjast samkvæmt skipulagi um 1945. Hönnun húsanna er einföld og ber einkenni hins norræna fúnkísstíls. Steyptur kantur umhverfis útihurðir og handrið úr beygðum stálrörum setja sterkan svip á framhliðar húsanna auk veggja/girðinga á lóðamörkum.[480]
- **Miklabraut 32-38**. Raðhús. Reist 1943-1945. Hönnuðir Gísli Halldórsson og Sigvaldi Thordarson arkitektar. Raðhús af þessari gerð voru nýmæli í byggingarlist í Reykjavík á sínum tíma og þóttu framúrstefnuleg. Þau voru fyrstu húsin sem risu í hinu fyrirhugaða Hlíðahverfi, sem að öðru leyti hóf að byggjast samkvæmt skipulagi um 1945. Hönnun húsanna er einföld og ber einkenni hins norræna fúnkísstíls. Handrið úr beygðum stálrörum setja sterkan svip á framhliðar húsanna auk girðinga/veggja á lóðarmörkum.[481]
- **Skógarhlíð 16**. Bensínstöð og smurstöð. Reist 1954. Hönnuður Þór Sandholt arkitekt. Ein elsta sérhannaða bensínstöð á landinu sem enn stendur í því sem næst upprunalegri mynd. Vönduð byggingarlist í fúnkisstíl undir sterkum áhrifum frá „art nouveau“ og smárúðugluggar sem minna á iðnaðarklassík. Mikilvæg vegna sérstæðs byggingarstíls og fágætis minja um bílaþjónustu frá miðri 20. öld í borginni.[482] Húsið nýtur nú þegar hverfisverndar samkvæmt deiliskipulagi.[483]
- **Skógarhlíð 22 – *Þóroddsstaðir***. Erfðafestubýli. Íbúðarhús. Reist 1927. Hönnuður Guðmundur H. Þorláksson byggingarmeistari. Mikilvægt dæmi um steinsteypt hús í burstabæjarstíl. Hefur menningarsögulegt gildi sem sýnilegur vitnisburður um sögu erfðafestubýla og byggðasögu svæðisins sem nú tilheyrir Hlíðahverfi. Hefur jafnframt umhverfislegt gildi sem gamalt kennileiti í umhverfinu, enn sýnilegt frá fjölförnum vegamótum Bústaðavegar og Litluhlíðar. Nýtur þegar hverfisverndar í rauðum flokki samkvæmt deiliskipulagi[484] og er nú *jafnframt umsagnarskylt* samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 (sjá kafla 2.4.4.3).
- **Stigahlíð 68 – *Efrihlíð***. Reist 1937. Erfðafestubýli. Íbúðarhús. Hönnuður Einar Sveinsson arkitekt. Eitt af elstu húsunum í borgarhlutanum. Eftirstandandi íbúðarhús

[480] Gísli Halldórsson og Margrét Leifsdóttir: *Gísli Halldórsson arkitekt*, 36.
[481] Gísli Halldórsson og Margrét Leifsdóttir: *Gísli Halldórsson arkitekt*, 36.
[482] Guðlaug Erna Jónsdóttir og Salvör Jónsdóttir, *Bensínstöðvar á uppbyggingarlóðum: Húsakönnun* (skýrsla 226, 2022).
[483] Nikulás Úlfar Másson, *Húsakönnun: Skógarhlíð* (skýrsla 80, 2001), 1-3, fylgibréf 3; *Vef.* Reykjavíkurborg. Skipulagssjá. Deiliskipulag. Skógarhlíð, sþ. 10. apríl 2001.
[484] Nikulás Úlfar Másson, *Húsakönnun: Skógarhlíð* (skýrsla 80, 2001), 1-3, fylgibréf 3; Nikulás Úlfar Másson, *Borgarhluti 3* (skýrsla 13, 1992), 8, 13; *Vef.* Reykjavíkurborg, Skipulagssjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/skipulagssja/, deiliskipulag, Skógarhlíð, sþ. 10. apríl 2001.

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

býlisins Efrihlíðar sem áður stóð á erfðafestulandi ásamt útihúsum sem nú eru horfin. Þjónaði lengi sem leikskólabygging. Húsið er sýnilegur vitnisburður um sögu erfðafestubýla og byggðasögu svæðisins fyrir tíð skipulagðrar byggðar. Það er jafnframt gott dæmi um ákveðna gerð timburhúsa frá 4. áratugi 20. aldar sem hafa skírskotun til steinsteyptra fúnkishúsa í gluggasetningu og gluggagerð.

- **Stigahlíð 73**. Íbúðarhús. Reist 1965. Hönnuður Bárður Daníelsson arkitekt. Annað af tveimur samskonar íbúðarhúsum sem standa hlið við hlið innan einbýlishúsahverfisins austan Stigahlíðar. […]
- **Stigahlíð 75**. Íbúðarhús. Reist 1964. Hönnuður Bárður Daníelsson arkitekt. Annað af tveimur samskonar íbúðarhúsum sem standa hlið við hlið innan einbýlishúsahverfisins austan Stigahlíðar. […]
- **Stigahlíð 45-47** – ***Suðurver***. Verslunarhús / Hverfiskjarni. Reist 1964. Hönnuður Þorleifur Eyjólfsson arkitekt. Verslunar- og skrifstofuhús í módernískum anda frá 7. áratug 20. aldar. Eitt af þeim húsum sem reist voru á 7. áratugnum sem verslunarkjarnar fyrir ný og nýleg íbúðahverfi í borginni og eitt af fáum slíkum sem varðveist hafa án verulegra útlitsbreytinga.[485]

2.4.5.3.3 Öskjuhlíðarhverfi (3.3) – Rauður flokkur – Hús og húsaraðir

Niðurstaða Borgarsögusafns er að í Öskjuhlíðarhverfi (3.3) séu **11 hús, sem standa sem einstök hús eða hluti af húsaröðum**, sem hafi hátt varðveislugildi og þá byggingarlistalegu, menningarsögulegu og/eða umhverfislegu sérstöðu að ástæða sé til að leggja til hverfisvernd þeirra í rauðum flokki í skipulagi.

- **Flugvallarvegur – Braggar**
  - **Flugvallarvegur 1** – Fjórir braggar í tveimur samstæðum (mhl. 01 og 03, 02 og 04) – Reistir 1941
  - **Flugvallarvegur 5** – Stakstæður braggi (mhl. 01) – Reistur 1942
  - **Flugvallarvegur 7a** – Stakstæður braggi (mhl. 02) – Reistur 1942

  Um er að ræða fjóra bragga við Flugvallarveg, undir norðurrótum Öskjuhlíðar. Næst gatnamótum við Bústaðaveg (Flugvallarv. 1) er samstæða fjögurra stórra bragga sem standa tveir og tveir saman (sambyggðir). Lengra til suðvesturs standa tveir stakir braggar, annar á lóð bílaleigu (Flugvallarv. 5), hinn á lóð Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík (Flugvallarv. 7a), en á milli þeirra eru aðrar byggingar tilheyrandi starfsemi á þessum lóðum.

*Hverfið hefur **HÁTT varðveislugildi** sem heildstæð fastmótuð byggð með sterk sameiginleg byggingarlistaleg einkenni hins íslenska fúnkisstíls með valmaþaki og perluákasti, steinmulnings- eða skeljasandsáferð á útveggjum. Norðurmýrin er fyrsta hverfið utan Hringbrautar og fyrsta heilsteypta hverfið í Reykjavík sem byggt er samkvæmt skipulagi og ákveðinni hugmyndafræði. Þrátt fyrir breytingar á einstaka húsum hefur heildarsvipmót hverfisins haldist nokkuð vel.*

Lagt er til að svæðið sem heild njóti hverfisverndar í gulum flokki, sem felur í sér varðveislu á svipmóti byggðarinnar og þeim sameiginlegu einkennum sem móta heildstætt yfirbragð hennar. Mikilvægt er að standa vörð um byggðina sem eina órofa heild og tryggja heildstæða vernd á svipmóti hennar og mælikvarða í deiliskipulagi.

Hverfisvernd nái til byggðamynsturs þ.e. afstöðu húsa á lóð, mælikvarða, hlutfalla og hæðar húsa auk ásýndar þeirra og götumyndar. Með ásýnd húsa er átt við upprunalegt útlit sem býr í stíleinkennum húsa, efnisvali, áferð, mynstrum og litum, gluggagerðum, þakgerð, þakkanti, kvistum og svölum. Hverfisvernd nær einnig yfir frágang við lóðamörk, svo sem garðveggi og girðingar, sbr. almenn hverfisverndarákvæði fyrir gulan verndarflokk.

Dæmi um hús sem teljast góð byggingarlist og/eða upprunalegar einkennandi húsagerðir:

Staðsetning	Byggingarár	Hönnuður	Starfsheiti
Flókagata 4-6	1937	Guðmundur H. Þorlaksson	húsasmíðameistari
Flókagata 8-10	1937-38	Einar Sveinsson	arkitekt
Hrefnugata 8	1938	Sigurður Guðmundsson	arkitekt
Karlagata 14-16	1936*	Einar Sveinsson	arkitekt
Kjartansgata 6	1939	Einar Sveinsson	arkitekt
Kjartansgata 10	1941	Gísli Halldórsson og Sigvaldi Thordarson	arkitektar
Mánagata 13-15	1937	Einar Sveinsson	arkitekt
Mánagata 14-16	1937	Einar Erlendsson	arkitekt
Njálsgata 90-100	1936-38	Jón Víðis	mælingamaður
Rauðarárstígur 40-42	1938	Þorleifur Eyjólfsson	arkitekt
Skeggjagata 4	1936	Gunnlaugur Halldórsson	arkitekt

* rauður flokkur - *Einstök hús, húsaraðir og götumyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.

3 HLÍÐAR

3.1 Háteigshverfi

3.1.2 Rauðarárholt – sunnan Stórholts – Verkamannabústaðir
3.1.26 Rauðarárholt – norðan Stórholts – Verkamannabústaðir.*

Afmörkun hverfisverndar: Háteigsvegur, Einholt, Skipholt og Nóatún.
*Undanskilin hverfisvernd eru Stórholt 23-47 norðan megin götu og Stangarholt.
Byggingarár: 1939-1955.
Húsin voru byggð fyrir Byggingarfélag verkamanna og var hönnun húsanna í höndum arkitektanna Bárðar Ísleifssonar, Guðjóns Samúelssonar og Óskars Sveinssonar byggingarfræðings.
Húsagerðir: Fyrstu húsin í áfanganum voru tveggja hæða hús með 4 íbúðum samhverf um miðju og lágreisu valmaþaki. Síðar stækka húsin, valmaþak verður hærra og með kvistum. Í síðasta áfanga voru húsin frábrugðin þeim fyrri, eru tveggja hæða með með háu nýtanlegu risþaki, 6 íbúðir með séríbúð í risi. Öll húsin eru með kjallara.
Skipulag: Skipulagsuppdráttur er frá 1939, undirritaður af Einari Sveinssyni.

Mat á varðveislugildi



Borgarvefsjá: Kortagrunnur LUKR /2022.07.20.


Mynd: Bragi Þór Jósefs

Þau sameiginlegu einkenni „hins íslenska fúnkis“ sem móta heildstætt yfirbragð byggðarinnar og ber að varðveita eru:

- *byggingarstíll – formgerð og hlutföll*
- *ásýnd frá götu – ekki byggt við framhlið húss*
- *hæðir húsa – 2 hæðir*
- *steinsteypa sem byggingarefni – samræmt efnisval*
- *hvítmálaðir timburgluggar af upprunalegri gerð*
- *steining/skeljasandur í grá- og brúntóna litum (upprunalegum lit)*
- *upprunalegt þak og kvistir (valmaþak /mænisþak)*
- *steyptur þakkantur eða sama útlit/hlutföll í öðru efni*
- *steyptir garðveggir að götu*



Kvistir við Skipholt 28 Mynd: Bragi Þór Jósefs

Byggingarlistalegt gildi: Miðlungs gildi

Byggingarstíll flestra húsanna á reitnum ber einkenni hins „íslenska fúnkis“. Hagkvæmni, notagildi og einfaldleiki einkennir húsin sem eru lítil fjölbýlishús, tveggja hæða með inngöngum á gafli. Þök eru mishá valma- eða risþök, skeljasandsáferð er á útveggjum og þakkantar steyptir. Um er að ræða mjög áþekkar húsagerðir og hafa sameiginlegt yfirbragð hvað varðar hlutföll, efnisval og stíl. Hverfið er merkilegur áfangi í sögu verkamannabústaða í Reykjavík og felst varðveislugildi þess öðru fremur í því og hve heildstætt og vel varðveitt það er. Ekkert einstakt hús er því metið með hærra byggingarlistalegt gildi en önnur.



Meðalholt 6



Meðalholt 6



Nóatún 26



Nóatún 26



Stórholt 17
Teikningavefur Reykjavíkurborgar



Stórholt 17 Myndir: Bragi Þór Jósefs

Menningarsögulegt gildi: Hátt gildi

Svæðið byggðist upp samkvæmt skipulagsuppdrætti frá 1939 sem undirritaður er af Einari Sveinssyni arkitekt og því meðal fyrstu skipulögðu svæða utan þáverandi Hringbrautar. Bygging húsanna var metnaðarfullt framtak Byggingafélags verkamanna til að bregðast við miklum húsnæðisskorti í kjölfar aukinna flutninga fólks frá landsbyggðinni til borgarinnar. Hverfið var einnig eitt af fyrstu heildstæðu hverfunum þar sem hinn „íslenski fúnkisstíll“ var allsráðandi en helsta sérkenni hans er skeljasandáferðin (*steining eða skeljun útveggja)*, einfalt form, valmaþak, steyptar þakrennur og horngluggar.



Loftmynd, Ljósmyndasafn Reykjavíkur



Stangarholt 11



Myndir: Bragi Þór Jósefs

Umhverfisgildi: Hátt gildi

Verkamannabústaðirnir við Rauðarárholt hafa heildstætt og fastmótað yfirbragð sem rótgróin, einsleit og vel varðveitt byggð. Skipulag hverfisins er undir áhrifum frá bæði fúnkis og garðborgar-stefnunni hvað varðar afstöðu húsa og lóða gagnvart sól, þar sem bæði hæð og dýpt húsa og staðsetning á lóð var ákvörðuð með hliðsjón af því. Húsum er skipað reglulega meðfram götu og hafa því heildstæða ásýnd en garðar, garðveggir og trjágróður setja sterkan svip á götumyndir. Gert var ráð fyrir bæði dagvöruverslunum og leiksvæðum innan hverfisins.



Meðalholt 6



Nóatún 26

Mynd: Bragi Þór Jósefs

Upprunaleg gerð: Hátt gildi

Heildarsvipmót hverfisins hefur varðveist mjög vel. Lítið er um breytingar ef frá eru taldar misheppilegar útfærslur svala á bakhliðum húsa við Stórholt. Mikilvægt er að setja skýra skilmála um hugsanlegar breytingar og endurgerð húsanna til að koma í veg fyrir breytingar sem draga úr sameiginlegum einkennum þeirra og styrkleika hverfisins sem heild. Þar ber helst að nefna breytingar á þakformi, þakkanti og yfirborðsáferð auk þess sem svalir þurfa að vera samræmdar í útliti og taka mið af hlutföllum og byggingarstíl einstakra húsa.


Nóatún 26


Nóatún 26


Meðalholt 7


Stórholt 17

Myndir: Bragi Þór Jósefs

Niðurstaða varðveislumats:

*Hverfið hefur **HÁTT varðveislugildi** sem heildstæð fastmótuð byggð verkamannabústaða með sterk sameiginleg byggingarlistaleg einkenni hins íslenska fúnkisstíls þar sem skeljasandsáferð útveggja og valmaþak eru meðal helstu einkenna. Bygging húsanna var metnaðarfullt framtak Byggingafélags verkamanna til að bregðast við miklum húsnæðisskorti í kjölfar aukinna fólksflutninga frá landsbyggðinni til borgarinnar. Mjög fáar breytingar hafa verið gerðar á húsunum og hefur heildarsvipmót hverfisins því haldist mjög vel.*

Lagt er til að verkamannabústaðirnir sem heild njóti hverfisverndar í gulum flokki, sem felur í sér varðveislu á svipmóti byggðarinnar og þeim sameiginlegu einkennum sem móta heildstætt yfirbragð hennar. Mikilvægt er að standa vörð um byggðina sem eina órofa heild og tryggja heildstæða vernd á svipmóti hennar og mælikvarða í deiliskipulagi.

Hverfisvernd nái til mælikvarða, hlutfalla og hæðar húsa, auk ásýndar þeirra, með sérstaka áherslu á ásýnd að götu. Með ásýnd er átt við upprunalegt útlit húsa s.s. efnisval, áferð og liti, gluggagerðir, þakgerð, þakkant, kvisti, svalir, mynstur og frágang við lóðamörk, svo sem garðveggi og girðingar, sbr. almenn hverfisverndarákvæði fyrir gulan verndarflokk.

Höfundar verkamannabústaðanna á Rauðarárholti:

Staðsetning	**Byggingarár**	**Hönnuður**	**Starfsheiti**
Einholt 7, 9 og 11	1940	Guðjón Samúelsson	arkitekt
Háteigsvegur 9, 11, 13 og 15			
Meðalholt 2, 4 og 6	1942		
Háteigsvegur 17 og 19, 23 og 25	1942	Bárður Ísleifsson	arkitekt
Meðalholt 3, 5, 7	1942-47		
Meðalholt 8 - 21	1942		
Stórholt 12-32 (sléttar tölur)	1942-48		
Stórholt 17, 19 og 21	1948-51		
Stangarholt 2-36 (sléttar tölur)	1950-51		
Skipholt 6-24 (sléttar tölur)	1953		
Skipholt 26 og 28	1954	Óskar Sveinsson	byggingafræðingur
Nóatún 24-32 (sléttar tölur)	1954-55		

3 HLÍÐAR

3.1 Háteigshverfi

3.1.3a Hlíðar norðan Miklubrautar (vestan Stakkahlíðar)

3.1.6 Fjölbýlishús - Langahlíð, Skaftahlíð

Afmörkun hverfisverndar: Rauðarárstígur, Háteigsvegur, Stakkahlíð, Miklabraut, Langahlíð og Flókagata.
Byggingarár: 1942- 1962.
Húsagerðir: Stakstæð tveggja hæða (hæðir), 3-4 íbúðir og samstæð tveggja hæða, samhverf um miðju, 6-8 íbúðir. Öll hús eru með kjallara og flest með nýtanlegt þakrými.
Skipulag: Skipulagsuppdráttur frá 1946 undirritaður af Einari Sveinssyni húsameistara Reykjavíkur, Bolla Thoroddsen og Þóri Sandholt. Heildaruppdrátturinn nær yfir svæði beggja vegna Miklubrautar.

Mat á varðveislugildi



Borgarvefsjá: Kortagrunnur LUKR /2022.07.20.


Mynd: Bragi Þór Jósefs

Þau sameiginlegu einkenni byggðarinnar sem móta heildstætt yfirbragð hennar og ber að varðveita eru:

- *byggingarstíll – hæð húsa, form og hlutföll*
- *byggingarlistarleg sérkenni hvers húss*
- *skipulagshugmynd - afstaða húsa á lóð og ásýnd gagnvart götu*
- *áferð/ásýnd/litir yfirborðs útveggja s.s.*
  - *stein- eða eða skeljasandsmulningur í upprunalegum lit*
  - *litauppbrot í máluðum útveggjum*
- *upprunalegt þakform og þakklæðing*
- *upprunaleg útfærsla á þakkanti*
- *timburgluggar og útlit glugga (gluggapóstar)*
- *kvistir og svalir sem virða byggingarstíl og upprunalegt efnisval*
- *steyptir garðveggir að götu*

Byggingarlistalegt gildi: Miðlungs - hátt gildi

Byggingarstíll flestra húsanna á reitnum ber einkenni hins „íslenska fúnkis“ með steinaðri veggáferð, valmaþaki og steyptum þakrennum. Á þeim árum þegar reiturinn var að byggjast upp var fúnkisstíllinn að þróast og aðlagast aðstæðum í hverju landi fyrir sig. Aukin velmegun eftirstríðsáranna hafði m.a. þau áhrif að grunnflötur húsanna varð stærri, húsin veglegri og íburður meiri, sem m.a. birtist í breytilegum þakgerðum, smárúðugluggum, mynstri í útveggjum, steyptum handriðum og girðingum. Við Flókagötu og Háteigsveg má sjá fjölbreytta byggingarstíla. Þar má sjá klassísk áhrif en einnig módernísk áhrif í mörgum húsanna sem birtist í sléttmúruðum máluðum útveggjum, stærri gluggaflötum og flötu eða lágreistu þaki. Grunnhugmyndin við hönnun húsanna var þó alltaf sú sama, hagkvæmni, notagildi og einfaldleiki. Byggingarlistarlegt gildi einstakra húsa er misjafnt en mörg eftirtektarverð hús eru innan hverfishlutans og flokkast mörg þeirra með hátt byggingarlistarlegt gildi (sjá lista).



Flókagata 55



Flókagata 25 Myndir: Bragi Þór Jósefs



Flókagata 57



Flókagata 63 Myndir: Bragi Þór Jósefs



Háteigsvegur 10



Skaftahlíð 3 Myndir: Bragi Þór Jósefs



Skaftahlíð 12-22



Langahlíð 19-25 Myndir: Bragi Þór Jósefs

Menningarsögulegt gildi: Hátt gildi

Hlíðahverfi er *heilsteypt íbúðahverfi* sem byggðist að mestu leyti á 5. og 6. áratug síðustu aldar samkvæmt skipulagsuppdrætti Einars Sveinssonar, Bolla Thoroddsens og Þórs Sandholts. Hverfið reis í framhaldi af uppbyggingu Norðurmýrar og er eitt fyrstu hverfunum sem byggðust utan Hringbrautar / Snorrabrautar. Það er því með eldri hverfum borgarinnar. Jafnframt er það eitt af fyrstu stóru íbúðarhverfunum í Reykjavík sem byggðust samkvæmt fyrirfram ákveðnu skipulagi. Sjá má merki um þær breytingar sem urðu í byggingarlist á árunum 1950-1960 bæði í kjölfar aukinnar velmegunar eftirstríðsáranna og þeirrar þróunar sem varð á fúnkisstílnum á Norðurlöndum. Í hverfinu má sjá áhrif frá módernisma, norræn áhrif og einnig klassísk áhrif.



Langahlíð 7-11



Háteigur, Háteigsvegur 36 Myndir: Bragi Þór Jósefs

Umhverfisgildi: Hátt gildi

Byggðin í Hlíðum norðan Miklubrautar hefur mjög heildstætt og fastmótað yfirbragð sem rótgróin og nokkuð vel varðveitt byggð. Í skipulag hverfisins má sjá áhrif frá bæði fúnkis og garðborgar-stefnunni. Megináhersla var lögð á afstöðu húsa og lóða gagnvart sól og var stefna gatna, hæð og dýpt húsa og staðsetning á lóð ákvörðuð með hliðsjón af því. Húsum er skipað reglulega meðfram götu og hafa því heildstæða ásýnd en steyptir garðveggir og trjágróður setja sterkan svip á götumyndir.



Yfirlitsmynd Flókagata - Háteigsvegur
Myndir: Bragi Þór Jósefs





Flókagata - garðveggir

Upprunaleg gerð: Hátt gildi

Heildarsvipmót hverfisins hefur varðveist nokkuð vel en þær breytingar sem hafa verið gerðar hafa sumar hverjar verið til þess fallnar að draga úr mikilvægum sameiginlegum einkennum húsanna og raska heildaryfirbragði hverfisins. Mikilvægt er að við hugsanlegar breytingar og endurgerð húsanna sé tekið sé mið af byggingarstíl, upprunalegri gerð og sameiginlegum einkennum. Sem dæmi um óæskilegar breytingar má nefna breytingar á þakformi og þakkanti og málun á steinuðum útveggjum auk þess sem kvistir, svalir og/eða yfirbyggingar ýmiskonar geta fallið illa að hlutföllum og byggingarstíl einstakra húsa.



Skaftahlíð 12
Myndir: Bragi Þór Jósefs



Langahlíð 21



Úthlíð 10



Flókagata 60



Langahlíð 13-17



Flókagata 55



Flókagata 60



Flókagata 55





Flókagata 17 – hús Jóns Engilberts



Háteigsvegur 6-8-10



Úthlíð 8, 10, 12, 14 og 16

Myndir: Bragi Þór Jósefs

Niðurstaða varðveislumats:

*Hverfishlutinn Hlíðar norðan Miklubrautar hefur **HÁTT varðveislugildi** sem heildstæð fastmótuð byggð með sterk sameiginleg byggingarlistaleg einkenni hins íslenska fúnkisstíls með steinaðri veggáferð og valmaþaki og sem eitt fyrsta stóra íbúðarhverfið utan Hringbrautar sem byggðist samkvæmt fyrirfram ákveðnu skipulagi og hugmyndafræði. Sjá má skýr merki þeirrar stílblöndunar og þróunar sem varð með aukinni velmegun eftir stríð í hverfishlutanum sem birtist m.a. í veglegri húsum. Þróun fúnkisstílsins á Norðurlöndum skilaði sér einnig með þeim arkitektum sem hlutu menntun sína þar og teiknuðu hús í hverfinu. Þá var módernisminn í örri þróun í Evrópu og hafði smám saman afgerandi áhrif á byggingarstíl húsa sem byggð voru hér á landi á árabilinu 1960-1970, þar á meðal í Hlíðunum. Þrátt fyrir breytingar á einstaka húsum, hefur heildarsvipmót hverfisins haldist mjög vel.*

Lagt er til að svæðið sem heild njóti hverfisverndar í gulum flokki, sem felur í sér varðveislu á svipmóti byggðarinnar og þeim sameiginlegu einkennum sem móta heildstætt yfirbragð hennar. Mikilvægt er að standa vörð um byggðina sem eina órofa heild og tryggja heildstæða vernd á svipmóti hennar og mælikvarða í deiliskipulagi.

Hverfisvernd nái til byggðamynsturs þ.e. afstöðu húsa á lóð, mælikvarða, hlutfalla, hæðar húsa auk ásýndar þeirra og götumyndar. Ásýnd húsa nær yfir upprunalegt útlit húsa s.s. stíleinkenni, efnisval, áferð, mynstur og liti, gluggagerðir, þakgerð, þakkant, kvisti og svalir. Til götumyndar nær hverfisvernd einnig yfir frágang við lóðamörk, svo sem garðveggi og girðingar, sbr. almenn hverfisverndarákvæði fyrir gulan verndarflokk.

Dæmi um hús sem teljast góð byggingarlist og/eða upprunalegar einkennandi húsagerðir:**

Staðsetning	Byggingarár	Hönnuður	Starfsheiti
Flókagata 17***	1942	Gunnlaugur Halldórsson	arkitekt
Flókagata 53	1949	Einar Sveinsson	arkitekt
Flókagata 55	1951	Einar Sveinsson	arkitekt
Flókagata 57	1950	Einar Erlendsson	arkitekt
Flókagata 60	1951	Bárður Ísleifsson	arkitekt
Flókagata 63	1959	Halldór H. Jónsson	arkitekt
Háteigsvegur 8	1960	Kjartan Sveinsson	byggingatæknifræðingur
Háteigsvegur 24	1944	Gísli Halldórsson	arkitekt
Háteigsvegur 54	1953	Halldór H. Jónsson	arkitekt
Langahlíð 7-11*	1949	Árni Hoff Möller og Þórir Baldursson	arkitektar
Langahlíð 13-17*	1949	Árni Hoff Möller og Þórir Baldursson	arkitektar
Langahlíð 19-25*	1948	Einar Sveinsson og Gunnar Ólafsson	arkitektar
Skaftahlíð 1-3*	1948	Hannes Kr. Davíðsson	arkitekt
Skaftahlíð 12-22*	1958	Sigvaldi Thordarson	arkitekt

* rauður flokkur - *Einstök hús, húsaraðir og götumyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra (sjá nánar í greinargerð).

** listinn byggir á vettvangsskoðun, ljósmyndum og samþykktum uppdráttum og er ekki tæmandi.

*** byggt sem vinnustofa og íbúðarhús listamannsins Jóns Engilberts (1908-1972). Einnig í rauðum flokki*.

3 HLÍÐAR

3.1 Háteigshverfi

3.1.3b Bólstaðarhlíð – Skaftahlíð

Afmörkun: Bólstaðarhlíð 25-39 (utan nr. 38 og 38a) og Skaftahlíð 25-42.
Byggingarár: 1954-1961.
Skipulag: Skipulagsuppdráttur frá 1946, undirritaður af Einari Sveinssyni húsameistara Reykjavíkur, Bolla Thoroddsen og Þór Sandholt.
Reiturinn er hluti af íbúðahverfinu Hlíðum norðan Miklubrautar (3.1.3) en er staðsettur austan Stakkahlíðar og stendur sem sjálfstæð eining (3.1.3b).

Mat á varðveislugildi



Borgarvefsjá: Kortagrunnur LUKR /2022.07.20.


Mynd: Bragi Þór Jósefs

Þau sameiginlegu einkenni byggðarinnar sem móta heildstætt yfirbragð hennar og ber að varðveita eru:

- *byggingarstíll – hæð húsa, form og hlutföll*
- *byggingarlistarleg sérkenni hvers húss*
- *skipulagshugmynd - afstaða húsa á lóð og ásýnd gagnvart götu*
- *upprunaleg áferð/ásýnd/litir yfirborð útveggja*
- *þakform og frágangur við þakkant*
- *timburgluggar og útlit glugga*
- *svalir/svalahandrið af upprunalegri gerð*

Byggingarlistalegt gildi: Miðlungs - hátt gildi

Byggingarstíll húsanna innan reitsins er fjölbreyttur og ber merki þeirra breytinga sem áttu sér stað í byggingarlist á árunum 1950-60. Hinn „íslenski fúnkis“ var á undanhaldi og sjá má aukin áhrif frá þeirri þróun sem átti sér stað í byggingarlist á Norðurlöndunum. Ný kynslóð arkitekta bar með sér nýja strauma í byggingarlist og hugmyndir þeirra voru mun framsæknari en hin hefðbundnari hús sem hönnuð voru og byggð af byggingameisturum. Fjölbreytileikinn birtist í fjölbreyttari útfærslum á þaki/risi, formgerð, áferð útveggja, gluggagerð og svölum.



Skaftahlíð 36 og 38



Skaftahlíð 26-40 Myndir: Bragi Þór Jósefs



Bólstaðarhlíð 33-35



Bólstaðarhlíð 11 Myndir: Bragi Þór Jósefs

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs – hátt gildi

Skipulag byggðarinnar er hluti af heildarskipulagi íbúðabyggðar í Hlíðum norðan Miklubrautar sem sett var fram á skipulagsuppdrætti 1946. Byggðin ber vitni um þær miklu breytingar og mótun sem áttu sér stað í íslenskri byggingarlist á þeim tíma þegar hún reis, á 6. áratug síðust aldar og árunum kringum 1960 en aukin velmegun eftirstríðsáranna birtist í íburðarmeiri og fjölbreyttari húsum.

Umhverfisgildi: Miðlungs gildi

Á reitnum ríkir ákveðinn fjölbreytileiki í byggingarstíl húsanna en svipmót byggðarinnar er þó er heildstætt hvað varðar hæðir húsa og afstöðu gagnvart götu. Megináhersla er lögð á afstöðu húsa og lóða gagnvart sól og var stefna gatna, hæð og dýpt húsa og staðsetning á lóð ákvörðuð með hliðsjón af því. Húsum er skipað reglulega meðfram götu og hafa því heildstæða ásýnd en garðveggir og trjágróður setja sterkan svip á götumyndir.





Skaftahlíð götumyndir Myndir: Bragi Þór Jósefs

Upprunaleg gerð: Hátt gildi

Svipmót hverfisins hefur varðveist nokkuð vel og er ekki að sjá áberandi breytingar á húsunum á reitnum.



Bólstaðarhlíð 26-30



Bólstaðarhlíð 30 Myndir: Bragi Þór Jósefs

Niðurstaða varðveislumats:

Hverfið hefur **MIÐLUNGS TIL HÁTT** *varðveislugildi sem heildstæð byggð hvað varðar hæðir og afstöðu gagnvart götu. Byggðin er fjölbreytt og ber vitni um þær breytingar og mótun sem átti sér stað í íslenskri byggingarlist á árunum kringum 1960. Skipulag svæðisins er frá 1946, undirritað af Einari Sveinssyni húsameistara Reykjavíkur, Bolla Thoroddsen og Þór Sandholt. Heildarsvipmót reitsins hefur haldist nokkuð vel en breytingar hafa þó verið gerðar á nokkrum húsum sem rýrt hefur heildarsvipmót byggðarinnar.*

Ekki er lagt til að hverfishlutinn verði hverfisverndaður en bent á að byggðin er heildstæð og upprunaleg með tilliti til byggðamynsturs, hlutfalla og hæðar og ber byggingarlistaleg einkenni og yfirbragð síns tíma sem vert er að standa vörð um í skipulagi.

Dæmi um hús sem teljast góð byggingarlist og/eða upprunalegar einkennandi húsagerðir:**

Staðsetning	Byggingarár	Hönnuður	Starfsheiti
Skaftahlíð 28		Aðalsteinn Richter	arkitekt
Skaftahlíð 34		Sigvaldi Thordarson	arkitekt
Skaftahlíð 36		Sigvaldi Thordarson	arkitekt
Bólstaðarhlíð 30		Sigvaldi Thordarson	arkitekt
Bólstaðarhlíð 32		Gunnlaugur Pálsson	arkitekt

** listinn byggir á vettvangsskoðun, ljósmyndum og samþykktum uppdráttum og er ekki tæmandi.

3 HLÍÐAR

3.1 Háteigshverfi

3.1.4a Vatnsholt - Hjálmholt

3.1.4b Skipholt 52-68 (sléttar tölur).*

Afmörkun reits og hverfisverndar: Vatnsholt, Háteigsvegur og Skipholt.
*Undanþegin hverfisvernd eru húsin við Skipholt 52-74.
Byggingarár: 1962-1967 (3 hús bættust við á árunum 2000-2002 við Skipholt).
Húsagerðir: Tveggja hæða stakstæð hús með kjallara og lágreistu eða flötu þaki.
Skipulagsuppdráttur: Tillögur voru unnar að skipulagi reitsins á 6. áratugnum, en endanleg útfærsla er sýnd á uppdrætti frá árinu 1961.

Mat á varðveislugildi



Borgarvefsjá: Kortagrunnur LUKR / 2022.07.20.


Mynd: Bragi Þór Jósefs

Þau sameiginlegu einkenni byggðarinnar sem móta heildstætt yfirbragð hennar og ber að varðveita eru:

- *byggingarstíll – hæð húsa, form og hlutföll*
- *byggingarlistarleg sérkenni hvers húss*
- *skipulaghugmynd - afstaða húsa á lóð og ásýnd gagnvart götu*
- *áferð/ásýnd/litir yfirborðs útveggja og glugga*
- *þakform og frágangur við þakkant*
- *svalir/svalahandrið af upprunalegri gerð*

Byggingarlistalegt gildi: Miðlungs - hátt gildi

Íbúðarhúsin innan reitsins bera sterk einkenni þess afbrigðis hins móderniska byggingarstíls sem einkennir flest íbúðarhús í Reykjavík sem byggð voru á tímabilinu 1960-1970. Húsin eru steinsteypt, flest 2 hæðir á kjallara og einföld í formi. Útveggir eru sléttpússaðir og málaðir, gjarnan með litaskilum og uppbroti í steyptum flötum. Þök húsanna eru lítt áberandi, lágreist eða flöt. Þakkantar mynda fingerða línu og eru ýmist með eða án útkrögunar. Stórir gluggafletir gefa hverju húsi sterk byggingarlistaleg sérkenni, ásamt útfærslu á inngangströppum, svölum og handriðum. Bílgeymslur eru sambyggðar eða innbyggðar. Byggingarlistarlegt gildi einstakra húsa er mismunandi og flokkast tvö þeirra með hátt byggingarlistarlegt gildi (sjá hér aftast).



Hjálmholt 12



Hjálmholt 12 Myndir: Bragi Þór Jósefs



Vatnsholt 10
Teikningavefur Reykjavíkurborgar



Vatnsholt 10 Mynd: Bragi Þór Jósefs

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs gildi

Reiturinn sem nær yfir Hjálmholt og Vatnsholt ásamt tilheyrandi húsaröð við Skipholt, byggðist upp á 7. áratug síðustu aldar. Í byggðinni má lesa þær breytingar sem voru að eiga sér stað í byggingarlist á þessum tíma, þar sem aukin áhrif módernismans á byggingarlist er orðin greinileg, enda hafði kynslóð arkitekta útskrifast sem bar með sér nýjustu strauma í byggingarlist í Evrópu.









Hjálmholt 12 Vatnsholt 2 Vatnsholt 10 Vatnsholt 4 Myndir: Bragi Þór Jósefs

Umhverfisgildi: Miðlungs - hátt gildi

Svipmót byggðarinnar er mjög heildstætt. Fyrirkomulag húsa og gatna er skýrt þar sem húsin standa á víxl 4 metra frá götu og 14 metra frá götu. Skipulag hverfisins er undir sterkum módernískum áhrifum og myndar sterka heild áþekkra húsa.

Upprunaleg gerð: Miðlungs - hátt gildi

Reiturinn hefur haldið heildstæðu yfirbragði sínu þar sem húsin hafa lítið breyst. Nokkur þeirra hafa þó verið klædd að utan en útfærslan hefur að mestu tekið tillit til byggingarstíls þeirra og sérkenna.


Hjálmholt 12


Hjálmholt 12


Hjálmholt 10


Vatnsholt 10 Myndir: Bragi Þór Jósefs

Niðurstaða varðveislumats:

*Hverfishlutinn hefur **HÁTT varðveislugildi** sem heildstæð fastmótuð byggð með sterk sameiginleg byggingarlistaleg einkenni norrænna áhrifa og móderníska áhrifa sem einkenndu íslenska byggingarlist á árunum 1960–1970.*

Lagt er til að hluti reitsins þ.a. húsin við Vatnsholt og Hjálmholt njóti hverfisverndar í gulum flokki. Þau hús sem standa við Skipholt teljast þó mikilvægur hluti af heildinni og ber að meta sem slík. Hverfisvernd felur í sér varðveislu á svipmóti byggðarinnar og þeim sameiginlegu einkennum sem móta heildstætt yfirbragð hennar. Mikilvægt er að standa vörð um byggðina sem eina órofa heild og tryggja heildstæða vernd á svipmóti hennar og mælikvarða í deiliskipulagi.

Hverfisvernd nái til byggðamynsturs þ.e. afstöðu húsa á lóð, mælikvarða, hlutfalla, hæðar húsa auk ásýndar þeirra og götumynd. Ásýnd húsa nær yfir upprunalegt útlit húsa s.s. stíleinkenni, efnisval, áferð, mynstur og liti, gluggagerðir, þakgerð, þakkant, kvisti og svalir. Til götumyndar nær hverfisvernd einnig yfir frágang við lóðamörk, svo sem garðveggi og girðingar, sbr. almenn hverfisverndarákvæði fyrir gulan verndarflokk

Dæmi um hús sem teljast góð byggingarlist og/eða upprunalegar einkennandi húsagerðir:**

Staðsetning	Byggingarár	Hönnuður	Starfsheiti
Hjálmholt 12 *	1963	Sigvaldi Thordarson	arkitekt
Vatnsholt 10 *	1964	Guðmundur Kr. Kristinsson	arkitekt
Hjálmholt 8	1962	Gunnar Hansson	arkitekt

* rauður flokkur - *Einstök hús, húsaraðir og götumyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.

** listinn byggir á vettvangsskoðun, ljósmyndum og samþykktum uppdráttum og er ekki tæmandi.

3 HLÍÐAR

3.1 Háteigshverfi

3.1.5 Fjölbýlishús við Bólstaðarhlíð og Skipholt

Afmörkun reits: Bólstaðarhlíð/ Skipholt, Miklabraut, Kringlumýrarbraut og Háaleitisbraut.
Byggingarár: 1963- 1967
Húsagerðir: Fjölbýlishús 4 hæðir auk stakstæðra bílskúrslengja.
Skipulags: Deiliskipulagsuppdráttur frá 1961, undirritaður af Aðalsteini Richter, þáverandi Skipulagsstjóra Reykjavíkur.

Mat á varðveislugildi



Borgarvefsjá: Kortagrunnur LUKR / 2022.07.20.



Mynd: Bragi Þór Jósefs

Þau sameiginlegu einkenni byggðarinnar sem móta heildstætt yfirbragð hennar og ber að varðveita eru:

- *útfærsla svala og svalalokana*
- *þakgerð og frágangur við þakkant*
- *anddyri og inngangar*
- *útlit glugga*
- *uppbrot í útveggjum*

Byggingarlistalegt gildi: Miðlungs-hátt gildi

Um er að ræða sjö fjölbýlishúsalengjur sem eru fjögurra hæða og bera stíleinkenni þess afbrigðis módernismans sem einkennir flest fjölbýlishús í Reykjavík sem byggð voru á tímabilinu 1960-1970. Stíleinkenni þessi birtast m.a. í uppbrotum og litaskilum á útveggjum oft við innganga, svalir og undir þakskeggi. Þök eru einhalla eða lágt mænisþak, útveggir sléttmúraðir og málaðir. Fjölbýlishúsin mynda sterka samfellu og heildstætt svipmót sem mikilvægt er að varðveita þrátt fyrir mismunandi útlit en húsin lúta sömu lögmálum í grunnformi og hlutföllum.






Menningarsögulegt gildi: Miðlungs gildi

Um er að ræða röð fjölbýlishúsa sem standa á austurjaðri borgarhlutans, á svæði meðfram Kringlumýrarbraut, austan gatnanna Bólstaðahlíðar og Skipholts. Húsin risu á árunum 1963-1967, samkvæmt deiliskipulagsuppdrætti Aðalsteins Richter frá 1961, þar sem útfærð var byggð við Bólstaðarhlíð, Vatnsholt, Hjálmholt og hluta Skipholts.




Umhverfisgildi: Miðlungs gildi

Fjölbýlishúsin mynda heilsteypta ásýnd meðfram Kringlumýrarbraut. Húsunum er skipað á víxl með langhliðar austur-vestur með aðkomu frá Bólstaðarhlíð /Skipholti. Bílskúrslengjur sem tilheyra fjölbýlishúsunum hafa neikvæð áhrif á ásýnd götumyndar Bólstaðarhlíðar, bæði vegna staðsetningar þeirra og ástands. Lóðir eru stórar og einkennast af háum trjágróðri á lóðamörkum og stórum grasflötum.

Upprunaleg gerð: Hátt gildi

Heildarsvipmót fjölbýlishúsanna hefur varðveist nokkuð vel en helstu breytingar sem hafa verið gerðar eru endurnýjun svalahandriða og einstaka svalalokanir. Endurnýjun svalahandriða hefur tekið mið af upprunalegri útfærslu en misjafnlega hefur tekist til með svalalokanir enda falla þær illa að móderniskum byggingarstíl og hafa neikvæð áhrif á heildstætt útlit einstakra fjölbýlishúsa á reitnum.





Niðurstaða varðveislumats:

*Fjölbýlishúsin við Bólstaðarhlíð og Skipholt hafa **MIÐLUNGS til HÁTT varðveislugildi** sem heildstæð og fastmótuð byggð fjölbýlishúsa í módernískum stíl frá 7. áratug 20. aldar. Heildarsvipmót húsanna hefur haldist vel þar sem fáar breytingar hafa verið gerðar en staðsetning bílgeymslna næst götu draga þó verulega niður ásýnd götumyndar.*

Ekki er lagt til að þessi heild húsa verði hverfisvernduð en *bent á að húsin hafa ákveðin sameiginleg einkenni og heildarsvip sem vert er að varðveita, m.a. í hæð og mælikvarða, þakgerð, yfirborðsáferð og byggingarstíl.*

Mikilvægt er að standa vörð um fjölbýlishúsin sem eina órofa heild, huga að heildstæðri vernd á svipmóti þeirra og mælikvarða í deiliskipulagi og standa vörð um sameiginleg einkenni þeirra, svo sem í efnisvali, áferð og litum, gluggagerðum, þakgerðum, þakköntum, svölum, handriðum og uppbroti.

Eftirfarandi eru hönnuðir fjölbýlishúsanna:

Staðsetning	Byggingarár	Hönnuður	Starfsheiti
Bólstaðarhlíð 40-44**	1965	Bárður Ísleifsson	arkitektar
Bólstaðarhlíð 46-50**	1967	Bárður Ísleifsson	arkitektar
Bólstaðarhlíð 52-56	1965	Bárður Daníelsson og Stefán Jónsson	arkitektar
Bólstaðarhlíð 58-62	1963	Kjartan Sveinsson.	byggingatæknifr.
Bólstaðarhlíð 64-68	1963	Kjartan Sveinsson	byggingatæknifr.
Skipholt 43-47	1963	Þorvaldur Kristmundsson	arkitekt
Skipholt 49-55	1963	Bárður Daníelsson arkitekt	arkitekt

** byggt á vegum Byggingarfélags Verkamanna.

HLÍÐAR

3.2 Hlíðarhverfi
3.2.1 Hlíðar sunnan Miklubrautar

Afmörkun hverfisverndar: Miklabraut, Stakkahlíð, Hamrahlíð og Eskihlíð.
Byggingarár: 1942-1953 og 1957-1968.
Húsagerðir: Öll hús í hverfishlutanum eru tveggja hæða á kjallara og eru flest með valmaþaki og mörg með séríbúð í risi. Húsin innan reitsins eru flest stakstæð og sambyggð (samhverf) með 3-8 íbúðum en meðfram Miklubraut eru lítil fjölbýlishús og 2 raðhúsalengjur.
Skipulag: Skipulagsuppdráttur frá 1946, undirritaður af Einari Sveinssyni húsameistara Reykjavíkur, Bolla Thoroddsen verkfræðingi og Þór Sandholt arkitekt.

Mat á varðveislugildi



Borgarvefsjá: Kortagrunnur LUKR / 2022.07.20.


Mynd: Bragi Þór Jósefs

Þau sameiginlegu einkenni byggðarinnar sem móta heildstætt yfirbragð hennar og ber að varðveita eru:

- *byggingarstíll – hæð húsa, form og hlutföll*
- *byggingarlistarleg sérkenni hvers húss*
- *skipulagshugmynd - afstaða húsa á lóð og ásýnd gagnvart götu*
- *áferð/ásýnd/litir yfirborðs útveggja s.s.*
    - *stein- eða eða skeljasandsmulningur í upprunalegum lit*
    - *litauppbrot í máluðum útveggjum*
- *þakform (valmaþak) og þakklæðing*
- *steyptur þakkantur eða sama útlit/hlutföll í öðru efni*
- *timburgluggar og útlit glugga (gluggapóstar)*
- *kvistir og svalir sem virða byggingarstíl og upprunalegt efnisval*
- *steyptir garðveggir að götu*

Byggingarlistalegt gildi: Miðlungs - hátt gildi

Byggingarstíll flestra húsanna á reitnum bera einkenni hins „íslenska fúnkis“ með steinaðri veggáferð, valmaþaki og steyptum þakrennum. Á þeim árum þegar reiturinn var að byggjast upp var fúnkisstíllinn að þróast í ólíkar áttir og aðlagaðist aðstæðum í hverju landi fyrir sig. Aukin velmegun eftirstríðsáranna birtist meðal annars í stærri grunnfleti húsa, hærra þaki, útskotum, stærri gluggum, stundum smárúðugluggum, ýmiskonar uppbroti og mynstri, meðal annars við innganga, í svalahandriðum og garðveggjum úr forsteyptum einingum. Grunnhugmynd fúnkisstefnunnar var þó áfram ríkjandi þar sem hagkvæmni, notagildi og einfaldleiki var ráðandi. Í nokkrum húsanna má sjá áhrif frá því afbrigði fúnkisstílsins sem einkenndi þróun hans á Norðurlöndum (norrænum fúnkis) og barst hingað með nýrri kynslóð arkitekta sem hlotið höfðu menntun sína þar. Byggingarlistarlegt gildi einstakra húsa er misjafnt en mörg eftirtektarverð hús eru innan hverfishlutans og flokkast mörg þeirra með hátt byggingarlistarlegt gildi (sjá lista).



Barmahlíð 26-28



Miklabraut 2

Myndir: Bragi Þór Jósefs



Blönduhlíð 30



Eskihlíð 33-35

Myndir: Bragi Þór Jósefs

Menningarsögulegt gildi: Hátt gildi

Um er að ræða þann hluta Hlíðahverfis sem byggðist fyrst, vestan Löngulíðar, á árunum 1942-1949 og síðan áframhald samskonar byggðar austan Löngulíðar að Stakkahlíð, sem reis að mestu á árunum 1947-1951. Við Barmahlíð voru byggð hús á vegum Byggingasamvinnufélags Reykjavíkur, hönnuð af Gísla Halldórssyni arkitekt og við Barmahlíð og Drápuhlíð voru byggð hús á vegum Byggingafélags starfsmanna ríkisins, hönnuð af Aðalsteini Richter arkitekt. Nokkuð ber á merkjum um þær breytingar sem eiga sér stað í byggingarlist á þessum árum, en þar má sjá áhrif bæði frá módernisma og norrænum straumum í arkitektúr.



Drápuhlíð 39-41



Miklabraut 50-52

Myndir: Bragi Þór Jósefs



Barmahlíð 11-13



Hamrahlíð 13

Myndir: Bragi Þór Jósefs



Barmahlíð 27-29



Blönduhlíð 12

Myndir: Bragi Þór Jósefs

Umhverfisgildi: Hátt gildi

Hverfishlutinn Hlíðar sunnan Miklubrautar hefur mjög heildstætt og fastmótað yfirbragð sem rótgróin og nokkuð vel varðveitt byggð. Skipulag hverfisins er undir áhrifum frá bæði fúnkis og garðborgar-stefnum. Megináhersla var lögð á afstöðu húsa og lóða gagnvart sól og var stefna gatna, hæð og dýpt húsa og staðsetning á lóð ákvörðuð með hliðsjón af því. Húsum er skipað reglulega meðfram götu og hafa því heildstæða ásýnd en steyptir garðveggir og trjágróður setja sterkan svip á götumyndir.



Horft til suðvesturs yfir Klambratún



Barmahlíð 10-16

Myndir: Bragi Þór Jósefs

Upprunaleg gerð: Miðlungs - hátt gildi

Heildarsvipmót hverfisins hefur varðveist nokkuð vel. Helstu breytingar eru þakhækkanir, kvistir og svalir í þaki og yfirbyggingar ýmiskonar. Málað hefur verið yfir steiningu á útveggjum nokkurra húsa. Mikilvægt er að vanda til hugsanlegra breytinga og leggja áherslu á að við endurgerð húsanna að tekið sé mið af byggingarstíl, upprunalegri gerð og sameiginlegum einkennum en margar af þeim breytingum sem gerðar hafa verið falla illa að hlutföllum og byggingarstíl einstakra húsa.



Blönduhlíð 30



Blönduhlíð 8 (Árskógar)



Miklabraut 36



Blönduhlíð 30



Drápuhlíð 39



Eskihlíð 35

Myndir: Bragi Þór Jósefs

Niðurstaða varðveislumats:

*Hverfishlutinn Hlíðar sunnan Miklubrautar hefur **HÁTT varðveislugildi** sem heildstæð fastmótuð byggð með sterk sameiginleg byggingarlistaleg einkenni hins íslenska fúnkisstíls með steinaðri veggáferð og valmaþaki. Þegar líða tekur á uppbyggingu hverfishlutans má sjá skýr merki þeirrar stílblöndunar og þróunar sem varð með aukinni velmegun eftir stríð og birtist m.a. í veglegri húsum. Þróun fúnkisstílsins á Norðurlöndum skilaði sér einnig hingað með þeim arkitektum sem hlutu menntun sína þar. Þá var módernisminn í örri þróun í Evrópu og hafði mikil áhrif á byggingarstíl húsa sem byggð voru hér á landi á árabilinu 1960-1970. Þrátt fyrir breytingar á einstaka húsum, hefur heildarsvipmót hverfisins haldist mjög vel.*

Lagt er til að svæðið sem heild njóti hverfisverndar í gulum flokki, sem felur í sér varðveislu á svipmóti byggðarinnar og þeim sameiginlegu einkennum sem móta heildstætt yfirbragð hennar. Mikilvægt er að standa vörð um byggðina sem eina órofa heild og tryggja heildstæða vernd á svipmóti hennar og mælikvarða í deiliskipulagi.

Hverfisvernd nái til byggðamynsturs þ.e. afstöðu húsa á lóð, mælikvarða, hlutfalla, hæðar húsa auk ásýndar þeirra og götumyndar. Ásýnd húsa nær yfir upprunalegt útlit húsa s.s. stíleinkenni, efnisval, áferð, mynstur og liti, gluggagerðir, þakgerð, þakkant, kvisti og svalir. Til götumyndar nær hverfisvernd einnig yfir frágang við lóðamörk, svo sem garðveggi og girðingar, sbr. almenn hverfisverndarákvæði fyrir gulan verndarflokk.

Dæmi um hús sem teljast góð byggingarlist og/eða upprunalegar einkennandi húsagerðir:**

Staðsetning	**Byggingarár**	**Hönnuður**	**Starfsheiti**
Miklabraut 22-30 *	1942-43	Gísli Halldórsson og Sigvaldi Thordarson	arkitektar
Miklabraut 32-38*	1943-45	Gísli Halldórsson og Sigvaldi Thordarson	arkitektar
Barmahlíð 11-13, 19-29 (oddatölur) * Barmahlíð 10-24 (sléttar tölur) *	1946-47	Gísli Halldórsson og Sigvaldi Thordarson Byggt fyrir Bygginga-samvinnufélag Reykjavíkur	arkitektar
Drápuhlíð 27-41	1948-50	Aðalsteinn Richter Byggt fyrir Bygginga-samvinnufélag starfsmanna ríkisstofnana	arkitekt
Blönduhlíð 8 – Árskógar ***	1949	Freymóður Jóhannsson Hafliði Jóhannsson	listmálari húsasmiður
Blönduhlíð 12	1951	Einar Sveinsson	arkitekt
Hamrahlíð 13	1953	Hörður Bjarnason	arkitekt
Mjóahlíð 6	1944	Gísli Halldórsson og Sigvaldi Thordarson	arkitektar
Mávahlíð 10-12	1946	Már Ríkarðsson	arkitekt****
Hamrahlíð 13	1953	Hörður Bjarnason	arkitekt
Mávahlíð 47	1955	Ágúst Steingrímsson	byggingafræðingur
Blönduhlíð 30	1951	Aðalsteinn Richter	arkitekt

* rauður flokkur - *Einstök hús, húsaraðir og götumyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra (sjá nánar í greinargerð).

** listinn byggir á vettvangsskoðun, ljósmyndum og samþykktum uppdráttum og er ekki tæmandi.

*** hannað sem búðarhús og vinnustofa listamannsins Freymóðs Jóhannssonar.

**** lauk ekki námi í arkitektúr

3 HLÍÐAR

3.2 Hlíðahverfi

3.2.2 Hörgshlíð og Háahlíð

Afmörkun: Hörgshlíð, Háahlíð, Bústaðavegur og Litlahlíð.
Byggingarár: 1954-1964
Húsagerðir: Einbýlishús og lítil sambýlishús á 1-2 hæðum auk kjallara og þakhæðar.
Skipulag: Skipulagsuppdráttur frá 1953.

Mat á varðveislugildi



Borgarvefsjá: Kortagrunnur LUKR / 2022.07.20



Mynd: Bragi Þór Jósefs

Þau sameiginlegu einkenni byggðarinnar sem móta heildstætt yfirbragð hennar og ber að varðveita eru:

- *byggingarstíll – hæð húsa, form og hlutföll*
- *byggingarlistarleg sérkenni hvers húss*
- *skipulaghugmynd - afstaða húsa á lóð og ásýnd gagnvart götu*
- *áferð/ásýnd/litir yfirborðs útveggja og glugga*
- *þakform og frágangur við þakkant*
- *svalir/svalahandrið af upprunalegri gerð*

Byggingarlistalegt gildi: Miðlungs - hátt gildi

Byggingarstíll húsanna innan reitsins ber merki þeirra breytinga sem áttu sér stað í byggingarlist á Íslandi á árunum 1955-1965 og einkennist reiturinn af fjölbreyttum útfærslum í hönnun einstakra húsa. Sjá má áhrif frá fúnkis, módernisma og klassík sem birtist m.a. í breytilegum þakgerðum, gluggagerðum og mynstri í útveggjum og steyptum handriðum. Við Háuhlíð má sjá stílblöndu íburðarmikilla sérbýlishúsa en við Hörgshlíð eru móderísk áhrif mun greinilegri í flestum húsanna. Útveggir eru flestir sléttpússaðir og málaðir. Nokkur húsanna teljast hafa hátt byggingarlistarlegt gildi (sjá lista yfir hús).



Hörgshlíð 18



Háahlíð 20



Menningarsögulegt gildi: Miðlungs gildi

Um er að ræða heilsteypta og rótgróna byggð stakstæðra íbúðarhúsa, sem reist voru á árunum 1954-1964, í framhaldi af uppbyggingu elsta hluta Hlíðahverfis, eftir hugmyndum um skipulag sunnan Hamrahlíðar frá 1953.

Umhverfisgildi: Hátt gildi

Íbúðarhúsin við Hörgshlíð og Háuhlíð standa frekar áberandi í jaðri Hlíðahverfis, efst í halla milli Hlíðarskóla og „Litlu-Öskjuhlíðar“. Hverfishlutinn er aðskilinn frá öðrum íbúðahverfum í Hlíðum. Fjölbreytileiki er í byggingarstíl húsanna sem ýmist eru einbýli eða 2ja-4ra íbúða lítil fjölbýli.

Upprunaleg gerð: Hátt gildi

Breytingar hafa verið gerðar á sumum húsanna sem hafa haft neikvæð áhrif á upprunalega gerð þeirra og stíleinkenni. Þar ber helst að nefna útveggjaklæðningar, svalabreytingar og viðbyggingar sem taka lítið mið af upprunalegri gerð, hlutföllum og byggingarstíl

Niðurstaða varðveislumats:

*Hverfið hefur **MIÐLUNGS varðveislugildi** sem heildstæð byggð hvað varðar hæðir og afstöðu gagnvart götu. Byggðin sýnir breytingar/þróun í byggingarlist sem verða áberandi á árunum kringum 1960.*
Heildarsvipmót reitsins hefur haldist nokkuð vel en nokkrar breytingar hafa þó verið gerðar.

Ekki er lagt til að hverfishlutinn verði hverfisverndaður en bent á að byggðin er heildstæð og upprunaleg með tilliti til byggðamynsturs, hlutfalla og hæðar og ber byggingarlistaleg einkenni og yfirbragð síns tíma sem vert er að standa vörð um í skipulagi.

Dæmi um hús sem teljast góð byggingarlist og/eða upprunalegar einkennandi húsagerðir:**

Staðsetning	Byggingarár	Hönnuður	Starfsheiti
Hörgshlíð 8	1963	Guðmundur Kr. Kristinsson.	arkitekt
Hörgshlíð 10	1961	Guðmundur Kr. Kristinsson.	arkitekt
Hörgshlíð 16	1957	Gísli Halldórsson	arkitekt
Hörgshlíð 18	1961	Sigvaldi Thordarson	arkitekt
Hörgshlíð 28*	1956	Sigvaldi Thordarson	arkitekt

* rauður flokkur - *Einstök hús, húsaraðir og götumyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.

3 HLÍÐAR

3.2 Hlíðahverfi

3.2.3 Grænahlíð, Stigahlíð og Hamrahlíð

Afmörkun: Grænahlíð – Bogahlíð – Hamrahlíð 27-39 (oddatölur) – Stigahlíð 35-44 (nema 45-47).
Byggingarár: 1957-1967
Skipulagsuppdráttur: Frá 1953, drög að skipulagi fyrir Kringlumýri, Grensás og Háaleiti undirritað af Gunnari Ólafssyni sem er orðinn að endanlegri útfærslu á uppdrætti frá 1955, Skipulag Hlíða sunnan Miklubrautar.

Mat á varðveislugildi



Borgarvefsjá: Kortagrunnur LUKR / 2022.07.20.



Mynd: Bragi Þór Jóseps

Þau sameiginlegu einkenni byggðarinnar sem móta heildstætt yfirbragð hennar og ber að varðveita eru:

- *byggingarstíll – hæð húsa, form og hlutföll*
- *byggingarlistarleg sérkenni hvers húss*
- *skipulaghugmynd - afstaða húsa á lóð og ásýnd gagnvart götu*
- *áferð/ásýnd/litir yfirborðs útveggja s.s.*
- *þakform og frágangur við þakkant*
- *timburgluggar og útlit glugga*
- *svalir/svalahandrið af upprunalegri gerð*

Byggingarlistalegt gildi: Miðlungs - hátt gildi

Byggingarstíll flestra húsanna innan reitsins ber merki þeirra breytinga sem áttu sér stað vegna móderniskra áhrifa sem einkennir flest íbúðarhús í Reykjavík sem byggð voru á tímabilinu 1960-1970. Á reitnum eru flest húsin 2-3ja hæða stakstæð hús á kjallara og 3. hæðin er gjarnan fullnýtt þakhæð. Auk þess eru 2 fjögurra hæða fjölbýlishús við Bogahlíð sem teljast hafa hátt byggingarlistalegt gildi. Útveggir flestra húsanna eru sléttpússaðir og málaðir, gjarnan með uppbroti, stórum gluggaflötum og lágreistu þaki. Útfærslur á þaki, inngangströppum, svölum og gluggum gefa hverju húsi sín byggingarlistalegu sérkenni. Byggingarlistarlegt gildi einstakra húsa er mismunandi og flokkast nokkur þeirra með hátt byggingarlistarlegt gildi (sjá lista aftast).



Grænahlíð 7



Hamrahlíð

Myndir: Bragi Þór Jósefs



Grænahlíð 15



Hamrahlíð 37-39

Myndir: Bragi Þór Jósefs



Bogahlíð 24-26



Bogahlíð 2

Myndir: Bragi Þór Jósefs

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs gildi

Um er að ræða nokkuð heilsteypta og rótgróna byggð stakstæðra íbúðarhúsa, sem reist voru á árunum 1957-1967, í framhaldi af uppbyggingu elsta hluta Hlíðahverfis. Reiturinn er hluti af skipulagi Kringlumýrar, Grensáss og Háaleitis og sýndur í nánari útfærslu á uppdrætti frá 1955 ”Skipulag Hlíða sunnan Miklubrautar”. Á reitnum má sjá þær breytingar sem voru að eiga sér stað í byggingarlist á þessum tíma sem frá hinum steinaða fúnkis stíl sem einkennir stærsta hluta Hlíðahverfis og yfir í meira móderníska stíl sem einkennir flest íbúðarhús í Reykjavík sem byggð voru milli 1960-70.





Grænahlíð 24 (leikskóli)

Myndir: Bragi Þór Jósefs

Umhverfisgildi: Miðlungs gildi

Ákveðinn fjölbreytileiki einkennir svipmót byggðarinnar. Reiturinn er heildstæður hvað varðar hæðir, grunnform, húsgerð og afstöðu gagnvart götu. Umhverfi húsanna er gróið og við mörg þeirra eru steinsteypt grindverk á lóðamörkum að götu.



Yfirlitsmynd yfir reit 3.2.3

Mynd: Bragi Þór Jósefs

Upprunaleg gerð: Miðlungs - lágt gildi

Breytingar hafa verið gerðar á mörgum húsanna á svæðinu sem dregur úr heildaryfirbragði og rýrir byggingarstíl einstakra húsa. Þar ber helst að nefna útveggjaklæðningar (steni), breytingar og yfirbyggingar á svölum og breytingar þakkanti.



Grænahlíð 10



Bogahlíð 21-25





Hamrahlíð 35

Myndir: Bragi Þór Jósefs



Hamrahlíð 29



Bogahlíð 24-26

Myndir: Bragi Þór Jósefs

Niðurstaða varðveislumats:

*Hverfið hefur **Miðlungs til hátt** varðveislugildi sem heildstæð byggð hvað varðar hæðir og afstöðu gagnvart götu. Byggðin sýnir breytingar/þróun í byggingarlist sem verður áberandi á árunum kringum 1960.*
Skipulag svæðisins er samþykkt af Aðalsteini Richter sem á þeim tíma var skipulagsfulltrúi.
Heildarsvipmót reitsins hefur haldist nokkuð vel en breytingar hafa þó verið gerðar á nokkrum húsum sem rýrt hefur heildarsvipmót byggðarinnar.

Ekki er lagt til að hverfishlutinn verði hverfisverndaður en bent á að byggðin er heildstæð og upprunaleg með tilliti til byggðamynsturs, hlutfalla og hæðar og ber byggingarlistaleg einkenni og yfirbragð síns tíma sem vert er að standa vörð um í skipulagi.

Einstök hús í hverfishlutanum með hátt byggingarlistarlegt gildi: **

Staðsetning	Byggingarár	Hönnuður	Starfsheiti
Grænahlíð 7	1958	Sigvaldi Thordarson	arkitekt
Grænahlíð 10	1960	Sigvaldi Thordarson	arkitekt
Grænahlíð 15	1967	Þór Sandholt	arkitekt
Hamrahlíð 29	1958	Guðmundur Kr. Kristinsson	arkitekt
Hamrahlíð 31	1960	Skarphéðinn Jóhannsson	arkitekt
Hamrahlíð 33	1964	Kjartan Sveinsson	byggingatæknifræðingur
Bogahlíð 21-25***	1955	Sigvaldi Thordarson	arkitekt
Bogahlíð 24-26***	1956	Sigvaldi Thordarson	arkitekt

* rauður flokkur - *Einstök hús, húsaraðir og götumyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra (sjá nánar í greinargerð.

** listinn byggir á vettvangsskoðun, ljósmyndum og samþykktum uppdráttum og er ekki tæmandi.

*** fjölbýlishús sem standa utan við afmörkun reitsins en ástæða þykir að vekja athygli á vegna byggingarlistar

3 HLÍÐAR

3.2 Hlíðahverfi

3.2.4 Stigahlíð einbýlishús austurhluti

Afmörkun hverfisverndar: Stigahlíð 49-97 (oddatölur).
Húsagerðir: Einbýlishús á einni til tveimur hæðum.
Byggingarár: 1963-1971
Skipulag: Skipulagsuppdráttur frá 1961.

Mat á varðveislugildi



Borgarvefsjá: Kortagrunnur LUKR / 2022.07.20



Mynd: Bragi Þór Jósefs

Þau sameiginlegu einkenni byggðarinnar sem móta heildstætt yfirbragð hennar og ber að varðveita eru:

- *byggingarstíll*
- *hæðir húsa og stöllun bæði í ytra formi og innra skipulagi*
- *upprunaleg áferð veggja*
- *upprunalegt útlit og fyrirkomulag glugga*
- *innfellingar í steypu sem mynda uppbrot og etv. litaskil á útveggjum*
- *þakgerð - flatt þak eða lágreist einhalla eða ósamhverft mænisþak*
- *frágangur við þakkant*
- *upprunaleg útfærsla handriða á svölum og útitröppum*

Byggingarlistalegt gildi: Hátt gildi

Byggingarstíll húsanna innan reitsins ber sterk byggingarlistaleg einkenni hins alþjóðlega módernisma sem var ríkjandi á árunum 1960-1970 og koma arkitektar að hönnun nánast allra húsanna á reitnum. Hér er um að ræða nýtískuleg steinsteypt einbýlishús á einni til einni og hálfri hæð. Form húsanna er einfalt og þökin lítt áberandi, flöt eða þakhalli lítill. Almennt eru þakkantar í formi láréttra borða þétt við vegg en einnig má sjá útkragandi þak á einstaka húsum. Húsin eru einföld í formi en gjarnan með uppbroti í útveggjum og þaki. Útveggir eru sléttpússaðir og málaðir, oft í hvítum litum. Stórir gluggafletir einkenna húsin, horngluggar og lárétt gluggabönd, fáir gluggapóstar og þá gjarnan lóðréttir. Bílgeymslur eru hluti af íbúðarhúsi eða samtengdar því. Nokkur húsanna á reitnum teljast hafa hátt byggingarlistarlegt gildi (sjá lista).



Stigahlíð 55



Stigahlíð 65 Myndir: Bragi Þór Jósefs



Stigahlíð 75



Stigahlíð 63 Myndir: Bragi Þór Jósefs



Stigahlíð 75



Stigahlíð 87 Myndir: Bragi Þór Jósefs

Menningarsögulegt gildi: Hátt gildi

Einbýlishúsin við Stigahlíð byggðust upp á 7. áratug síðustu aldar samkvæmt skipulagsuppdrætti frá 1961, undirrituðum af Aðalsteini Richter arkitekt sem hafði þá nýlega verið ráðinn skipulagsstjóri Reykjavíkur. Ný kynslóð ungra arkitekta kom að hönnun flestra húsanna enda húsin byggð eftir nýjustu straumum í byggingarlist á þeim tíma. Um er að ræða mjög heilsteypt og vel varðveitt einbýlishús með sterkum sameiginlegum móderniskum einkennum.

Umhverfisgildi: Miðlungs - hátt gildi

Einbýlishúsin við Stigahlíð hafa mjög heildstætt yfirbragð og skipulagshugmyndin er í anda hugmynda módernismans sem voru ríkjandi á 7. áratug síðustu aldar. Einkabíllinn hefur fengið aukið vægi og gatnakerfið er byggt upp sem margir litlir botnlangar þar sem hús standa eingöngu öðru megin götu. Hverfið er vel gróið og götumyndir heildstæðar.



Yfirlitsmyndir



Myndir: Bragi Þór Jósefs

Upprunaleg gerð: Hátt gildi

Um er að ræða mjög vel varðveitta heild einbýlishúsa sem haldið hefur að mestu upprunalegri gerð og þar sem byggingarstíllinn hefur sterk sameiginleg módernisk einkenni. Einstaka þakbreytingar hafa verið gerðar sem falla illa að heildaryfirbragði reitsins og ríkjandi byggingarstíl.



Stigahlíð 55
Myndir: Bragi Þór Jósefs



Stigahlíð 73



Stigahlíð 87



Stigahlíð 73
Myndir: Bragi Þór Jósefs



Stigahlíð 63



Stigahlíð 87

Niðurstaða varðveislumats:

*Hverfið hefur **HÁTT varðveislugildi** sem heildstæð fastmótuð byggð með sterk sameiginleg byggingarlistaleg einkenni þess afbrigðis módernismans sem einkenndi íslenskan byggingarstíl á árunum 1960–1970.*
Skipulag svæðisins er verk Aðalsteins Richter skipulagsstjóra Reykjavíkur og arkitektar koma að hönnun flestallra húsanna. Heildarsvipmót hverfisins hefur haldist vel en fáar breytingar hafa verið gerðar á því.

Lagt er til að einbýlishúsabyggðin austan Stigahlíðar og sunnan Hamrahlíðar njóti hverfisverndar í gulum flokki, sem felur í sér varðveislu á svipmóti byggðarinnar, mælikvarða og þeim sameiginlegu módernísku einkennum sem móta heildstætt yfirbragð hennar. Mikilvægt er að standa vörð um byggðina sem eina órofa heild og virða höfundareinkenni þau sem birtast í einstaka húsum.

Hverfisvernd nái til byggingarlistar, mælikvarða, hlutfalla og hæðar húsa, auk ásýndar þeirra með sérstaka áherslu á ásýnd að götu. Með ásýnd er átt við upprunalegt útlit húsa s.s. efnisval, áferð og liti, gluggagerðir, þakgerð, þakkant, svalir, mynstur/uppbrot og frágang við lóðamörk, svo sem garðveggi og girðingar, sbr. almenn hverfisverndarákvæði fyrir gulan verndarflokk.

Dæmi um hús sem teljast góð byggingarlist og/eða upprunalegar einkennandi húsagerðir:**

Staðsetning	**Byggingarár**	**Hönnuður**	**Starfsheiti**
Stigahlíð 49 og 65	1965	Gunnar Hansson	arkitekt
Stigahlíð 55	1967	Helgi Hjálmarsson	arkitekt
Stigahlíð 57	1963	Guðmundur Kr. Kristinsson	arkitekt
Stigahlíð 63	1968	Gísli Halldórsson og Jósef Reynis	arkitekt
Stigahlíð 73 og 75*	1964-65	Bárður Daníelsson.	arkitekt
Stigahlíð 83	1967	Kjartan Sveinsson	byggingafræðingur
Stigahlíð 87	1965	Skúli Norðdahl	arkitekt
Stigahlíð 89	1964	Bárður Ísleifsson	arkitekt

* rauður flokkur - *Einstök hús, húsaraðir og götumyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra (sjá nánar í greinargerð).

** listinn byggir á vettvangsskoðun, ljósmyndum og samþykktum uppdráttum og er ekki tæmandi.

Á eftirfarandi húsum eru dæmi um breytingar sem mælt er gegn:
Stigahlíð 59, 67, 79, 91, 93

3 HLÍÐAR

3.2 Hlíðarhverfi

3.2.5 Fjölbýlishús við Eskihlíð

Afmörkun: Eskihlíð 6-22a (sléttar tölur).
Byggingarár: 1946-1957.
Skipulagsuppdráttur: Óundirritaður og ódagsettur uppdráttur ("Hlíðahverfi. Lausleg skissa af skipulagi"), líklega unninn af húsameistara Reykjavíkur, Einari Sveinssyni arkitekt um 1945.

Hverfið Hlíðar skiptist í tvennt um Miklubraut (norðan og sunnan Miklubrautar) og nær ofangreindur skipulagsuppdráttur yfir þann hluta sem liggur sunnan Miklubrautar og vestan Lönguhlíðar. Fjölbýlishúsin við Eskihlíð eru innan afmörkunar hans.

Mat á varðveislugildi



Borgarvefsjá: Kortagrunnur LUKR /


Mynd: Bragi Þór Jóseps

Þau sérkenni og sameiginlegu einkenni fjölbýlishúsanna sem móta heildstætt yfirbragð þeirra og ber að varðveita eru:

- *byggingarstíll – hæð húsa, form og hlutföll*
- *byggingarlistarleg sérkenni hvers húss*
- *skipulaghugmynd - afstaða húsa á lóð og ásýnd gagnvart götu*
- *áferð/ásýnd/litir yfirborðs útveggja s.s.*
  - *stein- eða skeljasandsmulningur í sem næst upprunalegum lit*
  - *litauppbrot í máluðum útveggjum*
- *upprunalegt þakform og þakklæðing*
- *upprunaleg útfærsla á þakkanti*
- *timburgluggar og upprunalegt útlit glugga*
- *upprunalegar svalir án svalalokana*

Byggingarlistalegt gildi: Miðlungs gildi

Byggingarstíll fjölbýlishúsanna við Eskihlíð er að mestu fúnkis en ýmis áhrif má sjá s.s. bæði klassísk og móderísk. Greinilegur munur er á byggingarstíl elstu og yngstu húsanna. Eldri húsin sem byggð voru milli 1946 og 1947 eru með steinmulningi eða hvítmáluð og með háreistu valmaþaki, sum undir lítils háttar nýklassískum áhrifum, á meðan byggingarstíll yngri húsanna, sem byggð voru 10 árum seinna, sýnir skýr módernísk áhrif. Byggingarlistarleg sérkenni húsanna njóta sín mest í ýmis konar uppbroti, við innganga og á svölum.



Eskihlíð 6-6a-6b.



Eskihlíð 20-20a

Myndir: Bragi Þór Jósefs



Eskihlíð 22-22a



Eskihlíð 16-16a-16b

Myndir: Bragi Þór Jósefs

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs - hátt gildi

Fjölbýlishúsin, sem byggð voru eftir upphaflegum hugmyndum um skipulag Hlíðahverfis frá um 1945, eru meðal elstu heildstæðu 4-5 hæða fjölbýlishúsa í Reykjavík. Byggingarstíll fjölbýlishúsanna er fjölbreyttur og bera sum þeirra nýklassísk einkenni á meðan önnur eru undir greinilegum áhrifum frá hinum norræna fúnkis og módernisma.



Skipulagsuppdráttur af hluta Hlíðahverfis frá um 1945. Teikningavefur Reykjavíkurborgar

Þekktar byggingar í næsta nágrenni



Bensínstöðin við Skógarhlíð 16. Arkitekt: Þór Sandholt. Mynd: Bragi Þór Jóseps



Þóroddsstaðir við Skógarhlíð 22. Erfðafestubýli frá 1927. Mynd: Bragi Þór Jóseps

Umhverfisgildi: Hátt gildi

Fjölbýlishúsin við Eskihlíð mynda sterka skipulagslega heild og samfellu meðfram götu ???. Þeim er skipað reglulega í 45° stefnu gagnvart götu með aðkomu og bílastæði norðaustan megin og garðsvæði í suðvestur. Svipmót er mjög heildstætt hvað varðar afstöðu og fyrirkomulag á lóð, hæðir húsa og hlutföll en byggingarstíll er fjölbreytilegur.

Upprunaleg gerð: Hátt gildi

Húsin eru mjög upprunaleg að gerð og nánast engar breytingar hafa verið gerðar á þeim.



Eskihlíð 16



Eskihlíð 22



Eskihlíð 6-6a-6b

Myndir: Bragi Þór Jósefs

Niðurstaða varðveislumats:

*Fjölbýlishúsaröðin hefur **hátt varðveislugildi** sem heildstæð röð fjölbýlishúsa hvað varðar hæðir, afstöðu gagnvart götu og stíleinkenni. Byggðin ber vitni um þær breytingar og mótun sem áttu sér stað í íslenskri byggingarlist á 5. og 6. áratugnum eða milli 1946 og 1957.*
Skipulag svæðisins er byggt á upprunalegum hugmyndum um skipulag íbúðabyggðar í Hlíðum vestan Lönguhlíðar. Heildarsvipmót húsanna hefur haldist mjög vel þar sem nánast engar breytingar hafa verið gerðar á þeim.

Lagt er til að reiturinn njóti hverfisverndar í gulum flokki, sem felur í sér varðveislu á svipmóti byggðarinnar og þeim sameiginlegu einkennum sem móta heildstætt yfirbragð hennar. Mikilvægt er að standa vörð um byggðina sem eina órofa heild og tryggja heildstæða vernd á svipmóti hennar og mælikvarða í deiliskipulagi.

Hverfisvernd nái til mælikvarða, hlutfalla og hæðar húsa, auk ásýndar þeirra með sérstaka áherslu á ásýnd að götu. Með ásýnd er átt við upprunalegt útlit húsa s.s. efnisval, áferð og liti, gluggagerðir, þakgerð, þakkant, svalir, mynstur/uppbrot og frágang við lóðamörk, svo sem garðveggi og girðingar, sbr. almenn hverfisverndarákvæði fyrir gulan verndarflokk.

Í eftirfarandi töflu er listi yfir fjölbýlishúsin við Eskihlíð, byggingarár og höfunda þeirra:

Staðsetning	**Byggingarár**	**Hönnuður**	**Starfsheiti**
Eskihlíð 6-6a-6b	1956.	Ágúst Pálsson	arkitekt
Eskihlíð 8-8a	1955	Sigmundur Halldórsson	húsameistari/ arkitekt ****
Eskihlíð 10-10a	1958	Sigmundur Halldórsson	húsameistari/ arkitekt****
Eskihlíð 12-12a-12b	1946	Sigurður Guðmundsson og Eiríkur Einarsson	arkitektar
Eskihlíð 14-14a	1946	Guðmundur H. Þorláksson	byggingameistari
Eskihlíð 16-16a-16b	1947	Guðmundur H. Þorláksson	byggingameistari
Eskihlíð 18-18a	1956	Ágúst Steingrímsson	byggingafræðingur
Eskihlíð 20-20a	1957	Ágúst Steingrímsson	byggingafræðingur.
Eskihlíð 22-22a	1959	Þórir Baldvinsson	arkitekt

3 HLÍÐAR

3.2 Hlíðarhverfi

3.2.6 Fjölbýlishús við Stigahlíð

Afmörkun: Stigahlíð 2-36 (sléttar tölur)
Byggingarár: 1956-1962
Húsgerð: Fjölbýlishús, 4 hæðir með lágreistu þaki. Útveggir steinaðir en málaðir fletir á svölum og við inngang.
Skipulagsuppdráttur: Uppdráttur Þórs Sandholts frá 1954 sem byggir að hluta á uppdrætti Einars Sveinssonar húsameistari Reykjavíkur, Bolla Thoroddssens og Þórs Sandholts frá 1946.

Mat á varðveislugildi



Borgarvefsjá – kortagrunnur LUKR / loftmynd 2022.07.20


Mynd: Bragi Þór Jósefs

Þau sameiginlegu einkenni fjölbýlishúsanna sem móta heildstætt yfirbragð þeirra og ber að varðveita eru:

- *byggingarstíll – hæð húsa, form og hlutföll*
- *skipulaghugmynd - afstaða húsa á lóð og ásýnd gagnvart götu*
- *áferð/ásýnd/litir yfirborðs útveggja s.s. stein- eða skeljasandsmulningur í sem næst upprunalegum lit*
- *upprunaleg útfærsla á þakformi og þakkanti*
- *timburgluggar og upprunalegt útlit glugga*
- *upprunalegar svalir án svalalokana*





Stigahlíð 30-36

Myndir: Bragi Þór Jósefs

Byggingarlistalegt gildi: Miðlungs gildi

Fjölbýlishúsin við Stigahlíð eru í fúnkisstíl sem mætti kalla „norrænan fúnkis“, fjögurra hæða, steinsteypt með steinaðri veggáferð, en sléttpússaðir málaðir fletir eru við innganga og á svölum. Húsin eru byggð í vinkil og mynda skjólgóð útisvæði til suðvesturs. Þak er ósamhverft, lágreist mænisþak og sperruendar eru sýnilegir undir þakkanti. Hagkvæmni, notagildi og einfaldleiki er ráðandi við hönnun húsanna. Hönnuður húsanna við Stigahlíð 6-36 var Tómas Vigfússon byggingarmeistari en húsið Stigahlíð 2-4 er byggt eftir teikningu Sigmundar Halldórssonar húsameistara í örlítið frábrugðinni útfærslu en efnismeðferð, hæð og útlitseinkenni eru þau sömu.

Menningarsögulegt gildi: Hátt gildi

Fjölbýlishúsaröðin við Stigahlíð 6-36 (sléttar tölur) var byggð á árunum 1956-1962 og er eitt af þeim metnaðarfullu verkefnum sem Byggingafélag verkamanna réðst í til að koma á móts við þann mikla húsnæðisskort sem var til staðar á þeim tíma. Fjölbýlishúsin risu samkvæmt skipulagi sem var samþykkt í bæjarráði árið 1954, en hugmyndin um fjölbýlishús á þessum stað meðfram Miklubraut, byggði á skipulagshugmyndum um hærri fjölbýlishús meðfram umferðaræðum m.a. til að skerma aðra smágerðari byggð í hverfum borgarinnar.





Stigahlíð 30-36.

Myndir: Bragi Þór Jósefs

Umhverfisgildi: Hátt gildi

Fjölbýlishúsin við Stigahlíð 6-36 mynda sterka skipulagslega heild, þar sem hvert hús er byggt í vinkil og myndar þannig skjólgott og bjart garðsvæði sem opnar sig til suðvesturs. Saman mynda þessi hús heildstæða götumynd og eru sterkt kennileiti meðfram Miklubraut.

Upprunaleg gerð: Hátt gildi

Húsin eru óbreytt að öðru leyti en því að á hornum tveggja húsanna hefur verið sett klæðning utan á efsta hluta veggjar.







Stigahlíð 30-36. Stigahlíð 2-4 Myndir: Bragi Þór Jósefs

Niðurstaða varðveislumats: Hátt gildi

*Fjölbýlishúsaröðin hefur **HÁTT varðveislugildi** sem heildstæð húsaröð hvað varðar hæðir, afstöðu gagnvart götu og stíleinkenni. Byggðin reis á árunum kringum 1960 og er í fúnkisstíl, útveggir eru steinaðir og þak lágreist mænisþak. Skipulag svæðisins er byggt á skipulagsuppdrætti fyrir byggð austan Stakkahlíðar frá 1954 en hugmyndir um fjölbýlishús á þessum stað komu upphaflega fram á skipulagsdrögum Einars Sveinssonar húsameistara Reykjavíkur, Bolla Thoroddsens og Þórs Sandholts um skipulag íbúðabyggðar í Hlíðum austan Lönguhlíðar. Heildarsvipmót reitsins hefur haldist mjög vel, en litlar sem engar breytingar hafa verið gerðar á húsunum.*

Lagt er til að fjölbýlishúsin við Stigahlíð 2-36 njóti hverfisverndar í gulum flokki, sem felur í sér varðveislu á svipmóti byggðarinnar og þeim sameiginlegu einkennum sem móta heildstætt yfirbragð hennar. Mikilvægt er að standa vörð um byggðina sem eina órofa heild og tryggja heildstæða vernd á svipmóti hennar og mælikvarða í deiliskipulagi.

Hverfisvernd nái til mælikvarða, hlutfalla og hæðar húsa, auk ásýndar þeirra með sérstaka áherslu á ásýnd að götu. Með ásýnd er átt við upprunalegt útlit húsa s.s. efnisval, áferð og liti, gluggagerðir, þakgerð, þakkant, svalir, mynstur/uppbrot og frágang við lóðamörk, svo sem garðveggi og girðingar, sbr. almenn hverfisverndarákvæði fyrir gulan verndarflokk.

Höfundar fjölbýlishúsanna eru Tómasi Vigfússon húsasmíðameistari (Stigahlíð 6-36) og Sigmundur Halldórsson húsameistari (Stigahlíð 2-4).

3 HLÍÐAR

3.2 Hlíðarhverfi

3.2.11 Suðurhlíðar

Afmörkun heildar: Bústaðavegur, Kringlumýrarbraut, Sléttuvegur og Suðurhlíðar.
Byggingarár: 1982-1985
Skipulag: Deiliskipulag frá 1982, unnið af Valdísi Bjarnadóttur arkitekt (Vinnustofan Þverá).
Húsgerð: Þétt lágreist byggð sérbýlishúsa, lítilla sambýlishúsa og raðhúsa/parhúsa.

Mat á varðveislugildi



Borgarvefsjá: Kortagrunnur LUKR /



Mynd: Bragi Þór Jóseps

Þau sameiginlegu einkenni byggðarinnar sem móta heildstætt yfirbragð hennar og ber að varðveita eru:

- *lögun og hæð húsanna (lágreist byggð)*
- *stöllun í hæð húsa og á lóð*
- *málaðir steinsteyptir útveggir*
- *mænisþak og þakhalli bundinn*
- *afgerandi skilmálar um kvisti*
- *vistgötur og gróðursælt umhverfi*



Dæmi um kvisti í Suðurhlíðum

Myndir: Bragi Þór Jóseps

Byggingarlistalegt gildi: Miðlungs gildi

Hverfið er samsett af afmarkaðri, lágreistri og þéttri byggð einnar til tveggja hæða einbýlishúsa, parhúsa og raðhúsa sem öll bera svipuð útlitseinkenni. Fjölbreytileiki í útfærslum einstakra húsa, áberandi þök, efnismiklir þakkantar og mismunandi útlit kvista og glugga jafnvel á sama húsi, eru einkennandi fyrir hverfið. Í byggingarstíl húsanna má sjá áhrif frá póstmódernisma en hann varð til sem eins konar mótvægi við módernisma 6. og 7. áratugarins í Evrópu. Eitt af fyrstu húsunum sem reist voru á reitnum (Reynihlíð 13-17) var hannað af Valdísi Bjarnadóttur arkitekt, en það hús er gott dæmi um hvaða hugmyndir skipulagshöfundur hafði um húsin en það ásamt nokkrum öðrum hefur mun léttara yfirbragð þar sem gott jafnvægi ríkir í formgerð og hlutföllum.



Reynihlíð 13-17



Víðihlíð 11-15

Myndir: Bragi Þór Jósefs



Víðihlíð 9



Beykihlíð 17-19

Myndir: Bragi Þór Jósefs

Menningarsögulegt gildi: Hátt gildi

Skipulag Suðurhlíða byggir á „tæt-lav“ hugmyndafræðinni sem algeng var á Norðurlöndum á 8. og 9. áratug 20. aldar. „Tæt-lav“ einkenndist af afmarkaðri þéttri og lágreistri byggð lítilla sambýlishúsa sem höfðu mörg einkenni og kosti sérbýlishúsa en heimild var fyrir fleiri en einni íbúð í hverju húsi (fjölskylduhús). Bílar áttu að vera víkjandi fyrir hjólandi og gangandi umferð (vistgötur) og leiksvæði sameiginleg. Markmiðið var m.a. öruggt nærumhverfi og sterkt nágrannasamfélag. Suðurhlíðar eru eitt heildstæðasta slíka hverfið í Reykjavík.



https://lukrskjol.reykjavik.is/skipulagssja/upplysingar/DSK_PDF/Sudurhlidar_28_11_1989.pdf

Umhverfisgildi: Miðlungs gildi

Skipulag Suðurhlíða byggir á „þétt-lágreist“ („tæt-lav“) hugmyndafræðinni, en hún átti töluverðu brautargengi að fagna á Norðurlöndum á 9. áratug síðustu aldar. Suðurhlíðar eru aftengdar öðrum íbúðahverfum með stórum umferðaræðum og af þeirri ástæðu lagði höfundur skipulagsins áherslu á að skapa heillegt hverfi með góðum innbyrðis tengslum. Skýrir skilmálar um þakgerð, þakhalla og hæðir húsa eiga stóran þátt í að móta sameiginleg einkenni húsanna á reitnum og gefa hverfinu ákveðið heildaryfirbragð. Andstætt „tæt-lav” hugmyndafræðinni hefur einkabíllinn fengið mikið vægi í Suðurhlíðum en bílskúrar standa gjarnan í röðum fremst við götu og verða því mjög áberandi í götumynd hverfisins.





Upprunaleg gerð: Miðlungs gildi

Þrátt fyrir breytingar á einstaka húsum og þann fjölbreytileika sem ríkir í útfærslu þeirra hefur hverfið mjög heildstætt yfirbragð. Hverfið er ekki viðkvæmt fyrir lítilsháttar breytingum innan skilmála skipulagsins.

Niðurstaða varðveislumats:

*Hverfið hefur **MIÐLUNGS til HÁTT varðveislugildi** sem heildstætt, fastmótað hverfi þar sem greina má aukin áhrif póstmódernisma á útlit húsa s.s. í fjölbreyttari formgerðum í gluggum, þaki, þakkanti, kvistum og svölum. Skipulag svæðisins byggir á hugmyndum um „þétta og lágreista byggð“ („tæt-lav“) þar sem reynt er að sameina gæði sérbýlis og hagkvæmni fjölbýlis með þéttri byggð einnar til þriggja hæða raðhúsa, parhúsa eða stakstæðra húsa með fleiri en einni íbúð. Íbúðir eru yfirleitt fjölbreyttar að stærð og garðrými aðgengilegt frá öllum íbúðum. Vegna skilmála um hæðir og þakgerð og óreglulegs fyrirkomulags húsa og gatna, hefur heildarsvipmót hverfisins haldist vel.*

Ekki er lagt til að Suðurhlíðar verði hverfisverndaðar en fágæti skipulagshugmyndarinnar og óreglulegt fyrirkomulag gatna og húsa gefur hverfinu ákveðna sérstöðu.

Skilmálar upphaflegs skipulags eru mjög skýrir og lagt er til að þeir verði áfram hafðir til viðmiðunar við breytingar og viðbyggingar.

Dæmi um hús sem teljast góð byggingarlist og/eða upprunalegar einkennandi húsagerðir:

Staðsetning	Byggingarár	Hönnuður	Starfsheiti
Reynihlíð 13-17	1983	Valdís Bjarnadóttir	arkitekt
Víðihlíð 27-33	1982-83		arkitekt
Víðihlíð 36-42	1983		arkitekt
Víðihlíð 8-10	1982		arkitekt
Víðihlíð 12-14	1983-84		arkitekt
Birkihlíð 14	1984		arkitekt
Beykihlíð 21-25	1984		arkitekt

Fylgiskjal 3: Húsaskrá – Friðlýst hús [Í vinnslu]

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Fylgiskjal 4: Húsaskrá – Friðuð hús [Í vinnslu]

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Fylgiskjal 5: Húsaskrá – Umsagnarskyld hús [Í vinnslu]

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Fylgiskjal 6: Húsaskrá – Hús og húsaraðir sem lagt er til að hverfisvernda í rauðum flokki [Í vinnslu]

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Fylgiskjal 7: Heildarkort yfir hverfisvernd minja: Yngri minja, húsa og hverfisheilda [Í vinnslu]

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Lokadrög 26.10.2023 – Með fyrirvara um prófarkalestur og lokalagfæringar – Fylgiskjöl í vinnslu

Háteigshverfi (3.1)[521] [Færa inn verndarsvæði yngri minja] [Lagfæra skýringar]



[521] Kort úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla: Þórarinn Jón Jóhannsson, umhverfis- og skipulagssviði.

Hlíðahverfi (3.2)[522] [Færa inn verndarsvæði yngri minja] [Lagfæra skýringar]



[522] Kort úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla: Þórarinn Jón Jóhannsson, umhverfis- og skipulagssviði.

Öskjuhlíðarhverfi (3.3)[523] [Færa inn verndarsvæði yngri minja] [Lagfæra skýringar]



[523] Kort úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla: Þórarinn Jón Jóhannsson, umhverfis- og skipulagssviði.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur

190 Sólrún Inga Traustadóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2017.* Rvk. 2018.

191 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning á efnisvinnslusvæði við Álfsnesvík Þerneyjarsundi.* Rvk. 2018.

192 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna athafnasvæðis á Hólmsheiði.* Rvk. 2018.

193 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Köllunarklettur Þ47. Héðinsgata, Köllunarklettsvegur, Sundagarðar, Sæbraut.* Rvk. 2018.

194 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Stórahnjúk Úlfarsfelli.* Rvk. 2018.

195 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á bæjarstæði Mógilsár.* Rvk. 2019.

196 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Dunhagi, Hjarðarhagi, Tómasarhagi. Fornleifaskrá og húsakönnun.* Rvk. 2019.

197 Sólrún Inga Traustadóttir o.fl.: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2018.* Rvk. 2019.

198 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Sjómannaskólareitur. Nóatún, Háteigsvegur, Vatnsholt, Skipholt. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.

199 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á lóð fyrir innsiglingamerki á Gufuneshöfða.* Rvk. 2019.

200 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Nauthólsvík og Nauthólsvíkurvegur. Fornleifaskrá og húsakönnun.* Rvk. 2019

201 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á hluta jarðarinnar Jörfa á Kjalarnesi vegna deiliskipulags.* Rvk. 2019.

202 Sólrún Inga Traustadóttir, Almar Smári Óskarsson, Anna Soffía Ingólfsdóttir, Björn Ari Örvarsson, Ísak Freyr Valsson, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir, Katrín Alda Ámundadóttir, Snædís Sunna Thorlacius: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Framvinduskýrsla 2019.* Rvk. 2020.

203 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Alma Sigurðardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Elliðaárdalur. Fornleifaskrá og húsakönnun.* Rvk. 2020.

204 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Nýi-Skerjafjörður. Fornleifaskrá og húsakönnun.* Rvk. 2021.

205 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Göngustígur í Öskjuhlíð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.

206 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Skúlagata – Frakkastígur 1. Fornleifaskrá.* Rvk. 2020.

207 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir:. *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi austur að Hólmsá. Fornleifaskrá.* Rvk. 2020.

208 Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Veðurstofuhæð*. *Húsakönnun*. Rvk. 2021.

209 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Veðurstofuhæð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2022.

210 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Laugavegur sem göngugata 2. áfangi*. Fornleifaskrá. Rvk. 2021.

211 Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Ártúnshöfði. Svæði 1-4. Húsakönnun*. Rvk. 2021.

212 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir*: Ártúnshöfði. Fornleifaskrá.* Rvk. 2021.

213 Sólrún Inga Traustadóttir, Ásta Rakel Viðarsdóttir, Þóra Kristín Briem, Jakob Kristján Þrastarson, Ögn Þórarinsdóttir*: Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2020.* Rvk. 2021.

214 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Holtsgata 10-12 og Brekkustígur 16. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2021.

215 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskrá. Vesturgata - Framkvæmdarsvæði frá Stýrimannastíg að Bræðraborgastíg og þaðan niður að Hlésgötu*. Rvk. 2021.

216 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir, María Gísladóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 6 – Breiðholt*. Rvk. 2021.

217 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Rauðhólar. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.

218 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Sörlaskjól. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.

219 Sólrún Inga Traustadóttir, Albína Hulda Pálsdóttir, Brynja Árnadóttir, Gavin Lucas, Sigþór Bjarmi Geirsson, Torbjörn Brorsson*: Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2021.* Rvk. 2022.

220 Salvör Jónsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Stúdentagarðar við Eggertsgötu. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2022.

221 Alma Sigurðardóttir *KR-svæðið – Frostaskjól 2-6. Húsakönnun.* Rvk. 2022.

222 Salvör Jónsdóttir: *Keldur og Keldnaholt. Húsakönnun*. Rvk. 2022.

223 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir, Guðlaug Erna Jónsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2023.

224 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskrá. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2023.

225 Sólrún Inga Traustadóttir, Daníel Freyr Ívarsson, Guðrún M. Eyfjörð Skarphéðinsdóttir, Ingvar Örn Magnússon, Jóhanna Teuffer, Margrét Rós Svansdóttir: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2022.* Rvk. 2023.

226 Guðlaug Erna Jónsdóttir og Salvör Jónsdóttir*: Bensínstöðvar á uppbyggingarlóðum. Húsakönnun*. Rvk. 2023.

227 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Leirtjörn vestur. Fornleifaskrá*. Rvk. 2023.

Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Kópavogi, 21. nóvember 2023
23111092/501.00 KH

Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðahverfi. Umsagnarbeiðni.

Á fundi skipulagsráðs 20. nóvember 2023 var lögð fram umsagnarbeiðni Reykjavíkurborgar dags. 16. nóvember 2023 vegna tillögu að nýju hverfisskipulagi.

Bókun skipulagsráðs:
Lagt fram. Skipulagsráð gerir ekki athugasemdir við framlagt erindi.

Virðingarfyllst,
f.h. skipulagsfulltrúa
Karlotta Helgad.

Karlotta Helgadóttir
Ritari skipulagsdeildar

Vegna: Máls nr. 0873/2023, Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Ég er með almenna athugasemd varðandi hverfisskipulagið þar sem Reykjavíkurborg virðist leggja áherslu á að þétta byggð enn frekar (nýja íbúðabyggðin við Hlíðarenda og með því að nýta stórar lóðir til að byggja fleiri hús). Ég fann hinsvegar hvergi áætlun um að styrkja innviði samhliða þessari fólksfjölgun í hverfinu. Er það raunin?

Leik- og grunnskólar eru nú þegar með hámark nemenda og eru leikskólarnir með langa biðlista (eins og annarsstaðar í borginni). Reykjavíkurborg verður að gera ráð fyrir því fólki sem á að búa í nýju íbúðunum og að þau þurfi að öllum líkindum að nýta innviði sem þessa.

Í stað þess að henda upp bráðabirgðalausnum með stuttum fyrirvara líkt og að byggja skúra á skólalóðum eða lofa leikskólaplássum í leikskólum sem er ekki enn búið að byggja þarf að gera ráð fyrir íbúum borgarinnar samhliða uppbyggingu hverfa. Börnin okkar og barnafjölskyldur eiga ekki að vera seinastar á forgangslistanum.

Höfundur: Iðunn Svala Árnadóttir/[redacted]

Sent inn þann: 10.01.2024

Vegna: Máls nr. 0873/2023, Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Samkvæmt Nýju leiðaneti Strætó þá mun Borgarlínan fara eftir Kringlumýrarbraut á milli Miklubrautar og Suðurlandsbrautar/Laugavegar. Það vantar að sýna þetta á kortum.

Samkvæmt Nýju leiðneti Strætó þá munu almenningssamgöngur ekki ganga inn Hamrahlíðina frá Kringlumýrarbraut. Vantar að laga kort.

Almennt, í orðskýringum þá mætti fjalla um almenningssamgöngur og segja að bæði strætisvagnar og borgarlínuvagnar munu þjóna almenningi. Þannig væri hægt að nota bara orðið almenningssamgöngur. Almennt í texta þá er annaðhvort nefnt Strætó, Borgarlínan eða almenningssamgöngur.

Á kortum er hluti Kringlumýrarbrautar, rétt er að minna á að gatan er í eigu og umsjá Vegagerðarinnar og verður að hafa gott samráð varðandi breytta skilgreiningu á götunni.

Höfundur: Hallbjörn Reynir Hallbjörnsson [redacted]

Sent inn þann: 11.01.2024 , **Fyrir hönd:** Borgarlína

Veðurstofa Íslands

Reykjavíkurborg
Bt Þuríði Maríu Guðmundsdóttur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Dags. 15. janúar 2024
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2024-0033

Með erindi dags. 4. janúar sl. óskaði Reykjavíkurborg eftir umsögn Veðurstofu Íslands um hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðarhverfi og Öskjuhlíðarhverfi.

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemd við hverfisskipulag þetta.

Virðingarfyllst,
fh. Veðurstofu Íslands



Hlíf Sævarsdóttir
Sérfræðingur á rekstrarsviði

Vegna: Máls nr. 0873/2023, Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Frá Isavia Innanlandsflugvöllum

Isavia vekur athygli á að umhverfis Reykjavíkurflugvöll gilda skipulagsreglur sem settar voru 23. júlí 2009. Í skipulagsreglum eru settar fram ákveðnar kvaðir sem gilda við og umhverfis flugvelli m.a. hindranfletir flugvallar. Hindranafletir setja ákveðnar kröfur varðandi hæðir mannvirkja og gróðurs nærri flugvellinum. Taka þarf tillit til þessa við skipulagsgerðina en ekki er að sjá að það sé gert þrátt fyrir að kveðið sé á um það í lögum. Sjá nánar lög um loftferðir nr. 80/2022.

Virðingarfyllst
Sigrún Björk Jakobsdóttir, framkvæmdastjóri

Höfundur: Sigrún Björk Jakobsdóttir/[redacted]

Sent inn þann: 15.01.2024

Reykjavík, 23. janúar 2024

Efni: Umsögn Strætó bs. um *Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi*

Meðfylgjandi eru athugasemdir Strætó við tillögu að hverfisskipulagi í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi.

Skjal 3.1. Háteigshverfi

Mynd á bls. 39
Liturinn á hjólastígum og leiðum almenningssamgangna er of líkur. Erfitt er að greina hvort það sé gert ráð fyrir almenningssamgöngum í Harmahlíðinni t.d.

Hvernig er stöðvar á kortinu valdar sem lykilstöðvar? Næstum allar stöðvar eru merktar þarna inn en samt ekki allar. Betra væri að sýna annaðhvort allar stöðvar eða örfáar lykilstöðvar. Mikilvæg stöð verður t.d. við gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar sem ekki er sýnd. Þetta á einnig við um sambærileg kort í skjölum 3.2. og 3.3.

Stöðin á Kringlumýrarbraut er teiknuð norðan við Hamrahlíð. Sú staðsetning hentar leiðakerfinu í heild ekki nægilega vel þar sem gert er ráð fyrir öflugum skiptipunkti við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Verður þá of stutt á milli stöðvanna, sér í lagi þar sem um er að ræða Borgarlínuleið (leið D í Nýju leiðaneti). Það hentar leiðakerfinu betur að hafa stöðina nær Listabraut, stöðin væri þá innan borgargötu. Þetta á einnig við um sambærileg kort í skjölum 3.2. og 3.3.

Snorrabraut er ekki merkt inn á kortið sem Borgargata en samt talað um hana sem Borgargötu í textanum á bls. 40. Langahlíð er teiknuð sem Borgargata en ekki talað um í textanum.
Borgargöturnar í hverfinu eru að mestu ekki þar sem almenningssamgöngur liggja og því ekki hægt að ná því markmiði að staðsetja lykilstöðvar almenningssamganga við þær.

Skjal 3.2 Hlíðahverfi

Bls. 43 – Talað er um Hamrahlíð sem Borgargötu en hún er ekki merkt með bláu inn á kortið

Bls. 19
Í textanum stendur: “Aðgengi er mjög gott að almenningsvögnum víðast í hverfinu og gert er ráð fyrir að það haldist. Síst er aðgengið úr Suðurhlíðum. Flestar strætóleiðir keyra í jöðrum hverfisins, á Miklubraut, Kringlumýrarbraut og Bústaðavegi, auk þess sem ein gengur í gegnum eldri hluta hverfisins”

Strætó bs.
Hesthála 14
110 Reykjavík
S. 540-2700
strætó.is

Hér er líklega verið að tala um leið 13 sem ekur í dag Hamrahlíð. Í Nýju leiðaneti er ekki gert ráð fyrir leið í Hamrahlíð. Áfram verða leiðir í jöðrum hverfisins.

Skjal 3.3 Öskjuhlíðarhverfi

Borgargötur eru ekki inni á korti

Skjal 3.1. Háteigshverfi – Hverfisskipulagsuppdr.
Í textanum um samgöngur stendur: „Miðstöð almenningssamgangna verður á gatnamótum Miklubrautar og Bústaðavegar/Snorrabrautar“. Þarna er ekki planið að verði miðstöð almenningssamgangna heldur mikilvæg skiptistöð á hnútpunkti í leiðakerfinu þar sem hægt verður að skipta á milli leiða til að fara í mismunandi áttir. Þetta á líka við um sambærilegan texta í skjali 3.2.

Talað er um sérrými fyrir almenningssamgöngur á Snorrabraut. Frábært að gert sé ráð fyrir því.

Skjal 3.2. Hlíðahverfi – Hverfisskipulagsuppdr.

Í textanum um samgöngur stendur: „… og leiðir Borgarlínu fara í sérrými eftir Miklubraut“. Það má alveg bæta hér við „… og Kringlumýrarabraut“

Virðingarfyllst,
Skipulagsdeild Strætó bs.

Vegna: Máls nr. 0873/2023, Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Hverfisskipulagið tekur til viðbygginga á eldri hús, staðsetningu fyrir sorp, og annars sem getur talist til hönnunar eða útfærslu. Í stuttu máli fjallar hverfisskipulagið svokallaða um hönnun og útfærslur en er ekki eiginlegt skipulag sem stjórntæki um borgarlíf sem leiðir til sjálfbærrar þróunar. Sem dæmi má taka að það er markmið borgarinnar að skipulag stuðli að sjálfbærum hverfum þar sem fólk fer sem mest gangandi og hjólandi til að sinna nauðsynjum og þar sem góður andi getur skapast milli íbúanna. Ekkert er fjallað um slíkt í umræddu hverfisskipulagi. Hlíðar eru staðsettar er hverfi með fremur háan íbúaþéttleika nálægt stærsta þjónustukjarna Höfuðborgarsvæðisins. Sem slíkt hverfi ætti skipulag að byggja undir að miklu fleiri íbúar hverfisins geti lifað bíllausum lífsstíl. Þá þarf að undirbyggja með skipulagi að leggja grunn að staðsetningu lágvöruverslunar og mikilvægrar þjónustu á þeim stað eða stöðum í hverfinu sem liggur best við að fólk fari gangandi og hjólandi. Einnig er þörf á að stuðla að samkomustað í hverfinu í formi m.a. kaffihúss ofl. þess háttar. Út frá íbúaþéttleika og miðlægrar staðsetningar slíks kjarna sem tekur mið af virkum samgöngumátum ætti að horfa á miðju Lönguhlíðar sunnan Miklubrautar. Staðan í dag er þannig að mjög margir íbúar hverfisins virðast fara nauðsynlegra erindagjörða á bíl, þrátt fyrir fremur háan íbúaþéttleika. Í hverfinu er lítið um að vera á gðtum og þeir fullir af bílum og slegist um bílastæði. Skipulag er stjórntæki sem snýst um m.a. að skapa umgjörð um samfélag, hafa áhrif á félagsleg samskipti, stuðla að góðri lýðheilsu og hafa áhrif á hegðun fólks eins og hún yrði til góðs fyrir umhverfi og samfélag til lengri tíma. Sé forsvarsfólki hverfisskipulagsins ekki nægilega ljóst þetta hlutverk skipulags er þeim hér með boðið til samtals við undirritaða.
Með kveðju, Dr. Harpa Stefánsdóttir prófessor í skipulagsfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands

Höfundur: Harpa Stefánsdóttir [redacted]

Sent inn þann: 26.01.2024

Vegna: Máls nr. 0873/2023, Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi (Kynning tillögu)

Athugasemd:

Sjá meðfylgjandi skjal

Höfundur: Finnur Sigurðsson/[redacted]

Sent inn þann: 29.01.2024

Klambratún er mjög mikilvægt útivistarsvæði fyrir Hlíðar og þarf að nýtast íbúum á öllum aldri sem best. Núna er þar folfvöllur, sem er vissulega skemmtilegt fyrir þá sem það stunda, en er ekki gott fyrir aðra hópa sem vilja njóta þar útiveru. Þú þarft alltaf að hafa varann á að fá ekki folfdisk í þig og það getur skapað togstreitu og stress. Það þyrfti að finna annan betri stað fyrir folfvöll, á sér svæði, ef Klambratún á að vera staður fyrir alla til að njóta sín. Klambratún getur nýst í margt annað sem gæti höfðað til mun fleiri hópa.
Tillögur um hundagarð í norðaustur horni garðsins eru sömuleiðis lítið til gagns fyrir aðra en hundaeigendur og það svæði færi betur á að nýta í eitthvað sem þjónar mun stærri hópi.
Ellert Þór Jóhannsson kom með góðar athugasemdir í sinni umsögn um svæðið.

Ég hef gengið mikið um Klambratún á flestum tímum sólarhrings allan ársins hring. Svæðið sem ég merki hér á myndinni er fallegasta svæði garðsins með tilliti til útsýnis og sólargangs. Þar er sól langt fram á kvöld á sumrin. Ég hef þó orðið var við að fólk nýtir svæðið lítið eins og staðan er í dag. Þarna væri hins vegar tilvalið að hanna svæðið þannig að Hlíðabúar, sem og aðrir borgarbúar, ungir sem aldnir, gætu komið saman á góðviðris- og sólardögum (sem og öðrum dögum allan ársins hring). Það væri frábært að koma upp kaffihúsi sem væri mjög opinn (með glerveggjum eða stórum gluggum) og stórt útisvæði með stólum og borðum allt um kring. (Mér myndi þykja það hæfa þessu svæði vel að hafa húsið kringlótt.) Mikilvægt væri að börn hefðu nóg um að vera á meðan, til dæmis væri hægt að gera baðlaug, fótalaug og/eða gosbrunn. Þarna væri líka mikilvægt að hafa almenningsklósett einhvers staðar á svæðinu. Það er búið að tala mikið um það á hverfisgrúppum á Facebook að það vanti kaffihús í hverfið. Þessi staður er algjörlega miðsvæðis í Hlíðunum og besti staðurinn fyrir slíka uppbyggingu að mínu mati. Mikilvægt er að aðgengi á rafskútum væri gott og gert ráð fyrir stæði fyrir þær.



Núverandi kaffihús á Kjarvalsstöðum mun ekki nýtast vel sem svona samkomustaður, meðal annars vegna þess að þaðan er sól farin í hvarf mjög snemma, aðgengi er lélegt og ekki hægt að laga þannig að vel sé. Nýlega var sett upp hellulagt torg fyrir neðan Kjarvalsstaði sem virðist vera lítið nýtt, en þar væri einmitt möguleiki á að koma fyrir til dæmis fyrrnefndum laugum (fótalaug og/eða gosbrunn).

Annað sem mig langar að stinga upp á er baðstaður í Reykjavík þar sem fólk getur komið saman og fengið sér drykk. Reynslan af t.d. Sky Lagoon og sjóböðunum á Húsavík sýnir okkur þörfina fyrir stað þar sem fólk getur á góðviðrisdögum baðað sig í heitu vatni og notið veitinga á meðan. Ísland er þekkt fyrir heitt vatn og baðlón og með aðgengi að öllu þessu heita vatni er kjörið tækifæri til uppbyggingar á slíkum baðstöðum, þar sem heimamenn geta jafnvel keypt árskort fyrir lítinn pening.

Tilvalinn staður hér í Reykjavík væri í mýrinni niðri við Nauthólsvík, fyrir neðan hof Ásatrúarfélagsins sem þar er í byggingu. Staðurinn er skjólsæll, frábært útsýni yfir Fossvoginn og góðar samgöngur þegar Borgarlínan er komin. Það þyrfti ekki vera jafnmiklu kostað til og t.d. í Sky Lagoon, aðalmálið væri að geta farið í heita potta eða laugar og notið veitinga, í skjóli með frábært útsýni allan ársins hring, eins og t.d. Secret Lagoon á Flúðum. Þó að það yrði kannski dýrara í slíka laug en í aðrar almenningssundlaugar í Reykjavík væri hægt að bjóða upp á að kaupa t.a.m. 10 miða kort eða árskort. Það myndi fyrst og fremst þjónusta íbúa Reykjavíkur, líkt og aðrar almenningssundlaugar. Hér að neðan má sjá mynd með tillögu að því hvaða svæði mætti nýta til slíkrar uppbyggingar:



Holtatorg býður upp á marga skemmtilega möguleika. Þó eru nokkur atriði sem þyrfti að skoða betur m.t.t. Íslensks veðurfars. Sól og skjól skiptir Íslendinga afar miklu máli á sumrin, því hér er oft vindur og mjög sjaldan verulega hlýtt. Hús Seðlabankans sem stendur vestan við torgið mun skyggja á sól á a.m.k. svæðisins seinni part dags, eftir að vinnudegi lýkur hjá þorra fólks. Það veitir ekki heldur mikið skjól fyrir vindi á torginu þar sem vindur kemur sjaldnast úr þeirri átt (meiri þörf er t.d. á skjóli fyrir norðanátt víðast hvar í Reykjavík).

Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.
henny@minjastofnun.is

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi
Borgartún 12-14
105 Reykjavik

Reykjavík, 30. janúar 2024
*MÍ*202311-0091/ 6.09 / 0645

Efni: Borgarhluti 3, Hlíðar - Hverfisskipulag fyrir Háteigshverfi, Hlíðarhverfi og Öskjuhlíðarhverfi.

Minjastofnun Íslands barst tölvubréf skipulagsgáttarinnar dagsett 16. nóvember sl., þar sem fram kom að Reykjavíkurborg óskaði eftir umsögn stofnunarinnar um tillögu að Hverfisskipulagi fyrir Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi, mál nr. 0873/2023. Meðfylgjandi erindinu voru greinargerðir, stefnur, skipulagsskilmálar og skipulagsuppdrættir, unnið af Reykjavíkurborg, Kanon arkitektum, Teiknistofunni Tröð og VSÓ ráðgjöf, dagsett 31.10.2023. Einnig fylgdi erindinu *Byggðarkönnun Borgarhluti 3 – Hlíðar*, unnin af Borgarsögusafni Reykjavíkur árið 2023, skýrsla nr. 223 ásamt skýrslu um íbúaþáttöku og samráð dagsett 31.10.2023 og verklýsing hverfisskipulagsgerðar – Hlíðar, dagsett 30.10.2015.

Borgarhluta 3 – Hlíðar er skipt í þrjú hverfi, Háteigshverfi, Hlíðarhverfi og Öskjuhlíðarhverfi. Hverfunum er skipt upp í skilmálaeiningar og þróunarsvæði á eftirfarandi hátt:

- 3.1 Háteigshverfi: Afmarkast af Miklubraut til suðurs, Snorrabraut til vesturs, Laugavegi til norðurs og Kringlumýrarbraut til austurs, u.þ.b. 124 ha.. Svæðinu er skipt upp í 30 skilmálaeiningar þar af eru 10 þróunarsvæði.
- 3.2 Hlíðahverfi: Afmarkast af Miklubraut til norðurs, Bústaðavegi og Fossvogskirkjugarði til suðvesturs og Kringlumýrarbraut til austurs, u.þ.b. 101 ha.. Svæðinu er skipt í 18 skilmálaeiningar, þar af eru 2 þróunarsvæði.
- 3.3 Öskjuhlíðarhverfi: Afmarkast af Hringbraut til norðurs, Reykjavíkurflugvelli til vesturs, strandlengju Fossvogs til suðurs og Bústaðarvegi og Suðurhlíð til norðausturs, u.þ.b. 160 ha.. Svæðinu er skipt upp í 13 skilmálaeiningar, þar af eru 8 þróunarsvæði og 3 svæði sem ekki eru hluti af hverfisskipulagi.

Á hverfisskipulagsuppdráttum eru fornleifar og yngri minjar auðkenndar með rauðum hring. Friðlýst og friðuð hús eru auðkennd með sérstökum litum.

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðal- eða deiliskipulagi. Í leiðbeiningablaði nr. 9 frá Skipulagsstofnun segir: *„Hverfisskipulag er annað afbrigði af deiliskipulagi fyrir þegar byggð hverfi þar sem settar eru fram almennar reglur eða skilmálar um yfirbragð, þróun og varðveislu byggðarinnar.“*

Eins og fram hefur komið liggur fyrir *Byggðarkönnun Borgarhluti 3 – Hlíðar*, unnin af Borgarsögusafni Reykjavíkur árið 2023, skýrsla nr. 223. Skýrslan er vönduð og ítarleg og gefur mjög góða mynd af sögu svæðisins í heild. Sögukafla skýrslunnar er skipt upp í að fjalla annarsvegar um svæðið fyrir tíð skipulags og svo um skipulag hverfa og hverfishluta.
Samkvæmt skýrslunni eru tvö friðlýst hús, fimm friðuð hús og 193 umsagnarskyld hús skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar innan borgarhlutans og eru þau sýnd á kortum í kafla 2.4.4.4.
Samkvæmt skýrslunni eru engar friðlýstar fornleifar skráðar innan borgarhlutans, en skráðar eru 77 friðaðar fornleifar, þar af eru 20 sjáanlegar á yfirborði. Skráðar eru 155 herminjar í borgarhlutanum, en stór hluti þeirra er þegar horfinn og aðeins 38 staðir enn sýnileg á yfirborði. Herminjar eru ekki friðaðar skv. lögum nr. 80/2012, en eru mjög mikilvægar í sögu borgarinnar. Aðrar skráðar minjar frá tímabilinu 1924-1934 eru 30 talsins og frá árinu 1935 og síðar eru skráðar 45 minjar.

Í skipulagsgögnunum er tekið fram að fyrirhugað sé að vinna deiliskipulag fyrir öll þróunarsvæðin með heföbundinni húsakönnun. Fyrir skilmálaeiningarnar er hverfisskipulagið sem hér er til umsagnar látið gilda sem „endanlegt“ skipulag og því mun ekki gefast tækifæri til að vinna heföbundna húsakönnun fyrir þau. Af þessum sökum hefur Borgarsögusafn breytt aðferðum og áherslum við skráningu og gerð varðveislumats vegna hverfisskipulags og fært viðmiðin nær þeim kröfum sem gerðar eru vegna deiliskipulags í meðfylgjandi skýrslu *Byggðarkönnun Borgarhluti 3 – Hlíðar*.

Þegar bornar eru saman tillögur um hverfisvernd (rauður flokkur) er samræmi milli þeirra tillagna sem settar eru fram í Byggðarkönnuninni og í Hverfisskipulagsgögnunum. Öðru máli gegnir um hverfisvernd (gulur flokkur) en þar er ósamræmi milli tillagnanna. Í Byggðarkönnuninni er lögð til hverfisvernd á fleiri samstæður húsa og heilda en sýnt er í skipulagsgögnunum. Ekki kemur fram hvað veldur þessu ósamræmi, en Minjastofnun telur mikilvægt að Byggðakönnunin fái að standa óbreytt sem faglegt mat á varðveislugildi hverfisheilda þrátt fyrir að tillögunum sé ekki fylgt eftir að öllu leyti í skipulaginu.

Eins og fram hefur komið er fyrirliggjandi Byggðarkönnun Borgarhluti 3 – Hlíðar, vönduð og vel unnin og dugir hún sem skráning til afgreiðslu þessa hverfisskipulags fyrir skilmálaeiningarnar.
Minjastofnun fer fram á að unnin verði fornleifa- og húsakönnun sbr. 16. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar, fyrir þróunarreitina þegar unnið verður deiliskipulag á þeim.

Uppfæra þarf eftirfarandi atriði í skipulagsgögnum:
Útlínur sýnilegra fornleifa skulu færðar inn á hverfisskipulags-uppdrættina þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna. Skráðar fornleifar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði skulu merktar með punkti/hring eins og sýnt er á meðfylgjandi uppdráttum. Æskilegt væri að uppmælingar af herminjum, sem liggja fyrir, verði einnig færðar inn á hverfisskipulagsuppdráttinn. Þar sem ekki gilda sömu verndarákvæði fyrir fornleifar og yngri minjar þarf að auðkenna þær með mismunandi lit á stefnukortum „Vistkerfi & Minjar" á uppdráttum.

Öll hús og mannvirki sem falla undir lög nr. 80/2012 um menningarminjar (friðlýst, friðuð og umsagnarskyld) þarf að auðkenna sérstaklega á hverfisskipulagsuppdráttum og verndarákvæða þeirra skal getið í skilmálatextum. Á hverfisskipulagsuppdráttum vantar t.a.m. að auðkenna umsagnarskyld hús og mannvirki. Á stefnukortum „Vistkerfi & Minjar" á uppdráttum þarf einnig að auðkenna umsagnarskyld hús og mannvirki.

Uppfærðir hverfisskipulagsuppdrættir skulu sendir stofnuninni til umsagnar þegar þeir liggja fyrir.

Virðingarfyllst,

Henny Hafsteinsdóttir
minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

María Gísladóttir
arkitekt, verkefnastjóri

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds.
Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Mál nr. 873/2023
Nýtt hverfisskipulag
Reykjavíkurborg
Þuríður María Guðmundsdóttir, í umboði fyrir Reykjavíkurborg

Efni: Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi

Vegagerðin hefur yfirfarið innsend gögn hvað varðar nýtt hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, og gerir ekki athugasemdir en vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Í greinargerðum er talað um að Miklabraut verði sett í stokk, Vegagerðin vill benda á að ekki er búið að taka ákvörðun um hvort Miklabraut verði útfærð í stokk eða sett í jarðgöng. Nýtt hverfisskipulag hverfanna þriggja gerir ráð fyrir töluverðri fjölgun íbúða. Fjölgun íbúða fylgir fjölgun íbúa sem hefur áhrif á staðbundna umferð. Nokkuð vel er farið yfir samgöngumál í innsendum gögnum, hverfin eru miðsvæðis og vel tengd með tilliti til stofnstíga og almenningssamgangna. Góðar aðstæður eru skapaðar fyrir íbúa að nýta sér vistvænar samgöngur. Einnig eru hverfin vel tengd stofnvegakerfi höfuðborgarsvæðisins. Vegagerðin vill benda á að kanna vel áhrif aukningu íbúanna á staðbundna umferð og áhrif þeirra á nærliggjandi stofnvegakerfi og gatnamót.

Vegagerðin bendir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði stofnvega 30 m til hvorrar handar frá miðlínu vega en 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru háðar leyfi frá Vegagerðinni.

Vegagerðin minnir á ákvæði VI. kafla vegalaga nr. 80/2007 varðandi skipulag og veghelgunarsvæði.

Vegagerðin óskar eftir að veghelgunarsvæði sé sýnt á uppdráttum skv. skipulagsreglugerð 90/2013, 5.3.2.5. grein.

Katrín Halldórsdóttir,
verkfræðingur á Höfuðborgarsvæði Vegagerðarinnar

Vegagerðin
Suðurhrauni 3
210 Garðabæ
+354 522 1000

vegagerdin
@vegagerdin.is

USK Skipulag

Frá: Pétur Marteinn Tómasson [redacted]
Sent: fimmtudagur, 1. febrúar 2024 23:52
Til: USK Skipulag
Afrit: Heimir Snær Guðmundsson
Efni: Athugasemdir íbúaráðs Miðborgar og Hlíða vegna hverfisskipulags
Viðhengi: Athugasemdir íbúaráðs Miðborgar og Hlíða - Hverfisskipulag.docx

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Lokið

Heil og sæl,

Meðfylgjandi eru athugasemdir íbúaráðs Miðborgar og Hlíðar vegna hverfisskipulags Háteigsshverfis, Hlíðahverfis og Öskjuhlíðahverfis.

F.h. íbúaráðsins,

Pétur Marteinn Urbancic Tómasson
s. 8430132

Athugasemdir íbúaráðs Miðborgar og Hlíða

vegna hverfisskipulags Háteigshverfis, Hlíðahverfis og Öskjuhlíðarhverfis

Íbúaráðið þakkar kærlega fyrir vel unna og vandaða vinnu. Hverfisskipulagið er mikil framför frá bútasaumi gildandi deiliskipulagsáætlana og er vel til þess fallið að auka festu, fyrirsjáanleika og heildaryfirbragð hverfanna. Jákvætt er að þétting byggðar verði víða á forsendum íbúanna sjálfa og að þeir njóti beins og áþreifanlegs ávinnings af henni. Þá er ánægjulegt að sjá áherslu á almannarýmið, svo sem Klambratún, Holtatorg og borgargötur. Að meginstefnu til fagnar íbúaráðið því skipulaginu þrátt fyrir eftirfarandi athugasemdir.

Við alla uppbyggingu í þegar grónum hverfum ber að huga sérstaklega að innviðum fyrir börn. Skólar á svæðinu eru víða nú þegar þétt setnir og því er þegar orðið brýnt úrlausnarefni að huga að framtíðarskipan leik- og grunnskóla í hverfunum. Huga mætti betur að þessu í hverfisskipulaginu.

Þrátt fyrir að jákvætt sé að sjá áherslu á borgargötur mættu þær, í fullkomnum heimi, vera fleiri og lengri. Sér í lagi mætti Langahlíð öll vera borgargata. Íbúaráðið áttar sig á að hönnun slíkra gatna kostar sitt en horfir til þess að hverfisskipulagið á væntanlega að standa að meginstefnu til óhaggað um nokkurn tíma. Þá mæla skipulagsáætlanir fyrir um heimildir til framkvæmda til framtíðar, en ekki skyldu. Því mætti að mati ráðsins bæta í hvað þetta varðar.

Umferðarhraði í hverfunum hefur víða verið of hár. Bæði er hámarkshraði víða nokkuð hár og umferð reglulega mun hærri en hámarkshraði gerir ráð fyrir. Samræma mætti hraða í hverfunum í 30 km/klst., sér í lagi en ekki eingöngu í Litluhlíð, Lönguhlíð, Valshlíð og Nóatúni. Þá þarf að leggja áherslu á að minnka hraða við skóla í hverfinu.

Þá mætti fjölga einstefnugötum í Hlíðum sunnan Miklubrautar. Þær einstefnugötur sem nú þegar eru þar hafa gefið góða raun og mætti gera Hamrahlíð, Stigahlíð og Grænuhlíð að slíkum götum, með það að markmiði að draga úr umferðarþunga og gegnumakstri og auka öryggi á svæðinu.

Bæta þarf tengingar fyrir virka ferðamáta við stórar umferðargötur sem skera hverfin í sundur, svo sem Miklubraut og Kringlumýrarbraut, sem er á hverfamörkum.

Íbúaráðinu hafa borist athugasemdir frá íbúa í Norðurmýri sunnan Flókagötu sem mótmælir að Gunnarsbraut verði opnuð fyrir bílaumferð Miklubrautar megin. Hverfið, sem sé nú þegar umlukið af Snorrabraut, Miklubraut, Flókagötu og Rauðarárstíg megi ekki við meiri umferð. Frekar ætti að stefna að því að minnka umferð en auka hana. Íbúaráðið tekur undir framangreindar athugasemdir.

F.h. íbúaráðs Miðborgar og Hlíða
Pétur Marteinn Urbancic Tómasson,
formaður

01. febrúar 2024

Hverfisskipulag Hlíða
Umsögn íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis

Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis kallar eftir því að öruggum þverunum fyrir gangandi, hjólandi og óvarða vegfarendur almennt verði fjölgað yfir Kringlumýrarbraut milli Hlíða og Háaleitis- og Bústaðahverfis. Fjöldi þungra gatnamóta er að finna við Kringlumýrarbraut þar sem ólíkir ferðamátar blandast saman og óvarðir vegfarendur eru í návígi við mikla bílaumferð. Æskilegt er að einangruðum þverunum sem eru einungis ætluð óvörðum vegfarendum verði fjölgað. Á það til að mynda við milli Álftamýrar og Bólstaðahlíðar en einnig milli Veðurstofareits og Leita.

Gera ætti grein fyrir nýjum þverunum yfir Kringlumýrarbraut á samgöngukortum hvers hverfishluta sem og í tilheyrandi köflum í skipulagsskilmálum er varða Kringlumýrarbraut og nágrenni hennar. Einnig er bent á að svo virðist sem að einn megin hjólastígur borgarinnar yfir göngubrú í Fossvogi sé ekki merktur inn á tilheyrandi samgöngukort.

Fyrir hönd íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis
Birkir Ingibjartsson

Umhverfis og skipulagssvið Reykjavíkur
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

Reykjavík, 1.febrúar 2024

Efni: Umsögn Veitna vegna tillögu að Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi
Mál 873/2024

Veitur hafa fengið til umsagnar tillögur að hverfisskipulagi Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi. Tillagan er lögð fram sem almenn greinargerð og stefna ásamt skipulagsskilmálum sem skiptast upp í samfélag, mannvirki, gæði byggðar, orka og auðlindir, vistkerfi og minjar, samgöngur og náttúruvá.

Helstu markmið hverfisskipulagsins eru að stuðla að sjálfbærum og vistvænum hverfum, bæta þjónustu, fjölga íbúðum og auðvelda íbúum að sækja um breytingar á fasteignum sínum. Auk þess er verið að einfalda skipulagsferlið fyrir íbúa, t.d. með því að útbúa heimildir til hækkunar húsa og breytinga á lóðum. Aukinni svæðisnýtingu verði náð með því að núverandi byggingarreitir verða stækkaðir, auk þess að þróunarsvæði þar sem nýbygging er áformuð eru afmörkuð í tillögunni.

Um er að ræða þrjá hverfisskipulagsuppdrætti sem sýna auknar heimildir í uppbyggingu og þéttingu byggðar innan hverfanna. Þar sem um gróin hverfi er að ræða eru veitukerfi þegar til staðar og tengja íbúa, stofnanir, þjónustu og aðra starfsemi við grunninnviði. Álagsgreina þarf veitukerfin til að athuga hvort auka þurfi afkastagetu þeirra í tengslum við uppbyggingu hvers hverfishluta. Í þeim tilfellum sem auka þarf afkastagetu veitukerfanna þá getur slík framkvæmd teygt sig út fyrir hverfin sjálf. Á þessum tímapunkti er óljóst hvort auka þurfi afkastagetu veitumiðla og einnig hversu umfangsmikil slík endurnýjun yrði.

Fjölmargar stofnæðar veitukerfanna liggja innan skipulagssvæðanna. Veitur benda á mikilvægi þess að hafa staðsetningu veitukerfanna í huga við upphaf stefnumótunar, svo að forðast megi raski á veitum og þörf á flutningi lagna með tilheyrandi kostnaði, oft löngum framkvæmdatíma, seinkunum og öðrum óþægindum. Í vissum tilfellum geta lagnir og veitukerfi takmarkað möguleika á uppbyggingu svæða og er því mikilvægt að þessar upplýsingar liggi fyrir sem hluti af hverfisskipulagstillögunum.

Núverandi kvaðir Veitna á lóðum og í skipulagi
Veitur vekja athygli á því að dreifilagnir veitukerfa geta legið innan lóða og takmarka því möguleika á uppbyggingu innan þeirra lóða. Mikilvægt er að allar kvaðir um veitukerfin á lóðablöðum og í gildandi skipulagi verði yfirfærð í nýtt hverfisskipulag enda falli eldra skipulag úr gildi.

Hleðsla rafbíla, aðgengi að rafmagni og dreifistöðvar
Samkvæmt skipulaginu er stefnt af því að staðsetja hleðslustöðvar fyrir rafbíla á borgarlandi. Veitur vekja athygli á að mögulega þarf að styrkja innviði rafmagns á svæðinu fyrir slíka hleðslu, þ.m.t. að byggja nýjar dreifistöðvar rafmagns. Mikilvægt er að samstarf sé haft við Veitur varðandi

staðsetningu hleðslustöðva til að forðast samfélagslegan kostnað ef aðrir jafngóðir skipulagskostir eru ódýrari.

Meðhöndlun ofanvatns og notkun ofanvatnslausna

Veitur fagna umfjöllun um gegndræpi yfirborðs og markmiðum um að hlutfalli þess verði ekki breytt ella komi til mótvægisaðgerðir t.d. með blágrænum ofanvatnslausnum (BGO). Slíkar lausnir stuðla m.a. að því að minnka álag á fráveitukerfið, og taka Veitur virkan þátt í þróun og innleiðingu þessara lausna. Veitur benda einnig benda á að lóðarhöfum er skylt við endurnýjun að tvöfalda fráveitukerfi innan lóðar.

Ofanvatn

Æskilegt er að fjallað verði um meðhöndlun ofanvatns á skipulagssvæðunum í greinargerð hverfisskipulagsins í ofanvatnsáætlun. Í slíkri áætlun væri kynnt stefna um meðhöndlun ofanvatns fyrir hvert hverfi í heild, í borgarlandi og innan lóða, notkun blágrænna ofanvatnslausna, kröfur til hreinsunar ofanvatns, náttúruvá og möguleg úrræði og viðbrögðum við flóðum. Enn fremur er mikilvægt að huga að gegndræpi svæðisins. Við innleiðingu BGO á borgarlandi t.d. í íbúðagötum getur þurft að skapa pláss fyrir hreinsun ofanvatns. Skipulagssvæðið sem nú er til kynningar nær m.a. yfir framræst mýrarsvæði, en tjarnir til söfnunar ofanvatns (flóðatafa/flóðavarna) er ekki að finna í skipulaginu að undanskildum tjörnum neðst í Fossvoginum.

Flóðahætta og greiðir farvegir vatns til sjávar

Almennt þarf að tryggja lagnaleiðir fyrir sjálfrennsli fráveitu af skipulagssvæðinu í átt til sjávar eða að öðrum viðtaka með fullnægjandi flutningsgetu. Vekja má athygli sveitarfélaga á því að í úrhelli þarf að gera ráð fyrir rennslisfarvegum flóðavatns á yfirborði. Ef afköst lagna eða farvega ofanjarðar eru ekki fullnægjandi þarf að gera viðeigandi ráðstafanir til að minnka líkur á tjónum t.d. með miðlunartjörnum eða skipuleggja opin svæði sem geta miðlað flóðavatni. Hefð er fyrir að hönnunarforsendur fráveitulagna taki mið af 10 ára úrkomuviðburðum. Ekki er hægt að ganga út frá því að kerfin anni stærri viðburðum. Meta þarf flóðahættu á yfirborði með tilliti til þessa.

Þróunarsvæði

Uppdrættir hverfisskipulagsins afmarka þróunarsvæði sem eru fyrirhuguð til uppbyggingar og verður unnið sérstakt deiliskipulag fyrir. Mörg þessara svæða eru á opnum svæðum þar sem stofnlagnir Veitna eru staðsettar. Mikilvægt er að samráð verði haft við Veitur við þessa stefnumótun svo að fyrir liggi hvað uppbyggingin getur haft í för með sér.

Ekki er mögulegt að byggja yfir stofnlagnir þar sem aðgengi að þeim þarf að vera tryggt að öllum tímum, og tryggja þarf lágmarksfjarlægð mannvirkja frá lögnum til að tryggja öryggi starfsmanna sem koma að viðhaldi eða breytingum á þeim í framtíðinni. Færsla stofnlagna hefur umtalsverðan kostnað í för með sér og slíkar framkvæmdir eru einnig mjög tímafrekar og geta haft mikil áhrif á gatnakerfin og umferð í borginni. Slíkar breytingar geta því haft mikil áhrif á tímaætlun allra annarra framkvæmda innan svæðisins. Því er mikilvægt að samtal eigi sér stað sem fyrst og lausn liggi fyrir við samþykkt skipulags. Þær lausnir sem eru í boði fyrir tegundir veitna (hita-/ vatns- /frá- og rafveitu) eru mismunandi og þarf í tíma að finna ákjósanlegar lausnir í samráði Veitna og skipulagshöfunda.

Vakin er athygli á því að fráveitukerfið hefur sérstöðu þar sem það er hannað í sjálfrennsli, sem felur í sér að skólp og regnvatn er leitt frá notanda niður að sjó, þar sem flutningskerfi fráveitunnar tekur

við skólpinu og flytur meðfram ströndinni til hreinsistöðva við Ánanaust og Klettagarða. Sjálfrennslið tryggir að flutningur fráveitu getur átt sér stað þrátt fyrir önnur áföll í kerfinu (t.d. víðtækt rafmagnsleysi), en felur í sér sérstakar áskoranir þar sem það fylgir yfirborði lands og æskilegt er að hæðarsetja skipulagsáætlanirnar til að tryggja að mögulegt sé að þjóna svæðinu varðandi fráveitu á skólpi og ofanvatni. Enn fremur hefur rigning og önnur ofankoma áhrif á fráveitukerfið og við hönnun þarf einnig að tryggja að hægt sé að meðhöndla ofanvatn innan lóðar eða veita í regnvatnskerfið.

Borholur

Einnig eru mjög mikilvægt að tryggja nauðsynlegt athafnasvæði umhverfis borholur hitaveitu. Innan þess athafnasvæðis er ekki hægt að reisa varanleg mannvirki eða planta gróðri sem ekki er hægt að færa úr stað þegar vinna þarf við holurnar. Jarðhitasvæðið í Laugarnesi hefur ákveðna útbreiðslu neðanjarðar og einungis þar er hægt að sækja vökvann með borholum. Núverandi borholur eru komnar til ára sinna og á næstu árum verður þörf á að endurnýja þær með því að bora nýjar holur. Bæði borun á nýjum holum og viðhald á þeim eldri krefst þess að koma jarðbor á staðinn og öllum þeim viðbótarbúnaði sem þarf til verksins.

Jarðhitasvæðið í Laugarnesi er eitt gjöfulasta jarðhitasvæði landsins. Jarðhitasvæðið liggur neðanjarðar umhverfis gatnamót Laugarvegar og Kringlumýrarbrautar. Það er ásamt jarðhitasvæðum í Mosfellsbæ ein af grunnstoðum hagsældar á Íslandi. Í miðri borg er nú hægt að sækja orku til húshitunar sem er sambærileg að afli og Sultartangavirkjun (125 MW) en þessi orka dugar til að hita upp húsnæði, sundlaugar og vinnustaði fyrir 30.000 manna samfélag eða hitað yfir 20.000 íbúðir í allra verstu kuldaköstum. Mikilvægi þess að hafa aðgengi að þessari auðlind á þessum stað verður því seint ofmetið.

Samráð

Umfangsmikil og metnaðarfull vinna liggur að baki kynntum skipulagsáætlunum og er stefna og tillögur um framtíðarþróun svæðanna sett fram á aðgengilegan hátt. Veitur leggja áherslu á mikilvægi samráðs varðandi innviði við skipulagsvinnunna og óska Veitur eftir því að taka þátt í vinnu við framtíðar tillögur og nýja þróunarsvæði. Mikilvægt er að Veitum berist upplýsingar um áform og tímasetningar svo hægt sé að huga að mögulegum breytingum svo sem styrkingu kerfisins vegna aukins íbúafjölda, færslu lagna þar sem þess er þörf og samþættingu við framkvæmdir við endurnýjun og uppbyggingu á vegum Veitna.

Hverfisskipulag Reykjavíkur

Hverfisskipulag í borgarhluta 3 Hlíðar



Umsögn skipulagsfulltrúa við athugasemdum og ábendingum eftir auglýsingu

Reykjavík 14. júní 2024

Reykjavík

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR 2

MYNDIR FRÁ VIÐBURÐUM 3

UMSAGNIR FRÁ ÍBÚUM 9

HVERFISVERND 10
FRIÐUN OG HÆKKUN ÞAKA 11
KLAMBRATÚN 14
GRENNDARSTÖÐVAR 16
HJÓLA- OG GÖNGULEIÐIR OG DVALARSVÆÐI OG MEIRI GJALDSKYLDU 18
HOLTATORG 19
BÍLSKÚRSRÉTTUR 23
BYGGINGARHEIMILDIR OG AFMARKANIR SKILMÁLAEININGA 24
DVALARSVÆÐI 26
SVALIR 27
ALMENNT UM SKIPULAGIÐ OG UMFERÐ 28

NEFNDIR OG RÁÐ REYKJAVÍKURBORGAR 31

ÍBÚARÁÐ MIÐBORGAR OG HLÍÐA 31
ÍBÚARÁÐ HÁALEITIS- OG BÚSTAÐAHVERFIS 32

UMSAGNIR FRÁ OPINBERUM AÐILUM 33

MINJASTOFNUN ÍSLANDS 33
STRÆTÓ OG BORGARLÍNA 34
ISAVIA 35
UMHVERFISSTOFNUN 35
VEGAGERÐIN 37
VEITUR 37
KÓPAVOGSBÆR 38
SKIPULAGSSTOFNUN 38
VEÐURSTOFAN 38

1. Inngangur

Eftir samþykkt skipulags- og samgönguráðs og borgarráðs voru tillögur að hverfisskipulagi í 3.1 Háteigshverfi, 3.2 Hlíðahverfi og 3.3 Öskjuhlíðarhverfi auglýstar í samræmi við 5. mgr. 37. gr. sbr. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillögurnar voru auglýstar frá 16. nóvember 2023 og til 1. febrúar 2024 eða í 10 vikur. Kynning á tillögunum var með fjölbreyttum hætti, sjá upptalningu fyrir neðan. Myndir frá þessum viðburðum má einnig skoða fyrir neðan.

Kynningar á vef:

- Vefur Reykjavíkurborgar: https://reykjavik.is/hverfisskipulag/hlidar
- Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar: https://skipulagsgatt.is/issues/2023/873

Íbúafundir og aðrir viðburðir

- Borgarstjóri Reykjavíkur Dagur B. Eggertsson stóð fyrir kynningarfundi á hverfisskipulagi þriðjudaginn 21. nóvember kl. 19.30 til 21.00.
- Hverfisganga með íbúum fór fram sunnudaginn 26. nóvember kl. 13. Lagt var af stað frá Kjarvalsstöðum og var þátttakendum boðið upp á kakó inni á kaffihúsinu Klömbrum við upphaf göngu.
- Boðið var upp á leiðsögn um sýningu hverfisskipulags í þjónustuverinu í Borgartúni miðvikudaginn 10. janúar frá kl. 16.00 til 17.30.
- Íbúafundir og aðrir viðburðir.

Sýningar:

- Sérstök sýning var sett upp í þjónustuveri Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12–14 sem stóð frá 16. nóvember 2023 til 1. febrúar 2024. Myndir frá sýningunni má sjá fyrir neðan.
- Á Kjarvalsstöðum var sett upp sýning með sama efni og var á sýningunni í Borgartúni. Þessi sýning stóð frá 21. til 23. nóvember 2023, en 21. nóvember hélt borgarstjóri íbúafund um hverfisskipulag á Kjarvalsstöðum.
- Allan kynningartímann voru tvær sýningar utanhúss, á Hlemmi og Klambratúni, með völdu efni. Tilgangurinn með útisýningunum var að vekja athygli á viðburðum og sýningunni í þjónustuveri Reykjavíkurborgar.

Myndir frá viðburðum

Kynningarefni á vef






Innskráning
Leita að máli
Valmynd
Lýsing
Lokið
Kynning tillögu á vinnslustigi
Lokið
3
Auglýsing tillögu
Í vinnslu
4
Athugun eftir auglýsingu
Ekki hafið
5
Endanleg gögn
Ekki hafið
REYKJAVÍKURBORG
NÝTT HVERFISSKIPULAG
GÖNGU- OG HJÓLASTÍGAR
ÍBÚÐARBYGGÐ
ÍÞRÓTTASVÆÐI
KIRKJUGARÐAR OG GRAFREITIR
MIÐSVÆÐI
MINJAVERND
OPIN SVÆÐI
ORKUNÝTING
SAMFÉLAGSSTOFNANIR
SAMGÖNGUR
STRANDSVÆÐI
VEGIR
VEITUR OG FJARSKIPTI
VERND MENNINGARMINJA
VERSLUN- OG ÞJÓNUSTA
Vakta mál
Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi
Upplýsingar um málið
Helstu markmið hverfisskipulagsins eru að stuðla að sjálfbærum og vistvænum hverfum, bæta þjónustu, fjölga íbúðum og auðvelda íbúum að sækja um breytingar á fasteignum sínum.
Mál nr. 873/2023
Hverfisskipulag í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi
Í VINNSLU
Kynningartími
16.11.2023 - 1.02.2024
TEGUND MÁLS
Nýtt hverfisskipulag
STAÐA MÁLS
Auglýsing tillögu
STAÐSETNING
Reykjavíkurborg

Íbúafundir og aðrir viðburðir



Íbúafundur borgarstjóra á Kjarvalsstöðum 21. nóvember 2023.



Sýningar



Opnun á sýningu á hverfisskipulagi í Hlíðum 16. nóvember 2023.



Sýning á Kjarvalsstöðum 21. nóvember 2023.





Rauðu húsin sem staðsett voru á Klambratúni og Hlemmi með kynningarefni um hverfisskipulag í borgarhluta 3 á tímabilinu 16. nóvember 2023 til 1. febrúar 2024.



Leiðsögn á sýningu í Borgartúni 12–14, 10. janúar 2024.

Kynning á sýningunni og öðrum viðburðum hverfisskipulagsins fór fram með auglýsingum í fjölmiðlum, á strætóskýlum og á vef- og samfélagsmiðlum.

Í byrjun janúar 2024 þegar kynningin hafði staðið í sex vikur kom í ljós að aðeins tíu umsögnum hafði verið skilað í skipulagsgátt.is.

Til þess að vekja athygli á hverfisskipulaginu og hvetja íbúa til þess að senda inn ábendingar var ráðist í sérstakt kynningarátak. Þetta átak fólst í greinarskrifum á vísir.is og viðtali á RÚV þar sem íbúar og hagaðilar voru hvattir til að kynna sér hverfisskipulagið. Birtar voru auglýsingar á samfélagsmiðlum og boðið var upp á leiðsögn um sýninguna í Borgartúni 12–14 þriðjudaginn 10. janúar. Þetta átak skilaði sér í ágætri mætingu á auglýsta leiðsögn.

Þegar kynningartíma lauk 1. febrúar höfðu borist 55 umsagnir bæði frá íbúum og opinberum umsagnaraðilum. Farið er yfir allar umsagnir sem bárust að aftan og þeim svarað.

UMSAGNIR FRÁ ÍBÚUM

Alls höfðu borist 55 skriflegar umsagnir í skipulagsgátt.is þegar auglýsingatíma hverfisskipulagsins lauk 1. febrúar 2024. Að aftan er farið yfir allar helstu umsagnir og athugasemdir frá íbúum og hagaðilum, þ.m.t. nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar og opinberum aðilum, sem hafa lögbundna umsagnarskyldu við deiliskipulagstillögur sem eru auglýstar. Öllum umsögnum og athugasemdum er svarað í þessari greinargerð, sjá yfirlit yfir umsagnir og svör. Umsagnir eins og þær sem bárust í skipulagsgátt eru síðan birtar í sérstöku fylgiskjali með hverfisskipulaginu.

Umfjölluninni er skipt upp í þrettán umfjöllunarefni:

1. Hverfisvernd
2. Friðun og hækkun þaka
3. Klambratún
4. Grenndarstöðvar
5. Hjóla- og gönguleiðir og dvalarsvæði
6. Holtatorg
7. Bílskúrsréttur
8. Byggingarheimildir og afmörkun skilmálaeininga
9. Dvalarsvæði
10. Svalir
11. Almennt um skipulagið og umferð

Hverfisvernd

Tvær umsagnir bárust er varða tillögur að hverfisvernd í borgarhluta 3 Hlíðum. Önnur umsögnin kemur frá Minjastofnun sem er með lögbundið umsagnarhlutverk og verður svarað í kaflanum *Opinberir aðilar* fyrir aftan.

Hin umsögnin kemur frá íbúum í Hlíðum og verður fjallað um hana hér.

Umsögn frá Leó A. Guðmundssyni og Sigríði V. Jónsdóttur vegna hverfisverndar.
Umsögnin lýtur að því að það sé ósamræmi á milli tillögu í hverfisskipulagi og tillögu í skýrslunni *Byggðakönnun Borgarhluti 3 - Hlíðar,* sem er unnin af Borgarsögusafni Reykjavíkur.

Svar:
Fyrir liggur byggðakönnun Borgarsögusafns, Byggðakönnun, Borgarhluti 3 - Hlíðar, sem unnin var að beiðni umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Þar eru gerðar tillögur að hverfisvernd í borgarhlutanum, í rauðum og gulum flokkum.

Að mati umhverfis- og skipulagssviðs geta jafn víðtækar tillögur að hverfisvernd og settar eru fram í umræddri byggðakönnun orðið til þess að minnka tiltrú á hugmyndinni um hverfisvernd og í raun gjaldfellt áherslur minjavörslunnar. Þannig er hætta á að hús og húsasamstæður sem hafa mikið gildi í byggða- og þróunarsögu Reykjavíkur, út frá þeim viðmiðunum sem liggja skulu til grundvallar við tillögugerð að verndun byggingararfsins, missi raunverulegt gildi sitt; hverfi í fjöldann. Í þessu ljósi lét umhverfis- og skipulagssvið vinna nánari úrvinnslu á tillögum Borgarsögusafns að verndun einstakra húsa og húsasamstæðna, í samstarfi við Minjastofnun Íslands.

Í úrvinnslu umhverfis- og skipulagssviðs eru gerðar tillögur að hverfisvernd sem eru ekki eins miklar og víðtækar og lagt er til í byggðakönnun Borgarsögusafns. Það er einn megintilgangur með gerð skipulags í grónum hverfum að tryggja það að allar breytingar á byggðinni séu gerðar í samræmi við aldur og gerð húsa og ríkjandi byggðamynstur.

Í vinnu við gerð nýs skipulags geta skilin milli tillagna að varðveislu og skilmála skipulagsins orðið óljós, en mikilvægt er að gera greinarmun þar á milli. Í skilmálatextum og leiðbeiningum hverfisskipulags er að finna ýmis skilyrði sem eru mikilvæg í því skyni að varðveita svipmót og listræn einkenni hverfa sem eru með sterkum samræmdum heildarsvip, svo sem að: „allar viðbætur og breytingar skulu falla vel að efnisvali, formi og hlutföllum núverandi byggingar. Þakgerð viðbygginga skal taka mið af þaki núverandi húss. Vanda skal efnisval og horfa til efniseiginleika, útlits, áferðar og endingar.“ … „Gluggar skulu miðast við upphaflega gerð bæði hvað varðar efni og uppdeilingu gluggapósta. Hafi gluggum verið breytt skal við endurnýjun færa þá til upprunalegs horfs.“ … „Nýting skal vera innan byggingarreits eins og hann var afmarkaður í eldra deiliskipulagi.“ Þar sem slík skilyrði eru sett fram í skilmálatexta er ekki talið nauðsynlegt að ganga svo

langt að setja gulan hverfisverndarlit á viðkomandi hverfi. Þetta á t.a.m. við um svæði þar sem heimilt er að hækka þök með ákveðnum skilyrðum. Mikilvægt er að ofangreind ákvæði standi sem skilmálar enda þótt ekki séu sett ákvæði um hverfisvernd.

Friðun og hækkun þaka

Þrettán umsagnir bárust sem snúa að tillögum hverfisskipulags um að takmarka þakbreytingar á nokkrum svæðum, sem eru 1) Rauðarárholt, 2) Norðurmýri norðan Skeggjagötu, 3) Skipholt 30–50 og Nóatún 25 og 4) Barmahlíð. Umsögnum sem taka til sama svæðis eða sömu atriða er svarað saman.

1. Rauðarárholt - Umsagir og athugasemdir vegna þakhækkana og svala.

Umsagnir og athugasemdir sem varða breytingar á „verkamannabústöðum“ í Rauðarárholti og taka til þakhækkana og svala bárust frá Önnu Beverlee Saari, Hjalta Sigmundssyni og Lísu Ann Hartranft. Þessum íbúum er svarað saman.

Svar:
Í skipulagslögum, VIII. kafla, 37. gr. um deiliskipulag, segir eftirfarandi um gerð húsakannana:

„Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar.“

Þar segir jafnframt að reglur um deiliskipulag gildi um hverfisskipulag eftir því sem við á.

Tilgangur með gerð húsakannana er að rannsaka uppruna bygginga og út frá þeim gildum sem liggja til grundvallar leggja mat á varðveislugildi einstakra húsa og húsasamstæða. Fyrir liggur byggðakönnun Borgarsögusafns, Byggðakönnun, Borgarhluti 3 – Hlíðar, sem unnin var að beiðni umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Að ósk umhverfis- og skipulagssviðs var unnin nánari úrvinnsla á tillögum Borgarsögusafns að verndun einstakra húsa og húsasamstæðna í samstarfi við Minjastofnun Íslands. Þar er tekið undir tillögu Borgarsögusafns þar sem lögð er til hverfisvernd á gömlu verkamannabústöðunum í Rauðarárholti, sem reistir voru á fimmta áratug 20. aldar. Um þá segir í tillögunum:

Rauðarárholt – Verkamannabústaðir.
Hverfið hefur HÁTT varðveislugildi sem heildstæð fastmótuð byggð verkamannabústaða með sterk sameiginleg byggingarlistarleg einkenni hins íslenska fúnkisstíls þar sem skeljasandsáferð útveggja og valmaþak eru meðal helstu einkenna. Bygging húsanna var metnaðarfullt framtak Byggingafélags verkamanna til að bregðast við miklum húsnæðisskorti í kjölfar aukinna fólksflutninga frá landsbyggðinni til borgarinnar. Mjög fáar breytingar hafa verið gerðar á húsunum og hefur heildarsvipmót hverfisins því haldist mjög vel.

Vegna uppruna þessarar byggðar og þess að litlar breytingar hafa verið gerðar á

henni í gegnum tíðina hefur hún hátt varðveislugildi og myndu hækkanir einstakra húsa í þessari heildstæðu byggð raska mjög yfirbragði hennar og rýra þar með gildi hennar, bæði í sögulegu og byggingarlistalegu tilliti. Vel hannaðar og gerðar svalir á bakhliðum húsa á svæðinu eru hvorki talin raska heildarmynd svæðisins né einstakra götumynda og er því ekki talið að það rýrði varðveislugildi umrædds svæðis.

2. Norðurmýri norðan Skeggjagötu - Umsagnir vegna þakhækkana.

Umsagnir og athugasemdir sem varða þakbreytingar innan skilmáleiningar 3.1.24 Norðurmýri norðan Skeggjagötu bárust frá Herði Valgarðssyni, sem óskar eftir rökstuðningi fyrir því hvers vegna verði óheimilt að hækka þök innan þessarar skilmálaeiningar.

Svar:
Í skipulagslögum, VIII. kafla, 37. gr. um deiliskipulag segir eftirfarandi um gerð húsakannana:

„Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar.“

Þar segir jafnframt að reglur um deiliskipulag gildi um hverfisskipulag eftir því sem við á.

Tilgangur með gerð húsakannana er að rannsaka uppruna bygginga og út frá þeim gildum sem liggja til grundvallar leggja mat á varðveislugildi einstakra húsa og húsasamstæðna. Fyrir liggur byggðakönnun Borgarsögusafns, Byggðakönnun, Borgarhluti 3 – Hlíðar, sem unnin var að beiðni umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Að ósk umhverfis- og skipulagssviðs var unnin nánari úrvinnsla á tillögum að verndun einstakra húsa og húsasamstæðna í samstarfi við Minjastofnun Íslands. Þar er tekið undir tillögu Borgarsögusafns um hverfisvernd á nyrðri hluta Norðurmýrar. Um það segir í tillögunum:

Norðurmýri, norður, milli Skeggjagötu og Skarphéðinsgötu.

Hverfið hefur HÁTT varðveislugildi sem heildstæð fastmótuð byggð með sterk sameiginleg byggingarlistarleg einkenni hins íslenska fúnkisstíls með valmaþaki og perluákasti, steinmulnings- eða skeljasandsáferð á útveggjum. Norðurmýrin er fyrsta hverfið utan Hringbrautar og fyrsta heilsteypta hverfið í Reykjavík sem byggt er samkvæmt skipulagi og ákveðinni hugmyndafræði og því brautryðjendaverk í skipulagssögu Reykjavíkur. Þrátt fyrir breytingar á einstaka húsum hefur heildarsvipmót hverfisins haldist vel.

Deiliskipulag nyrðri hluti Norðurmýrar, milli Skeggjagötu og Skarphéðinsgötu, er hið fyrsta sem gert var fyrir svæði utan Snorrabrautar og Hringbrautar, árið 1934. Deiliskipulag syðri hluta Norðurmýrar var gert tveimur árum síðar og var þá gert ráð fyrir stærri lóðum og húsum. Vegna uppruna þessarar byggðar og þess að litlar breytingar hafa verið gerðar á henni í gegnum tíðina hefur hún hátt varðveislugildi og myndu frekari hækkanir einstakra húsa í þessari heildstæðu byggð raska mjög yfirbragði hennar og rýra þar með gildi hennar, bæði í sögulegu og byggingarlistalegu tilliti. Auk alls þessa ber að taka tillit til þess að vegna smæðar

lóða yrði skuggavarp á næstu lóðum óviðunandi ef hús hækkuðu á umræddu svæði. Vel hannaðar og gerðar svalir á húsum á svæðinu eru hvorki talin raska heildarmynd svæðisins né einstakra götumynda og er því ekki talið að það rýrði varðveislugildi umrædds svæðis.

3. Skipholt 30–50 og Nóatún 25 - Umsagir frá fimmtán fasteignaeigendum.

Umsagnir snúa að athugasemdum við að þakhækkanir séu óheimilar á fjölbýlishúsum við Skipholt 30–50 og Nóatún 25. Eftirtaldir fimmtán fasteignaeigendur skrifuðu undir athugasemdina: Einar Gunnar Karlsson, Jón Arason, Benedikt J. Þórðarson, Sigríður J. Magnúsdóttir, Helgi Hilmarsson, Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Hulda B. Hákonardóttir, Þorgeir Tryggvason, Örn Ottósson, Þórður Örn Björnsson, María Dóra Björnsdóttir, Marcos Zotes, Björk Vilhelmsdóttir, Ólafur Þór Gunnarsson, Nanna Björk Viðarsdóttir.

Svar:

Í umsögn frá fasteignaeigendum í Skipholti 30–50 og Nóatúni 25 er spurt hvort bann við þakbreytingum á öllum húsum sem tilheyra skilmálaeiningu 3.1.28. sé eðlilegt. Fram kemur að þakform húsa innan skilmálaeiningarinnar séu nokkuð mismunandi. Þetta er rökstutt með teikningum og myndum af húsum. Teikningar sýna að flest þessara þaka eru svokölluð „veghefilsþök“ en þetta er þakform sem var notuð á eitthvað af íbúðarhúsum á 6. áratug 20. aldar.

Í umsögn er bent á það að á Sjómannaskólareit, sem er við hliðina á skilmálaeiningu 3.1.28., séu heimilar rishæðir og kvistir. Færð eru fleiri rök fyrir því að heimila ætti þakhækkanir á þessu svæði, m.a. að slíkar þakbreytingar geti skapað meira samræmi við nærliggjandi byggð. Einnig að betri nýting á þakrýmum sé í samræmi við stefnu borgarinnar um fjölgun íbúða og þéttingu byggðar. Að lokum er bent á að í skilmálaeiningu 3.2.1, sem er í Hlíðahverfi, séu hús með svokölluðu „veghefilsþaki“ en þar séu þakbreytingar heimilar.

Niðurstaðan eftir skoðun á röksemdum fasteignaeiganda í Skipholti 30–50 og Nóatúni 25, studd af mati sérfræðinga umhverfis- og skipulagssviðs um húsverndar- og varðveislugildi, er að falla frá banni við þakhækkunum í skilmálaeiningu 3.1.28.

Því er lagt til að skilmálunum ÞAKGERÐ OG FRÁGANGUR ÞAKS verði breytt fyrir skilmálaeiningu 3.1.28 og að þeir verði sambærilegir og í skilmálaeiningum í Hlíðunum þar sem þakhækkanir og þakbreytingar eru heimilar.

4. Barmahlíð - Umsagnir vegna tillögu að verndun húsa við Barmahlíð.

Umsagnir og athugasemdir um tillögu að verndun húsa við Barmahlíð og banni við þakbreytingum bárust frá eftirtöldum níu aðilum: Bryndís Loftsdóttir, Dagný Guðmundsdóttir, Sigurður Jónsson, Guðjón Steinar Þorláksson, Dagbjört Elva Sigurðardóttir, Heiður Baldursdóttir, Hafsteinn Snæland Grétarsson, Karl Jóhann Jóhannsson og Kristín Una Sigurðardóttir.

Umsagnaraðilar eru ósáttir við tillögur að verndun sem þeir telja að skerði rétt þeirra m.a. til þakhækkana og breytinga.

Svar:
Fyrir liggur byggðakönnun Borgarsögusafns, Byggðakönnun, Borgarhluti 3 – Hlíðar, sem unnin var að beiðni umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Þar er m.a. lögð til verndun húsa nr. 10–12, 11–13, 14–16, 18–20, 19–21, 22–24, 23–25 og 27–29 við Barmahlíð, sem umsagnaraðilar andmæla.

Að mati umhverfis- og skipulagssviðs geta jafn víðtækar tillögur að hverfisvernd og settar eru fram í umræddri byggðakönnun orðið til þess að minnka tiltrú á hugmyndinni um hverfisvernd og í raun gjaldfellt áherslur minjavörslunnar. Þannig er hætta á að hús og húsasamstæður sem hafa mikið gildi í byggða- og þróunarsögu Reykjavíkur, út frá þeim viðmiðunum sem liggja skulu til grundvallar við tillögugerð að verndun byggingararfsins, missi raunverulegt gildi sitt; horfið í fjöldann. Í þessu ljósi lét umhverfis- og skipulagssvið vinna nánari úrvinnslu á tillögum Borgarsögusafns að verndun einstakra húsa og húsasamstæða, í samstarfi við Minjastofnun Íslands.

Niðurstaðan er m.a. sú að gera ekki tillögu að sérstakri verndun umræddra húsa við Barmahlíð heldur að almennir skilmálar hverfisskipulagsins myndu tryggja að allar breytingar á núverandi byggð yrðu gerðar í samræmi við aldur og gerð húsa og ríkjandi byggðamynstur. Þetta heimilar t.d. þakhækkanir.

Klambratún

Þrjár umsagnir varða Klambratún og taka til 1) gönguleiðar um Klambratún, 2) hundagarðs og nýtingu Klambratúns og 3) betri nýtingu á miðju Klambratúns.

1. Gönguleiðir um Klambratún - Umsögn frá Samúel Torfa Péturssyni.
Umsögnin lýtur að því að það vanti alveg góða gönguleið úr NA-horni Klambratúns niður í SV-horn þess. Þetta er vinsæl gönguleið. Í umsögn er hvatt til þess að setja þessa gönguleið inn á skipulag.

Svar:
Skrifstofa umhverfisgæða hjá Umhverfis- og skipulagssviði hefur skoðað þetta atriði. Niðurstaðan er að það sé takmörkunum háð að koma á þessari tengingu vegna þess að grunnskipulag garðsins gerir ekki ráð fyrir greiðri NA-SV tengingu.

2. Hundagarður og nýting Klambratúns - Umsögn frá Ellert Þór Jóhannssyni.
Í umsöginni er því mótmælt að svæði þar sem áður var verkstöð Reykjavíkurborgar verði hundagerði. Þetta er rökstutt með því að þetta svæði sé dýrmætur reitur rammaður inn með háum þéttum gróðri og er því skjólgóður. Lagt er til að svæðið verði frekar nýtt sem yndisreitur t.d. í japönskum stíl eða a.m.k. reitur með sérstöðu sem

nýtist en ekki aðeins hundaeigendum. Einnig var bent á að passa þurfi að túnið verði ekki eingöngu fyrir fáa hópa eins og t.d. hundaeigendur og frisbíiðkendur.

Svar:
Skrifstofa umhverfisgæða hjá Umhverfis- og skipulagssviði tekur undir mörg af þeim atriðum sem koma fram í þessari umsögn.

Samkvæmt skjalinu KLAMBRATÚN – ENDURSKOÐUÐ STEFNUMÖRKUN frá því í október 2020 var sett fram hugmynd um að þegar verkbækistöð færi kæmi á þessu svæði rósagarður. Í kynningu á vinnutillögum hverfisskipulags í lok árs 2021 og byrjun árs 2022 voru kynntar hugmyndir um að staðsetja á þessum stað svokallaðan laugagöngugarð fyrir hunda og að nýta byggingar sem eru þarna m.a. fyrir almenningssalerni. Mikið hefur verið kallað eftir almenningsalernum í garðinum frá íbúum í Hlíðunum og notendum garðsins. Einnig komu fram hugmyndir um að nýta mætti núverandi húsnæði verkbækistöðvar fyrir félags- og fundaraðstöðu fyrir íbúa.

Engin mótmæli komu við þessum hugmyndum heldur voru umsagnir íbúa jákvæðar þar sem því var fagnað að breyta nýtingu á þessu svæði og gera að eðlilegum hluta af almenningsgarðinum. Það er því mat skipulagsfulltrúa að hugmyndir um lausagöngugarð fyrir hunda, friðsælt og afskermað svæði, almenningssalerni og aðstöðu fyrir félagstarf geti farið vel saman og muni verða til hagsbóta fyrir íbúa í Hlíðum og notendur garðsins.

Í hverfisskipulagi er einungis sett fram tillaga um að heimilt sé að nýta þetta svæði fyrir ýmsa útivist, s.s. lausagöngugarð fyrir hunda og kyrrlátt svæði. Einnig að byggingar megi nýta fyrir almenningssalerni og félags- og fundaraðstöðu fyrir íbúa borgarinnar þegar verkbækistöð verður lögð niður. Ljóst er að hugmyndir um nýtingu á þessu dýrmæta svæði þurfa að fá að þroskast í samráði og samvinnu við helstu notendur Klambratúns, íbúa í aðliggjandi hverfum og aðra notendur.

3. Betri nýtingu á miðju Klambratúns - Umsögn frá Finni Sigurðssyni.
Óskar eftir betri nýtingu á miðju túnsins, svæðið austan við nýja hellulagða torgið, þar sem þar nýtur sólar lengi og gott útsýni er í allar áttir. Tillaga um kaffihús á þessum reit, vaðlaug fyrir börn eða gosbrunn. Einnig óskað eftir almenningssalerni á túninu.

Svar:
Miðja Klambratúns sem um ræðir er margnota svæði sem nýtist t.d. fyrir litla og stóra viðburði. Það verður að teljast verðmætt að hafa opið svæði sem hægt er að nýta á margs konar hátt.

Nú þegar er kaffihús á Kjarvalsstöðum sem er mikið notað.

Það er gert ráð fyrir tjörn í lágpunkti Klambratúns upp við Rauðarárstíg.

Ljóst er að það vantar almenningssalerni. Tillaga hverfisskipulags fyrir Klambratún

gerir ráð fyrir að hluta af núverandi húsum verkbækistöðvar verði breytt í almenningssalerni. Þar eru fyrir lagnir sem auðvelda slíka framkvæmd.

Grenndarstöðvar

Fjórar umsagnir bárust vegna tillögu að grenndarstöð við Stigahlíð á gatnamótum að Bogahlíð. Um er að ræða fjórar athugasemdir þar sem ein athugsemdin er með undirskriftum 34 íbúa í Stigahlíð 2–12. Umsögnum er öllum svarað saman til hagræðis.

Grenndarstöð við Stigahlíð - Umsagnir og athugasemdir vegna staðsetningar.
Um er að ræða fjórar athugasemdir frá Tinnu Gilbertsdóttur, Friðriki Erni Jörgenssyni, Jóni Bjarna Friðrikssyni og Kolbrúnu Jarlsdóttur. Athugasemd Jóns Bjarna er undirrituð af 34 íbúum við Stigahlíð 2-12, m.a. af þeim Tinnu, Friðriki Erni og Kolbrúnu sem gerðu sérstakar athugasemdir. Athugasemdirnar eru í öllum aðalatriðum samhljóma og eru að mótmæla staðsetningu á þessari grenndarstöð. Í athugasemdunum eru færð rök fyrir því að staðsetningin 1) muni skapa ónæði við íbúðarhús, 2) valdi sjónmengun, 3) ógni umferðaröryggi og 4) valdi fækkun bílastæða.

Svar:
Fyrir neðan eru númeruð svör við efnisatriðum í umsögnunum.

1. Ónæði við íbúðarhús
Í athugasemd Jóns Bjarna Friðrikssonar koma fram áhyggjur af því að fyrirhuguð grenndarstöð við Stigahlíð sé of nálægt fjölbýlishúsi og muni valda ónæði vegna hávaða frá umferð og við notkun gámanna.

Bent er á að ekki er óalgengt í Reykjavík að grenndarstöðvar séu staðsettar nærri íbúðarhúsum enda hluti af lögbundnum innviðum í nærumhverfi íbúa. Grenndarstöð við Stigahlíð stæði í u.þ.b. 15 metra fjarlægð frá húsvegg en þó nokkur dæmi eru um að grenndarstöðvar séu u.þ.b. 10–30 metra frá húsvegg íbúðarhúss. Því væri ekki um nýjung að ræða við staðsetningu grenndarstöðvar eða stefnubreytingu frá því sem verið hefur.

Í athugasemdum er bent á svefnherbergisgluggar í húsinu nr. 2–4 við Stigahlíð snúa að fyrirhugaðri grenndarstöð. Um leið og þessum athugasemdum er sýndur skilningur þarf það að koma fram að staðsetning grenndarstöðva tekur almennt ekki mið af innra skipulagi íbúða í næsta nágrenni.

Ekki er tekið undir áhyggjur af því að grenndargámar muni auka umferð þannig að hún verði íþyngjandi eða spilli næði. Sömuleiðis er ekki talið sennilegt að notkun gáma verði mikil að næturlagi og komi til með að spilla næturró íbúa. Þess vegna er ekki tekið undir athugasemdir um að fyrirhuguð staðsetning sé íþyngjandi umfram það sem eðlilegt má telja í borgarbyggð.

2. Sjónmengun
Í athugasemdum koma fram áhyggjur af sjónmengun frá grenndarstöð á þessum stað, ekki síst vegna sóðaskapar og lélegrar umgengni. Ábendingar um ásýnd grenndarstöðva eru alltaf bundnar huglægu mati en við uppsetningu nýrra stöðva er jafnan reynt að draga úr sjónrænum áhrifum þeirra og eru framkvæmdir gjarnan nýttar til þess að fegra umhverfið t.a.m. með gróðri og skjólveggjum umhverfis stöðvarnar. Um leið er minnt á að rekstur grenndarstöðva í nærumhverfi íbúa er lögbundið hlutverk Reykjavíkurborgar og því óhjákvæmilegt að þær séu flestar staðsettar þannig að útsýni sé til þeirra frá nærliggjandi íbúðum.

Umgengni um grenndarstöðvar er nokkuð misjöfn milli stöðva en hefur því miður verið vandamál á undanförnum misserum. Til að stemma stigu við þessu stendur nú yfir vinna við að setja skynjara í gáma sem eiga að tryggja tímabæra losun á gámunum. Þá stendur til að fara í aukið eftirlit við grenndarstöðvar með tilliti til umgengi við þær og jafnvel að auka rafræna vöktun.

3. Umferðaröryggi
Í öllum athugasemdum birtast áhyggjur af umferðaröryggi á svæðinu vegna grenndarstöðvarinnar. Bent er á að fyrirhuguð stöð standi við gönguþverun sem talsvert er notuð, ekki síst af börnum í hverfinu vegna nálægðar við leikvöll auk þess sem nemendur í Ísaksskóla og Menntaskólanum við Hamrahlíð fari þar um. Gönguþverunin sé ekki upphækkuð eða áberandi á annan hátt. Þá koma fram athugasemdir við að beygjan á Stigahlíð, frá Bogahlíð, sé nokkuð blind og oft liggi við árekstrum og að grenndarstöð muni skerði útsýni enn frekar.

Við val á staðsetningu grenndarstöðvarinnar var leitað álits hjá skrifstofu samgöngustjóra sem taldi staðsetningu stöðvarinnar ekki hafa teljandi áhrif á umferðaröryggi gangandi, hjólandi eða akandi. Fram kom hjá skrifstofu samgöngustjóra að koma mætti til móts við þessar ábendingar með endurgerð á gönguþverun á svæðinu og bættri lýsingu. Þá er bent á að hindrun á útsýni í áðurnefndri beygju í götunni er fyrst og fremst vegna gróðurs á lóðamörkum Stigahlíðar 2–4. Þó er talið að ef ekið er samkvæmt reglum og aðstæðum sé umferðaröryggi ekki ógnað með teljandi hætti jafnvel þó komið væri fyrir grenndarstöð á umræddum stað. Bættur sýnileiki gönguþverunar og lækkaður trjágróður við lóðamörk myndi auka öryggi enn frekar, hvort sem grenndarstöð er komið fyrir á svæðinu eða ekki.

4. Fækkun bílastæða
Íbúar gera gera athugasemd við að bílastæðum sé fækkað vegna fyrirhugaðrar grenndarstöðvar. Í athugasemdum þeirra kemur fram að lítið sé um bílastæði í þessum hluta Stigahlíðar, vegna fjölda íbúða og starfsemi Landspítala handan götunnar.

Bílastæðum myndi fækka um fjögur vegna grenndarstöðvar í Stigahlíð. Hefði það helst áhrif á íbúa við lóðirnar Stigahlíð 2–4 og 6–12. Innan lóðanna tveggja eru 47 bílastæði og á borgarlandi fyrir framan lóðirnar eru 35 stæði til viðbótar. Alls er það 82 bílastæði fyrir 50 íbúðir í húsunum tveimur. Það telst vera talsvert hátt hlutfall

bílastæða á hverja íbúð samkvæmt viðmiðum bíla- og hjólstæðastefnu Reykjavíkur, sérstaklega sé tekið mið af staðsetningu í borginni, aðgengi að almenningssamgöngum og að nærliggjandi verslunar- og þjónustusvæðum. Áhrifin af því að fækka bílastæðum um fjögur eru því talin hverfandi.

Niðurstöður:
Við val á staðsetningu grenndarstöðva eru nokkur sjónarmið sem taka þarf mið af þar sem þau helstu eru þessi:

- Nálægð íbúa við þjónustuna en miðað er við að grenndarstöðvar séu að jafnaði ekki fjær íbúum en 500 metrar.
- Aðgengi hirðuaðila.
- Umferðaröryggi s.s. sjónlínur.
- Ásýnd í borgarumhverfinu.
- Staðsetning stöðva á borgarlandi.

Þó fyrirhuguð staðsetning í Stigahlíð, sem lögð var til í auglýstri tillögu að hverfisskipulagi, sé ákjósanleg að mörgu leyti er hún ekki talin jafn hentug og núverandi staðsetning við Hamrahlíð, sérstaklega út frá fjarlægðarviðmiðum við sem flesta íbúa. Helsti ókostur núverandi staðsetningar er sá að stöðin stendur ekki á borgarlandi og er því háð samþykki lóðarhafa.

Í ljósi þess er lagt til að sú breyting verði gerð á tillögu að hverfisskipulagi að fallið verði frá fyrirhugaðri tilfærslu grenndarstöðvar í Stigahlíð. Lagt er til að hún verði áfram á núverandi stað við Hamrahlíð, ef samkomulag næst við núverandi lóðarhafa. Til vara að grenndarstöðin verði færð á borgarland á norðanvert bílastæðið við verslunarkjarnann Suðurver.

Hjóla- og gönguleiðir og dvalarsvæði og meiri gjaldskyldu

Tvær umsagnir bárust vegna 1) hjólaleiða og 2) gönguleiða og dvalasvæða, sjá umfjöllun fyrir neðan.

1. Nýjar hjólaleiðir og stærra gjaldskyldusvæði - umsögn frá Samúel Torfa Péturssyni i

Íbúi óskar eftir því að Stórholtið verði skilgreint sem meginhjólaleið frá Nóatúni að Rauðarárstíg. Þetta er rökstutt með því að þetta sé beinasta leið fólks úr Hlíðum niður á Hlemmsvæði og miðborgina. Einnig er ósk eftir stærra gjaldskyldusvæði fyrir bíla, t.d. bæta við Stórholti og fleiri götum í nágrenni Hlemms. Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar hefur skoðað þessa umsögn og lagt til svar, sjá fyrir neðan.

Svar:
Áherslur borgarinnar í málefnum hjólandi eru settar fram í hjólreiðaáætlun. Samkvæmt núgildandi hjólreiðaáætlun, sem gildir út árið 2025, er ekki unnið að

sérstökum hjólastígum í Stórholti. Almennt er talið ásættanlegt að hjólað sé á akbrautum þar sem hámarkshraði er 30 km/klst eða lægri og því meiri áhersla á að gera aðgreindar hjólaleiðir á leiðum sem eru annaðhvort ekki við götu í dag eða þar sem hámarkshraði er hærri.

Reykjavíkurborg er með verklagsreglur um innleiðingu nýrra gjaldsvæða á borgarlandi sem tryggja eiga samræmt ákvörðunarferli um innleiðingu gjaldsvæða. Samkvæmt þeim eru ný gjaldsvæði innleidd ef annaðhvort nýting er að jafnaði yfir 85% eða ef borgin metur sem svo að innleiðing á nýju gjaldsvæði sé mikilvægur liður til að framfylgja markmiðum Aðalskipulags Reykjavíkur. Framkvæmdar eru talningar með reglulegu millibili og ákvörðun um breytingar á gjaldsvæðum teknar að jafnaði einu sinni á ári.

2. Gönguþverun við Nóatún - umsögn frá Samúel Torfa Péturssyni .
Íbúi óskar eftir nýrri gönguleið yfir Nóatún við Stangarholtið, til að tengja Sjómannaskólareitinn við Hlemmsvæðið. Rökstuðningur er: Uppbygging er á Sjómannaskólareitnum og nýtt deiliskipulag þar gerir ráð fyrir gönguleið á þessum stað. Einnig vantar gönguleið yfir Nóatúnið á kaflanum frá Háteigsvegi að Skipholti. Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar hefur skoðað þessa umsögn og lagt til svar, sjá fyrir neðan.

Svar:
Nóatún er bæði skilgreind sem borgargata í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 og er stefnt að hjólastígum í götunni skv. hjólreiðaáætlun Reykjavíkur. Það liggur því fyrir að gatan verði endurhönnuð á komandi misserum og verður athugasemdin tekin inn í þá vinnu.

Holtatorg

Fimm athugasemdir bárust vegna fyrirhugaðs Holtatorgs þar sem í dag eru bílastæði á horni Skipholts, Stórholts og Einholts. Athugasemdirnar eru efnislega eins og verður því svarað saman.

Holtatorg - Umsagir og athugasemdir vegna bílastæða.
Umsagnir og athugasemdir bárust frá Lísu Ann Hartranft, Önnu Beverlee Saari, Ómari Inga Jóhannessyni, Söru Axelsdóttur og Sif Bjarnadóttur. Athugasemdirnar eru nánast samhljóma og taka til þriggja atriða, sem eru 1) skortur á bílastæðum, 2) torgið/almenningsrýmið sé óþarft og 3) svæðið henti illa sem torg vegna veðuraðstæðna.

Svar:

1. Skortur á bílastæðum

Í öllum athugasemdum koma fram áhyggjur af skorti á bílastæðum og birta umsagnaraðilar ljósmyndir máli sín til stuðnings. Einnig er bent á að bíða eigi eftir borgarlínu áður en ráðist verður í hönnun og framkvæmdir við fyrirhugað torg.

Þegar fjallað er um bílastæði og bílastæðafjölda þarf að horfa til þeirrar samræmdu stefnu sem felst í bíla- og hjólastæðareglum Reykjavíkur.

Rétt er að byrja á að ræða tímaramma verkefnisins. Með hverfisskipulagi kemur skipulagsleg heimild til að fjarlægja bílastæðin og útbúa torg en öll hönnun á torginu og annar undirbúningur er eftir og mun að öllum líkindum haldast í hendur við endurhönnun borgargatnanna við Skipholt og Stórholt. Einnig á eftir að sjá hversu framarlega tillögurnar raðast í forgangsáætlunum borgaryfirvalda með hliðsjón af fjárheimildum. Þess vegna er alls óvíst að framkvæmdir við fyrirhugað Holtatorg muni hefjast fyrr en eftir að fyrsti áfangi borgarlínu verði kominn í gagnið.

Í athugasemd sinni vísar Ómar Ingi Jóhannesson í gildandi bíla- og hjólastæðareglur Reykjavíkur og segir að samkvæmt þeim eigi hver íbúð við Meðalholt rétt á a.m.k. 0,85 bílastæðum. Sú túlkun á reglunum er ekki rétt því eins og fram kemur í inngangskafla reglnanna eru sett fram viðmið og hámörk um fjölda bílastæða í töflum á blaðsíðu átta í reglunum. Þar segir að með hliðsjón af samgöngumati fyrir tiltekin svæði megi rökstyðja fjölda bílastæða niður eða upp frá viðmiðinu, en þó aldrei upp fyrir hámörkin sem fram koma. Í slíkum rökstuðningi skiptir einna mestu máli aðgengi að almenningssamgöngum, tækifæri til samnýtingar bílastæða og önnur atriði.

Ómar vitnar einnig í greinargerð hverfisskipulags þar sem gerð er grein fyrir fjölda bílastæða í hverfinu, annars vegar einkastæðum og hins vegar almenningsstæðum. Í athugasemd sinni bendir hann á að ekki sé skilgreint nánar hvað átt er við með hugtökunum einka- og almenningsstæði. Það skal áréttað hér að með einkastæðum er átt við bílastæði sem eru innan lóða (hvort sem er íbúðar- eða atvinnulóða) en almenningsstæði eru öll stæði sem staðsett eru á landi borgarinnar, hvort sem er í íbúðargötum eða annars staðar.

Eins og komið hefur fram segir í reglunum að rökstyðja megi fjölda bílastæða niður frá viðmiðinu, m.a. með hliðsjón af aðgengi að almenningssamgöngum, tækifærum til samnýtingar bílastæða o.s.frv. Í greinargerð hverfisskipulags Háteigshverfis kemur fram að hverfið er mjög vel tengt almenningssamgöngum enda ein stærsta skiptistöð borgarinnar í jaðri þess. Þá afmarkast hverfið til norðurs af Laugavegi sem ásamt Suðurlandsbraut myndar meginsamgönguás borgarinnar með uppbyggingu borgarlínu. Í greinargerð hverfisskipulags kemur einnig fram að innan hverfisins er töluverð atvinnustarfsemi og fjölbreytt framboð verslunar- og þjónustu auk þess sem hverfið njóti góðs af nálægð við miðborgina og Kringluna. Það er því ljóst að byggðin í Rauðarárholti er betur tengd almenningssamgöngum en flest önnur byggð í Reykjavík, hefur gott aðgengi að fjölbreyttri verslun og þjónustu og er í nálægð við nokkur af stærstu atvinnusvæðum borgarinnar. Gæði

almenningssamgangna munu svo aukast með tilkomu borgarlínu. Sömuleiðis er mikill meirihluti bílastæða á borgarlandi og ekki merktur tilteknum húsum eða íbúðum og því miklir möguleikar til samnýtingar bílastæða. Þess vegna er talið eðlilegt að gera ráð fyrir að bílastæðafjöldi á þessu svæði sé nokkuð undir þeim viðmiðum sem fram koma í bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkur.

Samkvæmt upplýsingum úr borgarvefsjá er áætlað 81 bílastæði á borgarlandi innan þess svæðis sem afmarkað er á mynd 1 hér að aftan. Innan sama svæðis eru 112 íbúðir. Það jafngildir u.þ.b. 0,72 bílastæðum á hverja íbúð sem er aðeins undir viðmiðum bíla- og hjólastæðastefnunnar, sé gert ráð fyrir að allar íbúðir séu þriggja herbergja eða stærri. Bílastæði innan lóða sem heimiluð eru á nokkrum stöðum hækka þó hlutfallið eitthvað svo það er í raun nær 0,8.

Ef skoðunarsvæðið er stækkað eins og sjá má á mynd 2 eru bílastæði á borgarlandi 210 talsins en íbúðir 242. Það jafngildir u.þ.b. 0,87 bílastæðum á hverja íbúð. Mun algengara er að bílastæði og bílskúrar séu innan lóða norðanmegin við Stórholt sem færir hlutfall bílastæða upp í u.þ.b. 1,15 á íbúð.

Ef öll íbúðarbyggðin milli Háteigsvegar, Skipholts, Nóatúns og Einholts er tekin með í reikninginn (sjá mynd 3) eru bílastæði á borgarlandi 345 talsins og íbúðirnar 336 sem jafngildir u.þ.b. 1,03 bílastæðum á hverja íbúð. Með bílastæðum innan lóða er hlutfall bílastæða komið í u.þ.b. 1,5 á íbúð.



Mynd 1



Mynd 2



Mynd 3

Áréttað skal að í öllum útreikningunum hér að framan eru ótalin bílastæðin þar sem Holtatorg er fyrirhugað. Það er því einungis þegar syðsti hluti íbúðarbyggðarinnar er skoðaður sérstaklega, þ.e. við Meðalholt, Einholt og Háteigsveg, sem fjöldi bílastæða virðist vera um eða undir almennu viðmiðunum, sem þó mætti telja eðlilegt samkvæmt ákvæðum bíla- og hjólastæðastefnu borgarinnar. Jafnvel þó skoðunarsvæðið væri stækkað enn frekar, alla leið að Rauðarárstíg og Laugavegi, og tekið mið af núverandi aðstæðum (þ.e. fjölda íbúða og atvinnurýmis) er hlutfall bílastæða á svæðinu ennþá þó nokkuð yfir viðmiðum reglnanna.

Með hliðsjón af þessu eru talin tækifæri til að fækka bílastæðum í hverfinu og styðja þannig við markmið Reykjavíkurborgar um breyttar ferðavenjur. Til að ná þeim markmiðum og minnka bílaumferð þarf samspil ýmissa þátta, s.s. þéttingu byggðar með aukinni nærþjónustu, bættum aðstæðum fyrir vistvæna

samgöngumáta og framkvæmdum í borgarlandi sem draga úr hvatanum fyrir notkun einkabílsins.

2. Torgið/almenningsrýmið sé óþarft

Þegar fjallað er um athugasemd íbúa um að torgið/almenningsrýmið sé óþarft þarf að skoða þá röksemd í ljósi ákvæða aðalskipulags og stefnu um bætt almenningsrými.

Í gildandi aðalskipulagi er kveðið á um að á gildistíma skipulagsins skuli markvisst stefnt að því að fækka bílastæðum á landi borgarinnar og taka landið undir önnur not í almannaþágu, s.s. opin græn svæði, leiksvæði og önnur almenningsrými, sjá *Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, greinargerð, bls. 30.* Sambærilegar áherslur eru lagðar í tillögu að hverfisskipulagi fyrir Háteigshverfi.

Í greinargerð hverfisskipulags kemur meðal annars fram að við greiningu á hverfinu hafi meðal helstu tækifæra til úrbóta verið talin efling almenningsrýma, s.s. fegrun og endurhönnun borgargatna og bættar aðstæður fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Með tillögu að nýju Holtatorgi við borgargötuna Skipholt er verið að útfæra stefnu aðalskipulagsins um bætt almenningsrými um leið og brugðist er við atriðum sem fram komu í greiningarvinnu sem unnin var á vegum hverfisskipulags og koma m.a. fram í verklýsingu hverfisskipulags fyrir borgarhluta 3 Hlíðar.

Enn fremur er bent á að hugmynd um torg á þessu svæði er ekki ný af nálinni en í deiliskipulagi Einholts-Þverholts frá árinu 2014 er gert ráð fyrir að breyta umræddu bílastæði í torg.

Íbúaþéttleiki í hverfinu hefur aukist nokkuð undanfarin ár og mun aukast enn frekar með uppbyggingu og endurnýjun byggðar á þróunarsvæðum. Aukinn íbúaþéttleiki styrkir stoðir almenningssamgangna og grundvöll fjölbreyttrar þjónustu og verslunar. Í þéttri byggð með hágæða almenningssamgöngum og fjölbreyttri nærþjónustu eru íbúar síður háðir einkabíl og samhliða minnkar þörfin fyrir bílastæði. Með auknum þéttleika verður hins vegar aukin þörf fyrir fjölbreytt dvalarsvæði. Á nýjum uppbyggingarsvæðum er gjarnan horft til þess að umfang dvalarsvæða taki mið af heildarstærð íbúða á svæðinu. Þegar byggð þéttist og þörfin fyrir bílastæði minnkar er því eðlilegt og nauðsynlegt að horfa til þess að dvalarsvæði stækki á kostnað bílastæða.

Það er rétt sem fram kemur í athugasemdum íbúa að bæði torgið við Hlemm, sem verið hefur verið í uppbyggingu undanfarin ár og verður áfram, og borgargarðurinn Klambratún eru nærri byggðinni í Rauðarárholti. Sömuleiðis dvalar- og leiksvæðið milli Meðalholts og Háteigsvegar. Öll eru þessu svæði þó mjög ólík og með auknum þéttleika og breyttum ferðavenjum eykst þörfin á fjölbreyttum almenningsrýmum sem eru ólík að stærð og gerð og með mismunandi eiginleikum og útliti. Þess vegna er lögð áhersla á það í hverfisskipulagi að fyrirhugað Holtatorg hafi grænna og mýkra yfirbragð en t.d. Hlemmsvæðið sem er skammt undan.

3. Svæðið henti illa sem torg vegna veðuraðstæðna

Í athugasemdum íbúa koma fram áhyggjur af því að svæðið sé vindasamt og henti því illa sem torg. Því er lýst í einni umsögn að það sé „nánast alltaf hífandi rok og kuldi á þessum reit“. Af þessum sökum væri því skynsamlegra að leggja fjármagn í viðhald á núverandi almenningssvæðum frekar en að útbúa torg á þessu svæði. Því er jafnframt lýst að vindstrengur sé algengur upp Stórholtið.

Það eru auðvitað ekki óþekktar aðstæður í Reykjavík að almenningsrými geti verið vindasöm þó almennt hafi vindafar batnað mikið í borginni undanfarna áratugi með auknum gróðri og þéttari byggð. Skipulagsfulltrúi tekur ekki undir að veðurfarslegar aðstæður séu slíkar að ekki sé réttlætanlegt að útbúa torg á svæðinu. Vinna má á móti vindstrengjum í hönnun svæðisins, bæði á fyrirhuguðu torgi og í göturýminu við Stórholt og Skipholt sem lagt er til að verði endurhannaðar sem borgargötur.

Ljóst er að fyrirhugað torg nýtur sólar stóran hluta dags og getur því orðið gott dvalarsvæði með hönnun sem tekur mið af aðstæðum.

Bílskúrsréttur

Fjórar umsagnir bárust frá fasteignareigendum varðandi bílskúrsrétt sem yfirfærist úr eldra deiliskipulagi í skilmála hverfisskipulags.

Bílskúrsréttur – Umsagnir og athugasemdir
Frá eftirtöldum fasteignareigendum bárust umsagnir vegna bílskúrsréttar: 1) Andrea Ósk Jónsdóttir - Stórholt 17, 2) Friðrik Klingbeil Gunnarsson - Stangarholt 36, 3) Lísa Ann Hartranft - Grænahlíð 9 og 4) Sveinn Orri Tryggvason - Drápuhlíð 2.

Svar:
Almenna vinnureglan í hverfisskipulagi er að eldri byggingarheimildir sem ekki hafa verið nýttar og eru tilgreindar á lögformlegum skjölum, eins og eldra deiliskipulagi, mæliblöðum eða öðrum skjölum frá byggingar- og skipulagsyfirvöldum, og eru eignarréttarlegs eðlis séu yfirfærðar í skilmála hverfisskipulags. Þetta á einnig við um byggingarrétt vegna bílskúra.

Við yfirferð á umsögnum var það því sérstaklega skoðað hvort eldri byggingarréttur vegna bílskúra hefði verið rétt yfirfærður í skilmála hverfisskipulags.

Varðandi byggingarrétt fyrir bílskúra á þeim lóðum sem umsagnirnar taka til er þetta að segja:

1. **Stórholt 17**
Eldri byggingarheimild fyrir bílskúr fyrir Stórholt 17 er til staðar og yfirfærist í skilmála hverfisskipulags í Háteigshverfi.

2. **Stangarholt 36**

Eldri byggingarheimild fyrir bílskúr fyrir Stangarholt 36 er til staðar og yfirfærist í skilmála hverfisskipulags í Háteigshverfi.

3. Grænahlíð 9

Eldri byggingarheimild fyrir bílskúr fyrir Grænuhlíð 9 er til staðar og yfirfærist í skilmála hverfisskipulags í Hlíðarhverfi.

4. Drápuhlíð 2

Bílskúrsréttur vegna bílskúrs á lóðinni Drápuhlíð 2 er ekki að finna í eldra deiliskipulagi, mæliblaði eða öðrum skjölum frá byggingar- og skipulagsyfirvöldum eins og aðaluppdráttum. Eina skjalið þar sem fjallað er um bílskúrsrétt á þessari lóð er í eignaskiptasamningi fyrir Drápuhlíð 2. Þar segir: „Íbúð 0101 og 0201 eiga bílskúrsréttindi leyfi byggingaryfirvöld byggingu bílskúrs á lóðinni.“ Í þessu skjali er ekkert frekar sagt um þennan byggingarrétt. Bílskúrsréttur er því ekki til staðar á lóðinni Drápuhlíð 2 skv. athugun skipulagsfulltrúa.

Byggingarheimildir og afmarkanir skilmálaeininga

Þrjár umsagnir eru flokkaðar undir byggingarheimildir og afmarkanir á skilmálaeiningum og eru af ólíkum toga, sjá umfjöllun fyrir neðan sem tekur til 1) fjölbýlishúsa - byggingarheimildir, 2) Mávahlíðar 26 og 28 – stækkun á verslunarhúsnæði og 3) afmörkun á skilmálaeiningu 3.2.4 og 3.2.9.

1. Skipholt 43–47 – byggingarheimildir fjölbýlishúsa

Bergþóra Skarphéðinsdóttir gerir athugasemdir við það að í tillögum að hverfisskipulagi séu settar fram hugmyndir um heimildir til að byggja eina hæð ofan á fjölbýlishús samhliða því sem aðgengi er bætt með lyftum og hugmyndir um raðhús við Skipholt 43–47. Umsagnaraðili mótmælir þessum hugmyndum sem eru taldar óþarfar og valdi óþægindum.

Svar:

Tillögur um bætt aðgengi að lyftulausum fjölbýlishúsum sem heimila viðbætur og breytingar eins og fjölbýlishúsin við Skipholt 43–47 hafa lengi verið hluti af megintillögum hverfisskipulags. Talið er að á bilinu 10–12 þúsund íbúðir í fjölbýli séu í húsum án lyftu. Hluti af tillögunum hefur verið að heimila húsfélaginu að byggja eina hæð ofan á viðkomandi fjölbýlishús bæði til að fjölga íbúðum og þétta byggð en líka til þess að auðvelda húsfélögum að fjármagna lyftubyggingar því að hugsunin var sú að fjármunir frá sölu íbúða/byggingarréttar væru nýttir í lyftuframkvæmd. Þessar heimildir eru í samþykktu hverfisskipulagi bæði í Árbæ og Breiðholti.

Í Háteigshverfi var sú leið valin að afmarka fjölbýlishúsasvæðið við Skipholt og Bólstaðarhlíð næst Kringlumýrarbraut sem sérstakt þróunarsvæði. Þar standa í dag sex fjölbýlishús á frekar stórum lóðum. Samkvæmt hverfisskipulagi eru því

ekki gefnar heimildir fyrir lyftum, ofanábyggingu eða raðhúsum eins og kynningarefnið sýnir heldur er miðað við að unnið verði sérstakt deiliskipulag fyrir þennan reit í samráði við viðkomandi lóðarhafa.

2. Mávahlíð 26 og 28 – stækkun á verslunarhúsnæði

Fasteignaeigandi í Mávahlíð 26–28 óskar eftir heimildum til stækkunar á verslunarhúsnæði en á 1. hæð. Hverfisverslun hefur verið í þessu húsnæði frá því Hlíðarhverfið byggðist. Í dag er Krambúðin með rekstur í verslunarrýminu. Umsagnaraðili gerir einnig athugasemdir við tillögur um hverfisvernd í Hlíðarhverfi.

Svar:

Það er í takt við stefnu hverfisskipulags að styrkja nærþjónustu og hverfiskjarna t.d. með því að veita heimildir til stækkunar og þróunar á slíku húsnæði. Skipulagsfulltrúi telur hins vegar að til þess að hægt sé að taka afstöðu til hugmynda um stækkun á verslunarhúsnæði þurfi að liggja fyrir greiningar á þörfum verslunarreksturs. Einnig hugmyndir um útfærslu, sem og samþykki annarra lóðarhafa fyrir slíkum breytingum.

Bent er á að fallið hefur verið frá hverfisvernd á þessu svæði og þ.m.t. Mávahlíð 26–28, sjá umfjöllun fyrir framan.

3. Afmörkun á skilmálaeiningu 3.2.4 og 3.2.9

Jörgen Már Ágústsson lögmaður hjá Magna lögmönnum, fyrir hönd íbúa við Stigahlíð 87, 89, 91, 93, 95 og 97, gerir athugasemd við afmörkun þróunarsvæðis á Veðurstofuhæð í tillögum að hverfisskipulagi fyrir Hlíðahverfi. Í athugasemd sinni óskar hann eftir upplýsingum um hvaða ástæður liggja að baki því að ósamræmi sé milli afmörkunar þróunarsvæðisins í hverfisskipulagi (skilmálaeiningar 3.2.9) og afmörkunar sem sýnd er í skipulagslýsingu fyrir nýtt deiliskipulag á Veðurstofuhæð frá 7. mars 2023. Fram kemur að umbjóðendur hans hafa áhyggjur af því að afmörkun einingarinnar í hverfisskipulagi þýði að fyrirhugað sé að færa áformaða uppbyggingu á Veðurstofuhæð nær lóðunum við Stigahlíð.

Svar:

Afmörkun skilmálaeiningarinnar 3.2.4, sem einbýlishúsin við Stigahlíð nr. 87–97 tilheyra, var í tillögum hverfisskipulags látin fylgja lóðamörkum viðkomandi lóða eins og oft er í hverfisskipulagi. Af þeim sökum voru mörk skilmálaeiningar 3.2.9 (þróunarsvæðisins) sömuleiðis látin liggja að lóðamörkunum. Samkvæmt gildandi aðalskipulagsuppdrætti nær landnotkunarafmörkun íbúðarbyggðarinnar við Stigahlíð hins vegar lengra til suðurs. Hún nær yfir göngustíg sunnan við lóðirnar sem aðskilur byggðina við Stigahlíð frá þróunarreitnum á Veðurstofuhæð, eins og hann er afmarkaður í skipulagslýsingu fyrir svæðið.

Þrátt fyrir að afmörkun skilmálaeininganna hafi verið með þessum hætti í hverfisskipulagi eru engin áform uppi um að færa fyrirhugaða uppbyggingu á Veðurstofuhæð nær einbýlishúsabyggðinni við Stigahlíð. Skiljanlegt er hins vegar

að þessi afmörkun valdi slíkum áhyggjum og ljóst að ef afmörkun skilmálaeininganna í hverfisskipulagi hefði tekið mið af landnotkunarafmörkuninni sem sýnd er á aðalskipulagsuppdrætti hefði mátt forðast þennan misskilning.

Brugðist verður við athugasemdinni með þeim hætti að afmörkun einiganna verður breytt til samræmis við landnotkunarafmörkun aðalskipulags, áður en hverfisskipulag Hlíðahverfis verður sent til staðfestingar og gildistöku.

Dvalarsvæði

Tvær umsagnir snúa að vöntun á fleiri dvalarsvæðum í Háteigshverfi og varða 1) dvalarsvæði við Nóatún/Stórholt og 2) dvalarsvæði við í Bólstaðarhlíð.

1. **Dvalarsvæði við Nóatún/Stórholt**

Samúel Torfi Pétursson bendir á að það vanti fleiri dvalarsvæði og bendir í því sambandi á grænan reit við Nóatún, milli Stórholts og Háteigsvegar, sem gæti verið upplagt dvalarsvæði.

Svar:
Tekið er undir þessa góðu ábendingu og hefur verið brugðist við henni með því að merkja á hverfisskipulagsuppdrætti dvalarsvæði á grænu svæði við Nóatún á milli Stórholts og Háteigsvegar. Í framhaldi af þessu er síðan miðað við að byggt verði þarna upp dvalarsvæði með gróðri, bekkjum og öðru því sem fylgir slíkum almenningsrýmum.

2. **Dvalarsvæði við Bólstaðarhlíð**

Bryndís Björk Arnardóttir bendir á að það vanti fleiri torg og dvalarsvæði norðan Miklubrautar og tiltekur sérstaklega grænan blett sem lokar Bólstaðarhlíð við leikskólann Stakkaborg.

Svar:
Tekið er undir þessa ábendingu. Brugðist hefur verið við henni með því að merkja á hverfisskipulagsuppdrætti dvalarsvæði á þessum stað.

Bent er á að þarna er í dag grenndarstöð. Skipulagsfulltrúi telur að það geti vel farið saman að vera með grenndarstöð og dvalarsvæði á sama stað. Slík blanda getur styrkt bæði grenndarstöðina og dvalarsvæðið, t.d. með því að stuðla að auknum félagslegum tengslum íbúa, boðið upp á skipti á nytjahlutum eins og bókum og bætt umgengni við grenndarstöðina.

Svalir

Ein umsögn barst vegna svala á fjölbýlishúsi við Lönguhlíð, sjá umfjöllun fyrir neðan.

Svalir á fjölbýlishús við Lönguhlíð
Ellý Alda Þorsteinsdóttir gerir athugasemd við að í skilmálaeiningu 3.1.6 sé lagt almennt bann við því að útbúnar séu nýjar svalir á hús innan einingarinnar. Í athugasemd sinni segir hún m.a.:

„Almennt geri ég ekki athugasemd við þessa takmörkun enda kann það að bæta við svölum á þau rótgrónu hús, sem kaflinn tekur til, að raska stórlega rótgróinni götumynd. Að því sögðu tel ég þessa takmörkun of víðtæka því svölum hefur verið bætt við að minnsta kosti tvær íbúðir á efstu hæð í húsunum nr. 7–11 og 13–17 við Lönguhlíð án þess að því hafi fylgt nein breyting á ytra útliti húsanna. Eina breytingin, sem af því hlaust, var að glugga á efstu hæð er breytt í svaladyr. Þeim, sem ekki veit af tilvist þessara svala, mun eflaust reynast erfitt að koma auga á að þær séu til staðar í ákveðnum íbúðum húsanna en ekki öðrum.“

Óskar hún eftir því að skilmálum fyrir einingunа sé breytt þannig að öðrum íbúðum á efstu hæðum umræddra húsa verði heimilt að útbúa svalir með sambærilegum hætti.

Svar:
Eins og umsagnaraðili bendir réttilega á er erfitt að koma auga á þessar svalir sem útbúnar hafa verið á tveimur stöðum í þakfleti fjölbýlishúsanna.

Svalir geta aukið gæði íbúða og verið mikilvæg flóttaleið við bruna og því eðlilegt að reynt sé að koma þeim fyrir þar sem hægt er. Í raun má segja að á umræddum húsum séu allt að því tilbúnar svalir fyrir framan núverandi kvisti og það eina sem gera þarf er að útbúa aðgengi að þeim og koma fyrir lítið áberandi handriði. Því er tekið undir það sem fram kemur í athugasemd umsagnaraðila að svalirnar sem útbúnar hafa verið við tvær íbúðir í fjölbýlishúsunum við Lönguhlíð 7–11 og 13–17 breyta ásýnd og útliti húsanna sáralítið.

Brugðist hefur verið við athugasemdinni með því að breyta skilmálum fyrir einingunа þannig að heimilt verði að útbúa svalir við íbúðir á efstu hæðum með sambærilegum hætti og gert hefur verið við áðurnefndar tvær íbúðir. Áfram verði þó óheimilt að bæta við nýjum svölum á öðrum stöðum við húsin.

Almennt um skipulagið og umferð

Sex umsagnir snúa að umferð og hverfisskipulaginu almennt og varða 1) umferð í Norðurmýri, 2) umferð í Skipholti og Háteigsvegi, 3) hótel og gististarfsemi, 4) leik- og grunnskóla, 5) þjónustukjarna og 6) sjálfbærari hverfi. Umsögnunum er svarað í þessari röð.

1. Umferð í Norðurmýri

Margrét M. Norðdahl gerir athugasemd við að það eigi að opna fyrir umferð á milli Gunnarsbrautar og Miklubrautar vegna hættu á meiri og hættulegri umferð.

Svar:
Svæðið við Miklubraut mun taka töluverðum breytingum á komandi árum, í samræmi við samgöngusáttmála. Til stendur að gatan fari annað hvort í stokk eða göng (þ.e. neðanjarðar) og þá verður gatnakerfinu ofanjarðar breytt. Ekki stendur til að tengja Gunnarsbraut og Miklubraut saman.

2. Umferð í Skipholti og Háteigsvegi

Óskar Ómarsson bendir á mikla og þunga umferð sem fer um Skipholt og Háteigsveg og hættu sem skapast vegna þess, sérstaklega í kringum Háteigsskóla. Óskað er eftir skýrum mótvægisaðgerðum til að minnka umferðarhraða og auka öryggi. Lagt til að Háteigsvegur verði líka borgargata og skoðað verði að loka fyrir gegnumumferð á svæðinu við Háteigsskóla.

Svar:
Farið hefur verið í nokkrar aðgerðir til að bæta umferðaröryggi í grennd við Háteigsskóla. Fylgst er með götum á svæðinu og brugðist við eftir því sem þörf er talin á og eftir forgangsröðun.

Brugðist er við þessari athugasemd með því að gera Háteigsveg frá gatnamótum Skipholts og að gatnamótum Lönguhlíðar að borgargötu og sameina hana núverandi borgargötu Skipholti. Fjallað er um þessa breyting á hverfisskipulagsuppdráttum og í skilmálum.

3. Hótel og gististarfsemi

Friðrik Sturlaugsson f.h. húsfélagsins Skipholti 29b gerir athugasemdir er varða skilmálaeiningu 3.1.12 sem gengur út á að hótelum verði ekki fjölgað á reitnum né á nærliggjandi reitum, t.d. Heklureit sem er í skilmálaeiningu 3.1.14. Einnig að sett verði þak á leyfilegt hlutfall íbúða í fjöleignarhúsum til skammtímaútleigu, t.d. 10% hlutfall.

Svar:
Bæði skilmálaeining 3.1.12 og 3.1.14 eru þróunarsvæði, sem eru utan hverfisskipulags. Fyrir skilmálaeiningu 3.1.12 er í gildi deiliskipulag frá 2002 en svæðið er miðsvæði skv. aðalskipulagi þar sem gististarfsemi er heimil. Fyrir

skilmálaeiningu 3.1.14 er í gildi deiliskipulag frá 2022. Það svæði er einnig miðsvæði skv. aðalskipulagi þar sem gististarfsemi er heimil.

4. Leik- og grunnskólar

Iðunn Svala Árnadóttir óskar eftir skýrari áætlun um hvernig innviðir verði styrktir við þéttingu byggðarinnar, t.d. með fjölgun leik- og grunnskóla.

Svar:

Varðandi styrkingu innviða og þá sérstaklega fjölgun leik- og grunnskóla er vísað til stefnumótunarvinnu á vegum Skóla- og frístundasviðs og borgarstjórnar.

Að öðru leyti má það koma fram að umfangsmikil kortlagningarvinna fór fram á þörfum leik- og grunnskóla í borgarhlutanum í samvinnu starfsmanna hverfisskipulags og skóla- og frístundasviðs. Þar var skoðað hvað hægt væri að byggja við núverandi leik- og grunnskóla í Háteigshverfi, Hlíðahverfi og Öskjuhlíðarhverfi. Einnig var horft til þess að kortleggja þarfir fyrir tímabundnar byggingar eins og færanlegar kennslustofur og færanlegar húseiningar á leikskólalóðum. Niðurstaðan af þessari vinnu var að í tillögur að hverfisskipulagi fyrir umrædd hverfi voru settar verulegar byggingarheimildir vegna viðbygginga við nánast alla leik- og grunnskóla í borgarhlutanum. Einnig voru settar heimildir fyrir tímabundnar byggingar á leik- og grunnskólalóðir en mikið hefur þurft að nýta slíkar byggingar vegna viðgerða og endurbóta á eldra skólahúsnæði. Það er mat skipulagsfulltrúa að þessar heimildir mæti viðbótarbyggingarþörfum fyrir leik- og grunnskóla í borgarhlutanum.

5. Þjónustukjarnar

Kristinn Árnason bendir á að það vantar þjónustukjarna í Hlíðahverfi sunnan Miklubrautar og óskar eftir að skipulagið taki betur á þessum skorti. Einungis er nefnt húsnæði við Mávahlíð 26 (Krambúðin) og Miklabraut 68 (sem er leigt út sem íbúðarhúsnæði). Annað dæmi um þjónustuhúsnæði sem er leigt út sem íbúð er Mávahlíð 25 og kemur umsagnaraðili með tillögur að lausnum.

Svar:

Umsagnaraðila er þakkað fyrir tillögur að lausn á þessu vandamáli sem er vel þekkt. Ein af tillögum umsagnaraðila er að endurhanna Lönguhlíð. Samkvæmt tillögu að hverfisskipulagi fyrir Hlíðahverfi er Langahlíð borgargata og verður endurhönnuð. Einnig er lagt til að skoðað verði með heimildir til þess að stækka verslunarhúsnæði sem Krambúðin er í dag sem býður upp á að bæta verslunarrekstur.

Benda má á það að í hverfisskipulagi er lögð áhersla á að verslun og þjónusta sé í göngufjarlægð frá íbúum og er gangandi og hjólandi umferð ásamt almenningssamgöngum sett í forgang. Mikilvægt atriði sem haft getur góð og

hvetjandi áhrif á uppbyggingu á verslun og þjónustu bæði sunnan og norðan Miklubrautar eru áætlanir um að setja Miklubraut í stokk eða göng. Þegar það er gert er gengið út frá því að göturýmið ofanjarðar verði borgargata. Við það skapast ýmis tækifæri, t.d. á götuhornum og á svæðum sem losna úr veghelgun til uppbyggingar á verslun og þjónustu í göngufæri fyrir íbúa.

6. Sjálfbærari hverfi

Harpa Stefánsdóttir óskar eftir meiri áherslu á sjálfbærni hverfis, t.d. með því að leggja grunn að staðsetningu lágvöruverðsverslunar og mikilvægrar þjónustu. Einnig að stuðlað verði að samkomustað í hverfinu, t.d. í formi kaffihúss. Að mati umsagnaraðila ætti hverfiskjarni að vera um miðbik Lönguhlíðar sunnan Miklubrautar.

Svar:

Kjarni hverfisskipulagsins er að þétta og þróa hverfi sem eru gróin, í takt við breyttar áherslur, og byggja á þeim markmiðum sem koma fram í gildandi aðalskipulagi. Eins og fram kemur í umsögn er það markmið borgarinnar að skipulag stuðli að sjálfbærum hverfum og hverfisskipulagið framfylgir því með því að innleiða vistvænar og sjálfbærar lausnir. Eitt helsta verkfærið sem er notað er gátlisti fyrir mat á visthæfi byggðar og skipulags sem er í aðalskipulagi og fjallað er um í greinargerð hverfisskipulagsins, m.a. í kaflanum Gátlisti um vistvæna byggð. Í greinargerð hverfisskipulagsins kemur fram stefnumótun og lykiláherslur í sjö efnisflokkum og einnig markmið og skilgreindar leiðir til að ná þeim. Með þessum hætti er hverfisskipulagið markvisst að stuðla að sjálfbærni í hverfunum og gera þau vistvænni.

Hverfisskipulagið gengur út á að skýra og skilgreina uppbyggingarmöguleika til að færa byggð nær nútíma hýbýlaháttum, að endurskipuleggja svæði og benda á möguleika til viðbygginga og endurbóta í fastmótaðri byggð. Hverfisskipulagið setur fram leiðbeiningar með útfærslum fyrir breytingar á húsnæði, t.d. til að stækka húsnæði eða fjölga íbúðum í þegar byggðum húsum. Einnig eru leiðbeiningar til að hjálpa íbúum að geta betrumbætt húsnæði sitt og framkvæmt í samræmi við skilmála og varðveislumat. Með leiðbeiningum og skilmálum er íbúum hverfisins gert auðveldara að stuðla að því að byggðin þróist og að íbúum fjölgi. Það leiðir svo til þéttingar byggðar og gerir hverfið sjálfbærara.

Hverfisskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag hvað varðar verslun og þjónustu. Þjónustuhúsnæði er til staðar í hverfinu og lágvöruverðsverslun er þegar komin í Háteigshverfi og gert er ráð fyrir lágvöruverðsverslun í Skógarhlíð. Samkvæmt skilgreiningu aðalskipulagsins eru skráðir hverfiskjarnar t.d. í Skipholti/Háteigsvegi og í Stigahlíð og einnig er hverfisverslun í dag í Mávahlíð og í Skipholti. Í hverfisskipulagi eru að auki skilgreindir nærþjónustukjarnar á gatnamótum Rauðarárstígs og Háteigsvegar, í Mávahlíð 26 og á Miklubraut 68.

Bent er á áherslubreytingu sem kemur fram í hverfisskipulaginu, skilgreiningu gatna hverfisins, en samkvæmt skipulaginu eru margar lykilgötur nú skilgreindar sem borgargötur. Í borgargötum er leitast eftir því að endurhanna og útfæra göturnar með ólíka vegfarendur í huga sem aðlaðandi og mannvæn almenningsrými. Í borgargötum er lögð áhersla á tengsl við hverfistorg, verslun og ýmsa þjónustu. Þetta mun stuðla að því að gangandi og hjólandi íbúar kjósi að sinna sínum erindum án bíls því að umhverfið er öruggt, aðlaðandi og þar er meira mannlíf.

Einnig má benda á að í hverfisskipulaginu er lögð áhersla á að verslun og þjónusta sé í göngufjarlægð frá íbúum og er gangandi og hjólandi umferð ásamt almenningssamgöngum sett í forgang. Áætlun um Miklubraut í stokk styður við það markmið.

NEFNDIR OG RÁÐ REYKJAVÍKURBORGAR

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða

Pétur Marteinn Urbancic Tómasson f.h. Íbúaráðs Miðborgar og Hlíða óskar eftir skýrari áætlun um hvernig innviðir verði styrktir við þéttingu byggðarinnar, t.d. með fjölgun leik- og grunnskóla. Einnig er óskað eftir enn fleiri borgargötum og að þær séu lengri. Einnig að svæðið með 30 km/klst hámarkshraða sé stækkað og sérstaklega að minnka akstursþraða nálægt skólasvæðum. Vilji til að fjölga einstefnugötum í Hlíðum sunnan Miklubrautar, t.d. Hamrahlíð, Stigahlíð og Grænuhlíð, til að draga úr umferð og auka öryggi. Bæta þarf tengingar yfir stórar götur, t.d. Miklubraut og Kringlumýrarbraut. Íbúaráðið styður þær athugasemdir að ekki eigi að opna Gunnarsbraut fyrir umferð við Miklubraut.

Svar:
Varðandi fjölgun leik- og grunnskóla er vísað í umfangsmikla kortlagningarvinnu sem fór fram á þörfum leik- og grunnskóla í borgarhlutanum í samvinnu starfsmanna hverfisskipulags og skóla- og frístundasviðs. Í þeirri vinnu var kannað hvað mætti byggja við núverandi leik- og grunnskóla í Háteigshverfi, Hlíðarhverfi og Öskjuhlíðarhverfi. Einnig var horft til þess hvar mætti koma fyrir tímabundnum byggingum eins og færanlegum kennslustofum og færanlegum húseiningum á leikskólalóðum. Niðurstaðan af þessari vinnu var að í tillögur að hverfisskipulagi fyrir umrædd hverfi voru settar verulegar byggingarheimildir vegna viðbygginga við nánast alla leik- og grunnskóla í borgarhlutanum. Einnig voru settar heimildir fyrir tímabundnar byggingar á leik- og grunnskólalóðum en mikið hefur þurft að nýta slíkar byggingar vegna viðgerða og endurbóta á eldra skólahúsnæði. Það er mat skipulagsfulltrúa að þessar heimildir mæti viðbótarbyggingarþörfum við leik- og grunnskóla í borgarhlutanum.

Varðandi umferðarmál kemur það fram í svari frá skrifstofu samgöngustjóra við þessari umsögn að í borginni séu fjölmargir staðir þar sem gera þarf lagfæringar og úrbætur til að bæta umferðaröryggi. Á hverju ári er farið í nokkurn fjölda aðgerða til að bæta öryggi á þessum stöðum. Þetta eru ýmsar smærri aðgerðir, oftast í tengslum við gönguleiðir skólabarna, svo sem að bæta götulýsingu, merkja gangbrautir, gera hraðahindranir og ýmislegt fleira. Listinn er því miður langur og það þarf að forgangsraða.

Svæðið við Miklubraut mun taka töluverðum breytingum á komandi árum, í samræmi við samgöngusáttmála. Til stendur að gatan fari annað hvort í stokk eða göng (þ.e. neðanjarðar) og þá verður gatnakerfinu ofanjarðar breytt.

Farið hefur verið í nokkrar aðgerðir til að bæta umferðaröryggi í grennd við Háteigsskóla. Fylgst er með götum á svæðinu og brugðist við eftir því sem þörf er talin á og eftir forgangsröðun.

Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis

Birkir Ingibjartsson f.h. Íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis óskar eftir öruggum þverunum yfir Kringlumýrarbraut milli Hlíðahverfis og Háaleitis- og Bústaðahverfis. Gera þarf grein fyrir nýjum þverunum yfir Kringlumýrarbraut á samgöngukortum hvers hverfishluta sem og í tilheyrandi köflum í skipulagsskilmálum. Einnig er bent á að það vanti einn meginhjólastíg borgarinnar yfir göngubrú í Fossvogi inn á samgöngukort.

Svar:
Um er að ræða mjög þarfa og nauðsynlega ábendingu frá Íbúaráði Háaleitis- og Bústaðahverfis. Farið var yfir þessar ábendingar bæði með ráðgjöfum hverfisskipulags í borgarhluta 3 og 5 og skrifstofu samgöngustjóra.

Fram kom að Kringlumýrarbrautin er í vegumsjón hjá Vegagerð sem er skráður eigandi skv. Borgarvefsjá. Skipulagslegar ákvarðanir um þveranir þarf því að skoða í samstarfi við eiganda götunnar. Einnig þarf að fara fram umfangsmikil greiningarvinna þar sem skoða þarf hvar heppilegt sé að koma fyrir slíkum gönguþverunum og hvort það sé hægt t.d. með tilliti til lóða sitt hvoru megin við Kringlumýrarbrautina.

Niðurstaðan er því að það sé ótímabært að setja inn gönguþverun yfir Kringlumýrarbraut á skipulagsuppdrætti og stefnukort hverfisskipulags í borgarhluta 3 Hlíðum. Slíkt þurfi að gera samhliða í vinnu við hverfisskipulag í borgarhluta 5 Háaleiti-Bústaði og að undangengini vandaðri greiningarvinnu og í nánu samstarfi við Vegagerðina.

UMSAGNIR FRÁ OPINBERUM AÐILUM

Minjastofnun Íslands

Henný Hafsteinsdóttir og María Gísladóttir f.h. Minjastofnunar benda á ósamræmi milli þeirra tillagna sem settar eru fram í „Byggðarkönnun Borgarhluti 3“ og í Hverfisskipulagsgögnunum hvað varðar hverfisvernd í gulum flokki. Í Byggðarkönnun er lögð til hverfisvernd á fleiri samstæður húsa og heilda en sýnt er í skipulagsgögnum. Uppfæra þarf þessi atriði: 1. Útlínur sýnilegra fornleifa þurfa að fara á uppdrætti (skráðar fornleifar en ekki sýnilegar mega vera með rauðum punkti/hring eins og þær eru sýndar nú). Æskilegt væri að færa líka inn uppmælingar af herminjum sem liggja fyrir. Þar sem ekki gilda sömu verndarákvæði fyrir fornleifar og yngri minjar þarf að auðkenna þær með mismunandi lit á stefnukortum „Vistkerfi og minjar“ á uppdráttum. Á uppdráttum vantar að auðkenna umsagnarskyld hús. Á stefnukortum „Vistkerfi og minjar“ þarf einnig að auðkenna umsagnarskyld hús. Verndarákvæði þeirra skal getið í skilmálatextum. Senda uppfærða uppdrætti aftur til þeirra til umsagnar.

Svar:
Fyrir liggur byggðakönnun Borgarsögusafns, Byggðakönnun, Borgarhluti 3 - Hlíðar, skýrsla nr. 223, sem unnin var að beiðni umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Umhverfis- og skipulagssvið hefur látið vinna nánari úrvinnslu á tillögum að hverfisvernd Hlíða eins og þær eru settar fram í ofannefndri byggðakönnun, með fulltingi Borgarsögusafns og í nánu samstarfi við Minjastofnun Íslands.

Að mati umhverfis- og skipulagssviðs geta jafn víðtækar tillögur að hverfisvernd og settar eru fram í umræddri byggðakönnun orðið til þess að minnka tiltrú á hugmyndinni um hverfisvernd og í raun gjaldfellt áherslur minjavörslunnar. Þannig er hætta á að hús og húsasamstæður sem hafa mikið gildi í byggða- og þróunarsögu Reykjavíkur, út frá þeim viðmiðunum sem liggja skulu til grundvallar við tillögugerð að verndun byggingararfsins, missi raunverulegt gildi sitt; horfið í fjöldann. Í úrvinnslu umhverfis- og skipulagssviðs eru gerðar tillögur að hverfisvernd sem eru því ekki eins miklar og víðtækar og lagt er til í byggðakönnun Borgarsögusafns. Tillögur að hverfisvernd, eins og þær koma fram þar, munu verða hluti af endanlegri samþykkt hverfisskipulags fyrir Hlíðar.

Í tillögum umhverfis- og skipulagssviðs kemur fram að í borgarhlutanum sé mikið um herminjar sem sé aðkallandi að skoða og skrá sérstaklega með tilliti til varðveislugildis og verndunar þeirra. Er því ekki gerð frekari tillaga að verndun herminja í tillögunum. Herminjar mætti skoða og meta í víðu samhengi slíkra minja á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu Borgarsögusafns og Minjaráðs Reykjavíkur og nágrennis, í samráði við Minjastofnun Íslands.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 eru afmörkuð svæði í hverfisskiplaginu skilgreind sem þróunarsvæði, þar sem unnið verður hefðbundið deiliskipulag.

Tillaga að varðveislu húsa og húsasamstæðna á þróunarsvæðum er því ekki hluti fyrirliggjandi tillagna að hverfisvernd, heldur bíður húsakannana sem gerðar verða vegna vinnu við gerð deiliskipulags, sbr. ofannefnd skipulagslög.

Eins og fram kemur í athugasemdum Minjastofnunar Íslands gefur byggðakönnun Borgarsögusafns mjög góða mynd af sögu borgarhluta Hlíða. Hún mun verða fylgiskjal og því áfram hluti þeirra gagna sem fylgir endanlegri samþykkt hverfisskiplags fyrir borgarhlutann. Í úrvinnslu umhverfis- og skipulagssviðs kemur fram að þau hús sem tilheyra rauðum flokki, einstök hús, húsaraðir og götumyndir, í byggðakönnun Borgarsögusafns og ekki er gerð tillaga að sérstakri verndun í fyrirliggjandi tillögum, haldi stöðu sinni sem áhugaverð byggingarlist, en ekki verður gerð grein fyrir þeim á korti.

Á uppdráttum hverfiskiplagsins mun verða komið til móts við kröfur Minjastofnunar um merkingar og auðkenningu fornleifa og húsa og mannvirkja, sem falla undir lög um menningarminjar.

Nánari úrvinnsla umhverfis- og skipulagssviðs að hverfisvernd einstakra húsa og húsasamstæðna í borgarhluta 3, Hlíðar, og meðhöndlun húsverndar í hverfisskipulaginu, hefur verið afhent Minjastofnun Íslands til staðfestingar.

Uppdrættir hafa verið lagaðar og samræmdir sbr. umsögn Minjastofnunar.

Strætó og Borgarlína

Borgarlína

Hallbjörn Reynir Hallbjörnsson f.h. Borgarlínu kemur með ábendingar um nýtt leiðakerfi Strætó og leiðakerfi Borgarlínu sem ætti að fjalla um saman sem almenningssamgöngur. Bent er á lagfæringar sem má gera bæði á hverfisskiplagsuppdráttum og stefnukortum.

Svar:
Brugðist hefur verið við ábendingum frá umsagnaraðila með því að gera lagfæringar bæði á hverfisskiplagsuppdráttum og stefnukortum. Einnig hefur umfjöllun um almenningssamgöngur verið yfirfarin og lagfærð út frá þessum ábendingum.

Skipulagsdeild Strætó bs.

Skipulagsdeild Strætó kemur með ýmsar ábendingar eins og að litir á kortum fyrir hjólastíga og almenningssamgöngur séu of líkir og að borgargötur vanti á sum kort. Einnig eru ábendingar um lykilstöðvar almenningssamgangna og fleiri atriði.

Svar:
Skipulagsdeild Strætó eru þakkaðar góðar og gagnlegar ábendingar sem brugðist hefur verið við í vinnu við lagfæringar á bæði skipulagsuppdráttum, stefnukortum, greinargerðum og skilmálum.

Isavia

Isavia vekur athygli á að umhverfis Reykjavíkurflugvöll gilda skipulagsreglur sem settar voru 23. júlí 2009. Í skipulagsreglum eru settar fram ákveðnar kvaðir sem gilda við og umhverfis flugvelli, m.a. hindranafletir flugvalla. Hindranafletir setja ákveðnar kröfur varðandi hæðir mannvirkja og gróðurs nærri flugvellinum. Taka þarf tillit til þessa við skipulagsgerðina en ekki er að sjá að það sé gert þrátt fyrir að kveðið sé á um það í lögum. Sjá nánar lög um loftferðir nr. 80/2022.

Svar:

Rétt er að það er í gildi skipulag fyrir Reykjavíkurflugvöll, dags. 23. júlí 2009. Þar er fjallað um hindranafleti og hæðartakmarkanir sem gilda vegna flugs við Reykjavíkurflugvöll og hafa áhrif á hæð mannvirkja og gróðurs. Við uppbyggingu eða breytingar þarf að taka tillit til þess og nánar er gerð grein fyrir þessum þáttum í samþykktum skipulagsreglum.

Vakin er athygli á því að Öskjuhlíðin er skilgreind sem þróunarsvæði í hverfisskipulagi og í gildi er sérstakt deiliskipulag fyrir Öskjuhlíð.

Umhverfisstofnun

Axel Benediktsson og Hulda Soffía Jónasdóttir f.h. Umhverfisstofnunar leggja fram umsögn sem tekur til eftirfarandi þátta 1) Öskjuhlíðar, 2) friðlýst svæði við Fossvogsbakka, 3) mengaðs jarðvegs, 4) líffræðilegur fjölbreytileiki og endurheimt, 5) fuglalíf, 6) lýðheilsa, 7) hljóðvist og loftgæði, 8) græn svæði og 9) vatns- og fráveita.

Svar:

Fyrir neðan eru farið yfir þau atriði sem koma fram í umsögn Umhverfisstofnunar. Umfjöllunin er í númeraröð.

1. Öskjuhlíð
Öskjuhlíð og strandlengjan er innan afmörkunar 3.3. Öskjuhlíðarhverfis en er þrátt fyrir það skilgreint sem þróunarsvæði sem ekki er hluti af hverfisskipulagi. Ástæðan er sú að í gildi er deiliskipulag fyrir Öskjuhlíð, Fossvogskirkjugarð og Fossvogsbakka frá 1999 ásamt allnokkrum síðari tíma breytingum. Síðasta breytingin á deiliskipulagi Öskjuhlíðar er frá 2022. Ekki þykir ástæða til að fella gildandi deiliskipulag inn í hverfisskipulag enda því fyrst og fremst ætlað að fjalla um gróna byggð.

Gildandi landnotkun er opið svæði. Miðað er við að allar athugasemdir Umhverfisstofnunar sem snúa að Öskjuhlíð verði ávarpaðar í deiliskipulagi svæðisins.

2. Friðlýst svæði við Fossvogsbakka

Friðlýstu svæðin við Fossvogsbakka eru hluti af deiliskipulagi Öskjuhlíðar sem eins og kom fram að framan er ekki hluti af hverfisskipulagi. Því er miðað við að allar athugasemdir Umhverfisstofnunar sem snúa að Fossvogsbökkum verði ávarpaðar í deiliskipulagi svæðisins.

3. Mengaður jarðvegur

Umsögn Umhverfisstofnunar sem tekur til mengaðs jarðvegs nær til tveggja svæða. Annars vegar er um að ræða kvikasilfursmengun á veðurmælingarstöð veðurstofunnar við Bústaðarveg frá árinu 1972. Hins vegar er um að ræða mengun frá aflagðri bensínstöð í Bolholti. Um bæði þessi svæði er það að segja að þau eru á skilgreindum þróunarsvæðum utan hverfisskipulags þar sem annaðhvort er í gildi deiliskipulag eða nýtt deiliskipulag í vinnslu. Hér er því eins og í fyrri svörum miðað við að allar athugasemdir Umhverfisstofnunar sem snúa að menguðum jarðvegi verði ávarpaðar í viðkomandi deiliskipulagi.

4. Líffræðilegur fjölbreytileiki og endurheimtu

Í stefnu og skilmálum hverfiskipulags í 3.1. Háteigshverfi og 3.2. Hlíðarhverfi er líffræðilegur fjölbreytileiki ávarpaður bæði í stefnu og skilmálum. Í 3.3 Öskjuhlíðarhverfi þar sem stærstu opnu svæðin eru er miðað við að fjallað verði um þetta atriði í viðkomandi deiliskipulagi.

5. Fuglalíf

Þar sem flest það í umsögn Umhverfisstofnunar sem varðar fuglalíf tekur til Öskjuhlíðarhverfis og Fossvogs sem eru þróunarsvæða og utan hverfisskipulags er miðað við að allar athugasemdir Umhverfisstofnunar sem snúa að þessum þáttum verði ávarpaðar í viðkomandi deiliskipulagi.

6. Lýðheilsa

Í stefnu hverfisskipulag í öllum hverfum eru fjallað um mikilvægi lýðheilsu og þá sérstaklega aðgengi íbúa að góðum göngu- og hjólaleiðum og öruggum útivistarsvæðum. Í skilmálum hverfisskipulags eru ákvæði um lýðheilsu þar sem segir:

> *Til að stuðla að bættri lýðheilsu þarf að tryggja gott aðgengi um allt svæðið fyrir gangandi vegfarendur. Aðgengi þarf að vera sérstaklega gott að almenningsrýmum, sbr. skilmálalið um almenningsrými. Við hönnun og útfærslu almenningsrýma þarf að huga að þörfum allra, sérstaklega barna, ungmenna og hreyfihamlaðra. Lýsing og*

hönnun mannvirkja, gróðurs og annarra innviða í almenningsrýmum skal auka öryggistilfinningu þeirra sem þau nota og hvetja þannig til notkunar sem flestra þjóðfélagshópa.

Eins og áður er miðað við að allar athugasemdir Umhverfisstofnunar sem snúa að Öskjuhlíðarhverfi verði ávarpaðar í viðkomandi deiliskipulagi.

7. **Hljóðvist og loftgæði**

Athugasemdir Umhverfisstofnunar sem varða hljóðvist og loftgæði verða skoðaðar í nánu samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur sem tekið hefur virkan þátt í vinnu við stefnu og skilmála hverfisskipulags sem snúa að hljóðvist og loftgæðum.

8. **Græn svæði**

Athugasemdir Umhverfisstofnunar sem varða græn svæði verða skoðaðar í áframhaldandi vinnu við hverfisskipulag og í nánu samráði við skrifstofu umhverfisgæða á umhverfis- og skiplagssviði.

9. **Vatns- og fráveita**

Athugasemdir Umhverfisstofnunar sem varða vatns- og fráveitumál og áhrif á vistkerfi og dýralíf verða skoðaðar í samstarfi við Veitur og viðkomandi skrifstofur á umhverfis- og skiplagssviði.

Vegagerðin

Katrín Halldórsdóttir f.h. Vegagerðarinnar segir að í greinargerðum sé talað um að Miklabraut verði sett í stokk. Bent er á að ekki er búið að ákveða hvort Miklabraut verði útfærð í stokk eða sett í jarðgöng. Einnig er bBent á að kanna þurfi áhrif af aukningu íbúa á staðbundna umferð og áhrif þeirra á nærliggjandi stofnvegakerfi og gatnamót. Óskað er eftir að veghelgunarsvæði séu sýnd á uppdráttum.

Svar:

Brugðist hefur verið við ábendingum Vegagerðarinnar. Varðandi veghelgunarsvæði þá eru þau inni á þróunarsvæðum þar sem unnin verða sérstakar deiliskipulagsáætlanir.

Veitur

Bent er á mikilvægi þess að núverandi kvaðir um veitukerfin í skipulagi verði yfirfærð í nýtt hverfisskipulag. Æskilegt er að fjallað sé um meðhöndlun ofanvatns á skipulagssvæðunum í greinargerð hverfisskipulagsins í ofanvatnsáætlun. Meta þarf flóðahættu á yfirborði og skipuleggja t.d. miðlunartjarnir eða opin svæði sem geta

miðlað flóðavatni. Sjá nánar bréf frá Veitum varðandi t.d. þróunarsvæðin, stofnlagnir og mikilvægi þess að aðgengi að borholum sé óheft.

Svar:

Brugðist hefur verið ábendingum og athugasemdum frá Veitum með lagfæringum á stefnukortum, skipulagsuppdráttum og skilmálum.

Kópavogsbær

Skipulagsráð Kópavogs sendir inn umsögn án athugasemda.

Svar:

Skipulagsráð Kópavogs er þakkað fyrir umsögnina.

Skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun telur það ekki vera hlutverk sitt að gefa almenna umsögn um tillögu að hverfisskipulagi á á þessu stigi málsins.

Veðurstofan

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemd við hverfisskipulag fyrir borgarhluta 3 - Hlíðar.

Svar:

Veðurstofunni er þakkað fyrir umsögnina.